SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1986, föstudaginn 10. okt., var hundraðasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það átttugasta og níunda aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og fjórða samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Þorleifur K. Kristmundsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
5. Björn Dagbjartsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
10. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
12. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
15. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
16. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
18. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
19. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
20. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
21. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
25. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
26. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
31. Jón Kristjánsson, 4. þm. Austurl.
32. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
34. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
35. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
36. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
37. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
41. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
42. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
43. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
45. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
46. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
48. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
51. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
52. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
57. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
58. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 15. september 1986 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1986.

Um leið og ég birti þetta er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 15. september 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1986."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það er athyglisverð söguleg staðreynd að á sama tíma og Íslendingar setja nú Alþingi sitt skuli þjóð okkar hafa verið sýndur sá heiður sem felst í því að leiðtogar stórveldanna hafa kosið höfuðborg landsins sem fundarstað sinn til þess að lægja öldur ágreinings og deilna. Það er alkunna að Alþingi Íslendinga, elsta þjóðþing heims, var frá upphafi sá vettvangur deilandi ætta og landshluta þar sem

máttur laga og skynsemi var sterkari en máttur sverðsins. Það er einlæg von okkar allra að þessi íslenski arfur fylgi staðarvali risaveldanna og að þau nái að leggja hér þau lóð á vogarskálar er leiði til friðar og afvopnunar.

Okkur Íslendingum er það sannur heiður að fá að vera þátttakendur í að marka þessi spor og það er trú okkar að það sé orðstír friðelskandi þjóðar sem nú hljómar um heimsbyggðina.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti tók nú við fundarstjórn.

Minning Jóns G. Sólness.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa.

Þá verður minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Jón G. Sólnes, fyrrverandi alþingismaður og bankaútibússtjóri á Akureyri, andaðist á heimili sínu sunnudaginn 8. júní 75 ára gamall.

Jón G. Sólnes var fæddur á Ísafirði 30. september 1910. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur Vigfús sjómaður þar Þorkelsson vinnumanns í Lambadal ytra í Dýrafirði Árnasonar og Hólmfríður Jónsdóttir bónda í Arnartungu í Staðarsveit síðar pósts á Ísafirði Þorkelssonar. Kjörforeldrar Jóns voru hjónin Edvard Solnes formaður á Ísafirði og Siglufirði, síðar útgerðarmaður á Akureyri og Lilja Daníelsdóttir bónda í Tjarnargarðshorni í Svarfaðardal Jónssonar.

Jón G. Sólnes lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1926. Að prófi loknu hóf hann störf í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri og var þar lengst af bókari til 1961 er hann var ráðinn útibússtjóri. Því starfi gegndi hann fram á árið 1976 er hann lét af því starfi að eigin ósk eftir rúmlega 50 ára starfsferil í bankaútibúinu. Hluta af árinu 1937 starfaði hann í banka í London og sótti þar námskeið í bankafræðum.

Jón G. Sólnes átti sæti í bæjarstjórn Akureyrar samfleytt rúma þrjá áratugi, frá 1946 til 1978, og síðar eitt kjörtímabil, 1982–1986. Hann var forseti bæjarstjórnar 1962–1966 og 1970–1974 og átti lengi sæti í bæjarráði. Hann var formaður stjórnar Brunabótafélags Íslands 1955–1979, í stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands 1966–1971 og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1974–1978. Árið 1974 var hann skipaður í Kröflunefnd og var formaður hennar. Við alþingiskosningar 1971 var hann kjörinn varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra og tók tvisvar sæti á Alþingi á því kjörtímabili. Árið 1974 var hann kosinn þingmaður kjördæmisins og sat á Alþingi fram á haust 1979. Alls átti hann sæti á níu þingum. Hann var einn af fulltrúum Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969, 1970 og 1979 og var fulltrúi Íslands í Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsríkja 1974–1979.

Jón G. Sólnes fluttist níu ára gamall með kjörforeldrum sínum til Akureyrar. Ungur að árum tók hann sér stöðu innan Sjálfstæðisflokksins og var einn forgöngumanna að stofnun Félags ungra sjálfstæðismanna á Akureyri. Af störfum sínum í banka og bæjarstjórn varð hann gjörkunnugur íbúum og atvinnuháttum í kaupstaðnum og nágrenni hans. Hann var einn af áhrifamestu bæjarfulltrúunum alla tíð. Á Alþingi lét hann allmikið að sér kveða eftir að hann tók hér sæti lífsreyndur maður. Hann kom víða við í félagsmálum innan stjórnmálaflokks síns og utan, hélt fast við skoðanir sínar og hugsjónir, var opinskár og hreinskiptinn. Um menn slíkrar gerðar stendur gjarnan styr og slíkt kom einnig í hlut Jóns G. Sólness. Hann var trúr málstað sínum til æviloka og vann með ráðni og atorku fram til síðasta dags.

Ég vil biðja þingheim að minnast Jóns G. Sólness með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað.

Mánudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf dags. 7. okt. 1986:

„Þar sem Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., getur ekki vegna anna sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess samkvæmt beiðni hennar að 1. varamaður landsk. þm. Kvennalistans, Málmfríður Sigurðardóttir, taki sæti í forföllum hennar.

Virðingarfyllst,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
formaður þingflokks Kvennalistans.“

Málmfríður Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hana velkomna til starfa.

Annað bréf hefur borist dags. 10. okt. 1986:

„Þar sem ég undirritaður þarf að fara til útlanda í opinberum erindum n.k. mánudag óska ég þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi,

Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
1. þm. Austurlands."

Þar sem Guðrún Tryggvadóttir hefur einnig tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf ekki að skoða hennar kjörbréf og ég býð hana velkomna til starfa.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 51 atkv. — Kristín Kvaran, 1. landsk. þm., hlaut 1 atkv., en einn seðill var auður og einn ógildur.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Þorv. Garðar Kristjánsson er rétt kjörinn forseti Sþ. Bið ég hann að koma og taka við fundarstjórn og býð ég hann velkominn og óska honum alls hins besta í störfum.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Ég þakka hv. þm. fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig sem forseta sameinaðs Alþingis. Ég vænti þess að áfram megi haldast hin góða og ánægjulega samvinna sem verið hefur milli þings og forseta. Ég vil þakka aldursforseta fyrir hans hlýju orð.

Forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var
Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., með 53 atkv., en 1 seðill var auður.
Þá fór fram kosning annars varaforseta og hlaut kosningu
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., með 52 atkv. — Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.
Þessu næst voru kjörnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁJ, en á B-lista ÞS. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og
Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

EFRI DEILD

1. fundur, mánudaginn 13. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Þorv. Garðari Kristjánssyni, 4. þm. Vestf.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
3. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e.
4. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
5. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
6. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
7. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
8. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
11. Jón Kristjánsson, 4. þm. Austurl.
12. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
13. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
14. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
15. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
16. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
19. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn., með 17 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Samkvæmt þessu lýsi ég Salome Þorkelsdóttur réttkjörinn forseta Ed. Alþingis. Ég óska henni farsældar í störfum. Ég óska henni til hamingju með forsetaembættið og deildinni til hamingju með hinn nýkjörna forseta.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka hæstv. aldursforseta hlý orð og góðar óskir í minn garð og þakka jafnframt hv. þingdeildarmönnum það traust sem þeir sýna mér með því að endurkjósa mig sem forseta Ed. Alþingis og vænti þess að eiga jafnánægjulegt og gott samstarf við hv. þingdeildarmenn hér eftir sem hingað til.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut
Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., með 17 atkv., en 1 seðill var auður.
Annar varaforseti var kosinn
Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., með 17 atkv., en 1 seðill var auður.
Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar.

Á A-lista var EgJ, á B-lista SkA. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Egill Jónsson, 11. landsk. þm., og
Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
9. sæti hlaut Haraldur Ólafsson,
10. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
11. sæti hlaut Kolbrún Jónsdóttir,
12. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
13. sæti hlaut Björn Dagbjartsson,
14. sæti hlaut Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
15. sæti hlaut Valdimar Indriðason,
16. sæti hlaut Davíð Aðalsteinsson,
17. sæti hlaut Stefán Benediktsson,
18. sæti hlaut Karl Steinar Guðnason,
19. sæti hlaut Eiður Guðnason,
20. sæti hlaut Helgi Seljan.

NEÐRI DEILD

1. fundur, mánudaginn 13. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Stefáni Valgeirssyni, 3. þm. Norðurl. e.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
2. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
3. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
4. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
5. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
6. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
7. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
8. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
9. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
10. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
13. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
14. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
16. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
17. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
21. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
22. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
23. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
24. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
25. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
26. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
27. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
28. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
29. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
32. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
33. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
39. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Ólaf Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 37 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Ingvar Gíslason er réttkjörinn forseti Nd. Alþingis. Bið ég hann að koma hér og taka við fundarstjórn og óska ég honum velfarnaðar í störfum.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir þá sæmd sem mér er sýnd með því að endurkjósa mig forseta deildarinnar og ég vænti þess að það góða samstarf, sem hefur verið milli mín og þingdeildarmanna á undanförnum þingum, haldist. Ég þakka einnig aldursforseta fyrir þær góðu óskir sem hann hefur flutt mér.

Hinn kjörni forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., með 29 atkv. — Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., hlaut 2 atkv., Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., hlaut 1 atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Ég býð Kristínu Halldórsdóttur hjartanlega velkomna til starfa sem fyrri varaforseta þingdeildarinnar.

Annar varaforseti var kosinn
Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., með 35 atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Ég býð Birgi Ísl. Gunnarsson hjartanlega velkominn til starfa, endurkjörinn til þessa starfs.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlufallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var HBl, á B-lista ÓÞÞ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarinnar skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

12. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
13. sæti hlaut Guðmundur Einarsson,
14. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
15. sæti hlaut Guðrún Agnarsdóttir,
16. sæti hlaut Geir Gunnarsson,
17. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
18. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason,
19. sæti hlaut Kjartan Jóhannsson,
20. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
21. sæti hlaut Ellert B. Schram,
22. sæti hlaut Stefán Valgeirsson,
23. sæti hlaut Eggert Haukdal,
24. sæti hlaut Svavar Gestsson,
25. sæti hlaut Gunnar G. Schram,
26. sæti hlaut Pétur Sigurðsson,
27. sæti hlaut Ólafur G. Einarsson,
28. sæti hlaut Garðar Sigurðsson,
29. sæti hlaut Jón Baldvin Hannibalsson,
30. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
31. sæti hlaut Páll Pétursson,
32. sæti hlaut Friðjón Þórðarson,
33. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir,
34. sæti hlaut Birgir Ísl. Gunnarsson,
35. sæti hlaut Karvel Pálmason,
36. sæti hlaut Guðmundur J. Guðmundsson,
37. sæti hlaut Kristín S. Kvaran,
38. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir,
39. sæti hlaut Friðrik Sophusson.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, þriðjudaginn 14. okt.,
kl. 2 miðdegis.

Tilkynning um breytingu á skipan þingflokka.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Svohljóðandi bréf hefur borist frá þingflokki Alþfl., dags. 14. okt. 1986, til forseta sameinaðs þings:

„Nokkru fyrir upphaf þings ákváðu þingmenn Bandalags jafnaðarmanna, hv. þm. Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir og Stefán Benediktsson, að ganga til liðs við Alþfl. Munu þau hér eftir á þessu þingi starfa innan vébanda þingflokks Alþýðuflokksins.

Þetta þykir mér rétt að tilkynna yður, herra forseti, með formlegum hætti nú áður en gengið verður til nefndakjörs í sameinuðu þingi.

F.h. þingflokks Alþýðuflokksins,
Eiður Guðnason."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá þingflokki sjálfstæðismanna, dags. 14. okt., til forseta sameinaðs þings:

„Hér með tilkynnist að hv. 1. landsk. þm., Kristín S. Kvaran, hefur tekið sæti í þingflokki sjálfstæðismanna.

Virðingarfyllst,
Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks."

Forseta hefur borist erindi aðila úr landsnefnd og framkvæmdanefnd Bandalags jafnaðarmanna, dags. 9. okt. 1986, þar sem þess er farið á leit með vísan til 46. gr. stjórnarskrárinnar að Alþingi skeri úr því hvort þingmenn Bandalagsins hafi misst kjörgengi við það að ganga til liðs við aðra flokka. Er sú skoðun látin í ljós að þeir hafi með þessu glatað kjörgengi sínu og varaþingmönnum Bandalagsins beri réttur til þingsetu.

Í 48. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum."

Þetta ákvæði verndar rétt þingmanns til þess að taka afstöðu til málefna eftir því sem sannfæring hans býður, þar á meðal í hvaða flokk hann kýs að skipa sér. Geta hvorki einstakir kjósendur né stjórnmálaflokkar afturkallað þingmennskuumboð þótt óánægðir séu með afstöðu eða athafnir þingmanns.

Með skírskotun til þessa eru ekki rök fyrir að leggja þetta mál undir úrskurð Alþingis, enda engin fordæmi fyrir slíku.

Þetta erindi frá aðilum úr landsnefnd framkvæmdanefndar Bandalags jafnaðarmanna verður lagt fram á lestrarsal Alþingis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefnda komu fram listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því fór kosning fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Árni Johnsen (A),
Guðmundur Bjarnason (A),
Geir Gunnarsson (B),
Egill Jónsson (A),
Karvel Pálmason (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Kristín Halldórsdóttir (D).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Haraldur Ólafsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Ingvar Gíslason (A).

Varamenn:
Friðjón Þórðarson (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Páll Pétursson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur Bjarnason (A).

3. Atvinnumálanefnd.
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Kristín S. Kvaran (A),
Kolbrún Jónsdóttir (C),
Davíð Aðalsteinsson (A).

4. Allsherjarnefnd.
Eggert Haukdal (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Haraldur Ólafsson (A),
Stefán Benediktsson (B),
Guðrún Agnarsdóttir (C).

5. Félagsmálanefnd.
Gunnar G. Schram (A),
Árni Johnsen (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Jón Kristjánsson (A).

EFRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 14. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Jón Kristjánsson (A),
Egill Jónsson (A),
Stefán Benediktsson (C),
Ragnar Arnalds (B),
Valdimar Indriðason (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (D).

2. Samgöngunefnd.
Egill Jónsson (A),
Jón Kristjánsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Árni Johnsen (A),
Valdimar Indriðason (A),
Skúli Alexandersson (B),
Kolbrún Jónsdóttir (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (C),
Skúli Alexandersson (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Eiður Guðnason (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Valdimar Indriðason (A),
Jón Kristjánsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Björn Dagbjartsson (A),
Árni Johnsen (A),
Skúli Alexandersson (B),
Kolbrún Jónsdóttir (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Helgi Seljan (B),
Egill Jónsson (A),
Stefán Benediktsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Valdimar Indriðason (A),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Stefán Benediktsson (C),

Björn Dagbjartsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (D).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Árni Johnsen (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Helgi Seljan (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (C).

8. Menntamálanefnd.
Árni Johnsen (A),
Haraldur Ólafsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (D).

9. Allsherjarnefnd.
Valdimar Indriðason (A),
Jón Kristjánsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Helgi Seljan (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Stefán Benediktsson (C).

NEÐRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 14. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Fór því kosningin fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (A),
Svavar Gestsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Halldór Blöndal (A),
Stefán Guðmundsson (A),
Karvel Pálmason (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Halldór Blöndal (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Halldór Blöndal (A),
Ingvar Gíslason (A),
Gunnar G. Schram (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Einarsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Ingvar Gíslason (A),
Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Páll Pétursson (A),
Guðmundur Einarsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (B),
Kristín S. Kvaran (A),
Stefán Guðmundsson (A),
Karvel Pálmason (C),

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Guðmundur Bjarnason (A),
Friðrik Sophusson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (C).

8. Menntamálanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson, (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Kristín S. Kvaran (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Gunnar G. Schram (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (C).

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, þriðjudaginn 14. okt.,
að loknum fundum í deildum.

Samningur milli Íslands og Bandaríkjanna, fyrri umr.

Stjtill., 20. mál (sjóflutningar varnarliðsins). — Þskj. 20.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér með nokkrum orðum að fylgja úr hlaði till. til þál. á þskj. 20 um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna sem felur í sér lausn ágreinings er staðið hefur frá því snemma árs 1984 varðandi flutninga á sjó fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Samningur um þetta efni, sem ber yfirskriftina „Samningur milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamnings ríkjanna", var sem kunnugt er undirritaður í New York hinn 24. sept. s.l. af George Shultz utanríkisráðherra Bandaríkjanna og mér fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Við sama tækifæri var einnig undirritað skjal um framkvæmd 1. gr. samningsins. Báðir þessir textar eru prentaðir sem fskj. með þáltill. Utanrmn. Alþingis var greint frá málinu og samningurinn ásamt samkomulaginu lagður fram í nefndinni á fundi hinn 23. sept. s.l. eftir að ríkisstj. hafði fjallað um málið. Þegar undirritun hafði farið fram voru þeir einnig birtir í heild í fjölmiðlum. Tækifæri hefur því gefist til að kynna sér rækilega efni þeirra. Ég tel engu að síður rétt að gera grein fyrir meginatriðum málsins og þeirri niðurstöðu sem náðist.

Hv. alþm. mun kunnugt að frá árinu 1904 hafa verið í gildi í Bandaríkjunum lög sem áskilja að sjóflutningar vegna bandarísks herliðs erlendis skuli fara fram með bandarískum skipum séu þau tiltæk. Fyrstu árin eftir gerð varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 notfærðu bandarísk skipafélög sér þennan forgangsrétt til flutninga fyrir varnarliðið hér á landi, þó aldrei svo að ekki væru einhverjir flutningar með íslenskum skipum. En frá árinu 1967 og fram til ársins 1984 voru aðeins íslensk skipafélög í þessum flutningum. Í maí 1984 hóf bandarískt skipafélag, Rainbow Navigation, flutninga á þessari leið. Í skjóli laganna frá 1904 hefur skipafélagið notið forgangsréttar til flutninga fyrir varnarliðið og flutt langmest af þeim varningi sem til hefur fallið.

Með hliðsjón af mikilvægi traustra siglinga íslenskra aðila fyrir þjóðina og ríkjandi viðhorfum hér til þróunar frjálsra viðskipta töldu íslensk stjórnvöld nauðsynlegt að fá þessu fyrirkomulagi breytt þannig að flutningur fyrir varnarliðið færi fram á jafnréttisgrundvelli. Þessum sjónarmiðum var lýst á fundi íslenskra og bandarískra ráðamanna, þar á meðal á fundum sem fyrirrennari minn, hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson, og síðar ég áttum með utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Shultz. Leituðust bandarísk stjórnvöld við að finna lausn á málinu, en vegna andstöðu á Bandaríkjaþingi og meðal öflugra hagsmunaaðila, sem stóðu og standa fast gegn tilraunum til að breyta lögunum frá 1904, dróst málið á langinn.

Gerð var ákveðin tilraun til lausnar í ágúst 1985 er bandarísk stjórnvöld reyndu að beita undanþáguákvæði í lögunum frá 1904 og efna til útboðs vegna flutninganna milli Íslands og Bandaríkjanna. Bandaríska skipafélagið höfðaði mál fyrir bandarískum dómstólum gegn bandarískum stjórnvöldum vegna þessa. Var ákvörðun stjórnvalda ógilt með undirréttardómum 15. og 23. okt. 1985 sem áfrýjunardómstóll staðfesti hinn 27. jan. 1986 eða á þessu ári.

Ýmsar aðrar leiðir til úrlausnar voru kannaðar eða reyndar, m.a. breytingar á stjórnvaldsreglum er snerta útboð sjóhersins, en engin þessara tilrauna gaf fyrirheit um skjótan árangur.

Á þessu stigi málsins var svo komið að málið þoldi ekki frekari bið. Ég ákvað því að utanrrn. tæki í sínar hendur frumkvæði á því að finna viðunandi lausn. S.l. sumar var gerð ítarleg skoðun á málinu og hugsanlegum leiðum til lausnar. Var m.a. sendiráðinu í Washington falið að leita ráðgjafar sérfróðra manna á sviði bandarískra stjórnlaga og stjórnarfars. Niðurstaða þessara athugana var sú að helst væri mögulegt að koma lausn ágreiningsins til leiðar með gerð sérstaks samnings milli ríkjanna sem að fenginni staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings viki til hliðar lögunum frá 1904 eingöngu að því er varðaði umrædda flutninga milli Íslands og Bandaríkjanna.

Þegar hér var komið sögu var af Íslands hálfu óskað fundar með fulltrúum bandarískra stjórnvalda til þess að kanna hvort hugmyndin um sérstakan samning gæti átt hljómgrunn hjá hlutaðeigandi bandarískum aðilum. Eftir þennan fund, sem haldinn var í London hinn 4. sept. s.l., komst málið á lokaskrið. Fóru samningaviðræður síðan fram í Washington um miðjan september og lauk með gerð samnings þess sem hér liggur fyrir og till. til þál. um samþykkt á.

Það eru meginatriði samningsins að samkvæmt honum skulu sjóflutningar fyrir varnarliðið framvegis vera í höndum íslenskra og bandarískra skipafélaga á samkeppnisgrundvelli. Með ákvæðum hans er

gerð undanþága að því er Íslandssiglingar varðar vegna forréttinda sem gilt hafa, sbr. lögin frá 1904. Gengið er út frá því að ríkin tvö geri með sér samkomulag um heildarskiptingu farmsins milli íslenskra og bandarískra skipafélaga. Samkomulag þetta er ekki hluti samningsins og er þess vegna unnt að breyta því, ef aðilar samningsins verða ásáttir um slíkt, án þess að til þurfi atbeina Bandaríkjaþings. Þetta samkomulag, síðara skjalið sem fylgir þáltill., byggir á samkeppni þar sem lægstbjóðandi fær rétt til að flytja 65% farmsins en næstbjóðandi frá hinu landinu afganginn. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að lægstbjóðandi flytji meiri farm en 65% ef bjóðandi frá hinu landinu er ekki til reiðu. Þar sem hætta þykir geta verið á að tilboð næstbjóðanda frá því landinu sem ekki á lægst boð verði hærra en sanngjarnt megi teljast, t.d. vegna takmarkaðrar samkeppni, er í samkomulaginu gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi bandarísk stjórnvöld geti lækkað farmgjald bandarísks skipafélags, ef það væri næstbjóðandi, niður í réttmætt verð miðað við eðlilegan kostnað félagsins og sanngjarnan. Að því er varðar íslensk skipafélög skal slík ákvörðun um farmgjald háð samráðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda.

Þá er rétt að geta þess að samkvæmt samningnum verða bandarísk skipafélög að nota skip undir bandarískum fána við flutningana, en íslenskum skipafélögum er heimilt að nota einnig leiguskip.

Samningi þeim, sem ég hef nú gert grein fyrir, er hægt að segja upp með tólf mánaða fyrirvara.

Þær undirtektir, sem framangreindar lyktir flutningadeilunnar hafa fengið, gefa mér tilefni til að ætla að flestum þyki niðurstaðan eðlileg og sanngjörn að því er báða aðila varðar og hvernig svo sem einhverjir kunna að líta á varnarmálin og það sem þeim tengist að öðru leyti.

Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur sem kunnugt er afgreitt samninginn fyrir sitt leyti. Það er íslenskum skipafélögum í hag að samningurinn taki gildi sem fyrst. Ég leyfi mér því að vona, og þá einnig með það í huga að rúmur tími hefur þegar gefist til þess að skoða samninginn, að þáltill. þessi geti hlotið skjóta afgreiðslu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að till. verði að þessari umræðu lokinni vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Margumræddur samningur um flutninga fyrir Bandaríkjaher hér á landi, Rainbow-samningurinn eins og hann oftast hefur verið kallaður, er nú kominn til kasta Alþingis. Þegar samningur þessi var fullbúinn og frágenginn af utanríkisráðherrum landanna heyrðum við þá frétt að hæstv. utanrrh. teldi ekki ástæðu til að samningurinn yrði lagður fyrir Alþingi til staðfestingar. Ég hefði talið það með öllu óviðunandi og óeðlilega málsmeðferð og mótmælti því þá þegar og ríkisstj. tók þá ákvörðun að leggja samninginn hér fyrir þingið og það er vel að sú varð niðurstaðan. Það hafa oft verið gerðir samningar sem minna máli skipta sem leitað hefur verið staðfestingar Alþingis á og það hefði verið einkennilegt skref ef samningur af þessu tagi hefði ekki verið lagður fyrir Alþingi.

Hér er um að ræða samning sem varðar fjárhagslega hagsmuni, verulega fjármuni að því er okkur er sagt, mola af borðum Bandaríkjahers og þess fjármagns sem er í veltu í sambandi við dvöl hans hér. Við heyrðum það í fyrravetur, þegar hæstv. utanrrh. gaf hér skýrslu til Alþingis, að hann ætlaði að berjast hart fyrir því að fá lyktir í þetta mál. Hér væri um að ræða stórt mál sem þyrfti að fá botn í. Og það er ekki í fyrsta sinn sem við heyrum það hjá núverandi stjórnvöldum að þegar dollarar eru í boði í sambandi við dvöl Bandaríkjahers hér er mikið í húfi. Þá skiptir miklu að fá botn í hlutina og láta nú ekki hlunnfara sig. Þá hnyklar hæstv. utanrrh. brúnir og þá sameinast hugur og hjarta hermangara jafnt innan Sjálfstfl. sem Framsfl. sem telja sig eiga að gæta hagsmuna fyrirtækja hér, eins og Eimskips eða skipadeildar Sambandsins. Þá skulu helmingaskiptin vera tryggð og það skal jafnvel gefið í skyn, þó að ekki sé það játað opinberlega, að aðstaða Bandaríkjamanna hér sé ekki sú tryggasta, sé ekki gulltryggð ef dollararnir fylgi ekki með.

Einu sinni var forusta í Sjálfstfl. hér á landi sem virtist vera eitthvað öðruvísi þenkjandi, a.m.k. hluti hennar. Við heyrðum það hér fyrr á árum að varað væri við því af ráðandi mönnum í Sjálfstfl. að blanda saman svonefndum öryggissjónarmiðum og efnahagslegum hagsmunum. Ég held að við höfum lesið það jafnvel í forustugreinum Morgunblaðsins hér á árum áður. Ég man ekki betur en hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson hafi sýnt vissa viðleitni til að standa á móti aronskunni í eigin flokki. En það er nú liðin tíð. Og Framsfl. veður nú aronskuna upp í axlir í sambandi við þetta mál og virðist ekkert flökra við því.

En harkan í sambandi við málstað Bandaríkjanna og samskipti við Bandaríkin er ekki alltaf hin sama. Það er svolítið annað uppi á teningnum þegar spurningin stendur um afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi í sambandi við afvopnunarmál og hin þýðingarmestu mál sem Alþingi hefur lýst afstöðu sinni til og gert samþykktir um. Þá verður að gæta þess að móðga ekki vinina fyrir vestan. Man nokkur eftir umræðu hér fyrir rösku ári um afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillögu sem Svíþjóð, Mexíkó og fleiri ríki fluttu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um afvopnun og frystingu kjarnavopna? Þá sat Ísland eitt Norðurlanda hjá samkvæmt boði íslenska utanrrh. sem Framsfl. lét sér lynda — sat eitt hjá Norðurlanda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Og þegar rætt er um að gera áskorun á stórveldin, risaveldin, um að stöðva tilraunasprengingar með kjarnavopn má Ísland ekki tísta. Þá má Ísland ekkert láta frá sér heyra í þeim efnum. Og muna menn nokkuð eftir afstöðu íslenska hæstv. utanrrh. til stjörnustríðsáætlunar Reagans Bandaríkjaforseta sem flestir eru sammála um að sprengt hafi viðræð-

urnar hér í Reykjavík og það samkomulag um stórkostlegan niðurskurð kjarnavopna sem þar var í boði og samkomulag var um af beggja hálfu? Muna menn nokkuð eftir afstöðu hæstv. utanrrh. til þessarar áætlunar eins og hún birtist okkur í skýrslu hans og ræðu á fyrra þingi í apríl s.l.? Þar voru dollarar í boði. Í stjörnustríðsáætluninni eru dollarar í boði fyrir alla sem þiggja vilja, bandamenn Bandaríkjanna, enda lýsti hæstv. utanrrh. því þá skriflega yfir í skýrslu sinni að æskilegt væri fyrir Íslendinga að gerast þátttakendur í þessari stjörnustríðsáætlun, gerast þátttakendur í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna. Og við eigum sennilega eftir að sjá hann berjast fyrir þessum hugsjónum sínum hér á þingi í vetur því að dollararnir eru þarna í boði, þeir liggja þarna. 30 milljarðar dollara næstu fimm árin eru tengdir þessari stjörnustríðsáætlun. Það munar um minna og þó ekki væri nema eitthvert lítið brot.

Málsmeðferðin í sambandi við þetta mál er svo kafli út af fyrir sig. Ég hefði talið eðlilegt og við í Alþb., miðað við stöðuna í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna eins og hún hefur þróast á undanförnum árum og misserum, þeim yfirgangi og hroka sem oft hefur birst að undanförnu í þessum samskiptum og með tilliti til stöðu mála á alþjóðavettvangi, að við hefðum gengið hreint til verks og krafist endurskoðunar á öllum samskiptum landanna, sett fram kröfu um endurskoðun á öllum samskiptum Íslands og Bandaríkjanna og sagt upp herstöðvasamningnum sem gerður var 1951. Og það hafa svo sem heyrst undirtektir frá einstaka aðilum, jafnvel úr hornum sem ekkert hefur heyrst úr lengi, að það sé ástæða til þess a.m.k. að krefjast endurskoðunar þessa samnings. Og ég vona að það séu ekki bara dollararnir sem hreyfi hugsanir manna í þeim efnum og liggi þar að baki hugmyndum um endurskoðun herstöðvasamningsins sem jafnvel ráðandi menn yfir á miðju íslenskra stjórnmála hafa látið frá sér fara að undanförnu. Vonandi ber Alþingi Íslendinga gæfu til þess fyrr en seinna að losa Ísland af þeim klafa sem það var bundið með þessum samningi um herstöðvar og aðstöðu fyrir Bandaríkjaher hérlendis sem færð hefur verið út í áður óþekktum mæli í tíð ríkisstj. sem nú situr.

Herra forseti. Við skulum svo líta aðeins á efnisatriði í þessum samningi sem hér á að staðfesta að tillögu ríkisstj. með þáltill., tengslin við herstöðvasamninginn er ganga eins og rauður þráður þar í gegn, í tillgr. sjálfri, í þáltill. og í einstökum greinum samningsins og þess samkomulags sem honum er tengt. Þegar í þáltill. er vikið að því að samningur þessi sé gerður til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna og þetta er síðan endurtekið í samningnum sjálfum efst á bls. 3 þar sem segir í einum af upptalningarliðum um þennan samning að „aðilar hans viðurkenna að sanngjörn þátttaka skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins muni treysta samskipti aðilanna og bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála.“ Takið eftir orðalaginu. Það er verið að hnýta þennan samning við afstöðuna til þess hvort hér skuli vera her og gefa í skyn að samningurinn treysti samskipti aðilanna á nauðsynlegum sviðum varnarmála. Var, hæstv. utanrrh., kannske talað meira en viðurkennt hefur verið um það að ef dollararnir skiluðu sér ekki til íslenskra skipafélaga skyldi þessum samningi sagt upp? Ég spyr.

Ég bendi líka á að í 1. gr. þessa samnings eru Íslendingar að taka á sig skuldbindingar í sambandi við siglingar fyrir herinn. Það eru ekki bara frjáls viðskipti eins og hæstv. utanrrh. var að tala um hér áðan og er sú fagra hugsjón sem að baki þessum samningi liggur um að tryggja frjáls viðskipti. Nei, Ísland skuldbindur sig til að annast flutninga í þessum efnum. Ísland skal vegna varnarsamningsins taka þarna að sér flutninga, taka að sér skyldur til að annast þá. Þessum markmiðum á að ná með því að Bandaríkin og Ísland komi sér saman um hlutfallsskiptingu farms sem flytja skal sjóleiðis vegna varnarsamningsins. Og það eru nú þau helmingaskipti sem eru þarna milli landanna skv. samningnum, en eftir eru síðan helmingaskiptin hérna innanlands sem gætu orðið dálítið erfið viðureignar þegar farið verður að reyna að útfæra samkomulagið sem þessu fylgir skv. 1. gr. og ég vek athygli hv. þm. á þar sem ýmislegt er nú ófrágengið. En í trausti þess að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram — og það er ekkert sem bendir til annars en blíða sé í öllum samskiptum milli Framsfl. og Sjálfstfl., enda undan engu að kvarta fyrir Sjálfstfl. í þeim samskiptum. Samstarfsaðilinn hefur ekkert verið óþægur að undanförnu, sveigjanlegur og hnoðanlegur í öllum greinum, svo að auðvitað má treysta því að ef þessir flokkar endurheimta þingmeirihluta geti þeir í bróðerni útfært þau helmingaskipti milli hagsmunaaðilanna sem þeir telja sig eiga að standa vörð um hér innanlands og framkvæma samkomulagið og þau ákvæði sem dregin eru fram í 1. gr. þess. En eins og fram hefur komið einnig hjá hæstv. ráðherra er þar ýmislegt sem er óljóst og þarf að taka á alveg sérstaklega eins og þar stendur á bls. 5. Ef áðurnefnt næstlægsta tilboð er frá íslensku skipafélagi og bandarísk stjórnvöld, sem annast samningagerð, telja tilboðið ósanngjarnt skulu aðilar að samkomulagi þessu ráðgast um hvað sé sanngjarnt farmgjald fyrir flutningana. Þá þurfa menn að setjast niður til að ráðgast um hvað sé sanngjarnt, hvað eigi að borga á milli. Þá geta hæstv. utanrrh. og hv. formaður utanrmn. gefið í skyn, þó ekki væri nema í kaffiboðum, að það gæti nú orðið tvísýnt með stöðuna fyrir þetta varnarlið hér á Íslandi nema gengið sé svona þokkalega að íslenskum kröfum í þessum efnum.

Svo er það, herra forseti, 4. gr. í samningnum. Við skulum líta á hana. „Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er skv. 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku.“ Ákvæði samningsins skulu ganga fyrir ákvæðum

hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga og reglugerða, ekki bara bandarískra heldur einnig íslenskra. Hvaða lög og reglugerðir, hæstv. utanrrh., geta fallið undir þetta ákvæði? Hefur hæstv. utanrrh. og ríkisstj. látið gera úttekt á því hvaða lög og reglugerðir geta verið ósamrýmanleg skv. ákvæðum þessarar 4. gr.? Er kannske verið að víkja þarna úr sessi lögum um varnir gegn búfjársjúkdómum, gin- og klaufaveiki? Er verið að ganga frá deilunni um kjötið í eitt skipti fyrir öll með þessari grein? Að vísu er látið liggja að því í aðfararorðum, greinargerð með þessari þáltill., að þetta varði bara Bandaríkin og lögin frá 1904. En hvaða vissu höfum við fyrir því skv. orðalagi þessarar greinar og þessa samnings? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari því hvort slík úttekt hefur farið fram, hvort atriði eins og ákvæði um gin- og klaufaveiki komi hér inn í sem eitt af því sem víki skv. ákvæðum þessarar greinar.

Það hefur komið fram, herra forseti, að Rainbow-skipafélagið lagðist ekki gegn þessu samkomulagi og lýsti því jafnframt yfir að hagsmunir þess væru tryggðir. Það hefði enga ástæðu til þess að vera að amast við þessu samkomulagi því að hagsmunir þess væru tryggðir. Með hvaða hætti eru hagsmunir Rainbow-skipafélagsins tryggðir, hæstv. utanrrh.? Hversu stórar fúlgur hafa farið þarna á milli sem trygging til Rainbow-skipafélagsins frá bandarískum stjórnvöldum til þess að unnt sé að gera þetta samkomulag og þennan samning sem hér er lagt til að verði staðfestur, þær milligreiðslur — stundum er það kallað mútur — sem þar hafa gengið á milli til þess að tryggja þessum samningi hraðferð í gegnum Bandaríkjaþing? Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geti upplýst okkur eitthvað um það efni. Kannske segir hæstv. utanrrh.: Þetta kemur okkur ekkert við, þetta snertir okkur ekki. Þetta er bara bandarískt mál. En ætli málið sé alveg svo einfalt?

Þessi aðili sem skv. samkomulaginu getur náð ⅔ af flutningunum fyrir varnarliðið á Íslandi, svokallað varnarlið, telur sig í engu bera skarðan hlut vegna þessa samnings. En í krafti flutninganna hingað hefur hann aðstöðu til þess að bjóða í aðra flutninga til landsins og flutninga frá landinu og keppa þar við íslensk skipafélög um slíkt. Mér sýnist ekkert fráleitt að álykta að staða Rainbow-skipafélagsins eða annarra aðila bandarískra, sem kæmu til með að annast flutninga fyrir herinn hér, batnaði og möguleikar þeirra á að ná öðrum flutningum til og frá landinu. Er nokkuð sem kemur í veg fyrir, hæstv. utanrrh., að svo geti farið?

Og hvernig er það með flutningana sjálfa og uppskipunina, hæstv. utanrrh.? Hvar verður vörum framvegis skipað upp fyrir herstöðina í Keflavík? Ég hygg að býsna mikið hafi farið í gegnum höfnina í Njarðvík. Er hugsanlegt að flutningar fyrir herinn færist frá Njarðvíkurhöfn yfir á Reykjavíkurhöfn? Er slíkt samkvæmt ákvæðum þess samnings sem hér er gerður eða líkur á því að sú verði þróun mála í framhaldinu?

Nei, það eru sannarlega margar spurningar sem vakna við þessa samningsgerð. En það sem er óhuggulegt við hana er sú auðhyggja sem á bak við liggur og sú hugsun að tengja herinn hér og dvöl erlends hers í landinu fastar en orðið er við efnahagslega hagsmuni á Íslandi, efnahagslega hagsmuni íslenskra aðila. Við getum talið óeðlilegt að Bandaríkin séu með einokunarlög og séu með lög sem grípi inn í aðstöðu annarra ríkja. Við höfum lýst andúð okkar á slíku, t.d. í sambandi við hvalveiðar og gerum það vissulega. Þetta er allt annað mál sem hér er á ferðinni. Hvert er viðhorf hæstv. utanrrh. til þess að Íslendingar verði í vaxandi mæli háðir dvöl erlends hers í landinu, efnahagslega?

Alþb. hefur verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að það sé óæskilegt á meðan erlendur her er í landinu að hann tengist íslensku efnahagslífi, hvað þá að hann tengist íslensku efnahagslífi fastar en verið hefur og að þjóðin geti ekki gert það upp við sig með góðri samvisku hvort hún telji ástæðu til þess að hér sé erlent herlið eða ekki án þess að svarinu við þeirri spurningu tengist meiri og minni efnahagslegir hagsmunir sem hafi áhrif á niðurstöðuna.

Ég tel, herra forseti, að afstaða mín til þessarar tillögu sem hér liggur fyrir sé ljós. Ég er andsnúinn henni og þeim anda sem hún er borin fram í og þeirri stefnu sem á bak við liggur. Ég hef aðstöðu til þess í utanrmn. að fjalla um tillöguna og sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að réttast sé að við höldum okkur við efnið í þessu máli. Ég verð að segja að mér þótti það heldur galgopalegt þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var kominn út í geiminn og farinn að ræða um stjörnustríðsáætlunina í sambandi við þennan einfalda samning um flutninga á sjó. Ég veit að vísu að skipafélagið heitir Regnboginn og regnboginn er á himinhvolfinu, en ekki hefði mér dottið það í hug sem tilefni til þess að fara til stjarnanna og gera að umræðuefni og hnútukastsefni háalvarlegt mál sem reyndar hefur verið á dagskrá hér undanfarna daga.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór allmörgum orðum um þennan samning, en ég var lengi að bíða eftir afstöðu hans. Hún kom í lokin, nefnilega á þá lund að hann væri andvígur þessum samningi, ekki síst vegna þess að skv. honum yrðu Íslendingar efnahagslega háðir Bandaríkjamönnum og dvöl hersins. Þetta þýðir vitaskuld að hv. þm. vill að Rainbow sé með þessa flutninga því að með þeim hætti yrðum við í þessu máli ekki á nokkurn hátt háðir hinum efnahagslegu hagsmunum sem hann gerði að umtalsefni. Mér kom á óvart að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að það væri farsælast fyrir Íslendinga að íslensk skipafélög ættu engan þátt í þessum flutningum, að íslenskir sjómenn hefðu enga atvinnu af þessum flutningum og í rauninni hefði það verið forkastanlegt fyrirkomulag þegar Eimskip og Hafskip önnuðust þessa flutninga. Eng-

in önnur ályktun verður dregin af þeim málflutningi sem var uppi hafður af hálfu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Ég er algerlega á öndverðum meiði. Ég tel að það sé rétt og skynsamlegt að íslensk skipafélög og íslenskir sjómenn hafi atvinnu, eins og þeir hafa haft alveg þangað til þetta skipafélag kom til sögunnar, af því að stunda þessa flutninga og það sé öryggisatriði fyrir okkur Íslendinga að við séum þátttakendur í þessum flutningum.

Hv. þm. reyndi að tortryggja ákvæði í samningnum þar sem gert er ráð fyrir að þar sem önnur eða eldri ákvæði ganga í berhögg við þennan samning skuli þau víkja. Þetta er auðvitað lykilatriði samningsins. Þetta er það ákvæði sem tryggir að lögin frá 1904 í Bandaríkjunum skuli ekki gilda. Ég held að allmikið ímyndunarafl þurfi til að láta sér detta í hug að þessi samningur, sem fjallar um flutninga á sjó, skuli jafnframt vera um gin- og klaufaveiki, en það gaf hv. þm. Hjörleifur Guttormsson í skyn. Ég held að málflutningur af þessu tagi sé ekki viðeigandi í þessu máli. Hv. þm. hefði hreinlega getað sagt: Ég vil ekki þennan samning. Ég vil ekki að íslensk skip séu í þessum flutningum. Ég vil að Rainbow Navigation sé með þessa flutninga áfram. Ég vil ekki að íslenskir sjómenn hafi heldur neina atvinnu af þessu — því að sú var í rauninni afstaða þm.

Ég get tínt fleira til, herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hneykslaðist á því að í þessum samningi skuli vera tenging við það hvort hér sé her eða við afstöðuna, eins og hann orðaði það, til þess að hér sé her, hann var mjög hneykslaður á þessu. Auðvitað er þessi samningur tengdur því hvort hér er her. Þetta fjallar um flutninga til varnarliðsins og ef hér er enginn her þarf að mínum dómi ekki flutninga til varnarliðsins. Ég geri varla ráð fyrir að hv. þm. hafi verið að hugsa um að við ættum að halda áfram flutningunum jafnvel eftir að varnarliðið væri farið. Nei. Hin afstaðan hlýtur að hafa verið sú, sem hann hafði í huga, að við ættum ekki að standa í þessum flutningum og það kemur þá heim og saman við það sem virtist vera lokaniðurstaða hans.

Hv. þm. var líka hneykslaður á því að Íslendingar hefðu skyldum að gegna, þegar þeir hefðu þennan samning, til þess að annast flutninga til varnarliðsins. Ég held að skyldurnar séu samt svo frávíkjanlegar að ef okkur reynist það ofraun, sem ég ætla nú ekki að muni gerast, að Íslendingar treysti sér ekki til þessa, skila þeir engu tilboði og þá eru ákvæði um það í samningnum hvernig með skuli fara. Hér eru því ekki lagðar á okkur þær byrðar að við getum ekki risið undir þeim.

Mér þótti líka ósanngjarnt hjá hv. þm. þegar hann fjallaði um ósanngjörn tilboð og las einungis þann hluta ákvæðisins sem sneri að ósanngjörnu íslensku tilboði, en í samningnum eru nákvæmlega sams konar orð, að sjálfsögðu, um það ef ósanngjarnt bandarískt tilboð berst og ekki er önnur tilboð að hafa. Og það verður að teljast eðlilegt að slíkt ákvæði sé í þessum samningi.

Ég er sem sagt gjörsamlega á öndverðum meiði við hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Ég tel að hér hafi verið stigið mikilvægt skref, fundin lausnarleið í máli sem er búið að angra okkur nokkuð lengi og vera okkur til óþæginda og sem við höfum öll verið mjög óánægð með. Ég er sannfærður um að þjóðin í heild er ánægð með að fengist hafi lyktir í þessu máli og sigur unninn með þeim hætti sem hér hefur orðið.

Ég get getið þess að hinn 24. sept. s.l., um það leyti sem þessi samningur var gerður, birtist grein í Chicago Tribune undir yfirskriftinni: Shultz skrifar undir samning við Ísland til þess að sefa músina sem öskraði. Hér er auðvitað verið að vitna til sögunnar um músina sem öskraði eða „the mouse that roared" og sjálfsagt hafa ýmsir hér lesið söguna eða séð kvikmyndina sem gerð var á þeim grundvelli.

Í þessari grein segir, með leyfi hæstv. forseta, m.a. og í lauslegri þýðingu minni hér á staðnum: Afkomendum hinna djörfu víkinga, sem uppgötvuðu Norður-Ameríku, Íslendingunum og landhelgisgæslu þeirra með fimm lítil varðskip, tókst að sigra hið máttuga Bretaveldi í þremur þorskastríðum þar sem deilt var um rétt til þess að veiða fisk. Þeir unnu sem sagt í hvert einasta skipti. — Síðan er vitnað í Derwinsky sem við könnumst við og haft eftir honum: Ef við leysum ekki þetta vandamál munu Bandaríkin lenda í þorskastyrjöld.

Það segir líka í þessari grein að Íslendingar hafi sent ströng mótmæli jafnskjótt og Rainbow Navigation tókst að komast inn í þessa flutninga en að það hafi tekið þau mánuði að berast til nokkurs sem eitthvað átti undir sér í utanríkisráðuneytinu. Og síðan, þó að utanríkisráðuneytið samþykkti að hér yrði að taka á málunum, neituðu flotamálaráðuneytið og varnarmálaráðuneytið að taka á því og héldu því fram á sameiginlegum fundum ráðuneytanna að litla Ísland mundi ekki þora að takast á við Bandaríkin. Þegar á hinn bóginn bandarískir embættismenn hjá NATO bentu á að það ætti að taka hótun Íslands alvarlega hvikaði varnarmálaráðuneytið en Elizabeth Dole flutningamálaráðherra stóð enn fast á sínu vegna hagsmuna 25 bandarískra sjómanna. Að lokum um seinustu helgi, segir hér, samþykkti Hvíta húsið og öryggismálaráð Hvíta hússins að gera samning um málið — og það er sá samningur sem við höfum fyrir framan okkur.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á hversu nálægt sannleikanum þessi frásögn er, en hún er eftir nokkuð virtan dálkahöfund sem heitir Michael Killian. En ég held engu að síður að nokkur vísbending felist í þessari frásögn af músinni sem öskraði, nokkur vísbending sem við getum tekið til okkar eða lært af. Þessi frásögn sýnir okkur, held ég, veitir okkur innsýn í það hvernig valdakerfið er í Bandaríkjunum og það kostar átak að fá raunverulega áherslu sinna mála, að koma skoðunum sínum á framfæri. Málin komast kannske ekki eins greiðlega áfram þar eins og okkur grunar. Reyndar var það svo í sögunni um músina sem hraut að mótmælin frá

því litla landi týndust á bak við ofn og þess vegna lagði það litla land í styrjöld við Bandaríkin eins og þið sjálfsagt munið. Ég ætla ekki að halda því fram að okkar mótmæli hafi týnst á bak við ofn, en þetta sýnir okkur að völdin eru í fyrsta lagi ekki á einum stað og það er yfir marga þröskuldi að fara. Það sannar okkur jafnframt að þegar við stöndum saman og látum vel í okkur heyra og okkur tekst að gera aðilum eins og þeim bandarísku í þessu tilviki alveg fullljóst að okkur sé full alvara náum við árangri rétt eins og við gerðum í þorskastríðinu.

Ég tel, herra forseti, að það sé mjög ánægjulegt að þessi samningur er kominn á og ég lýsi yfir stuðningi okkar Alþýðuflokksmanna við þennan samning og samþykkt hans á þinginu.

Ég vil að lokum einungis koma á framfæri sjónarmiði sem við Karl Steinar höfum áður komið á framfæri við utanrrn. eða fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson í sérstöku bréfi um það að þess verði gætt í útboðsskilmálum að ekki fari minni flutningar um Njarðvíkurhöfn eftir að breyting hefur á orðið en verið hafa að undanförnu. Þessi tilmæli ítreka ég vegna þess að það skiptir auðvitað miklu máli fyrir atvinnuástandið sem við vitum að er einmitt veikt á þessu landsvæði.

Herra forseti. Við Alþýðuflokksmenn styðjum þann samning sem lagt er til að verði samþykktur og munum greiða fyrir því að hann fái skjóta afgreiðslu.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Það er sannfæring mín að sá samningur, sem hér hefur verið gerður, fullnægi í ýmsu þeim kröfum og þeim tillögum sem Íslendingar hafa komið fram með í þessu máli. Ég get alls ekki skilið hvernig hv. 5. þm. Austurl. tókst að gera hann að svo alvarlegu máli sem hann reyndi að gera. Ég held þvert á móti að þetta sé samningur sem sé mjög hagstæður Íslandi og íslenskum hagsmunum og allar umræður um stjörnustríð og annað af því tagi held ég að verði að bíða betri tíma. Það er gjörsamlega óskylt mál og ég tel að við eigum alls ekki að blanda saman alvarlegum hagsmunamálum íslenska ríkisins og slíkum stórpólitískum alþjóðamálum sem við vonandi fáum tækifæri til að ræða seinna af meiri alvöru og á meira viðeigandi hátt.

Á þessu ári hafa tvö mál orðið til þess að skapa óþægilegt andrúmsloft í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Það er þetta svokallaða Rainbow-mál og það er hvalveiðimálið. Sú staðreynd að þau mál féllu að verulegu leyti saman gerði þau jafnvel enn þá erfiðari viðureignar. Ég held að það hafi verið full ástæða til þess fyrir Bandaríkin að sinna óskum Íslendinga og tillögum Íslendinga um lausn þeirra mála. Vissulega kom Bandaríkjastjórn fram af hroka og yfirgangi við Íslendinga. En ég held að þegar í ljós kom hve víðtæk samstaða var í landinu hafi Bandaríkjamönnum orðið ljóst að þeir komust ekki lengra. Ég tel mjög varhugavert að ala á því að hér sé veruleg andstaða gegn samningi sem Íslendingar hafa í hálft annað ár boðað og viljað fá fram. Það er alveg sama hvernig ég les þennan samning, ég sé raunverulega ekkert nema jákvætt við hann nema eitt atriði. Ég kem að því síðar.

Það er svo að lög eru lög og við gátum ekki komist fram hjá hinum bandarísku lögum um einokun á flutningum til herstöðva Bandaríkjamanna erlendis. Allar ráðagerðir og tilraunir Bandaríkjastjórnar til þess að komast fram hjá þeim lögum reyndust vera fum og gerðar í ráðaleysi. Hins vegar voru flutningarnir til Íslands að mínu viti búnir að afla sér hefðar sem mjög erfitt var að hafna.

Það var furðuleg framkoma í garð okkar Íslendinga að svipta íslensk skipafélög þessum flutningum sem þau höfðu annast árum og áratugum saman athugasemdalaust. Ég er vissulega þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vera sem minnst háðir herstöðinni í Keflavík. Það getur aldrei verið stefna okkar að byggja þjóðhagslega afkomu okkar á henni. Með þessum nýja samningi held ég að við séum meira að segja að draga úr hinum efnahagslegu áhrifum þar sem m.a. einungis hluti flutninganna kemur í okkar hendur en fyrir nokkrum árum voru þeir nær allir á íslenskum höndum.

Það er enginn vafi á því að herstöðin í Keflavík verður lögð niður í tímanna rás og vonandi fyrr en síðar. En ég vil eindregið vara við því að við förum að ræða óvarlega um endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins frá 1951. Við verðum að hafa ákveðna stefnu, við þurfum að hafa ákveðin atriði í huga, ekki bara einhverjar óljósar hótanir, ekki eitthvert tal um að það þurfi að endurskoða þetta með reglulegu millibili. Hvaða atriði? Höfðum við raunverulega nokkuð í höndum annað en það að við viljum fá Bandaríkjamenn í Keflavík til þess að éta meira ket? Hvaða atriði önnur vildum við hafa? Hv. 5. þm. Austurl. var ráðherra í fimm ár. Ég man ekki til þess að Alþb. hafi þá komið með eina einustu tillögu um endurskoðun á einu né neinu í sambandi við samskiptin við herinn. Hvað veldur því að allt í einu núna, þegar verið er að reyna að koma á samningum um eitt atriði, vissulega frá því sjónarmiði að hér var um atriði sem snertir forræði okkar að ræða og þar af leiðandi alvarlegt, fara menn að tala um endurskoðun á varnarsamningnum, jafnvel uppsögn hans? Líta menn svo á að aðstæður séu slíkar að það sé tímabært? Líta menn svo á að það sé hægt að ná einhverju fram með slíku? Til hvers væri það? Varnarsamningnum verður sagt upp og vonandi verður honum sagt upp með góðu samkomulagi beggja aðila þegar aðstæður bjóða upp á það og að það geti verið liður í víðtækari samdrætti á hernaði, herbúnaði og herstöðvum í heiminum.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þessi atriði. Það er vissulega stórt skref sem hér hefur verið stigið. Ég færi utanrrh. sérstakar þakkir fyrir framgöngu hans í þessu máli. Ég tel að hann hafi unnið þar gott starf og að Íslendingar komi frá þessu máli með miklum sóma. Ég segi ekki að Bandaríkjamenn hafi komið með sömu virðingu út úr þessu, enda framkoma þeirra lengi vel þess eðlis að við gátum alls ekki talið

að þeir kæmu fram með þeim hætti sem ætla mætti af bandalagsþjóð. En við verðum að gera okkur ljóst eins og ég hef margsagt að ríki á sér engan vin. Við verðum alltaf að byggja á okkur sjálfum og ég er sannfærður um að það voru ekki hótanir um uppsögn varnarsamnings eða annað slíkt sem ollu því að Bandaríkjamenn sáu loksins ljósið í þessu máli heldur samstaða íslensku þjóðarinnar. Og ég skora á þm. að rjúfa ekki þá samstöðu en samþykkja þennan samning. Og að mínu leyti vil ég stuðla að því að afgreiðslu hans verði flýtt í utanrmn. og á þingi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Samningur sá sem þessi þáltill. tekur til hefur þegar verið töluvert ræddur í utanrmn. þingsins og þar hef ég gert grein fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli og vil gera slíkt hið sama hér nú.

Eins og fram hefur komið er Kvennalistinn alfarið andvígur því að Íslendingar nýti sér veru Bandaríkjahers hér á landi í fjárhagslegu ágóðaskyni. Við erum sjálfstæð þjóð í frjálsu landi og okkur finnst miklu skipta að efnahagslegu sjálfstæði okkar sé ekki á nokkurn hátt ógnað, hvorki með of nánum efnahagstengslum við herinn né með öðru móti.

Í stefnuskrá Kvennalistans er kveðið á um samskiptin við herinn og vil ég, með leyfi forseta, lesa dálítinn kafla úr stefnuskránni þar um. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við viljum draga úr umsvifum erlends hers meðan hann er hér á landi því að aukin hernaðarumsvif hvar sem er í heiminum auka á vígbúnaðarkapphlaupið. Við viljum strangt eftirlit með starfsemi hersins. Við viljum að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum og herbúnaði Bandaríkjahers hér. Við viljum minnka áhrif hersins í íslensku efnahagslífi svo tryggt verði að afstaða til hans mótist ekki af efnahagshagsmunum. Við viljum að íslenskt atvinnulíf sé óháð veru hersins."

Það liggur því í hlutarins eðli að við erum ekki hrifnar af að tengja afkomu og hagsmuni íslenskra skipafélaga við veru hersins hér á landi eins og hægt er að gera samkvæmt þeim samningi sem við erum nú að ræða um. Því erum við ekki hlynntar þessum samningi. Hins vegar verður að skoða þetta mál í samhengi við önnur samskipti okkar við stjórnvöld í Bandaríkjunum undanfarin misseri. Eins og menn vita hafa þau í vor og sumar einkennst af lítilli tilhliðrunarsemi Bandaríkjamanna í okkar garð og á stundum verið þannig að um hreinan yfirgang stórþjóðar í garð smáþjóðar hefur verið að ræða. Við slíkar aðstæður skiptir miklu að við sem þjóð stöndum saman. Smáþjóð verður að treysta á sjálfa sig og hefur ekki í önnur hús að venda í viðsjárverðum heimi. Því væri æskilegt að einhvers konar samstaða gæti náðst á Alþingi Íslendinga um afstöðu okkar til þessa samnings. Við Kvennalistakonur getum ekki greitt honum atkvæði okkar, það liggur ljóst fyrir, en við munum íhuga þann kost að sitja hjá við afgreiðslu hans í því skyni að leggja okkar af mörkum til innbyrðis samstöðu Íslendinga gagnvart risanum í vestri.

Hvað efnisatriði samningsins varðar finnst mér heldur aumlegt og lítt sæmandi þeirri sjálfstæðu siglingaþjóð sem við viljum vera að hafa tekið við nokkurs konar kvótaúthlutun úr hendi Bandaríkjamanna. Svo lengi sem íslensk skipafélög bjóða í þessa flutninga eru þeim tryggð a.m.k. 35% þeirra hvernig svo sem tilboð bandarískra skipafélaga kunna að líta út. Þetta getur varla talist samkeppni á jafnréttisgrundvelli eins og hér hefur verið haft á orði. Öðrum hvorum aðilanum er fyrir fram tryggður ákveðinn hluti flutninganna og samkeppnin því ákveðnum takmörkum háð og einnig það viðskiptafrelsi sem flm. þessarar þáltill. er annars svo kært.

Jafnframt er ljóst að þessi samningur er í beinum tengslum við varnarsamstarf ríkjanna, eins og það heitir í fyrirsögn tillögunnar, og því ljóst að hér er ekki um óháðan viðskiptasamning að ræða. Hernaðarhagsmunir Bandaríkjanna eiga hér óumdeilanlega hlut að máli. Slíkum viðskiptasamningum kunnum við Kvennalistakonur illa og er það ásamt því sem ég hef þegar nefnt, herra forseti, ástæða þess að við munum ekki geta greitt honum atkvæði okkar.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því samkomulagi sem utanrrh. hefur nýlega kynnt hér í Sþ. í formi till. til þál. um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

Sú deila, sem nú hefur staðið milli Íslands og Bandaríkjanna vegna sjóflutninga til varnarliðsins, hefur verið æríð langvinn. Hún hefur staðið í meira en tvö ár. Miklar samningaumleitanir hafa farið fram til að reyna að finna á henni lausn. Þær báru lengi vel engan árangur. En nú hefur svo brugðið við að það samkomulag hefur náðst og komist á laggirnar sem liggur frammi í þessu þskj. Þeirri niðurstöðu ber vissulega að fagna. Það ber jafnframt að harma að fulltrúar tveggja þingflokka á Alþingi hafa lýst yfir andstöðu við þennan samning og það er ákaflega erfitt að gera sér í hugarlund hver rök liggja til grundvallar slíkri afstöðu. Við höfum þvert á móti, Íslendingar, mikinn hag af því samkomulagi sem hér hefur náðst og það ber að þakka utanrrh. og öðrum þeim íslenskum samningamönnum sem að þessari niðurstöðu unnu.

Það mátti heita með nokkrum furðulegheitum röksemdafærsla hv. 5. þm. Austurl. áðan er hann mælti í ítarlegu máli gegn þessum samningi. Eru þm. þó ýmsu vanir í ræðuhöldum frá þeim hv. þm. Hann fór heljarstökk og tók marga kollhnísa út í geiminn og blandaði umræðum um stjörnustríðsáætlun undanfarins toppfundar í Reykjavík saman við þetta mál. Þar á milli er bókstaflega ekkert samband eins og þegar hefur verið bent á í þessum umræðum. En til allra ráða er gripið þegar á að gagnrýna samning sem mjög erfitt er að gagnrýna með nokkrum

rökum. Þá kemur heilaspuninn í góðar þarfir.

Það kom ekki á óvart sá málflutningur sem við heyrðum frá hv. 5. þm. Austurl. Hér er einfaldlega um það að ræða og það er mergurinn málsins að til hliðar hefur verið vikið af Bandaríkjaþingi með sérstakri löggjöf einokunarlögum sem hafa gilt í Bandaríkjunum allar götur frá árinu 1904. Þau giltu einnig varðandi sjóflutninga til bandarísku varnarliðsins sem hér dvelur. Þess vegna var ekki hægt verk né auðvelt að koma í veg fyrir þá einokun. Það var hins vegar gert með nýjum lögum frá Bandaríkjaþingi. Með því er því haldið hér fram í þingsölum að það hafi verið unnið gegn hagsmunum Íslendinga. Slíkar röksemdir eru svo fráleitar að þar er erfitt hönd á að festa, hvað fólk á við sem heldur þeim fram. Er það gegn hagsmunum íslenskra sjómanna að fá tækifæri og möguleika til þess að annast verulega mikilvæga sjóflutninga til landsins? Er það gegn hagsmunum íslenskra skipafélaga að fá tækifæri til að halda áfram þeim flutningum sem þau hafa árum og áratugum saman annast? Menn minnast kannske máls sem bar mjög á góma í þingsölum sem var gjaldþrot Hafskips. Einn þátturinn í því máli var einfaldlega að sjóflutningar til varnarliðsins voru einokaðir af bandarísku skipafélagi í skjóli laganna frá 1904. Það virðist algerlega hafa gleymst í ræðum þeirra hv. þm. sem hafa mælt gegn þessu samkomulagi. Hér er einfaldlega verið að víkja einokuninni til hliðar en koma á siglingum, flutningum á jafnréttisgrundvelli. Það er mergurinn málsins og kjarni þess sem þetta samkomulag fjallar um. Og það er þess vegna sem það ber að fagna því. Það er mjög til hagsbóta fyrir íslenska sjómenn og fyrir íslensk skipafélög fyrir utan að það var hneisa og það var óvirðing gagnvart Íslendingum að krefjast þess, eins og gert var í hátt á þriðja ár, að þessir flutningar væru alfarið einokaðir af nýju bandarísku skipafélagi sem til þess eins var stofnað að seilast til lokunnar um hurðina til þess að notfæra sér þá smugu sem þarna var fyrir hendi.

Það kom ekki á óvart þó að sú gagnrýni, sem heyrðist á samninginn frá hv. 5. þm. Austurl., beindist kannske minnst að samningnum sjálfum. Það kom fljótt að því í máli hans að framferði Bandaríkjanna og þetta samkomulag væri full ástæða til þess að það bæri að taka allan varnarsamninginn, eins og hann orðaði það, til gagngerðrar endurskoðunar og segja honum síðan upp. Og þar var raunverulega komið að hjartanu í rjúpunni. Vitanlega hafa Alþýðubandalagsmenn allt frá því fyrsta viljað nota þetta mál til að reka fleyg inn í varnarsamstarf vestrænna þjóða sem Íslendingar eru aðilar að. Alþb. og forustumenn þess hafa ætíð verið andvígir því að hér væri varnarlið og við tækjum þátt í þessu samstarfi. Það þarf þess vegna kannske engan að undra að þeir noti þetta mál til að reyna að riðla því samstarfi og fá varnarsamninginn afnuminn.

Það er vitanlega ekki nokkur efnisleg ástæða í dag, þegar þetta samkomulag liggur fyrir milli ríkisstjórnanna tveggja, að taka varnarsamninginn sem slíkan upp til endurskoðunar á grundvelli þessa máls. Milli þess er ekkert samhengi. Milli þess eru engin tengsl. Þetta mál hefur verið farsællega til lykta leitt og þess vegna er ekki minnsti grundvöllur til að taka varnarsamninginn upp vegna þess. Svipaðar kröfur heyrðust í sumar vegna hvalveiðideilunnar og hugsanlegra viðskiptaþvingana í Bandaríkjunum vegna mismunandi túlkunar á orðalagi samþykktar alþjóðahvalveiðiráðstefnunnar í Malmö í júní í sumar milli bandarískra og íslenskra ráðamanna. Það mál fékk einnig farsælan endi fyrir rúmum mánuði með samkomulagi ráðherra beggja landanna. En það var engu að síður reynt að nota það mál einnig til að reka fleyg inn í þá vestrænu samvinnu sem við Íslendingar erum aðilar að og viljum vera aðilar að. Það kemur að vísu ekki á óvart. Það þarf engan að undra. En bæði þessi mál hafa verið til lykta leidd og þess vegna er ekki hin minnsta ástæða að endurskoða varnarsamninginn þeirra vegna.

Hitt er svo annað mál að varnarsamningurinn sem slíkur er ekkert heilagt plagg og það er alveg ljóst að hann mun ekki standa hér á landi til eilífðar frekar en varnarstöðin í Keflavík. Henni verður vonandi unnt að loka í kjölfar fleiri leiðtogafunda þar sem víðtækt og almennt samkomulag hefur náðst um afvopnun í veröldinni. En það er kannske ástæða til þess í sambandi við þær kröfur sem við heyrðum úr þessum ræðustól rétt áðan um uppsögn varnarsamnings að minna á að við þurfum ekkert Rainbow-mál og enga hvalveiðideilu til þess. Við höfum til þess fullt frelsi, Íslendingar, þegar okkur sýnist og án þess að gefa upp neina ástæðu skv. 7. gr. varnarsamningsins frá 5. maí 1951 að segja þeim samningi upp með sex mánaða fyrirvara og þá fellur hann úr gildi eftir tólf mánuði. Að því erum við algerlega frjálsir. En það vill bara svo til að a.m.k. ⅔ ef ekki ¾ hlutar þjóðarinnar eru fylgjandi vestrænu varnarsamstarfi, veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu og staðsetningu varnarliðs hér á landi. Þess vegna hefur hér verið blandað saman ólíkum málum, jafnvel gengið svo langt í ósmekklegum málflutningi, svo vægt sé tekið til orða, að halda því hér fram að bandarískum þingmönnum hafi í raun verið mútað til að fá samninginn hraðbyri í gegnum bandaríska þingið. Það má velta því fyrir sér hve langt menn geta gengið í getsökum um þingmenn annarra þjóðþinga eða sjóði erlendra skipafélaga í því sambandi.

Ég fagna því að fulltrúar Alþfl. hafa lýst því yfir í þessum umræðum að þeir styðji þetta samkomulag, þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Hún er til hagsbóta fyrir Íslendinga. Á því er ekki hinn minnsti vafi. Ég tek undir þau orð, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson mælti áðan, að þessir flutningar hafa verið mikilvægir fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum, fyrir Njarðvíkurhöfn. Það liggur alveg ljóst fyrir. En aðalatriðið er að þeir eiga að fara fram á jafnréttisgrundvelli og að því leyti til að vera í íslenskum höndum.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að segja að að sjálfsögðu er þessi samningur til bóta. Við höfðum góða flutninga og þjóðin hafði góðar tekjur sem voru teknar frá henni með því að ekki urðu neinir samningar til og aðrir sáu um þessa flutninga. Nú eru komnir á samningar sem hefur ekki verið auðvelt að ná. Þess vegna segi ég að samningurinn er til bóta. Hann er betri en enginn samningur. Allir samningar eru betri en engir samningar. Ég tel að árangur mikillar vinnu tveggja utanríkisráðherra, fyrrv. utanrrh. og núv. utanrrh., hafi borið góðan ávöxt, mjög góðan, því að þó að okkur sé líkt við litla mús sem öskrar vorum við að öskra á stærra dýr, við skulum segja ljón, sem ekki tístir eða mjálmar. Þetta eru menn sem eru vanir að standa í samningum um miklu erfiðari og stærri mál en hér um ræðir þegar litið er yfir veröldina alla.

En það er annað sem ég hef áhyggjur af, miklar áhyggjur, og það er sú staðreynd að á Íslandi vorum við að semja okkur frá bandarískum lögum. Við erum að semja okkur frá bandarískum lögum um herstöð sem ekki er bandarísk sem slík heldur NATO-herstöð. Og það finnst mér alvarlegt mál. Í framhaldi af þessu hef ég verið þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða samskipti þessarar NATO-stöðvar og íslenskra yfirvalda.

Ég mun ekki taka undir það að segja upp varnarsamningnum. Ég held að hann sé vel gerður. En ég mun, eftir því sem ég get haft áhrif á og áður hefur komið fram hjá mér, taka þátt í ákvörðun um að endurskoða framkvæmdina á samningnum. Ég held að það sé nokkuð rétt sem ég hef haldið fram að ég tilheyri, senn hvað líður allavega, annaðhvort síðustu eða næstsíðustu kynslóð Íslendinga sem hefur þekkt Ísland án varnarliðs. Þessi langa dvöl varnarliðs hvar sem er skapar ákveðna hefð og hefðir geta, ef menn ekki halda vöku sinni, orðið lögum landsins yfirsterkari. Ég vara við þessu. Hingað til hef ég gert það fyrir daufum eyrum. Við skulum, sem viljum vestræna samvinnu, sem viljum ekki á þessu stigi að herinn fari, þó halda vöku okkar gagnvart þessum atriðum.

Ég gat ekki sætt mig við sem fjmrh. að hingað sigldu erlend skip, í staðinn fyrir íslensk skip skulum við segja, með vörur sem voru fluttar beint frá borði í herstöðina og fá svo farmskrá á dulmáli viku eða lengri tíma eftir að varan var komin af hafnarbakkanum án skoðunar á því hvað var í þeim gámum sem fluttir voru til landsins. Ég tel að við þurfum að hafa eftirlit eins og alþjóðalög gera ráð fyrir með að vörur komi hingað til landsins á farmskrám og að vörur komi hingað á farmbréfum og hljóti eðlilega tollafgreiðslu.

Það eru önnur mál, sem urðu ágreiningsmál á meðan ég var fjmrh., sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni en er jafnáríðandi að könnuð séu. Ég tel ekki að við höfum unnið neinn stórsigur. Ég tel að báðir aðilar hafi unnið sigur með þessum samningum. Það fannst lausn sem við verðum að sætta okkur við. Ég hef ýmislegt að athuga við þessa lausn þó að ég meti þann árangur sem fyrrv. og núv. utanrrh. hafa náð og tel meira vit í að samþykkja þennan samning en hafna honum. Ég vil því segja: Vinnum sem samherjar í NATO með þeim sem við höfum samið við. Verum þeim ekki undirgefnir. Viðurkennum þá ekki sem herra heldur sem jafningja. Og vörumst það í framtíðinni að þurfa að semja okkur undan bandarískum lögum vegna hersetu sem er okkur og vestrænni menningu í hag að hafa hér.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það sem hæstv. iðnrh. sagði varðandi framkvæmd varnarsamningsins annars vegar og svo varðandi uppsögn hans, sem hér hefur aðeins borið á góma, sem hann undirstrikaði að hann væri andvígur, þá er að sjálfsögðu við hvert tækifæri sem mögulegt er endurskoðuð öll framkvæmd eftir því sem hún á sér stað. Það verður að sjálfsögðu ævinlega svo að vera, einfaldlega vegna þess að það eru breyttar aðstæður, það eru breyttir tímar og það verður ævinlega að skoða málin með tilliti til þess hvaða breytingar hafa átt sér stað.

Auðvitað viljum við vinna þannig að málum á alþjóðavettvangi að herseta á Íslandi þurfi ekki að vera til eilífðar. En það liggur ljóst fyrir, eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh., hvað snertir það varnar- og öryggissamstarf sem við erum og höfum verið í síðan 1949 að það er því miður ekki ástæða til annars en sinna því og ef til vill sinna því nú fremur en nokkru sinni áður.

Þessi samningur, eins og hæstv. iðnrh. sagði, er samningur þar sem báðir hafa, eins og hann orðaði það, sigrað. Jafnvel íþróttakempan talaði um að báðir sigruðu sem alltaf vildi og hefur viljað sigra sjálfur og var gjarnan með þau úrslit þar sem hann tók þátt í leikjum. En það er vissulega rétt, sem hann sagði, að það var gengið til þess að leysa þessi mál þannig að báðir gætu vel við unað. Ég vonast til þess að þeir, sem eru þess sinnis að þessi samningur eigi að öðlast gildi, séu þeirrar skoðunar að við höfum verið að gera samning þar sem báðir aðilar geti staðið upp keikir.

Við erum að vísu, eins og hæstv. iðnrh. sagði, að gera samning þar sem verið er að semja undan bandarískum lögum. Við höfum óskað eftir því að við gætum gert fríverslunarsamning við Bandaríkin. Alþingi samþykkti það í fyrra. Til hvers er það? Það er til þess að fá samning sem undanþágu frá ákveðnum einokunarlögum Bandaríkjanna í sambandi við viðskipti. Það er það sem við höfum verið að gera og erum að gera þegar við erum að gera tvíhliða samninga. En það er vissulega rétt að þessi samningur er samningur um undanþágu frá bandarískum lögum en ekki, eins og hv. 5. þm. Austurl. var að ræða um, samningur um gin- og klaufaveiki. Hv. 3. þm. Reykn. benti réttilega á um hvað hér

væri verið að semja og hversu samlíkingin sem hv. 5. þm. Austurl. gerði væri víðs fjarri öllum þeim raunveruleika sem um ræðir. (**SvG:** Það verður að skýra nánar 4. gr.) Hún skýrir sig sjálf, 4. greinin, og liggur ljóst fyrir að hér eru engin þau lög eða þær reglur sem hindra framkvæmd þessa samnings og ég trúi ekki að hv. þm. geti bent á eitt eða neitt í þeim efnum. Hins vegar, fyrir alla þá sem vilja skoða málið, hefur málið legið fyrir um langan tíma og þegar það yrði skoðað í utanrmn. er að sjálfsögðu auðvelt þar sem einhvers staðar leikur vafi á að aðilar komi fram með sínar athugasemdir. Hér er verið að semja um að undanþága sé gerð hjá Bandaríkjastjórn um lögin frá 1904.

Um ræðu hv. 5. þm. Austurl. langar mig að fara nokkrum orðum þó að ég vilji ekki tefja umræður mjög. Ég gat þess þegar þessi samningur var gerður að í honum væri ekkert sem krefðist þess að hann væri lagður fyrir Alþingi. Það liggur ljóst fyrir einfaldlega vegna þess að um lagasetningu er ekki að ræða. Ég gerði ráðstafanir til að fá umsögn virts lögfræðings um málið og sú varð niðurstaðan og það mun verða lagt fram á utanríkismálanefndarfundi þegar um tillöguna verður fjallað. Niðurstaða þessa lögfræðings, sem er Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, er sú að óþarfi sé að leggja samninginn fyrir Alþingi undir þessum kringumstæðum. Síðan er vikið að því að það hafi oft verið gert, að leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar, og út frá því sjónarmiði er þessi samningur lagður fram á Alþingi.

Í ræðu hv. þm. kom fram að eitthvað hefði verið gefið í skyn. Mér er ekki ljóst hvaðan þessi hv. þm. hefur það að eitthvað hafi verið gefið í skyn í sambandi við varnarsamninginn. Það má vel vera að hann hafi góð sambönd, en ég segi: þau sambönd sem hann hefur eru slæm. Það var hvergi og aldrei gefið í skyn neitt það sem hann vildi dylgja með í sinni ræðu.

Síðan vék hann að forustu Sjálfstfl. sem einu sinni var og grét hana nú á þingi. Öðruvísi mér áður brá í þeim efnum þegar þeir ágætu menn sátu á þingi og töluðu í sambandi við öryggis- og varnarmálin. En mitt sjónarmið er ljóst. (**HG:** Lengi getur vont versnað.) Lengi getur vont versnað, sagði hv. þm., og það er alveg rétt. Ég kem að því á eftir, þegar ég vík að 30 milljörðunum hans og öllu því, að þar gæti kannske eitthvað verið sem hv. þm. gleymdi og kunni þá ekki söguna nógu vel eða a.m.k. vildi ekki rifja hana upp nógu langt aftur. Það liggur alveg ljóst fyrir að við erum ekki með varnarlið til þess að bindast því einum eða öðrum böndum efnahagslega séð, síður en svo, og að sjálfsögðu viljum við halda þeirri stefnu. Það eru hins vegar ýmsir hlutir sem eru eðlilegir fyrir íslensku þjóðina, eins og að hafa frjálsar siglingar. Það er okkur nauðsynlegt og á þeim grundvelli er slíkur samningur gerður. Ég er alveg sama sinnis og forveri minn í þessum málum. Einmitt það að hér væru frjálsar siglingar, hér væru menn í þeirri aðstöðu að það væri samkeppni sem réði því, var sjónarmið hans í þessum efnum. Það er sjónarmið mitt. Í sambandi við svokallaða aronsku, eins og hv. þm. nefndi, höfum við verið og erum sammála í þeim efnum, fyrrv. utanrrh. og ég.

Hv. 3. þm. Reykn. er búinn að lýsa snilldarlega fyrir þingheimi þegar hv. 5. þm. Austurl. brá sér út í himingeiminn og þeirri samlíkingu sem hann gerði og þá var komið að dollurunum sem hv. þm. talaði um. Þá var vikið að því að allt væri gert fyrir dollara og þá var vikið að ákveðnum málum. Þá var talað um geimvarnaáætlun, talað um 30 milljarða dollara o.s.frv. Það sem menn væru að gera væri allt gert fyrir dollara. Ég kannast ekki við að hér sé verið að sinna málefnum á þeim grundvelli, en þessi hv. þm. virtist ekkert muna eftir því sem gerðist hér á árunum 1956–58 þegar 30 silfurpeningarnir voru nefndir og ýmislegt var látið niður falla af því að það voru dollarar. Hverjir voru þá hér við stjórnvöl? Var það ekki flokkur hv. þm. sem sat í ríkisstjórn þá? Það var ekki verið að stugga við varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Nei, takk fyrir. Það var hótað. Og hvað þýddi hótunin? Það fengust dollarar og það var tekið við þeim af flokksbræðrum þessa hv. þm. Mér finnst skörin vera farin að færast upp í bekkinn þegar þeir menn, sem þannig hafa hagað sér, eru farnir að brigsla öðrum um mútur og þegar verið er að ganga til samkomulags um eðlileg viðskipti sé það gert á mútuforsendum.

Hv. þm. lýsti miklum vonbrigðum sínum með þennan samning og sagðist ekki mundu greiða honum atkvæði. Það kom mér að vísu ekki á óvart, en allt í einu var hann farinn að bera hagsmuni skipafélagsins bandaríska fyrir brjósti og vildi að ég stæði honum reikningsskil á einhverri umsögn forustumanna skipafélagsins. Ég met svo að það sé ekki í mínum verkahring að útskýra það, en hv. þm. reynir að sjálfsögðu að afla sér upplýsinga hjá þeim aðilum sem það sögðu til þess að hann geti metið þá umsögn.

Hv. þm. ræddi um óhugnanlega auðhyggju sem tengdi herinn hér við land og á forsendum þess m.a. væri þessi samningur gerður. Ég vísa því alfarið á bug og tel ekki að hér sé verið að fá fram samþykkt á samningi undir neinum öðrum kringumstæðum en að siglingar til og frá landinu séu í höndum Íslendinga sem er eðlilegt. Þær voru það. Það er verið að leiðrétta það, en það hefur þurft að gera það með þessum hætti.

Hv. þm. spurði m.a. um hvað yrði um uppskipunina og sú spurning kom enn fremur frá hv. 3. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni. Hv. 3. þm. Reykn. vék að bréfi sem hann og hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason rituðu forvera mínum þess efnis að þess væri gætt í sambandi við samning varðandi siglingarnar að Njarðvíkurhöfn yrði ekki látin líða fyrir það. Við höfum í sameiningu, þm. þess kjördæmis, reynt að gera einmitt höfnina í Njarðvík færa um að sinna þessum málum, hvort heldur það hefur verið með því að gera hana þannig trygga fyrir skipum eða þá aðstöðu í þeim efnum og ég get

fullvissað hv. 5. þm. Austurl., eins þá félaga mína í Reykjaneskjördæmi, að ég er fyrir löngu búinn að gera þeim aðilum sem koma til með að sigla með vörur hingað grein fyrir því að þar sé að sjálfsögðu eðlilegasta uppskipunarhöfn vegna varnarsvæðisins. Undirtektir þessara manna við það sem ég hef sagt hafa verið jákvæðar. Þetta hefur komið fram í blöðum þar syðra einfaldlega vegna þess að það eru ekki bara þm. sem hafa haft af þessu vissar áhyggjur heldur og sveitarstjórnarmenn þar syðra sem hafa látið frá sér heyra. Að sjálfsögðu koma þessi mál til með að verða með þeim hætti sem ég sagði áðan.

Hv. 9. þm. Reykv. vék einmitt að því að hv. 5. þm. Austurl. var með dylgjur um hótun. Það er vissulega rétt að undirstrika það sem kom fram hjá honum. Hér var aldrei um neina hótun að ræða heldur samstöðu Íslendinga gegn því með hvaða hætti haldið hafði verið á málinu af hálfu Bandaríkjamanna. Það var sú samstaða sem vissulega ýtti á að þessi mál voru skilin með öðrum hætti en hafði verið.

Ég tel ekki að það sé ástæða fyrir mig að fara fleiri orðum um þessa þáltill. Ég vænti þess að utanrmn. fjalli um hana að þessari umræðu lokinni. Það er ljóst mál af því sem hér er komið fram að fyrir málinu er mikill meiri hluti í þinginu. Þó eru einhverjir þeir til sem ekki vilja stuðla að því að íslensk skipafélög og, eins og fram kom hjá 3. þm. Reykn., íslenskir sjómenn fái tækifæri til að auka siglingar sínar á milli landa. Að rugla þessum samningi saman við geimvarnaáætlun eða öryggis- og varnarmál Vestur-Evrópu kemur að sjálfsögðu aldrei til greina.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það hefur sitthvað athyglisvert komið fram í þessari umræðu og það var kannske að vonum að orð mín hér áðan yrðu til þess aðeins að kveikja í stöku manni. Einhver kaun eru þarna undir niðri og hafa nálgast yfirborðið. Það er alveg ljóst.

Hér kom upp í ræðustólinn næstur á eftir mér hv. 3. þm. Reykn. og tók nánast ómakið af hæstv. utanrrh. Hann reyndi a.m.k. að gera það. Ekki vantaði viljann. Og þegar hann fór nú að tala um músina sem öskraði komu ákveðnar hugleiðingar upp í sambandi við frammistöðu hans hér í stólnum. Að einhver væri að reyna að öskra... Ég hef aldrei heyrt í músum sem öskra, en hv. þm. reyndi að koma sinni vörn fyrir hæstv. utanrrh. rækilega til skila héðan úr ræðustólnum. Það þarf engan að undra. Hér er á ferðinni málflutningur þar sem þess er gætt að ekkert skilji á milli núv. hæstv. utanrrh., núverandi ríkisstjórnar í utanríkismálum og Alþfl. Það var kannske einn úr skuggaráðuneyti þess, sem ætlar að erfa ríkið sem forsrh., sem var að tala hér. Og hver veit nema hann stefni ekki á forsrn., því að það er þegar setið. Eins og menn vita, er BJ búið að falla frá kröfum sínum um þjóðaratkvæði um forsætisráðherra, út á það að sjálfsögðu að það er þegar setið, en það gæti verið að þarna væri skuggaráðherrann í utanríkisráðherrastólinn sem var að tala hér og þá er nú betra að móðga engan, hvorki stóra flokkinn eða stóra bróður í vestri.

Já, þeir töluðu um það báðir, því að svo kom hæstv. utanrrh. og þakkaði fyrir vörnina, og sögðu: Hér eru engir dollarar á ferðinni. Það er ósæmilegt að vera að tala um geimvarnaáætlun Bandaríkjanna og stjörnustríðsáformin í samhengi við þennan samning, engin tengsl á milli. Hvað er maðurinn að rugla? Já, er ekki von að þeir segi þetta? Hvað sagði hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni í fyrra um stjörnustríðsáætlun Reagans og áhuga sinn á því að tengjast þeirri áætlun þar sem 30 milljarðar dollara hanga á spýtunni á fimm ára tímabili til að þróa þetta vopnakerfi? Hæstv. ráðherra sagði þá, með leyfi forseta, og stendur það skrifað í skýrslu hans frá apríl í ár:

„Vert er að hafa í huga að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni er ljóst að Íslendingar geta ekki síður en aðrir notið góðs af samvinnunni."

Annar hv. þm. sama flokks sem hér situr, hv. 5. þm. Norðurl. e. Björn Dagbjartsson, eyddi þó nokkru máli einmitt í að gylla þessa áætlun þegar þáltill. frá mér og fleiri hv. þm. var hér til umræðu um að bregðast við gegn geimvopnum. Þá var nú annað á döfinni hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. Hann útfærði nánar það sem við lásum síðar í skýrslu hæstv. utanrrh. um æskilega þátttöku í stjörnustríðsáætlun Reagans forseta.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara að elta ólar við öll þau mörgu atriði sem þörf væri á að ræða hér og komu fram í máli hv. þm. Það gefst tækifæri til þess, þegar mál þetta kemur frá nefnd, að fara yfir nokkra þá þætti, en það var satt að segja heldur leitt að heyra hljóðið í hv. 3. þm. Reykn. og ekki fannst mér það batna þegar hv. 9. þm. Reykv. Haraldur Ólafsson kom hér í stólinn og sagði m.a. efnislega að við værum með þessum samningi að draga úr efnahagslegum áhrifum herstöðvarinnar í Keflavík frá því sem nú er. Heldur eru þau óburðug rökin. Hæstv. utanrrh. er þó að reyna að verja þetta í krafti frjálsra siglinga og sagði undir lok máls síns áðan að þessi samningur mundi einmitt kippa öllu í liðinn að því leyti. Íslendingar ættu sjálfir að sjá um siglingarnar. En gerir samningurinn það, hæstv. utanrrh.? Kippir hann því máli þannig í liðinn? Er ekki hér kvótaskipting á ferðinni, nánast helmingaskipti samkvæmt þessum samningi? Hér rekst hvað á annars horn í máli þessara hv. og hæstv. talsmanna þessa samnings. Rökin eru skothent og sannfæringin á bak við er ekki öll þar sem hún er séð.

Það var líka athyglisvert að heyra orðin sem hér féllu frá ýmsum hv. þm. og hæstv. ráðherrum, hæstv. iðnrh. meðtöldum, um endurskoðun, jafnvel æskilega endurskoðun varnarsamningsins svokallaða. Og það er nauðsynlegt í utanrmn. að lýsa inn í

þessi mál, hvað hæstv. iðnrh. er t.d. að fara í þessum efnum. Hann hefur þann skilning, 1/10 hluti ríkisstjórnarinnar a.m.k. skulum við ætla, að þessi samningur sé ekki gerður við Bandaríkin heldur NATO. Þetta sé samningur milli Íslands og NATO og eigi að taka upp og ræða sem slíkan. Ég hafði einhvern tímann lesið þetta öðruvísi, en þetta er skilningurinn í ríkisstjórn Íslands og hæstv. iðnrh. vill fara að taka á þessum málum út frá því. Ég held það sé rétt fyrir menn að fara aðeins yfir þessi mál og skilning ríkisstjórnarinnar á því hvað einstakir hæstv. ráðherrar að hæstv. sjútvrh. meðtöldum eru að fara þegar þeir eru að tala um að það gæti bara verið gott að endurskoða varnarsamninginn. Að vísu setti hv. 9. þm. Reykv., talsmaður Framsfl. í þessum umræðum, rækilega ofan í við sjútvrh. sama flokks, sem hefur verið að tæpa á nauðsyn endurskoðunar varnarsamningsins, því að hann skýrði afstöðu sína, og hv. þm. á nú sæti í utanrmn., þannig að vonandi yrði þessi samningur endurskoðaður og honum jafnvel sagt upp í fyllingu tímans einhvern tímann í góðu samkomulagi beggja aðila. Öðruvísi væri ekki hægt að ganga í þetta nema í góðu samkomulagi beggja aðila og allt væri þetta undir því komið að leiðtogarnir gætu sæst og gengið frá málum, þeir sem skildu heldur óblítt í Höfða á dögunum, því að þar væri lausnin. Það yrði bara að bíða eftir því, sjá hvort þeir kæmu sér ekki saman um að deila og drottna í heiminum. Það er nú hugsunarháttur sem sumir fyrrv. hv. forustumenn í Framsfl. hefðu held ég ekki viljað heyra hér á árum áður, en svona er nú komið á þeim bæ og það hjá mönnum sem ég hafði satt að segja ekki reiknað með að sætu uppi með slíkt mat á hlutunum, slíkar hugrenningar, að það ætti að vera komið undir forustumönnum risaveldanna og góðu samkomulagi hvort Íslendingar einhvern tímann tækju á sig rögg og endurskoðuðu afstöðu sína til afvopnunarmála, til hernaðarbandalaga.

Ég vona að hæstv. utanrrh. heyri mál mitt því að hann vék að nokkrum spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég tel nauðsynlegt, vegna þess að hann og hv. 3. þm. Reykn. töldu svo langsótt að leita skýringa á 4. gr. samningsins, að hann komi upp aftur, og ég er viss um að hæstv. forseti gefur honum heimild til þess hér við umræðuna, og segi okkur frá því hvort það sé eðlilegt með milliríkjasamningi sem þessum að ákvarða varðandi túlkun á íslenskri löggjöf eins og gert er í 4. gr. og opna þar fyrir heimildir til að víkja íslenskum lögum til hliðar. En þetta var hugmynd hæstv. ráðh., jafnvel að leggja þennan samning ekki fyrir með þáltill. sem þó kveður á um eins og stendur í 4. gr. sem ég tel nauðsynlegt, herra forseti, aðeins að vitna í:

„Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er skv. 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku."

Svona samningi átti að smeygja einhvers staðar inn í aukahefti í Stjórnartíðindum, fram hjá Alþingi Íslendinga og engin þörf að leggja það fyrir, sem getur sett strik yfir ákveðna þætti í íslenskri löggjöf. Og ég spyr líka: Stenst það í rauninni að kveða þannig á um að ganga frá slíkum samningi sem á að binda atriði sem þetta með þáltill. á Alþingi? Og það er ekkert að því vikið í tengslum við þennan samning hvað hangi hér á spýtunni, hvaða löggjöf getur hér verið um að ræða. Ég spurði um löggjöf varðandi búfjársjúkdóma, sem hefur verið til umræðu í tengslum við samskiptin við herliðið í Keflavík, hvort það væru kannske slík ákvæði sem ættu að víkja. Það er bara reynt að afgreiða það hér með því að það sé „grínaktugt", eins og sagt er á slæmu máli, með gamanyrðum héðan úr stólnum. Það sé bara fráleitt. En ég held að málið sé ekki svo einfalt og ég vænti þess að hæstv. ráðh. svari því hvort þetta er hans mat og síðan verður auðvitað þingnefnd að fara ofan í saumana á þeim þætti.

Ég vil líka inna hæstv. ráðh. eftir því hvernig hann skilur ákvæði 1. gr. samningsins í sambandi við skyldur íslenskra skipafélaga til að annast flutninga. Er gert ráð fyrir því að ríkisstj. leiti til skipafélaga, hvetji þau eða biðji þau um að taka að sér þessa flutninga með fyrirheitum um að skv. 1. gr. fylgisamningsins muni ríkisstj. hlutast til um að það geti gerst með viðunandi kjörum? Þarna stendur það: Flutningaþjónusta á sjó á milli Íslands og Bandaríkjanna skal látin í té af bandarískum eða íslenskum skipafélögum til þess að þessi kvótaskipting geti átt sér stað. Er hugsunin að það geti reynt á það að íslensk stjórnvöld hafi þarna frumkvæði, m.a. líka vegna þess skilnings að hér sé um sjálfstæðismál að ræða, frjáls viðskipti til að uppfylla hugmyndirnar þar að lútandi sem hér hafa verið kynntar?

Svo vil ég síðast en ekki síst spyrja hæstv. ráðh. um það: Hvað er það mikið magn sem hér er á ferðinni? Hvað er það mikið flutningamagn sem á að skipta í 2/3 og 1/3 samkvæmt kvótahugmyndum þessa samnings og hversu miklir fjármunir eru það sem tengjast þessum flutningum? Hvaða upphæðir eru hér á ferðinni miðað við framreiknaða reynslu af viðskiptum þegar þetta var í lagi að mati hæstv. ráðh., ég tala nú ekki um ábyrgðarmanns Hafskips sem hér kom í stólinn áðan, hæstv. iðnrh., sem talaði um fyrri tíð þegar þetta var nú allt í blóma, áður en Hafskip sökk? Síðan hefur magnið væntanlega aukist því að hæstv. utanrrh. hefur tryggt að umsvif Bandaríkjahers hafa aukist stórkostlega á undanförnum árum undir hans forustu.

Herra forseti. Ég vildi sem sagt leggja þessar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. Ég ítreka það að lokum að það er raun að heyra úr munni hv. þm. og hæstv. ráðherra þegar þeir eru að reyna að þvo af sér auðhyggjuna í tengslum við þetta mál. Þeir komast að sjálfsögðu ekkert fram hjá því að hér er verið að tryggja efnahagslega hagsmuni í tengslum við hersetuna í landinu. Hér er verið að ganga lengra en verið hefur, einnig vegna þess að þessi samskipti hafa verið að aukast. Og hvaða vit er í því að ætla að

binda Íslendinga með þeim hætti við annað risaveldanna með hersetu eins og hér á sér stað á þeirra vegum, vaxandi umsvif, og gera það að auknum og vaxandi þætti í efnahagslífi Íslendinga? Hvaða von geta menn gert sér um það að hægt verði fyrr en síðar, svo sem þörf væri á, að gera málin upp með öðrum hætti og láta þjóðina skera úr um það hvort hún vill taka upp annars konar tilhögun í sambandi við sín öryggismál og utanríkisstefnu og vera þá ekki njörvuð niður af „Hafskipum" eða „Eimskipum" eða „SÍS-skipum" og öðrum slíkum hagsmunum og talsmönnum þeirra, sem höfða til slíkra hagsmuna, þegar afstaða er tekin um grundvallaratriði sem skipta Íslendinga meiru en flest annað.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. „Þetta sem nú hann varast vann, varð þó að koma yfir hann," segir í vísunni og ég hef alla samúð með hinni vestrænu samvinnu í þeirri umræðu sem um hana fer fram hér í dag og skal ekki blanda mér í hana. En það eru nokkur tæknileg atriði, sem ég vil fá svör við, sem hv. 5. þm. Austurl. hefur spurt um hvað eftir annað en ekki fengið svör við. Það er í fyrsta lagi 4. gr. Ég vil koma því á framfæri vegna þess að ég sé að hér sitja í hliðarsölum aðstoðarmenn hæstv. utanrrh. að mér finnst ekki alveg samræmi milli hinnar íslensku þýðingar og frumtextans. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er samkvæmt 1. grein," o.s.frv.

Í enska textanum er sagt:

„The provisions of this Treaty and any implementing arrangements concluded pursuant to Article I". Eins og ég skil enska tungu, er þýðingin „sem gert er" vafasöm. Í enska textanum sýnist mér innifalið „og gert verður". Og ég vil spyrja: Þýðir þetta þá: öll ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans sem gert hefur verið og gert verður? Ég býst t.d. við að hv. þm. Eiður Guðnason viti að sögnin „to pursue" þýðir að fylgja á eftir eða að fara í kjölfarið á. Þetta skiptir mjög miklu máli, hvort þetta gildir um það samkomulag „sem gert verður" og byggist á þessari grein. Og ég bið hæstv. utanrrh. að ráðgast við sína sérfræðinga og svara þessu, því að þetta er mikilvægt.

Þá vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaða lög geta hugsanlega orðið að engu fyrir þennan samning? Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra um dæmi sem mér kom í hug hér meðan ég var að hlýða á umræður. Segjum að ríkisstjórnin setji lögbann á verkfall á farskipum. Gildir það e.t.v. ekki um þessi skip sem eru að flytja farm til herstöðvarinnar? Þetta er mjög forvitnilegt að vita. Gilda ekki lög um haffærni, sóttvarnir o.s.frv.? Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. utanrrh. að vita hvort hann getur sett lögbann á verkfall t.d. á þessum skipum eða bráðabirgðalög eða eitthvað slíkt.

Annað textaatriði sem stingur mig dálítið í þessum samningi er í 1. gr. og varðar vissulega réttindi þeirra sem á þessum skipum koma til með að vera og vinna. Þar stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Flutningaþjónusta á sjó milli Íslands og Bandaríkjanna með farm vegna varnarsamningsins". Síðan er efst á bls. 3 talað um „carriage of military cargo". Hvað er það? Eru það hergögn? Eru það atómvopn? Hvað er „military cargo" hæstv. utanrrh.? Hefur áhöfn slíks skips ekkert um það að segja hvað hún flytur? Farmur getur verið sitt af hverju. Ég held að þessar skilgreiningar sé mjög mikilvægt að hafa alveg á hreinu og það getur ekki verið ofverk embættismanna utanrrn. að gera þetta alveg ljóst. Og ég held að það geti heldur ekki verið ofverk þeirra að fara í gegnum öll þau lög sem um siglingar og farmflutninga fjalla og grannskoða hvaða lög þessi samningur getur brotið í bága við. Ég held að við verðum að hafa í huga réttindi þeirra skipverja sem þessa flutninga eiga að annast og að það sé grannskoðað hvort þeir eigi ekki rétt á að vita hverju sinni hvað þeir hafa um borð.

Þessi örfáu atriði vildi ég aðeins minnast á. Ég er ekki að halda neinu fram en vil fá svör við þeim efasemdum sem mér finnst liggja hér í þessum texta og óska eftir að því verði svarað, ef ekki hér þá í meðferð hæstv. utanrmn.

Ég skal ekki segja mikið meira um hið vestræna samstarf. Ég held að það blasi við og innihald þess hverjum fullvita manni, sem fylgst hefur með atburðum síðustu daga, og skil sárindi og vonbrigði þeirra sem trúðu á vilja Bandaríkjamanna til þess að vinna að friði með öðrum vestrænum þjóðum og austrænum raunar. En það var kannske ágætt að fá það beint úr munni forseta Bandaríkjanna að Keflavíkurstöðin væri ein þýðingarmesta herstöð Bandaríkjamanna. Þá vitum við það og ég vænti þess að við þurfum þá ekki oftar að jagast um það hér í þingsölum hver sé skilningur vinaþjóðarinnar í vestri á þeirri herstöð. En ég skal ekki hleypa umræðunni út í þetta, við getum gert það seinna, en ég held að þau atriði sem ég hef hér minnst á krefjist svars. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég skal leitast við að svara því sem hér hefur fram komið, sérstaklega hjá hv. 10. landsk. þm. sem ekki hafði talað áður og það er eðlilegt. Það skarar dálítið það sem hv. 5. þm. Austurl. kom hér með og spurði um. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Flutningaþjónusta á sjó milli Íslands og Bandaríkjanna með farm vegna varnarsamningsins skal látin í té af bandarískum skipum og skipum, sem íslensk skipafélög gera út, skal látin í té af skipum sem íslensk skipafélög gera út." Ef menn lesa ekki setninguna og greinina áfram þá stendur, að það skuli þvinga skipafélög til þess að láta í té flutningaþjónustu. Síðan kemur áframhaldið og ef menn ekki vilja skilja þá er auðvitað ekkert hægt að svara

mönnum. Menn geta komið upp í ræðustólinn endalaust og spurt. Sé málsgreinin lesin og hún skilin eins og hún þar stendur, þá kemur skýrt fram að flutningaþjónusta á sjó skal látin í té „á grundvelli samkeppni". Það er mergurinn málsins. (**SvG:** Og ef ekkert íslenskt skipafélag býður.) Nú þá hvað? (**SvG:** Þá hvað? Það er best að ráðherrann svari því.) Þá liggur auðvitað varningurinn eftir, ef enginn býður, er það ekki alveg ljóst?

Síðan kemur hv. 5. þm. Austurl. og spyr um hvað þetta sé í dollurum. Hann langaði til að vita hvað þetta væri í dollurum, já. (Gripið fram í.) Ég verð bara að segja hv. þm. það að ég hef ekki hugmynd um hvað þetta er í dollurum. Ég hef ekkert verið að hugsa um það. Ég hef verið að hugsa um að koma fram því réttlæti sem þessi samningur gerir ráð fyrir og það er á þeim grundvelli sem málið er hér flutt en ekki á einhverjum grundvelli dollara sem hv. þm. spurði um.

Svo kemur hv. 10. landsk. þm. og víkur að 4. gr. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvað er verið að semja hér um. Er verið að létta af einhverju varðandi íslensk skipafélög hér í þessu landi? Það er síður en svo. Það eru engin lög sem banna íslenskum skipafélögum að gera eitthvað. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvað um er verið að semja þegar hér er talað um 4. gr., ég er kannske ekki eins vel að mér í enskri tungu og hv. þm., (Gripið fram í.) en ég tel þó að þeir, sem þetta hafa þýtt, séu það. Það, sem hér er verið að tala um, að „ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans, sem gert er skv. 1. gr., skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga" — það eru engin ósamrýmanleg lög til hér á Íslandi í sambandi við það að banna skipafélögum. Að tala um kjöt. Hvað eru menn að tala um? Menn eru að tala um tollafgreiðslu. Menn eru að tala um að það sé komið með varning sem óheimilt sé samkvæmt öðrum lögum að taka inn til landsins. Þetta er allt annað. Við getum rætt um varnarsamninginn og við getum rætt um lögin frá 1928 og hver önnur lög í sambandi við tolla og innflutning. En hér er verið að ræða um siglingar á milli tveggja landa. (**HG:** Með eitthvað.) Að sjálfsögðu með eitthvað. En ef önnur lög segja að varningurinn, sem um borð er, megi ekki koma í land, nú þá hefur enginn bannað siglinguna. Ef sá sem vill sigla með varninginn gerir sér ekki grein fyrir því að hann fær ekki að koma í land, þá er það hans. Við verðum að skilja um hvað við erum að tala áður en settar eru fram slíkar spurningar.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hafði til athugunar og í vinnslu að leggja hér fram á hinu háa Alþingi frv. til laga sem kvæði á um það að siglingar til landsins á vegum erlendra skipafélaga í skjóli erlendra einokunarlaga yrðu bannaðar. Fram kom í fjölmiðlum að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., tók undir það, þó ég muni ekki nákvæmlega orðalagið, að til greina kæmi að setja slík lög. Í ljósi þess að þessi samningur hefur legið fyrir og við höfum haft ráðrúm til að kynna okkur hann er það niðurstaða okkar að það sé óþarfi. Þessi samningur sé viðunandi og við viljum láta á það reyna hvern árangur hann ber í framkvæmd, enda vísum við þá til uppsagnarákvæðis innan 12 mánaða ef út af ber með framkvæmdina. Og það er kjarni málsins.

Hér var uppi deila sem var búin að standa allt of lengi, óþarflega lengi. Í tvö og hálft ár hafði þetta mál velkst milli manna í höndum tveggja utanrrh. án niðurstöðu og það virtist stefna í það að þegar þyrfti á grundvelli jafnréttisaðila að gera Bandaríkjamönnum skiljanlegt að það yrði ekki liðið af okkar hálfu mikið lengur. E.t.v. hefur það hrifið. Allavega er ljóst að bandarísk stjórnvöld hafa brugðist við að því er varðar þetta mál með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, sem við teljum að sé viðunandi.

Út frá spurningum um innihald samningsins og einstök ákvæði hans sé ég ekki ástæðu til að blanda mér í þær umræður, að því er varðar t.d. spurningu hv. þm. um 4. gr., hvort ákvæði hennar gæti átt við um einhverjar aðrar ráðstafanir í framhaldi af samningnum, vil ég aðeins vekja athygli á því að samkvæmt hinum íslenska texta þá er þessi 4. gr. um að samningsákvæðin skuli ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga — eldri. Það þýðir ósköp einfaldlega að þau taka ekki til ósettra laga eða reglugerða sem við kunnum að setja síðar. Þannig að spurning um það hvaða áhrif þessi samningur kunni að hafa á ógerða hluti snýst ekki um þessa grein út af fyrir sig. Ég hygg að niðurstaðan sé sú, eins og ég sagði, að samningurinn sé viðunandi og við látum nú á það reyna hvort svo sé.

Í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram finnst mér kjarni máls vera þessi. Af hálfu talsmanns Alþb., hv. 5. þm. Austurl., er sagt: Við viljum ekki að íslenskir aðilar verði efnahagslega háðir hinu erlenda varnarliði. Og reyndar fór hann svona heldur snautlegum orðum mörgum hverjum um það. Þá rullu höfum við nú heyrt áratugum saman í hvert skipti sem kemur að slíkum hlutum, eins og t.d. siglingar milli landa í þágu varnarliðsins, verktaka í þágu varnarliðsins, sala á varningi og þjónustu vegna dvalar varnarliðsins. Ef um þetta á ævinlega að fjalla á grundvelli biblíutilvitnana um Júdas þá er það út af fyrir sig kannske smekksatriði. En spurningin er um pólitíkina í málinu. Gagnályktunin er nefnilega sú sem fram kom í máli hv. 3. þm. Reykn.: Varnarsamningurinn er hér í gildi. Við skulum láta liggja á milli hluta hver afstaða meiri hluta þjóðarinnar er til hans. Hann er í gildi og hefur verið í gildi lengi og hjá því verður ekki komist að samskipti íslenskra aðila og þessa varnarliðs eru nokkur. Er það niðurstaða þeirra Alþýðubandalagsmanna þar af leiðandi að að því er varðar siglingar með varning til varnarliðsins, þá skuli þær, til þess að koma í veg fyrir að íslenskir aðilar hafi þar efnahagslegra hagsmuna að gæta, vera í höndum erlendra aðila? Er það krafa Alþb. að verktaka í þágu varnarliðsins

skuli vera í höndum erlendra aðila? Er það krafa Alþb. á þessum forsendum að allar framkvæmdir, öll samskipti, öll sala á varningi eða þjónustu skuli vera í höndum erlendra aðila? Þetta er spurning sem er rökrétt niðurstaða af þessum málflutningi því að þá fer maður að skilja út af fyrir sig allt talið í hinum hefðbundna landráðabrigslastíl, svo ég nefni nokkuð af þessu hnossi: Molarnir sem falla af borðum Bandaríkjahers. Dollararnir sem eru í boði. Hermangsframkvæmdirnar sem verið er að ástunda. Að blanda saman efnahagslegum hagsmunum og öryggishagsmunum þjóðarinnar. Að boða aronsku. Meðal annarra orða, það er langt síðan menn hafa litið í varnarsamninginn hér á hinu háa Alþingi. Varnarsamningurinn er dálítið merkilegt skjal í íslenskri sögu og hefur kannske að mati flestra staðist býsna vel. En með vísan til umræðna eða brigslyrða um aronsku er rétt að rifja hér upp, með leyfi hæstv. forseta, 2. gr. samningsins. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir."

Samkvæmt þessari grein, 2. gr. varnarsamningsins, sem reyndar er ekki við NATO heldur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Atlantshafssamningsins, er aronsku vísað á bug og hefur svo verið allan tímann sem þessi samningur hefur verið í gildi.

Hitt er svo annað mál sem menn verða að gera upp við sig. Telja þm. Alþb., sem út af fyrir sig hafa sérstöðu og kannske hugsanlega ásamt með Kvennalistanum, ég veit það ekki svo gjörla, sem út af fyrir sig hafa haft þá sérstöðu að vera andstæðingar þessa samnings, að vera andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu, telja þeir það sæmandi næstu 3–4 áratugina að halda áfram að tönnlast á því að við hinir, sem erum ósammála þeim og teljum öryggi Íslendinga best borgið með aðild að varnarsamstarfi lýðræðisríkja, að við séum landráðamenn, að við séum lítilsigldir menn sem eru að sækjast eftir molum sem hrjóti af borðum herraþjóðar o.s.frv. Auðvitað segja þessi orð ekkert um okkur, en þau segja ýmislegt um þá sem láta þessi orð frá sér fara og kannske væri það almennt séð í þágu viti borinnar þjóðmálaumræðu um þýðingarmikið mál að menn venji sig af þessum ósið.

Ég tók vel eftir orðum hæstv. iðnrh. í þessum umræðum. Hann sagði það illt í efni að við værum hér að semja okkur frá ákvæðum bandarískra laga og taldi að það væri lítt viðunandi, sér í lagi með vísan til þess að hér væri um að ræða varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. utanrrh. svaraði á þá leið að þetta erum við jú hvað oft hvaðeina að gera. Þegar við leitum eftir fríverslunarsamningum, sagði hann, við Bandaríkin, þá erum við að semja okkur frá ákvæðum bandarískra laga. Skemmst er að minnast hvalveiðideilu við bandarísk stjórnvöld eða bandaríska hagsmunaaðila. Þar var verið að hóta því að beita ákvæðum bandarískra laga til þess að loka fyrir okkur mörkuðum í þriðja landi, sem heitir Japan. Og þannig mætti taka mörg fleiri dæmi um milliríkjasamskipti þar sem við verðum að sætta okkur við það að við verðum að reyna að ná samningum um að losa okkur undan hótun um beitingu laga sem er beitt nánast eins og refsiákvæðum, og þá vísa ég aftur til þeirra lagaákvæða er varða hvalveiðideiluna. En hæstv. iðnrh. sagði: Ég vil láta endurskoða sitt af hverju í samskiptum Íslendinga og Bandaríkjanna, að því er varðar framkvæmd varnarsamningsins. Og ég tók reyndar líka eftir því að hv. þm. Gunnar G. Schram sagði: Þessi varnarsamningur er að sjálfsögðu engin heilög kýr.

Hvað eru menn þá að tala um þegar þeir tala um endurskoðun á samskiptum Íslendinga og Bandaríkjanna? Væntanlega þetta: Að það sé tryggt að í samskiptum þessara þjóða sé haldið á málum þannig að ekki verði hvikað frá því, sem reyndar er grundvöllur varnarsamningsins, að þessi samskipti séu milli tveggja fullvalda og jafnrétthárra ríkja. Þá gæti það varðað mál eins og t.d. verktöku fyrir varnarliðið. Það gæti varðað mál eins og t.d. réttarstöðu bandarískra þegna í þjónustu varnarliðsins á Íslandi og það gæti varðað t.d. gildistöku eða framkvæmd, framfylgni íslenskra laga í samskiptum við varnarliðið. Það er engin goðgá þótt spurt sé: Er ekki ástæða til þess að huga að þessum málum? Ég fyrir mitt leyti árétta að við Alþýðuflokksmenn erum gjörsamlega ósáttir við núverandi fyrirkomulag verktöku í þágu varnarliðsins. Við teljum algjörlega óeðlilegt að verktakan fari fram raunverulega þannig að einokunarfyrirtæki í höndum tiltölulega fámennra en fjárhagslega öflugra aðila í þessu þjóðfélagi sé falin sú framkvæmd. Við teljum að henni ætti að koma fyrir með þeim hætti að samningar fari fram milli okkar og hins erlenda aðila á vegum ríkisins en því næst verði séð um að þessi verk verði boðin út á frjálsum verktakamarkaði. Við teljum líka ástæðu til að endurskoða sitthvað sem reyndar kannske þarf ekki endilega að þýða ákvæði varnarsamningsins heldur fylgiskjala hans að því er varðar réttarstöðu bandarískra þegna í þessu landi. Og við teljum líka að einnig komi til greina að breyta framkvæmd sem er algjörlega á okkar valdi, íslenskra laga, að því er varðar t.d. innflutning á varningi á vegum varnarliðsins. Og það er sannarlega svo að það er ekkert í þessum samningi, sem við hér ræðum, sem hindrar slíkt.

Hitt er annað mál að það væri út af fyrir sig óeðlilegt að við efndum til þeirrar endurskoðunar í samvinnu við þá aðila sem hafa allt aðra afstöðu, segja ósköp einfaldlega: Við erum andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu; segja ósköp einfaldlega: Við boðum þá pólitík að Íslendingar eigi að vera hlutlaus þjóð utan hernaðarbandalaga — og þar með leggja það fyrir þjóð sína í

þessum heimi að við eigum að treysta því að það hlutleysi verði virt. Þeir menn hafa allt aðrar forsendur. Fyrir þeim vakir ekki að sníða af hnökra sem kunna að vera á þessum samningum, endurmeta reynslu sem rök eru fyrir um það hvernig við gætum breytt þessum samningum hugsanlega, heldur að fá þessum samningum hnekkt, sagt upp, og þannig tekin upp kúvending eða algjörlega önnur stefna í utanríkis- og varnarmálum.

Í tilefni af orðum hv. 5. þm. Austurl., sem lét svo að honum kæmi eitthvað á óvart í málflutningi hv. 3. þm. Reykn. þegar hann áréttaði stefnu okkar jafnaðarmanna í utanríkis- og öryggismálum, þá verð ég nú að segja að trúlega hafa það verið látalæti eða ólíkindalæti. Það fer ekkert milli mála hver stefna Alþfl. er og hefur verið frá því að þessi mál komu upp árið 1949 í þeim málum. (Gripið fram í.) Og það skal tekið fram hér, m.a. af gefnu tilefni þessa frammíkalls, að á seinasta flokksþingi Alþfl. var sú stefna áréttuð einróma og mótatkvæðalaust. Einróma og mótatkvæðalaust. Það var áréttað að við treystum okkur ekki til þess að byggja öryggi íslenska ríkisins á einfaldri hlutleysisyfirlýsingu í trausti þess að hún yrði virt. Og það var áréttað að við teldum það vera forsendu fyrir öryggi Íslendinga að við héldum áfram aðild okkar að varnarsamstarfi lýðræðisríkjanna. Og það var enn fremur áréttað að við teldum það vera skyldu þeirra þjóða sem þetta samstarf hafa, þeirra lýðræðisríkja, að efla samstöðu sína í öryggismálum og efna ekki til einhliða aðgerða sem gætu spillt því samstarfi eða veikt aðstöðu einstakra ríkja innan þess. Og ég endurtek: Sú stefna var samþykkt einróma og ágreiningslaust á flokksþingi Alþfl. og áréttar þannig að engra breytinga er að vænta að því er varðar þá grundvallarforsendu í stefnu og málflutningi Alþfl. Þetta breytir ekki því að við teljum rök fyrir því að við eigum að endurskoða margt í samskiptum þessara ríkja, ég hef þegar nefnt dæmi um það, enda ákaflega eðlilegur hlutur að það sé gert þótt það væri á skemmri tíma en liðinn er frá því að þessi samningur var gerður árið 1951.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs undir ræðu hæstv. utanrrh. Auðvitað verður hann að hafa það eins og hann vill með þetta plagg, og þessi meiri hluti sem hér er. Ef hann vill hafa þetta vitlaust og illskiljanlegt, nú, þá er það þeirra mál. Við höfum verið að benda á eitt og annað sem er heldur ruglings- og grautarlegt í þessu hjá þeim en það er náttúrlega ekki von að þeir vilji hlusta á leiðbeiningar okkar eftir yfirlýsingar Jóns Baldvins Hannibalssonar hv. þm. hér áðan vegna þess að það á að sjálfsögðu ekki að hlusta á þá sem hafa hinar óhreinu skoðanir í þessu máli. Það á auðvitað að passa það að svoleiðis fólk, sem er ekki þessum meiri hluta hér á þinginu þóknanlegt, komi hvergi nálægt hlutunum. Með þessum orðum sínum var hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson auðvitað sérstaklega að ávarpa Samband ungra jafnaðarmanna og formann Sambands ungra jafnaðarmanna, Maríu Kjartansdóttur, og lýsa stríði á hendur því fólki með býsna ósmekklegum hætti hér áðan, eins og honum er reyndar gjarnan tamt í samskiptum við flokksmenn sína.

Það sem rak mig hér upp var það að hæstv. utanrrh. var að rembast við, og tókst það nokkuð vel út af fyrir sig, að skilja ekki það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir voru að segja áðan. Það er auðvitað alveg ljóst, hæstv. utanrrh., að það er óhjákvæmilegt, ef þið ætlið að fara með þetta mál í gegnum þingið, að skýra nánar 4. gr. Það verður að leggja í það vinnu í utanrmn. að skýra nánar þessa 4. gr. Ég held að menn eigi að bera þá virðingu fyrir verkum sínum sem alþm. að þeir reyni að vanda sig við texta eins og þennan og það er alveg ljóst að textinn er óskýr vegna þess að hann gefur í skyn að niðurstaða þáltill. skuli ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku.

Nú er auðvitað í þessum texta almennt verið að tala um flutninga, almennt í tillögunni er verið að tala um flutninga. Í þessari grein sem er lokagrein plaggsins er hins vegar verið að draga almennar ályktanir varðandi samningana í heild. Og ég tel að það sé nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. sjái til þess að utanrmn. eða formaður hennar fái í hendur texta um ótvíræða túlkun á þessu máli í samræmi við það sem utanrrh. hefur verið að segja, sem sé það að þessi grein skipti í rauninni engu máli varðandi sett eða ósett íslensk lög, settar eða ósettar íslenskar reglugerðir, hún snerti í raun og veru ekkert annað en lögin bandarísku frá 1904.

En ef þetta er svona, af hverju í ósköpunum stendur þá ekki hér fullum fetum í þessari grein að þetta eigi eingöngu við bandarísku lögun frá 1904? Af hverju er verið að reyna að fara eins og köttur í kringum heitan graut sem mér finnst reynt að gera hérna annaðhvort vísvitandi eða öllu heldur, sem er mikið líklegra, óvart þegar menn voru að setja þetta saman vegna þess að þeir hafa ekki áttað sig á því hvað þetta í rauninni gat boðið upp á alvarlegan skilning eða misskilning á málinu eftir því hvernig menn vilja setja þetta fram. Og ég held að menn eigi að temja sér það á hv. Alþingi þegar verið er að ræða um lagatexta, tillögur og alþjóðasamninga, að hafa í frammi eðlilegar ábendingar um efni máls, uppsetningu og framsetningu burtséð frá því hver þeirra afstaða kann að vera til málsins. Ég ætlast a.m.k. til þess af hæstv. utanrrh. og ég veit að það á við um hann að hann er tilbúinn til þess að hlýða þannig á mál sem fram kemur frá stjórnarandstöðunni þó að sumir hér séu svo heilagir að þeir telji helst að þeir þurfi bara ekkert að hlusta á það sem kemur fram frá þeim sem eru andvígir amerísku hersetunni hér á landi.

Í þessum enska texta er, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir benti á, talað um „military cargo“, efst á

bls. 3. Ég sé ekki að þessu sé til haga haldið í íslenska textanum. (**GHelg:** Það er þýtt flutningar.) Það er þýtt flutningar. Af hverju er þetta sett svona fram, til hvers? „Military cargo" er hergagnaflutningar. Þetta er þýtt hér flutningar. Af hverju eru menn að breiða yfir hlutina í íslenska textanum eða er þetta kannske inni einhvers staðar annars staðar? Þá tökum við auðvitað öllum ábendingum um það. Ég sé það ekki í textanum eins og hann er núna. Mér sýnist að óhjákvæmilegt sé að laga svona hluti eða hvað, nema menn geti bent á að þetta sé inni einhvers staðar annars staðar og þá hlusta menn náttúrlega á það. En ég hef ekki heyrt neinar slíkar ábendingar. Og mér finnst satt að segja alveg útilokað fyrir hæstv. utanrrh. — enda veit ég að hann er ekki vanur því að menn séu að reyna að aka sér undan efnislegum og alvarlegum ábendingum, jafnvel þó að þær komi frá fólki sem kann að vera í andstöðu við viðkomandi þingmál eins og við Alþýðubandalagsmenn höfum gert grein fyrir í dag.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta plagg mjög ítarlega né heldur þau önnur mál sem hafa komið upp. Hér er till. til þál. um aronsku. Hér er till. til þál. um viðskiptatengsl hersins og íslenskra fyrirtækja til viðbótar við þau fjölmörgu íslensku fyrirtæki sem þegar skipta við ameríska herinn. Við höfum verið þeirrar skoðunar að það eigi að einangra herinn efnahagslega. Við höfum sagt sem svo að það eigi að leggja vinnu í að draga úr hinum efnahagslegu tengslum svo lengi sem herinn er hér, að menn setji sér einhver eðlileg mörk í þeim efnum. Það hefur verið okkar afstaða. Og það er í raun og veru athyglisvert að menn skuli hrökkva svo við þegar þetta er nefnt af okkur, að formaður Alþfl. emjar og kveinar og segist hafa verið kallaður landráðamaður, segir að talað hafi verið um hermang og mola af borði. Það er greinilegt að maðurinn finnur til, það er ánægjulegt. En enginn hefur kallað hann landráðamann úr þessum ræðustóli, ekki af mínum flokksmönnum a.m.k.

Það er hins vegar alveg ljóst að þeir menn sem hafa haft fyrirtæki í viðskiptum við herinn hafa haft stórkostleg pólitísk áhrif á Íslandi. Munið þið ekki eftir því 1973 þegar nokkrir forvígismenn Framsfl., sem tengdir voru viðskiptum við herinn, gengu á fund þáv. forsrh. og utanrrh. og óskuðu eftir því að herinn færi ekki úr landinu, töluðu sérstaklega fyrir hönd þessara hagsmuna? Ég er ekki að halda því fram að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson né aðrir ágætir hv. þm. ættu hlut í þessum fyrirtækjum né heldur að þeir væru að ganga erinda þeirra. En ég er að benda á að þessi fyrirtæki og forráðamenn þeirra hafa ráðið býsna miklu, talsverðu í Framsfl., talsverðu í Sjálfstfl., stundum. Ég tel að þetta sé hættulegt fyrir þjóðina og þessa flokka ef þeir vilja taka á öryggis- og varnarmálum sjálfstætt og óháð viðskiptalegum tengslum.

Þessi mál voru rædd hér talsvert í sumar. Og þá kom fram að formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., taldi eðlilegt að endurskoða öll samskipti við bandaríska herinn. Formaður Alþfl. lýsti þeirri skoðun sinni einnig í einhverju blaðaviðtali sem ég sá á hlaupum og formaður Bandalags jafnaðarmanna, sem var til þá, sagðist endilega vilja rannsaka og fara yfir öll samskipti við herinn. Mér er spurn: Hvað hefur síðan gerst sem kemur í veg fyrir að menn vilji jafnvel ganga í þetta verk? Ég hef ástæðu til að ætla að formenn þessara flokka séu enn þessarar skoðunar. Varla láta þeir þennan Rainbow-samning ganga fyrir því réttindamáli eða hvað? Það væri nokkuð öfugsnúið eftir svardagana um aðskilnað viðskiptahagsmuna annars vegar og öryggisstefnu í utanríkismálum hins vegar. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hv. Alþingi að fá ítarlegar upplýsingar um viðskipti íslenskra fyrirtækja við bandaríska herinn. Við höfum ákveðið í þingflokki Alþb. að leggja fram væntanlega á morgun, ef ekki er þegar búið að dreifa því, þingskjal sem er fsp. um þessi viðskipti, mjög ítarleg fsp., bæði um fyrirtæki sem eiga í þessu og eins magn þessara viðskipta. Það er best að það komi í ljós hversu mikill fjöldi fyrirtækja þetta er og hvort það gæti verið hugsanlegt að þar sé um einhver pólitísk tengsl að ræða. Gæti það verið að forráðamenn þessara fyrirtækja væru meðlimir í einum og einum stjórnmálaflokki hér í þessu landi? Það skyldi þó aldrei koma í ljós. Og það skyldi þó aldrei koma í ljós að þeir væru jafnvel í forustu í einstökum kjördæmum eða bæjarfélögum fyrir þetta lið sem ber ábyrgð á hersetunni hér á landi.

Nei, ræða hv. 5. þm. Reykv. minnti auðvitað átakanlega á upphaf þessa máls, herstöðvasamninginn 1951, þegar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., þm. þessara flokka, tóku ákvörðun um að herinn skyldi koma hingað og að sjálfsögðu var ekki kallað í aðra eins og það var orðað á þeim tíma. Hér er þetta vanheilaga bandalag enn einu sinni að ganga fram á 4. áratugi framkvæmdar þessarar utanríkisstefnu. Það segir manni út af fyrir sig ekki neitt nýtt, en þessi hjúskapur er staðfestur ákaflega skýrt hér í dag.

Við Íslendingar þurfum nú að mínu mati að vega og meta þessa stöðu alla og leggja á það áherslu að finna lausn á þessum málum sem skapar víðtækari samstöðu meðal þjóðarinnar en tekist hefur til þessa. Á Íslandi er meiri ágreiningur um framkvæmd utanríkisstefnunnar en í nokkru öðru ríki innan Atlantshafsbandalagsins. Það er vegna þess að meiri hlutinn hér á landi, í þinginu sérstaklega, hefur iðulega knúið þessi mál fram af offorsi gagnvart mikið stærri hluta þjóðarinnar en þeir hafa viljað vera láta. Og ég held að á þeim tímum sem við lifum nú, þar sem við erum vitni að alvarlegum umræðum um afvopnunar- og öryggismál, eigum við að reyna að hugsa ferskar og nýjar hugsanir og spyrja okkur sjálf: Hvað getum við gert til að stuðla að framkvæmd öryggismálastefnu sem sameinar Íslendinga betur en tekist hefur til þessa?

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Áður en ég vík að því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði vildi ég gjarnan koma aftur að því sem hv. 10. landsk. þm. vék að áðan og eins hv. 5. þm. Austurl. Ef setningin öll um „military cargo" í þessum samningi, innganginum, sem hv. 10. landsk. þm. vitnaði í, efst á bls. 3, er lesin rétt liggur alveg í augum uppi að talað er um „military cargo between the United States and Iceland in support of the defence arrangements established pursuant to the Defense Agreement". Þarna er skýrt tekið fram hvað um er að ræða. En þetta er ekki samningurinn. Ef við förum í 1. gr. samningsins, þá stendur „transportation services for cargo transported by sea between Iceland and the Unites States", þ.e. flutningsþjónusta á sjó. Síðan kemur í 4. gr. fyrst það sem vísar til 1. gr. og þar er verið að vísa til samninga um flutningsþjónustu á sjó og það sem segir í 4. gr. vísar til þess. (Gripið fram í.) Til flutningsþjónustu á sjó.

En við skulum láta þessum deilum lokið. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv., um að auðvitað vilja menn vinna skjöl á Alþingi eins vel og mögulegt er. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um að auðvitað fjallar utanrmn. um málið eftir að umræða hefur farið fram í Sþ., eftir að menn hafa heyrt gagnrýni þm., skoðanir þeirra, og metur það sem fram hefur komið, m.a. þetta sem verið er að benda á og þá fást allar þessar skýringar. Sumir eru kannske að tala um málið ekki nægjanlega vel lesnir í því, eins og sagt er í skóla — og einhvern tíma hafði ég heyrt þegar ég var í skóla, ekki nægjanlega vel lesinn. En látum það vera.

Ég tel að ég hafi svarað því sem ég hef verið að spurður og það stendur ekkert á því og hefur aldrei staðið að láta þeim nefndum, sem fjalla um þau mál sem ég flyt á þingi, í té allar þær upplýsingar sem hægt er að veita þeim þannig að þær athugasemdir, sem fram koma í umræðum, verði skoðaðar. Til þess erum við, að láta mál ganga til nefnda og koma aftur til 2. umr. til umfjöllunar þar á eftir.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það leynir sér ekki á málflutningi þeirra hv. þm. Alþb. sem hafa talað í þessum umræðum hversu vandræðaleg staða þeirra er og hversu illa þeim gengur að gera nokkra skynsamlega grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli. Hér er um að ræða samning sem hefur tekist, samning sem gerður hefur verið til að binda endi á deilu sem staðið hefur alllengi, í tvö og hálft ár eða þar um bil, og eins og lýst hefur verið af hálfu Alþfl. teljum við þetta eftir atvikum vera skynsamlega og góða lausn á þessu deilumáli og persónulega segi ég að þetta er raunar betri lausn en ég bjóst við að okkur tækist að ná.

Við erum orðnir vanir því, sem styðjum vestrænt varnarsamstarf og styðjum aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og styðjum það að eins og sakir standa sé hér varnarlið á vegum þess, að vera kallaðir ýmsum nöfnum og vera borið sitthvað á brýn af hálfu þeirra Alþýðubandalagsmanna sem að öllum jafnaði telja sig meiri og betri Íslendinga en alla aðra. Þess vegna var það einkennilegt að heyra þau orð formanns Alþb., hv. þm. Svavars Gestssonar áðan, að nú þyrfti að skapa víðtækari samstöðu um þessi mál hér. Ég veit ekki hverjir hafa gert meira til að efla sundrungu og óvinafagnað í þessum efnum en þessi hv. þm. og flokkur hans. Ég veit ekki hverjir hafa haft sig þar meira í frammi og það er líka einkennilegt að þegar hann talar um minni hlutann sem sé miklu, miklu stærri en meirihlutamennirnir vilji í rauninni viðurkenna kemur það þvert á allar kannanir sem eru gerðar um afstöðu þjóðarinnar til veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Það er hart fyrir hv. þm. Svavar Gestsson að þurfa að viðurkenna það, en hann verður að gera það samt, að hann er í minni hluta. Og það væri ekki úr vegi að biðja hv. þm. og formann Alþb., sem talar eins og hann gerði áðan, að útskýra fyrir mér nokkur atriði sem hafa verið að velkjast og vefjast fyrir mér að undanförnu og þá ætla ég að vitna í ómengað flokksmálgagn hans þar sem segir á forsíðu 12. sept.: „Herstöðvasamningurinn. Uppsögn lögð fyrir Alþingi. Þingflokkur Alþb. hyggst leggja fram tillögu um uppsögn herstöðvasamningsins og aukið eftirlit þingsins með utanríkisstefnunni."

Síðan daginn eftir, 13. sept., er önnur fyrirsögn í Þjóðviljanum: „Alþýðubandalagið. Tafarlaus endurskoðun. Öll samskipti við herinn tekin þegar til endurskoðunar. Þingflokkur Alþb. samþykkti í gær að leggja fram á Alþingi í haust tillögu þar sem lögð verði áhersla á tafarlausa endurskoðun á öllum samskiptum við herinn og dregið verði úr ofurvaldi utanrrh. varðandi málefni Bandaríkjahers hérlendis." Fyrst á að segja samningnum upp og síðan á að endurskoða hann.

En það er ekki nóg með það. Fyrir fáeinum dögum kom í þessu sama málgagni hv. þm. Svavars Gestssonar tveggja síðna viðtal við hann: „Góðærið til þjóðarinnar" heitir það, og þar segir með leyfi forseta:

„Hitt vil ég undirstrika að ævintýrapólitík með íslenskt öryggi og sjálfstæði kemur ekki til greina. Áhætta á því sviði verður ekki tekin meðan ég fæ einhverju ráðið á því sviði. En það má vera öllum ljóst að ég tel að öryggi okkar væri betur borgið með öðrum hætti en nú er gert. Ég tel að herstöð á Íslandi sé skotmark en ekki skjól.

Þessi mál verður að leysa á öruggan máta þannig að þjóðin haldi fullri reisn."

Ég sé ekki betur en að hér reki sig eitt á annars horn. Hvað á hv. þm. Svavar Gestsson við hér? Á hann við það að við eigum að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu? Er það, það sem hann segir, að ævintýrapólitík komi ekki til greina? Ég get alveg tekið undir það. Ég tel að sú ævintýrapólitík sem hans flokkur hefur fylgt í þessu efni undir yfirskini hlutleysis komi ekki til greina. Hvað á þessi hv. þm. við þegar þingflokkur hans leggur til einn daginn að varnarsamningnum verði sagt upp, næsta dag að

hann verði endurskoðaður og svo nokkrum dögum seinna segir þessi hv. þm. að hér komi sko engin ævintýrapólitík til greina? Vill hv. þm. Svavar Gestsson að við verðum áfram í Atlantshafsbandalaginu? Þessi ummæli hans í Þjóðviljanum gefa verulega ástæðu til að spyrja þeirrar spurningar og þau gera það líka brýnt að hann svari þessari spurningu. Hvað á hv. þm. við? Mér sýnist að innan Alþb. sé nú kannske í fyrsta skipti í langan tíma uppi ágreiningur um utanríkisstefnuna, ágreiningur sem þessum hv. þm. og formanni flokksins tekst kannske ekki að hemja mikið lengur. Og ég spái því að það eigi sitthvað eftir að koma í ljós þar áður en langt um líður.

Mér fannst einstaklega einkennilegt hvernig hv. þm. hafði geð í sér og smekk til að víkja eins og hann gerði að samþykktum Sambands ungra jafnaðarmanna og taldi sérstaka ástæðu til að geta þess að formaður Alþfl. hefði gert ósmekklega árás á SUJ og taldi líka sérstaka ástæðu til að nafngreina formann samtakanna. Mér fannst þetta vera afar ósmekklega fram sett hjá hv. þm. Við erum ýmsu vön í þeim efnum. En eitt skyldi hann gera. Hann skyldi kynna sér, hann skyldi lesa þessar ályktanir. Hann skyldi lesa ályktanir flokksþings Alþfl., sem háð var í Hveragerði 4.–6. okt., og hann skyldi líka lesa söguna og kynna sér hvernig þessi mál hafa verið og hvort hér er eitthvað nýtt á ferðinni. Það hefur verið blæbrigðamunur á afstöðu Sambands ungra jafnaðarmanna og Alþfl. í utanríkismálum. Það er ekki ný saga. Það hefur mjög lengi verið og ekkert nýtt og kemur engum á óvart. Ungir jafnaðarmenn hafa hins vegar fyrir löngu gert sér það ljóst að skoðun þeirra á ekki meirihlutafylgi í Alþfl. Alþfl. er lýðræðislegur flokkur þar sem meiri hluti ræður og það er mikill meiri hluti fyrir öndverðri skoðun.

Að lokum, herra forseti, hefur verið vikið ýmsum orðum að þýðingu og þeim mun sem ýmsir telja að sé á hinum enska texta og íslenska textanum hér og þýðingu ákveðinna orða, svo sem í 4. gr. þar sem stendur: „The provisions of this Treaty and any implementing arrangements concluded pursuant to Article 1" o.s.frv. Ég fæ ekki betur séð en að eins og þetta er þýtt sé það fyllilega rétt, og ég vek athygli á því sem stendur hér á eftir, „any prior inconsistent law" sem hefur verið vitnað til hér. Þar segir í íslensku greininni „eldri eða fyrri" og ég get ekki séð að það sé nokkur skapaður hlutur við þetta að athuga. Ég held að þetta sé rétt gert eins og þetta er hérna. Það má auðvitað um það deila sem stendur efst á bls. 3, orðin „military cargo", síðan kemur: „between United States and Icelandic" — það er raunar prentvilla, ætti að standa Iceland — „in support of the defence arrangements established pursuant to the Defense Agreement". Það má auðvitað um það deila hvort hefði átt að þýða þetta frá orði til orðs. En þegar „military cargo in support of the defense arrangements" er þýtt „flutningar fyrir varnarliðið" neðst á bls. 2 held ég að það sé ekkert við það að athuga. En þýðingar orka tvímælis og um þær má oft deila. Það sem einum sýnist að betur fari sýnist öðrum að miður fari, en það þýðir ekki að þetta sé rangt. Ég held að það sé ekkert beinlínis rangt eða sem er ástæða til að gera sérstaka athugasemd við annað en sú prentvilla sem ég bendi á. Ég held því að þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar af hv. þm. Alþb. varðandi þetta, án þess að ég fullyrði nokkuð, þetta er mín persónulega skoðun, styðjist ekki við rök.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að upplýsa að við upphaf þessa fundar töluðum við okkur saman, sem nýkjörnir höfum verið í hv. utanrmn., um það að halda fund strax að loknum þessum fundi og skipta þar með okkur verkum og taka þetta mál til meðferðar ef það hefur þá verið sent til nefndarinnar, en raunar er rétt að geta þess líka að við fjölluðum auðvitað um þetta mál áður en það kom fyrir almenningssjónir. Við höfum þess vegna haft mjög góðan tíma til að skoða það og raunar landsmenn kannske allir. En ég verð að segja það eins og það er að ég hélt satt að segja í upphafi fundar að menn væru meira sammála um þetta plagg, þessa tillögu, en komið hefur á daginn og er alveg ljóst að það verður að gefa sér tíma í nefndinni bæði til að skoða þær athugasemdir sem komið hafa fram efnislega um þetta mál og eins afstöðu flokkanna þannig að þetta mál verður auðvitað ekki afgreitt í dag eins og sumir voru kannske að gera sér vonir um og hefði verið gaman hefðum við verið sammála að gera það snögglega eins og öldungadeild Bandaríkjaþings gerði og við vorum að vona að stóratburðir gerðust hér í samkomulagi á síðustu dögum. En það er alveg ljóst að við verðum að gefa okkur tíma til að skoða þetta nánar og munum gera það strax á eftir og þá á morgun ef til þess þarf að koma.

Ég held að umræðan um 4. gr. sé mikið byggð á misskilningi. Ég skal ekki fara út í það nánar efnislega. Að sjálfsögðu hafa sérfræðingar okkar um það fjallað og ég held líka að það sé alveg ljóst að ef einhver lög væru til hér sem mundu breytast með þessum lögum, þar sem menn einskorða sig við siglingar, flutningaþjónustu og annað ekki í 1. gr. og til hennar er einmitt vitnað í 4. gr., að ef einhver slík lög væru til, og greinin fjallar eingöngu um eldri lög eða gildandi lög, þá hlyti einhver að hafa komið auga á það því að það er búið að skoða þetta mjög náið. Ég hef reynt að láta hugann reika, kannske ekki flett öllu lagasafninu. Ég hef spurt marga um þetta. Baldur Möller fjallaði um málið, hefur verið upplýst. Það er tekið beinlínis fram í athugasemdunum að þarna sé eingöngu um að ræða bandarísk lög og tekið fram: en á Íslandi er ekki um að ræða ósamrýmanleg lög. Það segir ákveðið á athugasemdunum og það segja menn ekki, grandvarir menn sem eru í þágu ráðuneytanna, nema þeir hafi skoðað málin æði vel. En við skulum líta enn einu sinni á þessa grein, sjálfsagðasti hlutur sem við munum

skoða.

Ég ætla ekki á þessari stundu að fara langt út í almennar umræður sem hér hafa orðið. Síst af öllu lasta ég það að menn ræði vítt og breitt um utanríkismál, varnarmál og öll okkar viðkvæmustu og mikilvægustu málefni því að menn hafa sjálfsagt ekki verið undir það búnir, hvorki ég né aðrir, að fara út í almenna umræðu um þetta á þessum fundi. Ég hélt að það mundi einskorðast við þessa einu þáltill. og hún mundi kannske fara í gegnum þingið mótatkvæðalaust, kannske með einhverri hjásetu, en það væri ekki slíkur ágreiningur um þetta mál sem í ljós hefur komið. En auðvitað hafa menn fullan rétt á að halda fram sinni skoðun og fá tækifæri til að semja sín nál. og gera grein fyrir sínum málefnum.

En ég endurtek að utanrmn. mun hittast þegar í stað að loknum þessum fundi og auðvitað taka öll þau mál til athugunar sem hér hefur verið drepið á og hraða sínum störfum eins og hægt er. Það verður veittur allur tími til þess og erum við sammála um það í utanrmn. að taka þann tíma sem þarf hverju sinni til að skoða málin niður í kjölinn.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á þessar umræður með nokkurri athygli, ekki síst vegna þess að ég er nýkjörinn í utanrmn. Og þá hlýtur að koma til minna kasta að fjalla um þetta mál. Ég hef hlýtt á mál hæstv. ráðh., sem lagði málið hér fyrir, og annarra sem hafa talað yfirleitt. Ég vil taka það fram að ég er algerlega sammála þessum samningi efnislega og mun stuðla að því í utanrmn. með mínu atkvæði þar að ríkisstj. fái heimild til að staðfesta þennan samning.

53-1

En það sem rak mig til að standa hér upp var reyndar að taka dálítinn þátt í umræðunni um orðalag og form. Það er að ýmsu leyti rétt, sem hér hefur komið fram, að finna má í þessum samningi ýmiss konar vandræðalegt orðalag. Það er engan veginn nógu skýrt. Og af því að við flest hérna höfum lært eitthvað í ensku, þá er það svo að það er jafnvel þægilegra að lesa enska textann í þessu tilfelli en þann íslenska vegna þess að þýðingin, sem gerð er á þessum samningi, er með þeim hætti sem mest er gagnrýnt af þeim sem reyna að hafa örlítið auga fyrir því hvað er gott ritmál. Það er alveg greinilegt að þessi samningur er þýddur á íslenskt stofnanamál. Þetta er hins vegar orðinn svo mikill ávani að maður kippir sér ekkert upp við það, og ég sé ekki neina leið til þess að fara að breyta orðalagi þessa samnings eða formi hans. Þetta er hlutur sem við stöndum frammi fyrir. Við verðum annaðhvort að hafna þessu eða samþykkja. Það er alveg ljóst.

En ég fór nú að gamni mínu hér undir umræðunum að reyna að búa til orðalag á þennan samning, sem auðvitað er ekki fulllkomið hjá mér vegna þess að aðstæðurnar hafa ekki verið reglulega góðar til að gera það sem best úr garði. Ef við hefðum fjallað um þetta mál hér í þinginu, þetta einfalda efni sem hér er um að ræða, hefðum við sett það sennilega upp í tvær greinar. Við hefðum ekki haft neitt hátíðlegt forspjall að þessu, en sett þetta upp í tvær greinar. Og af því að ég þarf að fjalla um þetta, og af því að ég þarf að skilja þetta, tók ég mig til og þýddi þetta á það mál sem mér finnst að ég skilji og setti það í það form sem við þekkjum. Ég ætla, með leyfi forseta, að segja hvernig ég skil þetta og mig langar til að bera það undir hv. þm. hvort þeir skilji samninginn ekki betur með því orðalagi sem ég kem hér með. Ég sleppi öllum löngum formálum. 1. gr. mundi þá vera svo:

„Þrátt fyrir ákvæði laga frá 1904 um einkarétt bandarískra skipafélaga til flutninga á vegum Bandaríkjahers er íslenskum skipafélögum heimilt að flytja vörur“ — og nú tek ég enga afstöðu til „military cargo“, mér er alveg sama hvað það þýðir í þessu tilfelli af því að ég er bara með smástílæfingu — „í þágu bandarískra varnarliðsins á Íslandi. Skulu flutningar þessir boðnir út og íslenskum og bandarískum skipafélögum einum heimilt að bjóða í flutninga þessa.“

Eftir að ég, svo aumur sem ég er nú kannske í þessu öllu, er búinn að setja þetta á blað skil ég loksins almennilega hvað er um að ræða.

Og 2. gr. mætti þá kannske vera svo og það þyrfti ekki nema tvær greinar:

„Samning þenna skal fullgilda skv. reglum sem gilda um það efni í hvoru landi um sig og öðlast samningur þessi þá gildi.“

Ég held að ef þetta hefði verið sett svona fram, hefðu engar verulegar deilur orðið um skilning á því hvað hér er um að ræða. Það hefðu kannske orðið einhverjar deilur um varnarmálin í heild sinni og um veru hersins hér o.s.frv., en ég held hins vegar að ef við hefðum getað fellt þetta samkomulag, sem við höfum gert, í það form sem okkur er skiljanlegast hefðu ekki orðið deilur af þessu tagi sem hér hafa orðið í dag.

En meginniðurstaða mín er sú að ég treysti mér ekki til þess að gera neina brtt. á þessum samningi og mun stuðla að því að hann verði samþykktur eins og hann liggur fyrir í þeirri þýðingu sem honum hefur verið valin og með því formi sem um þennan samning er.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

54-1

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér meira inn í þýðingarmál og læt það útrætt, en ég vildi aðeins út af því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér um verktöku þar syðra benda á að í apríl 1984 lagði þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson fram skýrslu. Sú skýrsla var byggð á fsp. sem fram höfðu komið af hálfu Alþfl. og Bandalags jafnaðarmanna varðandi ýmsa þætti þar syðra. Í þessari skýrslu, á bls. 17, segir:

„Til þess að undirbúa þetta“, þ.e. að kanna skilyrði þess að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er, „þá hefur utanrrh. ákveðið að koma á fót fimm manna samstarfsnefnd sem í eiga sæti tveir fulltrúar Verktakasambands, fulltrúi Íslenskra

aðalverktaka, Keflavíkurverktaka og fulltrúi ráðuneytisins. Nefndinni verði jafnframt falið að kanna fyrirkomulag þessara mála og reynslu í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins."

Þessi nefnd hefur starfað frá þessum tíma og ég vil benda á að það hafa orðið töluvert miklar breytingar á verktökunni þar syðra einmitt í tíð fyrrv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar sem gerir grein fyrir því hér. Þessar breytingar, sem þegar hafa verið gerðar, eru auðvitað hluti af því sem unnið hefur verið þar að og alltaf er hægt að bæta eins og sagt er og það verður auðvitað gert komi fram um það ákveðnar hugmyndir frá þeim aðilum sem um þetta hafa fjallað.

Þetta vildi ég láta koma fram í tilefni af því sem hv. þm. sagði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

55-1

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, 1. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 19.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

55-2

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 19. Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn átta manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmálaráðuneytisins uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Í 2. gr. eru sömu ákvæði um breytingar og gilt hafa síðustu árin.

Við afgreiðslu laga um veitingu ríkisborgararéttar vorið 1985 var samþykkt ákvæði þess efnis að þeir, sem fengið höfðu ríkisborgararétt með lögum áður en Alþingi hvarf frá þeirri skilyrðislausu kröfu um að taka upp íslenskt nafn, gætu fengið nafni sínu breytt þannig að það samræmist þeim reglum sem settar voru um þá sem ríkisborgararétt fengu með þeim lögum. Heimild þessi gilti til ársloka 1985. Allmargir kusu að nota heimildina eða 90 manns. Eftir að heimildin rann út hefur komið í ljós að þó nokkrir höfðu ekki heyrt um hana fyrr en um seinan þrátt fyrir auglýsingar ráðuneytisins. Er nú lagt til að þessi heimild verði tekin upp að nýju og gildi í nokkra mánuði eða til septemberloka á næsta ári.

Í sambandi við afgreiðslu nafnbreytingar samkvæmt heimildinni sem veitt var árið 1985 kom fram nokkur óánægja hjá börnum þeirra sem haldið hafa ættarnafni sökum þess að þau börn sem fædd eru fyrir töku ríkisfangsins hafa fengið að halda ættarnafni föðurins, en þau sem fædd eru eftir töku ríkisfangsins verða að kenna sig við íslenskt fornafn föðurins. Ekki er hér lögð til breyting á þessu fyrirkomulagi, en ég mun láta nefnd þeirri sem málið fær til meðferðar í té erindi þessara einstaklinga.

Þá liggja fyrir ráðuneytinu nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem ekki uppfylla öll skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar og verða þær sendar viðkomandi nefnd.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

56-1

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1987, 1. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

56-2

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 sem lagt hefur verið fram sem 24. mál á þskj. 24. Þetta er eitt þeirra frumvarpa sem líta ber á sem hluta af ríkisfjármálum í heild og allri stefnumótun í opinberum fjármálum fyrir árið 1987 auk fjárlagafrumvarpsins sjálfs og nokkurra annarra frumvarpa sem lögð verða fram á næstunni og lúta einkum að tekjustofnum ríkissjóðs.

Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 er skipt í þrjá kafla. Í þeim fyrsta er leitað heimilda til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs, opinberra fyrirtækja og sjóða. Í II. kafla eru skerðingarákvæði um framlög ríkissjóðs til sjóða og ýmissa verkefna. Loks er í III. kafla frv. ákvæði um skuldbreytingar lána og lántökuheimildir vegna ársins 1986. Alls er áformað að til ríkissjóðs verði aflað lánsfjár að fjárhæð 4850 millj. kr. Þar af verða um 1370 millj. kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta. Tveir aðilar í B-hluta fjárlaga skipta hér langmestu máli. Það er flugstöðin í Keflavík með 520 millj. kr. og Lánasjóður ísl. námsmanna með 750 millj. kr. Ég ætla ekki á þessu stigi að fjalla sérstaklega um þessa aðila, en læt það bíða framsögu með fjárlagafrv.

Með lánsfjárlagafrv. er sótt um heimild til að afla 3150 millj. kr. innanlands, þar af 1650 millj. kr. með sölu verðbréfa til innlánsstofnana og 1500 millj. kr. með sölu nýrra spariskírteina. Áætluð innlausn eldri spariskírteina nemur um 1000 millj. kr. á næsta ári. Hrein fjáröflun með spariskírteinum er því áætluð 500 millj. kr. á árinu 1987.

Þá er ráðgert að ný erlend lán nemi 1700 millj. kr., en afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs eru taldar nema 1300 millj. á árinu 1987.

Auk beinnar lántöku ríkissjóðs er sótt um heimild til þess að gangast í ábyrgð fyrir 3140 millj. kr. erlendri lántöku á árinu 1987. Hér eiga í hlut

fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, Landsvirkjun þar af með 400 millj. kr. og Þróunarfélag Íslands með 100 millj. kr. Hitaveitur eiga margar hverjar í miklum fjárhagsörðugleikum svo sem fram hefur komið í umræðum að undanförnu. Að einhverju leyti eiga þessir erfiðleikar rætur að rekja til gengisþróunar liðinna ára og tiltölulega skammvinnra lána, en að öðru leyti til óarðbærra fjárfestinga.

Í þessu frv. er sótt um heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir 350 millj. kr. lántöku þessara fyrirtækja sem nær þó eingöngu til skuldbreytinga en ekki nýrra framkvæmda. Fyrir afgreiðslu þessa frv. þarf að athuga sérstaklega hvernig þessar ábyrgðir koma til með að skiptast til einstakra hitaveitna, en á þessu stigi málsins hefur ekki verið gerð tillaga þar um.

Opinberir aðilar í heild munu nú í fyrsta skipti í mjög langan tíma grynnka á skuldum gagnvart útlöndum. Þar er um að ræða að afborganir umfram ný lán nema nú 380 millj. Alls nema lántökur opinberra aðila um 2550 millj. kr., en afborganir 2930 millj. Hér er því um merkan áfanga að ræða þegar tekst að koma málum á þann veg fyrir þrátt fyrir halla á ríkissjóði að erlendar lántökur ríkissjóðs minnka þannig að afborganir eru nú meiri en ný erlend lán og það eru að mínu mati merk tímamót.

Til lánastofnana er alls áformað að taka lán að fjárhæð 2230 millj. kr. Þetta eru eingöngu fjármunir sem endurlánaðir yrðu til atvinnuveganna. Þetta er hærri fjárhæð en á þessu ári, en hún er talin verða um 1350 millj. og mismunurinn skýrist fyrst og fremst af því að öllum skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna er nú beint til húsbyggingasjóðanna eða að langstærstum hluta til.

Að síðustu er leitað heimildar til þess að ábyrgjast lántöku til undirbúnings og smíði tveggja ferjuskipa, þ.e. Breiðafjarðarferju og nýrrar ferju til flutninga til og frá Vestmannaeyjum í stað Herjólfs sem verið hefur í notkun um árabil.

Lánastarfsemi innanlands er nú ekki síður en á undanförnum árum æði umfangsmikil. Fjárhæðir breytast eðlilega frá einum tíma til annars, en allar horfur eru nú á að lánsfjármarkaðurinn og streymi fjárins breytist venju samkvæmt á árinu 1987. Út frá því er gengið að 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða renni óskipt til húsbyggingasjóðanna, alls 3440 millj. kr., auk þess sem 40 millj. kr. fara til Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. lögum. Hér er breyting frá því sem verið hefur. Aðalnýbreytni verður þó að telja þá að nú ráðgerir ríkissjóður sölu spariskírteina fyrir 1500 millj. og sölu verðbréfa til skamms og lengri tíma til bankakerfisins fyrir 1650 millj. kr. Ahluti ríkissjóðs tekur því á innlendum markaði 3150 millj. kr. að láni, en þetta jafngildir um 2% af vergri landsframleiðslu. Vextir á innlendum markaði hafa þokast niður á við á síðustu mánuðum. Óvissa ríkir óhjákvæmilega um hvaða áhrif lántökur ríkissjóðs munu hafa hér á. Samningar náðust nýlega um vaxtakjör á skuldabréfum við lífeyrissjóðina og gefur það tóninn um að vextir fari þrátt fyrir allt áframhaldandi niður á við.

Ég tók þá ákvörðun í haust að draga spariskírteini ríkissjóðs út af almennum markaði. Þar var vissulega nokkur áhætta tekin vegna þess að ýmis önnur sparnaðarform hafa staðið almenningi til boða. En með því móti tel ég ótvírætt að vaxtastigið hafi komist í meira jafnvægi en áður var og því er vafalaust að þessi ákvörðun var nauðsynleg og hefur haft jákvæð áhrif. Það er þrátt fyrir þetta enn svo að við höfum borð fyrir báru skv. áætlun fjárlaga um sölu spariskírteina umfram innlausn. En hjá því fer auðvitað ekki að vextir og lántökur verða þeir þættir lánsfjármálanna þar sem ríkissjóður þarf að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif þó að framboð og eftirspurn leiki þar auðvitað aðalhlutverk hér eftir sem hingað til.

Sparnaður í bankakerfinu hefur sem betur fer tekið stakkaskiptum. Breytt stefna í peningamálum hefur leitt til þess að sparnaður í bankakerfinu hefur aukist verulega á undanförnum árum og á þessu ári verulega umfram útlán. Ráðstöfunarfé bankakerfisins fer því ört vaxandi og bankarnir munu því verða færari en áður um að veita opinberum aðilum og atvinnulífinu nauðsynlega lánsfjárfyrirgreiðslu. Í þessu efni hafa orðið mikil umskipti vegna breyttrar stefnu í peningamálum. Innlendur lánsfjármarkaður hefur tekið verulegum breytingum í kjölfar verðtryggingar og hærri raunávöxtunar og gegnir nú vaxandi hlutverki varðandi útvegun lánsfjár til langs tíma. Jákvæð þróun í þá veru mun án nokkurs vafa halda áfram á næstu árum.

Ný lög og reglur setja nú sterkan svip á lánsfjármál og starf peningastofnana og banka. Á miðju ári 1985 voru settar reglur um verðbréfaþing Íslands og ný lög nr. 86 og 87 frá 1985, um viðskiptabanka og sparisjóði, tóku gildi í ársbyrjun. Þá ganga í gildi ný lög nr. 36 1986, um Seðlabanka Íslands, frá og með 1. nóv. n.k. og ný lög um Húsnæðisstofnun og fjármögnun byggingarsjóðanna tóku gildi 1. sept. á þessu ári.

Nýju lögin um bankakerfið færa meðal annars vaxtaákvarðanir að fullu til banka og sparisjóða, en svigrúm þeirra til vaxtaákvörðunar hefur verið smám saman aukið á undanförnum árum. Frjálsræði til vaxtaákvörðunar ásamt hjöðnun verðbólgu mun væntanlega verða til þess að fjárskuldbindingar til skamms tíma beri raunvexti ekki síður en fjárskuldbindingar til lengri tíma svo sem verið hefur.

Ríkisstjórnin hefur sett það að markmiði að ná því sem næst hallalausum viðskiptum við útlönd á árinu 1987. Til þess að þetta markmið náist er alveg ljóst að stefnan í peningamálum má ekki verða til þess að auka þenslu í landinu og tefla í tvísýnu þeim árangri sem náðst hefur í hjöðnun verðbólgunnar. Að þessu þarf að hyggja á næstunni bæði af hálfu stjórnvalda og bankastofnana. Nú er talið að heildarlántökur erlendis 1986 geti numið 10,1 milljarði kr. og hefur þá verið tekið tillit til skuldbreytinga á lánum. Sambærileg upphæð í lánsfjáráætlun 1987 er 8,2 milljarðar kr.

Þar sem nú er fastlega stefnt að því að ná því sem næst jöfnuði við útlönd þarf ekki að auka skuldsetningu þjóðarinnar út á við vegna fjármögnunar á viðskiptahallanum. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 gerir ráð fyrir 700 millj. kr. halla á viðskiptunum við útlönd og er það um 0,4% af áætlaðri landsframleiðslu. Hreint innstreymi erlendra lána er talið verða ríflega 1,5 milljarðar kr. þar sem áætlaðar lántökur eru 8,2 milljarðar kr. og afborganir 6,7. Af þessu leiðir að gjaldeyrisstaða Seðlabankans gæti batnað um 1 milljarð kr. á árinu 1987.

Skuldahlutfall langra erlendra lána reis hæst á árinu 1985 er það var 55,1% af vergri landsframleiðslu. Horfur eru á að þetta hlutfall verði um 52,1% á þessu ári og lækki niður í 49,4% á næsta ári. Þá er rétt að nefna að greiðslubyrði af erlendum lánum fer lækkandi sem fyrst og fremst skýrist af lækkun vaxta á erlendum mörkuðum. Vaxtalækkunin hefur í fyrstu áhrif á lán með breytilegum vaxtakjörum, en þau eru um helmingur langra erlendra lána. Reiknaðir meðalvextir erlendra lána voru 9% á árinu 1985, en verða um 8,5% á þessu ári og eru áætlaðir um 8% á næsta ári.

Í II. kafla frv. til lánsfjárlaga eru venju samkvæmt ýmis skerðingarákvæði. Ég geri þau ekki sérstaklega að umtalsefni við framsögu þessa frv., enda tengjast þau efnislega fjárlögunum og umræðum um fjárlagafrv. Ég vil þó nefna ákvæði 28. gr. um framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en skil til sjóðsins eru skert sem nemur 307 millj. kr. Þessar fjárhæðir tengjast ákvörðunum um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, en ég vænti þess að fyrir afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga liggi fyrir niðurstaða þessa máls.

Þá vil ég nefna að í 31. gr. frv. er sótt um heimild til þess að tekið verði 700 millj. kr. lán til að fjármagna halla ríkissjóðs á þessu ári. Jafnframt er sótt um heimild til að skuldbreyta umsömdum lánum ríkissjóðs í Seðlabankanum til að létta á afborgunum á árinu 1987. Þessar skuldir nema nú um 2200 millj. kr. og miðað við núverandi lánskjör nema afborganir um 45% af skuldinni árið 1987 og um 35% árið 1988. Áætlunin miðar við að skuldbreyta lánum þannig að ekki komi til afborgana á árinu 1987.

Að lokum vil ég geta þess að fjárhags- og viðskiptanefndir beggja þingdeilda hafa beint þeim tilmælum til fjmrh. að ríkisábyrgðir fengju skýrari meðhöndlun og þrengri skorður en verið hefur. Við þessu hefur verið orðið með því að birta í frv. til fjárlaga greinargott yfirlit um hverjar ábyrgðir eru og einnig er lagt til að heimildir falli niður að tilteknum tíma liðnum hafi ekki eftir þeim verið kallað. Þetta kemur fram í 32. gr. frv. og athugasemdum með þeirri grein.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi máls, en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég lofa að verða ekki langorður í þessari umræðu. Ég get það einfaldlega ekki vegna þess að þetta mál, sem hér liggur fyrir, kom svo seint úr prentun á mánudag að maður hefur ekki haft nema rúman sólarhring til að kynna sér það og skoða ásamt með fjárlagafrv. Mun ég því aðeins ræða það á mjög yfirborðslegan hátt þar sem alla nánari skoðun vantar.

Eftir lestur frv. og samanburð við fjárlögin get ég ekki gefið þessum tveim frv. aðra einkunn en þá að þau einkennist enn þá af því mikla kerfisdekri sem þessi ríkisstjórn er nú orðin langfræg af. Ekkert er henni meira þvert um geð en að losa um tök á íslensku athafna- og efnahagslífi og öllu skal þar stjórnað úr einum stað. Ég bendi á að þrátt fyrir margendurtekin og ítrekuð loforð manna um að lækka eða draga úr eða jafnvel stöðva algerlega erlendar lántökur umfram það sem þörf krefur vegna afborgana er hér enn eina ferðina ekki staðið við það loforð og það gerist á sama tíma og á fjárlögum er hækkaður allur kostnaður við yfirstjórn ráðuneytanna svo tugum prósenta skiptir. Þannig virðist ekki vera á dagskrá hjá þessari ríkisstjórn að reyna að stjórna með ráðdeild og sparnaði til að tryggja fjárhagslegt öryggi sem nú væri virkilega svigrúm til að tryggja vegna þess góðæris sem við búum við. Íslendingar hafa þá sérstöðu með sína atvinnuvegi, sem skila mjög misjafnri afkomu ár frá ári, að verða að halda ríkisútgjöldum sínum í eins miklu lágmarki og mögulegt er og nýta það fjármagn, sem þar er tekið, af eins mikilli hagsýni og mögulegt er til að geta tekið á móti þeim sveiflum sem verða vegna mismunandi árferðis í atvinnulífi okkar. En þessi ríkisstjórn, sem var kosin að því er hún heldur fram sjálf einmitt til að stjórna í þessum vanda, hefur ár frá ári síaukið það sem í einu orði er hægt að kalla kerfisdekur.

Ég vildi varpa einni spurningu til hæstv. fjmrh. Það er gert ráð fyrir því að veita ríkisábyrgðir fyrir lántökum ýmissa aðila, eins og það er kallað í athugasemdum við lagafrv., að upphæð 3,14 milljarðar. Þetta eru lántökur aðila sem taldir eru upp á bls. 8 í frv. Ég vildi beina þeirri spurningu til fjmrh. hvort menn hafi skoðað annars vegar hver vöxtur þessara ríkisábyrgða hefur verið á milli ára, og þá á ég ekki eingöngu við seinasta ár heldur hver þróunin hefur verið í þessum málum, og hins vegar hver árangur þessara ríkisábyrgða er, þ.e. hvað hafa margar af þessum ríkisábyrgðum lent á herðum ríkissjóðs endanlega og hverju hafa þær skilað, því að þetta eru yfirleitt lántökur til verkefna sem ætlað er að skila einhverju ákveðnu verki. Það er þá spurt hér um arðbærni þessara verkefna.

Sama spurning á við um sölu spariskírteina. Það kemur í ljós að við sölu spariskírteina að upphæð 1,5 milljarðar skila sér í ríkissjóð til fjáröflunar 0,5 milljarðar. Menn hljóta að hafa gert sér einhverja grein fyrir því til hverra verka þessum fjármunum er

varið og þá aftur hver arðbærni þessara fjármuna er því að við vitum að hér er ekki um hálfrar millj. kr. tekjur að ræða heldur hálfrar millj. kr. lán sem þarf að skila arði til að standa undir kostnaði og vöxtum.

Það undarlega fyrirbæri sem fram kemur í 28. gr. frv., þar sem enn eina ferðina er um skerðingu að ræða á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er greinilega ekkert annað en ákveðið bragð til að neyða sveitarfélög í samningum, sem gert er ráð fyrir að fram fari á þessu hausti áður en frv. verður að lögum, til þess að samþykkja að taka á sig ákveðinn hluta af kostnaði vegna barna á grunnskólastigi, og þar á ég við skólaaksturinn sem mikið hefur verið til umræðu núna, og síðan ætla menn að tengja það því að hafa þar með að einhverju leyti staðið við loforð um að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. En sú verkefnatilfærsla gerist ekki með þeim hætti að ríkið ákveði áframhaldandi hvernig hverri einustu krónu er varið með því einfaldlega að segja: Ég læt þig hafa þetta verkefni og þessa peninga. — Þá hefur í raun og veru ekki orðið nein breyting á hvað sjálfstæði sveitarfélaganna viðkemur.

Ég vil þó að endingu þakka hæstv. fjmrh. fyrir að leggja þessi tvö frumvörp fram samtímis. Það er nógu vitlaust að þurfa að fjalla um þessa hluti í tveimur lagabálkum og á tveimur stöðum, eins og enn þann dag í dag er gert. Auðvitað eiga þessir hlutir heima saman og á einum stað, bæði fjárlög og lánsfjárlög, eins og kom glögglega fram í máli fjmrh. sem kom ekki inn á marga þætti í þessu frv. einfaldlega vegna þess að þeir verða ræddir á allt öðrum vettvangi, þ.e. við umræðuna um fjárlög. Ég ætla þar af leiðandi ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en mun að sjálfsögðu sem nefndarmaður í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallar áskilja mér allan rétt til að gera athugasemdir við það.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Vissulega ber að fagna því að frv. til lánsfjárlaga skuli hafa verið lagt fram í upphafi þings eins og gera ber lögum samkvæmt. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að skjóta fáeinum vinsamlegum ábendingum til hæstv. fjmrh. um vinnubrögð í sambandi við framlagningu frv., en þær snúa að vinnuaðstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu sambandi.

Fjárlagafrv. er ekki lagt fram fyrr en á mánudegi, þ.e. á öðrum þingdegi, og þetta er 400 bls. plagg. Það er margt á seyði í þinginu á sama tíma, nefndakjör og annar undirbúningur þingstarfa, en fjölmiðlar krefjast svara af stjórnarandstöðu, hvert sé álit hennar og umsögn hennar um þetta frv., og það er ekki beðið eftir þeirri umsögn, hún verður að koma á stundinni. Auðvitað er þetta algerlega óviðunandi aðstaða sem stjórnarandstöðunni er boðin í þessum efnum, en ég er kannske ekki að segja að það sé neitt nýtt. Svona hefur þetta oft áður verið. Það sem var nýtt í þetta sinn var kannske að fjárlagafrv. var ekki lagt fram á fyrsta degi og þar af leiðandi vannst mönnum ekki tími, eins og oft vill vera rétt fyrstu dagana, til að skoða málið, t.d. yfir helgina eins og nú hefði verið. En það sem er þó til að kóróna þann vanda sem stjórnarandstaðan er sett í er að hæstv. fjmrh. skuli heimta 1. umr. um lánsfjárlögin strax á öðrum vinnudegi þingsins. Það hefur aldrei áður gerst og setur okkur talsmenn stjórnarandstöðunnar í talsverðan vanda. Ég var satt að segja svo grandalaus eins og sjálfsagt fleiri að mig grunaði ekki að þetta mundi gerast. Ég frétti ekki af því fyrr en núna um hádegisbilið að til stæði að ræða lánsfjárlögin núna við 1. umr. En dagskrá Alþingis er ekki send heim til okkar nú orðið eins og var gert áður fyrr og því veit maður ekki alveg um dagskrána fyrr en maður kemur hingað niður eftir til að kynna sér hana og það er kannske ekki víst að það sé þá fyrr en um hádegisbilið.

Venjulega hafa lánsfjárlög komið fram síðar en nú. Ég er alls ekki að segja að það hafi verið betra, vissulega er framför að fá frv. fram sem skjótast, en ég bendi hæstv. fjmrh. á það í fullri vinsemd að hann verður að hafa í huga að stjórnarandstaðan stendur þarna frammi fyrir gífurlegum vanda að átta sig á öllum þessum gögnum, fá tíma til að ræða tölurnar við sérfræðinga, bæði í hans eigin ráðuneyti og annars staðar. Því miður hefur ekki nokkur tími gefist til þess. Ég gerði t.d. tilraun í morgun til að afla upplýsinga einmitt um þessi efni, reyndar vegna fjárlaganna, og þá voru starfsmenn í Fjárlaga- og hagsýslustofnun önnum kafnir á fundi hjá fjmrh. þannig að þeir voru ekki til skiptanna og eðlilegar ástæður fyrir því.

Umræðu hér á Alþingi um þessi mál þarf sem sagt að bera að með einhverjum fyrirvara. Ég vek t.d. athygli á því að einmitt af þessari ástæðu hefur 1. umr. um fjárlög yfirleitt ekki farið fram fyrr en 2–3 vikum eftir að þing hefur verið sett og það er orðið nokkuð gamalt hér. Það er ekki boðið upp á 1. umr. fjárlaga á öðrum eða þriðja degi. Og hvers vegna? Það er í og með vegna þess að menn þurfa að fá tækifæri til að lesa þessi gögn í gegn. Það sama gildir þá auðvitað um lánsfjáráætlunina. Ég er ekki að segja að við séum að biðja um margar vikur, en það þarf að vera þarna eitthvert ráðrúm.

En þó að ekki hafi gefist mikill tími til að kynna sér efni þessa frv. er auðvelt að greina að það er heilmikill blekkingarleikur í gangi einmitt í sambandi við þessa lánsfjáráætlun. Við heyrðum það hér áðan í ræðu hæstv. fjmrh. að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar stæra sig af því að staða þjóðarbúsins út á við fari nú batnandi því að löng erlend lán fari lækkandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hann gat þess einmitt hér að á næsta ári væri áformað að þetta hlutfall lækkaði úr 51,1% í 47,7% og sama gildir um greiðslubyrðina, að hún er sögð fara minnkandi úr 19,3% í 18,9% miðað við útflutningstekjur. Auðvitað hlýtur fólk að ímynda sér þegar það heyrir þessar fréttir að nú sé þetta allt á réttri braut og skuldbindingar þjóðarinnar út á við hljóti að fara minnkandi og háskinn af erlendum skuldum þjóðarinnar hljóti að vera dvínandi. En er

þetta svo? Því miður sé ég að hæstv. fjmrh. kinkar kolli og trúir þessu sjálfur. En ef hann trúir því veitir víst ekki af að gera ögn betur grein fyrir því að hér er um hina verstu blekkingu að ræða. Staðreyndin er sú að ríkissjóðshallinn hefur aldrei verið meiri og það er hann sem á sinn stóra þátt í því að vandinn fer stöðugt versnandi. En það eru hins vegar hagstæðar ytri aðstæður, sem ekki koma þessum skuldum neitt við á beinan hátt, sem valda því að þessar prósentutölur fara minnkandi. Það er ekki það að skuldirnar fari minnkandi, þær fara vaxandi frekar en hitt, en ytri aðstæðurnar eru mjög hagstæðar. Aflinn fer vaxandi, verðlagið á afurðum okkar er hagstætt og olía hefur mjög lækkað í verði. Allt veldur þetta því að deilitalan í þessu tilviki, þegar um verga landsframleiðslu er að ræða, hækkar mjög verulega milli ára. Það er talið að þjóðartekjur vaxi á þessu ári í kringum 7% og auðvitað veldur þetta því að prósentutalan lækkar. Það er ekki að skuldin sé neitt minni eða eigi að valda neitt minni áhyggjum en áður því að hún fer heldur vaxandi ef eitthvað er heldur er viðmiðunartalan, deilitalan, hagstæðari en áður. Við þetta bætist svo hitt að dollaragengið fer mjög lækkandi og allir þekkja að meiri hluti skulda Íslendinga við önnur lönd er í dollaragengi. Þegar dollarinn fer lækkandi lækkar skuldin og öfugt. En það þýðir ekki að vandinn sé neitt minni í sjálfu sér þó hann sýnist vera það rétt í svipinn vegna þess að við vitum að dollarinn heldur áfram að sveiflast og hann getur allt eins verið á uppleið að fáum mánuðum liðnum og þá er allt glatað í einni svipan sem menn héldu að þeir væru að græða nú. Auðvitað þýðir ekki annað en að taka slíka hluti með í reikninginn. Þó að það sé vissulega gleðiefni þegar staðan út á við fer batnandi verðum við að skoða það fyrst og fremst hvort skuldin sjálf fer verulega lækkandi eða ekki.

Annað sem hefur áhrif á þessa hluti og ég heyrði að hæstv. ráðh. gerir sér fulla grein fyrir eins og fram kom í ræðu hans er að vextir fara lækkandi í svipinn og auðvitað hefur það áhrif á að greiðslubyrðin minnkar. Hann nefndi það einmitt hér að á skömmum tíma eru meðalvextir að lækka úr 9% í 8% og auðvitað hefur það stórfelld áhrif á allar tölur sem reiknaðar eru með þessum hætti og eiga að heita prósentutölur um stöðu skuldar eða stöðu afborgana og vaxta.

En það er ekkert víst að vandinn hafi orðið neitt minni, ekki heldur í þessu tilviki, vegna þess að það er eins með vextina, þeir sveiflast. Stundum fara þeir upp og stundum fara þeir niður og þeir geta allt eins verið á uppleið að fáum mánuðum liðnum, ekki vitum við neitt um það, og þá erum við í alveg sama fari og áður. Vissulega er það ánægjulegt þegar við þurfum að borga minna eins og er þegar vextirnir eru lægri, en við skulum ekki ímynda okkur að háskinn af hinum miklu erlendu skuldum sé orðinn neitt minni en áður. Þetta er önnur hlið málsins.

Hin hlið málsins er sú að áætlunin sem hæstv. ráðh. leggur hér fram er fullkomlega óraunhæf og satt að segja afar óvíst að mikið mark sé á henni takandi. Í fyrsta lagi má benda á að í lánsfjáráætluninni er, þó ég hafi að vísu ekki séð þess beinlínis getið hér, gengið út frá því að það gildi það sama um lánsfjáráætlunina og fjárlögin, að hún er reiknuð á verðlagi í árslok 1986. Hún er ekki færð upp á verðlag næsta árs og það skekkir allar niðurstöðutölur hennar allverulega. Það vantar sem sagt alveg að gera ráð fyrir að einhver verðbólga kunni að vera á næsta ári sem enginn efast um, hversu bjartsýnn sem hann er, að hlýtur að verða einhver. Hér áður fyrr var venjan að reyna að reikna fjárlög og lánsfjáráætlun á áætluðu meðalverðlagi næsta árs. Þó að það hafi að vísu verið allur gangur á með sjálfa lánsfjáráætlunina hvað þetta varðar hefur það yfirleitt verið gert með fjárlögin. Þegar af þessari ástæðu eru tölurnar ekki fullkomlega raunhæfar.

En svo kemur annað inn í myndina og það er lánsfjárþörf ríkissjóðs. Tölurnar í frv. um lánsfjárþörf hans á næsta ári kunna að vera tóm endaleysa og ekkert annað. Það á reynslan eftir að skera úr um. Ef reynslan frá því í fyrra væri höfð til viðmiðunar og orðræður okkar hæstv. fjmrh. frá því í fyrra væru hafðar til hliðsjónar lægi beinast við að ætla að áætlunartölur fjárlaganna um lánsfjárþörf ríkissjóðs væru meira eða minna út í bláinn. Ég minnist þess að fyrir réttu ári leit hæstv. fjmrh. afskaplega alvarlegum augum á mig í ræðustól þegar ég leyfði mér að fullyrða að það mundi vanta svo sem 1 milljarð inn í dæmið hjá honum miðað við þær tölur sem hann var með í fjárlagafrv. á s.l. hausti. En þetta kom einmitt á daginn. Í staðinn fyrir að það átti að vera 122 millj. kr. tekjuafgangur á fjárlagadæminu fyrir árið 1986 reyndist vera halli og hann ekki nein smásmíði. Hann er áætlaður í dag vera kringum 2200 millj. kr. Og ef svo fer, sem margan grunar, að ýmislegt í fjárlagadæminu sé í raun vanreiknað er lánsfjárþörf ríkissjóðs miklu meiri en hér er ráð fyrir gert og þar af leiðandi lánsfjáráætlunin í molum meðan það hefur ekki verið leiðrétt.

Það var yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar þegar hún kom til valda að erlendar skuldir þjóðarinnar skyldu ekki fara vaxandi og reyndar átti það að heita dauðadómur yfir ríkisstjórninni og ákveðnum ráðherrum að hennar eigin sögn ef prósentutalan, sem miðuð er við þjóðarframleiðslu, færi yfir 60%. Hún var rokin langt upp fyrir 60% áður en nokkur vissi af og án þess að ríkisstjórnin léti verða af þessari sjálfsmorðshótun. Hún sat sem fastast áfram og lét sig engu skipta þó að loforð í þessum efnum hefðu verið svikin og síðan var gripin sú ágæta aðferð að finna allt aðrar viðmiðunartölur. Það var tekin upp viðmiðun um svokallaða landsframleiðslu í staðinn fyrir þjóðarframleiðslu og þá hættu menn alveg að botna í þessum prósentutölum og eru löngu hættir að átta sig á því hver staða mála er í samanburði við það loforð sem gefið var í upphafi stjórnarferils.

Reynslan hefur reyndar einnig orðið sú að ýmislegt hefur reynst vanáætlað í lánsfjáráætlun og ég hygg að svo verði enn. T.d. er ég sannfærður um að

áætlaðar lántökur einkafyrirtækja muni reynast verulega miklu meiri en hér er ráð fyrir gert.

En ég vil leyfa mér að benda alveg sérstaklega á eina aðferð hæstv. fjmrh. til að fela stórfelldar lántökur ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum sem fólgin er í þessu frv. Í töflu á bls. 324, og auðvitað kemur það víðar fram en ég nefni hana hv. þm. til hægðarauka, er áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila. Þar er frá því greint að í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 hafi átt að taka 4110 millj. að láni erlendis, en það hafi farið nokkuð á annan veg og horfur á lántökum á þessu ári séu 5700 millj. Það er engin smáræðisaukning. En hver er svo áætlunin fyrir árið 1987? Það eru litlar 2550 millj. Það er meira en helmingslækkun. Ég er hræddur um að það sé ansi varasamt að trúa svona tölum. En ég bendi samt sérstaklega á að í þessari sömu töflu er gert ráð fyrir að lánastofnanir taki verulega miklu meira fé að láni erlendis en áður var og það er engin smáræðis aukning. Það er gert ráð fyrir að lánastofnanir taki 2230 millj. að láni í staðinn fyrir að á þessu ári er gert ráð fyrir að þær hafi tekið 1350 millj. Hvernig í ósköpunum stendur á því að lánastofnanir þurfa að taka að láni hvorki meira né minna en 900 millj. meira en áður var? Það er afskaplega einföld skýring á því. Hún kemur nefnilega fram annars staðar í frv. Nú er lánastofnunum ætlað að kaupa verðbréf af ríkissjóði í stórauknum mæli, af ríkisstofnunum fyrir samtals 2050 millj., þar af beinlínis ríkinu fyrir 1650 og af Framkvæmdasjóði fyrir 400 millj. Ríkið þvingar sem sagt lánastofnanir til að lána sér. Þar með verða erlendar lántökur ríkissjóðs að sama skapi miklu minni og svo eru bankarnir aftur á móti látnir taka þessi erlendu lán í staðinn. Þetta verður ekki kallað neinu öðru nafni en dálagleg svikamylla.

Kjarni þessa máls er sá að halli ríkissjóðs verður mjög verulegur á næsta ári og það verður þriðja árið í röð. Samanlagt verður þá þessi uppsafnaði halli orðinn a.m.k. 6 þús. millj. kr. sem er sannarlega skuggaleg tala ekki síst fyrir þá sem eiga að greiða skatta á komandi árum. Þótt prósentutölurnar í frv. fari eitthvað lækkandi, þ.e. prósentutölur um greiðslubyrði og stöðu erlendra lána miðað við lánsframleiðslu og útflutningsverðmæti, segir það ekki neitt. Ástandið fer bersýnilega versnandi og gerir það áreiðanlega meðan ríkissjóður er rekinn með svo rosafengnum halla sem raun ber vitni.

Ég ætlaði að öðru leyti ekki að ræða þetta frv. hér. Það mætti vissulega fara mörgum orðum um skerðingarákvæði frv., en í raun og veru er þar um að ræða mál sem varðar fyrst og fremst fjárlögin. Því er komið fyrir í lánsfjáráætlun fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum vegna þess að fjárlög eru ekki lög í réttri merkingu þeirra orða og þegar ríkið skerðir lögbundin framlög dugar ekki að gera það bara í fjárlögum heldur verður að gera það með formlegum hætti í lögum. Þess vegna er þessu skotið inn í lánsfjárlagafrv., enda þótt það sé í raun og veru miklu náskyldara fjárlögum í eðli sínu. Þess vegna er eðlilegra, úr því að umræða um fjárlög fer fram innan skamms, að ræða þau mál við afgreiðslu fjárlaga.

En ég verð þó að nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað átt sé við með niðurlagsorðunum í 18. gr. frv. þar sem segir að jafnframt falli niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég sé ekki að það sé nein skýring í grg. með þessu lagaákvæði. Það vantar alveg skýringu. Það væri fróðlegt fyrir menn að átta sig á því hvaða upphæðir eru hér á ferðinni.

Að öðru leyti geymi ég mér að ræða þessi stóru mál þar til 2. umr. fer fram og nánari upplýsingar hafa fengist. En kjarni málsins er sá að þessi lánsfjáráætlun, sem lögð hefur verið fram, er bersýnilega mjög óraunhæft plagg og margar þær niðurstöðutölur sem þar er að finna eru harla villandi og eiga vafalaust eftir að breytast verulega. Ég vil alveg sérstaklega vara menn við því að trúa áróðri forustumanna stjórnarliðsins þess efnis að erlendar skuldir þjóðarinnar fari minnkandi þótt hægt sé að benda á prósentutölur því til sönnunar vegna þess að þessar prósentutölur segja nákvæmlega ekki neitt um stöðu skuldanna þegar þær eru miðaðar við reiknistærðir í þjóðarbúinu sem einmitt hafa verið að taka miklum breytingum á undanförnum misserum, ekki vegna eigin verðleika okkar sjálfra heldur vegna ytri aðstæðna.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál sem þegar er búið að ræða allítarlega. Það er sjálfsagt oft vandlifað fyrir ráðherra. Þó að ég hafi ekki átt sæti mjög lengi á Alþingi rekur mig minni til þess að fjmrh. hafi verið gagnrýndir mjög harkalega fyrir að leggja ekki fram lánsfjáráætlun fyrr en undir jól eða kannske þegar komið var fram á nýtt ár. Nú hefur verið gagnrýnt hversu fljótt þetta mál er tekið til umræðu. Ég þakka ráðherra fyrir að hafa lagt þetta fram með frv., en ég tek undir þær ábendingar, ég lít á það frekar sem ábendingar en beina gagnrýni, að það hefði mátt gefa stjórnarandstöðunni örlítið meira ráðrúm til að átta sig á þessum hlutum en gert hefur verið. Það er ekkert smáverk fyrir stjórnarandstöðuna, sem fær þessa 400 bls. bók sem fjárlagafrv. er, að setja sig inn í það að einhverju leyti. Það gerist ekki á einum sólarhring. Til þess þarf lengri tíma. Til þess þarf að fá tækifæri til að ræða við embættismenn. T.d. að því er varðar þingflokk Alþfl. er það fyrst í dag sem við höfum tækifæri til að fá embættismenn úr Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að svara ýmsum spurningum okkar og það er vissulega góðra gjalda vert að þeir skuli vera til þess reiðubúnir, en við hefðum þurft að hafa örlítið meira ráðrúm. Sjálfsagt er rétt og skylt að viðurkenna að það er að ýmsu leyti í þjóðarbúinu björgulegra um að litast en verið hefur áður. En það er svo sem ekki vegna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Ástæðurnar fyrir því eru tíundaðar mjög rækilega í inngangi að þjóðhagsáætlun fyrir árið

1987 sem forsrh. hefur lagt fram á Alþingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þennan góða árangur má einkum þakka þrennu: Hagstæðum ytri skilyrðum, samræmdri efnahagsstefnu og kjarasáttmála ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins.“ Síðan segir: „Batnandi ytri skilyrði, einkum aukinn fiskafli og lægra olíuverð, hafa skipt sköpum um hagþróun á þessu ári.“

Þetta eru þau atriði sem ríkisstjórnin hafði engin áhrif á hvorki til né frá. Þetta eru þau atriði sem segir í inngangi að þjóðhagsáætlun að hafi skipt sköpum, svo og hitt að það var verkalýðshreyfingin sem knúði ríkisstjórnina til skynsamlegra aðgerða í kjaramálum. Það hefur líka haft sín áhrif. Þannig má vissulega með sanni segja að að verulegu leyti sé sá árangur sem hefur náðst ekki vegna þeirrar ríkisstjórnar sem verið hefur í landinu heldur er það miklu fremur þrátt fyrir hana.

Það eru fáein atriði í þessu frv. til lánsfjárlaga sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. um. Það eru í fyrsta lagi lánsheimildir til Landsvirkjunar. Nú kemur það fram, ef ég man rétt, í þessari þjóðhagsspá, en þar segir, með leyfi forseta:

„Á sviði orkubúskapar hafa aðstæður breyst ekki síst vegna mikilla breytinga á orkuverði í heiminum. Orkunotkun vex nú hægar en áður og orkuframleiðsluna þarf að laga að þessum nýju aðstæðum. Framkvæmdir við rafvirkjanir og hitaveitur eru minni en áður og hefur því dregið úr fjárþörf til þeirra málaflokka.“

Ég spyr: Er ekki til athugunar að fresta framkvæmdum við Blönduvirkjun enn frekar en orðið er? Bara hreinlega vegna þess að það er enginn markaður sýnilegur fyrir þessa orku, og hennar er engin þörf. Það er dýrt sport fyrir þjóðina, og hefur reynst henni dýrt, að virkja út í bláinn án þess að hafa nokkurn kaupanda að orkunni. Þessu vildi ég beina til hæstv. fjmrh.

Síðan varðandi 5. gr. frv. til lánsfjárlaga. Þar er fjallað um vandamál hitaveitna sveitarfélaga og þeim heimilaðar lántökur. Þar segir í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Margar þessara veitna eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar.“

Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Frá hvaða hitaveitum skortir upplýsingar? Mér er kunnugt um að þær sem verst standa, Hitaveita Akureyrar og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, eða ég veit ekki betur en að þaðan hafi komið þær upplýsingar sem um hefur verið beðið. Og í framsöguræðu hæstv. fjmrh. áðan þegar hann var að tala um hitaveiturnar þá talaði hann öðrum þræði um óarðbærar fjárfestingar. Og ég vildi spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða óarðbærar fjárfestingar eru það sem hann á við? Er það hitaveitan á Akureyri? Er það Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar? Framkvæmdir sem ráðist var í, ekki aðeins fyrir atbeina heldur fyrir áeggjan ríkisvaldsins til að spara gjaldeyri.

Og fyrst hæstv. iðnrh. er hér í salnum þá gæti ég vel hugsað mér að beina til hans þeirri spurningu — hann flýr ekki af hólmi, sá kappi sem hann er, þó hann standi við dyrnar, hæstv. ráðherrann — beina til hans þeirri spurningu: Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin á döfinni til að leiðrétta eða laga fjárhag þessara orkufyrirtækja sem eiga í miklum vandræðum? Og í öðru lagi: Hyggst hæstv. iðnrh. núverandi standa við það loforð sem forveri hans í embætti, hæstv. núverandi menntmrh., Sverrir Hermannsson, gaf um beint fjárframlag til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar? Þetta loforð var gefið á sínum tíma en við það hefur ekki verið staðið og nú spyr ég hæstv. iðnrh.: Hyggst hann standa við þetta loforð?

Það er ekki hægt að láta fjárhagsmálefni þessara hitaveitna, sem sjá fjölmennum byggðum fyrir orku, reka á reiðanum eins og gert hefur verið. Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess að íbúar þessara svæða greiði langtum hærra orkuverð en aðrir íbúar landsins vegna þess hver þróunin hefur verið í gengismálum og vegna þess hvert, og í hvaða myntir lánum hefur verið beint.

Þá vildi ég beina þeirri almennu spurningu til hæstv. fjmrh. varðandi II. kafla þessara laga, hvort honum þyki það góð lögfræði eins og þar er sett upp, þ.e. fyrst setur Alþingi lög og síðan setur Alþingi önnur lög þar sem segir: Það er ekkert að marka þau lög sem við settum áður. Ég er ekki mjög menntaður í lögfræði, en það mikið veit ég að þetta er ekki góð lögfræði, og ég vona að hæstv. ráðherra sé mér sammála um það. Ég hef áður minnst á það hér að þessi vinnubrögð eru mjög til vansa. Útvarpslög voru samþykkt á Alþingi ekki alls fyrir löngu, á vordögum 1985. Og hér er komið inn í 27. gr. lánsfjárlagafrv. ákvæði sem snýr að útvarpslögunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986“ — taki menn eftir því, það er afturvirkt. Þetta er afturvirkt. Er það ekki rétt skilið hjá mér hæstv. ráðherra? Hér eru afturvirk lög gagnvart Ríkisútvarpinu — „og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.“ Það er rík ástæða til að gera þetta mál að sérstöku umtalsefni hér vegna þess að fyrr á þessu ári óskaði Ríkisútvarpið eftir 10% afnotagjaldahækkun. Því var synjað.

Nú er það svo að það er ekki menntmrh. lengur, skv. gildandi útvarpslögum, sem ákveður afnotagjöldin, heldur á hann að staðfesta þau. Og það var almennur skilningur manna hér í fyrra þegar þessi lög voru afgreidd að með þessu fengi Ríkisútvarpið aukið sjálfræði um sínar tekjur. Það kom fram hér í umræðum ef ég man rétt. Engu að síður hefur ríkisstjórnin, að ég hygg, synjað um þessa 10% hækkun sem um var beðið og vitnar til þess að samið hafi verið við verkalýðsfélög um það að þjónustu-

hann hefði lýst því yfir að til þyrfti að koma opinber aðstoð við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar langar mig, virðulegi forseti, að hressa aðeins upp á minni hæstv. ráðherra. Það var — og ég tek fram að ég var ekki staddur á þeim fundi en ég hef fyrir því orð margra trúverðugra manna — á fundi sem Sjálfstfl. efndi til á Akranesi 1984 sem hæstv. þáverandi iðnrh. lýsti því yfir, a.m.k. skildu fundarmenn orð hans á þann veg, að hann mundi beita sér fyrir því að létt yrði skuldum af Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er næmu fimm milljónum dollara. Þannig skildu fundarmenn orð ráðherrans og til þessarar yfirlýsingar hans hefur oft verið vitnað í umræðum um vandamál Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Ég stenst ekki mátið þegar hæstv. fjmrh. greinir frá því að algjör samstaða hafi verið um það í ríkisstjórninni að svipta Ríkisútvarpið þeim tekjum af aðflutningsgjöldum sem um er fjallað hér. Það verður að segja eins og er að það er heldur köld kveðja til starfsmanna þessarar stofnunar núna sem unnu kraftaverk þegar leiðtogafundurinn var haldinn hér. Þeir hafa fengið heillaóskir og skeyti frá fjölmörgum erlendum aðilum sem þekkja þarna til verka, og ég hika ekki við að fullyrða það að starfslið sjónvarps og útvarps vann kraftaverk þessa 10 daga. Einn erlendur maður, sem þekkir vel til þessara mála, komst þannig að orði: Já, þið eruð undarleg þjóð Íslendingar. Nú hafið þið gert það á 10 dögum sem við í þessu alþjóðasambandi erum búnir að vera að reyna að kenna annarri tiltekinni Evrópuþjóð í 40 ár og hefur ekki tekist. — Það er köld kveðja sem starfsmennirnir fá þegar greinilega á að vega þannig að stofnuninni að hún verði að draga mjög saman seglin.

Það er fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. tala um það að nú eigi hugsanlega að selja Rás 2 sem þjónar allri landsbyggðinni með léttri dagskrá. Halda menn að einkaaðilar, eins og ég spurði áðan, að einkaaðilar hafi einhvern áhuga á að reka útvarp fyrir landbyggðina með þessum hætti? Ekki nokkurn. En það er hins vegar fróðlegt að sjá að aðstoðarmaður hæstv. fjmrh. er í sínum prófkjörskosningaauglýsingum í Morgunblaðinu með Rás 2 á sölulista yfir ríkisfyrirtæki. Sem sagt, það á að byrja að skipta Ríkisútvarpinu upp og það er þessi „sósíalismi andskotans“, sem Vilmundur Jónsson landlæknir kallaði svo, þegar gróðanum er beint til einstaklinganna en tapið skal ríkið taka á sig.

Þetta er auðvitað merkilegt. Ég spurði einnig hæstv. fjmrh. hvað honum fyndist um það, sem hans flokksmenn hafa svo oftlega gagnrýnt, að þetta ákvæði um teknaupptöku Ríkisútvarpsins í ríkissjóð er afturvirkt til upphafs þessa árs. Ef ég man rétt hefur það alltaf verið grundvallaratriði í málflutningi sjálfstæðismanna að skattaákvæðin — og þetta er ekkert annað en skattur sem er verið að leggja á Ríkisútvarpið — mættu aldrei vera afturvirk. Ég lýsi efasemdum og væri fróðlegt að fá upplýsingar lögfræðings eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. um það hvort svona ákvæði stenst yfirleitt. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég spurði hæstv. fjmrh. um þetta en hann kaus að svara ekki. En ég þakka honum annars önnur svör. Það hefði verið fróðlegt að ræða svolítið við hæstv. núverandi iðnrh., en hann er horfinn af þingi í dag og það getur beðið betri tíma.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. þess efnis að í tillögum ríkisstjórnarinnar varðandi skerðingu á tekjum Ríkisútvarpsins fælist köld kveðja til þeirra starfsmanna Ríkisútvarpsins sem sannarlega hafa unnið mikið kraftaverk síðustu daga, þá er þetta auðvitað útúrsnúningur hinn mesti. Ég tek fyllilega undir það með hv. þm., eins og rækilega hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar áður, að starfsmenn Ríkisútvarpsins unnu mjög mikið og óeigingjarnt starf í tengslum við þennan leiðtogafund sem haldinn var hér í Reykjavík, og ég fullyrði að auðvitað má nota um hann það orð sem var viðhaft, kraftaverk. Það starf var leyst alveg einstaklega vel af hendi og reyndar má einnig taka til í því efni störf allra annarra sem unnu að kynningar- og upplýsingamálum í tengslum við þennan fund, en ekki síst á þetta þakklæti við um starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ég mótmæli því alveg að þessari afstöðu sé ruglað saman við þau ákvæði sem koma fram í þessu frv. og fullyrði að áfram verður búið vel að Ríkisútvarpinu sem hefur hlutverki að gegna í okkar þjóðfélagi. Ég tel hins vegar ekkert óeðlilegt við að menn velti upp spurningum, þegar sú bylting hefur orðið í okkar þjóðfélagi að útvarpsrekstur er orðinn frjáls, t.d. hvaða þætti Ríkisútvarpið á að hafa með höndum, og ég tel að það sé fyllilega réttmætt að setja fram þá spurningu um Rás 2 sem ég setti fram áðan, hvort ástæða væri til að halda þeim rekstri áfram.

Frú forseti. Ég gleymdi enn að svara spurningunni um það hvort ég teldi eðlilegt að þetta skerðingarákvæði sem hér um ræðir tæki til þessa árs. Ég vil gera verulegan greinarmun á því hvort um er að ræða fjárstreymi á milli ríkisstofnana, milli ríkissjóðs og einstakra ríkisstofnana eða hvort um er að ræða skattlagningu á einstaklinga eða borgara og tel þess vegna að það sé réttlætanlegt að koma fram með þetta ákvæði eins og það er fram sett hér.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, það er komið fram yfir fundartíma. Aðeins örfá orð vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Ég minnist þess að fyrst þegar ég leit ofan í þau plögg sýndist mér að hitaveitan réði ekki við sem svaraði um 5 millj. dollara. (**EG:** Já, það voru 5 millj. dollara.) Síðan í framhaldi af þessu tóku menn upp á að rannsaka alla stöðu fyrirtækisins og þá m.a. kemur í ljós að hitaveitan hafði ekki náð 20% af því sem áætlað hafði verið að markaður hennar næmi. Og svo andhælislegt er nú allt okkar skipulag að á sama tíma og þeir sem notuðu raforku til upphitunar

atriða í því efni og tekjurnar urðu nokkru meiri, en um það hafði verið samkomulag að miða við þá tölu sem samið var um í upphafi og því er nú leitað formlegrar staðfestingar á þeirri ákvörðun. Það er skýring á þessu ákvæði.

Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín spurningum varðandi orkuframkvæmdir og frestun Blöndu. Henni hefur verið frestað. Þar hefur þegar verið lagt í verulega fjárfestingu og þessarar spurningar hefði kannske fremur átt að spyrja þegar menn hófust handa. En menn hafa frestað þessari framkvæmd eins og föng eru talin vera á og við það er miðað í þessum lánsfjárlögum og þeim lánsfjárheimildum sem Landsvirkjun fær með þessum lögum.

Að því er varðar hitaveiturnar tók ég fram í framsöguræðu að ekki væri um að ræða á þessu stigi tillögu um skiptingu á þessum fjármunum. Ég hygg að óumdeilt sé að sumar hitaveituframkvæmdir hafi verið svona í hæpnara lagi miðað við arðsemi. Ég er kannske ekki út af fyrir sig að gagnrýna það að menn hafi farið út í þær framkvæmdir. En eigi að síður verða menn að horfast í augu við að þær hitaveitur eru til þar sem sala á heitu vatni stendur ekki undir fjárfestingu og við því verða menn með einhverjum hætti að bregðast. Í mörgum tilvikum er það hægt með skuldbreytingum, að dreifa greiðslu á fjárfestingarkostnaði yfir á lengri tíma. Varðandi skort á upplýsingum er það í flestum tilvikum frá hinum minni hitaveitum sem fjmrn. hefði viljað fá fyllri upplýsingar en þegar eru komnar. Það stafar ekki af því að þessar upplýsingar séu ekki fyrir hendi. Það er einfaldlega þannig að fjmrn. vill gjarnan fá fyllri upplýsingar en þegar eru komnar fram. En áður en frv. er tekið til lokaafgreiðslu þarf auðvitað að liggja fyrir með hvaða hætti þessum fjármunum verður skipt á milli hitaveitna.

Varðandi spurninguna sem hv. 5. landsk. setti fram, hvort það væri góð lögfræði að leggja fram árlega og samþykkja skerðingarákvæði með lánsfjárlögum, get ég tekið undir að það er ekki góð lagasetning að standa á þann veg að. Þetta hefur á hinn bóginn verið gert um alllangan tíma og kannske fyrst og fremst fyrir þá sök að við allir þm. höfum tekið þátt í því að samþykkja lög sem við síðan treystum okkur ekki til að standa undir með því að leggja byrðar á skattborgarana. Ég býst við að allir hv. þm. séu undir sök seldir í þessu efni og auðvitað færi miklu betur á því að við tækjum með öðrum hætti á frómum óskum um útgjöld, þannig að við þyrftum ekki að standa frammi fyrir því að samþykkja skerðingarákvæði af þessu tagi, og kannske rís sá dagur einhvern tíma að við tökum okkur saman í andlitinu og tökum á því verkefni.

Varðandi Ríkisútvarpið hefur hæstv. menntmrh. þegar svarað þeirri fsp. Um þá skerðingu sem getið er um er samstaða í ríkisstjórninni. Það er ekki ætlunin að knésetja Ríkisútvarpið á einn eða annan hátt. Ég ætla ekki að fara við þessa umræðu út í umfjöllun um stöðu þess, en hún er auðvitað á margan hátt á annan veg en frjálsu útvarps- og sjónvarpsstöðvanna. Á marga lund hefur Ríkisútvarpið auðvitað miklu betri aðstöðu, m.a. með afnotagjöldum, en á móti hvíla auðvitað á því meiri skyldur en hinum frjálsu útvarpsstöðvum. Það er hins vegar spursmál hvort ástæða er til þess að Ríkisútvarpið haldi úti allri þeirri starfsemi sem það hefur haldið úti eftir að útvarpsrekstur var gefinn frjáls. Til að mynda má alveg spyrja að því hvort Rás 2 sé nauðsynleg í ríkisrekstri eftir að útvarpsrekstur er orðinn frjáls. Ég hygg að það sé alveg efni til þess að spyrja þeirra spurninga, án þess að ég ætli að kalla á frekari umræður um Ríkisútvarpið.

Það hefur verið vikið að því að batnandi efnahagur og betri staða þjóðarbúsins sé ekki ríkisstjórninni að þakka heldur hafi ytri skilyrði skipt þar sköpum. Það er auðvitað laukrétt að ytri skilyrði í þjóðarbúinu hafa skipt sköpum í þessu efni. Aflabrögð hafa farið batnandi, viðskiptakjör hafa batnað og allt þetta hefur bætt okkar hag, en í þessu efni gildir það auðvitað eins og áður að öllu skiptir hvernig á er haldið. Oftar en ekki höfum við glutrað góðum efnahagsárangri úr höndum okkar þegar góðærið hefur fallið okkur í skaut. Og ég fullyrði það að ef ekki hefði tekist sú þjóðarsátt á vinnumarkaðinum í vetur sem raun varð á værum við ekki að tala um það núna að geta búið við viðvarandi stöðugt verðlag, við værum ekki að tala um það að kaupmáttur væri að aukast um 7 eða 8% umfram það sem samið hefur verið um, annað árið í röð. Við værum að tala um óðaverðbólgu, við værum að tala um rýrnandi kaupmátt. Ég ætla síður en svo að vanmeta þátt aðila vinnumarkaðarins í þeirri þjóðarsátt. Auðvitað hvíldi sú samningagerð fyrst og fremst á þeirra herðum. Ég þarf ekki að rifja það upp að um það urðu miklar deilur á hausti 1984 þegar það var boðið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka þátt í lausn kjarasamninga með skattalækkunum til þess að ná þeirri samstöðu sem þá varð ekki en tókst í byrjun þessa árs.

Ríkisstjórnin vildi vinna það til að reka ríkissjóð með halla, hún vildi fórna markmiðinu um jöfnuð í ríkisrekstri til þess að ná þessum markmiðum. Ég hef sagt og held því fram að þátttaka ríkissjóðs í lausn kjaradeilnanna hafi verið lykillinn að því að við búum núna við lægra verðbólgustig og aukinn kaupmátt. Ef sú stefnumörkun hefði ekki verið fyrir hendi værum við að tala um allt annars konar efnahagslegar aðstæður. Um þetta þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð en auðvitað höfum við orðið fyrir því láni að allar ytri aðstæður hafa gengið okkur í hag og það skiptir sköpum að okkur hefur borið gæfa til að nýta það sjálfum okkur til framdráttar og til þess að auka þau verðmæti sem við höfum til skipta með þjóðinni.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör við þeim spurningum sem ég setti hér fram er þeir hafa nú veitt.

Í tilefni orða hæstv. núverandi menntmrh. um að

markandi að þessu leyti, að fjárfestingarsjóðirnir hafa nú frjálsræði með hvaða hætti þeir taka þau lán erlendis sem þeir fá heimild til skv. þessum lögum. Fram til þessa hafa lántökur þeirra verið bundnar við Framkvæmdasjóð, þeir hafa verið neyddir til þess að taka lán sín í gegnum Framkvæmdasjóð. Nú hafa þeir frjálsar hendur í þessu efni. Þeir geta falið Framkvæmdasjóði þetta, þeir geta óskað eftir því að ríkissjóður annist þessar lántökur og þeir geta tekið þessi lán sjálfir erlendis ef þeir telja sér það hagkvæmt. Þetta er eitt af þeim fjölmörgu atriðum sem færa má fram og sýna einmitt það að markvisst hefur verið unnið að því að slaka á miðstjórnartökum á efnahagslífinu og auka frelsi á peningamarkaðinum.

Hv. 8. þm. Reykv. hélt því enn fremur fram að enginn árangur hefði orðið af því að draga úr erlendum lánum. Þó kemur það mjög skýrt fram að þetta hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu hefur lækkað úr 55% frá því í fyrra niður í 49,4% skv. frv.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. hélt því að vísu fram að þetta hefði enga þýðingu, það skipti akkúrat engu máli þó að skuldahlutfallið lækkaði af þessum sökum, vegna þess að meginástæðan fyrir því væri aukin framleiðsla og lægri vextir og gengisbreytingar á erlendum mörkuðum. Auðvitað er það rétt að þessar aðstæður allar hafa hjálpað til við að lækka erlendu skuldirnar, en við höfum jafnan talað um erlendar skuldir sem ákveðið áhyggjuefni fyrst og fremst vegna þess hversu stór hluti þær voru orðnar af þjóðarframleiðslunni og eru reyndar enn. Og það hversu alvarleg þessi staða er byggist auðvitað á því hvert hlutfallið er á milli skuldanna og framleiðslunnar. Við hljótum að fagna því að framleiðslan hefur aukist og hættan er því minni sem þetta hlutfall verður lægra. Á undanförnum árum hefur markvisst stefnt í þá veru og mun svo áfram á næsta ári þegar skuldahlutfallið lækkar verulega, en auðvitað á það rætur að rekja til þess m.a. að framleiðslan hefur verið að aukast. Þó höfum við náð þeim árangri núna að opinberir aðilar eru að grynnka á erlendum skuldum, þeir borga nú meira af erlendum lánum en sem nemur nýjum lánum og það hefur ekki gerst árum saman og er þess vegna tímamótaviðburður.

Hv. þm. spurði einnig um ríkisábyrgðir, hversu mikið þær hafi aukist á undanförnum árum, hverjum arði þær hafi skilað og að hve miklu leyti þær hafi lent á ríkissjóði. Upplýsingar um þetta koma fram í athugasemdum með fjárlagafrv. og í töfluviðauka sem fylgir með þeim athugasemdum á bls. 312 og 313 kemur fram hverjar breytingar hafa orðið, hver aukningin hefur verið á veittum ríkisábyrgðum. Þar kemur m.a. í ljós að á ríkissjóð féllu árið 1985 34 millj. kr. Í vanskilum voru 1984 353 millj., en 454 millj. 1985. Auðvitað kann það að vera matsatriði hverjum arði þau lán hafa skilað sem þannig hafa verið tekin með ábyrgð ríkissjóðs, en ég hygg að í flestum tilvikum hafi verið um að ræða lántökur sem hafi skilað arði fyrir þjóðarbúið í heild sinni.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vék að því að með þessu fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga væri ekki spá um verðbólgu á næsta ári, það væri breyting frá því sem áður hefur verið. Að vísu var það svo að á síðasta þingi voru fjárlög og lánsfjárlög miðuð við desemberverðlag og síðan við lokaafgreiðslu var verðlagsforsendum breytt miðað við nýjustu upplýsingar. Auðvitað eru aðstæður allar aðrar nú en þegar óðaverðbólga geisaði sem mest í tíð síðustu ríkisstjórnar og ég hygg að það hafi ekki verið til mikils hagræðis þó að menn hafi sett einhverjar reiknitölur inn í frv. þá sem voru langt frá verðbólgustiginu. Nú höfum við náð þeim árangri að verðbólga hefur færst verulega niður og þegar kemur að lokaafgreiðslu þessara frv. á með nokkurri vissu að vera hægt að færa frv. til áætlaðs verðlags á næsta ári og heppilegast að það sé gert sem næst lokaafgreiðslu þegar þær forsendur liggja ljósar fyrir.

Hv. þm. hélt því enn fremur fram að hann hefði við umræðu um lánsfjárlög í fyrra haldið því fram að hallinn yrði meiri en þar var ráð fyrir gert og að vísu er það svo að það hefur komið fram, en ástæðurnar eru augljósar. Fyrst og fremst þær að ríkissjóður tók þá ákvörðun í byrjun árs að taka með þeim hætti sem alkunnugt er þátt í lausn kjarasamninganna og í framhaldi af því samkomulagi tók ríkisstjórnin ákvörðun um að ganga lengra í ýmsum efnum til þess að halda niðri verðlagi en beint var samið um við verkalýðsfélögin. Það skýrir að hluta til að hallinn varð meiri og enn fremur að launaþróunin á þessu ári hefur verið með þeim hætti að laun opinberra starfsmanna hafa hækkað nokkuð meira en ráð var fyrir gert á þeim tíma. Þetta skýrir þennan mismun að fullu.

Hv. þm. hélt því síðan fram að í frv. fælist mikill feluleikur með því að ríkissjóður ætlaði að taka lán hjá lánastofnunum og á hinn bóginn kæmi það fram að lánastofnanir væru að auka erlendar lántökur. Á þann veg væri ríkið með óbeinum hætti að taka erlend lán. Þetta er auðvitað mikill misskilningur og stafar eðlilega af því að hv. þm. hafa ekki haft nægan tíma til að brjóta frv. til mergjar. Ríkissjóður tók á þessu ári lán hjá bankastofnunum fyrir rúmar 800 millj. kr. og það er talið eðlilegt og mögulegt að halda þeim lántökum áfram á næsta ári. Þau auknu lán sem atvinnulíf og lánastofnanir taka erlendis samkvæmt þessari lánsfjáráætlun fara fyrst og fremst til stofnfjársjóðanna. Hér er um það að ræða að Fiskveiðasjóður er að taka meiri erlend lán, Byggðasjóður er að taka meiri erlend lán og ríkissjóður tekur auðvitað ekki eina krónu að láni hjá þessum aðilum. Hins vegar er áætlað að hann taki að láni hjá bankastofnunum þannig að þessi fullyrðing á ekki við nein rök að styðjast en skýrist vafalaust af því að tími til þess að kynna sér frv. hefur ekki verið nægur.

Að því er varðar fsp. hv. þm. um 18. gr. frv. er þar um að ræða að skil á tekjum af erfðafjárskatti voru ákveðin með samkomulagi á þeim tíma sem ákveðin krónutala. Það fórst hins vegar fyrir að gæta forms-

ekki fyrir hendi en innlendir. Öll loforð gefin af sjálfstæðismönnum eru gefin í nafni Sjálfstfl. og ég mun ekki hlaupa frá neinu því loforði, ef um loforð hefur verið að ræða, sem forveri minn og flokksbróðir hefur gefið.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja hér örfá orð í belg um frv. til lánsfjárlaga. Ég tek undir það sem fram hefur komið í umræðunni að það er mjög mikilvægt að hægt sé að leggja fram lánsfjárlög svona snemma að hausti. Það urðu þáttaskil á síðasta þingi í þessu efni. Ég get ekki látið hjá líða að þakka starfsliði fjármálaráðuneytisins og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þessi tvö frv., fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv.

Þetta frv. gengur að lokinni þessari umræðu til fjh.- og viðskn. Ég á sæti í þeirri nefnd og hef að sjálfsögðu tækifæri til þess að fjalla þar nánar um einstaka þætti frv.

Lánsfjárlögin eru veigamikil varðandi ríkisfjármálin og fela í sér nokkur stefnumarkandi atriði. Ég ætla ekki að ræða um þau langt mál en tvö atriði eru mjög þung á metunum í mínum huga í sambandi við lánsfjárlögin.

Þau þáttaskil verða með lánsfjárlögunum að opinberar erlendar lántökur eru minnkaðar og afborganir eru nú meiri en ný lán. Þetta er afar mikilvægt því að vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum lánum hafa vaxið mjög á undanförnum árum og hafa verið þjóðarbúinu mjög þungbærar. Vaxtalækkun á erlendum mörkuðum hefur haft gífurlega þýðingu fyrir efnahagsþróunina í jákvæða átt og skuldastaða okkar gagnvart útlöndum hefur úrslitaáhrif í atvinnulífi okkar og efnahagslífi.

Í öðru lagi er sú stefna mörkuð að renna stoðum undir atvinnulífið í landinu og það er í rauninni eina færa leiðin í stöðunni, okkar skuldastöðu, að auka framleiðsluna til þess að við séum betur í stakk búin til þess að greiða upp okkar erlendu skuldir. Það er eina færa leiðin. Lánsfjárlög gera ráð fyrir að Byggðastofnun taki lán til þess að renna stoðum undir hraðfrystiiðnaðinn í landinu en hluti hans hefur átt í erfiðleikum og ég vil undirstrika mikilvægi þessarar lántöku.

Ég vil einnig benda á að í þessari áætlun er gert ráð fyrir lántöku til Þróunarfélags Íslands sem á að vinna að nýjungum í atvinnulífinu og efla þar nýsköpun. Þetta tel ég afar mikilvægt atriði til þess að treysta atvinnulífið í landinu sem er undirstaða batnandi hags og bættra lífskjara. Það er nokkuð leggjandi á sig fyrir þessi grundvallaratriði. Auðvitað hefði maður óskað sér hærri framlaga í þessari áætlun til ýmissa þarfra mála, til ýmissa sjóða. Eins og fram hefur komið eru hér skerðingarákvæði sem eru m.a. til komin vegna þess að þm. hafa í bjartsýni sett lög um ýmsa málaflokka sem síðan hefur reynst erfitt að standa við. Þessi skerðingarákvæði eru ekki ný af nálinni. Það er ekki nýlunda í þessu frv. að þau sjái dagsins ljós.

Ég verð þó að benda á ákvæði í 22. gr. um skert framlag til Ferðamálasjóðs og í 23. gr. um Félagsheimilasjóð. Varðandi Ferðamálasjóð má segja það að ferðamál eru vaxtarbroddur í atvinnulífinu víða og það er umhugsunarefni hvort rétt er að skerða þessi framlög ár eftir ár. Ég mun ræða þessi mál nánar í meðferð fjh.- og viðskn. og fá um þau nánari upplýsingar. Hvað Félagsheimilasjóð varðar eru þar mjög mikil verkefni og langur skuldahali. Það er spurning hvort hann getur haldið uppi starfsemi öllu lengur og hvaða möguleika hann hefur til að standa við sínar skuldbindingar. Ég mun óska upplýsinga um það í meðförum fjh.- og viðskn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að setja á langa ræðu um frv. til lánsfjárlaga við þessa 1. umr. Ég hef tækifæri, eins og ég hef komið að, til að afla mér nánari upplýsinga um einstök atriði frv. í meðförum fjh.- og viðskn. og mun láta þetta nægja að sinni í umfjöllun um frv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla að víkja í örfáum orðum að nokkrum þeirra athugasemda og spurninga sem fram hafa komið í umræðunum. Það er rétt sem bent hefur verið á í þessari umræðu, bæði af hv. 5. landsk. þm. og hv. 3. þm. Norðurl. v., að undirbúningur fyrir þessa umræðu af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur eðli máls samkvæmt verið skammur, en það er hins vegar svo að meira hefur verið deilt á ríkisstjórnir á undanförnum árum fyrir það að koma of seint fram með lánsfjárlagafrv. en of snemma. Nú er lánsfjáráætlun lögð fram með fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga kemur fram á sama tíma. Ein er sú gagnrýni, sem fram hefur verið sett af þeim sökum að lánsfjárlagafrv. hefur komið seint fram, að þar með gæfist nefndum skemmri tími til þess að fjalla um frv. En með því móti að það kemur nú fljótt fram og er tekið strax til umræðu vinnst á móti því að undirbúningstími fyrir þessa umræðu er skammur að nefndin hefur rýmri tíma til umfjöllunar og við eigum síðan eftir að fjalla um frv. við tvær umræður.

Formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur tjáð mér að hann ætli að kalla nefndina saman eftir helgi, þannig að það sýnir eitt með öðru að góður tími gefst til umfjöllunar um málið á þeim vettvangi áður en til 2. umr. kemur. Enn fremur er rétt að taka fram að af hálfu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur þingflokkum verið boðið að sérfræðingar komi á fund þingflokkanna til þess að skýra tæknilega frá atriðum sem felast bæði í fjárlaga- og lánsfjárlagafrv. Ég geri ráð fyrir, eins og fram kom hjá hv. 5. landsk. þm., að þeir fundir byrji í dag.

Hv. 8. þm. Reykv. taldi að þetta frv. bæri sérstök einkenni þess að ríkisstjórnin væri ríkisstjórn kerfisins og að hún vildi í engu slá af miðstjórnartökum á efnahagslífinu. Fyrir þessari fullyrðingu voru að vísu engin rök færð fram heldur einungis hefðbundin upphrópun af hálfu hv. þm. Ég vil þó benda á eitt atriði, sem fram kemur í þessu frv. og er stefnu-

fram að það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar eða mín að setja þetta fyrirtæki á vonarvöl. Vegna afnotagjalda þá er þess að geta að um það var samið í upphafi árs við verkalýðshreyfinguna að þessi gjöld, sem og mörg önnur, myndu ekki hækka á þessu ári, stendur út þetta ár og við það verður staðið auðvitað. Mér er ljóst að það kreppir að Ríkisútvarpinu. En ég hygg nú að því séu ýmsar leiðir færar og vegir færir og ég mun enda greiða götu þess vegna þess að ég ætla þessu fyrirtæki mikinn hlut. Og það er misskilningur ef menn halda að því hlutverki, sem ég fyrir mitt leyti ætla þessu fyrirtæki, að við því verði tekið af hinum svonefndu frjálsu útvarps- eða sjónvarpsstöðvum.

Ég var fylgjandi þeirri ráðabreytni um setningu nýrra útvarpslaga og dreg ekkert í land um þá afstöðu, en Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, á miklu hlutverki að gegna og ég mun ekki láta mitt eftir liggja til þess að styrkja aðstöðu þess fyrirtækis. Um einstakar ráðstafanir í sambandi við fjárhag þess og afkomu ætla ég ekki að sitja fyrir svörum nú. En ég endurtek það að ég mun leggja mitt af mörkun til þess að vel verði fyrir fjárhag og afkomu Ríkisútvarpsins séð.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Vegna fsp. frá hv. 5. landsk. þm. til mín sem iðnrh., er varðar fjárhag Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, vil ég upplýsa það að starfandi er nefnd, sem ég setti á laggirnar, sem athugar þessi mál, stöðu fyrirtækisins og annarra orkufyrirtækja í þeim landshluta. Sú nefnd er að störfum undir forustu aðstoðarmanns míns, Jónasar Elíassonar, og eiga sæti í henni að sjálfsögðu heimamenn í réttu hlutfalli eins og gefur að skilja. Sú nefnd hefur ekki skilað niðurstöðu, en nefndin er að sjálfsögðu sett á laggirnar til að finna lausn á þessum mikla vanda. Hitt er annað mál að við höfum ekki hugsað okkur að hlaupa frá neinum loforðum sem við gefum þó við skiptum um stóla. Ég mun að sjálfsögðu hafa allt það, sem forveri minn hefur látið falla, í huga þegar að lokasennu kemur í lausn á þessu máli.

Nú er það svo að raforkuverð er byggt á nýjum fjárfestingum í virkjunum og er samræmt, m.a. í Andakílsárvirkjun, við aðrar nýjar rafveitur eða raforkuframleiðandi fyrirtæki, sem er kannske ekki nauðsynlegt vegna þess að Andakílsárvirkjun er gömul fjárfesting, skuldlaus, þannig að það hlýtur að vera óeðlilega, má segja, mikill ágóði miðað við það sem nýjar framkvæmdir gefa í ágóða. Svo það getur vel verið, það hefur ekki verið fullkannað, að ágóði af einni virkjun, sem er þá rafvirkjun, megi standa undir vandamáli annarrar virkjunar fyrir sama fólkið, í sama héraði, þ.e. hitaveitnanna. Allt þetta er í athugun og niðurstaðan hlýtur að vera í sjónmáli.

Ég segi þetta m.a. vegna þess að ég er að koma af erlendri orkumálaráðstefnu þar sem saman voru komnir um fjögur þúsund sérfræðingar á þessu sviði víðs vegar að úr heiminum og þar voru staddir 27 orkumálaráðherrar. Eitt af því sem var hvað athyglisverðast voru umræður um þessi mál og svipuð þeim sem hér eru á dagskrá nú. Þau voru rædd á þann hátt að vegna sveiflna í olíuverði var tekin ákvörðun um heim allan um að leita annarrar orku en olíu. Og það var talið borga sig vegna þess hve olíuverðið var hátt. Síðan fellur olíuverðið verulega og þá eru það flestar þjóðir sem draga úr þessari leit að nýjum orkugjöfum í stað olíu.

Þetta átti sér stað hjá okkur. Ríkisstjórnin hvatti til þess að heita vatnið yrði notað í ríkara mæli vegna hins háa verðs á annarri orku eins og olíu. Nú er það svo að þau ríki, sem hafa dregið í land með leit að öðrum orkugjöfum vegna þess að olíuverðið hefur lækkað, eru uggandi yfir framtíð sinni. Og þess vegna hafa komið mjög sterkar raddir fram víðs vegar að úr heiminum, frá vísindamönnum nánast allra þessara landa, sem þarna tóku til máls, að olíuverð verði að hækka verulega á ný, og því fyrr því betra, vegna þess að við verðum að byggja brú — eins og þeir orðuðu það, vísindamennirnir á þessari ráðstefnu, — við verðum að byggja brú frá fortíðinni og nútímanum inn í framtíðina. Orkugjafinn sem í dag er þekktur og notaður verður að standa undir framkvæmdum við þá orkugjafa sem koma í staðinn fyrir olíuna.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að gera eitthvað slíkt hér á landi líka. Við verðum að halda áfram að virkja þá orku sem er heima fyrir, sem ekki er innflutt, þó að hún sé dýr. Og einhvern veginn verðum við að borga hana og þá verðum við að borga hana á þennan sama hátt og vísindamenn allra þjóða tala um, að orkan, sem við höfum og notum í dag, hún eigi að standa undir framkvæmdum við þá orkugjafa sem framtíðin kemur til með að nota. Þetta held ég að sé alveg ljóst.

Ég vil upplýsa það að ég bar vissan ótta í brjósti við að hlusta á þessa vísindamenn tala varnaðarorð til stjórnmálamanna um að jafnvel 30 dollarar, sem var hámarksverð á sínum tíma þegar olíutunnan lækkaði, sé ekki nóg. Þeir tala um 50–60 dollara á tunnuna. Og þeir benda á að við erum að missa af tækifærum vegna þess að olían, það heildarmagn af olíu sem vitað er um í heiminum, er aðeins 7% af öllum þeim orkugjöfum sem þekktir eru í heiminum. Það gæti verið að hægt væri að finna að þeirra mati 7% til viðbótar af olíu. En olían í dag stendur undir 40% af orkunotkun í heiminum. Þannig að þetta sem eftir er af olíu, þetta litla sem eftir er af olíu, sögðu þeir, verður að skattleggjast þannig að það standi undir orkugjöfum, sem þá verða óhjákvæmilegir, þegar olían þrýtur. Og þess vegna segi ég: Við skulum hugsa okkar mál vel. Við skulum ekki hætta að virkja innlenda orkugjafa eins og heita vatnið þó svo að aðrir orkugjafar, innfluttir orkugjafar, séu ódýrari í augnablikinu. Við skulum búa okkur undir framtíðina með því að safna í sarpinn til þess að geta verið tilbúin þegar heimurinn stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að aðrir orkugjafar eru

gjöld opinberra stofnana hækkuðu ekki á árinu. Gott og vel. Hvað gerist svo? Núna situr Ríkisútvarpið ekki lengur eitt að þeim auglýsingamarkaði á öldum ljósvakans sem það hefur setið eitt að í 55 ár. Hvað gerist? Það verður hrun í auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins og ég fullyrði það hér og nú að á þessu ári stefnir í gífurlegan hallarekstur hjá Ríkisútvarpinu. Gífurlegan hallarekstur. Og ég get nefnt það sem dæmi að bara þau gjöld sem skv. þessari 27. grein á að taka afturvirkt af Ríkisútvarpinu — og oft hef ég heyrt talsmenn Sjálfstfl. tala um það hér að skattalög mættu ekki virka aftur fyrir sig — og ég sé ekki betur en að það gildi nákvæmlega það sama um þetta. Hvaða röksemdir mæla fyrir því að þessi lög séu afturvirk gagnvart þessari ríkisstofnun? Á fyrri helmingi þessa árs námu tekjur af innflutningsgjöldum sem áttu að renna til Ríkisútvarpsins, bara fyrstu 6 mánuði þessa árs, 60 millj. kr.

Eins og ég minntist á áðan þá eru nú komnir tveir aðilar sem keppa beint við Ríkisútvarpið, hin nýja „frjálsa" útvarpsstöð og hin nýja „frjálsa" sjónvarpsstöð, sem er byrjuð að senda út nú. Það fjármagn, sem fyrirtækin hafa til umráða til að auglýsa, eykst ekki við það að fjölmiðlum fjölgar. Auglýsingafjármagnið eykst ekki. Það kemur bara *minna í hvers hlut. Augljós sannindi.* Og það stefnir í verulegt hrun auglýsingatekna Ríkisútvarpsins. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og formann Sjálfstfl.: Er það, mér sýnist það, stefna Sjálfstfl. að knésetja nú Ríkisútvarpið í fjármálalegu tilliti á kostnað hinna svokölluðu „frjálsu" stöðva sem hafa engar skyldur, bara réttindi? En Ríkisútvarpið, á það að hafa aðeins skyldur og engin réttindi? Mér sýnist það vera stefna þessarar ríkisstjórnar og það er satt að segja furðulegt ef öll ríkisstjórnin stendur óskipt að því — og hefði nú verið ástæða til að biðja hæstv. menntmrh. um að koma hér í salinn. Ég mælist til þess ef forseti getur sinnt þeirri minni ósk, vegna þess að ég vil heyra hann tjá sig um þetta líka. Hér er um að ræða stórmál sem varðar alla landsmenn. Hér er um að ræða mál sem varðar landsbyggðina. Hér er um að ræða öryggismál. Ríkisútvarpið er aðalöryggistæki íslensku þjóðarinnar ef til einhverra alvarlegra eða válegra tíðinda dregur hér á landi. Það nær um allt land. Þeir sem eru í þessum störfum, útvarpi og sjónvarpi, til að græða peninga, þeir hafa engan áhuga á útvarpi fyrir Djúpavog. Þeir hafa engan áhuga á útvarpi fyrir Búðardal. Þeir hafa áhuga á útvarpi fyrir þetta Stór-Reykjavíkursvæði og ekkert annað. Sem sagt: Réttindi. Engar skyldur. Þetta er mál sem varðar alla þjóðina og alla landsbyggðina. Spurningin er: Á nú að koma Ríkisútvarpinu, *þessum fjölmiðli okkar allra, á kné með því* að setja Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju, eins og mér sýnist allt benda til að núverandi stjórnarflokkar séu að gera? Ég endurtek það, og *bið þm. að hlusta grannt, að hér er um mjög* alvarlegt mál að ræða.

Menn hafa sjálfsagt gaman af því að hér er komin ný útvarpsstöð, sem spilar létta tónlist allan daginn, og það er komin ný sjónvarpsstöð, sem sýnir einhvers konar framhaldsþætti og sápuóperur, sem svo eru kallaðar, löðurþætti og afþreyingarefni af svona heldur léttvægara tagi. Jú, jú, menn hafa sjálfsagt gaman af þessu. En ég spyr: Er þetta nú mikill menningarauki allt saman? Ég er ekki að vanmeta *gildi afþreyingar með neinum hætti en, hafandi séð* og heyrt, hef ég vissar efasemdir. Og æ finnst mér koma betur í ljós hversu góð dagskrá Ríkisútvarpsins og fjölbreytt í raun og veru er. — Ég geri ráð fyrir, virðulegur forseti, að hæstv. menntmrh. sé ekki í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er í húsinu. Það er verið að athuga hvort það næst samband við hann. Nú gengur hann í salinn.) — Ég var, hæstv. menntmrh., að óska eftir nærveru þinni hér vegna þess að mér sýnist uggvænlega horfa um hag mestu menningarstofnunar íslensku þjóðarinnar, Ríkisútvarpsins.

Hér í lánsfjárlögum er gert ráð fyrir að taka með afturvirkum hætti — og ég spyr nú hvernig ráðherranum falli það í geð — í 27. gr. lánsfjárlaga á að taka af Ríkisútvarpinu allar tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum fyrir árin 1986 og 1987. Á fyrri helmingi þessa árs eru þetta 60 millj. kr. Og ég spyr, m.a. *með tilliti til þess að fyrr á þessu ári var Ríkisútvarp*inu synjað um hækkun afnotagjalda: Er það stefna ríkisstjórnarinnar og er það með samþykki hæstv. menntmrh. að koma þessari stofnun nú á kné eða a.m.k. að setja hana í fjárhagslega spennitreyju þannig að hún megi sig hvergi hræra? Mér þætti vænt um að fá svar við þessu.

Ég spurði líka áðan, og snertir nú málið einnig þennan hæstv. ráðherra, þá beindi ég því til eftirmanns hans í embætti, hæstv. iðnrh., hvort ætlunin væri að standa við það loforð sem hæstv. núverandi menntmrh. gaf, sem iðnrh., um fjárframlag til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Ég spurði hæstv. núverandi iðnrh., hvort hann hygðist standa við það loforð. Og ég spyr þá hæstv. núverandi menntmrh. hvort hann hafi í huga að hjálpa hæstv. eftirmanni sínum að standa við þetta loforð sem hann gaf á sínum tíma á fundi og ég hygg að hann muni vel eftir.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar vil ég aðeins rifja það upp að ég lýsti því yfir að mér sýndist staða þess fyrirtækis vera með þeim hætti að með öllu væri útilokað að hún fengi risið undir þeim skuldum og fjármagnskostnaði sem af þeim leiddi, og að það mál yrði ekki leyst, að *mínum dómi, eins og þá stóðu sakir nema hið* opinbera kæmi þar til skjalanna með einhverjum hætti. Öðruvísi var ekki frá þessu gengið. Þetta væri mín skoðun eftir að hafa kynnt mér stöðu þessa fyrirtækis. *Ég skal ekki segja hvernig þessar sakir* standa nú, enda verða aðrir fyrir svörum að þessu leyti.

Vegna Ríkisútvarpsins þá skal ég aðeins taka það

mynda sem sjálfstæðismenn hafa lagt til í nefndinni. Eru menn sem sagt tilbúnir til þess að nota reglu d'Hondts við úthlutun þingsæta og losna þannig við „reglu stærstu leifar" sem svo hefur verið kölluð? Eru menn í alvöru tilbúnir til að setja niður sérfræðinganefnd stjórnmálaflokkanna og reyna að einfalda úthlutunarreglur uppbótarþingsætanna, en eins og a.m.k. hv. þm. ættu að vita fer úthlutun uppbótarþingsætanna fram skv. gildandi lögum í fjórum þrepum og er nokkuð flókið fyrirbæri?

Ég vil fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna lýsa því yfir að við erum tilbúnir að vinna að þessu starfi, láta þá vinnu ganga greiðlega fyrir sig og stefna að því að þessu starfi verði lokið fyrir áramótin þannig að kjósa megi samkvæmt kosningalögum, sem tekið hafa breytingum á þessu þingi, þegar á næsta ári þegar næst verða kosningar til Alþingis.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér kom satt að segja nokkuð á óvart þessi ræða hv. 2. þm. Reykv. Hún er vafalaust flutt að gefnu tilefni. Það er prófkjör hjá íhaldinu um næstu helgi í Reykjavík og menn þurfa að láta aðeins í sér heyra, sérstaklega þessir ábyrgu leiðtogar sem eru minna í auglýsingunum en hinir.

Það er alveg ljóst að það er engin samstaða um það í þinginu að taka upp reglu d'Hondts við úthlutun þingsæta. Það mál gekk fyrir sig með þeim hætti að 1982 var rætt um það að breyta kosningakerfinu og m.a. hvaða úthlutunarregla ætti að vera. Regla d'Hondts hefur verið notuð hér um áratuga skeið eins og menn vita. Þingsætum var úthlutað með því að deila með tölunni 1, 2, 3, 4, 5 o.s.frv. Hins vegar var ljóst í umræðum formanna flokkanna á þeim tíma, sem ég tók þátt í ásamt formanni Framsfl. og þáv. formanni Alþfl., að þeir voru tilbúnir að taka upp reglu Lagues, en það er svokölluð oddatöluregla. Það var bersýnilegt að sú regla gefur í raun og veru langbestan jöfnuð. Útreikningar liggja fyrir um það og þetta er regla sem hefur verið fylgt með smávegis lagfæringum í grannlöndum okkar um áratuga skeið. Páv. formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, núv. bankastjóri Seðlabankans, var í fyrstu hlynntur þessum hugmyndum. Þegar hins vegar kom á daginn hætta á því að þessu yrði beitt í sveitarstjórnarkosningum líka, og þar á meðal í Reykjavík auðvitað, lagðist Sjálfstfl. skyndilega gegn þessari hugmynd um að beita oddatölureglunni vegna þess að hún kemur í veg fyrir að menn geti haldið meiri hluta í sveitarfélagi eins og Reykjavík á minni hluta atkvæða. En d'Hondt-reglan skapar aftur á móti möguleika til slíks. Ef Sjálfstfl. er nú skyndilega þeirrar skoðunar að hann vilji brjóta þetta mál upp og reyna að keyra hér fram sínar hugmyndir tel ég sjálfsagt að kanna í leiðinni hvort hér er hægt að mynda meiri hluta fyrir annarri úthlutunarreglu en reglu stærstu leifar, sem er í gildandi kosningalögum, og taka í staðinn upp oddatölureglu. Ef hlutföll í þinginu eru svipuð og voru 1982–1983 í þessu efni er meiri hluti fyrir henni. Og ef Sjálfstfl. kýs að halda þannig á málum að hér verði brotið upp það samkomulag, sem gert var á milli flokka um kosningalagabreytinguna 1982–1983, er sjálfsagt að taka því og takast þá á um þær breytingar með eðlilegum þingræðislegum hætti.

Ég vil sem sagt segja það af okkar hálfu að það hefur alltaf legið fyrir að við erum tilbúin til að skoða þessa oddatölureglu, sem er einfaldari en það kerfi sem er í gildandi kosningalögum, en við höfum verið andvíg d'Hondt-reglunni vegna þess að hún leiðir til mismununar og þess að flokkur getur fengið meiri hluta í bæjarfélagi t.d. án þess að hafa meiri hluta atkvæða.

Það er mikið talað um að þetta nýja kosningakerfi sé flókið, kosningakerfið sem var samþykkt 1983–1984. Ég vil segja í fullri hreinskilni og einlægni, eftir að hafa farið yfir þessi mál og borið saman þessi kosningakerfi, að þetta nýja kosningakerfi er á engan hátt flóknara en hið gamla. Munurinn er bara sá að menn höfðu lært að búa við gamla kerfið áratugum saman og kunnu þess vegna að nota það. Þetta nýja kosningakerfi er í raun og veru mjög einfalt. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt fyrir dómsmrn., og ég vil beina því til hæstv. dómsmrh., að það verði gert átak til að kynna rækilega löngu fyrir alþingiskosningar hið nýja kosningakerfi eða það kosningakerfi annað sem kosið verður eftir. Hér er um að ræða vissar reikningslegar breytingar sem menn þurfa að læra vel á í tæka tíð fyrir kosningarnar en ég tel að þetta kerfi sé í rauninni ekki flókið heldur einfalt og jafnvel einfaldara á marga lund en gamla kosningakerfið.

Ég vildi láta þetta koma fram í tilefni af orðum hv. 2. þm. Reykv. af því að hann óskaði eftir áliti manna á þeim hugmyndum sem hann setti hér fram.

Eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. var til þess ætlast að það yrði kannað hvort hægt væri að ná samkomulagi um að færa persónukjör meira inn í kosningamyndina en gert er í gildandi kosningalögum. Þetta er góð hugmynd og þörf að mínu mati. Ég hef hins vegar ekki séð neinar brúklegar hugmyndir í þessu efni enn þá. Ég vona að þeirri nefnd sem við kjósum hér, sérstakri nefnd til að fjalla um þetta mál, kosningalaganefnd, auðnist að taka á þessu máli, en í því sambandi og þessu öllu er þó rétt að benda á að til er ein nefnd sem heitir hvorki meira né minna en stjórnarskrárnefnd. Það var mikið óþol í liði Sjálfstfl. 1982–1983 yfir því að stjórnarskrárnefndin ynni lítið og hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnar Thoroddsen sat undir miklum ákúrum fyrir að hafa ekki rekið þá nefnd hraðar áfram. Þeir sem hraðast og harðast ráku á eftir tóku svo við forustunni í stjórnarskrárnefndinni eftir síðustu kosningar. Hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason er þar formaður. Ég vildi gjarnan inna eftir því hvort eitthvað hefur til hennar spurst, þessarar stjórnarskrárnefndar, hvað hún er að bauka. Hvað hefur hún haldið marga fundi að undanförnu? Hæstv. viðskrh. er ekki hér í salnum, formaður stjórnarskrárnefndar. Það væri full ástæða til þess, úr því að

á híbýlum sínum og til annarra þarfa leituðu að versla við þetta fyrirtæki, kaupa afurð þess og versla við það, borgaði hið opinbera stórlega niður raforku til þessara neytenda. Það var eitt af því sem ég vildi taka til sérstakrar athugunar að við hættum að gera vegna þess að auðvitað sjá menn í hendi sinni hversu öndvert þetta er. Það var enn eitt sem við ræddum, skuldbreytingar til lengri tíma. En hvernig sem á málið var litið, þótt markaðurinn næðist allur, þótt skuldbreytingar yrðu framkvæmdar, þótt taxtar yrðu hækkaðir, og það máttu þeir, það var mögu-leiki miðað við það eins og fyrst stóðu sakir þegar ég leit á þessi mál, en auðvitað eru takmörk fyrir því hvað hægt er að hækka þessa taxta, þrátt fyrir þetta var samt sem áður svo, og ég endurtek það, að hitaveitan mundi alls ekki verða í færum um það sjálf að axla þær byrðar sem á henni hvíldu, og því var það að ég lýsti þessu yfir, að ég hygði að hið opinbera yrði með einhverjum hætti að koma til skjalanna. Að ég hafi nefnt að ríkið tæki þessar 5 millj. dollara og legði þær fram er alveg óhugsandi. Þarna blanda menn saman yfirferð yfir stöðu fyrir-tækisins. En ég sneri aldrei aftur með það að ríkið yrði að liðsinna fyrirtækinu með einhverjum hætti ef þess ætti að vera einhver von að það gæti náð vopnum sínum.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 18. mál. — Þskj. 18.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Frv. til l. um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis hefur legið fyrir Alþingi á undanförnum tveimur þingum, en eigi hlotið af-greiðslu. Er frv. nú endurflutt.

Í framsögu fyrir frv. á fyrri þingum hefur verið gerð grein fyrir helstu breytingum er í því felast. Eru þær flestar lagfæringar til samræmis við breytingar sem gerðar voru á kosningalögum vorið 1984 sam-fara stjórnarskrárbreytingunni þá. Voru tillögur þessar undirbúnar í tengslum við meðferð þess frv. í nefnd, en eigi vannst tími til að afgreiða þær þá og var gert ráð fyrir að þær yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Frv. hefur sem fyrr segir legið tvisvar fyrir Alþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Undir lok síðasta þings skilaði kosningalaganefnd, er hafði frv. til meðferð-ar, þó áliti og lagði til að frv. yrði samþykkt með breytingu á einni grein þess, en talið var að ákvæði 4. mgr. 112. gr. gildandi kosningalaga samrýmist ekki stjórnarskránni.

Þetta frv. er nú flutt óbreytt frá fyrri gerð með þeirri breytingu einni er leiðir af brtt. kosningalaga-nefndarinnar. Frv. fjallar að öðru leyti ekki um reglur kosningalaganna né heldur reglur um til-högun persónukjörs, en umfjöllun um þau atriði varð ekki lokið á þinginu 1984 og var gert ráð fyrir því að áfram yrði unnið að því máli milli þinga og hefur nefnd sú, sem um frv. hefur fjallað hér á Alþingi, hugað að því atriði.

Ég tel ekki þörf á að fylgja frv. þessu úr hlaði með frekari orðum, en vísa til fyrri framsögu minnar með frv. og athugasemda með því.

Herra forseti. Er frv. þetta hefur verið til með-ferðar á Alþingi hefur verið kosin sérstök nefnd til að fjalla um efni þess. Var það gert með hliðsjón af því að líklegt þótti að við athugun frv. kæmu til skoðunar önnur atriði kosningalaganna. Tel ég rétt að sama tilhögun verði nú viðhöfð og að kosin verði sérstök þingnefnd til að fjalla um efni frv. og önnur atriði kosningalaganna sem þá kunna að koma til álita. Jafnframt legg ég til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og þeirrar nefndar.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Þegar hv. kosningalaganefnd svo-kölluð lauk sínum störfum á s.l. vori skilaði hún nál. og brtt. við frv. sem hér hefur verið lagt fram, en í frv. er nú tekið tillit til þeirrar brtt. sem er 26. gr. frv. Það var álit okkar, sem störfuðum í þessari hv. nefnd á síðasta þingi, að með því að afgreiða málið frá nefndinni og leggja til að frv. yrði samþykkt með þeirri brtt., sem flutt var þá á sérstöku þskj., hefði skapast grundvöllur til útgáfu brbl. ef til kosninga hefði verið boðað áður en þing kom saman nú í haust.

Ég leyfi mér að taka undir með hæstv. ráðh. þegar hann leggur til að málið fari aftur til kosningalaga-nefndar sem er sérstök nefnd kosin af þessari hv. deild. Jafnframt vil ég rifja það upp að þegar nýju kosningalögin voru samþykkt í upphafi þessa kjör-tímabils á grundvelli nál. sem lá fyrir þegar stjórnar-skrárbreyting var samþykkt á síðasta kjörtímabili lýstu formenn stjórnmálaflokkanna því yfir að þeir ætluðust til að áfram yrði unnið að þessu máli og reynt að gera á kosningalögunum breytingar, sér-staklega til einföldunar á því kerfi sem nú er í gildandi kosningalögum. Ég tel að það sé eðlilegt að kjósa kosningalaganefnd sem allra fyrst og stefnt verði að því að fyrir áramót verði hægt að afgreiða þetta frv. með breytingum. Ég vek athygli á því, sem ég held að sé ástæða til að leggja sérstaka áherslu á, að þeir sjálfstæðismenn sem skrifuðu undir nál. s.l. vor lýstu því yfir að þeir væru tilbúnir að breyta gildandi kosningalögum þannig að regla d'Hondts verði notuð við úthlutun þingsæta.

Ég tel við 1. umr. málsins ástæðu til að beina þeim spurningum til fulltrúa annarra flokka en Sjálfstfl. hvort þeir séu tilbúnir til þess að vinna að breyting-um á kosningalögum, t.d. á grundvelli þeirra hug-

leiðtogar Sjálfstfl. eru að vekja þetta mál hér upp til ítarlegrar umræðu, að biðja hæstv. forseta að hlutast til um að hæstv. samgrh. verði kallaður inn til að spyrja hann: Hvað er að frétta af stjórnarskrárnefndinni? Hvað er hún að bauka? Er hún kannske komin með álit um þetta persónukjör eða önnur mál sem hún átti að fjalla um? Hvernig stendur það mál? Er einhver hér inni sem getur frætt okkur um þessa nefnd? Ég sé það ekki í hópi þeirra þm. sem hér eru staddir. Kannske vilja menn gleyma þessu fyrirbrigði. En af því að varaformaður Sjálfstfl. var að vekja þetta mál upp til sérstakrar umræðu tel ég sjálfsagt að sýna honum þá virðingu að bæta inn í það þessari miklu stjórnarskrárnefnd.

Nú veit ég að hv. 2. þm. Reykn. var handgenginn þessu máli um nokkurt skeið. Kannske hann gæti frætt okkur um hvað hefur orðið af þessari stjórnarskrárnefnd eða kannske er hún svo mikið feimnismál í Sjálfstfl. að enginn vilji kannast við hana. Ég sé að menn eru heldur niðurlútir hér úr þeim hópi. **(Gripið fram í:** Er þm. að auglýsa eftir nefndinni?) Já, auglýsa eftir stjórnarskrárnefnd. Það er auðvitað hugsanlegt að setja auglýsingu í Lögbirtingablaðið eða Stjórnartíðindi og spyrja hvort það hafi eitthvað frést af stjórnarskrárnefndinni. Kannske koma upplýsingar fram á eftir. Mér þætti vænt um ef leiðtogar Sjálfstfl., sem eru að hefja hér umræðu um þetta mál, gætu frætt okkur um hið ötula starf formanns stjórnarskrárnefndar.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er gamalkunnugt viðfangsefni sem við höfum hér til umræðu í dag. Kosningalög hafa verið til meðferðar á undanförnum þingum, fyrst á þinginu vorið 1984. Þá voru gildandi kosningalög samþykkt og þá fylgdi þeim svohljóðandi nál. sem mig langar til að lesa, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur *athugað málið á mörgum fundum* og haft samráð við ýmsa sérfræðinga. Nefndarmenn ræddu ýmsar breytingar á frv. sem til greina gátu komið. Frv. þetta er byggt á samkomulagi formanna fjögurra stjórnmálaflokka frá síðasta þingi og efnislegum breytingum á frv. varð ekki komið við þar eð samkomulag náðist ekki. Nefndarmenn lýsa því hins vegar yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu á milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi. Nefndinni vannst heldur ekki tími til þess að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs. Það verður með sama hætti rætt á *milli þinga*.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 222 með tveimur breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj."

Undir þetta rita Páll Pétursson, formaður, framsögumaður, Þorsteinn Pálsson, Kjartan Jóhannsson, Kristín Halldórsdóttir með fyrirvara, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson.

Það er skemmst af að segja að sú vinna, sem þarna var heitið að innt skyldi af hendi, tókst ekki betur en svo að á næsta haustþingi lágu niðurstöður ekki fyrir og frv. kom fram og varð ekki útrætt á því þingi.

Á 108. löggjafarþingi var málið enn lagt fram og ný nefnd kosin í málið. Hún fjallaði um það og komst að samkomulagi um nokkrar breytingar tæknilegs eðlis sem samræmdu frv. stjórnarskránni og gengu þannig frá frv. að mögulegt er að kjósa eftir kosningalögunum eins og þau yrðu að samþykktum breytingum sem nefndin lagði til. Mig langar til að lesa þetta nál. líka, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. vandlega. Sú skoðun kom fram í nefndinni að æskilegt væri að gera miklu meiri breytingar á lögunum en frv. gerir ráð fyrir. Ekki tókst að ná samstöðu um veigamiklar breytingar. Það er hins vegar vilji nefndarmanna að reynt verði til þrautar fyrir árslok að ná víðtækri samstöðu þingflokkanna um verulegar breytingar á kosningalögum.

Þær breytingar, sem frv. fjallar um, eru flestar tæknilegs eðlis og til þess að sníða ágalla af lögunum þannig að unnt sé að kjósa eftir þeim. Nefndin telur þær breytingar, sem í frv. felast, ýmist nauðsynlegar eða mjög til bóta.

Enn fremur kom í ljós að mjög orkar tvímælis að ákvæði 4. tölul. 12. gr. gildandi kosningalaga samrýmist stjórnarskrá. Þykir því óhjákvæmilegt að breyta honum. Þessar breytingar eru fluttar á sérstöku þskj. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni vilja láta þess getið að þeir séu reiðubúnir til þess að breyta gildandi kosningalögum þannig að regla d'Hondts verði notuð við úthlutun þingsæta."

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, formaður, framsögumaður, Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson, Halldór Blöndal, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson og Gunnar G. Schram.

Það er af þessu ljóst að það er mikill vilji hér í þinginu til breytinga og satt að segja viðurkenna flestir alþm. að þau kosningalög sem við búum við og jafnvel þó þeim yrði breytt svo sem hér er lagt til séu hálfgert klúður og breytingar á reiknireglu er m.a. *það sem menn velta fyrir sér.*

Ég vil ekki úttala mig fyrir hönd míns flokks um reglu d'Hondts. Ég held að hún geti komið til greina og hún er rökrétt. En flokkslega höfum við ekki tekið afstöðu til þess máls og svara ég þannig spurningu hv. 2. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar.

Valfrelsi kjósenda var *eitt af því sem ekki* var uppfyllt af formannanefndinni sem samdi hið upphaflega kosningalagafrv., þ.e. aukið persónukjör. Ég fyrir mitt leyti er kominn að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast sé að haga því þannig til að kjósandinn númeri á þann lista, sem hann ætlar að kjósa, í kjörklefa. Hins vegar er ekki útrætt í *mínum flokki* heldur hvernig persónukjöri verði best við komið. En ég held að það sé mjög mikið atriði að kjósandanum sé tryggður meiri réttur til að hafa áhrif á hverjir fulltrúar listans koma til með að sitja á

Alþingi en er skv. gildandi kosningalögum.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði áðan um að 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson hefði verið að ýja að því að brjóta upp samkomulag formanna stjórnarflokkanna. Ég get ekki séð að samkomulag formanna stjórnarflokkanna þurfi að standa til eilífðarnóns. Samkomulag formanna stjórnarflokkanna var fullnað með samþykkt kosningalaga, þeirra sem hafa gilt síðan í maí 1984, og það var það sem þeir komu sér saman um. Það frv. var gert að lögum og ég sé ekki að ekki megi breyta þeim lögum eins og öðru ef menn sjá betur eða tími vinnst til þess að vinna málið betur.

Ég legg áherslu á að það er mjög mikilvægt að hafa víðtæka samstöðu um þetta viðkvæma mál og það var mjög reynt bæði við samningu formannafrv. og eins í þeim kosningalaganefndum sem síðan hafa starfað. Að vísu varð ekki allsherjarsamstaða því að það var ágreiningur innan sumra flokka um formannafrv. þótt formennirnir væru allir á einu máli, en ég held að það sé mikilvægt að hafa víðtæka samstöðu. En það getur verið óhjákvæmilegt að rjúfa þá samstöðu ef samstaðan er ekki um annað en að gera ekki neitt.

Hv. 3. þm. Reykv. furðaði sig á vinnubrögðum stjórnarskrárnefndar og hann var orðinn óþolinmóður að bíða eftir niðurstöðum hennar. „Ég beið þín lengi, lengi, mín liljan fríð", stendur í kvæðinu. Til þess að vera ekki að ómaka formann stjórnarskrárnefndar, hæstv. samgrh., vildi ég ráðleggja hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni að spyrja hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds, sem mun einnig vera fulltrúi í téðri stjórnarskrárnefnd, hvað líði störfum nefndarinnar. Ég veit af eigin reynslu að hv. þm. Svavar Gestsson hefur oft beðið eftir Ragnari Arnalds og gæti gjarnan beðið svars hjá honum um tíma og fengið upplýsingar um hvar verki stjórnarskrárnefndar er komið og þarf ekki að víkja því til formannsins sérstaklega.

Reikniregla og persónukjör eru ekki viðfangsefni stjórnarskrárnefndar og því getum við breytt með lagabreytingu hér í Alþingi og ég tel að það komi vel til skoðunar að gera það.

Ég vona hins vegar, og vil láta það verða mín síðustu orð hér í ræðustól að þessu sinni, að víðtæk samstaða náist um þær breytingar sem ég tel nauðsynlegt að gera á þessu frv.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er greinilegt að lögin sem voru samþykkt í maí 1984 eru enn eitt dæmið um flaustursleg afgreiðslu á hv. Alþingi. Kannske verða þau til þess að það verði ekkert kosið á næstunni, menn komist ekkert út úr þessu, og það ætti nú að kóróna allt saman. Kannske haustkosningum hafi verið frestað vegna þess að menn treystu sér ekki í þær út af því að geta ekki komist frá lögunum.

Ég skal ekki blanda mér í þennan þátt mála. Ég var andvígur því frv. á sínu tíma og skal ekki blanda mér í þetta, en mér sýnist greinilegt að þetta mál á enn eftir að þvælast fyrir spekingunum hér í þinginu.

En það er annað mál, sem er í tengslum við þetta, sem ég vil minna á hér. Það eru þær yfirlýsingar sem formenn flokkanna gáfu á sínum tíma í grg. með frv. um hvað gera skyldi fyrir landsbyggðarfólk til að jafna búsetu í landinu. Það virðist ekkert þvælast fyrir mönnum eins og hv. þm. Friðrik Sophussyni og Páli Pétursyni. Það virðist ekkert þvælast fyrir þeim að hafa áhyggjur af því hvað þar kann að gerast þó að menn horfi upp á það nánast daglega að landflótti er utan af landsbyggðinni vegna þessara mála. (**Gripið fram í:** Meira að segja þingmanna.) Meira að segja þingmanna og er nú hart keyrt, eins og Vestfirðingar sögðu um framsóknarmenn: Og þú líka Steingrímur. (**PP:** Sjálfstæðismenn í Norðurl. v.) Já, kannske er það það sem hv. þm. Páll Pétursson stefnir fyrst og fremst að, að íhaldið á Norðurlandi vestra fari allt í burtu. Líklega er það meiningin og það er kannske það hálmstrá sem hann vill halda í að ekkert verði þar nema framsóknarmenn. Sér er nú hver hugsunin hjá þessu liði!

Ég minni á að nýlega er nefnd þingflokkanna búin að skila frá sér skýrslu um málefni sem formenn flokkanna gáfu undir fótinn með á sínum tíma fyrir röskum tveimur árum. Ég hygg að það sé myndarplagg og hér inni eru ábyggilega menn sem geta greint betur frá því en ég, en ég hefði gjarnan viljað að þeir sem nú eru að tala um breytt kosningalög létu fylgja í kjölfar þeirra breytinga tillögur til úrbóta til jöfnunar á búsetu. Ég hef ekki séð neinar tillögur uppi um slíkt af hálfu hæstv. ríkisstj. eða stjórnarliða almennt nema þá einu, sem kom fram áðan, að hrekja íhaldið í burtu.

Það urðu hér umræður í vor einmitt um þessa nefnd og þá kom það í ljós að fulltrúar stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., hefðu ekki sinnt í neinu þeirri skyldu sinni að láta þessa nefnd starfa eða skila af sér. Það kostaði nokkrar umræður utan dagskrár á Alþingi að þessir menn tækju til starfa og ynnu það sem ætlað var. Þetta er hugurinn sem stjórnarliðið á hv. Alþingi ber til landsbyggðarfólks. Þarna sýna menn í verkum hvað þeir meina. Ég sé að hæstv. forsrh. er ekki í salnum, en það hefði verið ástæða til að spyrja hann hvenær sé að vænta tillagna hæstv. ríkisstjórnar til að jafna búsetu í landinu. (**GJG:** Með lögum?) Með lögum? Það hygg ég að verði með lögum. Ég hef ekki séð annað gerast í þeim efnum undanfarið. Ég hygg að löggjafinn verði að ryðja þá braut að jafna búsetu með aðgerðum frá löggjafans hendi.

Ég vildi varpa þeirri spurningu til allra hæstv. ráðherra sem eru hér inni fyrst hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í því sem við höfum nú upplifað, þ.e. að fólksflótti er brostinn á utan af landsbyggðinni? Vegna hvers? Vegna þess hvernig atvinnuástand er sums staðar, miklu dýrara er að lifa, öll þjónusta er í lágmarki miðað við suðvesturhornið. Vegna þessa fer fólk. Og hvers er það annars en löggjafans að spyrna við fótum í

þessum efnum?

Ég er ekki einn um það að vera orðinn langeygður eftir því að eitthvað gerist í þessum málum og eftir því sem lengri tími líður, eftir því verður málið erfiðara. Ég lýsi ítrekað eftir viðhorfum hæstv. ráðherra til þessara mála. Það liggur meira á því að gera ráðstafanir til að breyta þessu til hagsbóta fyrir dreifbýlisfólkið en að hlaupa upp á hverju ári með breytingu á kosningalögum nema því aðeins að menn telji brýnt að fresta kosningum eins lengi og hægt er með þessum hætti.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Þegar gildandi kosningalög voru samþykkt var þeim sem að því stóðu öllum ljóst að á þeim lögum væru ýmsir vankantar og ánægja manna með þau lög var misjafnlega mikil eða lítil. Menn töldu hins vegar að það væri ekki stætt á öðru en að í gildi væru kosningalög í landinu á hverjum tíma og lögin sem slík voru samþykkt vegna þess að það var talið nauðsynlegt að í gildi væru kosningalög, en með þeim fyrirvara og því fororði af hálfu þeirra sem að þessu stóðu að leggja ætti vinnu í að ná fram endurbótum á því kerfi sem þarna hafði verið samþykkt. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að allir hafi verið sammála um að það væri sjálfsagt að leita eftir betra kerfi, sanngjarnara og einfaldara, en því sem við vorum með á milli handanna. Árangur af því starfi hefur ekki orðið sjáanlegur enn þá. Við Alþýðuflokksmenn erum enn sömu skoðunar. Við teljum nauðsynlegt að það sé lögð vinna í að skoða þetta betur og leita að einfaldara, sanngjarnara, réttlátara kerfi.

Hitt er annað mál að tíminn er orðinn skammur. Skoðun okkar er óbreytt í þessu efni, en tíminn er orðinn skammur. Þess vegna ríður á miklu að menn vindi að því bráðan bug, ef breyta skal, að breyta. Ég tel að það sé ótækt að það hangi yfir mönnum langt fram eftir þingi að leikreglurnar í þeim kosningum sem fram undan eru séu óvissar. Niðurstaða í þessu máli verður því að fást á alnæstu mánuðum þannig að það liggi ljóst fyrir hverjar lei' reglurnar eru.

Ég ætla ekki að fara út í vangaveltur um hvort d'Hondt, Lague eða einhver annar herramaður eigi að vera til fyrirmyndar. Á sínum tíma stóðu menn upp frá þessu verki þannig að menn höfðu ekki bundið sig á klafa neins ákveðins fyrirkomulags í þeim efnum og ég held að ef menn ætla að ná árangri eigi menn ekki að gera það fyrir fram. En við í Alþfl. höfum áhuga á því og við erum reiðubúnir að skoða þetta mál áfram, en leggjum þá jafnframt áherslu á að það verði gert fljótt og hratt og menn standi að því með opnum huga.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar áðan, þar sem hann hafði áhyggjur af því að það yrði ekki hægt að kjósa, get ég huggað hann með því, ef hann er einhvers staðar nærstaddur, að það verður kosið og hann getur verið alveg rólegur með það. Fyrst þurfum við bara að samþykkja þetta frv., helst endurbætt. En í öllu falli er hægt að kjósa eftir því þegar við erum búnir að lögfesta það. Ef við hefðum þurft að kjósa í sumar hefði verið mögulegt að setja brbl. í samræmi við efni þessa frv. þannig að við hefðum kosningalög sem hald væri í.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að tveir mikilhæfir stjórnmálaleiðtogar eru að flytja sig úr dreifbýliskjördæmum á Faxaflóasvæðið. Það er alls ekki það að ég vilji hrekja íhaldið úr Norðurlandi vestra. Mér hefur stundum þótt nóg um uppgang þess að vísu og gæti vel hugsað mér að framsóknarmenn þar væru fleiri og sjálfstæðismenn færri. Hins vegar vil ég láta koma fram að ég hef alls ekki eða við framsóknarmenn hrakið Eyjólf Konráð burtu frá okkur úr Norðurlandskjördæmi vestra. Hann beinlínis strauk úr kjördæminu. Og hann er kominn á annan vettvang. (**SvG:** En Steingrímur? Strauk hann?) Nei, hann fékk köllun.

Nefndin um jafnréttið hefur starfað vel og skilað áliti. Þingflokkur og framkvæmdastjórn Framsfl. hafa málið til sérstakrar skoðunar og ég vona að við komum til með að taka afstöðu til þess innan skamms hvernig við bregðumst við. Ég hafði enga oftrú á að þessi nefnd næði verulegum árangri því að verkefni hennar var svo afskaplega örðugt og mér fannst að formennirnir settu þessa nefnd upp eða gæfu fyrirheit um hana til að létta á sér og gera nokkra yfirbót. En eftir að hafa séð það sem frá nefndinni hefur komið viðurkenni ég að það er margt skynsamlegt í þessu áliti og það er full ástæða til að gaumgæfa það með hinni mestu alvöru.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson sagði áðan um að niðurstaða yrði að fást á næstu mánuðum í þessu kosningalagamáli er ég honum fyllilega sammála og ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf og ég átti reyndar von á frá honum, að Alþfl. mundi ganga að þessu máli með opnum huga og væri fús að standa að breytingum á kosningalögum á víðari grundvelli en lagt er til í þessu frv.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Í fyrsta lagi vil ég segja það vegna orða hv. 3. þm. Reykv. að það, eins og hann veit, var aldrei ætlunin að nota þær reglur, sem komu fram í almennu kosningalögunum, í sveitarstjórnarkosningum. Um það var samið í upphafi. Eftir reglum um kosningar í sveitarstjórnir var farið við síðustu sveitarstjórnarkosningar og það er að sjálfsögðu d'Hondt reglan. Í því kerfi er fræðilegur möguleiki að minni hluti kjósenda geti náð meiri hluta í sveitarstjórnarkosningum. Það er sú regla sem hefur verið í kosningalögum um árabil og heldur áfram að vera í lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Í öðru lagi er öllum ljóst og ekki síst formanni Alþb., hv. þm. Svavari Gestssyni, að stjórnarskrár-

nefnd er ekki að fjalla um kosningatilhögun. Við lítum svo á, og ég held að allir hafi áttað sig á því, hann einnig, að kosningamálefnin, þ.e. tilhögun kosninga, séu til umfjöllunar á Alþingi en ekki í stjórnarskrárnefnd. Það eru auðvitað fjöldamörg önnur málefni er varða stjórnarskrána sem eru til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd. Ég get hins vegar ekki frekar en hv. þm. og formaður Alþb. getið mér til um hvað starf nefndarinnar er komið langt.

Það sem skiptir máli, og það er þess vegna sem ég opnaði þessar umræður eftir að hæstv. ráðh. hafði mælt fyrir frv., er að vekja athygli á því að þetta er í þriðja skiptið sem við gerum tilraun til að ná fram breytingum á nýsettum kosningalögum. Það hafa allir í orði kveðnu lýst því yfir að þeir séu tilbúnir að ganga til þess verks, en þegar á hólminn hefur komið finnst mér stundum að á hafi skort að menn hafi þorað að ræða þær hugmyndir til hlítar. Við skulum átta okkur á því að þegar um þessa nýju tilhögun var samið á sínum tíma kom fram sú hugmynd eða tillaga frá þeim sem fóru með formennsku hjá minni stjórnmálaflokkunum, Alþfl. og Alþb., að þeir ættu verulega möguleika á því í nýju kosningakerfi að fá þm. kjörna í minnstu kjördæmunum, þurrkuðust ekki út í minnstu kjördæmunum. Þetta varð til þess að stærri flokkarnir eiga meiri möguleika á því að fá fleiri menn kjörna en þeir eiga skilið samkvæmt sínu hlutfalli í stærri kjördæmunum. Þetta sjónarmið var staðfest með þeim kosningalögum sem í gildi eru.

Ég held að ég fari ekki rangt með og ég held að það hafi verið upplýst og komið fram á opinberum vettvangi að það mun einkum vera innan þingflokks Alþb. sem um þetta mál hefur verið deilt. Þegar ég opnaði þessar umræður áðan var það til að átta mig á því hvort það þyddi nokkuð að vera að ræða þetta mál með það að yfirlýstu markmiði að ná svokölluðu víðtæku samkomulagi um lausn málsins, hvort Alþb. væri tilbúið til að hverfa frá þeim hugmyndum sem eru í núgildandi lögum. Ég heyrði það af ræðum hv. þm. Páls Pétursssonar og hv. þm. Kjartans Jóhannssonar að Alþfl. og Framsfl. eru tilbúnir að gera þetta, en mér fundust svör formanns Alþb. ekki vera nægilega skýr. Þess vegna kann það að gerast að meiri hluti myndist um breytingar á þessum lögum. Það verður skoðað í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og engin ástæða er til þess á þessu stigi að kveða of sterkt að orði.

Aðalatriði málsins er að vekja athygli á því að við erum í blindgötu með þetta mál. Kerfið, sem á að kjósa eftir, er flókið. Það er hægt að einfalda það ef menn ganga til þess verks.

Ég er því líka sammála, sem hér hefur komið fram, að þetta verður að gerast fyrir jól og ef ekki næst samkomulag eða myndast meiri hluti er eins gott að lýsa því yfir þá þegar að það verði kosið eftir gildandi lögum óbreyttum og kynna þá það kerfi sem kjósa á eftir eins og hv. þm. Svavar Gestsson lagði til. (**PP:** Gildandi lögum svo breyttum.) Gildandi lögum breyttum þannig að þau séu í samræmi við stjórnarskrá. Það er eina brtt. sem við samþykktum að flytja á s.l. vori. Ég tel að um frv. sem hér liggur fyrir sé full samstaða allra þingflokkanna. Það er ekki vandamálið. Eina breytingin sem í frv. felst og fjallar raunverulega um kosningakerfið er að breyta kosningalögunum til samræmis við stjórnarskrárákvæði. Það er það allra minnsta, held ég, sem þingflokkarnir geta komið sér saman um, að virða stjórnarskrá landsins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. 2. þm. Reykv. leggur á það áherslu að orðið hafi samkomulag um fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninganna og vill ekki rjúfa það, en er hins vegar bersýnilega að búa sig undir að rjúfa samkomulagið í sambandi við fyrirkomulag alþingiskosninganna. Mér finnst lítið samræmi í þessum málflutningi og ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að sama reglan gildi bæði í alþingiskosningum og í sveitarstjórnarkosningum. Það er að öllu leyti heppilegast.

Varðandi stjórnarskrárnefndina sem hér var nefnd, þá vil ég ítreka að hún hefur auk stjórnarskrárbreytinga fjallað um hugmyndir um persónukjör og mér er ekki kunnugt um að hún hafi fellt þær athuganir sínar niður. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, eins og ég reyndar ræddi í neðrideildarnefndinni í hitteðfyrra þegar ég sat í þessari nefnd, að það verði kannað hvað stjórnarskrárnefndin er að gera í þessu efni þannig að ekki sé um að ræða tvíverknað og margverknað og ætti ekki að vera ofverk manna að reyna að stilla sig saman í þeim efnum.

Nýju lögin hafa bersýnilega haft mikil áhrif nú þegar, nýju kosningalögin. Þau hafa haft þau áhrif að flytja til frambjóðendur úr tveimur kjördæmum, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Forsenda þess að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson fær köllun er sú að það er búið að breyta kosningalögunum. Það er athyglisvert að daginn eftir að forsrh. tilkynnir þetta skuli formaður þingflokks Framsfl. vilja koma í bak formanni sínum og snúa þessu skyndilega við eins og hér er verið að ræða um.

Ég vil nálgast þessi mál með opnum hug og leggja áherslu á tvennt:

Í fyrsta lagi að það verði reynt að stuðla að víðtæku samkomulagi vegna þess að málið er flókið og vegna þess að það skiptir miklu máli fyrir þjóðina að um mál af þessu tagi sé sem víðtækast samkomulag.

Í öðru lagi hef ég lýst því hér yfir, sem hefur verið afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna í þessu máli alveg frá upphafi, að við værum tilbúin að taka upp oddatölureglu sem er mikið einfaldari en sú regla sem er í gildandi kosningalögum. Og spurning mín áðan var sú hvort menn vilja taka upp málið á þeim grundvelli að láta þingið takast á um hvort á að gilda, oddatölureglan eða d'Hondt-reglan eins og hv. þm. Friðrik Sophusson nefndi áðan.

Ég vil svo endurtaka það, sem hér hefur verið sagt af öðrum ræðumönnum, að ef þetta verður ekki

um eða íbúðakaupum. Á því tímabili er mest vinna lögð af mörkum og minnstur tími gefst til að sinna barnauppeldi. Þjóðfélagið hefur ekki reynt að létta byrði þessa samfélagshóps og er vert að gefa þessum þætti gaum á ári barnsins."

Þessi orð hafa síður en svo glatað gildi. Meðal fjölmargra tillagna um úrbætur í málefnum barna nefnir þm. stofnun embættis barnaumboðsmanns. Nágrannar okkar hafa einnig ýmist ákveðið að leggja fram frv. að þessu embætti eða þegar samþykkt það. Í Noregi var embætti umboðsmanns barna stofnað með lögum árið 1981. Þar í landi deila menn ekki um mikilvægi þess starfs sem þar er unnið. Á þessum árum hefur barnaumboðsmaður bæði haft frumkvæði um úrbætur í málefnum barna og einnig hafa börn snúið sér til embættisins með erindi sín og hefur verið reynt að leysa þau í samvinnu við viðkomandi aðila. Í Danmörku er frv. í umfjöllun í nefnd og líkur taldar á að það nái fram að ganga. Í Svíþjóð annast umboðsmaður þingsins mál barna sem annarra, en þar í landi er starfandi stofnun sem í daglegu máli nefnist BRIS sem er stytting á Barnens rett i samhället.

Frv. það sem hér liggur frammi hefur verið langan tíma í vinnslu. Ég hef leitast við að kynna mér þskj. og umræður frá nágrannalöndunum um þetta mál og notast við það sem okkur gat hentað, en aðstæður hér á landi eru vitanlega svo ólíkar að nauðsynlegt var að sníða það að þeim. Flm. lögðu til góðar ábendingar sem ber að þakka hér og ekki síst vil ég þakka hv. þm. Haraldi Ólafssyni sem lagði mikla vinnu í að fara yfir frv. og á verulegan þátt í samningu þess. Til gamans má geta að það var áður en við hv. þaulvanir þm. í sumarleyfi áttuðum okkur á að við erum ekki í sömu deild. En eftir stendur að hv. þm. Haraldur Ólafsson á þakkir skildar fyrir aðstoð við samningu frv.

Eins og frv. ber með sér er það hugsað sem rammalög. Nauðsynlegt yrði að setja reglugerð um nánari ákvæði. Gert er ráð fyrir að barnaumboðsmaður starfi innan dómsmrn. og hafi náið samstarf við aðra þá aðila sem með málefni barna fara. Það er því ekki um að ræða nýja stofnun og þess vegna yrði kostnaður ekki slíkur að í hann yrði svo horft að hann þyrfti að verða frv. að falli hér í þingsölum. Þá er mikilvægt að hv. þm. geri sér grein fyrir að stofnun embættis barnaumboðsmanns breytir engu um framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna frá 1966 né barnalaga frá 1981. Miklu fremur ætti hið nýja embætti að vera öðrum aðilum, sem samkvæmt þeim lögum vinna, til styrktar í starfi. Umboðsmaður barna er heldur ekki dómari né embætti hans dómstóll og hann á ekki að annast barnaverndarmál eða mál einstaklinga sjálfur heldur fylgjast með að þeim málum sem til hans er beint verði sinnt, beina þeim til réttra aðila og fylgja þeim eftir. Verksvið hans er í stuttu máli að vinna að öllum þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna eins og 4. gr. frv. segir sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa:

„Umboðsmaður barna skal vinna að þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna og hafa frumkvæði að úrbótum þar sem hann telur að á rétt þeirra sé gengið. Jafnframt skal hann fylgjast með því að samþykktir og ákvarðanir stjórnvalda, er snerta hagsmuni barna, séu framkvæmdar á tilsettum tíma. Meginverkefni umboðsmanns skulu vera að fylgjast með löggjöf og ákvörðunum sem stjórnvöld taka og snerta hagsmuni barna og vekja á því athygli sé þeirra ekki gætt, að fylgjast með framkvæmd laga og reglna er varða hagsmuni og réttindi barna, að hafa frumkvæði að úrbótum varðandi réttindi og aðstæður barna svo að þeim séu tryggð sem best og hollust uppvaxtarskilyrði, að vekja athygli á þeim árekstrum sem kunna að eiga sér stað milli hagsmuna barna og hinna fullorðnu í samfélaginu og vinna að lausn þeirra í samráði við þá aðila sem með þau mál fara, að vera opinberum aðilum og einstaklingum til ráðgjafar um allt það sem verða má til hagsbóta fyrir börn og hafa náið samstarf við alla þá aðila sem með málefni barna fara og loks að gangast fyrir rannsóknum á aðstæðum barna í samfélaginu og veita upplýsingar um stöðu þeirra, jafnt til einstaklinga sem opinberra aðila."

Frv. gerir ráð fyrir að sjö manna ráðgjafarnefnd starfi með umboðsmanninum. Er fulltrúum flestra þeirra stétta sem sérstaklega vinna við uppeldismál ætlað þar sæti, en þeir eru: Barnaverndarráð Íslands, Fóstrufélag Íslands, Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa, Kennarasamband Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Félag þroskaþjálfa og Félag uppeldisfræðinga.

Umboðsmanni ber síðan að skila árlegri skýrslu um starfsemina og skal hún lögð fyrir Alþingi. Þannig ættu hv. þm. að eiga greiða leið að því að fylgjast með starfi umboðsmannsins.

Loks er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1987.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á því að endurtaka það sem ég hef sett á blað í grg. sem þessu frv. fylgir. En ég vil þó aðeins minna á að það er auðvelt að sjá, ef litið er í kringum sig í þjóðfélaginu, að í því umróti sem Íslendingar hafa farið í gegnum á árunum síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk hafa börnin orðið verst úti og e.t.v. hinir öldruðu. Þjóðfélag okkar er að litlu leyti miðað við þarfir barna og hinna öldruðu, þ.e. hinna svokölluðu óarðbæru þjóðfélagshópa. Okkar þjóðfélag er byggt fyrir þá hraustu, fyrir þá sem eru í fullu starfi.

Stjórnvöld hafa á engan hátt komið til móts við þarfir barnanna í þessu breytta þjóðfélagi. Við getum litið í kringum okkur í skólakerfinu. Grunnskólalögin leggja kennurum landsins á herðar að vinna eftir ákveðnum reglum sem um flest eru ágætar, en við þurfum ekki oft að koma í skóla landsins til að sjá hvernig aðbúnaður er þar, kennaralaun ekki lengur til þess að framfæra venjulega fjölskyldu og húsakynni venjulegast slík að stórlega vantar á að þeim sé haldið við eða nægilegt húsnæði sé byggt.

búið fyrir jól, ef ákvarðanir hafa ekki verið teknar um breytingar fyrir jól á þessum málum umfram það sem liggur fyrir í þessu frv., eiga menn að gera það upp við sig að það verður kosið eftir gildandi kerfi og þá á að fara í þá kynningarstarfsemi á vegum dómsmrn. sem er óhjákvæmileg í þessu efni. Við eigum hins vegar ekki að gefa mönnum allt of miklar hugmyndir um það að mínu mati á þessu stigi málsins að þessu verði breytt. Ég hef engar tillögur heyrt um breytingar á þessu kosningalagakerfi sem ætla má að geti sameinað verulegan meiri hluta í þinginu. Ég hef engar slíkar tillögur heyrt og mér finnst langlíklegast að það endi með því að menn kjósi eftir gildandi kosningalögum. En það er sjálfsagt að kanna aðra hluti og á þeim forsendum munum við í þingflokki Alþb. kjósa okkar fulltrúa í þær nefndir sem um þessi mál fjalla.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að nauðsynlegt er að kynna þær reglur um kosningarnar, sem ákveðnar verða, á Alþingi svo fljótt sem þær eru afgreiddar þar því að að sjálfsögðu þurfa menn að hafa það ljóst í sínum huga hvaða reglur gilda áður en gengið er til kosninga. Mun ég reyna að gera ráðstafanir til þess. Ég tek undir það, sem hér hefur líka komið fram, að æskilegt er að það gerist með nokkrum fyrirvara fyrir þingkosningar. Þar af leiðandi þarf að afgreiða þetta mál eins fljótt og kostur er á Alþingi. Af þeim sökum hef ég flutt frv. í þriðja sinn þegar í upphafi þings, en af skiljanlegum ástæðum hef ég eingöngu lagt fram brtt. tæknilegs eðlis en ekki um hugsanlegar breytingar á persónukjöri eða kosningareglunum, deilireglunum, þar sem það er málefni sem þingflokkarnir hafa fjallað um og er því eðlilegt að fáist niðurstaða um í þinginu en ekki í dómsmálaráðuneytinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og samþ. með 21:2 atkv. að kjósa sérnefnd til að fjalla um málið.

Frv. vísað til ofangreindrar sérnefndar með 24 shlj. atkv.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um embætti umboðsmanns barna sem liggur frammi á þskj. 4 og er 4. mál þingsins. Frv. flytja ásamt mér hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson.

Í grg. með frv. hef ég leitast við að rekja þær miklu þjóðfélagsbreytingar, sem orðið hafa á síðustu áratugum í landi okkar sem og í nálægum löndum, og áhrif þeirra á líf og starf barna. Ég mun því í máli mínu hér fyrst og fremst skýra frv. sjálft. Tilgangur þess er augljós ef hv. þm. hafa gert sér það ómak að lesa grg.

Með henni fylgir hluti úr skýrslu um mannfjöldaspá frá Hagstofu Íslands sem Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri hefur verið svo vinsamlegur að leyfa birtingu á en skýrslan er ekki komin út. Þar kemur fram að líkur eru á að árið 2010 verði Íslendingar eldri en 65 ára 35,7% en þeir eru nú 24,4%. Börn eru talin verða 23% á aldrinum 0–6 ára árið 2010 en þau er nú 30,2%. Það blasir því við að verði ekki skipulega unnið að batnandi kjörum fjölskyldnanna í landinu svo að fýsilegt sé að eignast börn, sem tryggð séu sómasamleg uppvaxtarskilyrði við þær aðstæður sem fólk gerir nú kröfur til, tekur fólki beinlínis að fækka í landinu og aldurshlutfall raskast svo að ófyrirséð er hvernig þjóðfélag okkar lítur út þegar svo er komið.

Ljóst er að mikið vantar á það við löggjöf og aðrar ákvarðanir í samfélaginu að hugað sé að áhrifum laga og reglna á líf barna í landinu. Árið 1985 var íbúatala hér á landi 241 500 manns skv. upplýsingum Hagstofu Íslands. Þar af voru börn á aldrinum 0–6 ára 30 200 eða 12,5% og börn á aldrinum 7–15 ára 37 300 eða 15,4% landsmanna. Samtals voru því börn á aldrinum 0–15 ára 67 500 eða 27,9%, þ.e. rúmur fjórðungur íbúa þessa lands.

Menn deila tæpast um að í löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þjóðfélagsþegna svo að þeir megi allir þrífast sem best í landinu, ungir sem aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi og eiga að taka við af okkur hinum eldri. Það má þó ljóst vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu. Tilgangurinn með því frv., sem hér er til umræðu, er því að stíga mikilvægt skref í áttina til þess að börnin eigi sér málsvara sem taka verður tillit til.

Embætti umboðsmanns barna hefur oft verið nefnt þó að ekki yrði úr því fyrr en nú að lagt væri fram frv. um stofnun þess. Árið 1978 fluttu þm. Alþfl. till. til þál. um umbætur í málefnum barna í tilefni barnaárs og í grg. með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti yrði stofnað. 1. flm. þeirrar till. var Árni Gunnarsson, en till. varð ekki útrædd. Í grg. með till. segir hv. þm. Árni Gunnarsson m.a.:

„Nútímaþjóðfélagið virðist í framfaravilja sínum hafa gleymt hinum mannlega þætti í uppbyggingu þjóðfélagsins. Það hefur verið andsnúið börnum að vissu leyti. Má t.d. benda á þá öfugþróun að í flestum tilvikum eiga fjölskyldur og foreldrar barna í mestum fjárhagsörðugleikum þegar börnin eru yngst og þurfa á mestri umhyggju að halda. Þetta á við um þá er stofna heimili, standa í íbúðabygging-

Sama er að segja um dagvistarmálin. Tíu ára áætlun um byggingu dagvistarstofnana er nú þegar orðin nær pappírsgagn eitt þó að þar væri um samninga milli stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar að ræða, og nær eingöngu börn einstæðra foreldra eiga nokkra möguleika á því að komast á dagvistarstofnanir. Hugmyndir manna um dagvistarstofnanir eru enn þá á þann veg að þær eigi að vera geymslustaður fyrir börn meðan foreldrarnir eru að vinna úti. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi. Eins og lög um byggingu og rekstur dagvistarstofnana kveða svo skýrt á um, eiga þær auðvitað að vera uppeldisstofnanir sem að verulegu leyti, hvort sem okkur líkar betur eða verr, koma í staðinn fyrir uppeldi foreldranna sem nú hafa báðir verið kallaðir fyrir margt löngu út á vinnumarkaðinn.

Sama er að segja ef við lítum í kringum okkur þegar skipulagsmál ber á góma. Það er algengara en ekki að ný íbúðahverfi séu byggð án minnsta tillits til barnanna. Umferðaræðar eru fyrir bifreiðar en ekki gangandi fólk og því síður börn, enda tala skýrslur um slysatíðni meðal barna á Íslandi sínu máli og er auðvitað ábyrgðarhluti að Alþingi Íslendinga skuli ekki fyrir löngu hafa skorist í þann leik.

Ég ætla ekki og treysti mér varla til að byrja á að tala um stöðu barna þegar kemur að menningarmálum því að segja má að þar séu þau nær algerlega hundsuð. Fjórðungur þjóðarinnar er algerlega í menningarlegu svelti. Ríkisfjölmiðlar hafa sáralítið fé fengið til að búa til gott og menningarlegt barnaefni. Meginafþreying barna, t.d. við að horfa á ríkisfjölmiðlana eða hlýða, eru auglýsingar. Við getum rétt hugsað okkur hvaða afleiðingar sú afskræmda mynd af tilverunni hefur í hugum ómótaðra barna. Menningarstefna gagnvart börnum er engin, eiginlega hvorki í fjölmiðlum, kvikmyndahúsum né leikhúsum og jafnvel ekki hjá bókaforlögum. Þar má segja að hending ráði hvað börnunum er boðið.

Það er alkunna meðal þeirra sem með málefni barna fara og kennara í skólum landsins að í æ meira mæli ber á að erfitt reynist að kenna börnum að lesa, ekki vegna þess að börnin séu lakar gefin en þau hafa verið nema síður sé, heldur er ástæðan einfaldlega sú að börnin kunna ekki að tala, þau hafa engan orðaforða, enda hafa þau engan til að tala við. Við áttum því láni að fagna að alast upp á heimilum þar sem gekk um lifandi fólk og maður hlýddi á samræður fullorðins fólks. Þeir tímar eru liðnir. Þessi kostur er ekki fyrir hendi á venjulegu íslensku heimili í dag. Og vegna þess að hér á þessum haustdögum hefur mikið verið talað um að viðhalda, vernda, efla og styrkja íslenska menningu, og er það vel, verða menn að gera sér grein fyrir að íslensk menning er sjálfdauð ef börnin í landinu taka ekki þátt í þeirri baráttu. Það liggur í augum uppi. Það eru þess vegna síðustu forvöð að gera átak í að efla menningu sem er eðlileg og sjálfsögð aðgengis fyrir börn og unglinga.

Spár Hagstofu Íslands um fjölda Íslendinga eftir um það bil 30 ár eru satt að segja áhyggjuefni. Nú er ég ekki að segja að svo einfalt sé málið að sé nógu vel búið að fjölskyldunni og foreldrum eignist fólk æ fleiri börn. Raunar vitum við öll að það er mikill munur á aðstöðu fjölskyldna á Norðurlöndum í kringum okkur og hér og ekki virðist það vera hvetjandi til þess að fólk raunverulega vilji eiga stórar fjölskyldur á okkar dögum.

Trú mín er hins vegar sú að við séum þarna verulega öðruvísi. Ég held að það sé miklu meira eftir af vilja Íslendinga til að eiga stórar fjölskyldur. En ég geri mér fullkomlega grein fyrir, og ég held að við hljótum öll að gera það, að það er ekki efnilegt fyrir ungt fólk að efna til stórrar fjölskyldu þar sem svo til engin þjónusta er við þetta unga fólk sem ætlast er til að vinni úti á vinnumarkaðnum oft óheyrilega langan vinnudag. Það fær skólavist fyrir börnin sem á engan hátt hentar fjölskyldunni þegar litið er til vinnudags allra fjölskyldumeðlima, Alþingi Íslendinga telur þrjá mánuði nægjanlegan tíma til að finna þau tengsl sem hafa áreiðanlega úrslitaáhrif fyrir hverja lifandi manneskju allt lífið með því að fæðingarorlof er einungis þrír mánuðir og svo mætti lengi telja. Því hefur einfaldlega ekki verið svarað hvert á að senda barnið þegar þeim tíma lýkur. Þjóðfélagið hefur ekkert svar við því. Það er ætlast til að það fari eitthvað, flækist milli dagmæðra þar sem vistin kostar kannske helminginn af launum annars foreldrisins fyrir heils dags vinnu o.s.frv. Og svo mikið er búið að tala um húsnæðismál að ég ætla ekki að fara að víkja að því líka. En það er í raun og veru sama hvert er litið. Foreldrar standa einfaldlega ráðþrota með börnin sín miðað við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Og ég held að Alþingi Íslendinga sé tilneytt að taka á þessum málum af alvöru og gera sér ljóst að það er löngu kominn tími til þess að a.m.k. einn starfsmaður í þjóðfélaginu hafi þá ábyrgð að fylgjast með því að réttindi barna séu tryggð og tillit tekið til þarfa þeirra við þær ákvarðanir sem teknar eru.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að þetta frv. fari að lokinni 1. umr. til umfjöllunar í hv. allshn.

Kristín S. Kvaran:

Herra forseti. Það er að vísu ekki miklu við að bæta þær upplýsingar sem nú hafa komið fram hjá 1. flm. þessa frv., hv. 10. landsk. þm., en mig langaði til þess að það kæmi enn skýrar fram en einungis með nafninu mínu á frv. hvað ég styð þetta mál, vil ég þá helst bæta því við að það hefur ekki farið fram hjá neinum að þjóðfélagsmyndin hefur tekið stórstígum breytingum á undangengnum árum og að það er einnig staðreynd að þjóðfélagið hefur skipst upp í ákveðna hópa. Ég tek sem dæmi að stórfjölskyldan eins og hún var er nánast úr sögunni og það að svona hópar hafa myndast leiðir m.a. til þess að það fæst minni yfirsýn og þess vegna skapast í rauninni hætta á því að ákveðnir hópar einangrist og verði út undan. Þetta hefur helst orðið hvað varðar börn og

aldraða.

Þetta hefur leitt af sér þá þörf fyrir fólk að það myndi með sér ýmis félög, nefndir og ráð sem taka á hinum ýmsu atriðum og gæta hagsmuna félagsmanna sinna. Við höfum t.d. Jafnréttisráð og fagfélög og alls kyns stéttarfélög og meira að segja aldraðir hafa nú með sér samtök. Nú síðast er komið fram á þingi frv. til l. um umboðsmann Alþingis sem ég vona að nái fram að ganga. Það er sammerkt með öllum þessum félögum, nefndum og ráðum, sem ég var að tala um, að þau gæta réttar og hagsmuna hinna ýmsu hópa í þjóðfélaginu, en í öllum tilvikum á að gæta réttar og hagsmuna hinna fullorðnu. Börn hafa enga möguleika til að gera neitt tilsvarandi á eigin spýtur. T.d. hafa börn ekki neinn möguleika á að fullnægja þörfum sínum og gæta réttar síns með þátttöku í pólitísku lífi og hafa þar af leiðandi ekki þroska síns vegna sömu tækifæri í þá veru og fullorðnir. Samt sem áður telja fullorðnir að hag sínum og rétti sé best komið innan félaga eins og t.d. stéttarfélaga.

Börn standa yfirleitt ekki jafnvel að vígi. Þau eru veikari aðili þegar um ræðir að ná fram rétti sínum, þ.e. þeim rétti sem þeim ber skv. lögum. Fyrir það fyrsta hafa þau oftast ekki vit á því eða skilning á því að þau eigi þennan rétt og það er enginn félagsskapur sem berst sérstaklega fyrir þau annar en auðvitað foreldrar og svo ýmsar stofnanir í þjóðfélaginu sem eru stöðugt að vinna að bættum hag barna þannig að þau fái það atlæti sem þeim ber. En þetta mál snýst um að til verði á einum stað í þjóðfélaginu allar upplýsingar. Það verði unnt að halda utan um þessar upplýsingar og aðgerðir á einum stað þannig að kraftarnir dreifist ekki um allt og nýtist þar af leiðandi betur en ella.

Það kemur fram í frv. að slíkur umboðsmaður yrði óháður aðili sem mundi sinna þessu verkefni eingöngu. Hann mundi sem sagt sjá um að það yrði tekið tillit til þarfa og réttinda barna að öllu leyti. Umboðsmaður með það verksvið sem um er getið í þskj. hefur mun meira vægi en ef um væri að ræða nefnd eða ráð sem ætti að sinna slíku hlutverki. Hann hefur þá sér til stuðnings, eins og fram kemur í þskj., sjö manna ráð sem hann getur ráðfært sig við um þær ábendingar sem berast eða ef umboðsmanninum þykir ástæða til að benda á leiðir til úrbóta. En hann hefur þann kost að geta gripið inn í og brugðist snarlega við ef það koma upp kvartanir eða mál af þeim toga sem þola ekki bið. Ég tel að slík bið gæti í sumum tilvikum valdið óbætanlegu tjóni og um slíka bið gæti einmitt orðið að ræða ef það þyrfti alltaf að kalla saman einhverja nefnd áður en tekið yrði á málinu.

Ég nefni nokkur atriði sem gætu komið til kasta slíks umboðsmanns. Þar getur verið um að ræða ofbeldi, misþyrmingu, aðkast, fíkniefni eða áfengisvanda og jafnvel glæpamál. Slíkur umboðsmaður mun, eftir að hann hefur fengið tíma til að kynna starfssvið sitt, verða mjög auðveldur aðgangs, ég vil benda á það, bæði börnum og öðrum þeim sem til hans þurfa að leita.

Það kom fram í máli hv. flm. að þessi umboðsmaður er alls ekki hugsaður sem dómari í neinu máli, en hann getur að öllu leyti haft umsagnarrétt og komið með þær tillögur til úrbóta sem honum sýnast eiga rétt á sér.

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir og það þurfi enginn að hafa áhyggjur af því að það er ekki á neinn hátt verið að ganga á rétt foreldra til að hafa yfir- eða umráðarétt yfir börnunum sínum og það að öllu leyti. Þessu frv. er ekki beint gegn foreldrarétttinum heldur einmitt þvert á móti. Ekki er þetta heldur gert til að draga úr ábyrgð foreldranna gagnvart börnunum sínum. Umboðsmaðurinn er í rauninni miklu frekar hugsaður til að styrkja og styðja við foreldra- og fjölskylduhlutverkið. En hins vegar ber umboðsmanni samkvæmt þessu að gagnrýna í bæjar- og sveitarfélögum og hvar sem opinberlega er gengið á rétt barna ef ekki er staðið við áður gerða samninga og lög sem snerta börn og aðstæður þeirra.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, eins og hv. flm. gerði, að kostnaður við þetta embætti verður í raun og veru hverfandi, einkum og sér í lagi ef tekið er tillit til þess að embættið kemur til með að leysa aðra í opinbera geiranum að vissu leyti undan ýmsum störfum og skyldum sem þeir hafa haft með að gera áður og hafa fallið undir ákveðna aðila eins og t.d. innan félagsmálastofnunar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að hreyfa hér mjög þýðingarmiklu máli sem lýtur að auknum réttindum barna. Ég tel sanngjarnt að það komi fram að hv. flm. buðu Kvennalistanum aðild að þessu frv. og kom vissulega mjög til greina að þiggja það boð. Við höfum lengi velt þessu máli fyrir okkur og höfum mikinn áhuga á að rétta hlut barna og tryggja hagsmuni þeirra eins og meiningin er með frv. sem er hér til umræðu. En ástæðan til þess að við þáðum ekki þetta góða boð er sú að innan Kvennalistans er starfandi hópur sem hefur haft þetta til umfjöllunar og einmitt verið að leita leiða til að ná sama markmiði sem frv. stefnir að og hugmyndir þess hóps hafa fallið að nokkru leyti í annan farveg en hér er valin. Niðurstaðan varð því sú að við mundum halda áfram á þeirri braut og kynna okkar leið þegar þeirri vinnu er lokið. Þetta þýðir engan veginn að við styðjum ekki þetta mál, þ.e. við tökum heils hugar undir sjónarmið og markmið í þessu frv. og greinargerðinni með því og fögnum því mjög að þetta mál verður nú rætt og skoðað í þingnefnd.

Ég vil nota tækifærið og taka undir hvert orð sem hv. flm. hafa sagt hér um aðbúnað barna í þjóðfélagi okkar. Og líklega er algjör ofætlan að ein manneskja með heitið „umboðsmaður barna“, sem starfar innan ráðuneytis og skipuð er af pólitískum ráðamanni, geti í rauninni breytt miklu í þessum efnum. Sú manneskja þarf vissulega á öflugum stuðningi að

halda og það er spurning hvort unnt væri að tryggja slíkan stuðning eða skapa slíkum starfsmanni starfsgrundvöll sem dygði. En það þarf auðvitað algjöra hugarfarsbreytingu hvað varðar stöðu barna, aðstöðu þeirra og réttindi í þessu þjóðfélagi og öll umræða um þetta mál getur stuðlað að slíkri hugarfarsbreytingu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð í sambandi við það mál sem hér liggur fyrir, frv. til l. um embætti umboðsmanns barna. Ég lýsi stuðningi *mínum við tilgang þessa máls* og sérstaklega vil ég taka undir framsöguræðu hv. flm. sem greip á vandamálinu í heild, sem blasir við okkur öllum að þörf er á að takast á við í okkar nútímaþjóðfélagi. Ég vil hins vegar láta það koma fram að um leið og ég hef mikinn áhuga fyrir vernd fjölskyldunnar vil ég taka fram að mér finnst það vera aðalatriðið í þessum málum hvaða leiðir við getum fundið til að efla fjölskyldutengslin í landinu, efla vægi fjölskyldunnar. Ég tel hana vera og hafa alltaf verið burðarás hvers þjóðfélags, og mikilvægt að fjölskyldan rofni ekki, að þannig sé búið að fjölskyldunni í þjóðfélaginu að hún geti verið sá burðarás sem ég tel hana þurfa að vera og þar með að hún verndi börnin okkar og komi þeim til þess þroska sem brýnast er hverju sinni. Börnin eru framtíðin, við hljótum að vera öll sammála um það, og mér finnst þess vegna að málið í heild sé mikilvægt og þörf á að taka það til mikillar umræðu í okkar þjóðfélagi þar sem eru svo miklar breytingar. Þjóðfélagsgerðin hefur vissulega breyst, en hún má ekki breytast af sjálfu sér. Það verður að hafa áhrif á í hvaða farveg þetta litla þjóðfélag okkar fer og ekki hvað síst með þá framtíðarsýn þar sem börnin leika aðalhlutverkið. Þess vegna vil ég fagna svona frumvarpsgerð og þeirri umræðu sem það skapar og leggja áherslu á að við þurfum að taka þessi mál mjög alvarlega til meðferðar. Þar á ég við fjölskyldumálin eða vernd fjölskyldunnar í heild. Það finnst mér vera tímabært og umræðan á að falla í þann farveg. Þetta er svo viðamikið mál og kemur svo víða við að við þurfum að eyða í þetta miklum tíma og vanda okkur vel við lagasetningu.

Ég vil geta þess að ég skipaði í sumar nefnd til að endurskoða hin gömlu framfærslulög sem eru frá 1947. Framfærslulögin eru, eins og við vitum, mjög þýðingarmikill þáttur í þessum málum öllum og voru sett á sínum tíma til að vernda þá sem versta stöðu hafa og grípa inn í heimilislífið og fjölskyldumálin almennt. Ég tel að þessi nefnd þurfi að vinna mikið starf einmitt með tilliti til þessarar breytingar á þjóðfélaginu okkar og raunar í umheiminum og það er næsta ljóst að það verður að taka inn í þessa endurskoðun afstöðu til ýmissa málaflokka sem þjóðfélagið þarf að sinna á sem bestan hátt.

Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þessi mál. Ég vildi aðeins koma upp til að lýsa yfir samþykki mínu við að þessi mál séu tekin til ítarlegrar umræðu og áhuga mínum fyrir því að við getum náð saman á einhvern hátt til að efla fjölskylduna og þar með öryggi barna okkar og framtíð þeirra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Barnalög, 1. umr.

Frv. JS og GHelg, 13. mál (framlög vegna menntunar barna). — Þskj. 13.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er ekki nýtt í sölum hv. deildar. Þetta er í þriðja skiptið sem ég mæli fyrir þessu frv. sem er frv. til l. um breyting á barnalögum.

Ég teldi æskilegt, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur þessa umræðu um barnalögin. Ég tel að það sé brýnt þegar frv. þetta hefur verið í þrjú þing hér til meðferðar á hv. Alþingi án þess að fá neina endanlega niðurstöðu í málið og þá sé kominn tími til að Alþingi fái að vita afstöðu hæstv. dómsmrh. til þessa frv. sem ég nú mæli fyrir. (**Forseti:** Forseti hefur gert reka að því að ná sambandi við hæstv. dómsmrh., en það hefur ekki tekist. *Hann er farinn úr húsinu* og það náðist ekki til hans nú fyrir 3–4 mínútum.) Ég verð þá að vona, herra forseti, að frv. þetta komist svo langt áfram á þessu þingi að það verði tekið til 2. umr. og mun ég þá bíða með að bera fram fsp., sem ég hafði ætlað mér að gera, til hæstv. dómsmrh.

Það frv. sem ég mæli fyrir hefur það að markmiði að tryggja börnum, sem aðeins eiga annað foreldri á lífi, sama rétt og löggjafinn hefur þegar veitt börnum einstæðra foreldra sem leitað geta til meðlagsskylds aðila með framlög vegna menntunar barna sinna.

Í fimm ár hafa verið í gildi þessi ákvæði barnalaganna sem eru heimildarákvæði þess efnis að hægt er að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barna til 20 ára aldurs. Hér er vissulega um mikilvægt ákvæði í barnalögunum að ræða sem getur haft verulega þýðingu og kannske oft ráðið úrslitum um það hvort börn einstæðra foreldra geta lagt stund á framhaldsnám. En þegar þetta ákvæði barnalaganna var samþykkt fyrir fimm árum var ekki hugað að því að tryggja börnum einstæðra foreldra, sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila, sama rétt og barnalögin veittu öðrum börnum einstæðra foreldra.

Fjöldi þeirra einstæðu foreldra, sem ekki geta nýtt sér ákvæði barnalaganna, er mikill. Það er stór hópur, 1073 einstæðir foreldrar með 1564 börn á framfæri sínu, sem ekki getur leitað eftir þessu framlagi vegna menntunar barna sinna til 20 ára

aldurs. Hér er því um mjög stóran hóp að ræða og augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra sem með þessu frv. er leitast við að leiðrétta.

Í frv. er einnig lagt til að börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem ekki hafa annan framfærslueyri en bætur almannatrygginga, fái sama rétt. Þar er einnig um stóran hóp að ræða. Þar er samtals um að ræða 617 öryrkja og ellilífeyrisþega með 967 börn á framfæri sínu.

Þegar á heildina er litið gæfu ákvæði þessa frv. 1690 einstæðum foreldrum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum með samtals 2531 barn á framfæri sínu möguleika á að leita eftir framlagi til menntunar barna sinna 18–20 ára. Það ber þó að taka fram að að því er varðar þau heimildarákvæði, sem fyrir hendi eru nú í barnalögum, getur valdsmaður metið í hverju tilfelli aðstæður hins meðlagsskylda aðila, þar sem m.a. er tekið mið af efnahag og öðrum aðstæðum hans og þess foreldris sem forsjá barns hefur, þannig að ekki yrði í reynd um að ræða eins stóran hóp og ég hef hér nefnt sem fengi slík framlög sem hér um ræðir.

Þegar til þess er litið, herra forseti, að fjárhagslegar og félagslegar aðstæður þessara einstæðu foreldra, sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila og fá þess vegna ekki þessi framlög vegna menntunar barna sinna, geta verið eins, svipaðar eða jafnvel verri en foreldra þeirra barna sem nú geta leitað eftir framlögum vegna menntunar barna sinna, þá er furðulegt að Alþingi skuli ekki hafa tekið af skarið í þessu máli og veitt börnum þessara einstæðu foreldra sama rétt og börn annarra einstæðra foreldra hafa. Og ég trúi því ekki að þriðja þingið líði frá því að þetta frv. var fyrst lagt fram án þess að Alþingi samþykki það frv. sem hér liggur fyrir. Ef það verður ekki gert er ástæðan ekki sú að hér sé um stóran útgjaldaauka fyrir ríkissjóð að ræða ef þetta frv. verður að lögum.

Í fskj. með frv. liggur fyrir umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þetta frv. sem allshn. Nd. fékk á síðasta þingi. Það er mat Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að eingöngu sé um að ræða útgjaldaauka upp á 4–5 millj. á ári verði frv. þetta að lögum. Því tel ég, ef hv. þm. þessarar deildar íhuga þetta mál og velta fyrir sér í alvöru hvað mikið óréttlæti felst í því að skilja eftir stóran hóp barna einstæðra foreldra án þess réttar sem löggjafinn hefur þegar tryggt öðrum börnum einstæðra foreldra, þá hljóti Alþingi að geta fallist á að samþykkja frv. sem ekki hefur meiri útgjaldaauka í för sér en ég hef hér lýst.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frv., en vil mega vænta þess, og ég veit að ég tala fyrir munn beggja flm. frv., en flm. ásamt mér er hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að hv. Alþingi taki nú á sig rögg og samþykki það frv. sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki hafa uppi langt mál. Við höfum verið að reyna að koma þessu frv. áleiðis. Mig minnir að upphaflega hafi það verið svo að við vorum með sína tillöguna hvor, síðan ákváðum við að slá tillögum okkar saman, en báðar gengu þær einmitt út á það sem hv. fyrri flm. hefur verið að gera grein fyrir hér.

Ég held að menn geri sér ekki alveg grein fyrir tvennu í þessu máli og það kom berlega fram í allri umfjöllun um málið í hv. allshn. á síðasta þingi. Hér er, og það er mikilvægt, um heimildarákvæði að ræða sem verður að úrskurða um í hvert skipti. Það eru því áreiðanlega fæstir einstæðra foreldra sem leita eftir þessu. En það undarlega er að helst voru það hv. þm. utan Reykjavíkur sem voru andvígir þessu frv. og það á ég erfitt með að skilja. Sannleikurinn er sá að það fólk sem er í verulegum vandræðum að kosta börn sín til náms er fólkið sem býr utan þéttbýlissvæðisins og ég satt að segja undrast endalaust hvað þm. utan Reykjavíkur ræða það sjaldan hver handleggur það er að halda börnum úti fjarri heimilum sínum í námi. Vita hv. þm. t.d. að það kostar núna 150 þús. kr. yfir veturinn að hafa barn í heimavist Menntaskólans á Akureyri? Geta menn svarað mér því hvernig einstætt foreldri fer að því að halda þeirri útgerð úti, ég tala nú ekki um ef börnin skyldu vera fleiri en eitt? Og það er þess vegna sem við erum að þrástaglast á að þessi leiðrétting verði gerð, að þeir sem misst hafa maka sína eða eru orðnir ellilífeyrisþegar eða öryrkjar eigi þann möguleika að fá aðstoð eins og þeir sem eiga fyrrverandi maka eða barnsföður eða -móður á lífi.

Ég held að það sé satt að segja Alþingi til skammar, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á áðan, ef þetta er hér í meðhöndlun í fjórða skiptið í röð án þess að Alþingi treysti sér til að veita þessu máli brautargengi því að hér er sannarlega ekki um stórar fjárhæðir að ræða. En þær eru svo stórar fyrir nokkrar fjölskyldur í landinu að þær geta skipt sköpum um hvort einstaklingur kemst í skóla eða ekki. Og ég held að það sé margyfirlýst í ótal lögum að allir Íslendingar, öll börn á Íslandi, eigi að hafa jafnan rétt til náms. Það er auðvitað fjarstæða að tala um að svo sé þegar það kostar foreldri 150 þús. kr. að eiga barn í heimavist í Menntaskólanum á Akureyri og dreifbýlisstyrkurinn er að mig minnir 13 000 eða 17 000 kr. sem kemur þar á móti.

Ég skora á þm. landsbyggðarinnar að taka sig saman og reyna að skilja um hvað þetta frv. er því að ég hef alltaf haft, öll þessi ár, einhverja tilfinningu fyrir því, að menn gerðu sér ekki grein fyrir um hvað þetta snerist, menn hreinlega skildu það ekki. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu að við erum ekki að biðja um að þessi aðstoð nái til allra. Hér er um heimildarákvæði að ræða. Og ég treysti því nú að hv. þm. landsbyggðarinnar setjist nú niður og skoði hvort virkilega sé ástæða til að láta þetta mál sofna

út af einu sinni enn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 14.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv. sem ég hér mæli fyrir. Um er að ræða frv. til l. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Markmið frv. er að tryggja að bætur atvinnuleysistrygginga vegna framfærslu barna séu greiddar þar til barn verður 18 ára í stað 17 ára eins og nú er.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða, herra forseti, að samræma ákvæði um atvinnuleysistryggingar því sem er í öðrum hliðstæðum lögum og reglum um framfærslu barna og í grg. er vitnað til þessara laga og reglna. Þar er í fyrsta lagi um að ræða barnalögin þar sem réttindi og skyldur framfæranda miðast við 18 ára aldur barns. Í öðru lagi reglur lífeyrissjóða um barnabætur sem einnig eru miðaðar við 18 ára aldur. Í þriðja lagi ákvæði almannatryggingalaga um barnalífeyri, meðlög, mæðralaun og sjúkradagpeninga þar sem bótaréttur og framfærsla eru miðuð við 18 ára aldur barns. Öll þessi ákvæði, sem hér hafa verið tilgreind, kveða annaðhvort á um framfærsluskyldu framfæranda eða bótarétt þeirra til 18 ára aldurs barna.

Af sjálfu leiðir að forsenda fyrir greiðslu atvinnuleysistrygginga og barnabótum til 18 ára aldurs er sú sama. Þar er um að ræða að tryggja framfærslu barna og bótarétt ef atvinnuleysi hindrar framfæranda í því að afla vinnutekna. Frv. þetta felur því fyrst og fremst í sér að löggjafinn lagfæri ákvæði um barnabætur í atvinnuleysistryggingalögum svo að þau samræmist því sem er í öðrum hliðstæðum lögum.

Sú breyting mun hafa sáralítinn kostnað í för með sér fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég hef látið kanna það hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hvað hér væri um mikil útgjöld að ræða. Þær upplýsingar sem ég hef fengið eru að heildarútgjöld atvinnuleysistrygginga vegna barnabóta voru rúmar 6,4 millj. kr. á árinu 1985. Hefði frv. þetta, sem ég nú mæli fyrir, þá haft lagagildi, er um að ræða að útgjöld atvinnuleysistrygginga hefðu aukist um 400 þús. vegna ákvæða þessa frv.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um frv. Ég held satt að segja að það hafi ekki verið ætlan Alþingis að skilja eftir þetta ákvæði að því er varðar atvinnuleysistryggingar. Hér hafi eingöngu misfarist, þegar atvinnuleysistryggingar voru til umræðu í sölum Alþingis árið 1981, að lagfæra þetta ákvæði atvinnuleysistryggingalaganna. Þess vegna treysti ég því að það geti orðið víðtæk samstaða um frv. hér á Alþingi, samstaða um að gera það að lögum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, fimmtudaginn 16. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræða).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræðan fer þannig fram að umferðir verða tvær. Í fyrri umferð hefur forsrh. Steingrímur Hermannsson til umráða allt að 30 mínútur og þingflokkar annarra en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Framsfl., Alþb., Sjálfstfl., Alþfl. og Samtök um kvennalista. Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Framsfl. talar auk forsrh. í fyrri umferð Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Alþb. tala Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., og Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., í fyrri umferð og Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., í síðari umferð. Ræðumenn Sjálfstfl. verða Þorsteinn Pálsson fjmrh. og Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm., í fyrri umferð og Matthías Á. Mathiesen utanrrh. í þeirri síðari. Ræðumenn fyrir Alþfl. verða Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., og Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., í fyrri umferð og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Samtök um kvennalista tala Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., og Málmfríður Sigurðardóttir, 3. landsk. þm., í fyrri umferð, en Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., í síðari umferð.

Hefst nú umræðan. Fyrstur tekur til máls hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar.

Sú ríkisstjórn sem nú situr var mynduð til þess að forða þjóðinni frá afleiðingum óðaverðbólgu og koma jafnvægi á efnahagsmálin. Nú eru horfur á því að hvort tveggja muni takast. Óðaverðbólgan, sem geisaði fyrri hluta ársins 1983, fór ört vaxandi. Hún hefði eflaust leitt til stöðvunar fjölmargra atvinnufyrirtækja og mikils atvinnuleysis. Efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar var áreiðanlega teflt í tvísýnu.

Komið var í veg fyrir þetta með hörðum lögbundnum aðgerðum. Stjórnarandstæðingar nefndu þær gerræðislegar og árásir á kjör fólksins í landinu.

Þeir spáðu því jafnframt að árangur yrði enginn. Sem betur fer fór það á annan veg, enda hvort tveggja fjarri lagi.

Verðbólgan lækkaði úr 130 í 20% á árinu 1983. Atvinnu og kjörum fólksins var bjargað frá hruni. Þetta tókst ekki síst vegna víðtæks skilnings almennings. Fólkið í landinu gerði sér grein fyrir því að ekki yrði lengur búið við vaxandi óðaverðbólgu og erlendar skuldir. Án slíks skilnings almennings hefðu þessar markvissu aðgerðir að sjálfsögðu mistekist.

Það jafnvægi, sem nú má ætla að geti orðið í efnahagsmálum þjóðarinnar, má fyrst og fremst þakka því víðtæka samkomulagi sem náðist um kaup og kjör og efnahagsaðgerðir í febrúar s.l. á milli atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar og launþega og ríkisvalds. Þetta samkomulag reyndist kleift annars vegar vegna batnandi ytri aðstæðna, vaxandi fiskafla, lækkandi olíuverðs og hækkunar á fiskverði erlendis og hins vegar vegna þeirrar festu í efnahagslífinu sem sköpuð hefur verið með aðhaldssamri gengis- og peningamálastefnu ríkisstjórnarinnar. Slíkur árangur í efnahagsmálum virtist ekki líklegur þegar ég flutti stefnuræðu ríkisstjórnarinnar fyrir einu ári. Ytri aðstæður breyttust hins vegar skyndilega til hins betra í janúarmánuði s.l. Ég taldi þá rétt að hvetja aðila vinnumarkaðarins opinberlega til þess að taka höndum saman við ríkisvaldið og nýta batann til að ná jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar með því að koma verðbólgu niður fyrir 10% og draga úr viðskiptahalla, en tryggja jafnframt aukningu kaupmáttar með hóflegum kjarasamningum. Þetta var af mörgum talin óraunhæf bjartsýni og ýmsir stjórnarandstæðingar hvöttu til mikilla launahækkana. Sem betur fer svöruðu ábyrgir forustumenn verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda ekki slíkum kröfum. Þeim er að sjálfsögðu ljóst að minni verðbólga og viðskiptahalli er ekki síst umbjóðendum þeirra til hagsbóta.

Því minni ég á þetta að einstöku stjórnarandstæðingar halda því enn fram að ríkisstjórnin hafi verið neydd til þeirra samninga sem gerðir voru í febrúar. Það er að sjálfsögðu hin mesta firra. Þeir tókust vegna náins samráðs allra aðila og vegna þess að niðurrifsöflunum var haldið utan garðs.

Kjarasamningarnir voru ábyrgir og raunhæfir. Ríkisstjórnin gerði kleift að gera þá samninga með þátttöku ríkissjóðs sem nam 1800 millj. kr. Því fjármagni var vel varið. Tollar og gjaldskrár opinberra fyrirtækja voru lækkaðar, endurgreiðslur af landbúnaðarafurðum auknar og launaskattur og jöfnunargjald á raforku felld niður. Einnig beitti ríkisstjórnin sér fyrir því að nafnvextir voru lækkaðir án tafar í kjölfar samninganna. Slíkt hefur engin ríkisstjórn áður gert. Verðlagseftirlit var og hert og upplýsingamiðlun um verðlag bætt mjög. Ég er sannfærður um að þessar aðgerðir hafa haft ómæld áhrif, bæði til þess að halda verðlagi í skefjum og til þess að draga úr fjármagnskostnaði atvinnuveganna.

Einnig þykir mér rétt að minna á þá staðreynd að vilyrði um stórfellda breytingu á húsnæðislánakerfinu eru að koma til framkvæmda. Það mun reynast húsbyggjendum og kaupendum til mikilla hagsbóta þegar fram í sækir.

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá, sem nýlega hefur verið kynnt, kemur fram að þau markmið sem sett voru við gerð kjarasamninganna munu nást og í ýmsum tilfellum gott betur. Kaupmáttur tekna heimilanna mun aukast töluvert umfram það sem gert var ráð fyrir. Verður hann á þessu ári að meðaltali sá mesti sem hann hefur verið í sögu þjóðarinnar.

Ætla mætti að þetta leiddi til aukins viðskiptahalla. Svo hefur þó ekki orðið. Þvert á móti er talið að viðskiptahallinn verði um 1300 millj. kr. minni en áður var áætlað og aðeins 1,5% þjóðarframleiðslu. Viðskiptajöfnuður mun verða vel jákvæður. Það eru fyrst og fremst vextir af erlendum skuldum sem valda halla á viðskiptajöfnuði í heild. Að vísu hefur innflutningur aukist á árinu, en útflutningur hefur vaxið enn meira og það sem er jafnvel enn mikilvægara: peningalegur sparnaður hefur aukist verulega umfram áætlun. Þótt háir raunvextir íþyngi atvinnuvegunum eiga þeir ásamt hækkandi tekjum vafalaust stóran þátt í auknum sparnaði. Í þessum efnum þarf að rata hinn gullna meðalveg.

Erlendar skuldir hafa sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað úr 55% 1985 í 52% 1986 og stefnt er að lækkun í 49% á næsta ári. Greiðslubyrði af erlendum skuldum sem hlutfall af útflutningstekjum fer einnig lækkandi. Þótt þetta stefni í rétta átt eru erlendar skuldir þó of miklar og varasamar fyrir þjóðarbúið. Því er það tvímælalaust eitt mikilvægasta verkefnið nú að þjóðarútgjöld vaxi sem minnst svo að svigrúm skapist til að draga úr erlendum skuldum þjóðarinnar.

Við kjarasamningana í febrúar var að því stefnt að ná verðbólgunni í 10% á þessu ári. Flest bendir til þess að það muni takast þrátt fyrir að krónan hefur verið látin síga um ríflega 2% gagnvart meðalgengi frá því að samningarnir voru gerðir. Það reyndist nauðsynlegt vegna þess tekjutaps sem fall dollarans hefur valdið fiskvinnslu landsmanna.

Um stöðu atvinnuveganna má segja að hún sé breytileg. Ýmis fyrirtæki eiga í erfiðleikum vegna skulda frá verðbólguárunum. Önnur hafa notið batnandi ástands í ríkum mæli. Með lækkuðu olíuverði og þeim samningum um fiskverð sem gerðir hafa verið á árinu er afkoma útgerðarinnar betri en verið hefur um langan aldur. Er nú talið að hún sé rekin að meðaltali með um það bil 7% hagnaði. Í fiskvinnslunni er afkoman hins vegar mjög breytileg. Með lækkun á fjármagnskostnaði hefur staðan víða batnað. Hjá um það bil 20 fyrirtækjum er afkoman þó erfið. Sameiginlegt virðist þeim húsum að skuldir eru mjög miklar og fjármagnskostnaður nánast óviðráðanlegur þótt rekstrarafkoman sé viðunandi hjá ýmsum þeirra. Ríkisstjórnin hefur gert sérstakar ráðstafanir til að rétta hlut þeirra fyrirtækja sem bjarga má með fjárhagslegri endurskipu-

lagningu. Að því er unnið með skuldbreytingum í viðskiptabönkum og sjóðum og lánum frá Byggðastofnun.

Í landbúnaði eru miklir erfiðleikar. Óhjákvæmilegur samdráttur hinnar hefðbundnu framleiðslu er vandasamur í framkvæmd og veldur bændum miklum búsifjum. Ofan á það bætist að loðdýraræktin, sem mjög hefur verið á treyst til þess að koma í stað kjöt- og mjólkurframleiðslu, á við mikið verðfall að stríða á erlendum mörkuðum. Það er væntanlega tímabundið en gerist þegar verst kemur bændum. Þá hefur minni neysla landbúnaðarafurða innanlands aukið á vandann.

Í iðnaði hefur afkoman verið nokkuð breytileg eftir greinum og ekki síst eftir fyrirtækjum. M.a. hefur ullariðnaðurinn átt og á í erfiðleikum þótt horfur hafi heldur batnað. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu ullariðnaðarins og nauðsynlegri tækniþróun.

Nýsköpun í atvinnulífinu hefur verið umtalsverð. Hefur fjármagn það sem Rannsóknaráð ríkisins hefur fengið til úthlutunar reynst mjög mikilvægt í þessu sambandi. Aftur á móti hafa viðskiptabankarnir reynst tregir til þess að veita fyrirtækjum á nýjum sviðum eðlilega fyrirgreiðslu. Hefur það valdið verulegum vandræðum sem stjórnvöld geta orðið að hafa afskipti af.

Að öllum líkindum ber fiskeldi hæst hinna nýju greina. Þar hafa fjölmargir aðilar hafið framkvæmdir og framleiðslu, sumir í mjög stórum stíl.

Ferðamannaþjónusta hefur vaxið hröðum skrefum. Mikilvægi þeirrar atvinnugreinar eykst stöðugt.

Þegar á heildina er litið virðist árið 1986 munu verða íslensku þjóðarbúi hagstætt. Viðskiptakjör hafa batnað, aukinn afli, hlýnandi sjór og markviss stjórnun hefur leitt til betri afkomu. Mjög ólíklegt er að bati á árinu 1987 verði nokkuð í líkingu við það sem nú hefur orðið. Reyndar virðist sjór hafa kólnað á ný á þessu ári. Það getur, ef langvarandi verður, boðað nýja erfiðleika í sjávarútvegi. Við skulum þó vona að svo verði ekki. Fremur virðist hætta á að olíuverð muni fara hækkandi á næstu misserum og gengi dollararans gæti enn fallið. Hins vegar gæti orðið verðhækkun á íslenskum afurðum og bendir reyndar margt til þess og vextir gætu enn lækkað. Þegar á heildina er litið virðist því óhætt að gera ráð fyrir að viðskiptakjör verði á árinu 1987 svipuð og þau eru nú. Í því sambandi er þó vert að minna á óvenjumikla óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum, einkum vegna þeirrar spennu sem stórfelldur hallabúskapur í Bandaríkjunum veldur og þeirrar staðreyndar að hægt hefur á hagvexti í heiminum á þessu ári þvert á vonir s.l. vor.

Vegna batnandi ástands sjávar undanfarin tvö ár og því góðs ástands mikilvægustu fiskstofna má gera ráð fyrir að botnfiskafli geti aukist nokkuð, e.t.v. um 4–5% á næsta ári. Aftur á móti eru markaðir fyrir loðnu- og síldarafurðir ekki álitlegir og getur því brugðið til beggja vona um afrakstur af þeim þótt stofnarnir séu sterkir. Þegar á heildina er litið er talið að þjóðarframleiðsla geti aukist um 2% á árinu 1987.

Á grundvelli þess bata sem orðið hefur á þessu ári og þeim horfum sem ég hef lauslega lýst er þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar byggð. Með efnahagsstefnunni 1987 hyggst ríkisstjórnin ná eftirgreindum fjórum meginmarkmiðum:

1. Verðhækkanir frá upphafi til loka árs 1987 verði ekki meiri en 4–5%.
2. Atvinna verði næg en betra jafnvægi og minni spenna verði á vinnumarkaði.
3. Vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðarútgjalda haldist í hendur og verði nálægt 2% á árinu 1987.
4. Viðskipti við útlönd verði sem næst hallalaus og hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu og gjaldeyristekjum lækki.

Takist að ná þessum markmiðum má verja þann kaupmátt ráðstöfunartekna og þau góðu lífskjör sem náðst hafa á árinu 1986. Ríkisstjórnin telur jafnframt að innan þessa ramma rúmist lagfæring á kjörum þeirra sem búa við lakari kaupmátt kauptaxta og lökust kjör og á það beri að leggja áherslu. Aukist hins vegar ráðstöfunartekjur heimilanna í heild umfram 2,5% er hætt við að markmiðið náist ekki nema sparnaður aukist þeim mun meira. Einkum mun þó hætt við að halli á viðskiptum við útlönd verði óviðunandi, verðbólgan magnist og erlendar skuldir hækki á ný.

Af þessum ástæðum virðist nauðsynlegt að vöxtur útgjalda þjóðarbúsins verði í heild innan við eða um 2%. Ríkisstjórnin mun miða stefnu sína í fjármálum og peningamálum við þetta markmið. Til þess er óhjákvæmilegt að fylgt verði sömu aðhaldsstefnu í gengismálum og verið hefur á þessu ári. Það mun verða gert á meðan þessi ríkisstjórn situr.

Stöðugt gengi er forsenda minnkandi verðbólgu og jafnvægis í efnahagsmálum þjóðarinnar. Því aðeins er gengisfelling réttlætanleg að skilyrði í þjóðarbúskapnum versni mjög og stöðvun útflutningsatvinnuveganna virðist fram undan. Þær aðstæður eru ekki fyrir hendi nú. Mönnum ætti auk þess að vera ljóst að undanhald í gengi færir fyrirtækjum sem skulda mikið erlendis aðeins mjög skammvinnan bata ef aðrir kostnaðarliðir innanlands hækka í kjölfarið.

Ef þjóðarútgjöld eiga ekki að aukast umfram 2% og þensla og launaskrið að minnka verður ríkissjóður að stilla útgjöldum sínum í hóf. Með því frv. til fjárlaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er að þessu stefnt. Þó er ljóst að teflt er á tæpasta vaðið með aukinni samneyslu og fjárfestingu hins opinbera.

Gert er ráð fyrir að halli á ríkissjóði á árinu 1987 verði um 1500 millj. kr. Hann stafar nær eingöngu af því sem ríkissjóður lagði til kjarasamninganna í febrúar s.l. Þótt slíkur halli sé umtalsverður er hann þó verulega minni en á þessu ári. Án aukinna tekna ríkissjóðs mun reynast erfitt að ná hallalausum fjárlögum á næstu árum.

Gert er ráð fyrir að tekjuskattur lækki um 300

millj. kr. Er þannig enn eitt skref stigið til þess að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Hins vegar er ráðgert að leggja orkuskatt á innflutta orku. Hin mikla lækkun á olíuvörum hefur leitt til mun meira tekjutaps ríkissjóðs en gert var ráð fyrir þegar kjarasamningar voru gerðir í febrúar. Ríkisstjórnin telur því eðlilegt að leggja á tímabundinn orkuskatt sem gæfi ríkissjóði um það bil 600 millj. kr. Er það svipað og gert hefur verið víða erlendis eftir að olíuverð féll. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmd skattalaga verði bætt og innheimtan hert. Á þessu þingi verða lögð fram frumvörp um hert viðurlög við skattsvikum og um ýmsar aðrar endurbætur í skattamálum sem unnin eru m.a. á grundvelli tillagna nefndar sem kannaði skattsvik og lagðar voru fram á Alþingi með skýrslu fjmrh. s.l. vor. Með því að fylgja þessum málum eftir af fullkominni einurð er það sannfæring mín að stórlega megi draga úr skattsvikum og þar með draga verulega úr halla ríkissjóðs. Erfitt er þó að áætla um hve stóra fjárhæð geti orðið að ræða.

Gert er ráð fyrir að halli á ríkissjóði verði á árinu 1987 að öllu leyti brúaður með innlendri lántöku og afborganir af erlendum lánum að nokkru lækkaðar.

Ný erlend lán hins opinbera verða um 2550 millj. kr. en afborganir af eldri lánum verða 2930 millj. kr. Þannig mun hið opinbera minnka erlendar skuldir sínar á næsta ári. Vegna mikillar innlánsaukningar hefur ráðstöfunarfé bankanna aukist verulega og sömuleiðis bundið fé í Seðlabanka. Þessi staða veitir svigrúm til að draga úr erlendum lántökum og leita í ríkara mæli eftir lánsfé innanlands. Því er gert ráð fyrir að viðskiptabankarnir kaupi ríkisskuldabréf fyrir 1650 millj. kr. Auk þess er ráðgert að viðskiptabankarnir kaupi veðskuldabréf af lánastofnunum fyrir a.m.k. 400 millj. kr. Til þess að auðvelda þeim þetta verður bindiskylda lækkuð eins og fyrirheit voru gefin um á síðasta þingi við afgreiðslu laga um Seðlabanka Íslands. Í heild er einungis gert ráð fyrir lántökum erlendis nettó að upphæð 1500 millj. kr. Er það minni aukning erlendra lána en um langt árabil.

Ríkisstjórnin telur að umræddur halli á ríkissjóði muni ekki stofna í hættu því markmiði að viðskiptajöfnuður náist á árinu 1987, enda fari peningalegur sparnaður vaxandi eins og verið hefur undanfarin tvö ár. Til þess að stuðla að því mun ríkisstjórnin áfram leggja áherslu á jákvæða raunvexti. Með minni verðbólgu munu nafnvextir að sjálfsögðu verða lækkaðir. Þá er gert ráð fyrir að raunvextir lækki nokkuð frá því sem þeir eru nú til samræmis við vexti í helstu viðskiptalöndum okkar. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að þó ný bankalöggjöf veiti viðskiptabönkunum aukið frelsi til þess að ákveða vexti er gert ráð fyrir því að ákvarðanir um vexti verði háðar samþykki bankaráða sem við ríkisbankana eru kosin af Alþingi. Einnig gera lög um Seðlabanka Íslands ráð fyrir því að hann geti með heimild ráðherra tryggt að raunvextir hér á landi verði ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar Íslendinga.

Þótt ríkisstjórnin telji óhætt, með tilliti til þess jafnvægis sem náðst hefur á árinu, að slaka á bindingu og stuðla að lækkun raunvaxta er aðhald í peningamálum eftir sem áður óhjákvæmilegt á meðan mikil þensla ríkir í þjóðfélaginu eins og nú er. Við það að verðbólga fer vel niður fyrir 10% mun verða unnt að koma heilbrigðari skipan á ýmislegt í peninga- og efnahagsmálum þjóðarinnar. M.a. er þá tímabært að athuga hvort ekki er rétt að afnema alla vísitöluviðmiðun fjármagns og annarra fjárskuldbindinga.

Eftir kjarasamningana í febrúar s.l. var verðgæsla hert og almenningi veittar stórauknar upplýsingar um verðlag. Þessu mun verða haldið áfram. Verðlagsstofnun mun með athugunum sínum stuðla að lægra verðlagi, bæði í heildsölu og smásölu.

Með þeim meginleiðum sem ég hef lýst telur ríkisstjórnin að takast megi að ná þeim markmiðum í efnahagsmálum sem hún hefur sett sér. Forsenda þess er þó að kjarasamningar um næstu áramót verði innan þess ramma. Um leið og góður byr er notaður til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálum er óhjákvæmilegt að nýta batnandi þjóðarhag til þess að bæta afkomu þeirra atvinnugreina sem enn eiga í rekstrarerfiðleikum eftir verðbólgu undanfarinna ára.

Eins og ég hef áður sagt er undanlátssemi í gengi mjög takmörkuð eða engin lækning í þessum tilfellum. Ríkisstjórnin mun í þess stað leggja áherslu á fjárhagslega endurskipulagningu með lengingu lána með sem minnstum afborgunum fyrstu árin, auknu eigin fé og lækkun fjármagnskostnaðar. Á það mun verða lögð áhersla við viðskiptabankana að hluti af auknu ráðstöfunarfé þeira verði nýttur til fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra fyrirtækja sem eru hjá þeim í viðskiptum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Stofnfjársjóður og Byggðastofnun taki þátt í þessu verki. Vegna fiskvinnslunnar eru Byggðastofnun ætlaðar 300 millj. kr. í þessu skyni á lánsfjáráætlun ársins 1987. Ráðstöfun þess fjármagns er þegar hafin.

Breytingu framleiðsluhátta í landbúnaði mun verða fram haldið í samræmi við nýleg lög um framleiðslu landbúnaðarafurða o.fl. Minni neysla, einkum lambakjöts og óvænt verðfall skinna veldur meiri erfiðleikum en gert var ráð fyrir. Ekki virðist álitlegt að þeir bændur sem áfram framleiða mjólk og lambakjöt dragi almennt saman búskap umfram það sem orðið er. Því gera nýlegir samningar ríkis og bænda ráð fyrir nýjum leiðum.

Nauðsynlegt er að taka í ríkara mæli en gert hefur verið tillit til aðstæðna, t.d. landgæða og landeyðingar. Aðstoða þarf bændur, sem búa á svæðum þar sem hætta er á landspjöllum, til að taka upp aðrar búgreinar eða hætta búskap ef þeir kjósa. Vísa ég í þessu sambandi til athyglisverðrar skýrslu um landnýtingu sem nýlega er komin út á vegum landbrn. Jafnframt er óhjákvæmilegt að veruleg breyting verði á framleiðslu landbúnaðarafurða.

Neysluvenjur fólks hafa breyst mjög og munu enn breytast. Bændur og vinnslustöðvar verða að kappkosta að koma til móts við kröfur neytenda.

Ljóst er jafnframt að ekki nægir að hafa stjórn á aðeins einum þætti kjötframleiðslunnar. Framleiðsluna alla verður að samræma. Það er bæði neytendum og framleiðendum til góðs og hagkvæmast fyrir þjóðarbúið. Um það þurfa framleiðendur sjálfir að fjalla.

Af öðrum þáttum atvinnulífsins, sem unnið er að, vil ég nefna eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að viðræðum um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði ljúki fljótlega. Verði ákveðið að ráðast í það fyrirtæki verða samstarfssamningar ríkisstjórnarinnar og fyrirtækisins Rio Tinto Zink Metals lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar að öllum líkindum á þessu haustþingi. Áfram mun haldið athugunum á stækkun álversins í Straumsvík og þar með nýtingu þeirrar ágætu aðstöðu sem þar er.

Um orkufrekan iðnað, sem svo er nefndur, vil ég þó taka fram að horfur í heiminum almennt eru ekki sérstaklega hagstæðar fyrir hann. Því getur svo farið að lítið verði um framkvæmdir á þessu sviði hér á landi á næstunni.

Orkunotkun hefur aukist hægar á undanförnum árum en áður var og spáð hafði verið. Því hafa orkuspár verið endurskoðaðar og orkuframleiðsla og sala löguð að nýjum aðstæðum. Þótt hagur einstakra hitaveitna sé mjög erfiður vegna mikilla og óhagstæðra skulda hefur hagur annarra orkufyrirtækja farið batnandi. Því hefur reynst unnt að lækka raunverð orku frá Landsvirkjun til almenningsveitna um 36% síðan það var hæst 1983 og mun áfram verða haldið á þeirri braut.

Ríkisstjórnin mun áfram kappkosta að örva nýsköpun í atvinnulífinu. Fjármagn það, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur haft til styrkveitinga til rannsókna í þágu nýsköpunar, hefur reynst ákaflega mikilvægt í þessu sambandi eins og fyrr er nefnt. Gert er ráð fyrir því að á þessu þingi verði lagt fram frv. til laga um sjóð þennan og starfsemi Rannsóknaráðs almennt o.fl.

Á vegum iðnrh. er í undirbúningi frv. til laga um einkaleyfi. Það á að bæta starfsskilyrði hugvitsmanna og auðvelda þeim að njóta eðlilegs hagnaðar verka sinna. Komið hefur í ljós að þörf fyrir áhættufjármagn er mjög mikil, einkum á fyrstu árum nýrra fyrirtækja. Gegnir Þróunarfélag Íslands í því sambandi mikilvægu hlutverki. Í ýmsum tilfellum getur samstarf við erlenda aðila, sem búa yfir þekkingu á tækni, leyst mikinn vanda. Um það eru reglur nú óljósar, breytilegar frá einni atvinnugrein til annarrar og jafnvel svo að forræði Íslendinga þar sem það er nauðsynlegt er ekki tryggt og heimildir til að veita leyfi og undanþágur í höndum margra. Því er nauðsynlegt að endurskoða reglur sem gilda um þátttöku erlendra aðila í íslenskum atvinnufyrirtækjum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því og þá hafa í huga að samstarf við erlenda aðila á ýmsum sviðum getur verið mikilvægt og fullkomlega eðlilegt. En tryggja verður að Íslendingar sjálfir hafi óskert forræði yfir atvinnulífi landsins.

Af mörgum öðrum mikilvægum verkefnum, sem unnið er að, vil ég nefna nokkur.

Lengi hefur uppstokkun bankakerfisins verið á dagskrá. Það verk hefur gengið seint, enda mörg ljón á veginum. Ýmsir virðast jafnvel þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að fækka ríkisbönkum. Erfiðleikar Útvegsbankans krefjast þess þó. Málið getur ekki dregist lengur. Viðskrh. hefur lýst þeim leiðum sem til greina koma. Þær eru nú í ítarlegri skoðun og mun niðurstaðan lögð fyrir Alþingi á þessu haustþingi.

Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur mikil breyting orðið á húsnæðislánakerfinu. Lánin hafa verið lengd og hækkuð til muna. Á næstu mánuðum verður áhersla lögð á að þeir sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn hafi forgang. Í því sambandi verður að hafa í huga að of mikil þensla í byggingariðnaði getur reynst efnahagslífinu skaðleg og stofnað í hættu því jafnvægi sem nú er í sjónmáli. Svipað má segja um málefni þroskaheftra. Fjármagn til þess málaflokks hefur verið stórlega aukið og heimilum og aðstöðu verið komið upp víða um land. Þetta er mikið gæfuspor. Uppbygging á þessu sviði verður haldið áfram á meðan þessi ríkisstjórn situr.

Byggðanefnd þingflokkanna hefur skilað athyglisverðri skýrslu. Ýmsar tillögur sem þar eru gerðar hljóta þingflokkarnir og ríkisstjórnin að ræða. Undanfarin ár hefur orðið mikil byggðaröskun. Því verður að breyta. Það er þjóðinni allri fyrir bestu. Að sjálfsögðu er það verkefni Byggðastofnunar að gera tillögur og áætlanir til úrbóta. Með tilvísun til umræddrar skýrslu hef ég óskað eftir því við stofnunina að gerðar verði áætlanir um aðgerðir sem stuðlað geta að jafnvægi í byggð landsins. Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 25. maí 1983 segir:

„Sett verði lög um umgengni á landinu, verndun náttúru og auðlinda."

Að framkvæmd þessa samkomulags hefur verið unnið en því miður ekki náðst samstaða enn. Á grundvelli tillagna, sem ég hef lagt fram í ríkisstjórninni, geri ég mér nú vonir um að frumvörp þessa efnis verði lögð fyrir þingið fljótlega. Þetta er afar mikilvægt mál.

Við Íslendingar búum í landi þar sem gróður og dýralíf er mjög viðkvæmt. Þetta þurfum við þó hvort tveggja að nýta okkur til framfæris. Það verðum við að gera af fullri skynsemi. Við eigum að kappkosta að skila betra landi til afkomenda okkar en við tökum við. Því miður hefur ekki verið svo um aldirnar. Trjágróðri var nær gjörsamlega eytt og víða er landið uppblásið. Þótt myndarlegt átak sé gert til þess að græða landið á ný fer því víðs fjarri að þeirrar varúðar sé gætt sem landið krefst. Við Íslendingar erum svo lánsamir að búa í tiltölulega hreinu og ómenguðu landi. Við verðum lítið vör við súrt regn sem nú spillir skógum og vötnum á stórum svæðum í Evrópu. Eyðingar kjarnorkunnar hefur

ekki heldur gætt hér. Við megum þó ekki vera svo blind að ætla að svo muni það verða um alla eilífð. Á meðan mengunin vex hröðum skrefum færist hún stöðugt nær. Þessi mál getum við því ekki látið lengur afskiptalaus á erlendum vettvangi. Við hljótum að styðja þá kröfu að stórlega verði dregið úr hættu á mengun frá kjarnorkuverum og iðnaði og slíkt sett undir alþjóðlegt eftirlit. Til þess að á okkur verði hlustað þurfum við að koma okkar eigin málum í gott lag.

Að morgni 29. september s.l. gengu sendiherrar Sovétríkjanna og Bandaríkjanna á minn fund og báru fram þá ósk frá æðstu mönnum risaveldanna að þeim yrði heimilað að halda fund sinn hér á landi 11. og 12. október. Það samþykkti ég án tafar, enda Íslandi með þessu sýnt einstakt traust og virðing. *Við fundi valdamestu manna heims bindur hrjáður* heimur helst vonir við það að horfið verði af braut hins vitfirrta kjarnorkukapphlaups og þjóðirnar taki þess í stað höndum saman í sókn til betri sambúðar og betra mannlífs.

Að sjálfsögðu var ljóst að fundi þessum mundi fylgja mikið umstang og fyrirhöfn sem og varð. En *með honum lögðum við Íslendingar fram mikilvæg*an skerf í friðarviðleitni þjóðanna. Undirbúningur undir þennan fund tókst með ágætum og hvar sem borið er niður fáum við þann vitnisburð að fundurinn hafi orðið okkur til sóma. Ég vil því nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem lögðu nótt við dag til að gera fundinn svo sem hann varð.

Um niðurstöður fundarins sjálfs eru nokkuð skiptar skoðanir. Margir urðu fyrir vonbrigðum. Skoðun mín er þó sú að þegar litið verði til baka þá verði talið að Reykjavíkurfundurinn hafi verið sá merkasti sem leiðtogar stórveldanna hafa haldið. Þar voru lagðar fram róttækari tillögur um fækkun kjarnorkuvopna og jafnvel eyðingu en áður hafa sést. Það er sannfæring mín að almenningur í þessum heimi muni krefjast þess að á þeim tillögum verði byggt samkomulag um afvopnun.

Í utanríkismálum mun ríkisstjórnin fylgja sömu stefnu og gert hefur verið. Hún telur mikilvægt að varnarsamtök vestrænna þjóða séu sterk svo þau megni að viðhalda því jafnvægi sem verið hefur í Evrópu í meira en 40 ár. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar vonir eru bundnar við árangur í viðræðum stórveldanna sem leiði til gagnkvæmrar afvopnunar. Hið sama gildir um veru varnarliðsins hér á landi þótt við viljum landið sem fyrst án erlends hers. Er vera hans hér liður í þessu jafnvægi sem ríkisstjórnin telur ekki rétt að raska eins og nú er ástatt. Í samskiptum Íslendinga og Bandaríkjamanna hafa hins vegar orðið nokkrir erfiðleikar. Lausn er nú í augsýn á deilu um flutninga fyrir varnarliðið. Því ber að fagna. Við Íslendingar viljum góð samskipti við Bandaríkjamenn eins og aðrar þjóðir. En við munum standa fast á okkar rétti og engan yfirgang þola.

Góðir Íslendingar. Með þeirri þjóðhagsáætlun sem dreift hefur verið á Alþingi er kafli um horfur 1988 til 1991. Eins og gert var í síðustu þjóðhagsáætlun er þarna leitast við að líta fram á veg. Nauðsyn á því kemur m.a. glöggt fram í dæmum sem sett eru fram í þessum kafla. Þar sést að mjög lítið má út af bera til þess að sú bjarta mynd sem nú blasir við í efnahagsmálum verði dökk. Aflabrestur eða óhagstæð viðskiptakjör geta gjörbreytt þeirri þróun sem verið hefur að undanförnu. Jafnvel þó tækist við slíkar aðstæður að halda verðbólgu í skefjum, sem er vafasamt, er hætt við að erlendar skuldir ykjust á ný hröðum skrefum. Vonandi verða næstu árin hagstæð. Íslendingar vita hins vegar af gamalli reynslu að aflabrestur verður aftur og viðskiptakjörin versna. Því er afar mikilvægt að þjóðin noti nú vel þann bata sem orðinn er til þess að styrkja grundvöllinn og minnka erlendar skuldir.

Á mínum vegum er nú að ljúka framtíðarkönnun sem nær allt fram til ársins 2010. Að þessu verki hefur undanfarin tvö ár unnið mikill fjöldi áhugasamra manna sem verðskulda þakkir. Niðurstöður þessarar merku könnunar verða á næstunni kynntar almenningi. Það er von mín að um þær verði mikið rætt og fjallað því mikilvægt er að horfa langt fram á veg og lengra en áður hefur verið gert. Að sjálfsögðu *eru framtíðarspár til langs tíma miklum erfið*leikum háðar og munu reynast rangar í ýmsum atriðum. Engu að síður er slík vinna ákaflega mikilvæg. Sumt er alltraust, eins og t.d. spár um mannfjölda og aldursdreifingu. Af slíkum staðreyndum má draga mikinn lærdóm um áhrif á þjóðfélagið í heild sem nauðsynlegt er að hafa í huga ef menn vilja komast hjá því að fljóta sofandi að feigðarósi. Aðrar hugmyndir um framtíðina eru meira byggðar á mati kunnáttumanna. Þær þarf þó einnig að skoða. Það gerir okkur kleift að búa okkur undir hið líklega en vera þó viðbúin því óvænta. Þannig getum við best búið okkur í haginn fyrir framtíðina.

Ég hef fylgst með þessu verki og er sannfærðari um það nú en nokkru sinni fyrr að framtíð lands og þjóðar getur orðið góð og björt ef við föllum ekki í þá gryfju að fórna langtímafarsæld fyrir skammtímagróða.

Svavar Gestsson:

Góðir Íslendingar. Hvaða hugsjón bar uppi stefnuræðu forsætisráðherrans, Steingríms Hermannssonar, hér áðan? Varla er það hugsjón hans að kaupmáttur kauptaxta eigi að vera verri á næsta ári þrátt fyrir einmuna góðæri. Hvar var eldmóðurinn þegar kynnt var stefna ríkisstjórnarinnar sem býr við einstakt góðæri? Ríkisstjórnar sem ætlar að leggja sín mál undir dóm kjósenda eftir nokkra mánuði. Nei, þarna örlaði hvergi á frumlegri hugsun, hugsjón, baráttueldi og þrótti. Sama gamla talnanuddið enn þá einu sinni. En það er reyndar ekki nýlunda að hugsjónir láti lítið á sér kræla í stjórnmálaumræðu, að ekki sé minnst á réttlætiskennd og tilfinningar. Hugsjón þykir ekki fín nú orðið. Hana er ekki hægt að setja á almennan markað og spyrja um markaðsverðið í töflum

Kaupþings og Fjárfestingarfélagsins þó sumir reyni að selja sýndarhugsjónir fyrir þingsæti. Tilfinningar bera uppi hugsjónir. Þær eru heldur ekki í hávegum hafðar því það er ekki hægt að kaupa hlutabréf í tilfinningunum. Í pólitík er talað um ískaldar og naktar staðreyndir en ekki heitar tilfinningar og tryggð við málstað og hugsjón. Þegar stjórnmálabaráttan verður hugsjónalaust valdapot snýr almenningur baki við stjórnmálum. Þá er lýðræðið og þingræðið í hættu.

Í því mikla landi Bandaríkjunum tekur innan við helmingur þjóðarinnar þátt í kosningum. Hinn helmingurinn telur stjórnmálin fyrirlitlega iðju. Við skildum þetta fólk þegar við sáum Reagan í herstöðinni á dögunum, sem var átakanlegasti vitnisburður um innihaldslausa popp-pólitík sem við höfum séð á íslenskri grund, og er þá vissulega langt til jafnað, og þó við munum eftir Ámunda og skjólstæðingi hans, að ekki sé minnst á prófkjör íhaldsins í Reykjavík þar sem hver maður eyðir hundruðum þúsunda í að vegsama sjálfan sig. Þannig mega stjórnmálin ekki vera. Þau eru alvarlegt viðfangsefni sem snýst um samfélagið allt og því aðeins náum við árangri að við eigum hugsjón og heita réttlætiskennd.

Þetta þekkjum við íslenskir sósíalistar vel. Það er þess vegna sem við störfum hundruðum saman allt árið, hvern einasta dag. Það er þess vegna sem við lítum á stjórnmálabaráttuna sem félagslegt viðfangsefni en ekki einleik einhverra foringja. Við eigum þá hugsjón að Ísland sé alfrjálst og friðlýst land; að kjörin verði svo góð hér á landi að fólk geti lifað á launum eftir átta tíma vinnu á sólarhring og að vinnuþrældómurinn, sem er einn ljótasti bletturinn á íslenska þjóðfélaginu, verði máður burt; að hvers konar misrétti gagnvart konum verði útrýmt; að börnin búi við góðar uppeldisaðstæður og örugga kennslu kennara sem ganga glaðir til vinnu sinnar þegar vinna þeirra er metin sem vert væri; að heilbrigðisstofnanir taki við okkur þegar vanda ber að höndum án þess að kíkja fyrst í budduna okkar; að aldraðir eigi vísan aðgang að aðhlynningu eins og þeir eiga skilið eftir langan og strangan vinnudag; að fatlaðir búi við jafnrétti og að engum komi til hugar framar að reka blinda menn út af bæjarstjórnarfundum; að húsnæði sé örugg mannréttindi; að við skilum landinu og auðlindunum betri til komandi kynslóða; og síðast en ekki síst að þjóðin öll eigi öfluga íslenska menningu sem því aðeins nær að dafna að við leyfum grasinu að gróa og blómunum að blómstra, skilum menningunni þeim peningum sem teknir eru af henni, bætum skólastarfið í þágu barnanna og eigum líflegan háskóla þar sem innlendir og erlendir fræðimenn geta sótt stuðning og aðstöðu til þess að iðka fræði sín. Þetta er íslensk menningarþjóð, þar sem maður bætist af manni.

Og þetta samfélag getum við eignast aðeins ef við skiptum jafnar því sem við öflum, ef við förum vel með verðmætin og leggjum áherslu á að maðurinn sé í öndvegi en höfnum lögmálum hinnar ísköldu peningahyggju. Og vissulega hefur ekki miðað í átt til hins bjarta framtíðarlands jafnréttis og lýðræðis á síðustu árum. Og fjarri fer því að sjálfstæði þjóðarinnar í efnahagslegu tilliti hafi styrkst á undanförnum árum því erlendar skuldir hafa aukist og herinn hefur þanið út umsvif sín. Það hefur fremur miðað aftur á bak en nokkuð á leið. Því miður. Dæmin eru óteljandi. Ég ætla hér aðeins að nefna þrjú, tvö úr fjárlagafrv., eitt úr þjóðhagsáætluninni.

Fyrsta dæmi: 20 millj. kr. á að verja til uppbyggingar barnaheimila á öllu landinu á næsta ári, en 40 millj. kr. til þess að innrétta brennivínsbúðina í nýja Hagkaupshúsinu.

Annað dæmi: Fjárfesting í almennum iðnaði dregst saman í ár um 10% en fjárfesting í verslum eykst um 10%.

Þriðja dæmi: Fjárlagaliðurinn matvæla- og neyðaraðstoð er strikaður út í frumvarpi næsta árs en hann er í ár 4,8 millj. kr.

Þessi þrjú dæmi nægja. Framtíðin, börnin og uppbygging nýrra atvinnugreina eru vanrækt í þágu skyndigróða verslunarinnar. Lágkúran er kórónuð með því að fella niður aðstoð við sveltandi þjóðir. En svona þarf þetta vissulega ekki að vera. Samkvæmt svartsýnni þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að þjóðartekjur aukist enn á næsta ári, að þær hafi í lok næsta árs aukist um 17 milljarða frá 1983 vegna hagstæðra ytri skilyrða. Það jafngildir 300 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Hefur þú fengið 300 þús. kr. fyrir þína fjögurra manna fjölskyldu fyrir sömu vinnu? Auðvitað ekki. Og nú er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir góðæri eigi kaupmáttur kauptaxta að minnka á næsta ári. Það kemur auðvitað ekki til greina. En heildartekjum þjóðarbúsins er ekki hægt að leyna. Þær sjást. Við búum við óvenjulegt góðæri. Launamenn féllust á takmarkað kaup meðan syrti að þjóðarbúinu en þeir ætlast til þess að góðærinu verði skilað til fólksins, eins og fram kemur í viðtölum við forustumenn í verkalýðshreyfingunni í Þjóðviljanum í dag.

Alþýðubandalagið varð stærsti andstöðuflokkur íhaldsins í kosningunum s.l. vor, með 24 þús. atkvæði. Alþýðubandalagið ætlar sér að verða enn þá sterkara í kosningunum til Alþingis til þess að geta snúið vörn í sókn. Við ætlum að flytja góðærið til fólksins í landinu. Fólkið hefur skapað góðærið ásamt hagstæðum ytri skilyrðum, þrátt fyrir ríkisstjórnina. Þessu góðæri verður að skila til fólksins með því að sækja vald handa fólkinu sem snýr öfugþróuninni tafarlaust við. Alþýðubandalagið mun leggja áherslu á þessi meginatriði og fylgja þeim fram til sigurs.

Við viljum nýja stefnu í launamálum þar sem stærri hluti teknanna er inni í kauptöxtunum en nú er, sérstaklega í bónusvinnu í fiski. Lægstu taxtarnir verða að hverfa. Þeir eru til skammar. Vinnutíminn verður að styttast kerfisbundið fyrir sömu laun. Uppeldis- og umönnunarstörf verði metin að verðleikum í launakerfinu. Við viljum aðra stefnu í peninga- og vaxtamálum, þak á raunvexti og takmörkun á útlánum bankanna til eyðslugreina. Við

viljum nýja byggðastefnu og sjálfstæðari byggðarlög þar sem ákveðið er að ráðstafa stærri hluta verðmætanna en nú er um að ræða. Við höfnum miðstýringu embættismannavaldsins. Við flytjum tillögur um nýja sókn í atvinnulífinu og sýnum fram á möguleika til þess að sækja milljarða og skapa þúsundir nýrra starfstækifæra. Við viljum húsnæðiskerfi sem gerir öllum eignarhaldsformum jafnhátt undir höfði. Við viljum verja og bæta nýja húsnæðislánakerfið, endurskoða og bæta verkamannabústaðakerfið og opna fyrir búseturéttaríbúðir og leiguhúsnæði. Við viljum nýtt skattakerfi og munum leggjum fram sérstakar tillögur um það á þinginu í vetur. Markmiðið er: Einföldun, jöfnuður, réttlæti. Við viljum skattleggja fjármagnstekjur, fækka frádráttarliðum, afnema frádráttafrumskóg fyrirtækjanna og flytja skattbyrðina af launafólki yfir á stóreignamenn og fyrirtæki, m.a. með hærri skattfrelsismörkum tekna einstaklinga en nú er. Við viljum skattadómstól og eflt skattaeftirlit sem sinnir hákörlunum en hættir að eltast við fólkið með tíkallana. Við viljum samfellt lífeyriskerfi og samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn, en höfnum valdaeinokun í lífeyrissjóðakerfinu. Við viljum alhliða menningarstefnu þar sem fjölmiðlar bera á borð fyrir börnin gott efni en ekki afsiðandi; þar sem barnaheimili og skólar eru víðsýnar uppeldisstofnanir; þar sem Háskóli Íslands er akademísk stofnun á háu stigi; þar sem lánamál námsmanna eru leyst skv. lögunum, eins og þau voru ákveðin af síðustu ríkisstjórn, en við höfnum algerlega kröfum um okurlán handa námsmönnum eins og framsóknaríhaldið gerir nú að tillögu sinni.

Góðir tilheyrendur. Fyrir nokkrum sólarhringum lauk hér í Reykjavík leiðtogafundi stórveldanna. Það var lærdómsríkur tími og sjónvarpið færði okkur föst allan daginn þegar við fylgdumst með hurðarhúninum í Höfða og við vonuðum að eitthvað jákvætt gerðist í samræmi við hugsjónir okkar um frið og afvopnun. Sjálfsagt líður okkur seint úr minni blaðamannafundur Gorbatsjoffs í Háskólabíói, að ekki sé minnst á skrípaleikinn á vellinum. En minnisstæðastar verða mér samt umræður barnanna í Hlíðaskóla og svo söngur Joan Baez og heimsókn hennar til Halldórs og Auðar á Gljúfrasteini. Þar var sungið um hugsjónina um frið á jörð og þar með frelsi. Æviferill hennar og söngur í 20 ár um friðinn er einnig lýsandi fordæmi fyrir okkur öll hin. Oft gengur baráttan að að vísu grátlega seint en þá er að þrauka og gefast ekki upp. Stundum leikur allt í lyndi, þá er eitt augnablik gleðinnar afrakstur af vinnu og aftur vinnu.

Við höfum búið við kaldan vetur peningahyggjunnar á Íslandi í þrjú ár rúm. Þetta er áreiðanlega síðasta þingið sem ríkisstjórn framsóknaríhaldsins fær að sitja. Svo er stjórnarskránni fyrir að þakka. Þess vegna má sjá vonina rætast í vorinu sem kemur á móti okkur eftir áramótin. Sú von þarf að breytast í sigur yfir afturhaldsöflunum. Til að vonin verði að veruleika þarf hugsjón, eld sem yljar og skapar orku til að leysa ný verkefni. Aðalverkefni okkar er að skapa þannig skilyrði hér á landi að fólk vilji byggja þetta land og þeir, sem hafa flúið utan, þeir komi heim til Íslands á ný. Mundu að þetta land átt þú.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum hlýtt hér á stefnuræðu forsætisráðherra sem er margt til lista lagt. Einn af kostum hans sem vekja aðdáun þeirra sem gaman hafa af loftfimleikum er að maðurinn er fljótur að skipta um skoðun og sveigjanlegur eins og gúmmíkarl. Þannig munaði hann ekkert um að sýna vinstri vangann fyrir kosningar 1979 og vara við leiftursókn íhaldsaflanna en gerast síðan stafnbúi í römmustu hægri stjórn sem hér hefur setið frá 1983. Það var ekki bara skipt um Blazer eftir að Steingrímur varð forsætisráðherra. Öll helstu stefnumið Framsóknarflokksins snerust þá í andhverfu sína. Í stað vaxtalækkunar kom vaxtaokur; í stað samvinnu kom óheft markaðshyggja; í stað byggðastefnu landeyðingarstefna sem hvergi á sinn líka á Norðurlöndum. Það er í góðu samræmi við þetta að forsætisráðherrann ætlar nú að taka heljarstökk úr sínu gamla kjördæmi suður á Reykjanes, þvert ofan í öll loforð og heitstrengingar. „Ég sagði nei fram á síðustu stundu og meinti það," sagði forsætisráðherrann, eftir því sem útvarpið hermdi í gær. En á loft tókst hann samt með svipuðum hætti og þegar hann hljóp inn í íhaldsstjórnina. Og nú bíður flokkurinn hans þess í ofvæni hvort hann komi standandi niður.

Sjálfstfl. kann vel við svona kaptein, sem ýmist er í loftköstum innanlands eða erlendis, á meðan skriðþung íhaldsöflin í báðum stjórnarflokkunum fara sínu fram. Þá sjaldan þingmenn Framsfl. hafa ætlað að fara út af sporinu nægir að Þorsteinn hvísli í eyra Steingríms eða sendi honum nótu milli herbergja. Ein slík orðsending barst formanni Framsfl. 6. desember í fyrra. Á þingi Sameinuðu þjóðanna lá þá fyrir tillaga frá Svíþjóð og Mexíkó um stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins og frystingu kjarnorkuvopna. Ísland eitt Norðurlanda studdi ekki þessa tillögu. Nokkrir framsóknarmenn voru eitthvað að malda í móinn en auðvitað beygðu þeir sig fyrir hótun samstarfsflokksins um stjórnarslit. Ríkisstjórn Íslands er einn auðsveipasti bandamaður vígbúnaðarstefnu Reagan-stjórnarinnar. Hér hefur Bandaríkjaher dubbað upp vígtólin síðustu árin í áður óþekktum mæli. Hér er allt í viðbragðsstöðu til að taka við kjarnorkuvopnum, hvað sem Alþingi ályktar. Reagan gat því litið brosmildur á málaliða sína á Keflavíkurflugvelli um daginn.

Við Íslendingar vorum í meiri snertingu við heimsmálin um síðustu helgi og reipdrátt risaveldanna en nokkru sinni fyrr. Á sunnudaginn var hélt heimsbyggðin niðri í sér andanum. Risaveldin virtust aðeins hársbreidd frá því að taka stórkostlegt skref í afvopnun. En stjörnustríðsdraumar Reagans forseta komu í veg fyrir samkomulag. Í gær

sprengdu Bandaríkjamenn kjarnorkusprengju, þá 18. frá því Sovétríkin stöðvuðu einhliða allar tilraunir. Þessar sprengingar í Nevada-eyðimörkinni eru liður í rannsóknum sem nú standa yfir til að þróa geimvopnin. Þess vegna vill Reagan ekki fallast á bann við tilraunum með kjarnavopn. Það er hans ákvörðun.

En hvað um afstöðu íslenskra stjórnvalda? Hafnar ríkisstjórnin ekki slíku glæfraspili? Ó nei. Sjálfur utanríkisráðherrann lýsti því í skýrslu sinni til Alþingis í apríl 1986 að geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í geimvopnaáætluninni sé ljóst að Íslendingar geti, ekki síður en aðrir, notið góðs af henni. Bandaríkjastjórn egnir þannig fyrir bandamenn sína með tilboði um þátttöku í stjörnustríðsáformum. Utanríkisráðherra Íslands er þegar kominn á krókinn.

Og það sem ótrúlegra má virðast: Alþýðuflokkurinn heldur að sér höndum varðandi geimvopnin. Sú afstaða er táknræn fyrir þennan skrýtna krataflokk sem í engu skilur sig frá íhaldinu í utanríkismálum. Miðflokkar í Vestur-Evrópu og flokkar vinstra megin við miðju standa sameinaðir gegn stjörnustríðsdraumum Reagans. Danska þingið og norska þingið hafa að meiri hluta ályktað gegn geimvopnum, en hér á Íslandi er Alþýðuflokkur, sem síðast í fyrradag neitaði að eiga aðild að ályktunartillögu um bann við geimvopnum, og framsókn hefur verið við sama heygarðshornið. Aðeins einbeitt almenningsálit og fjöldahreyfingar geta breytt þessari stöðu og losað Ísland úr þeim viðjum herstöðva- og hernaðarhyggju sem við nú erum flækt í.

En það er fleira sem þjakar fólk en stríðsógnunin. Við myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks 1983 var alþýðu manna gert að taka á sig miklar byrðar. Bregðast skyldi við sameiginlegum óvini, verðbólgunni, sem talin var undirrót flestra meinsemda í íslensku efnahagslífi. Allar vinnustéttir í landinu lögðu í það púkk, nauðugar viljugar, sjómenn með aflahlut, bændur með hluta af launalið sínum og launastéttirnar með hrikalegri og lögþvingaðri kaupskerðingu. Allir áttu síðan að uppskera ríkulega samkvæmt loforðum ráðherranna. En árin hafa liðið, verðbólgan lækkað í tölum, en dýrtíðin, mæld í kaupgetu fólksins, hélt áfram á fullri ferð. Ríkisstjórnin hefur unnið það ætlunarverk sitt að gera Ísland að láglaunasvæði. Og andóf verkalýðshreyfingar hefur enn ekki megnað að breyta þeirri staðreynd. Í undirstöðugreinum atvinnulífsins vinnur fólk fyrir 120 kr. á tímann. Og til að skrimta þurfa menn að leggja á sig ómælt erfiði í bónus og yfirvinnu. Í þessum hópum eru konur í meiri hluta og á þær leggst, margar hverjar, tvöfalt starf vegna vinnu á heimilum. Þorri opinberra starfsmanna er engu betur settur og háskólamenntað fólk leitar í sívaxandi mæli úr opinberri þjónustu og kennslu í skárra launuð störf hjá einkaaðilum.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar tala ætíð um rauntekjur heimilanna, meðaltöl launa sem eru útkoman úr óhóflega löngum vinnudegi og í sumum tilvikum umtalsverðu launaskriði. Hins vegar hrista sömu menn höfuðið ef þeir eru spurðir hvernig umsamdar dagvinnutekjur láglaunahópanna eigi að hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Þessi lúsarlaun eru ásamt lágum lífeyri gamla fólksins svartasti bletturinn á íslensku samfélagi.

Innan ríkisstjórnarinnar ráða hagsmunir verslunar og viðskiptalífs sem blómstrað hefur hér á höfuðborgarsvæðinu á meðan fyrirtæki í sjávarútvegi í kringum allt land hafa verið að tapa eignum sínum og aflafé sem runnið hefur í gegnum banka og sjóði og aðra milliliði hingað suður. Hér í höfuðborginni þekja hin nýju musteri viðskiptalífsins marga hektara. Það er nánast verið að byggja yfir Kringlumýrina og það jafnvel með aðstoð ríkissjóðs. Hvaðan haldið þið að þessir fjármunir komi? Skyldu þeir hafa myndast í Seðlabankanum hjá Jóhannesi? Nei, góðir hlustendur. Það er sjávarútvegurinn sem er meginuppspretta auðsins í íslensku samfélagi og góðærið er vegna aukins afla og hækkaðs afurðaverðs fyrir íslenskar sjávarafurðir og gífurlegrar vinnu fólksins í sjávarplássunum.

Það má virðast torráðin gestaþraut hvers vegna fyrirtækin í sjávarplássunum blómstra ekki um þessar mundir og hvers vegna fólkið í fiskvinnslunni fær ekki greitt eitthvað í líkingu við mannsæmandi kaup. En svarið er einfalt. Það efnahagsundur, sem þeir Halldór Ásgrímsson og Þorsteinn Pálsson telja sig öðrum fremur höfunda að, leyfir það ekki. Fyrirtækin sem framleiða til útflutnings, og langflest eru á landsbyggðinni, bera uppi þungann af föstu gengi, og þau taka öðrum fremur á sig byrðarnar af vaxtafrelsinu, okrinu sem ríkisstjórnin hefur lögleitt á Íslandi. Það er því landsbyggðin sem borgar með efnahagsundrinu sem blómstrar í Kringlumýrinni.

Og nú koma höfundar undursins með nýtt töframeðal, að þessu sinni til þess að lækna lekann hjá ríkissjóði. Það lyf heitir orkuskattur, tímabundinn orkuskattur eða olíugjald, upp á 600 milljónir. Einnig hér er á ferðinni landsbyggðarskattur sem leggst á olíu til loðnubræðslna og fiskiskipa ofan á sligandi þungaskatt hjá vöruflutningabílum. Síðan á þetta olíugjald líka að leggjast á bensínið. Það hefði kannske mátt þola ef gjaldið hefði runnið óskipt til vegaframkvæmda til að bæta upp stórfellda skerðingu á framlagi til vegagerðar undanfarin ár.

En þetta er ekki nóg. Skv. fjárlagafrv. er dregið úr framlagi í niðurgreiðslur á raforku til húshitunar um 34%, framlagið lækkað úr 220 millj. í 145 millj. Að mati Rafmagnsveitna ríkisins má reikna með að yfir 30% hækkun verði á húshitunarreikningum á landsbyggðinni frá næstu áramótum að telja ef þessi stefna nær fram að ganga. Hverju lofuðu núverandi stjórnarherrar fyrir kosningar í þessu efni? Þeir eru eflaust búnir að gleyma því eins og fleiru. Ofan á þetta bætast svo hótanir menntmrh. um lækkun á framlögum til skólaaksturs og heimavistarkostnaðar og meðferð hans á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Landsbyggðin hefur verið sérstakur skotspónn þessarar ríkisstjórnar frá upphafi og enn er höggvið í

sama farið.

Framlög til undirstöðuframkvæmda eins og hafna, flugvalla, skóla og sjúkrahúsa hafa verið skorin miskunnarlaust niður ár eftir ár af ráðherrunum og meiri hluta þeirra hér í þinginu. Það er létt verk að hækka slíkar tölur eitthvað á kosningaári eftir svo stórfelldan niðurskurð. Þó ná heildarframlög ríkisins til opinberra framkvæmda ekki þeirri upphæð sem varið er til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Ofan á samdrátt í opinberum framkvæmdum bætist ládeyðan í húsbyggingum úti á landi sem ekki er að undra þegar markaðsverð fasteigna hríðlækkar og íbúatalan stendur í stað eða lækkar beinlínis eins og víða hefur gerst á undanförnum árum.

Staða sveitanna er svo sérstakt áhyggjuefni. Engir búa nú við jafnmikla óvissu og sveitafólkið. Í málefnum bænda hafa stjórnvöld gengið fram af sérstöku tillitsleysi. Þar verður að knýja fram breytingu. Það er óhæfa að ætla bændum að búa við allt önnur og lakari kjör og meira öryggisleysi en aðrir þjóðfélagsþegnar. Við Alþýðubandalagsmenn höfum harðlega gagnrýnt stefnu stjórnarflokkanna í málefnum landbúnaðarins og gert tillögur um allt önnur tök á vanda strjálbýlisins. Sjálfstfl. og Framsfl. hafa gjörsamlega brugðist fólkinu á landsbyggðinni og í þeirra röðum sjást engin iðrunarmerki. Viðleitni til að stöðva fjármagnsstreymið burt úr byggðarlögunum og efla sjálfstæði þeirra með breyttri stjórnskipan fær litlar sem engar undirtektir hjá forustuliði þessara flokka. Fólkið á landsbyggðinni þarf ekki síður en launafólk á höfuðborgarsvæðinu að rísa upp gegn stjórnarstefnunni sem er að eyða byggðunum og sporðreisa landið.

Alþb. þarf ekki að setja fram spurningar eins og Steingrímur um Framsfl. hvort hann sé flokkur strjálbýlis eða þéttbýlis. Alþb. sækir fylgi sitt til þéttbýlis og sveita. Hjá stuðningsmönnum Alþb. er meira fylgi við heilbrigða byggðastefnu og jöfnuð óháð búsetu en hjá nokkrum öðrum stjórnmálaflokki hérlendis. Í Alþb. er sterkasta viðspyrnan gegn óheftri markaðshyggju og forræði erlends fjármagns í fyrirtækjum og efnahagslífi. Alþb. er höfuðandstæðingur Sjálfstfl. Aðeins öflugt Alþb. getur hnekkt áframhaldandi alræði hægri aflanna í ríkisstjórn landsins.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Alþingiskosningar nálgast óðum. Þá þarf þjóðin að létta af sér oki þessarar dæmalausu ríkisstjórnar og tryggja umskipti svo um munar með því að veita Alþb. brautargengi. — Góðar stundir.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ísland var fyrir fáum dögum í einni svipan dregið inn í hringiðu alþjóðaatburða með fundi leiðtoga stórveldanna sem haldinn var hér í Reykjavík. Ástæðurnar fyrir því að Ísland varð vettvangur þessa mikla viðburðar eru ugglaust margar. Ein er sú að við höfum fylgt einarðri og staðfastri utanríkisstefnu og erum fyrir vikið, þótt smáir séum, virtir bæði af samherjum og andstæðingum á alþjóðavettvangi. Önnur ástæða er sú að við höfum kappkostað að rækta og varðveita eigin menningu. Þrátt fyrir smæð okkar rísum við upp úr í samfélagi þjóðanna eins og Gunnarshólmi í Njálssögu vegna þess að íslensk menning er virt. Í ölduróti umræðna um kjarnorkuflaugar og efnahagsmál er okkur hollt að leiða hugann að þessum undirstöðum eigin samfélags.

Á sama tíma og við sýnum umheiminum stjórnarfarslega og menningarlega reisn getum við státað af því við þá sem flytja fréttir um víða veröld að okkur hefur tekist að vinna okkur út úr efnahagslegri ringulreið og kreppu. Við höfum kynnt umheiminum gróandi þjóðlíf, bjartsýni og áræðni í nýrri framfarasókn Íslendinga. Við getum sannarlega verið stoltir af því um þessar mundir að vera Íslendingar.

Það er á annan veg umhorfs nú en þegar þessi ríkisstjórn tók við fyrir rúmum þremur árum. Nú er vaxandi framleiðsla og verðmætasköpun, kaupmáttur hefur aukist hröðum skrefum tvö ár í röð og er nú meiri en nokkru sinni fyrr og reyndar langt umfram það sem menn höfðu samið um í kjarasamningum. Við sjáum umskiptin einnig í betri afkomu fyrirtækja og minni verðbólgu og meiri sparnaði. Frá hrikalegum viðskiptahalla 1982 horfum við fram til þess að ná jöfnuði í viðskiptum við aðrar þjóðir á næsta ári.

Allt verður þetta að teljast umtalsverður árangur. Nú skiptir mestu að varðveita þennan árangur, að byggja upp á þeim grunni sem lagður hefur verið. Þó að birt hafi yfir eftir éljagang þurfum við að gæta okkar. Spennum við bogann of hátt munum við aftur missa stjórn á efnahagsþróuninni þó að ytri aðstæður séu hagstæðar. Á öllum sviðum verðum við því að stilla útgjöldum okkar og kröfum í hóf, hvort sem er á heimilum, í fyrirtækjum eða ríkisbúskapnum sjálfum.

En hver eru viðbrögð stjórnarandstöðunnar við þessum miklu umskiptum sem orðið hafa? Allan þann orðaflaum má reyndar draga saman í eina setningu. Stjórnarandstaðan hefur ekki annað að segja fólkinu í landinu en að það megi ekki fyrir nokkra muni trúa því að þetta sé ríkisstjórninni að þakka. Í góðærinu 1980 til 1981 missti þáverandi ríkisstjórn öll tök á framvindu efnahagsmálanna. Spurningin er því ekki einungis sú hvort um góðæri sé að ræða heldur hvernig það er nýtt. Auðvitað hafa ytri skilyrði gengið okkur í haginn. Þau hafa sannarlega skipt sköpum. En ringulreiðin og óðaverðbólgan væri auðvitað enn í algleymingi ef ekki hefði verið breytt um stjórnarstefnu. Það varð grundvallarbreyting með því að hverfa frá daglegum gengislækkunum til stöðugleika í gengismálum. Það var gerð grundvallarbreyting með auknu frjálsræði í peningamálum sem hefur leitt til stóraukins sparnaðar. Grundvallarbreyting var gerð þegar tilboð um þjóðarsátt með skattalækkunum í tengslum við kjarasamninga var fyrst sett fram haustið 1984, þá

án árangurs en nú með skilningi og þátttöku þjóðarinnar allrar. Án þessara grundvallarbreytinga værum við enn að tala um vaxandi verðbólgu og þar af leiðandi rýrnandi kaupmátt þrátt fyrir batnandi árferði.

Ríkisstjórnin hefur fyrir atbeina sjálfstæðismanna, eins og Hjörleifur Guttormsson benti á í ræðu sinni, leitast við að losa um miðstýringu og höft. Frelsi hefur verið aukið í verðlagsmálum, gjaldeyrismálum og peningamálum. Óhætt er að fullyrða að jafnmiklar breytingar hafa ekki verið gerðar í þessa veru síðan viðreisn var gerð fyrir meira en aldarfjórðungi. Við værum ekki að tala um jöfnuð í viðskiptum við útlönd, minni erlendar skuldir og því síður aukinn sparnað ef þessar grundvallarbreytingar hefðu ekki átt sér stað.

En frelsi hefur verið aukið á fleiri sviðum en í verslun og viðskiptum. Þar ber hæst útvarpsfrelsið. Fyrir forgöngu sjálfstæðismanna var útvarpseinokun ríkisins afnumin. Fyrir vikið blása nú nýir og ferskir vindar í íslensku þjóðlífi. Afturhaldsöflin hér á Alþingi fyrirverða sig hins vegar fyrir andstöðuna og Alþfl. reynir að gleyma því að hann gerði allt sem hann gat til að bregða fæti fyrir frjálsan útvarpsrekstur. Á sama tíma er tekin ákvörðun um að stórauka framlög til Kvikmyndasjóðs. Myndmálið verður stöðugt fyrirferðarmeira í íslensku þjóðlífi. Þar fléttast saman list og tækni. Ef við ætlum að halda áfram að byggja upp íslenskt menningarsamfélag verðum við að hlúa að íslenskri listsköpun á þessu sviði. Allar eru þessar breytingar samofnar og miða að því að auka tjáningarfrelsi og styrkja íslenska menningu.

Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun í byrjun þessa árs að opna dyr fyrir aðila vinnumarkaðarins með umfangsmiklum skattalækkunum og fjármunatilfærslum í því skyni að færa niður verðlag. Það var tekin um það pólitísk ákvörðun að fórna markmiðinu um hallalausan ríkisbúskap til þess að ná öðrum mikilvægum efnahagslegum áformum. Þessar aðgerðir voru lykillinn að þjóðarsáttinni og minnkandi verðbólgu og þar af leiðandi auknum kaupmætti. Hallinn hefur orðið nokkru meiri en ráð var fyrir gert vegna aukinna aðgerða í því skyni að færa niður verðlag og enn fremur vegna þess að laun opinberra starfsmanna hafa hækkað meira en ráð var fyrir gert í kjarasamningum.

Þrátt fyrir þær umfangsmiklu aðgerðir sem þannig voru ákveðnar í tengslum við kjarasamninga er hallinn nú á þessu ári umtalsvert minni en í fyrra og fjárlagafrv. sem liggur fyrir gerir ráð fyrir því að hallinn á næsta ári verði u.þ.b. þriðjungi minni en á þessu ári. Þrátt fyrir hallann eru opinberir aðilar nú í fyrsta skipti um langt árabil að grynnka á erlendum skuldum sínum, að greiða meira niður en þeir taka af nýjum erlendum lánum. Þetta er stór og mikilsverður áfangi.

Stjórnarandstaðan býsnast hvað hún getur yfir fjárlagahallanum. En hver eru hennar úrræði? Var hún á móti því að ríkisstjórnin sneri lyklinum til þess að opna dyrnar að þjóðarsáttinni? Vill hún taka þær skattalækkanir til baka? Hvernig samrýmist það gagnrýninni á hallann að vera um leið á móti öllum niðurskurði sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir?

Ég mælti í gær fyrir lagabreytingum þar sem fjöldi laga er gerður óvirkur að hluta til í því skyni að stemma stigu við meiri ríkissjóðshalla. Bæði talsmenn Alþb. og Alþfl. hafa lýst harðri andstöðu við allan þennan niðurskurð. Hvernig kemur það heim og saman við áhyggjur þeirra af ríkissjóðshallanum? Stjórnarandstaðan gagnrýnir að ríkissjóður skuli gera tilkall til þess að njóta batnandi viðskiptakjara að nokkrum hluta með því að leggja á sérstakan skatt á innflutt eldsneyti. Vilja þeir með þessari andstöðu auka halla ríkissjóðs eða ætla þeir að hækka einhverja aðra skatta? Vilja þeir heldur ná þessum tekjum með því að stórhækka eignarskatta á þorra fjölskyldna í landinu sem komið hafa sér upp eigin húsnæði? Við þessu fást auðvitað engin svör.

Talsmenn Alþfl. tala fjálglega um að verulega skorti á að kerfisbreytingar hafi verið gerðar til þess að lækka útgjöld ríkisins. Þeir fluttu tillögur við afgreiðslu síðustu fjárlaga um kerfisbreytingar sem þeir kalla svo og stagast á í hverri ræðu sem þeir flytja hér á hinu háa Alþingi og á fundum úti um landsbyggðina.

Í þessum tillögum sagði um Kennaraháskóla Íslands: Liðurinn falli niður. Svo einfalt var það. En á öðrum stað var lagt til að jafnhá upphæð bættist við útgjöld Háskóla Íslands. Niðurstaðan var: enginn niðurskurður. Þeir lögðu til að fjárlagaliðirnir Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands yrðu felldir niður. Nokkrum vikum seinna fluttu þeir þáltill. þar sem þeir lögðu til að athugað yrði hvort unnt væri að leggja niður eða hætta framlögum til Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins. Niðurstaðan af öllu þessu kerfisbreytingartali þeirra er því verri en núll. Ég hef látið reikna út áhrifin af því ef allar tillögur Alþfl. um breytingar á fjárlögum hefðu verið samþykktar. Niðurstaðan er sú að hallinn á fjárlagafrv. væri 467 millj. kr. meiri. Ef allar þessar margumtöluðu kerfisbreytingartillögur Alþfl. hefðu verið samþykktar væri hallinn 467 millj. kr. meiri en hann er. Eigi sá draumur formanns Alþfl. að rætast að setjast í stól fjmrh. eftir næstu kosningar þarf hann sannarlega að lúta forustu aðhaldssamari samstarfsmanna en hann er sjálfur.

Að undanförnu hafa orðið talsverðar umræður um skattamál. Í því efni er rétt að minna á að tollar hafa verið lækkaðir af ýmsum helstu neyslu- og fjárfestingarvörum heimilanna, að skattar hafa verið lækkaðir á atvinnufyrirtækjum, svo sem launaskattur og verðjöfnunargjald á raforku, að skattívilnanir hafa verið gerðar vegna kaupa á hlutabréfum og aukinnar fjárfestingar í atvinnurekstri, að skattbyrði tekjuskatts er nú fjórðungi minni en 1982 og í morgun lagði ég fyrir ríkisstjórnina hugmyndir um útfærslu á lækkun tekjuskatts í samræmi við þær tillögur sem fyrir liggja í fjárlagafrv. Meginþættir þeirra hugmynda eru þessir:

1. Að lækka skatthlutföll. Þau gætu farið úr 43,5% í 39% í efsta þrepi og úr 30,5% niður í 29% í miðþrepi og úr 19,5% niður í 19% í því neðsta.

2. Að hækka mörkin milli þrepa umfram breytingar á launum. Er þá í athugun að lægri mörkin verði um 400 þús. kr. og þau efri um 800 þús. kr.

3. Að breyta persónufrádrætti og barnabótum með hliðsjón af áætluðum breytingum launa milli áranna 1986 og 1987 og með tilliti til áformaðrar lækkunar tekjuskatts þannig að æskileg dreifing náist.

Tilgangur þessara breytinga er tvíþættur. Annars vegar aðlögun skattkerfisins að breyttum aðstæðum í launa- og verðlagsmálum í lækkandi verðbólgu og hins vegar að lækka skattbyrði af tekjuskatti um 300 millj. kr. Auk þeirra áhrifa sem felast í framangreindum breytingum og koma fram í verulegri lækkun á jaðarskatti munu skattleysismörk hækka. Þannig má ætla að hjón með tvö börn, sem hafa allt að 60–70 þús. kr. á mánuði að jafnaði á þessu ári, muni ekki greiða tekjuskatt eða útsvar á næsta ári.

Samhliða er á næstunni von á tillögum um virðisaukaskatt í stað söluskatts og nýrri tollalöggjöf með samræmdri tollskrá. Þannig er í undirbúningi heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins enda óumdeilt að það kerfi sem nú er stuðst við fær ekki staðist lengur. Sjálfstfl. mun á hinn bóginn standa gegn öllum kröfum um stórhækkun eignarskatta og um það er meginágreiningur milli Sjálfstfl. og annarra flokka hér í þinginu. Þreföldun eignarskatta mundi leggjast með miklum þunga á meginþorra allra heimila í landinu. Það væri ranglát og ósanngjörn skattheimta.

Herra forseti. Það er gróska í þjóðlífinu. Það er framfarahugur í fólkinu í landinu. Íslendingar eru bjartsýnir og þeir hafa ástæðu til þess að vera stoltir og ánægðir, en það er leitt að stjórnarandstaðan er fýld yfir þessu öllu saman. Það er nánast það eina sem skyggir á um þessar mundir.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á s.l. vori, þegar kjörtímabilið var liðlega hálfnað, fóru að venju fram almennar stjórnmálaumræður hér á Alþingi. Í þeim umræðum reyndi ég að meta hvað áunnist hefði í samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. Niðurstaða mín var að mjög margt hefði áunnist þrátt fyrir að ýmis mál hefðu tekið lengri tíma en ætlað var í fyrstu. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði þá, en áhrif þeirrar lagasetningar, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á fyrri hluta kjörtímabilsins, eru að koma æ sterkar í ljós.

Frjáls verðmyndun var komin til framkvæmda á öllum almennum verslunarvörum nema landbúnaðarvörum. Sú breyting leiddi sannanlega til verðlækkunar á mörgum vörutegundum og þegar á heildina er litið höfðu vörur með frjálsri verðmyndun hækkað minna en almennt verðlag. Dregið var úr hömlum á gjaldeyrisviðskiptum, útflutningur iðnaðarvara ekki lengur háður leyfum ráðuneytis.

Sjóðakerfi sjávarútvegs og iðnaðar hefur verið endurskipulagt og einfaldað. Úttekt hefur farið fram á rekstri og hagkvæmni ríkisfyrirtækja sem leitt hefur til stórfellds sparnaðar. Ríkisfyrirtæki hafa verið endurskipulögð og sum seld og færð í hendur einstaklinga og félaga.

Hækkun ellilífeyris og annarra bóta hefur komið til framkvæmda jafnskjótt og launataxtar hafa hækkað og jafnan hefur hækkunin verið meiri en hækkun launataxta. Tekjutrygging er u.þ.b. tvöfaldur lífeyrir. Með breyttum lögum hefur núverandi ríkisstjórn stuðlað að því að verulega hefur fjölgað þeim lífeyrisþegum sem tekjutryggingar njóta. Aldrei hefur hærra hlutfall af þjóðartekjum farið til almannatrygginga en nú. Samt er í sífellu klifað á því að ríkisstjórnin níðist á öldruðum og öryrkjum og reynt að koma þeirri skömm sérstaklega á Sjálfstfl. sem hefur þó haft forustu um þessar úrbætur allar. Ég fullyrði í þessu sambandi að sjónarmið Sjálfstfl. í velferðarmálum eru mannúðlegri en annarra flokka sem vilja að ríkið sjái um allt. „Það sem allir annast, það annast enginn," sagði Sigurður Nordal.

Sjálfstfl. vill auka einkaframtakið á sviði sjúkraþjónustu, barnagæslu, skólamála og á ýmsum fleiri sviðum sem heyra undir ríkið eða sveitarfélögin. Þetta viljum við ekki gera til að leggja niður opinbera þjónustu við einstaklinginn heldur til að blása lífi í velferðina og auka áhrif venjulegs fólks. Í stuttu máli: Að auka persónulega velferð fólks.

Þeir sem starfa í þágu hins opinbera eru auðvitað venjulegt fólk sem finnur fyrir skattbyrðinni eins og aðrir. Þetta fólk má ekki ætla að verið sé að eyðileggja verðmæti sem aldrei verði bætt ef hluti starfseminnar er opnaður fyrir einkaframtaki og samkeppni.

Herra forseti. Fyrir rúmu ári lét ég þau orð falla í þinginu að framtíð ríkisstjórnarinnar ylti á því hvernig færi um þá margháttuðu löggjöf sem þá var til meðferðar í þinginu en hafði ekki náð fram að ganga. Þar átti ég við frumvörp um Byggðastofnun, Framkvæmdasjóð og Þróunarfélag, um viðskiptabanka og sparisjóði, Framleiðsluráð landbúnaðarins og ný útvarpslög. Öll þessi mál hafa náð fram að ganga þrátt fyrir mikla andstöðu hér í þinginu. Með afgreiðslu þeirra var tryggt að ríkisstjórnin sæti til loka kjörtímabilsins. Enn eru þó nokkur viðamikil mál óafgreidd. Þar nefni ég sérstaklega nýskipan fjárfestingarsjóða, virðisaukaskatt, tollalög og vonandi breytta tekjuskattslöggjöf. Þótt þetta sé eftir er það þó staðreynd að ríkisstjórnin hefur þegar komið á þeirri löggjöf sem hún lagði mesta áherslu á í upphafi kjörtímabils. En það sem þó best hefur tekist er árangur þessarar stjórnar í baráttunni við verðbólguna. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, segir að landsframleiðsla fari vaxandi þriðja árið í röð. Tekjur heimilanna séu meiri en fyrr, atvinnuástand gott, árshraði verðbreytinga kominn niður undir 10% og mun að

líkindum fara niður fyrir þá tölu um næstu áramót. Er nema mannlegt að stjórnarandstæðingar séu súrir og jafnvel stundum reiðir þegar þeir hafa þessar staðreyndir fyrir framan sig? En stórmannlegt er það ekki.

Ég efast ekki um að allan þann tíma sem þeir voru í stjórn, og þá reyndar alltaf með framsókn, vildu þeir ná verðbólgunni niður. Það gekk hins vegar aldrei vegna þess að athafnir þeirra voru ósamrýmanlegar því markmiði. Því fór sem fór. Og svo mun enn fara þegar og ef gerð verður enn ein tilraunin með vinstri stjórn hér á landi með eða án framsóknar.

Herra forseti. Ný útvarpslög voru sett á síðasta þingi. Þau tryggja það m.a. að ekki verður aftur skrúfað fyrir útvarp og sjónvarp þótt opinberir starfsmenn fari í verkfall. Til fróðleiks fyrir kjósendur tek ég nokkur sýnishorn af málflutningi mestu afturhaldsþingmannanna sem létu ljós sitt skína í umræðunum um útvarpslagafrv. Með leyfi hæstv. forseta: Stefán Valgeirsson í þingræðu 11. mars 1985:

„Ég held að ástandið í þjóðfélaginu sé heldur ekki þannig að ástæða sé til að leyfa mörgum nýjum útvarpsstöðvum og jafnvel sjónvarpsstöðvum að taka til starfa."

Hjörleifur Guttormsson í þingræðu 17. október 1984: „Ríkisútvarpið er og verður áfram sameiningarafl í þjóðfélaginu. Frjáls fjölmiðill opinn öllum landsmönnum. Ekkert má gera sem teflir þessu hlutverki ríkisútvarpsins í hættu."

Páll Pétursson hafnaði frv. með svofelldum orðum í þingræðu 13. maí 1985: „Hagsmunagæslan fyrir gróðaráðherrana hefur nú keyrt langt úr hófi."

Kvennalistinn var hvað harðastur í afstöðu sinni. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir í þingræðu 17. okt. 1984: „Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista er tekinn sérstaklega fram stuðningur við þá hugmynd að einkarétti Ríkisútvarpsins verði við haldið."

Svo mörg voru þau orð. Menn leggi þau á minnið og hverjir mæltu þau.

Sú gróska sem nú er í fjölmiðlum á Íslandi er tilkomin vegna frelsisins. Sjálfstfl. stóð heill og óskiptur með frelsinu. Þar er hans staður jafnt í þessu máli sem öðrum.

Herra forseti. Sá árangur í efnahagsmálum sem ég áðan lýsti hefur náðst af þremur ástæðum: Vegna hagstæðra ytri skilyrða, vegna samræmdrar efnahagsstefnu og vegna kjarasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Stjórnarandstæðingar hafa reynt eftir mætti að gera lítið úr þætti ríkisstjórnarinnar í þessum kjarasáttmála, sagt að valdið hafi verið flutt frá Alþingi og ríkisstjórn upp í Garðastræti. Hið rétta er að þetta er í fyrsta sinn í óralangan tíma sem samið er í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnar en hún ekki sprengd í loft upp sem oftast áður. Þetta er ein skýringin á geðvonsku sumra Alþýðubandalagsmanna. Þeim tókst ekki að eyðileggja þann árangur sem náðst hafði í verðbólgubaráttunni.

Þessari efnahagsstefnu hefur fylgt aukin framleiðsla og vaxandi umsvif í þjóðarbúskapnum og gott atvinnuástand. Einu tímabilin sem einhver árangur hefur orðið í efnahagsmálum frá því verðbólgubrjálæðið hófst með vinstri stjórninni 1971 eru árin 1974 til 1978 og svo nú á þessu kjörtímabili. Þetta eru árin sem Sjálfstfl. hefur verið í stjórn. Nú geta menn velt fyrir sér hvers vegna svo hörmulega hefur tekist til á vinstristjórnarárunum. Fáum við e.t.v. skýringar við þessa umræðu. Það væri um leið verðmæt vitneskja fyrir kjósendur hvort þeir flokkar sem útiloka vilja Sjálfstfl. frá stjórnarstörfum hafi fundið nýjar leiðir til að blekkja kjósendur til fylgis við sig. Og meðal annarra orða, hefur e.t.v. verið samið nú þegar um næstu stjórn? Jón Baldvin hefur stigið í vinstri vænginn upp á síðkastið. Svavar Gestsson telur samvinnu við Sjálfstfl. útilokaða og Páll Pétursson mun ekki mæla með áframhaldandi samstarfi við Sjálfstfl. Ég hef hérna blaðaúrklippur þessu til staðfestingar.

Kjósendur eiga að læra af reynslunni. Við þessu vinstra brölti eiga þeir aðeins eitt svar. Það er að efla svo Sjálfstfl. að engin stjórn verði mynduð í þessu landi án hans forustu. Það er jafnframt hin eina trygging fyrir frelsi og framförum. — Góðar stundir.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar ég hugleiddi í gærkvöldi hvað segja skyldi hér heyrði ég litla frænku mína lesa upphátt fyrir stöllu sína dæmisöguna um vitra hanann. Sú dæmisaga á erindi við fleiri hér gæti ég trúað. Það brást ekki, sýndist þessum hana, að alltaf kom sólin upp við fyrsta hanagal. Með þeirri ályktunarhæfni sem þessum konungi hænsnfogla er léð sló hann því loks föstu að gervöll heimsbyggðin ætti birtu og yl sólar sér að þakka. Heyrðist ykkur eins og mér, hlustendur góðir, að það vottaði fyrir sams konar rökvísi í ræðu seinasta ræðumanns og í ræðu forsætisráðherra vors hér áðan? Eins og vitri haninn þóttist ráða gangi himintungla vill ríkisstjórnin færa sér til tekna hlýindi sjávar, landburð af fiski, hækkandi fiskverð, lækkandi olíukostnað. Flestir mundu þó ætla forsjóninni þar stærri hlut en forsrh., til að mynda Vestfirðingar sem þekkja sjávarbúskap.

En hvernig hefur þeim forsrh. og fjmrh. hæstv. tekist að skipta þeim hlut sem forsjónin hefur af örlæti sínu skenkt oss? Svörin við því er að finna í fjárlagafrv., þessum prófstein á hann Þorstein. Þar er fátt að finna annað en steina fyrir brauð. Ríkisbáknið heldur áfram að þenjast út, hallinn er fjármagnaður með erlendum lánum langt umfram lagaheimildir og umfram afborganir eldri lána. Við höldum áfram að safna skuldum í góðærinu. Samt eru loforðin um afnám tekjuskatts í áföngum svikin annað árið í röð. Svo á að hækka framleiðslukostnað útflutningsgreina, rýra afkomu heimilanna og kynda undir verðbólgu með nýjum 600 millj. kr. orkuskatti. Ég spyr: Er þetta til þess fallið að greiða fyrir nýjum kjarasamningum?

Leyfist mér að hressa upp á minni hv. alþm. Munið þið eftir skattsvikaskýrslunni? Munið þið þegar hæstv. fjmrh. birtist á skjánum til að svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um þriggja til fjögurra milljarða skattsvik? Munið þið hvernig hæstv. fjmrh. brosti út í annað og sagðist hafa haldið að þau væru reyndar miklu meiri? Nú spyr ég: Hvar eru tæki þín og tól, hæstv. fjmrh., til þess að uppræta skattsvikin? Menn byggja ekki upp það sem á að vanda með ónýtum tækjum og skattalögin þín, hæstv. fjmrh., eru ónýt. Það er hnefahögg framan í andlit vinnandi fólks og launþega á Íslandi að bjóða upp á svívirðu íslenskra skattalaga enn eitt árið í röð. Minnumst þess að þetta eru fyrstu fjárlög nýrrar kynslóðar í Sjálfstfl. undir forustu Þorsteins Pálssonar. Þeir svældu Albert út úr greninu en nú spyr hver annan — til hvers? Hvers vegna hefur ekkert breyst? Er það ekki nokkuð snemmt að týna hugsjónunum og samdaunast kerfinu fyrir fertugt?

Munið þið eftir þessu plaggi hérna? Það heitir ráðdeild í ríkisrekstri. Tillögur Sambands ungra jafnaðarmanna um að draga úr ríkisumsvifum, um að minnka skattaálögur og að auka kaupmátt heimilanna í landinu. Nú spyr ég: Hvar eru tillögur hins unga formanns Sjálfstfl., fjmrh. hinnar nýju kynslóðar, um báknið burt? Var hann Friðrik Sophusson ekki að halda upp á afmæli báknsins, 10 ára afmæli báknsins kjurt, hérna um daginn? Hvar eru tillögur hans um lækkun ríkisútgjalda? Hvar eru tillögur hans um fækkun ríkisstofnana? Hvar eru tillögur hans um niðurskurð á grasköglaverksmiðjum og öðrum óarðbærum gæluverkefnum framsóknarkerfisins? Hvar eru tillögurnar um kerfisbreytingu í ríkisrekstri? Hvar eru tillögurnar um nýtt og réttlátt skattakerfi? Já, hvar og hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað, hæstv. fjmrh.?

Í Mogga birtast nú daglega skrumauglýsingar upp á milljónir, m.a. frá ungum sjálfstæðismönnum. En ég spyr: Er ekki þetta óarðbær fjárfesting ef þau ætla að samdaunast kerfinu jafnfljótt og fjármálaráðherrann ungi og aðstoðarmenn hans og ganga framsóknarkerfinu á hönd? Til hvers er að kjósa þvílíka ágætismenn eins og Vilhjálm Egilsson, Jón Magnússon og jafnvel Eyjólf Konráð sjálfan, nýkominn úr Norðurlandi vestra frá Pálma á Akri og öðru framsóknarkyni, ef þeir ætla um leið og þeir koma hingað inn fyrir dyrnar að breytast í: Pálma á Akri, Egil á Seljavöllum eða jafnvel sjálfan Eggert Haukdal um leið og þeir koma hérna inn fyrir dyrnar?

Hvað svo með Framsfl.? Hefur Framsfl. virkilega af engu að státa úr þessu stjórnarsamstarfi fyrir utan það að sitja yfir hlut bænda og að koma á framsóknarkerfi í sjávarútveginum sem m.a. hefur nú leitt til þess að forsrh. vor sjálfur hefur neyðst til þess að flýja fiskveiðistefnu Halldórs Ásgrímssonar burt af Vestfjörðum? Jú, eitt. Framsókn segir það ósatt að ríkisstjórnin hafi verið neydd til stefnubreytingar við seinustu kjarasamninga. Við skulum láta Ásmund Stefánsson, forseta Alþýðusambands Íslands, svara forsrh. Hvað segir Ásmundur? Hann segir hér í grein:

„Til þess að festast ekki þannig varanlega í vonlausri verðbólguhringrás upp á 30–35% verðbólgu, sem var stjórnarstefnan," þá segir Ásmundur, „sneru aðilar vinnumarkaðarins sér til ríkisstjórnarinnar með bréfi, þar sem segir:

„Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að stjórnvöld breyti um stefnu."„

Og enn fremur segir Ásmundur: „Það kemur því á óvart að forsvarsmenn stjórnarflokkanna skuli nú eftir á lýsa sig frumkvæðismenn málsins. E.t.v. er skýringarinnar að leita hjá forsrh. þegar hann segir allt í því efni hafa farið ákaflega leynt. Líklega hefur það farið svo leynt að hann einn vissi af", segir forseti Alþýðusambandsins. „En staðreynd er það að öll stefnumótun varð til á okkar borðum." Þar telst mér, herra forseti, að hafi fokið seinasta skrautfjöðrin úr hatti forsrh.

Svo leyfa þeir stjórnarsinnar sér að saka stjórnarandstöðuna um yfirboð og skrum. Þeir taki til sín sem eiga. En það á ekki við um þann flokk sem ég er formaður fyrir og þær staðreyndir liggja hér á borðinu. Við studdum — já, hlustið á staðreyndirnar — við studdum afdráttarlaust nýjar leiðir í kjarasamningum, og höfum verið gagnrýndir af sumum fyrir, af því að við vissum að með þeim hætti sköpuðu launþegar sér inneign sem ávísa mætti á raunhæfar kjarabætur í batnandi efnahagsástandi og minni verðbólgu. Og fjmrh. spurði áðan: Hver voru úrræði stjórnarandstöðunnar að því er varðaði ríkisfjármálin og hallann? Svar: Við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðum við fram það sem fréttamenn kölluðu ný fjárlög Alþfl. Þau voru um tillögur um lækkun ríkisútgjalda, tillögur um kerfisbreytingu í ríkisrekstri, tillögur um tekjujöfnun gegnum húsnæðislán og tryggingakerfi, tillögur um stærri hlut ríkisútgjalda til verklegra framkvæmda. Ég ætla að vona, herra forseti, að ég eigi ekki eftir aftur að heyra íslenskan fjmrh. fara með þvílíka útúrsnúninga um þessar staðreyndir og þá sem ég heyrði áðan.

Tillögur Alþfl., sem ég er hér að lýsa, hefðu nefnilega samkvæmt þskj. skilað ríkissjóði meiri tekjuöflun með því að taka upp undanþágulítið söluskattskerfi og uppræta þar með þann skattundandrátt sem nemur milljörðum og fjmrh. ríkisins ber skylda til að uppræta en hefur ekki gert. Ég vek athygli á því, góðir hlustendur, að ef skattsvikin hefðu verið upprætt væri enginn halli á fjmrh. Þorsteini. Tillögur Alþfl. hefðu þýtt rekstrarafgang ríkissjóðs upp á 1,2 milljarða í stað halla upp á 2,2 milljarða og þær tölur eru staðfestar af starfsmönnum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, starfsmönnum fjmrh. sjálfs. En þessar tillögur okkar voru felldar af þeim sama stjórnarmeirihluta sem hér birtist okkur með allt niður um sig í ríkisfjármálum.

Þið sem hafið verið að velta því fyrir ykkur að kjósa Sjálfstfl. í trausti þess að hann sé boðberi nútímalegri hugmynda, staldrið þið ögn við. Það erum við jafnaðarmenn samkvæmt þessum stað-

reyndum sem leggjum fram tillögur gegn embættis- og ríkisbákni fyrir aukinni samkeppni og valddreifingu í fjármálalífi en ekki þeir. Og við erum ekki bundnir á klafa neinna sérhagsmuna sem knýja okkur til að ganga gegn eigin tillögum eins og til dæmis hv. 1. þm. Suðurl., hæstv. fjmrh. Tryggingin fyrir því að við stöndum við okkar tillögur í framkvæmd er einföld. Það eru nefnilega engir framsóknarmenn í okkar þingflokki og verða ekki heldur eftir kosningar.

Sem betur fer eru nú vaxandi horfur á því að þjóðin eignist nýjan valkost um stjórnarstamstarf að loknum kosningum. Ástæðan er sú að Alþfl. hefur meira en þrefaldað fylgi sitt á s.l. tveimur árum. Jafnframt er ljóst að valdakerfi Framsfl. er að bresta um land allt. Það er brostinn flótti á lið framsóknar úti á landi þar sem sjálfur forsrh. leiðir flóttann.

Og Alþb. er á barmi upplausnar. Einar Karl Haraldsson, sem að eigin sögn gegndi starfi sem sálgæslumaður þess flokks og blaðs, opnar okkur sýn inn í ástandið í Alþb. í Helgarpóstsviðtali í dag. Þar segir hann:

„Deilurnar í Alþb. eru komnar langt yfir hættumörk. Það er hætta á því fullkomin að það fjari undan flokknum. Síðan 1982 hefur allt verið meira og minna í vitleysu í flokknum." — Hvar er félagi Svavar?

Jafnframt segir Einar Karl Haraldsson, sálgæslumaður Alþb., að formaður Alþfl. hafi staðið við loforð sín, að því sé engin ástæða til að rengja hann þegar hann segi að verkalýðsleiðtogar muni einnig á næstunni koma yfir til hans og hans flokks. Það er von að félagi Svavar reyni, eins og hann gerði í ræðu sinni áðan, að skreyta sig með stolnum fjöðrum frá Alþfl.

Sveitarstjórnarkosningarnar í vor staðfestu hina skriðþungu sókn okkar jafnaðarmanna. Við erum nú tvímælalaust næststærsti flokkur þjóðarinnar, mun öflugri en bæði Alþb. og framsókn, og fylgi okkar dreifist nokkuð jafnt um landið allt. Það fer ekkert á milli mála að flokkurinn hefur styrkt málefnalega stöðu sína. Við höfum náð málefnalegu frumkvæði í stjórnmálaumræðunni. Umræður andstæðinganna staðfesta þetta því að þær snúast fyrst og fremst um það hvort þeir vilji samstarf við okkur eða með hverjum Alþfl. sé reiðubúinn til samstarfs að loknum kosningum.

S.l. tvö ár höfum við staðfastlega leitað eftir sáttum og samstarfi við Bandalag jafnaðarmanna. Það voru vissulega söguleg tíðindi þegar þetta tókst á flokksþingi okkar. Með því að taka í útrétta sáttahönd okkar hafa þeir Bandalagsmenn sýnt í verki að þeir meta meira framgang sameiginlegra baráttumála okkar jafnaðarmanna en persónulega stundarhagsmuni og þeir eru vissulega menn að meiri fyrir vikið þrátt fyrir róg andstæðinga okkar og öfund.

Á sögulegu afmælisþingi í byrjun mánaðarins skilgreindum við þau baráttumál sem við munum setja á oddinn í næstu kosningabaráttu og leggja fyrir þing og þjóð á næstu vikum. Þessi baráttumál eru fólgin í tillögum okkar um:

1. Nýtt og réttlátt skattakerfi og upprætingu skattsvika.
2. Traustari fjármögnun húsnæðislána og aukið valfrelsi fólks milli kaupa á eigin húsnæði og leigu.
3. Einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.
4. Valdatilfærslu frá ríkis- og embættismannavaldi í Reykjavík til sveitarstjórna og landsbyggðar.
5. Nýja atvinnustefnu, bæði í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskvinnslu, með nýja sókn í atvinnumálum landsbyggðarinnar að leiðarljósi.
6. Samræmda launastefnu sem byggi á minni launamun, jafnari tekjuskiptingu og tryggi aukinn kaupmátt án verðbólgu.

Þetta, herra forseti, eru stóru málin — stóru málin sem næstu kosningar munu snúast um, og menn verða spurðir: Eru menn með þeim eða móti þeim? Við byrjuðum þessa sókn með því að spyrja: Hverjir eiga Ísland? Um seinustu mánaðamót héldum við sögulegt flokksþing og afmælisþing undir kjörorðinu: Ísland fyrir alla. Það vekur upp hugmyndatengsl við kjörorð aldamótakynslóðarinnar: Íslandi allt. Undir þessum kjörorðum mun sameinaður jafnaðarmannaflokkur nú sækja fram til sóknar og sigurs í næstu kosningum. — Þakka ykkur fyrir.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Lof hæstv. forsrh. hér áðan um hlut ríkisstjórnarinnar í efnahagsbatanum eru skrautlegar umbúðir utan um ekki neitt. Í raun er borin á borð fyrir fólk hrein blekking sem nauðsynlegt er að draga fram í dagsljósið. Hvað er það sem raunverulega gerðist?

1800 millj. kr. útgjöldum ríkissjóðs vegna kjarasamninganna á þessu ári á að mæta með erlendum og innlendum lántökum. Allan reikninginn á þessu ári vegna kjarasamninganna á því að senda næstu ríkisstjórn til úrlausnar. Launþegar fengu líka sendan reikning frá ríkisstjórninni á þessu ári. Ríkisstjórnin lét launþega á miðju ári skila verulegu af kjarabótinni frá 1. febr. til baka með hækkun tekjuskatts um 650 millj. kr. Hvað skeður síðan á næsta ári? 1500 millj. kr. halli á ríkissjóði stafar nær eingöngu af því sem ríkissjóður lagði til kjarasamninganna, sagði forsrh. áðan. Þar ætlar ríkissjóður heldur ekkert að leggja fram heldur láta launafólk skila enn meira af kjarabótunum til baka. Þeim kúnstum er beitt að framlengja ákvæðið um svonefnt húsnæðisgjald í formi 1% í söluskatti sem fella átti niður um n.k. áramót. Þetta fjármagn, 700 millj. kr., er nú flutt frá húsnæðismálunum og látið renna beint í ríkissjóð, m.a. til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á tollum af bifreiðum, sjónvarps- og myndbandstækjum. Öll heimilin í landinu þurfa nú að skila þessari kjarabót ríkisstjórnarinnar í síðustu kjarasamningum til baka, líka þau heimili sem ekki höfðu aðstæður til að nýta sér tollaívilnanir vegna bíla og myndbandstækja. Og ekki er látið þar við

sitja heldur er lagður á 600 millj. kr. orkuskattur sem enn mun auka framfærslubyrði heimilanna í landinu.

Kannske er þetta þó ekki það alvarlegasta sem fram kemur í stefnuræðu forsrh. og þjóðhagsáætlun sem hann lagði fram heldur er það fullyrðingin um *góðu lífskjörin og að tekjur heimilanna séu meiri en* nokkru sinni fyrr. Staðreyndin sem við blasir er sú að launafólk, sem eingöngu framfleytir sér af kauptöxtunum, hefur í reynd lagt fram stærstan skerf til þess góðæris sem nú ríkir, góðæris sem þetta sama fólk heyrir forsrh. tala um en finnur ekki í sinni eigin buddu.

Hvaða svar á ráðherra við því að þrátt fyrir háar þjóðartekjur og góðæri eru laun á Íslandi mun lægri en í nálægum Evrópuríkjum? Af hverju þarf fólk hér á landi líka að kaupa nauðþurftir miklu hærra verði en í nálægum löndum? Hvaða skýringu gefur forsrh. verkafólki á því að verkamannakaup á Íslandi er næstum tvisvar sinnum lægra en í Færeyjum? Af hverju þarf 16. hver Reykvíkingur, þrátt fyrir háar þjóðartekjur og góðæri, að leita aðstoðar Félagsmálastofnunar? Af hverju á fjórða hvert heimili í landinu ekki fyrir nauðþurftum þrátt fyrir langan vinnudag? Af hverju er árlegur undandráttur undan skatti 7–10 milljarðar og tekjutap ríkissjóðs árlega 4 milljarðar af þeim sökum? Af hverju eiga 80 einstaklingar eignir að meðaltali hver upp á 30 millj. kr. og 28 þeirra tekjuskattslausir? Af hverju voru tekjur launþega skv. skattframtölum 351 þús. kr. að meðaltali á s.l. ári en sjálfstæðra atvinnurekenda 214 þús. kr.?

Svarið við þessum spurningum er ofur einfalt. Ríkisstjórnin hefur brugðist því verkefni sínu að beita stjórntækjum ríkisins til að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í landinu, brugðist því að uppræta spillinguna og taka á forréttindum peninga- og fjármagnsaflanna í þjóðfélaginu sem fitna á kostnað launafólks í landinu. Það virðist hafa farið fram hjá ráðherrunum hvernig með fárra vikna millibili hafa kristallast andstæðurnar í þessu þjóðfélagi, bilið milli ríkra og fátækra sem vaxið hefur gífurlega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Annars vegar fréttin um góðæri og velgengni peningaaflanna og hins vegar fréttin um harðærið í góðærinu hjá mörgum heimilum í landinu sem eiga ekki fyrir nauðþurftum. Væri nú ekki rétt að forsrh. og fylgdarlið hans í ríkisstjórninni stigi eitt augnablik niður úr fílabeinsturninum og svipaðist um í þjóðfélaginu, liti um öxl og skoðaði ríkisstjórnarferilinn?

Lögboðin framlög úr ríkissjóði til ýmissa félagslegra sjóða og framkvæmdaframlög hafa verið stórlega skert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þannig hafa framlög til skólamála, hafna, flugvalla, dagvistarmála, sjúkrahúsa og heilsugæslu verið skert um 1,5 milljarða og framlög til ýmissa félagslegra sjóða eins og Framkvæmdasjóðs fatlaðra verið skert um 800–900 millj. kr.

Hver ráðherrann á fætur öðrum hefur líka með gjörðum sínum aukið á misréttið í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Spyrja má hæstv. heilbrrh.: Er það eðlileg skipting á háum þjóðartekjum að búa 9000 ellilífeyrisþegum og 2000 öryrkjum þau kjör að hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga? Var ástæða til þess að hækka lyfja- og lækniskostnað þessa hóps á sama tíma og ríkisstjórnin hafði efni á því að veita fjármagnsöflunum í þjóðfélaginu stórfelldar skattaívilnanir? Ætlar hæstv. heilbrrh. fyrir hönd heilbrigðisstéttanna í landinu, sjúkraliðanna og hjúkrunarfræðinganna, sem nú flýja stéttina vegna lágra launa, að taka undir orð forsrh. um góð lífskjör og háar tekjur heimilanna? Má líta á það sem svar menntmrh. við fjöldauppsögnum í fóstrustétt að skera nú niður fjárframlög til dagvistarmála um helming? Fær Sverrir Hermannsson liðsinni Kristínar Kvaran, fóstru og þingmannns íhaldsins, til þess? Hvað með öll nauðungaruppboðin, hæstv. félmrh.? Þau hafa aldrei verið fleiri en í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Forsrh. hefur lýst pólitískum mistökum þessarar ríkisstjórnar sem birtast í því að á þrem árum hafa þúsundir heimila í landinu orðið að greiða 2,5 milljarða í umframgreiðslur vegna vaxtaokurs og *misgengis launa og lánskjara. Fjmrh.* framkvæmir loforð íhaldsins um afnám tekjuskattsins með því að hækka tekjuskattinn milli ára um 66% á sama tíma og launin hækkuðu um 32%. Fjmrh. leikur síðan þær reikningskúnstir sem allir launþegar sjá í gegnum, hækkar tekjuskattinn um 650 millj. á þessu ári umfram það sem áætlað var, skilar svo launþegum til baka á næsta ári 300 millj. af ofteknum sköttum þessa árs.

Það er von að fjmrh. hafi brosað breitt á forsíðu DV í gær. Hann mátti líka vera ánægður með sinn hlut. 120 millj. fær hann sjálfur á fjárlögum til að ráðskast með í húsakaup fyrir ríkisstofnanir og fleiri forgangs- og gæluverkefni þessarar ríkisstjórnar. Þessi fjárlagaliður hækkar um 430% milli ára. Rekstur ráðuneytanna hækkar líka um 20–50% á sama tíma og sagt er að svigrúmið til að hækka launin í landinu sé 2–5% á næsta ári. Þeir taka líka eitt fram yfir annað, ráðherrarnir á fjárlögunum. Þannig er aðeins veitt 1 millj. til aðgerða gegn fíkniefnum, aðeins 1 millj. til allrar fullorðinsfræðslunnar í landinu, en á sama tíma fær hver ráðherra 1,2 millj. á ári til að reka sinn ráðherrabíl.

Góðir Íslendingar. Það er smánarblettur á þessu þjóðfélagi að láglaunafólk þurfi að gefa alla sína krafta og orku atvinnurekendum á kostnað barna og fjölskyldu og þiggja fyrir það molana af borðum atvinnurekenda. Það hefur of lengi, allt of lengi verið troðið á sjálfsvirðingu þessa fólks. Það er skylda okkar stjórnmálamanna og aðila vinnumarkaðarins að leggjast nú á eitt og bæta kjör þessa fólks. Það er ábyrgðarhluti að láta þetta fólk þurfa áfram að lifa á þessum sultarkjörum. Í kjarasamningunum verður að nást fram að færa bónusgreiðslur að verulegu leyti inn í kauptaxtana, að hækka kauptaxtana til samræmis við það sem raunverulega er

greitt á vinnumarkaðinum þannig að láglaunafólkið njóti einnig þeirra yfirborgana og fríðinda sem atvinnurekesturinn veitir þeim betur settu. Eitt ætti að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og atvinnurekendur sem lítið vilja greiða fyrir þjónustu-, umönnunar- og uppeldisstörf. Eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma má draga þá ályktun að verðgildi heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa liggi á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslu. Ég skora á hv. þm. að sýna það í verki að þeir meti þessi miklu verðmæti sem heimavinnandi fólk leggur fram til þjóðarbúsins. Í þessu sambandi minni ég á tillögur Alþfl. sem í mörg ár hafa legið fyrir Alþingi um að endurmetin verði láglaunastörfin í þjóðfélaginu, að heimavinnandi fólki verði tryggð lífeyrisréttindi, að metið verði þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og að þeim störfum fylgi sömu félagslegu réttindin sem aðrir hafa.

Alþfl. mun á Alþingi berjast fyrir því að ná fram róttækri uppstokkun á tekju- og eignaskiptingunni í þjóðfélaginu. Við höfum m.a. sett fram tillögur um nýtt og réttlátt skattakerfi og að ráðist verði af fullri einurð og hörku gegn skattsvikunum, einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn sem tryggi afkomuöryggi og jöfnuð í lífeyrisréttindum, stórfellt átak verði gert gegn vímuefnum. Í húsnæðismálum verði komið á kaupleiguíbúðum sem gefi fólki val um kaup eða leigu á íbúðum með hóflegum mánaðargreiðslum án vinnuþrældóms og skuldabasls. Ég skora á verkalýðshreyfinguna að taka upp harða baráttu fyrir þessu máli í komandi kjarasamningum og ganga eins rösklega fram í því máli og verkakvennafélagið Framsókn, Framtíðin í Hafnarfirði og Sókn hafa gert. Þessi félög hafa sent félmrh. áskorun um að kaupleiguíbúðir komist til framkvæmda.

Góðir Íslendingar. Alþfl. hefur úrræðin til að breyta þessu þjóðfélagi, bæta kjör fólksins og jafna eigna- og tekjuskiptinguna í landinu. Við biðjum þig að vera með og taka þátt í þeirri breytingu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki getum við Íslendingar kvartað yfir viðburðasnauðu hausti að loknu veðursælu sumri. Hæst ber að sjálfsögðu toppfund leiðtoganna úr austri og vestri sem settu allt þjóðfélagið meira og minna á annan endann í nokkra daga. Eitt andartak í sögu lands og þjóðar beindust augu heimsins að þessum jarðarskika sem var tiltölulega fáum kunnur áður.

Við stóðumst þetta áhlaup með prýði, en enn er of snemmt að leggja mat á mikilvægi atburða eða gera sér grein fyrir afleiðingunum af þessu flóðljósabaði. Áreiðanlega hefur þó þessi sérkennilega reynsla orðið okkur Íslendingum holl á margan hátt.

Það var undarleg tilfinning að fá heiminn svona í fangið. Og það var stórfenglegt að skynja svo sterkt þrá mannkynsins eftir réttlæti og friði. En um leið var furðulegt og raunar óhugnanlegt að verða vitni að því umsátursástandi sem leiðtogar stórveldanna þurfa að búa við ár og síð. Hvergi er til sparað í fyrirhöfn og kostnaði, farartækjum og mannafla til að vernda líf og limi þeirra sem tróna efst á toppi pýramídakerfisins í heiminum.

Ég fæ ekki varist þeirri hugsun að skjaldborgin, sem slegin er um þessa menn og er kannske fyrst og fremst táknræn, verndi þá ekki aðeins fyrir hinu illa heldur einnig fyrir hinu góða og fyrir þeim veruleika sem líf alls þorra fólks snýst um og byggist á. Hvernig í ósköpunum eiga þeir að skynja æðaslátt samfélagsins fyrir utan þessa virkismúra? Hvernig eiga þeir að geta sett sig í spor fólks sem svipt er þeim sjálfsögðu mannréttindum að fá að umgangast sína nánustu? Hvernig eiga friðarsöngvar fólksins að heyrast gegnum skotheldar rúðurnar? Hversu óralöng er leiðin frá fólkinu sem stóð með logandi kyndla í hellirigningu á Lækjartorgi til hinna háu herra sem semja um örlög heimsbyggðarinnar fyrir luktum dyrum?

En það eru fleiri herrar háir en Gorbatsjoff og Reagan. Við sitjum líka uppi með háa herra hér á Íslandi, herra sem virðast órafjarri veruleika alls almennings þótt ekki hafi þeir skotheldar bifreiðar og vopnaða lífverði til að halda frá sér fólki. Við höfum hlustað á suma þeirra hér í kvöld og við hljótum að skelfast þá gjá sem er á milli þeirra og alls almennings í landinu.

Í litlu þjóðfélagi eins og hér á Íslandi, sem að höfðatölu er ekki stærra en mörg fyrirtæki úti í heimi, eru allar aðstæður til þess að tryggja hverjum og einum mannsæmandi kjör og aðstæður. Smæðin og fámennið þjappa okkur saman og auðvelda okkur samhjálp og mannleg samskipti. Það ætti ekki að vera ofverkið þeirra toppanna í pýramídakerfinu hér að hafa yfirsýn yfir þjóðfélagið allt og skynja og skilja lífsviðhorf og lífsskilyrði allra íbúa þessa lands. Svo er ekki að sjá og heyra hér í kvöld. Þessir menn eru ekki að tala við fólkið í landinu. Þeir eru að tala við hagfræðinga og reiknimeistara. Topparnir í kerfinu eru því miður fyrir löngu komnir úr tengslum við veruleika fólksins sem verður að draga fram lífið á lægstu kauptöxtum, á ellilífeyri og tryggingabótum. Þeir ráðfæra sig við reiknistofnanir og rýna í talnasúlur og töflur og meðaltölin eru þeirra ær og kýr. Þeir kjósa að líta fram hjá þeirri staðreynd að bilið milli fátækra og vel stæðra hefur breikkað í stjórnartíð þeirra.

Ekki eru áhyggjur þeirra af aðbúnaði barna og aldraðra í þjóðfélaginu meiri en svo að forsrh. minnist ekki á slíkt í stefnuræðu sinni. Finnst ríkisstjórninni ekkert ógert á því sviði eða finnst henni einfaldlega ekkert liggja á með úrbætur? Ekki sér forsrh. ástæðu til að fjalla um ástandið á sjúkrahúsunum, dagheimilunum og í skólunum þar sem brostinn er á flótti starfsfólks vegna smánarlegs vanmats á vinnuframlagi þess. Ekki orð um þann vanda né tillögur til úrbóta. Ekki orð um aukið vinnuálag alls þorra launafólks sem verður að bæta sér upp dagvinnutaxtana með lengri vinnutíma. Ekki orð um áhrif láglaunastefnunnar á fjölskyldu- og heimilislíf frekar en slíkt sé ekki til. Ekki orð um

fíkniefnavandann eða aðgerðir til lausnar á þeim vanda. Heyrir ekki forsrh. neyðaróp þeirra sem misst hafa ástvini sína í helgreipar eiturlyfjanna? Ekki orð um aðbúnað námsmanna né eflingu menntunar og rannsóknarstarfsemi.

Svona mætti lengi telja því að það er margt sem út af stendur í stefnuræðu forsrh. En við vitum að ríkisstjórnin hefur ákveðna stefnu í öllum þessum málum og þá stefnu lesum við út úr fjárlagafrv. sem hv. þm. fengu í hendurnar í fyrradag. Þar sjáum við m.a. svart á hvítu að ríkisstjórnin sér ekki efni til þess að bæta launakjör að neinu marki þrátt fyrir meira góðæri í landinu en nokkur þorði að vona í upphafi þessa árs. Hins vegar sér ríkisstjórnin ástæðu til þess að vega að einni af forsendum þessa góðæris. Henni þykir nóg um bætta afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og hyggst afla 600 millj. kr. í ríkissjóð með sérstöku innflutningsgjaldi á olíuvörur.

Í fjárlagafrv. sjáum við stefnu ríkisstjórnarinnar í dagvistarmálum þar sem framlag ríkisins til byggingar dagvistarheimila er skorið niður í 1/10 af því sem vera ætti ef staðið væri við samkomulagið sem gert var við verkalýðshreyfinguna í tengslum við kjarasamningana árið 1980. Það eru kveðjurnar til barnanna og til foreldranna sem sífellt hlaða á sig meiri vinnu til að bjarga fjárhag heimilanna.

Í fjárlagafrv. sjáum við hug ríkisstjórnarinnar til námsmanna því að enn er vegið að Lánasjóði íslenskra námsmanna og boðaðar breytingar á lögum um hann. Ekki kemur sú aðför á óvart, enda hefur núverandi menntmrh. haft allt á hornum sér gagnvart sjóðnum alla sína stjórnartíð og kallað hann fyrirbæri spillingar og illan uppalanda svo að fátt eitt sé tínt til úr orðasafni hans.

Ekki er heldur að undra þótt forsrh. þegi um stefnu stjórnar sinnar í menntamálum í ræðu sinni hér í kvöld. Þá stefnu lesum við hins vegar í fjárlagafrv. og þar sjáum við m.a. afmæliskveðjuna til Háskóla Íslands, óskabarns þjóðarinnar, sem ríkisstjórninni finnst ekki þess virði að kosta til eflingar.

Hæstv. ráðherrar. Er ekki kominn tími til að tengja? eins og segir í dægurvísunni sem hressir strákar að norðan kyrja. Hagfræðingar og reiknimeistarar eru alls góðs maklegir, þarfir og nauðsynlegir. En þið þurfið að tala við fleira fólk.

Oft hefur því verið haldið fram að alþingismenn þyrftu að vera í nánari tengslum við atvinnulífið í landinu og nýlega var skorað á stjórnendur fyrirtækja að bjóða þingmönnum að kynnast atvinnulífinu af eigin raun með vinnu á staðnum, fara í eins konar starfskynningu. Þetta er ágæt hugmynd því að sú hætta er alltaf fyrir hendi að stjórnmálamenn einangrist og lokist inni með sínar töflur og talnasúlur og glati nauðsynlegum tengslum við atvinnulífið. En það gildir um fleira en atvinnulífið. Menn sem sitja árum saman í vel launuðum toppstöðum rofna smám saman úr tengslum við raunveruleika lágtekjufólks, glata hæfileikanum til að setja sig í spor þess og virðast búnir að sætta sig við misskiptingu lífskjaranna eins og um náttúrulögmál sé að ræða. Þessir menn þurfa endurhæfingu.

Forsrh. er nú á förum til Kína. E.t.v. lærir hann þar eitthvað sem að gagni má koma í starfi. Fremur vildi ég þó vita hann og aðra ráðherra eyða nokkrum dögum í starfskynningu við heimahjúkrun, á sjúkradeildum, á barnaheimilum og í skólum landsins og hollt væri þeim að deila kjörum með þeim lægst launuðu og reyna þann veruleika á eigin skinni í eins og einn mánuð sem er veruleiki þess fólks allt árið um kring. En forsrh. vill heldur kynna sér kjör fólksins í Kína. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég sakna þess úr því plaggi sem hér er til umræðu, stefnuræðu hæstv. forsrh., hversu lítið er þar fjallað um byggðamál og í því litla sem um þau er sagt örlar ekki á neinni stefnu. Í fjárhagsörðugleikum undanfarinna ára hefur verulega hallað á landsbyggðina. Atvinnuþróun þar hefur dregist saman og jafnvel stöðvast á ýmsum stöðum. Smærri sjávarþorp úti á landi berjast fyrir tilveru sinni og fyrir sumum þeirra er það barátta upp á líf og dauða. Samdrátturinn og minnkandi atvinnusköpun úti á landsbyggðinni hefur valdið því að á árunum 1984–1985 fækkaði fólki á landsbyggðinni í beinum tölum. En slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945–1946.

Auknum og eðlilegum kröfum fólks til fjölbreyttara atvinnulífs og félagslegrar þjónustu er ekki sinnt. Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar hefur aftur á móti valdið því að ný störf hafa einkum skapast á höfuðborgarsvæðinu. Öll þjónusta sogast sífellt á sama blettinn næstum því eins og það sé náttúrulögmál, meira að segja þjónusta fyrir þá atvinnuvegi sem eiga sínar dýpstu rætur á landsbyggðinni, og fyrir hvert nýtt framleiðslustarf úti á landi skapast 4–5 þjónustustörf á höfuðborgarsvæðinu. Þangað sem fjármagnið og atvinnusköpunin er streymir fólkið af landsbyggðinni sem hingað til hefur framleitt um 70% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Hvernig horfir fyrir þessum gjaldeyrisskapandi atvinnuvegum ef enn fækkar þeim sem að þeim vinna? Og ég vil minna á að þorri íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur atvinnu sína af þjónustustörfum. Hvernig horfir fyrir þeim ef verulegur samdráttur verður í framleiðslu landsbyggðarinnar? Það er ekki síður hagur þeirra að atvinna og framleiðsla eflist úti um landið.

Fjármálastefna undanfarinna ára hefur ýtt undir skefjalausan innflutning og verslunarhyggju og að nokkru á kostnað innlends iðnaðar og iðnaðaruppbyggingar. Innflutningur og verslun virðast hafa algeran forgang með fyrirgreiðslu í bönkum og lánastofnunum. Ný fyrirtæki virðast ekki fá aðgang að því fjármagni sem þau þurfa á að halda til uppbyggingar og ekki heldur þau sem fyrir eru. Þessi stefna er í raun fjandsamleg innlendri framleiðslu og bitnar hvað harðast á landsbyggðinni.

Fyrir nokkrum kvöldum var umræðuþáttur í sjónvarpinu þar sem reynt var að meta áhrif þau sem umfjöllun erlendra fjölmiðla um land og þjóð vegna undangenginna stóratburða hér kynni að hafa á ferðamannastraum hingað til lands svo og á markaðsmál. Öllum sem þar ræddu málin kom saman um að hér ættu Íslendingar gullin tækifæri sem yrði að fylgja eftir og nýta. Ferðamannaþjónusta er nýleg og vaxandi atvinnugrein hér á landi og Kvennalistinn hefur á undanförnum árum lagt fram tillögur til eflingar henni sem ég vil minna á.

Örar breytingar hafa orðið á þessum atvinnuvegi. M.a. hafa bændur í auknum og sívaxandi mæli tekið að sér að veita ferðamönnum beina, innlendum sem erlendum. Áður komu ferðamenn hingað fyrst og fremst til að kynnast hálendi Íslands, en nú hefur skoðunin meira færst ofan í byggðir og út að ströndum. Og við megum líka búast við að fá annars konar ferðamenn til okkar en áður hefur verið, ferðamenn sem vilja kynnast þjóðinni ekkert síður en landinu. Þessi fyrirsjáanlega þróun kallar á fleiri gistihús og stækkun þeirra sem fyrir eru ásamt byggingu þjónustumiðstöðva fyrir ferðamenn. Ferðaþjónustu bænda, sem er vaxandi þáttur í atvinnulífi byggðanna og hefur orðið ferðamannaþjónustunni yfirleitt ómetanlegur stuðningur, þarf að stórefla. Þar er ekki síst tækifæri til að auka þekkingu erlendra ferðamanna á því lífi sem lifað er hér. Og gleymum því ekki að í augum útlendinga hafa Íslendingar hingað til verið fáránleg dvergþjóð sem eiginlega ætti helst ekki að geta verið til.

Það þarf að kynna ferðamönnum fleira varðandi land og þjóð en hve gott sé að borða íslenskan fisk sem virtist í sjónvarpsþættinum vera eina fæðutegundin sem til greina kæmi að bera fyrir þá. Lambakjötið okkar hlaut þar enga umfjöllun. Ekki hefði þó síður verið ástæða til þess, en kannske ekkert merkilegt að framleiðsla landbúnaðar eigi sama að mæta á þessum vettvangi og annars staðar. Ullar- og skinnaiðnaður, sem hér er mikilvæg atvinnugrein, hefur óhjákvæmilegan fylgifisk í kjölfarinu sem mörgum er þyrnir í augum, lambakjötið. Og ég vil benda á það alveg sérstaklega nú, þegar óttinn við mengun fæðutegunda grúfir yfir þjóðum heims, hvílíka möguleika við eigum á matvælaútflutningi, við sem erum enn laus við þetta skelfilega vandamál.

En það sem mér fannst einkenna þessa umræðu í sjónvarpsþættinum var auðgunarsjónarmiðið, hvað við gætum nú grætt á allri þessari fjölmiðlaumfjöllun. Tilefni leiðtogafundarins, afvopnunarmál og tilraun til að koma á friði í heiminum, sem skiptir þó öllu máli, var eitthvað sem var víðs fjarri.

En ég vil leggja áherslu á að ég álít að við séum öldungis varbúin að mæta þeirri flóðbylgju ferðamanna sem gera má ráð fyrir að yfir okkur dynji, líka þegar litið er til þess að á nýjum fjárlögum er framlag til Ferðamálasjóðs skorið niður um helming.

Þau mál, sem ég hef nú drepið á, varða einkum landsbyggðina og þau eiga sammerkt í því að í stefnuræðu hæstv. forsrh. er lítið sem ekkert um þau fjallað og alls engin stefna mörkuð hvað þau varðar.

Ég ætla lítillega að víkja að skólamálum. Á þau er ekki minnst í stefnuræðunni fremur en sá málaflokkur sé ekki til. Undanfarið hefur verið nokkur umræða um hve þrengt hefur verið að kostum grunnskólanna á landsbyggðinni, bæði með niðurskurði á þátttöku ríkissjóðs í akstri nemenda í skólana og niðurskurði á sérkennslu. Þar var þó sannarlega ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur. Tímans vegna get ég ekki rætt þetta mál svo sem ástæða væri til, en ég minni hæstv. menntmrh. á að þetta mál verður ekki látið kyrrt liggja.

Í ár, á afmælisári Háskóla Íslands, eru fjárframlög til hans stórlega skert og þrátt fyrir stór orð um nauðsyn á eflingu rannsóknarstarfa til uppbyggingar menningar- og atvinnulífs eru framlög til Rannsóknasjóðs látin standa í stað. Með þvílíkum aðgerðum er því sleppt að greiða farmiðann inn í framtíðina. Þar verðum við þá hvergi hlutgeng.

Við vitum ekki og sjáum ekki fyrir hvers konar breytingum veröld okkar kann að taka á komandi tímum og jafnvel tæpast í náinni framtíð. Engin kynslóð hefur fyrr búið við slíka óvissu. En eitt er víst að þær breytingar geta orðið gífurlegar og gagngerar. Öllu skiptir að búa þær kynslóðir sem á næstunni vaxa upp sem best undir það að mæta til lífs og starfa í heimi sem við sjáum ekki fyrir nú hvernig kann að líta út eftir nokkra áratugi. Góð menntun og þekking er eitt af höfuðskilyrðunum til að kunna að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma hverju sinni. Góð og traust menntun er besta veganestið sem við getum gefið uppvaxandi kynslóð og jafnframt besta fjárfestingin sem kostur er á fyrir þjóðarheildina. Því skora ég á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða afstöðu sína til menntunar og menningarmála.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Mér kom í hug þegar formaður Alþfl. var að segja sögu sína af vitra hananum að ég hef heyrt aðra útgáfu af þessari sögu, ég held að hún sé frá Afríku, gott ef hún er ekki frá Nígeríu, þaðan sem er nýi Nóbelsverðlaunahafinn í bókmenntum. Þar segir frá hana sem tók eftir því að jafnan þegar hann byrjaði að gala kom sólin upp. Þetta gekk alllengi. Svo einn morgun var rigning og þungbúið og sólin lét ekki sjá sig. Hann var alveg undrandi á þessu og hann galaði og hann galaði aftur og ekki stytti upp og hann galaði þangað til hann sprakk. Ég læt hlustendum eftir að ráða í þessa sögu. En ég kann ákaflega illa við sögur sem ekki hafa endi.

Þau ánægjulegu umskipti hafa nú orðið hér á Íslandi að verðbólga er að komast á svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar og efnahagsástandið sýnir ýmis batamerki. Vextir og afborganir af eldri lánum valda þó ýmsum erfiðleikum. Halli ríkissjóðs er vissulega ógnvænlegur en góðæri til lands og

sjávar auðveldar okkur að fást við þennan vanda.

Menn hafa, einkum í vinstri flokkunum, mikið velt fyrir sér nýju stjórnarmynstri og þá gjarnan horft til fortíðarinnar. Alþfl. horfir til viðreisnarinnar og Alþb. til þeirra sælu tíma þegar til var Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn og tók þátt í nýsköpunarstjórn. Það væri kannske ekki óviturlegt að rifja ýmislegt upp um fortíðina fyrst mönnum er svona umhugað um hana. Og hvernig skildi nýsköpunarstjórnin við landsstjórnina um áramótin 1946 og 1947? Gjaldeyrinum var eytt, ríkið tók að sér að bera tap útgerðarinnar, landið komst á það stig að þurfa að fá efnahagshjálp eins og þau lönd sem lögð höfðu verið í rúst á stríðsárunum. Og hvernig var umhorfs þegar viðreisnarstjórnin yfirgaf stjórnarráðið vorið 1971? Sú stjórn vann mörg góð störf, ekki síst í menntamálum. En vorið 1971 var landsbyggðin í rústum. Afkomugrundvellinum var kippt undan fólki. Fjölmargir neyddust til að yfirgefa verðlitlar eignir sínar og flytja suður. Alvarleg byggðaröskun var hafin. Stjórn Ólafs Jóhannessonar, sem þá tók við, hófst þegar handa um að efla atvinnulíf um land allt. Auðvitað kostaði þetta mikið, en markmiðinu var náð. Þróuninni var snúið við. Fólk fékk nýja trú á landinu og möguleikunum á að lifa hér góðu lífi. Hafa menn gleymt því að á þessum árum, á framsóknaráratugnum margumtalaða, vannst fullnaðarsigur í baráttunni fyrir 200 sjómílna efnahagslögsögu? Landið bókstaflega sjöfaldaðist að stærð og við sátum einir að einhverjum gjöfulustu fiskimiðum í víðri veröld. Þar voru framsóknarmenn í eldlínu ásamt mörgum öðrum góðum mönnum. Þar voru Ólafur Jóhannesson og Einar Ágústsson. Útfærslan í 200 mílur er mikilvægasti atburðurinn frá stofnun lýðveldisins og undirstaða ótrúlegra framfara. Um þetta er oft þagað. Það kallaði Árni Þórarinsson á Stóra-Hrauni að ljúga með þögninni.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð til þess að ná tökum á verðbólgunni. Stöðugt verðlag og jafnvægi í fjármálum er forsenda þess góða þjóðfélags sem við öll viljum styðja og styrkja. Milli stjórnarflokkanna er djúpstæður ágreiningur um ýmis mál, en vorið 1983 varð að ýta deilumálum til hliðar. Þjóðarnauðsyn krafðist aðgerða sem einungis þessir tveir flokkar voru reiðubúnir að bera ábyrgð á. Öðrum flokkum og flokksbrotum fannst þægilegra að sitja hjá án ábyrgðar og án stefnu.

Framsfl. hefur alla tíð lagt mikla áherslu á umhverfismál og mun vinna ötullega að þeim á næstu árum. En umhverfismál ná ekki aðeins til hins ytra umhverfis, náttúrunnar, heldur einnig til hins innra, mannlífsins sjálfs. Efling fjölskyldunnar, heilbrigt líf, eru áhugamál okkar framsóknarmanna og vonandi landsmanna allra. Uppeldi og skólastarf verður að vera í höndum hinna hæfustu manna og þeim búin kjör í samræmi við það. Menntun þjóðarinnar hlýtur að vera eitt meginviðfangsefni okkar í nútíð og framtíð. Öflug menntastefna verður að koma til. Háskólann verður að efla og kennurum og uppalendum verður að skapa þau kjör sem gera þeim fært að sinna störfum sínum án þess að hafa sífelldar áhyggjur af afkomunni. Og þótt kaupmáttur sé að aukast og verði væntanlega í lok þessa árs hinn hæsti sem hann hefur verið í sögu lýðveldisins verða enn margir að vinna langan vinnudag til að endar náist saman og það verður að endurskoða allt launakerfið og tryggja sómasamleg daglaun og draga úr þeim mismun sem er á launum landsmanna.

Eitt af hinum mikilvægustu málum er að taka upp öfluga byggðastefnu, nýja byggðastefnu sem grundvallast á því að færa völd og áhrif út til héraða og landshluta í ríkara mæli en nú er. Þessu fylgir auðvitað aukin ábyrgð. Landshlutar geta annast ýmsa málaflokka. Hvernig svo sem þessu verður fyrir komið verður hér um einhvers konar þriðja stjórnstig að ræða.

Samkvæmt niðurstöðum framtíðarspár um fólksfjölgun og aldursdreifingu á næsta aldarfjórðungi er að vænta mikilla breytinga á gerð þjóðfélagsins. Fæðingum mun fækka, meðalaldur hækkar og æ fleiri komast á eftirlaunaaldur. Þetta kallar á margvíslegar aðgerðir sem nú þegar verður að undirbúa.

Eitt af því sem brýnt er að taka afstöðu til er lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Um það mál ætti ekki að vera ágreiningur milli flokka þótt framkvæmdaatriði geti verið með ýmsu móti.

Miklar breytingar eiga sér nú stað á flestum sviðum atvinnulífs. Að forgöngu framsóknarmanna hefur margt verið gert til að búa í haginn fyrir nýjar atvinnugreinar, eins og hæstv. forsrh. gat um í ræðu sinni. Þjónustugreinum af ýmsu tagi vex mjög fiskur um hrygg og má vænta áframhaldandi aukningar á því sviði á næstu árum. Heilbrigðisstéttirnar og kennarastéttin, auk skyldra stétta, eru þar fyrirferðarmestar, enda gegna þær lykilhlutverki í nútímaþjóðfélagi. Ferðamannaþjónusta mun og einnig eflast verulega. Upplýsingaröldin er þegar hafin og allri þjónustu fylgir mikil þörf fyrir upplýsingar sem hin nýja tækni gerir fært að ná til hraðar og öruggar en áður.

Eitt mikilvægasta byggðamálið er nú að færa þjónustuna til fólksins en ekki fólkið til þjónustunnar. Á liðnum árum var byggðastefnan oft í því formi að vera styrkir. Hin nýja byggðastefna á að gera landshlutum og einstökum héruðum kleift að annast sérmál sín án miðstýringar að sunnan. Til þess þurfa þau tekjur sem verður að tryggja þeim af því fjármagni sem verður til í landshlutunum. Þessi mál eru margþætt og vel verður að vanda til allra ákvarðana, en Reykjavík, höfuðborgin, mun áfram verða glæsileg miðstöð mennta og lista á næstu áratugum.

Um síðustu helgi komust Íslendingar í nánari snertingu við heimsviðburðina en nokkru sinni fyrr. Viðræður ráðamanna voldugustu ríkja heims snerust um þau mál er varða líf og dauða mannkyns. Fimm ríki veraldar eiga nú kjarnavopn, en nokkur í viðbót geta búið til kjarnavopn ef þau hafa ekki þegar gert það á laun.

Við skulum hafa hugfast að verulegur hluti þeirra

kafbáta sem þannig eru útbúnir að úr þeim er hægt að skjóta eldflaugum sem bera kjarnorkusprengjur heimsálfa á milli eru í Norður-Atlantshafi og margir þeirra eiga leið skammt frá Íslandi. Ein mesta herstöð í heimi er á Kólaskaga í Sovétríkjunum skammt frá landamærum Finnlands og Noregs. Braut langdrægra eldflauga, sem skotið yrði milli Ameríku og Sovétríkjanna, liggur yfir norðurhvel jarðar, jafnvel harla nálægt Íslandi. Stjörnustríðsáætlunin svonefnda, sem Reagan heldur í dauðahaldi, er í því fólgin að reynt er að eyðileggja burðarflaugar er skotið er í átt að Ameríku frá stöðvum úti í geimnum. Vopnið er leysigeisli sem magnaður er upp með kjarnasprengjum. Sprengingin eyðileggur stöðina á sekúndubroti eftir að geislinn fer af stað. Það er óhugnanlegt að vita af slíku hér yfir norðurhveli jarðar.

Vegna margvíslegra samskipta við Bandaríkin *megum við aldrei gleyma því að smáríki verður ætíð* að gæta fyllsta réttar síns í samskiptum við voldugan nágranna. Við megum aldrei gleyma því að herstöðin í Keflavík er bráðabirgðastöð sem fyrr eða síðar verður lögð niður. Þess vegna megum við aldrei verða efnalega háðir veru erlends herliðs í landinu. Í hvalveiðimálinu fóru Bandaríkjamenn offari í samskiptum sínum við Íslendinga. Harkaleg viðbrögð þeirra þá sýndu okkur enn einu sinni að sjálfkrafa náum við aldrei rétti okkar.

Jónas Jónsson frá Hriflu skipti stjórnmálamönnum í tvo flokka, þá sem aðhyllast augnabliks*hyggju* og hina sem hallast að aldahyggju. Hinir fyrrnefndu sjá aldrei annað en daginn í dag. Þeir grípa hugmyndir héðan og þaðan, láta skjótfenginn *gróða ganga fyrir þeim sjóði sem vex í framtíðinni.* Hinir síðarnefndu hugsa fram í tímann. Þeir fylgja settri stefnu að fjarlægu takmarki, kanna mál til hlítar og komast að skynsamlegri niðurstöðu um hvaða leiðir séu færar.

Herra forseti. Ég held að þjóðin treysti ekki augnabliksmönnunum fyrir framtíð þessa lands. Hún mun treysta þeim sem hugsa í öldum en ekki árum. Markmið okkar er að skapa hér gott þjóðfélag þar sem samvinna og samhjálp er í öndvegi án þess að framtaki einstaklinga og hópa séu settar of þröngar skorður. Að þessu vill Framsfl. vinna með þeim sem velja leið samhjálpar og samstarfs, en við höfnum samkeppnisþjóðfélagi frjálshyggjunnar. Því þjóðfélagi sem við viljum miða að lýsir Stephan G. betur en mér er unnt í þessum ljóðlínum um framtíðarþjóðfélagið:

> Þar einskis manns velferð er volæði hins
> né valdið er takmarkið hæst
> og sigurinn aldrei er sársauki neins
> en sanngirni er boðorðið æðst.

Góðar stundir.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hv. þm. Haraldur Ólafsson hélt því fram áðan að kaupmáttur launa í dag væri einn sá mesti í sögu lýðveldisins. Stjórnarherrarnir í Vinnuveitendasambandinu halda þessu líka fram og þeir sem hér tala lepja þetta upp hver á fætur öðrum. Þessa blekkingu er óhjákvæmilegt að afhjúpa. En stjórnarherrunum er greinilega sama hvaða þrældómur liggur á bak við launin, sama hvernig fólkið dregur fram lífið. Hvernig fá þeir þessar tölur um hin dásamlegu, fullkomnu lífskjör á Íslandi, þessir menn? Reikningsaðferðirnar eru þessar:

1. Þeir reikna aukinn vinnuþrældóm fjölskyldnanna inn í þessar tölur. Meðtalin er stóraukin vinna unglinga á framhaldsskólastigi og aukinn vinnuþrældómur fólks sem bætir við sig skúringum og vinnur á veitingahúsum eftir langan vinnudag í skrifstofu og skóla.

2. Inn í þessar tölur taka þeir líka auknar yfirborganir sem aftur þýðir að launamunur í þjóðfélaginu hefur aukist verulega.

3. Inni í þessum tölum er gert ráð fyrir því að þú, hlustandi góður, hafir auknar tekjur af vöxtum, að þú sækir vaxtatekjur af sparisjóðsbók reglulega til að borga með soðninguna, kartöflurnar og hitareikninginn. Þessar tölur eru því markleysa. En þær sýna gegndarlausa ósvífni í talnameðferð því fyrir liggur samkvæmt opinberum staðfestum tölum að *kaupmáttur kauptaxta er enn 20% lægri en 1982* þó þjóðartekjur á mann hafi á sama tíma aukist um meira en 10%. Og enn eru þessir spekingar að þakka sér fyrir að þeir hafi keyrt verðbólguna niður. Verðbólgan stafaði fyrst og fremst af margföldun olíuverðs úr 5 dollurum í 35 dollara og lækkun verðbólgunnar stafar líka á sama hátt af lækkun olíuverðs. Þeir hafa þar engin afrek unnið. Hins vegar er ljóst að stefna þeirra getur margfaldað verðbólgu á næstunni. Þeir gera nú ráð fyrir stórfelldri hækkun rafmagnsverðs um áramót. Póstur og sími er rekinn með verulegum halla og heimtar hækkanir um áramótin. Þeir gera ráð fyrir orkuskatti sem mun auðvitað auka verðbólgu. Og síðast en ekki síst er ljóst um fiskvinnslufyrirtæki að staða þeirra er víða slæm þrátt fyrir verðhækkanir á afurðum okkar erlendis. Nei, ríkisstjórnin hefur engin afrek unnið í þessum efnum.

Og enn er klifað á því að Alþb. sýni ekki atvinnuvegunum og stöðu þeirra skilning, en mér er spurn: Hvenær hefur afkoma sjávarútvegsins verið betri en þegar Alþb. hefur farið með sjútvrn.? Og ég spyr: Hvaða fyrirtæki hafa verið sett af stað í tíð núverandi ríkisstjórnar? Engin innlend iðnfyrirtæki. En þeir hafa gefið einkaaðilum fjölda ríkisfyrirtækja. Í ár minnkar fjárfesting í almennum iðnaði um 10% en eykst í verslun um 10%. Og hvenær skyldi hafa verið tekin ákvörðun um útfærslu landhelginnar á sínum tíma, sem Haraldur Ólafsson var að guma af hér áðan, nema undir forustu Lúðvíks Jósepssonar fyrrv. sjútvrh.? Allt er þetta ljóst. En það er líka fróðlegt að taka eftir því að hér í kvöld hafa þeir ekki minnst á að ríkisstjórnin ætlar að stela 1100 millj. kr. í ríkissjóð af húsnæðislánakerfinu á næsta ári. Þannig eru efnd hin glæstu fyrirheit

kjarasamninganna um nýtt húsnæðislánakerfi sem hæstv. forsrh. var að hæla sér af áðan.

Ekki gerðu þeir hér í kvöld heldur grein fyrir því að ríkisstjórnin ætlar að taka helminginn af tekjunum handa Þjóðarbókhlöðunni í ríkissjóð og ekki minntust þeir heldur á að hallinn á ríkissjóði í tíð þessarar ríkisstjórnar er 6100 millj. kr. Vextirnir einir á ári eru 400 millj. kr. eða tvöföld sú upphæð sem ríkisstjórnin ætlar að rausnast til að leggja til skólamála í landinu á næsta ári. Þetta liggur fyrir og þetta eru staðreyndir sem þjóðin þarf að hafa í huga.

Formaður Alþfl. kom hér í kvöld og veittist að Alþb. Ég ætla ekki að svara þeim árásum. Ég held hins vegar að hann sé síðasti maðurinn í þessum sal sem ætti að tala um dýrategundina hani. Ég tók a.m.k. eftir því, þegar hann sagði dæmisöguna í upphafi ræðu sinnar, að margir annars alvarlegir menn brustu í hlátur í þingsölunum.

Það er einnig athyglisvert hvernig formaður Alþfl. talar um kjósendur. Hann talar um kjósendur eins og sauðfé eða eign sem hann hefur gert lögtak í og hirt. Hann segir: Alþfl. á kjósendur. Ég á fylgi. Auðvitað er það ekki þannig. Enginn flokkur á kjósendur eða á fylgi. Kjósendur taka sjálfir ákvörðun í kjörklefanum um hvað þeir kjósa. Og menn hafa aldrei myndað ríkisstjórn í þessu landi á grundvelli skoðanakannana þó að nýlega hafi flokkur í þessu landi dáið á grundvelli skoðanakannana.

Góðir tilheyrendur, félagar og aðrir sem mál mitt heyrið. Alþb. hefur þegar byrjað kosningaundirbúninginn. Aðalfundir kjördæmisráðanna standa yfir. Aðalfundur miðstjórnar flokksins verður haldinn í næsta mánuði og aðalfundur verkalýðsmálaráðs Alþb. núna eftir tvær vikur. Við gerum ráð fyrir að ákvarðanir um efstu sæti framboðslista liggi fyrir nær alls staðar fyrir eða um áramótin. Ég skora á ykkur, góðir félagar, að starfa vel fram að kosningum. Kosningabaráttan vinnst ef við störfum vel saman af einlægni og dugnaði. Það er til mikils að vinna og ljóst að tvö meginmál munu setja svip sinn á kosningabaráttuna, annars vegar kröfur um góðærið til fólksins og hins vegar umræðan um utanríkismál sem hlýtur að setja svip sinn á veturinn nú fremur en löngum fyrr til margra ára. Aðstæður eru hagstæðar fyrir okkur til að vinna sigur. Nú er að láta hendur standa fram úr ermum og þá má gjarnan hafa yfir viðlag Einars Braga sem segir:

Meðan jörðin sefur
sveipuð hvítum feldi
fara glaðlynd vermsl
með vordrauminn um æðar henni.

Ég heyri ekki nið þeirra
en nem í blóðinu
þöglan grun
um græna nál í snjónum.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Verið þið sæl.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):
Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við umræður í Sþ. s.l. þriðjudag um samninginn milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna varðandi flutning með skipum fyrir varnarliðið kom glöggt fram eðli þess málflutnings sem þm. Alþb. hafa tamið sér og orðið þekktir fyrir. Þegar að þessum mikilsverðu málaflokkum kemur, sem eru öryggis- og varnarmál íslensku þjóðarinnar og varnarsamstarf við Bandaríkin, skal það ekki bregðast að þeir ásaki andstæðinga sína ævinlega um landráð og landsölu, mútuþægni og undirlægjuhátt eins og vel mátti heyra í ræðu hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar hér í kvöld. Þessi málflutningur hefur þó í engu hnikað þeirri stefnu í öryggis- og varnarmálum sem meiri hluti íslensku þjóðarinnar styður. Það er kyndugt að einmitt þessi flokkur skuli beita slíkum gífuryrðum, flokkur sem hefur það á samviskunni að hafa sveigt af stefnu sinni fyrir 30 peninga silfurs eins og það var nefnt 1956. Þá voru menn reiðubúnir að gleyma áformunum sínum um brottrekstur varnarliðsins gegn erlendri lánafyrirgreiðslu, en halda ráðherrastólunum í staðinn.

Í umræðunum um siglingasamninginn voru Alþýðubandalagsmenn enn við sama heygarðshornið. Samningurinn sem tryggir íslenskum skipafélögum, íslenskum sjómönnum sjálfsagðan rétt til að keppa um flutninga til landsins var þeim tilefni til brigslyrða í garð íslenskra stjórnvalda um mútur og dollaragræðgi. Ætli það sé samviskan sem angrar þá, minningin frá 1956?

Það var engu líkara en þm. Alþb. hefðu orðið fyrir sárum vonbrigðum og miklu áfalli að þessari deilu skyldi lokið og að þar með skapaðist tækifæri til þess að koma samskiptum Íslands og Bandaríkjanna aftur í eðlilegt horf.

Viðbrögð þm. Alþb. sýna hvernig þeir grípa hvert tækifæri sem þeim gefst til að grafa undan þessum mikilvæga þætti í utanríkisstefnu Íslands. Þeir hafa stefnt að því að gera Ísland varnarlaust og að rjúfa þar með einingu vestrænna þjóða. En dæmin sanna að það er einmitt þessi eining Vesturlanda sem hefur tryggt frið með frelsi í okkar heimshluta í 37 ár.

Sú spurning vaknar: Hvað gengur þeim til? Vilja þeir fórna örygginu og frelsinu sem við njótum? Uppþot Alþb. breytir í engu þeirri staðreynd að Íslendingar geta leyst deilumál við samstarfsþjóðir sínar innan Atlantshafsbandalagsins þannig að allir geti við unað. Það getur tekið tíma og reynt á þolrifin, en það tekst. Ekkert er því nú til fyrirstöðu að varnarsamstarfið verði áfram treyst, enda ekki aðeins um gagnkvæma hagsmuni tveggja sjálfstæðra lýðræðisþjóða að ræða heldur öryggi allra vestrænna þjóða. Þetta skulu menn hafa hugfast. Við erum þátttakendur í varnarkeðju sem eins og aðrar keðjur eru ekki sterkari en veikasti hlekkurinn.

Ríkisstjórnin hefur á valdaferli sínum fylgt ábyrgri stefnu í þessum efnum. Í yfirlýsingu stjórnarflokkanna um utanríkismál er m.a. komist svo að orði að markmið utanríkisstefnu Íslendinga sé að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Á kjörtímabilinu hefur verið lögð áhersla á að auka

frumkvæði Íslendinga sjálfra í öryggis- og varnarmálum. Það er mjög í samræmi við starfsemi öryggismálanefndar þar sem lögð hefur verið áhersla á innlenda þekkingu og frumkvæði í þessum efnum. Þannig hefur varnarmálaskrifstofa utanrrn. verið efld og fengnir til starfa sérfræðingar með þekkingu á sviði varnarmála. Það á að auðvelda okkur að vega og meta öryggis- og varnarviðbúnað út frá íslenskum sjónarmiðum.

Af sama stofni eru áætlanir sem Íslendingar hafa tekið virkan þátt í varðandi bætt ratsjárkerfi í Norður-Atlantshafi. Tvær ratsjárstöðvar munu bæta og auka eftirlit til mikilla muna á hafsvæðinu umhverfis landið. Stöðvarnar verða skipaðar íslensku starfsliði, en það hefur einmitt verið í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið og felur í sér aukna þátttöku Íslendinga sjálfra.

Undanfarin ár hefur verið unnið að byggingu nýrrar fullkominnar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sem eingöngu er ætluð millilandafluginu, og verður flugstöðin tekin í notkun á næsta vori. Eins og aðrar framkvæmdir þar syðra hefur þessi bygging sætt mikilli gagnrýni úr röðum Alþýðubandalagsmanna og það var endurtekið af hv. 5. þm. Austurl. í kvöld. Af einhverjum ástæðum er eins og andstæðingar vestræns varnarsamstarfs óttist það bætta fyrirkomulag sem mun leiða af byggingu og starfrækslu þessarar nýju flugstöðvar.

Því má svo við bæta að á kjörtímabilinu hefur verið unnið að því að veita fleiri verktakafyrirtækjum tækifæri til að taka að sér verkefni samkvæmt útboðum en áður hefur tíðkast. Þannig vinna sérstakir undirverktakar að framkvæmdum í Helguvík, við hina nýju flugstöð og við ratsjárstöðvarnar sem nú eru í smíðum. Áfram verður unnið að því að endurmeta fyrirkomulag verktakastarfseminnar. Með þessum hætti höfum við m.a. lagt okkar af mörkum til að efla sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins. Það er einmitt styrkur þess og eining þjóða á Vesturlöndum sem getur fært okkur nær afvopnun og friði. Við eigum ekki með ráðstöfunum okkar að gera neitt það sem raskað getur öryggi í okkar heimshluta.

Þegar styrkur Vesturlanda var vanmetinn gengu viðsemjendur þess frá samningaborðinu í Genf, en sneru aftur þegar þeim var ljós samheldni og eining Atlantshafsbandalagsins. Á nýafstöðnum leiðtogafundi risaveldanna í Reykjavík náðist árangur sem tvímælalaust verður byggt á í afvopnunarviðræðum þeim sem fram fara á milli þessara ríkja á næstunni og leiðir vonandi til jákvæðrar niðurstöðu í afvopnunarmálunum. Ég vil nota þetta tækifæri og taka undir orð hæstv. forsrh. og þakka þeim fjölmörgu sem lögðu því lið að þessi fundur gæti tekist hér á Íslandi.

Ég ítreka að það er sameiginlegur styrkur ríkja Atlantshafsbandalagsins sem getur knúið til samninga um raunhæfa afvopnun og það veltur á okkur Íslendingum að gæta þess að samstaða þessara þjóða rofni ekki. Sú skylda hvílir því á okkur Íslendingum í þeim umræðum sem fram hafa farið á vettvangi Norðurlandaráðs um svokölluð kjarnavopnalaus svæði að hvika hvergi frá þeirri stefnu í þeim málum sem mörkuð hefur verið af Alþingi og ríkisstjórn. Í þeirri umræðu hefur gætt afar mikils óraunsæis en réttmæt krafa Íslendinga er að tómt mál sé að tala um kjarnavopnalaust svæði nema það nái einnig til hafsvæða umhverfis Norðurlönd, svo og til þeirra svæða í nágrenni Norðurlanda þar sem vitað er að kjarnavopn eru til staðar. Þá verður slíkt svæði að vera liður í víðtækari samningum um afvopnun. Það væri pólitískur barnaskapur að líta fram hjá þeirri staðreynd að í nágrenni Norðurlanda, á Kólaskaga, er ein stærsta birgðastöð kjarnavopna sem vitað er um. Norðurlöndum sem og öðrum þjóðum Vesturlanda stafar ógn af þessu vopnabúri. Slysið í Chernobylverinu og sá atburður er kjarnakafbátur sökk suður í Atlantshafi sýnir haldleysi þess að binda yfirlýsingu um kjarnavopnalaust svæði við svæði þar sem slík vopn eru ekki fyrir hendi og líta fram hjá þeim svæðum þar sem kjarnavopnin er að finna.

En gæsla íslenskra hagsmuna fer fram með öðrum hætti. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um utanríkismál hefur með markvissum hætti verið unnið að því að tryggja rétt Íslendinga til hafsbotnsins suðaustur af landinu á svokölluðu Hatton-Rockall-svæði. Hér er í rauninni um að ræða framhald baráttunnar fyrir yfirráðum hafsins og landgrunnsins umhverfis landið sem staðið hefur marga undangengna áratugi og útfærsla íslensku fiskveiðilögsögunnar verið liður í.

Auk frumkvæðis Íslendinga í eigin öryggis- og varnarmálum hafa stór skref verið stigin á þessu kjörtímabili á sviði utanríkisviðskipta. Samvinna allra þeirra sem standa að útflutningi og þeirra er veita fyrirgreiðslu við útflytjendur hefur verið stóraukin með stofnun hins nýja Útflutningsráðs Íslands. Miklar vonir eru bundnar við starfsemi ráðsins. Um leið verður hafist handa um eflingu sendiráða þar sem staðsettir verði sérstakir viðskiptafulltrúar eftir því sem þurfa þykir. Þetta starf er þegar hafið. Hinn 10. desember n.k. verður opnuð ný skrifstofa í Brussel fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxemburg. Verður starfsemi þeirrar skrifstofu einnig og ekki síður fólgin í því að fylgjast með málefnum Evrópubandalagsins og gæta hagsmuna Íslendinga gagnvart því. Þá er unnið að könnun utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar Íslendinga í Asíu þar sem sérstaklega verði athugað hvort rétt sé og þá hvar að stofna sendiráð eða viðskiptaskrifstofur.

Ég hef hér að framan vikið að fáeinum mikilvægum málaflokkum í utanríkisstefnu Íslendinga. Þessi mál eru ekki eins óskyld og menn gætu ætlað í fyrstu þar sem öruggar varnir Vesturlanda eru sá rammi sem umlykur frjáls og hindrunarlaus viðskipti milli þjóða.

Herra forseti. Utanríkisstefna Íslendinga hefur tryggt þeim fullt frelsi og sjálfsákvörðunarrétt í landinu og þeir hafa notið góðs af hinu margbrotna

samstarfi vestrænna þjóða. Við mörkun þessarar stefnu hefur Sjálfstfl. gegnt lykilhlutverki og verkefni okkar er að ávaxta þennan arf með skynsamlegum og ábyrgum hætti. Það gerum við, góðir Íslendingar, með því að efla Sjálfstfl. til áframhaldandi forustu í íslensku þjóðfélagi. — Góða nótt.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvað boðaði stefnuræða forsrh.? Meira kerfisdekur, meiri miðstýringu, meira valdboð í stað valddreifingar.

Sjálfstfl. og Framsfl. hafna t.d. í stefnuræðunni niðurstöðu byggðanefndar um meiri valddreifingu og aukið lýðræði en boða þess í stað áætlunarbúskap.

Sjálfstfl. og Framsfl. hafna því að gera upp Útvegsbankann en boða þess í stað einn eða tvo risastóra ríkisbanka sem eiga áfram að vera leikföng stjórnvalda.

Stjórnarflokkarnir hafna frjálsri verðmyndun landbúnaðarafurða sem leið til verðlækkunar. Í stað þess vilja þeir stækka milliliðakerfið og koma allri landbúnaðarframleiðslunni undir þá ofstjórn sem nú ríkir.

Stjórnarflokkarnir hafna frjálsu fiskverði sem raunhæfri lausn á vanda sjávarútvegs en boða áframhaldandi kvóta og aukin ríkisafskipti af rekstri fiskvinnslufyrirtækja.

Stjórnarflokkarnir hafna frjálsri gjaldeyrisverslun sem raunhæfri leið til að styrkja rekstur og bæta kjör launafólks en boða aukin afskipti Seðlabanka og bankaráða af gengis- og vaxtamálum.

Stjórnarflokkarnir hafna byltingu skattkerfis en boða þess í stað sama óréttláta skattkerfið og aukna skattheimtu.

Stjórnarflokkarnir hafna frjálsum samningum á vinnumarkaði en boða þess í stað áframhaldandi ríkisskömmtun heimilistekna, eins og það er nú kallað.

Stjórnarliðið, Sjálfstfl. og Framsfl., hafnar í raun því blandaða hagkerfi sem hér er sagt vera en boðar þess í stað áætlunarbúskap og miðstýringu að rússneskri fyrirmynd.

Ef sumum finnst ég taka of djúpt í árinni ættu þeir að spyrja sig hvers vegna þeir hafa ekki getað fengið annað en gamla togaraýsu að borða í sumar. Jú, það er vegna þess að fiskkaupmenn gátu ekki greitt það verð fyrir nýja ýsu sem þeir vildu því stjórnvöld ráða verðlagningunni á innanlandsmarkaði. En ýsan er með í framfærsluvísitölunni og það skiptir stjórnvöld þá mjög litlu hvort fólk át úldna ýsu eða enga, aðalatriðið var að framfærslutölurnar sýndu rétta mynd.

Ísland er eina landið hérna megin járntjalds sem stjórnar lífi einstaklingsins jafnmikið og raun ber vitni. Það er alrangt að halda því fram t.d. að okkur stafi hætta af frjálshyggjunni. Frjálshyggja Friedmans og Hayeks á sér örfáa hættulausa áhangendur í einangruðum sértrúarsöfnuði langt inni í Sjálfstfl. — Nei, stærsta hættan er fulltrúar miðstýringarinnar og milliliðanna í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki.

Hvers vegna hafna stjórnarflokkarnir þeirri niðurstöðu byggðanefnda þingflokkanna að veruleg breyting á stjórnkerfinu sé óhjákvæmileg ef ná á aukinni valddreifingu og virkara lýðræði, og að til þess að auka völd og áhrif landsmanna allra, óháð búsetu þeirra, þurfi að koma til þriðja stjórnsýslustigið sem taki við sem flestum tekjustofnum og verkefnum ríkisins? Hvers vegna hafna stjórnarflokkarnir því að færa völd og ábyrgð til fólksins sem byggir þetta land? Hvers vegna vilja þeir halda í miðstýringuna sem drepur frumkvæði og fjölbreytileika? Vita þeir meira um málefni byggðarlaga en heimafólkið sjálft?

Miðstýringin hefur gert sveitarfélögin algjörlega háð duttlungum ríkisvaldsins og miðstýringin veldur því að ríkisvaldið kafnar í lausn smáverkefna í stað þess að móta heildarstefnu. Vandamál sem ríkisvaldið hefur sjálft búið til eru leyst með nýjum vandamálum. Í miðstýringunni eru ákvarðanir teknar af embættismönnum sem eru svo fjarlægir kjósendum að þeir geta ekki dregið þá til ábyrgðar. Miðstýringin er fjarlæg verkefnum og einkennist af þungu skrifræði, þar er bannað að gera hluti einfalda sem hægt er að gera flókna.

Sameining sveitarfélaganna hefur ekki tekist og mun ekki takast, ekki einu sinni með valdboði. Samstarf sveitarfélaganna er ófullnægjandi af því að það er ólýðræðislegt. Þess vegna eru lýðræðislega kjörnar héraðsstjórnir eina leiðin til að færa völd frá ríki til fólks og það er þessi valdamissir sem fulltrúar kerfisdekursins í Framsfl., eða flokkunum báðum, berjast gegn.

Hvers vegna vilja stjórnarflokkarnir ekki breyta skattkerfinu? Þeir tala nú um tekjuskattslækkun sem er í raun hækkun um 10%. Þeir ætla að leggja á nýjan skatt, orkuskatt, ca. 80–100 kr. á hverja tankfyllingu svo að við njótum nú örugglega ekki þeirrar litlu hagsbótar sem olíuverðslækkunin var. Skattkerfi okkar er ónýtt — það hefur verið sagt áður í kvöld — það hvetur til eyðslu og skattsvika og í versta falli til hreinnar sóunar fjármuna. Þannig er það verðbólguhvetjandi.

Hverju þarf að breyta, hvert á að vera aðalmarkmiðið? Skattheimta er tekjuöflun í sameiginlegan sjóð sem á að nota til að bæta og jafna lífskjör. Skattheimtan skilar ekki þessu hlutverki sínu. Þess vegna verður að breyta henni. Einföldun á skattheimtu auðveldar fólki skilning á réttmætu hlutverki hennar og skattalög eiga að stuðla að háum launum og örva skynsamlega fjárfestingu.

Hvernig einföldum við skattakerfið? Með því að leggja eitt gjald á í stað fimmtán. Þetta eina gjald inniheldur öll áunnin réttindi til lífeyris eða þjónustu, sjúkra- og orlofs- eða atvinnuleysissjóða. Skattleysismörk yrðu hækkuð yfir mörk framfærslukostnaðar og allar tilfærslur til einstaklinga kæmu frá almannatryggingum og það væri hlutverk þeirra en ekki skattstofunnar að jafna aðstöðu fólks.

Hvernig stuðlar skattkerfi að hækkun launa?

Núverandi skattalög skapa mikinn fjölda launaflokka og þar af leiðandi mikinn launamun. Ein álagsprósenta mundi gjörbreyta þessu. Launaþrep yrðu færri. Launamunur yrði minni. Verðlag útseldrar þjónustu lækkaði og sú gjá sem hefur myndast milli há- og láglaunafólks minnkaði. Einföldun skattheimtunnar er líka forsenda þess að hægt verði að koma á staðgreiðslukerfi skatta.

Söluskattskerfi verður líka að breyta. Hvort sem það er gert með virðisaukaskatti eða með gjörbreytingu á núverandi skattkerfi er aðalatriðið að allir séu jafnir fyrir lögum og skili því sem þeim ber.

Það er rétt að verðbólgan hefur lækkað en henni er enn haldið í skefjum með of lágum launum. Verðbólgan kraumar enn undir því að henni hefur aðeins verið breytt í annað form, þ.e. fjárlagahalla sem kostaður er með skuldum í Seðlabanka. Það pólitíska arðrán sem stundað hefur verið hér undanfarna áratugi er hinn raunverulegi verðbólguvaldur og því verður ekki breytt nema með breyttu stjórnkerfi, frá miðstýringu til lýðræðis.

Sá „sósíalismi andskotans", þ.e. ríkisafskipti og miðstýring, sem núverandi stjórnarflokkar berjast fyrir er lausn á 50 ára gömlum vandamálum byggð á 100 ára gömlum misskilningi og hann verður því að uppræta. Takmark jafnaðarstefnunnar var og er frjáls og sjálfstæður einstaklingur sem ræður lífi sínu og örlögum. Reynslan af stórtækum ríkisafskiptum, bæði austan tjalds og vestan, leiðir til hins gagnstæða. Dreifum þess vegna valdi, fáum einstaklingum og smáum einingum stjórn á lífi sínu með virku lýðræði og frelsum öll mannleg samskipti þannig úr fjötrum þeirra dekursdrengja kerfisins sem nú ráða ferðinni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þá hefur forsætisráðherra enn á ný flutt þingi og þjóð stefnuræðu sína og eins og svo oft áður höfum við hlýtt á boðskap talnameistaranna um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum og hinar ýmsu efnahagsstærðir, listilega útreiknaðar eftir lögmálum reiknistokksins. Og eins og áður verður ekki betur séð en að það hafi gleymst í öllum útreikningunum að efnahagsstærðir, hverju nafni sem þær nefnast, byggja á fólki, á mannlegum stærðum, og að efnahagsstefna sem ekki tekur tillit til þeirrar staðreyndar getur aldrei orðið réttlát þótt hún geti skilað álitlegum tölum og litið vel út á blaði.

Tillitsleysi við mannlegar stærðir þjóðarbúskaparins vefst ekki fyrir forsætisráðherra. Hann fer geyst í ræðu sinni, lofar árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og hrósar happi yfir að hafa haldið „niðurrifsöflunum utangarðs" eins og hann orðar það svo fagurlega. Hann talar eins og engum nema honum og ríkisstjórninni hafi dottið í hug að ná þyrfti verðbólgunni niður. Hann gleymir því að oftast eru fleiri en ein leið að sama marki og að sú leið sem hann og ríkisstjórn hans fóru er ekki sú eina sem skilað gat árangri.

Í stjórnarmyndunarviðræðum fyrir rúmum þremur árum lögðu Kvennalistakonur fram ítarlegar tillögur um hvernig ná mætti niður þeirri óðaverðbólgu sem þá geisaði. Þessar tillögur héldu hlífiskildi yfir þeim sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu. Þær gerðu ráð fyrir að þeir sem vel væru staðir og hefðu breið og sterk bök bæru byrðarnar af niðurtalningu verðbólgunnar. Og þær gerðu ráð fyrir að ríkið legði sitt af mörkum með því að láta af rándýrum og óarðbærum fjárfestingum, svo sem í orkuverum sem enginn hefur not fyrir. Samkvæmt útreikningum talnameistaranna hefði þessi leið skilað sama árangri og sú leið sem ríkisstjórnin kaus að fara. Forsætisráðherra skyldi því ganga varlega um dyr þegar hann hrósar sigri yfir verðbólgunni. Sá sigur var dýru verði keyptur fyrir launafólk þessa lands og það að nauðsynjalausu.

Og í miðju góðærinu er ástandið enn þannig að fjöldi fólks býr við laun sem ekki er hægt að lifa af. Á meðan framfærslukostnaður einstaklings er um 30 þús. kr. á mánuði eru 35 þúsund manns hér á landi sem bera minna en það úr býtum fyrir fulla dagvinnu og geta því ekki lifað af afrakstri hennar. Í þeim hópi eru konur fjölmennar. Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldum fólks, er enn eina leið fjölmargra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína.

Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því hefur Kvennalistinn á ný lagt fram á Alþingi frv. til laga um að óheimilt sé að greiða lægri laun hér á landi fyrir fulla dagvinnu en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði. Samkvæmt lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar gæti þetta frumvarp haft í för með sér allt að fjórðungshækkun á dagvinnulaunum þess 35 þúsund manna hóps sem lægst hefur launin hér á landi en hins vegar ekki nema 3–5% hækkun á heildarlaunakostnaði atvinnurekstrar í landinu miðað við heilt ár. Það er því ljóst að einhliða hækkun lægstu launa er hvorki dýr né líkleg til að hleypa verðbólgunni á skrið á nýjan leik.

Og nú skora ég á forsætisráðherra, sem í stefnuræðu sinni nú — rétt eins og í stefnuræðu sinni í fyrra — viðurkennir að lagfæra þurfi kjör þeirra sem lakast eru settir — nú skora ég á hann að beita afli sínu til að fá þetta frv. samþykkt á Alþingi. Þá, en ekki fyrr, er hægt að benda á að hinar mannlegu stærðir efnahagsmálanna eigi sér verðugan stað í þeirri efnahagsstefnu sem rekin er hér á landi.

En það er fleira sem vantar í stefnuræðu forsætisráðherra en hinn mannlega þátt efnahagsmálanna. Á málefni kvenna og barna er þar ekki minnst einu orði. Nú eru liðin tæp fjögur ár síðan Kvennalistinn leit dagsins ljós og enn spyrja menn: Hvers vegna Kvennalisti? Og það finnst Kvennalistakonum reyndar ágætt vegna þess að stjórnmálahreyfingar eiga aldrei að vera til sjálfra sín vegna. Þær verða sífellt að líta í eiginn barm, á þjóðfélagið sem þær eru hluti af og meta það í sífellu upp á nýtt hvort þær

eigi rétt á sér, hvort þær hafi hlutverki að gegna. Aðeins með því móti geta þær verið lifandi aflgjafi betra mannlífs í landinu, en til þess eru stjórnmálahreyfingar og ekki til neins annars.

Kvennalistakonur hafa að undanförnu horft í kringum sig og spurt sjálfar sig þessara spurninga: Höfum við hlutverki að gegna? Er okkar þörf? Og minnugar þess sem rak okkur af stað í upphafi, lítandi yfir það sem hefur gerst í málefnum lands og þjóðar í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, höfum við svarað þessum spurningum, og svarið er já. Og það eru ekki aðeins við sjálfar sem svörum á þennan veg, heldur sýna skoðanakannanir að kjósendur eru sama sinnis.

Og hvað er það sem rak okkur af stað og rekur okkur nú áfram? Jú, við lítum í kringum okkur í þjóðfélaginu, þjóðfélagi sem býr við þá ríkisstjórnarstefnu sem hér hefur verið kynnt, og alls staðar sjáum við konur og störf þeirra vanmetin. Við sjáum konur bera mögru bitana heim af hlöðnu borði góðærisins, við sjáum þær vinna myrkranna á milli fullar af samviskubiti yfir að geta ekki sinnt börnum sínum og heimili. Við sjáum störf þeirra vanmetin *úti á vinnumarkaðnum. Heimilisstörfin, sem þær* hafa sinnt svo lengi sem nokkur man, eru ekki einu sinni til í efnahagsreikningi þjóðarbúsins. Við sjáum skoðanir þeirra lítils metnar, við sjáum að þær njóta ekki sömu virðingar og karlar, ekki sömu réttinda og þeir á borði, þótt svo eigi að heita í orði.

Og við lítum lengra og við sjáum þjóðfélag sem ekki gerir ráð fyrir börnum, sem tímir ekki að eyða nema litlum hluta af arði sínum til uppeldis og umönnunar barna. Við sjáum bruðlið og spillinguna sem viðgengst í skjóli þeirra sem valdið hafa, við sjáum misvitrar ákvarðanir teknar um ráðstöfun almannafjár, við sjáum að víðast situr gróðahyggjan við stjórnvölinn og er harður húsbóndi. Og í eldhúsinu er misjafnt skammtað — feitu bitarnir lenda allir á sömu diskunum. Þannig er umhorfs í íslensku þjóðfélagi nú þegar forsætisráðherra flytur þjóð sinni stefnuræðu sína undir lok kjörtímabils síns.

Og við lítum enn lengra, á heiminn í kringum okkur, og við sjáum stórfellda iðnaðarmengun sem ógnar náttúrunni og lífríki hennar. Við sjáum vígvélarnar gráar fyrir járnum, sprengjurnar sem geta gjöreytt öllu lífi á jarðarkringlunni mörgum sinnum, við sjáum stríð, pestir og hungur sem herjar á mannfólkið. Og við sjáum tvo leiðtoga tala saman í Reykjavík, með fjöregg heimsins í höndunum, án þess að komast að samkomulagi.

Aðgerðarlausar getum við ekki setið hjá. Þessu verðum við að breyta og við vitum að það gerir það enginn fyrir okkur ef við gerum það ekki sjálfar. Þetta rekur okkur konur áfram.

Við vitum það líka að vegna þess að við erum konur höfum við ákveðna sýn á *heiminn, sýn sem* sprottin er úr veruleika okkar sem kvenna og sem mótar alla afstöðu okkar til manna og málefna. Við vitum að nú ríður á að hin kvenlega sýn á lífið, hið kvenlega verðmætamat, láti til sín taka sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu og sjái til þess að jafnt sé skammtað í eldhúsinu og að allir heimilismenn, konur, karlar og börn, njóti sama réttar, sömu virðingar og sama atlætis. Og við vitum að fyrir þessa kvennasýn er ekkert rúm í þeim stjórnmálaflokkum sem stjórnað er af körlum. Þar er ekki unnið eftir þeim lýðræðis- og valddreifingaraðferðum sem okkur finnst öllu skipta ef stjórnmála*hreyfing á ekki að vera hreyfing fárra útvaldra og* þar eru okkar hugmyndir, okkar verðmætamat og okkar lífssýn ekki sett á oddinn. Þess vegna mun Kvennalistinn áfram verða til.

Nú ríður á að konur láti til sín taka hvarvetna í þjóðfélaginu og snúi vörn í sókn. Við höfum nýlega fundið það áþreifanlega hér á Alþingi hvernig er að vera fáliðaðar innan um stóra karlaflokka. Það fundum við þegar Sjálfstfl., í krafti aðfengins liðsauka, úthýsti okkur úr nokkrum fastanefndum þingsins sem við höfum fram til þessa starfað í. Þar ræður lögmál hins sterka og það ræður hvert sem litið er í þjóðfélaginu. Það hefur þrifist og dafnað í skjóli þessarar ríkisstjórnar, í skjóli þeirrar stefnu sem ekki man að í landinu búa ekki aðeins karlar á besta aldri, heldur einnig konur og börn, gamlir og ungir, og að menn eru ekki jafnt settir í baráttunni fyrir rétti sínum og gæðum lífsins. Á næstu misserum mun ráðast hvort þetta afl hins sterka mun áfram vera ráðandi í stjórn landsins. Í þeim efnum liggur valdið hjá ykkur, áheyrendur góðir.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Efnisskrá.

Atvinnuleysistryggingar (14. mál) 105.
Barnalög (13. mál) 102.
Forseti Íslands setur þingið 2.
Kosning forseta og skrifara 5, 6, 8.
Kosning í fastanefndir skv. 25. gr. þingskapa 10, 11, 13.
Kosningar til Alþingis (18. mál) 81.
Lánsfjárlög 1987 (24. mál) 56.
Minning Jóns G. Sólness 3.
Ríkisborgararéttur (19. mál) 55.
Samningur milli Íslands og Bandaríkjanna (20. mál) 15.
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.) 106.
Sætaskipun 7, 9.
Tilkynning um breytingu á skipan þingflokka 9.
Umboðsmaður barna (4. mál) 93.
Varamenn taka þingsæti 4.
Þingsetning 1.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 2.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 3, 4, 5.
Aldursforseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 6.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 8.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5, 9, 106.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 6.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 8.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 106.
Félmrh. Alexander Stefánsson 101.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 56, 74, 80, 123.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 30, 71.
Landbrh. Jón Helgason 55, 81, 93.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 70, 80.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 15, 31, 40, 48, 54, 147.
Eiður Guðnason 49, 66, 78.
Eyjólfur Konráð Jónsson 51.
Friðrik Sophusson 82, 90.
Guðrún Helgadóttir 38, 93, 104.
Gunnar G. Schram 27.
Haraldur Ólafsson 24, 142.
Hjörleifur Guttormsson 17, 35, 120.
Ingvar Gíslason 52.
Jóhanna Sigurðardóttir 102, 105, 134.
Jón Baldvin Hannibalsson 41, 130.
Jón Kristjánsson 73.
Karvel Pálmason 87.
Kjartan Jóhannsson 22, 89.
Kristín Halldórsdóttir 100, 137.
Kristín S. Kvaran 98.
Málmfríður Sigurðardóttir 140.
Ólafur G. Einarsson 127.
Páll Pétursson 85, 89.
Ragnar Arnalds 61.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 26, 153.
Stefán Benediktsson 60, 151.
Svavar Gestsson 45, 83, 92, 116, 145.

EFRI DEILD

4. fundur, mánudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1987, frh. 1. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Mér þætti vænna um ef hægt væri að fá hæstv. fjmrh. í salinn. (**Forseti:** Það er verið að ná í hæstv. fjmrh. eða láta hann vita að umræða sé hafin hér.) Já. Það var vegna beinnar fsp. eða ítrekunar á fsp. til hans. Ég hef engu öðru við það að bæta. Ég mundi þá bíða þangað til hann er kominn í salinn.

Frú forseti. Ég kvaddi mér hljóðs eingöngu vegna þess að það hefur annaðhvort farið fram hjá mér eða þá ekki verið um nein bein svör að ræða hjá hæstv. fjmrh. vegna sölu spariskírteina á komandi fjárlagaári þar sem talað er um í lánsfjárlögum að afla 500 millj. kr. tekna með sölu spariskírteinanna. Það sem maður veit um sölu þessara skírteina er það að ávöxtun þeirra þarf að skila ákveðnum arði til þeirra sem þau hafa í höndum. Maður veit að sala þeirra og umsýsla öll kostar ákveðið fé. Það var t.d., að mig minnir, í umræðu á seinasta ári upplýst að Landsbankinn hafði eytt um það bil 12 millj. þá í auglýsingar sem mestan part voru til komnar vegna sölu spariskírteina. Maður spyr þá hvaða tekna ríkið vænti af þessari spariskírteinasölu. Og maður spyr: Kann það að vera að sölu þessara spariskírteina sé þannig komið í dag að þetta sé orðin umsýsla sem snýst mestan part um sjálfa sig, þ.e. aflar engra raunverulegra tekna til ríkissjóðs? Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur það farið fram hjá mér ef ráðherrann hefur svarað þessu. Hafi hann gert það verð ég að leita í þingtíðindi, en hafi hann ekki gert það væri mér hugarhægra ef hann vildi gera svo vel og svara því í umræðunni.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Í sambandi við frv. til lánsfjárlaga hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. að a.m.k. sé til athugunar, svo að ekki sé sterkar til orða tekið, að selja Rás 2, Ríkisútvarpið. Í því sambandi vil ég fá ákveðin svör við því hvort þetta er annað og meira en hugdetta ráðherrans í ræðustól eða hvort hér er raunverulega um ákveðna áætlun að ræða og hvort þá má vænta frv. til l. um þetta efni. Skv. útvarpslögunum, sem samþykkt voru í fyrravor, er kveðið svo á að Ríkisútvarpinu skuli skylt að hafa tvær hljóðvarpsdagskrár sem nái til landsins alls þannig að það þarf lagabreytingu til ef hér á að verða breyting á.

Þá vil ég einnig beina því til hæstv. ráðh. hvort í þessu felist að einungis stúdíóaðstaða verði seld eða hvort einnig eigi að selja dreifikerfið. Það held ég að sé meginatriði þessa máls. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins nær nú um allt land, hinar tvær rásir. Það hefur kostað mikið. Það hefur verið mikið átak hjá Ríkisútvarpinu að koma þessu upp. Ég mundi telja mjög miður að ofan í mjög ákveðnar yfirlýsingar hæstv. fyrrv. menntmrh. á s.l. vori um að efla beri Ríkisútvarpið skuli þessi hugmynd koma upp einungis örfáum mánuðum síðar og hljóta mjög ákveðinn stuðning í stærsta stuðningsblaði hæstv. fjmrh.

Ég held að þetta mál sé þess eðlis að við hljótum að taka það mjög alvarlega. Í því sambandi vil ég einnig óska eftir upplýsingum um hvað á að gera af hálfu ríkisins til eflingar Ríkisútvarpinu þegar felldur er niður tekjuliður þess af innflutningsgjöldum sjónvarpstækja þannig að það liggi ljóst fyrir hvaða stefnu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn hafa í þessu máli.

Ef ekki fást ákveðin svör við þessu hlýt ég að taka til athugunar hvort mér er fært að samþykkja þá grein í lánsfjárlögum sem kveður á um niðurfellingu þessa fjárlagaliðar til Ríkisútvarpsins.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að ræða vítt og breitt um frv. til lánsfjárlaga. Það eru fyrst og fremst tvö atriði sem mig langar til að koma inn á.

Þá er fyrst að taka þá grein frv. sem varðar hitaveitur. Það skal viðurkennt að það hefur farið nokkur hiti úr þessari umræðu samanborið við það sem var á miðvikudaginn í fyrri viku. Ég vil þó að gefnu tilefni spyrja hæstv. ráðh. að því hverjar tímasetningar eru af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar. Að því er ég best veit hafa engar dagsetningar komið fram. Ég hygg þó að þær séu einhvers staðar fyrir hendi. Þegar mikilsverð mál eru á ferðinni og til umræðu setja menn sér oft ákveðin tímamörk. Ég kýs að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort það sé fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að undirbúningi verði lokið bráðlega vegna aðgerða í sambandi við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar og hvort tillögur komi fram t.d. í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga eða fyrr.

Þetta er mjög brennandi verkefni. Það brennur á íbúum þeirra svæða sem í hlut eiga. Það er staðreynd. Ég stend hér upp sem stjórnarsinni. Mér er mjög mikið í mun að það fáist lausn á þessum málum undir hatti þessarar ríkisstjórnar, ekki síst vegna þess að ég trúi því að aldrei hafi verið ætlunin önnur en sú að standa við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið. Ég fer ekki nánar út í hverjar yfirlýsingarnar voru. Það hefur verið komið inn á það fyrr í umræðunni.

Síðara atriðið sem mig langar til að drepa á hefur jafnframt verið hér til umræðu og hv. síðasti ræðumaður kom inn á það. Það er varðandi Ríkisútvarpið. Ég hef grun um að samþykkt frv. eða stuðningur sumra a.m.k. við frv. til útvarpslaga á sínum tíma hafi ekki síst verið undir því kominn að staðið yrði við fjárframlög til uppbyggingar Ríkisútvarpsins, þ.e. að ákvæði 22. og 23. gr. laganna yrðu í

framkvæmd þegar tímar liðu. Mér segir hugur um að verði sú breyting sem hér er lögð til, verði sú grein að lögum sem er í frv. til lánsfjárlaga, sé forsendan fyrir samþykkt útvarpslagafrv. á sínum tíma í raun brostin.

Ég get alveg sagt að að mínu leyti byggði ég ekki síst stuðning við frv. einmitt á því að nú voru heitin strengd og menn sáu fram á að það yrði myndarlega tekið á að því er varðar fjárframlög til uppbyggingar Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið gerir eftir því sem ég veit best áætlanir til nokkurra ára í senn. Mig minnir að það sé til fimm ára í senn. Auðvitað er Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. fullkunnugt um þessar áætlanir. Í þessu sambandi má minna á að kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar langbylgjustöðvar hljóðar upp á 300 millj. kr. Það var fyrirhugað að fara í það verk árið 1989. Ákvæðið í 22. og 23. gr. útvarpslaganna var kannske eina blóðgjöfin sem Ríkisútvarpið fékk eða ætlað var að það fengi í tengslum við samþykkt nýju útvarpslaganna.

Ég ætla ekki að fjalla um orð hæstv. fjmrh. um sölu á Rás 2. Ég held að hann hafi varpað þessu fram án þess að það hafi verið þrauthugsað. Hann er að vísu óvanur því, hæstv. fjmrh. Hann er þekktari að því að hugsa sitt ráð áður en hann setur fram skoðanir sínar og hugmyndir. En ég tel að ef mönnum dytti í hug í alvöru að selja Rás 2 mundi ýmislegt annað, sem ætlað hefur verið í sambandi við starfsemi Ríkisútvarpsins, falla um sjálft sig. Við skulum minnast þess að fyrirkomulag á starfsemi Rásar 2 var ekki ákveðið á sínum tíma þannig að það yrði algerlega óbreytt um alla framtíð. Því fer víðs fjarri. Þess hefur verið getið hér í umræðunni að Ríkisútvarpinu er lögskylt að hafa þrjár rásir, þ.e. tvær útvarpsrásir og eina sjónvarpsrás. Jú, gott og vel. Það þyrfti að breyta lögum. En hvað með fræðsluútvarpið? Það var a.m.k. á sínum tíma talið nánast óframkvæmanlegt að stofna til myndarlegs fræðsluútvarps með öðrum hætti en þeim að það væru fyrir hendi tvær hljóðvarpsrásir.

Um þetta ætla ég ekki að hafa fleiri orð. En spurning mín um hitaveiturnar er til hæstv. fjmrh. Enda þótt hitaveitumálin heyri í ríkari mæli undir hæstv. iðnrh. er það nú einu sinni svo að slíkar ráðstafanir og ákvarðanir, sem ég hygg að verði óhjákvæmilegar vegna hitaveitnanna, koma við ríkisstjórnina alla. Hæstv. fjmrh. er höfuð fjárhagsmálefna ríkisins og því beini ég þeirri spurningu til hans hvenær ákvarðana er að vænta. Það er mjög mikilvægt að fá það fram.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræður um of.

Það hefur margt athyglisvert komið fram í þessum umræðum, m.a. og kannske sér í lagi varðandi umræðurnar um Ríkisútvarpið sem virðast hafa komið ýmsum í opna skjöldu, m.a. þeim sem standa að þessu frv. til lánsfjárlaga, og ber auðvitað að fagna því ef hv. þm. Framsfl. hafa vaknað af þyrnirósarsvefni í þessu efni og rjúka nú upp til handa og fóta að bera af sér þá ábyrgð sem þeir hljóta að bera á því sem í þessu frv. til lánsfjárlaga stendur.

Ég hef hins vegar orðið var við það og það kemur engum á óvart og það veit hæstv. fjmrh. að allar yfirlýsingar um að skerða þjónustu Ríkisútvarpsins, fá hana í hendur einkaaðilum, allar slíkar hugleiðingar koma alveg sérstaklega illa við fólk á landsbyggðinni sem hefur af þessu miklar áhyggjur því að það hefur einfaldlega ekki trú á því, ég held það sé alveg sama í hvaða flokki það er, að einkaaðilar muni keppa að því að gera stöðvar sínar að stöðvum allra landsmanna. Það hefur enga trú á því vegna þess mikla kostnaðar sem þar kemur til nema þá meiningin sé, eins og hv. 9. þm. Reykv. kom hér að áðan, að selja allt heila klabbið, dreifikerfið þar með talið, í hendur þessara aðila og þá sjálfsagt á sanngjörnu verði sem hlyti að verða beint framhald af því. En við skulum vona að á þessu verði breyting þar sem hér hafa komið fram það hörð viðbrögð af hálfu þm. Framsfl. þannig að á þessu verði nokkur leiðrétting.

Við fyrri hluta þessarar umræðu svaraði hæstv. fjmrh. fsp. varðandi 18. gr. frá hv. þm. Ragnari Arnalds, þ.e. hvað átt væri við með niðurlagi hennar „Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983.“ Hæstv. ráðh. svaraði því til að hér væri um að ræða umframtekjur af erfðafjárskatti miðað við það sem fjárlög hefðu gert ráð fyrir. Fjárlög gerðu ráð fyrir 25 millj. kr. af erfðafjárskatti í Framkvæmdasjóð fatlaðra, en 35. gr. laganna um málefni fatlaðra er einmitt um það að tekjur Erfðafjársjóðs renni beint í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Hæstv. fjmrh. kom ekki með ákveðna tölu um hver sú upphæð væri sem þarna yrði tekin af Framkvæmdasjóði fatlaðra og sett í ríkissjóð. Ég stóð í þeirri meiningu að umræðu væri hér lokið og lagði því fram beina fsp. til hans í Sþ. um hver þessi upphæð væri, enda átti ég kannske ekki von á því að hann hefði þau svör á reiðum höndum nákvæmlega hver upphæðin væri, þær umframtekjur sem af erfðafjárskatti hefðu komið og ættu að fara í ríkissjóð í staðinn fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég ætla því að víkja að þessu máli með örfáum orðum.

Ég veit að viðbrögð stjórnarnefndar um málefni fatlaðra við þessari grein hafa verið mjög hörð. Stjórnarnefndin hefur sent fagráðuneytum sínum, sem eiga öll aðild að stjórnarnefndinni, þ.e. menntmrn., félmrn. og heilbr.- og trmrn., kröfu um að ráðuneytin sjái til þess að þessi upphæð verði greidd í Framkvæmdasjóð fatlaðra og nefndin að segja komist í að deila þessu fjármagni út á þessu ári, enda þörf ærin. Ég veit ekki nákvæmlega hver þessi tala er, ég býst við að hæstv. fjmrh. geti upplýst það hér á eftir, en hér er um að ræða upphæð sem nemur um það bil hálfri þeirri upphæð sem ætluð er til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á s.l. ári

og það er ekkert smáræði miðað við þau miklu verkefni sem þar eru á ferðinni.

Landsþing Þroskahjálpar var haldið um s.l. helgi og gerði ákveðna ályktun um þetta þar sem m.a. var sérstaklega vikið að framlögum í heild til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og hver skerðing hefði orðið á honum á síðustu árum. Áður en Framkvæmdasjóður fatlaðra tók gildi 1. jan. 1984 voru það annars vegar Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og hins vegar Erfðafjársjóður sem veittu fjármagn til sömu framkvæmda. Í þessari skýrslu kemur fram hvert var raungildi framkvæmdafjár á þessum árum sem Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og Erfðafjársjóður voru í gildi, 1980–1983. Raungildi framkvæmdafjárins á ári var 157 millj. miðað við verðlag 1. des. 1985. En síðustu árin, 1984–1986, aðeins 94 millj. að raungildi á ári. Hér er í raun og veru um miklu meiri skerðingu að ræða en ég hafði áttað mig á, en ég veit að þessi skýrsla, sem unnin er af Bjarna Kristjánssyni, forstöðumanni á Akureyri, og Friðrik Sigurðssyni þroskaþjálfa, er byggð m.a. á upplýsingum og tölum beint frá starfsmönnum hæstv. fjmrh. í Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ef menn bera þetta saman við upphæðina sem var veitt til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á s.l. ári, 80 millj. kr., er sú tala meira að segja 14 millj. fyrir neðan meðaltalsupphæðina 1984–86 að raungildi.

Ég ætla ekki að fara út í neinar deilur um hverju er hér um að kenna, stjórnarstefnu eða öðru slíku, en ég hlýt, vegna þess að ég þekki nokkuð til velvilja hæstv. fjmrh. til þessa málaflokks og veit það af eigin reynslu, að óska eftir því við hann að þessari heimildargrein, sem er neðst í 18. gr., verði sleppt og Framkvæmdasjóður fatlaðra fái þessar tekjur svo sem hann á að fá samkvæmt lögum.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég treysti á að eindregin áskorun aðalþings Þroskahjálpar, eindregin áskorun frá stjórnarnefnd um málefni fatlaðra verði tekin til greina og þessu fé réttilega skilað aftur á þann stað þar sem það á heima því að verkefnin eru óþrjótandi og skerðingin hefur verið svo mikil á síðustu árum að hér væri aðeins um litla uppbót að ræða á því. Ég trúi ekki öðru fyrr en ég tek á því að hæstv. ráðherra komi a.m.k. vel til móts við þessar kröfur og óskir þessara samtaka.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það eru aðeins örfá atriði sem ég tel nauðsynlegt að komi fram vegna þeirra umræðna sem orðið hafa, m.a. um Ríkisútvarpið.

Það hefur verið mikið gumað af því að nú ætti Kvikmyndasjóður að fá stóraukið fjármagn, 55 milljónir. Allt gott um það. Nauðsynlegt er að efla innlenda dagskrárgerð. En þetta er nú eiginlega sú sama upphæð og Ríkisútvarpið er svipt með þessum lögum.

Þá vildi ég fá að spyrja hæstv. fjmrh. tveggja eða þriggja spurninga. Hann sagði að ríkisstjórnin stæði öll að því að svipta Ríkisútvarpið tekjum með þessum hætti. Mér heyrist á hv. þm. Framsóknarflokksins í þessari deild að Framsóknarflokkurinn standi hreint ekkert að þessu. Það væri ágætt að fá þetta á hreint. Í öðru lagi hefur verið spurt og hæstv. ráðherra svarar því hér á eftir: Hvað á að selja? Hv. þm. Haraldur Ólafsson spurði: Á að selja dreifikerfið? Ég vek athygli á því að ef á að selja dreifikerfi Rásar 2 er um leið verið að selja hluta af dreifikerfi sjónvarpsins fyrir allt landið. Hvað er það sem hæstv. fjmrh. ætlar að selja?

Í öðru lagi vil ég, áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, benda á að um leið og er vegið svona að Ríkisútvarpinu er lyft undir einkastöðvarnar. Mér er t.d. kunnugt um að hæstv. fjmrh. felldi niður öll aðflutningsgjöld af svokölluðum „afruglurum" sem áskrifendur þessarar sjónvarpsstöðvar nýju nota. Ég fékk þær upplýsingar í fjmrn. að hann hefði gert það skv. 6. gr. fjárlaga í ár, lið 3.9. Ég vil, virðulegur forseti, halda því fram að fjmrh. hafi ekki haft neina heimild til að gera þetta. Það er auðvitað allt í lagi að fella niður svona aðflutningsgjöld en til þess þarf hæstv. ráðherra heimildir Alþingis. Og vildi ég nú mælast til þess að hæstv. ráðherra hlustaði á umrædda heimildargrein sem er í fjárlögunum, en hún hljóðar svona:

„Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps" — Þetta er skv. upplýsingum fjmrn. Eru afruglararnir til að auka dreifikerfi útvarps? — „svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp." — Falla þessir „afruglarar" undir það? — „Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis." Ég fékk þær upplýsingar í fjmrn. í morgun að aðflutningsgjöldin af þessum afruglurum væru felld niður skv. þessari heimildargrein fjárlaganna.

Nú spyr ég ráðherrann: Hvernig í ósköpunum er hægt að túlka þetta svona? Þetta er auðvitað lýsandi dæmi um það hvernig nú er vegið að Ríkisútvarpinu, en menn teygja sig út á ystu nöf og lengra sýnist mér, — til þess að hampa hér einkaframtakinu. Þetta er auðvitað dæmi um stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart Ríkisútvarpinu.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef áður tekið til máls í þessari umræðu og ætla ekki að lengja hana að mun.

Ég tel mig knúinn til þess, af því að umræðan hefur beinst út í málefni Ríkisútvarpsins, að láta koma fram þá staðreynd að Rás 2 nær ekki til alls landsins eins og útvarpslög gera ráð fyrir. Það er brýnt að Ríkisútvarpið snúi sér að því verkefni og fái fjármagn til þess að koma dreifikerfi Rásar 2 til allra landsmanna. Mér er fullkunnugt um að það eru stór svæði, t.d. á Austurlandi, sem njóta ekki Rásar 2 og það er verkefni, sem við þurfum að snúa okkur að hið fyrsta, að ráða bót á því. Ég veit að forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa fullan hug á að svo verði. Ég hef ekki heyrt að þetta hafi komið fram í umræð-

unni, þannig að ég get ekki látið hjá líða að geta um þetta.

Ég er þeirrar skoðunar að Rás 2 sé nauðsynleg fyrir Ríkisútvarpið, hún sé nauðsynleg til þess að Ríkisútvarpið geti haldið uppi fjölbreyttri dagskrá, í samræmi við nútímakröfur, fyrir alla landsmenn eins og útvarpslög gera ráð fyrir. Ríkisútvarpið hefur notað Rás 2 til þess að útvarpa þar léttri dagskrá fyrst og fremst, og einnig hefur verið mikið um að þar hafi verið útvarpað beinum lýsingum á íþróttaviðburðum og öðru sem óviðunandi er að nái ekki til allra landsmanna. Nóg er mismununin samt í þessum útvarpssendingum því einkaaðilar hafa ekki áhuga á að ná til alls landsins með sínar sendingar.

Ég vildi ekki láta hjá líða að þetta kæmi fram í umræðunni af því að hún snerist inn á þessar brautir. Ég trúi því ekki að fjmrh. hafi tillögur um að selja þessa rás. Ég tók það þannig að þetta væru hans hugleiðingar og að það væri ekki á dagskrá á næstu vikum eða mánuðum að selja Rás 2. Og ég mun a.m.k. ekki greiða þeirri ákvörðun atkvæði.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það mun vera rétt sem fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykv. að ég fór ekki mörgum orðum í fyrri hluta umræðunnar um spurningu hans sem lýtur að því hvaða arð þau verkefni gefa sem fjármögnuð hafa verið með sölu spariskírteina. Og ég geri ráð fyrir að hann viti auðvitað svarið sjálfur vegna þess að andvirði seldra spariskírteina er ekki afmarkað til neinna tiltekinna verkefna. Það fer, að svo miklu leyti sem það hrekkur til, til almennra framkvæmda, eða þjónustu, sem kostaðar eru af ríkissjóði. Það má því sjálfsagt stilla svarinu upp á ýmsa vegu. Ef þessir peningar standa undir hlutafjárframlögum til steinullarverksmiðju, svo dæmi séu tekin, skila þeir ekki arði, ef þeir standa undir framlögum til skóla skila þeir þjóðfélaginu mjög miklum arði. Og þannig má auðvitað stilla þessu svari upp eftir því hvaða verkefni menn tiltaka. Allt er það þó meira og minna út í bláinn vegna þess að andvirði seldra spariskírteina er varið almennt til þeirra framkvæmda eða þjónustuverkefna sem ríkissjóður stendur undir.

Hv. 9. þm. Reykv. vék að þeim umræðum sem urðu þegar lánsfjárlögin komu til umræðu í síðustu viku og lúta að Rás 2. Það er rétt að rifja upp hvernig sú umræða upphófst. Ég svaraði hv. 5. landsk. þm. á þann veg að þessa spurningu mætti setja fram vegna þess að hann hélt því fram að með lánsfjárlagafrv. væri verið að knésetja Ríkisútvarpið og það hefði mikilvægu hlutverki að gegna í menningarlegum efnum. Undir það hef ég tekið en varpaði því fram að ef menn hefðu áhyggjur af því að það hefði ekki fjármagn til þess að fárfesta til þess þjónustuhlutverks sem það á að sinna í menningarlegum efnum mætti alveg spyrja hvort ekki væri ástæða til að losa um fjárfestingu að því er varðar starfsemi eins og Rás 2 þar sem einkastöðvar geta sinnt því hlutverki.

Því hefur verið haldið fram að þetta yrði einhver sérstök árás á landsbyggðina. Ég er allt annarrar skoðunar. Ég minni á að það voru kapalstöðvar úti á landsbyggðinni sem ruddu brautina fyrir frjálsan útvarpsrekstur, framtak manna í litlum sveitarfélögum að koma á kapalsjónvarpi sem höfðu verulega mikil áhrif í þá veru að menn komust fram með þessar hugmyndir.

Auðvitað er það svo að um þetta hafa staðið deilur og það er auðvitað ljóst að margir hv. þm. hafa verið á móti útvarpsfrelsi. Og það er ekki nema eðlilegt að þeir haldi sínum sjónarmiðum fram. Af minni hálfu kom alveg skýrt fram í þessari umræðu að ég lagði ekki og hef ekki lagt fram neinar tillögur í þessu efni. Ég varpaði fram þessari spurningu að þetta mættu menn íhuga, að losa fjárfestingu undir þennan hluta af rekstri útvarpsins ef menn teldu að sömu fjármunum væri betur varið til annarra hluta. Almennt séð þá felst í frv. til lánsfjárlaga að þessu leyti aðhald að fjárfestingum Ríkisútvarpsins eins og ákaflega margra annarra stofnana í þjóðfélaginu. Fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga gera ráð fyrir að á fjárfestingu sé haft hóf og það gildir auðvitað um Ríkisútvarpið eins og aðrar stofnanir að það verður að sætta sig við það. Það hefur komið fram, m.a. hjá talsmönnum Alþýðuflokksins, að þeir telja að boginn sé of hátt spenntur í útgjöldum hins opinbera. En það stendur hins vegar ekki á því að á öllum þeim sviðum þar sem reynt er að hafa hemil á útgjöldum, þar sem reynt er að hafa hemil á fjárfestingu, standa þeir fremstir í flokki þeirra sem gagnrýna. Og það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir þegar menn bera þessar ræður saman, í annarri er gagnrýni á það að útgjöldin séu of mikil, það sé of mikil þensla í fjárlögum og lánsfjárlögum, en svo í hinni ræðunni sem þeir flytja felst harkaleg gagnrýni á hvern einasta lið þar sem aðhalds hefur verið gætt og skornar hafa verið niður fjárveitingar, hvort sem er til þjónustu eða fjárfestinga. Það fer ekki mikið fyrir samræminu í þeim málflutningi.

Auðvitað ætla ég ekki að fara að ræða í einstökum atriðum, ef til þess kæmi að Rás 2 yrði seld, hvað ætti að selja þar með eða ekki. Ég tel hins vegar, og stend við það sem ég sagði áður, að ef menn telja að útvarpið sé í þröng til fjárfestingar megi hugleiða að nota þá fjármuni sem þarna eru bundnir. Ef útvarpið vill ekki gera það verður það að sætta sig við að það hefur minna til fjárfestingar til annarra verkefna á þessu ári og verður að taka eitthvað lengri tíma til að ljúka þeim verkefnum sem fyrir hendi eru. Það er eins með Ríkisútvarpið og ýmsar aðrar stofnanir.

Hv. 5. þm. Vesturl. innti eftir því hvaða tímasetningar ríkisstjórnin hefði sett vegna erfiðleika sem Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveita Akureyrar eiga við að etja. Ég tel rétt að spurningu af þessu tagi sé beint til hæstv. iðnrh. Það sem lýtur að ákvæðum lánsfjárlaganna er spurning um þá heildarupphæð sem þar er um að ræða til hitaveitna í því skyni að þær geti skuldbreytt lánum. Upphæðin sem er í lánsfjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir nýjum

fjárfestingum heldur möguleikum til þess að endurfjármagna og skuldbreyta þeim lánum sem einstakar hitaveitur eru með núna. Og í umræðunni hér í byrjun kom skýrt fram að ekki liggja fyrir tillögur um það með hvaða hætti þessari upphæð yrði skipt á milli einstakra hitaveitna. Við höfum talið eðlilegt að sú skipting komi fram í meðferð frv. hér á hinu háa Alþingi, enda þarf enn að afla viðbótarupplýsinga frá einstökum hitaveitum. Það er ekki einungis að þessar stóru hitaveitur eigi við vanda að etja, ýmsar smærri hitaveitur eiga líka við erfiðleika að stríða, m.a. vegna þess að þær eru með lán til sinna framkvæmda sem eiga að endurgreiðast á tiltölulega skömmum tíma. Því er eðlilegt að horfa til þess að auðvelda þeim skuldbreytingar því það verður að ætla þessum fyrirtækjum eðlilegan tíma til þess að endurgreiða stofnkostnað.

Að því er varðar atriðið sem hv. 2. þm. Austurl. vék að um Framkvæmdasjóð fatlaðra skýrði ég það í fyrri hluta umræðunnar hvaða ástæður liggja til þessa ákvæðis í 18. gr. frv. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum mun vera um að ræða u.þ.b. 30 millj. kr. Ég get alveg tekið undir með hv. 2. þm. Austurl. að á þessu sviði bíða fjölmörg verkefni, brýn úrlausnarefni. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að við ræðum öðru hvoru hér á hinu háa Alþingi þau miklu verk sem unnin hafa verið á þessu sviði. Og það væri ástæða til þess að við beindum sjónum okkar a.m.k. endrum og sinnum til þeirrar hröðu og miklu uppbyggingar sem átt hefur sér stað á þessu sviði og mikil og brýn þörf hefur verið á.

Í þessu efni þurfum við hins vegar að gæta að fleiri hagsmunum. Við verðum hér eins og annars staðar að hyggja að ýmsum öðrum mikilvægum og þörfum útgjöldum og líka að hinu að við verðum að hafa gætur á því hversu miklar byrðar við leggjum á hverju ári á skattgreiðendur. Allt þetta þurfum við að hafa í huga og það hefur verið gert við samningu fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga. Það hefur óhjákvæmilega leitt til þess að við höfum ekki komist hjá því að skerða ýmis lög til þess að haf hemil á útgjöldum og komast hjá frekari skattheimtu en þegar er fyrir hendi.

Ég vek aðeins athygli á því að það er nauðsynlegt þegar þessi mál ber á góma að menn fjalli ekki einvörðungu um þær skerðingar sem hafa verið framkvæmdar í lánsfjárlögum ár efti ár, heldur horfum við líka til þess að á þessu sviði hafa mikil verk verið unnin og miklum fjármunum verið réttilega varið til þessara verkefna.

Hv. 5. landsk. þm. vék að því að óeðlilegt væri að haga málum á þann veg að hægt væri að koma upp einkasjónvarpsstöðvum sem byggja á trufluðum útsendingum. Ég er ekki þeirrar skoðunar og ég tel að það eigi að haga skattheimtu og gjaldtöku á þann veg að aðstaða sjónvarpsstöðva og útvarpsstöðva sé sem jöfnust. Ég taldi þess vegna eðlilegt að þessi tæki, sem í reynd eru nauðsynleg til þess að dreifing þessa fjölmiðils geti átt sér stað, yrðu undanþegin aðflutnings- og sölugjöldum. Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að leitað verði heimilda í þessu skyni.

Það er hins vegar annað mál og má taka upp til umræðu, eins og fram kom af hálfu hv. 5. landsk. þm., að þetta ætti ekki að gera og það ætti að reyna að hindra frjálsan útvarpsrekstur og frjálsan rekstur sjónvarpsstöðva með því að leggja á sem hæst gjöld. Annað varð ekki skilið af hans orðum. Um þetta er auðvitað meginágreiningur. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að greiða götu frjálsra útvarpsstöðva og frjálsra sjónvarpsstöðva. Þessi ágreiningur er ekkert nýr af nálinni. Þessi hv. þm. var einn af aðalandstæðingum frjáls útvarpsreksturs, gerði allt sem í hans valdi stóð, þegar það mál var til meðferðar á Alþingi, til þess að bregða fæti fyrir frjálsan útvarpsrekstur (**EG:** Þetta er rangt hjá ráðherranum og hann veit það.) — það muna menn — með ýmiss konar brögðum. Auðvitað er um þetta ágreiningur, það er ósköp eðlilegt. Það kom skýrt fram að hann er á móti því að með þessum hætti sé reynt að hliðra til og auðvelda nýjum útvarpsstöðvum að komast á fót. Það er stefna Alþýðuflokksins sem hann mælir þar fyrir og þá vita menn það. Þá vita landsmenn hver afstaða Alþýðuflokksins er í þeim efnum.

Menn sjá það líka af þessum heiftarlegu viðbrögðum við hugmyndum um að selja Rás 2. Það er nákvæmlega sama hvaða atriði það eru í rekstri ríkisins, ef einhverju á að breyta rísa ýmsir upp og segja að hvergi megi breyta neinu í rekstri þar sem opinberir aðilar hafa einu sinni haslað sér völl. Það eru ekki síst talsmenn Alþýðuflokksins sem þannig tala. Þeir mega ekki til þess hugsa að opinber rekstur sé þannig endurskoðaður. Það er sérstakt að hinir nýju liðsmenn Alþýðuflokksins skuli taka undir þennan málflutning að engu megi breyta í opinberum rekstri, hvergi megi hliðra til eða hugsa sér breytingar. Þegar ríkið er einu sinni farið af stað með opinberan rekstur skuli honum haldið áfram alveg endalaust. Það má ekki einu sinni varpa fram hugmyndum í þá veru að taka slíkt til endurskoðunar. Og það er athyglisvert að hinir nýju liðsmenn Alþýðuflokksins skuli taka undir þessi sjónarmið og vera boðberar þessa ketilshugsunarháttar.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Þessi umræða er farin að verða dálítið merkileg svo ekki sé meira sagt. Það er vissulega rétt hjá hæstv. fjmrh. að þetta er hápólitískt mál og um það hljóta að vera skiptar skoðanir. Og það er einmitt mjög gott að það skuli koma fram nú þegar hvað Sjálfstfl. raunverulega ætlar sér í þessum málum. Ég held að það hljóti öllum að vera augljóst eftir síðustu ræðu hæstv. fjmrh.

Ég fékk ekki svör við spurningu minni. Ég fékk ekki svör um það hvað ríkisstjórnin hyggst gera til þess að efla Ríkisútvarpið. Eina svarið sem ég fékk var að það ætti að spara, og það ætti að draga úr kostnaði og það væri eitthvert hófleysi í fjárveitingum. Hvað er hófleysi hjá Ríkisútvarpinu? Er hægt að nefna einhver dæmi um það að illa hafi verið

farið þar með fé? Að því fé sem Ríkisútvarpið hefur haft til umráða af auglýsingum og afnotagjöldum hafi verið illa varið? Hefur því fé sem varið hefur verið til uppbyggingar útvarpsins verið illa varið? Skv. þeim upplýsingum sem ég fékk og ég taldi öruggar ætti dreifikerfi Rásar 2 að ná um allt landið en nú er upplýst að svo er ekki. Er það hófleysi, þegar skv. lögum er kveðið svo á að Ríkisútvarpið skuli senda út tvær dagskrár sem nái til alls landsins, að koma ekki þessari dagskrá til landsmanna? Mín skoðun er sú að áður en farið er að ræða um breytingar á þeim útvarpslögum sem samþykkt voru í fyrravor eigi að framfylgja þeim lögum, það eigi að ganga þannig frá að það standist sem þá var samþykkt.

Ég er alveg undrandi á þeim málflutningi sjálfstæðismanna að hér hafi verið mikil andstaða gegn útvarpslögunum. Sú andstaða var áreiðanlega ekki frá mér eða hv. 5. landsk. þm. Hann er að vísu fullfær um að bera af sér sakir, en ég held að við höfum átt ekki lítinn þátt í að þetta frv. komst fram. Ég held að ég geti fullyrt að við unnum að því að frv. næði samþykki hér á þingi. Hitt er annað mál að þar voru atriði sem við vildum hafa öðruvísi en ekki náðist samkomulag um. Það náðist ekki samkomulag um ýmis þau efni sem við töldum að væri nauðsynlegt að fjallað væri um í frv. Það var t.d. ekki nokkur lifandi leið að fá inn ákvæði um ráðningartíma útvarpsstjóra. Það var að vísu ekki gert að neinu stórmáli, en ég talaði fyrir daufum eyrum hjá sjálfstæðismönnum og þeim sem höfðu með það mál að gera á sama tíma og unnið er að því að í sem flest störf, meiri háttar störf hjá ríkinu, sé ráðið til ákveðins tíma. Ég nefni þetta bara svona sem dæmi, en það voru fjölmörg önnur sem mætti taka upp, bæði tæknilegs og menningarlegs eðlis.

Ég er líka alveg undrandi á því að fram kemur að Rás 2 skili ágóða. Hún gerir meira en að standa undir sér. Hún er ekki baggi á Ríkisútvarpinu. Hvaða ástæða var til þess að losa sig við ríkisstofnun sem ekki kostar ríkissjóð grænan eyri? Ég er furðu lostinn yfir slíkum yfirlýsingum um hófleysi í rekstri Ríkisútvarpsins.

Við þurfum bara að gera okkur ljóst að þegar útvarpslagafrumvarpið var samþykkt var um leið ákveðið að efla Ríkisútvarpið. Og ég vil hvetja til þess að það sé gert. Ég vil hvetja til þess að Ríkisútvarpið verði ekki limað í sundur í einhverjum pólitískum tilgangi. Ég er mikill stuðningsmaður þeirrar útvarpsstöðvar sem komin er upp. Um Stöð 2 get ég lítið sagt, ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með henni. En ég tel það af hinu góða hvernig Bylgjan hefur farið af stað. Þar hefur virkilega kveðið við nýjan og hressan tón. En ég sé enga ástæðu til þess að gefa Bylgjunni eða öðrum slíkum stöðvum einhvern einkarétt á því að safna auglýsingum. Ég tel þvert á móti rétt að Ríkisútvarpið með dreifikerfi sitt og sína stöðu í þjóðfélaginu sitji einnig að þessu, að það verði raunveruleg samkeppni. En það skyldi þó aldrei vera það sem á bak við er að koma í veg fyrir samkeppni, að koma í veg fyrir að hinar nýju stöðvar þurfi að taka á. Er það kannske orðin hin pólitíska hugsun í Sjálfstfl. að einokun komist á í þessu efni?

Ég vil minna á hvað er að gerast í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hvernig er með útvarpsstöðvarnar þar? Vitið þið hvað það eru mörg fyrirtæki sem reka stærstu útvarpsstöðvarnar þar? Þau eru 50. Og hvaða fyrirtæki eru það? Það eru stærstu fyrirtæki Bandaríkjanna. Það eru þau fyrirtæki sem framleiða stál, vopn og mat. Það eru fyrirtækin sem hafa hag af því að búa til þá heimsmynd sem Bandaríkjamenn eiga að trúa á. 87% af neysluvarningi í Bandaríkjunum eru í höndum þeirra 500 fyrirtækja sem eiga megnið af minni sjónvarps- og útvarpsstöðvum. Það eru framleiðsluöflin sem ráða þar yfir sjónvarpi og útvarpi. Er það það sem við viljum fá? Er það slík staða sem á að koma hér upp? Ég er andvígur því. Ég vil að þessir aðilar fái að reka útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar, en það á ekki að vera á kostnað Ríkisútvarpsins. Til þess er það allt of dýrmætt fyrir okkur Íslendinga.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir, en ég get ekki látið þeim einstaklega óheiðarlega málflutningi hæstv. fjmrh. ómótmælt að Alþýðuflokksmenn hafi staðið gegn frelsi í útvarpsrekstri. Þetta endurtekur hæstv. fjmrh. hvað eftir annað, væntanlega í þeirri von að einhver trúi honum, en þetta er rangt hjá hæstv. ráðh. eins og allir geta séð sem fletta upp í þingtíðindunum. Hins vegar var af okkar hálfu bent á marga ágalla á þeim útvarpslögum sem eru í gildi. Menn geta gengið úr skugga um það með því að ræða við þá sem fást við útvarpsrekstur. Þeir vita vel af þessum ágöllum. Og þessum lögum þarf að breyta og þau þarf að endurskoða.

Hins vegar er mér alveg ljóst að það er afskaplega valt að trúa orðum hæstv. fjmrh., einkanlega þegar hann er að vitna aftur í tímann. Það kom mjög vel í ljós í sjónvarpsumræðunum þegar honum varð það á að vitna í Njáls sögu með þeim hætti sem hann gerði þar.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að mótmæla orðum hæstv. fjmrh. sem ósmekklegum dylgjum og óheiðarlegum sem eru hans embætti ekki sæmandi. Mér sýnist að þannig hafi verið staðið að verki varðandi afnám aðflutningsgjalda af svokölluðum afruglurum að engin heimild hafi verið fyrir því í fjárlögum heldur hafi fjmrh. hagað sér líkt og tíðkast í margnefndum Afríkuríkjum þar sem ráðherrar leyfa sér að ganga í ríkiskassann eftir því sem mönnum sýnist án heimilda. Ég minni á að það er Alþingi sem á að gefa heimildir til þessara hluta en ekki velvilji fjmrh.

Ég kemst ekki hjá því að benda á að í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er þessarar heimildar aflað fyrir næsta ár, en hvað varðar afnám aðflutn-

ingsgjalda á þessu ári er engin heimild fyrir því og hefði þurft að afla hennar. Svona umgengni við ríkiskassann er óþolandi og ég tala nú ekki um þann óheiðarlega málflutning sem hæstv. fjmrh. hefur uppi nú varðandi afstöðu annarra manna til frjáls útvarpsreksturs.

Það er alveg ljóst að hv. 5. landsk. þm. gerði margar brtt. við nýju útvarpslögin og margt af því hefði mátt samþykkjast, allt. Mörgu var komið til skila og samþykkt, en vissulega hefði mátt betur gera í þeim efnum því þau lög sem nú eru í gildi eru vissulega gölluð og koma til með að þurfa breytinga við þegar menn átta sig á því hversu illa var staðið að verki.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Já, það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að þessar umræður eru orðnar allsérkennilegar. Það er kominn kosningatitringur í þá framsóknarmenn og eftir sæta sambúð þessara ára lofar þetta góðu um veturinn, það gæti orðið líflegt og fjörugt og sambúðarerfiðleikar, a.m.k. á yfirborðinu, fluttir inn í þingsali öðru hvoru og ekki höfum við í stjórnarandstöðunni nema allt gott um það að segja að fá svolítið líf í það því að satt að segja hafa þeir svo samdauna verið á síðustu árum að við höfum alls ekki áttað okkur á því hvor var hvor.

Mér þótti það satt að segja dálítið undarlegt hjá hæstv. fjmrh. að tala um útvarpsfrelsið, það hefði til komið eingöngu vegna kapalstöðva úti á landsbyggðinni. Ég verð að segja að mér finnst illa vegið að landsbyggðarmönnum að kenna þeim um þetta vegna kapalstöðva sem auðvitað voru ólöglegar á þeim tíma og hefðu átt að meðhöndlast á þann hátt. En mér finnst enn þá verr vegið að postulum frjálshyggjunnar í Sjálfstfl. að leyfa þeim ekki að eiga einhvern heiður af útvarpsfrelsinu, að hafa þrýst þessu útvarpsfrelsi í gegnum Alþingi. Ég spyr: Hvers á einn af sigurvegurum prófkjörsins hjá Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson, að gjalda? Það var talin ein höfuðprýði hans í þessu prófkjöri að hann hefði komið frjálsu útvarpi í gegnum Alþingi. Svo segir hæstv. fjmrh. að það sé alls ekki honum að þakka eða öðrum, heldur kapalstöðvum úti á landsbyggðinni.

En þetta er kannske meira til að gera sér til gamans vegna þess að hæstv. fjmrh. er í greinilegri þröng í þessu máli vegna ákveðinna yfirlýsinga sem hann vill gjarnan draga í land með en treystir sér kannske ekki almennilega til, ekki síst þegar viðbrögð samstarfsflokksins eru orðin óvenjulega hörð miðað við hvað mjúk lending hefur ævinlega orðið þar ofan á á síðustu árum.

Ég skal taka undir það með hæstv. fjmrh., svo ég snúi mér að málefnum fatlaðra, að uppbygging í þeim málaflokki hefur verið býsna mikil og margt verið vel gert. Ég held að fáir hafi tíundað ýmislegt af því betur hér á Alþingi en ég þó ég hafi um leið bent á ákveðna skerðingu í þessum efnum. Ég vil þó vekja athygli á að samkvæmt þeirri skýrslu sem ég hef undir höndum og unnin er m.a. í tengslum við starfsmenn hæstv. fjmrh. í Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur aukning á framkvæmdum í þessum málaflokki síður en svo orðið meiri en í öðrum málaflokkum félagslegrar þjónustu. Ég bendi t.d. á það, sem kemur fram í þessari skýrslu, að þessi málaflokkur, málefni fatlaðra, hefur ekki orðið betur úti en það að orðið hefur miklu meiri aukning í málaflokkum eins og bæði dagvistarheimilum og elliheimilum á þessum tíma og þykir mönnum þó ekkert ofgert í þeim málum. Það kom mér einnig á óvart hvað þessi málaflokkur hafði í raun og veru orðið illa úti í þessari aukningu á síðustu árum þrátt fyrir það sem gert hefur verið.

Aðeins til skýringa á þessu segir hér í skýrslunni varðandi fimm síðustu árin, 1980–1985, sem ég tók alveg sérstaklega fyrir vegna Framkvæmdasjóðsins, því að þá kemur hann til sögunnar og fer að fjármagna framkvæmdirnar, að „á fjárlögum 1985 er til þjónustu og stofnana, sem voru til fyrir 1980, 138 millj. kr., en til nýrra stofnana og þjónustu, sem hafa orðið til á tímabilinu 1980–1985, 116 millj." Breytingin á þessum tíma varðandi nýjar stofnanir og nýja þjónustu er ekki nema 84%, því miður. Þó að við höfum talið okkur halda nokkuð vel á spöðunum í þessum efnum og orðið hafi gerbylting frá því sem var fyrir 1980, en þar er auðvitað breytingin mest.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með það að ég gat ekki skilið hæstv. fjmrh. öðruvísi en svo að hann treysti sér ekki til þess að stuðla að því að hluti af þessu fé rynni í Framkvæmdasjóð fatlaðra heldur ætlaði ríkissjóði það eingöngu og treysti honum þá til þess, ef það getur ekki orðið með þessum hætti, að auka verulega við fjárlagaafgreiðsluna núna við framkvæmdafé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á næsta ári því þar með getur hann bætt fyrir það sem hann treystir sér ekki til að gera nú.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var því miður fjarverandi fyrri hluta þessarar umræðu á síðasta fundi hv. deildar og kem því að henni fyrst nú. Ég heyri, eins og ég hafði reyndar áður heyrt í fréttum af umræðum í deildinni, að hér muni hafa verið vegið að einni menningarstofnun þjóðarinnar. Ég vil því ekki láta mitt eftir liggja nú og segja nokkur orð.

Það sem hefur borið einna hæst í þessari umræðu eru ummæli hæstv. fjmrh. þess efnis að vel gæti komið til greina að selja Rás 2 Ríkisútvarpsins. Eins og aðrir hafa bent á í umræðunni var það einn upphaflegur tilgangur Rásar 2 að þar væri hægt að koma fyrir annars konar útvarpsstarfsemi en núna er á þeirri rás og Rás 1. Þar má nefna fræðsluútvarp sem mjög miklu máli skiptir, einkum og sér í lagi fyrir þá sem úti á landsbyggðinni búa og eiga langan veg að sækja í framhaldsskóla. Því er útvarpsrás sem sinnt getur fræðsluhlutverki ákaflega mikilvæg í skólamálum framtíðarinnar. Eins mætti nota Rás 2 á þann veg, sem við Kvennalistakonur höfum iðulega

rætt hér um í sambandi við útvarpsmál, að leigja út tíma á rásinni til þeirra sem hafa hug á að stunda sjálfstæða dagskrárgerð, þannig að menn geti rekið sín litlu frjálsu útvörp nokkra klukkutíma í viku og þannig stundað það sem við mundum kalla raunverulegt frelsi í útvarpsrekstri, þ.e. að menn hafi aðgang að öldum ljósvakans án þess að þurfa að kosta mjög miklu til þannig að frelsi til útvarpsreksturs byggi ekki á peningum heldur á aðgangi sem öllum er jafnopinn.

Frelsi sjálfstæðismanna er hins vegar mælt í peningum og það er ekki nein ný bóla hér í þingsal að heyra það. Ekki var annað að heyra á fjmrh. en að sú ástæða sem hann nefndi fyrir því að honum hugnast að selja Rás 2 sé sú að Ríkisútvarpið sé í heild sinni óarðbært og skili ekki peningum í ríkiskassann. Það eru auðvitað fjöldamargar aðrar ríkisstofnanir sem ekki eru arðberar í þessum skilningi og skila ekki peningum í ríkiskassann. Við getum nefnt sjúkrahúsin. E.t.v. hefur hæstv. fjmrh. uppi einhverjar áætlanir um að selja þau líka.

Þar að auki kemur á daginn í þessum umræðum að Rás 2 mun hreint ekki vera óarðbær í peningum og því ekkert óálitleg fyrir þann fjmrh. sem nú situr í stólnum. Þannig er alveg ljóst að það er ekki frelsishugsjón peninganna sem þarna ræður þegar hæstv. fjmrh. talar um að selja rásina heldur einfaldlega að hann er ekkert sérlega hlynntur Ríkisútvarpinu. Rásin skilar arði, hún er ekki óarðbær í peningum, þannig að það eina sem hlýtur að vaka fyrir hæstv. fjmrh. er að hann kærir sig ekki um að Ríkisútvarpið hafi yfir fleiri en einni rás að ráða.

Kvennalistakonur hafa ævinlega viljað styrkja þá menningarstofnun sem Ríkisútvarpið er og þess vegna er ljóst að við munum snúast öndverðar gegn 27. gr. lánsfjárlagafrv.

Að lokum vil ég ítreka spurningu sem hv. þm. Eiður Guðnason bar fram í umræðunum áðan og hæstv. ráðh. let ósvarað þegar hann kom hér í stólinn. Það kom fram í máli hv. þm. að dreifikerfi Rásar 2 og hluti af dreifikerfi sjónvarpsins eru samtvinnuð. Og þá er það spurningin sem hæstv. ráðh. hefur enn ekki svarað: Hvað ætlar hann að selja þegar og ef hann auglýsir Rás 2 til sölu?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Frídagur sjómanna, 1. umr.

Frv. EG o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér um ræðir á þriðja þskj. fjallar um frídag sjómanna. Það er tiltölulega stutt og einfalt. 1. gr. þess er svo:

„Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna. Sé fyrsti sunnudagur í júní hvítasunnudagur skal næsti sunnudagur þar á eftir vera frídagur sjómanna.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í grg. með þessu máli kemur fram að frv. sama efnis var flutt á 108. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt. Þá fylgdi því grg. þar sem m.a. kom fram að fyrir allmörgum áratugum helguðu íslenskir sjómenn sér fyrsta sunnudag í júní og gerðu hann að sérstökum hátíðisdegi. Þessi dagur hefur hins vegar ekki verið lögskipaður frídagur sjómanna og því ekki almennur frídagur stéttarinnar.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að þessi dagur yrði lögskipaður frídagur og þessu máli var upphaflega hreyft á Alþingi 1984, þá í formi fsp. til hæstv. sjútvrh. Ráðherra var þá að því spurður hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómannadagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það yrði á yfirstandandi þingi. Í svari sínu sagði sjútvrh. m.a.:

„Ég hefi, þrátt fyrir mínar yfirlýsingar, ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt, að slíkt mál næði hér fram að ganga nema mjög góð samstaða væri um það.“

Þegar fjórar vikur voru eftir af þingtímanum í fyrra og í þann veginn að renna út sá frestur er þm. hafa samkvæmt nýjum þingskapalögum til að leggja fram ný mál án afbrigða fluttu ofanritaðir tveir fyrstu flm., þ.e. Eiður Guðnason og Karl Steinar Guðnason, þetta mál í frumvarpsformi, en það varð eigi útrætt.

Í umræðum um málið kom m.a. fram réttilega sú ábending að gera yrði ráð fyrir því í frv. að hvítasunnudagur gæti verið fyrsti sunnudagur í júní og að frídagur sjómanna flyttist þá til. Tillit er nú tekið til þessa í 1. gr. frv. Það kom raunar einnig fram sú ábending að verið gæti að kosningar færu fram um þessa helgi og víst er það rétt að svo gæti farið, en ég hef nú haft um það samráð við forustumenn sjómannasamtaka sem telja enga ástæðu til að breyta sjómannadegi enda þótt kosningar séu. Það var reyndar svo í vor að það fóru fram kosningar, ef ég man rétt, samhliða því sums staðar.

Því hefur einnig verið haldið fram í umræðum um þetta mál að ekki sé unnt að lögbinda frídag sjómanna því að ekki sé unnt að skipa öllum íslenskum farskipum að sigla til hafnar þann dag. Auðvitað hefur engum heilvita manni dottið í hug að frídagur sjómanna, þó lögskipaður væri, ætti að verða til þess að öllum farskipaflotanum íslenska, hvar sem hann væri á heimshöfunum staddur, yrði stefnt til hafnar þann dag. Það hefur engum manni dottið í hug og þarf meira en lítinn kjánaskap til að snúa út úr þessu máli á þann veg eins og reynt var hér í fyrra. En það á ekki að koma í veg fyrir að frídagur sjómanna verði lögskipaður enda þótt hann geti ekki náð til allra farmanna.

Flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar að með því

að lögskipa sjómannadaginn sem frídag sé Alþingi fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að sýna sjómannastéttinni heiður og virðingu sem raunar hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu.

Virðulegi forseti. Ég hef nú mælt þau orð sem ég tel nauðsynleg til að fylgja frv. úr hlaði, en ég kemst ekki hjá því að víkja að svolítið sérstæðum þætti þessa máls sem kom upp í fyrrasumar þegar í Morgunblaðinu 8. júní er skrifuð frétt á 4. síðu blaðsins þar sem er þriggja hæða fyrirsögn og tveggja dálka frétt: „Sjómannadagurinn verði lögbundinn frídagur framvegis". Ég hef mjög sterkan grun um, virðulegi forseti, án þess að ég geti fullyrt um það, það er ekki getið neins heimildarmanns hér, hver hafi skrifað þessa frétt. (**ÁJ:** Það væri fróðlegt að heyra það.) Já, mér þætti ekki ólíklegt að hv. þm. Árni Johnsen, sem að hluta til hefur starfað að fréttaskrifum á Morgunblaðinu og virðist eiga þar betri aðgang en flestir aðrir þm., hafi skrifað þessa frétt. Ég get látið mér detta það í hug, en auðvitað get ég ekkert fullyrt það. Hv. þm. verður að leiða okkur í allan sannleika um það hér á eftir, en mér finnst allur keimur og við skulum segja lyktin af þessari frétt gefa það mjög til kynna. Þessi frétt hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þeir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, hafa tekið jákvætt í að vinna að álitsgerð um lögbindingu sjómannadagsins. Með þetta álit til hliðsjónar hyggst Árni Johnsen alþingismaður flytja tillögu á þingi í haust ásamt fleirum um lögbindingu þessa dags sem frídags fyrir sjómenn. Árni Johnsen sagði að það væri ljóst að við lögbindingu sjómannadagsins sem frídags yrði að taka tillit til ýmissa atriða svo sem hvítasunnu og einnig að greina yrði á milli hjá farmönnum og fiskimönnum. Það er augljóst að *það gengur ekki að lögbinda frí fyrir farmenn í landi* á sjómannadaginn, en það á að vera unnt án teljandi erfiðleika fyrir alla sjómenn landsins sem stunda veiðar. Árni sagði að ýmsir aðilar hefðu á undanförnum árum haft slíka lögbindingu á orði án þess að nokkuð gerðist, en nú kvaðst hann telja lag og hann kvaðst telja að þingmenn úr öllum flokkum mundu taka þessu máli vel. „Það er sannarlega kominn tími til þess að sjómannadagurinn verði lögbundinn frídagur því engin stétt landsins hefur eins óreglulegan vinnutíma og langan", sagði Árni." (**ÁJ:** Hvaða lykt er af þessu? Það væri gott að fá skýrgreiningu á lyktinni. Er þm. ósammála einhverju í þessu?) Já, já, hv. þm. getur rætt það hér á eftir þegar honum verður gefið orðið, en ég sagði að mér sýndist á ýmsu að hv. þm. Árni Johnsen hefði sjálfur skrifað þessa frétt í Morgunblaðið vegna þess að ég held satt að segja að ef blaðamaður hefði skrifað þetta hefði hann kannske munað eftir því að þetta mál hafði borið á góma hér á þinginu áður.

Nú er það ekki svo að menn eigi hér neinn einkarétt á hugmyndum, ekki get ég helgað mér neinn einkarétt á þessari hugmynd og dettur það ekki í hug. Hins vegar hafa það verið mannasiðir til þessa í samskiptum þm. að menn taka ekki annarra mál öðruvísi en a.m.k. að segja þeim af því. Það hafa verið þeir mannasiðir sem ríkt hafa hér í samskiptum manna. (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. bíða þar til hann fær orðið á eftir? Það hafa verið mannasiðir hér að láta vita a.m.k. þegar menn hyggjast taka upp mál sem aðrir hafa flutt. En þarna er vaðið fram á ritvöll Morgunblaðsins eins og þetta mál hafi aldrei verið flutt á Alþingi. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta eru mjög óvenjuleg vinnubrögð. Meira skal ég ekki segja. Þetta eru mjög óvenjuleg vinnubrögð.

Hins vegar spunnust um þetta svolítil blaðaskrif. Ég skrifaði grein í Morgunblaðið tveimur dögum seinna, sagði að Árna Johnsen væri velkomið að gerast meðflm. á frv. okkar þegar við endurflyttum það í haust. Hann hafði hins vegar ekkert frumkvæði í þeim efnum um að hafa samband við okkur og því er þetta frv. nú flutt að nýju. Ég heyri að hv. þm. Árna Johnsen er mjög mikið í mun að fá að taka til máls við þessa umræðu, en ég lýsi því aftur og enn að þetta eru heldur óvenjuleg vinnubrögð.

Hins vegar hafa þau *gleðilegu tíðindi* gerst að okkur var afhentur listi um þau frv. sem ráðherrar hyggjast flytja og á lista þeirra mála sem hæstv. sjútvrh. hyggst flytja er frv. til l. um lögbindingu frídags sjómanna og því ber að fagna. Auðvitað er mér það alveg eitt og okkur flm. hvort frv. okkar er samþykkt eða frv. ráðherrans. Aðalatriðið er að málin nái fram að ganga. Og að því er varðar þá álitsgerð sem vikið var að áðan um að hv. þm. Árni Johnsen hefði beðið þessa tvo heiðursmenn, Guðjón A. Kristjánsson, formann Farmanna- og fiskimannasambandsins, og Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambandsins, að gera um þetta mál, er samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér ekkert byrjað á henni og sú álitsgerð yrði auðvitað fyrir alla alþm., ekkert einkamál þessa hv. þm.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en legg til að að þessari umræðu lokinni verði þessu máli vísað til 2. umr. Nú brestur mig raunar minni um það til hvaða nefndar þessu máli var vísað í fyrra, en ég hygg að það hafi verið allshn.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að elta mjög ólar við hv. þm. Eið Guðnason í geðillskukasti hans í dag. En það er einkennilegt þegar menn tala um smekkleysi að vera með slíkar dylgjur sem hann algjörlega að ástæðulausu. Ef Eiður Guðnason heldur að menn þori ekki að ræða mál og hugmyndir sem varða heill sjómanna og annarra í þessu landi án þess að spyrja hann leyfis er kannske kominn tími til að hann fari að átta sig á því að það gengur ekki upp.

Hugmyndir um lögbundinn frídag sjómanna eru ekkert Eiðs Guðnasonar. Þetta er gömul hugmynd sem hefur margoft komið fram. Og þótt fréttamaður hjá Morgunblaði hafi samband við mig er það ekki

vegna þess að ég sé gamall fréttamaður á Morgunblaði heldur vegna þess að ég fjallaði um þetta mál í umræðum þegar Eiður Guðnason reifaði það í hv. deild á s.l. vori. Það er undarlegt líka hvernig þessi hv. þm. þarf ætíð að vera að brigsla mönnum um kjánaskap og aulaskap ef hann er ekki einhvers staðar á „frontinum". Þetta er ekki mál sem varðar Eið Guðnason. Þetta er mál sem varðar íslenska sjómenn og er í virðingarskyni við þá en ekki Eið Guðnason. Það kom fram í umræðunum s.l. vor að hv. þm. sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að það yrði að gera greinarmun á farmönnum og fiskimönnum. Ef menn vissu hvað þeir væru að tala um og þekktu til sjávar alla þætti mundu þeir gera það.

Það er mikið atriði þegar mál sem þessi eru unnin að það sé samkomulag um þau og það sé unnið á faglegum grunni. Því miður stenst þetta frv. ekki eins og það er lagt fram, þ.e. það verður að taka tillit til þátta svo sem eins og þess að ekki er hægt að stöðva kaupskip eða menn telja að það sé ekki hægt. Ég tók undir þá tillögu, eins og allir sem tóku til máls og ég býst við að allir hafi gert þegar það hefur verið rætt, að það þarf að finna faglegan og réttan flöt á málinu. Ég hef ekki verið í neinu sýndarmennskukasti í þessu sambandi eins og hv. þm. Eiður Guðnason, og er honum þó alltítt í fleiri málum, heldur leitaði ég samráðs við þá sem helst varðar málið, Farmanna- og fiskimannasambandið og Sjómannasambandið, og bað um samvinnu til að koma málinu fram, ekki vegna þess að ég einn ætlaði að koma því fram, enda hefur það hvergi nokkurs staðar staðið svo hægt sé að skilja þannig, en það hljóta fleiri og eiga fleiri og sem flestir að taka undir þetta mál án þess að vera að stilla sér upp í stafni eins og hv. þm. Eiður Guðnason hefur gert.

Það er leitt til þess að vita að kratar í þessari deild skuli tvinna sig þannig saman að vera að búa til einhverja sérstaka stöðu á kostnað sjómanna því þetta er mál sem varðar virðingu sjómanna en ekki einhvern misskilning krata.

Það er að vænta innan tíðar vonandi sameiginlegs álits Farmanna- og fiskimannasambands og Sjómannasambands um hvernig eigi að standa að framgangi þessa máls og ég er ekki í nokkrum vafa um að menn munu standa saman um að sigla því heilu í höfn án þess að valda einhverju grútarpusi, eins og hv. þm. gerði áðan. Það er væntanlegt slíkt álit innan tveggja vikna og þá mun ég eða aðrir sjá til þess að það álit verði þá kynnt á réttan hátt í deildinni. Hvað sem líður öðrum þáttum í þessu máli taldi ég skynsamlegt og eðlilegt að kalla þessa aðila til liðs og það þótti þeim einnig. Ég mun því taka þetta mál upp þegar ástæða er til og á þann hátt að sjónarmið sjómannasamtakanna komi fram í þessu máli og það sé hugsað til enda, en það er ekki gert í þessu frv. eins og það er.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstvirtur forseti. Ég sé ekkert athugavert við það þó að menn endurflytji mál á hv. Alþingi. Ég held að það sé venjan. Sannleikurinn er sá að þetta mál kom fram mjög seint á sínum tíma, þess hefur verið getið, og fullkomlega er eðlilegt að endurflytja mál. Hins vegar er það annað að undirbúning hefði að mínum dómi átt að vanda meira við flutning málsins nú. Það var vitnað til hæstv. ráðherra áðan. Hv. 5. landsk. þm. gerði það, 1. flm. þessa frv. til laga um frídag sjómanna, þar sem að því var vikið að þetta væri til umfjöllunar. Nú hefur því verið lýst yfir af hálfu stjórnarinnar með birtingu skjals um þau mál sem flutt verða að frv. verður flutt um frídag sjómanna. Ef ég man rétt gat hæstv. ráðherra um það á sínum tíma, þegar málið var til umfjöllunar hér í þinginu, að óumflýjanlegt væri að hafa gott og náið samráð við hagsmunaaðila. Nú veit ég ekkert um það. Það kann vel að vera að hv. flm. og ekki síst 1. flm. hafi gert það þannig að hagsmunaaðilar séu fullkomlega sáttir við þetta mál eins og það er hér fram sett. Grunur minn er þó sá að það sé nokkuð til í því sem hv. þm. Árni Johnsen sagði í þeim efnum að hagsmunir aðila fari ekki að öllu leyti saman, þ.e. fiskimanna og ýmissa annarra sem sjóinn stunda og þá ekki síst farmanna, og hvað með Landhelgisgæsluna, hvað með Hafrannsóknastofnun? svo dæmi sé tekið.

Eins og frv. er sett fram er fyrsti sunnudagur í júnímánuði skv. 1. gr. frv. alveg fortakslaust almennur frídagur íslenskra sjómanna. Í grg. með frv. segja hv. flm. að það sé öllum ljóst að ekki sé unnt að skipa öllum íslenskum farskipum að sigla til hafnar þann dag. M.ö.o.: ég held að það sé óhjákvæmilegt að hafa í slíku lagafrv. undantekningarákvæði sem lúta að þessu. Ég held að það sé allsendis útilokað annað, enda er það í raun viðurkennt í grg. Því hefði ég kosið, af því að málið var til meðferðar á milli þinga, að hv. flm. hefðu athugað það. En að sjálfsögðu verður þetta mál til meðferðar í nefnd og munu þessi atriði vafalaust verða athuguð eins og önnur.

Til viðbótar við þetta, þ.e. undantekningarákvæði varðandi aðra en fiskimenn, hygg ég að óhjákvæmilegt sé að hafa ákvæði inni í slíkum lögum um það hvenær skip skuli vera komið til hafnar fyrir frídag sjómanna og þá jafnframt hvenær skip megi í fyrsta lagi láta úr höfn. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa slíka lagasetningu nokkuð skýra. Það kann að vera að hægt sé að koma þeim hlutum fyrir í reglugerð, ég skal ekkert fullyrða um það, en hefði þó talið snyrtilegra að hafa slíkt ákvæði í lögunum sjálfum.

Það væri líklega eðlilegra að í frv. væru ákvæði um hvernig yrði farið með ágreiningsefni ef upp kæmu. Slík ágreiningsefni gætu komið upp og þá er hæpið að óvissa sé um hvernig skuli með fara.

Ég vil taka fram áður en ég hef lengra mál hér að ég er heils hugar fylgjandi því að frídagur sjómanna verði lögskipaður. Ég vil ekki að neinn fari í grafgötur um hug minn til málsins að því leyti þó ég sé að víkja hér að einstökum atriðum sem ég tel að þurfi að vera fyllri við slíka lagasmíð. Umræður um

löghelgun fánadags, um að frídagur sjómanna, ef lögskipaður verður, verði jafnframt lögskipaður fánadagur, hafa orðið í tengslum við umræðu um frídag sjómanna. Nú kann að vera álitaefni hvort slíkur fánadagur yrði löghelgaður í lögum um frídag sjómanna eða að það kæmi undir forsetaúrskurð um fánadaga og fleira eins og aðrir fánadagar. Ég skal engan dóm leggja á það.

Virðulegi forseti. Ég vildi í þessari umræðu benda á að þetta frv. þarf að vera ítarlegra. Það þarf að kveða nánar á um framkvæmd frídags sjómanna og það þarf og ekki síður að taka fram ýmis undantekningarákvæði svo að ekki myndist réttaróvissa og að menn viti þann rétt sem þeir eiga á grundvelli slíkra laga.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Á þessum deildarfundi fer umræðan að minna mjög á að það styttist í kosningar. Það er þannig haldið hér á málum að það virðast vera ýmsar sviptingar á milli manna í þessum efnum og er allt gott um það.

Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi mínum við að frídagur sjómanna verði tekinn upp og hann lögbundinn. Ég gerði það einnig þegar þetta frv. var lagt fram á síðasta ári og mun standa að því máli. Auðvitað gerum við okkur öll ljóst að þarna er við ákveðið vandamál að etja. Það hefur ekki hvarflað að neinum held ég að lögskipa þann frídag fyrir kaupskip og aðra sem eru í langsiglingum. Við getum ekki ákveðið sérstakan frídag fyrir skip sem eru í langsiglingum. Ég held að rétt sé að undirstrika það. Það verður ekki hægt að gera í framkvæmd nema þá á einhvern annan veg. Hins vegar komumst við ekki hjá því að það verða að vera einhverjar undanþágur. Það væri vandaminnst að koma þessu í framkvæmd með fiskimenn eingöngu. Það væri hægast. Það er spurning hvort á að halda sig við 1. júní eða annan dag. Væri rétt að kanna það betur. Ég veit að flm. og aðrir eru tilbúnir að ræða það.

En auðvitað verða að koma umsagnir um þetta og viðtöl við aðila í allshn., sem þessu máli var vísað til, og þar munu engin sjónarmið sett til hliðar heldur fá aðilar tíma til að tjá sig um þessi mál almennt og hvað þeir vilja leggja til. En ég held að við séum öll hér í deildinni, hvernig sem að verður staðið, sammála því að sjómenn fái sinn frídag lögskipaðan. Þeir eiga það skilið, þó fyrr hefði verið. Það þarf að taka á þessu máli á þann veg að þetta verði framkvæmt. Það er oft búið að tala um þetta, en skeður ekki neitt. Þess vegna er ég mjög fylgjandi því að við reynum að fylgja þessu máli eftir og tryggjum að íslenskir sjómenn geti fengið í sem ríkustum mæli sinn eigin lögbundinn frídag. Þess vegna er ég meðmæltur því að þetta mál verði lagt inn í nefndina og við könnum eins og mögulegt er hvernig slíkt má framkvæmast.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég verð satt að segja að lýsa undrun minni á því hve menn sjá mikil vandamál í sambandi við þetta frv. Mér finnst það hálfgerð vanvirða við sjómenn að ætla sér að fara að gera jafnflókið mál úr jafneinföldu máli og mér sýnist þetta vera. Það er gjarnan háttur skriffinna þegar þeir standa frammi fyrir vandamálum að þá sjá þeir þá leið besta til að leysa þau að skapa fleiri vandamál og það er líka annað lögmál þeirra að aldrei skuli gera hluti einfalda sem hægt er að gera flókna.

Nú er það þannig að við búum við það þegar í dag að það er fjöldi lögboðinna frídaga og ekki hef ég enn þá heyrt getið um að farskip séu stöðvuð á miðju hafi vegna þessara lögboðinna frídaga og þá tosuð til hafnar vegna þess að enginn megi ganga að sínum störfum þar um borð. Þannig finnst mér þessi umræða gjörsamlega út í hött og ég get ekki séð að þarna sé á ferðinni neitt stærra vandamál hvað þennan lögboðna frídag varðar en aðra lögboðna frídaga.

Hvað viðkemur áhyggjum manna af brottfarartímum eða komutímum skipa í sambandi við þennan lögboðna frídag, þá þekkja menn líka að slík mál eru einfaldlega leyst í kjarasamningum og ekki hægt að binda þau í lögum. Menn koma sér saman um hvernig þau mál séu leyst. Þá er það yfirleitt spurning um ákveðið endurgjald fyrir þau störf sem unnin eru á lögboðnum frídegi, sbr. það að við höldum hátíðlegan frídag verslunarmanna en hann er fyrir suma verslunarmenn líklega einhver annasamasti dagur sem þeir upplifa.

Enn þá spánskara kemur mér þó fyrir sjónir að einn maður í þessari hv. deild, hv. 3. þm. Suðurl., ætli að fara að gera einhvern lopa úr þessu máli. Sá maður, sem helst hefur stundað það hér í deildinni að nudda sér utan í sjómenn, ætlar núna að eyðileggja málið. Hann hefur minnt okkur mjög oft á það hvað hann hafi oft í saltan sjó migið og telur sér það til skyldu að standa hér upp og verja málstað sjómanna. Hann, af öllum mönnum í þessari deild, sér núna ástæðu til að búa til einhvern langhund úr þessu máli, skipa í það nefnd upp á tugi manna, semja álitsgerðir og síðan að vangavelta um málið. Allt er þetta sýnilega eingöngu gert vegna þess að einhverra hluta vegna finnst honum þarna hafa verið tekið bein úr sínum aski og hann kemst, af hvaða orsökum sem það nú er, ekki yfir það.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér er það mikil furða hversu þetta mál er viðkvæmt hjá einstaka þingmanni. Ég minnist þess að þegar 1. maí var lögbundinn á sjöunda áratugnum var lagagreinin mjög svipuð þessu og þótti eðlilegt.

Að það þurfi álitsgerðir um þetta mál er allt gott og blessað. Ég hef reyndar rætt það við formann Sjómannasambandsins og ég hygg að það sé honum mjög að skapi að samþykkja þessa tillögugrein svona. Ef einhver álitsgerð skyldi koma fram er mjög eðlilegt að hún verði tekin fyrir í allshn. og

rædd þar. Það hefur engum dottið í hug, a.m.k. ekki okkur flm., að þessi till. verði samþykkt nema kalla til forustumenn sjómannasamtakanna hjá allshn. Þannig ganga mál fyrir sig á Alþingi.

Ég tel mjög eðlilegt að gengið verði frá þessu máli sem allra fyrst, ekki reynt að tefja það og eyða því líkt og gert var á síðasta þingi. Það var kannske fullseint fram komið, það má vera, en önnur mál, sem seinna voru flutt, voru þó samþykkt.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum hét sjútvrh. íslenskum sjómönnum því að dagurinn yrði lögbundinn. Það hefur ekki orðið af því enn þá. Hverjir hafa tafið það væri fróðlegt að vita, en við unum ekki við að svo verði lengur.

Ég hef ekki aðeins rætt við formann Sjómannasambands Íslands um þetta heldur allmarga sjómenn og hef aðgang að fundargerðum sjómannasamtakanna og ekki minnist ég þess að þar hafi nokkurn tíma komið fram andúð á því að þetta yrði samþykkt. Öðru nær. Það er eðlilegt að frvgr. verði svona. Vissulega mætti breyta henni ef annað kæmi í ljós, en að vera með fullyrðingar um slíkt hér í miklum skaphita er alveg óþarfi.

Varðandi framkvæmd þessarar lagasetningar minni ég á að þegar 1. maí var samþykktur sem almennur frídagur verkamanna var gengið frá þeim atriðum sem undanþágu þurftu við í samningum og það er gert líka eftir því sem nauðsyn krefur hverju sinni. Þrátt fyrir að 1. maí sé almennur frídagur og verkalýðsfélögin telji það helga skyldu verkamanna að taka sér frí þann dag eru ýmis störf sem þarf að vinna og er almennur skilningur á að þarf að vinna og þarf að gera. Þannig held ég að þetta þurfi ekki að fara svo mjög fyrir brjóstið á mönnum ef menn eru samþykkir því að sjómenn skuli fá þann heiðursvott að dagurinn verði lögskipaður frídagur. Ef menn eru ósammála því að svo verði geta menn tafið málið, en það er af því illa að svo verði gert. Allar athugasemdir geta komið fram í nefnd og nefndin getur síðan af fullri reisn samþykkt þetta mál íslenskum sjómönnum til sóma og Alþingi einnig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er kannske rétt að benda á að það er stuttur tími eftir af fundartíma í dag. Málinu verður frestað ef ekki tekst að ljúka því fyrir klukkan 4.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Það hefur stundum verið haldið áfram hér og var síðast gert á miðvikudaginn var þó að klukkan væri orðin 5 eða 6 mínútur yfir 4 þannig að ég óska eftir því að látið verði á það reyna hvort ekki má ljúka málinu. En ég skal vera mjög stuttorður.

Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðasyni og hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinssyni jákvæðar undirtektir. Ég get því miður ekki þakkað hv. 3. þm. Suðurl. undirtektir hans því satt best að segja hef ég sjaldan orðið vitni að öðru eins orðbragði og hann viðhafði í þingsalnum áðan eða annarri eins vanstillingu eða gönuhlaupi skapsmunanna eins og við urðum vitni að áðan út af jafnlitlu tilefni.

Í fyrsta lagi kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Karli Steinari Guðnasyni, að hann hefði rætt þetta mál við formann Sjómannasambandsins. Í öðru lagi hef ég frá því greint að ég hef rætt þetta mál við formann Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þeir höfðu ekkert við þetta að athuga. En það kom jafnframt fram að það var ekkert byrjað að starfa að þeirri grg. sem hv. þm. Árni Johnsen var að guma af í Morgunblaðinu í sumar.

Það er sjálfsagt rétt, sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson benti á, að það má gera þetta frv. fyllra að mörgu leyti. Þá verður þetta mjög flókin löggjöf. Það má gera það, en ég held að það sé röng stefna. Það var minnt á áðan að lögin um 1. maí eru aðeins fimm orð held ég. „1. maí skal vera almennur frídagur.“ Og þetta er hugsað í sömu veru. Þetta er staðfesting og stefnuyfirlýsing um að frídagur sjómanna skuli vera fyrsti sunnudagur í júní að jafnaði. Auðvitað getur reynst nauðsynlegt að setja einhver ákvæði í reglugerð, það má vel vera, en ég held að löggjöfin eigi að vera í þessa veru.

Varðandi yfirlýsingu hv. 5. þm. Vesturl. um fánadag á sjómannadag er það alveg rétt, en það ákvæði á heima að ég hygg í forsetaúrskurði um fánadaga þar sem taldir eru upp allir fánadagar. Ég held að ekki orki tvímælis að það á ekki að tína inn í einstök lög ákvæði um fánadaga heldur eiga þau öll að vera á sama stað. En þetta er minni háttar atriði.

Ég þakka sem sagt tveimur fyrrgreindum hv. þm. þeirra góðu undirtektir. Auðvitað er það höfuðatriði að þetta mál nái fram að ganga en ekki hver flytur frv. eins og ég sagði áðan.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei gumað af neinni grg. í þessu máli. Ég hafði frumkvæði að því að hafa samband við Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið til að þoka þessu máli fram í framhaldi af umræðunni í hv. deild s.l. vor og það er mergurinn málsins.

Menn mega tala um orðbragð eins og þeim sýnist, en það er ósmekklegt að vera með slúður í garð manna þegar ekki er hægt að leggja það á borðið að einn hafi gert eitt eða annað. Það er slúður að bera það upp á mig að ég sem gamalreyndur fréttamaður á Morgunblaðinu hafi haft þau forréttindi að skrifa sjálfur frétt og koma henni fram. Það er ósiðlegt slúður.

Það er enginn að tala um að skipa nefnd í þessu máli, eins og hv. þm. og nýkrati Stefán Benediktsson sagði. Það er spurning um að fá grg. frá sjómannasamtökunum sem á að tryggja að þetta mál nái fram að ganga, að það nái höfn, og það eru allir sammála um það. En þegar menn eru með persónulegar dylgjur gef ég ekkert undir fótinn, en svara í sömu mynt. Og það er gott að hv. þm. Eiður Guðnason skildi það.

Formaður Sjómannasambands Íslands hefur staðfest við mig að þetta frv. eins og það er lagt fram standist ekki að hans mati og það þurfi að lagfæra það. Það sem ég hef sagt er að ég hef lagt mitt af mörkum til að ná fram upplýsingum og þær séu unnar sem geta siglt þessu máli í höfn. Það var lágkúrulegt í garð sjómannastéttarinnar að leggja þetta mál fram eins og hv. þm. Eiður Guðnason gerði í upphafi máls síns. Hann gat horft yfir sviðið og tekið það upp án þess að vera með það slúður sem hann lagði höfuðkapp á í þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

4. fundur, mánudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Mér hefur borist bréf frá forsrh., Steingrími Hermannssyni, þar sem hann tilkynnir að hann sé á förum til útlanda, í opinberri heimsókn til Kína, og boðar það að Magdalena M. Sigurðardóttir muni taka sæti hans á Alþingi í fjarveru hans næstu vikur, enda hefur Magnús Reynir Guðmundsson á Ísafirði tjáð forsrh. að hann hafi ekki tök á að taka sæti ráðherrans meðan á þessari Kínaheimsókn stendur og brottför hans úr þinginu.

Magdalena M. Sigurðardóttir er komin til þings. Kjörbréf hennar hefur verið rannsakað áður. Hún hefur setið á fyrri þingum þessa kjörtímabils. Ég býð Magdalenu hjartanlega velkomna til starfa á Alþingi.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. JS og GHelg, 13. mál (framlög vegna menntunar barns). — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 15. mál (ekkju- og ekkilsbætur). — Þskj. 15.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Guðmundur Einarsson.

Skv. almannatryggingalögunum eru öllum nema ellilífeyrisþegum greiddar ekkju- og ekklabætur eftir lát maka. Annars vegar er um að ræða sex mánaða bætur, rúmar 7700 kr. á mánuði í sex mánuði, og til viðbótar tólf mánaða bætur hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu. Eina undantekningin frá greiðslu ekkju- og ekkilsbóta er að ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri fá ekki greiddar þessar ekkju- og ekklabætur.

Það er erfitt að sjá hvaða sanngirni liggur hér að baki að undanskilja ellilífeyrisþega frá greiðslu slíkra bóta.

Í fyrsta lagi má nefna að örorkulífeyrisþegar, sem fá greidda sömu upphæð í lífeyri úr almannatryggingum og ellilífeyrisþegar, fá greiddar ekkils- og ekkjubætur en ellilífeyrisþegar ekki. Ellilífeyrisþegar sem einungis hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga eru stór hópur, en nú 1. sept. s.l. voru það um 9 þús. manns. Það getur því ekki síður verið erfið framfærslu- og fjárhagsstaða hjá ellilífeyrisþegum en öðrum við lát maka.

Í öðru lagi má benda á að tólf mánaða bætur eru greiddar til viðbótar sex mánaða ekkju- og ekkilsbótum ef á framfæri bótaþega eru börn yngri en 18 ára. Samtals nema þessar tólf mánaða bætur um 70 þús. kr. Ellilífeyrisþegar sem hafa börn á framfæri sínu fá ekki slíkar greiðslur heldur við lát maka. Að vísu er um það að ræða að ellilífeyrisþegar fá greiddan barnalífeyri, en þá ber á það að líta að aðrir fá greiddan barnalífeyri til viðbótar þessum tólf mánaða bótum. Því er niðurstaðan sú að almannatryggingakerfið greiðir öðrum óháð tekjum 70 þús. kr. vegna framfærslu barna umfram það sem ellilífeyrisþeginn fær vegna sinna barna við lát maka.

Hér er um mikið misrétti að ræða í tryggingalöggjöfinni í ljósi þess að almannatryggingar eiga að stuðla að fjárhagsöryggi heimilanna þegar slys, sjúkdóma, örorku eða dauðsföll ber að höndum. Skyldur þess eru ekki síst að veita öldruðum af-

komuöryggi í ellinni. Ekkju- og ekklabætur eru greiddar óháð tekjum. Þannig getur hátekjumaður fengið úr tryggingakerfinu við lát maka allt að 116 þús. kr., en ellilífeyrisþeganum, sem einungis hefur sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, eru aftur á móti ekki greiddar ekkju- eða ekkilsbætur við lát síns maka. Það er vitaskuld fráleitt að tryggingakerfið stuðli að slíkri mismunun gagnvart öldruðum, ekki síst þegar málið er skoðað í því ljósi að við sömu kringumstæður, þ.e. við lát maka, getur hátekjumaðurinn fengið á annað hundrað þúsund úr tryggingakerfinu en ellilífeyrisþeginn, sem lítið hefur sér til framfærslu, hefur ekki þennan rétt eða fjárhagslegan stuðning úr tryggingakerfinu við lát síns maka.

Það má benda á sem dæmi að þessar sex mánaða bætur eru um 47 þús. kr. Það gæti veitt ellilífeyrisþega mikinn stuðning, ef t.d. er litið á það að Tryggingastofnunin greiðir ekki útfararkostnað sem oft er ellilífeyrisþegum sem öðrum sem minna hafa úr að spila erfitt að standa undir við lát maka. Slíkar greiðslur, 47 þús. kr., samsvara þeirri upphæð sem fer í útfararkostnað, en það má áætla að útfararkostnaður svari fullum lífeyri ellilífeyrisþega í þrjá mánuði.

Herra forseti. Þessu frv., sem ég hér mæli fyrir, er ætlað að tryggja öldruðum sama rétt að því er ekkju- og ekklabætur varðar og öðrum þjóðfélagshópum og verður að vænta að hv. Alþingi sýni þessu máli skilning og leiðrétti það misrétti sem augljóslega er í tryggingalöggjöfnni að því er þennan þátt varðar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, 1. umr.

Frv. MálmS og KH, 27. mál. — Þskj. 27.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir frv. til l. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Auk mín er flm. hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 58/1985) kemur ný grein er orðast svo:

Heimavinnandi húsmæður sem ekki gegna öðru starfi, svo og þær heimavinnandi húsmæður sem eru í minna en hálfu starfi utan heimilis, skulu öðlast aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hverrar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af 26 680 kr. miðað við 1. júní 1986 og breytist sú upphæð eins og laun skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu upphæð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í grg. með frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þessu er ætlað að leiðrétta kjör heimavinnandi húsmæðra, þeirra er enn ekki hafa öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði, með því að leitast við að tryggja hag þeirra betur á efri árum.

Með hugtakinu heimavinnandi húsmóðir er í fyrsta lagi átt við konur sem ekki gegna öðru starfi en umsjón heimilis og í öðru lagi þær sem hafa heimilisumsjón að aðalstarfi en vinna minna en hálft starf utan heimilis. Hugtakið nær vitaskuld til þeirra karla sem húsmóðurstörfum gegna.

Hvað fyrri hópinn varðar er ætlunin að ríkissjóður greiði þau 6% af iðgjaldi sem atvinnurekanda er skylt að greiða, en viðkomandi sveitarfélag greiði þau 4% sem eru hluti launþegans. Iðgjaldsgreiðslan sé miðuð við 9. launaflokk Verkamannasambands Íslands sem síðan 1. júní s.l. er 26 680 kr. Þessi launaflokkur er lagður til grundvallar greiðslu fæðingarorlofs og er ekki óeðlilegt að sama viðmiðun sé viðhöfð á meðan ekkert mat liggur fyrir á störfum húsmæðra.

Það skal tekið fram að þetta er aðeins viðmiðun en engan veginn endanlegt mat á verðmæti þeirra starfa sem um ræðir.

Sé húsmóðir í hlutastarfi utan heimilis þar sem atvinnurekandi greiðir iðgjald í lífeyrissjóð hennar vegna og hún að sínu leyti greiði ríkissjóður og sveitarfélag það sem á vantar til að hún hljóti full lífeyrisréttindi. Iðgjaldið greiðist til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Stofnun sameiginlegs lífeyrissjóðs allra landsmanna nýtur nú vaxandi fylgis bæði innan þings og utan. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan á lífeyrissjóðamálum þar sem búast má við að það taki einhver ár.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir í þá átt að lagfæra réttleysi húsmæðra til lífeyris. Breyting á lögum nr. 55 frá 1985 er áfangi á þeirri leið en nær aðeins til takmarkaðs hóps, þ.e. þeirra húsmæðra sem hverfa frá launuðum störfum um stundarsakir og þá yfirleitt vegna barnsburðar og til að annast fjölskyldu og heimili.

Þáltill. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, sem fram til þessa hafa verið bornar fram, hafa ekki hlotið samþykki.

Flm. þessara þingmála er það sameiginlegt að þeir sjá ekki aðrar leiðir til þess að heimavinnandi konur nái lífeyrisréttindum en að þær greiði iðgjald í sjóðinn. — Konur sem enginn greiðir laun. Hvar eiga þær að taka þessa fjármuni?

Þetta frv. á að leysa þann vanda. Fjölskyldan er

grunneining hvers þjóðfélags og höfuðábyrgðin á umönnun hennar og rekstri heimilisins hefur undantekningarlítið hvílt á herðum kvenna og á þeim eina vettvangi virðist þeim hafa verið treyst til að stjórna, enda er starfið ekki metið til launa. Því er það að þegar þær konur, sem eingöngu — eða að mestu leyti — hafa stundað þessi störf, koma á eftirlaunaaldur, þá njóta þær ekki greiðslu úr lífeyrissjóðum.

Gera menn sér í raun grein fyrir því hvílíkar upphæðir heimavinnandi konur spara þjóðfélaginu með því að ala upp börn, annast sjúka og aldraða, vanheila og þroskahefta og að reka þá einingu sem heimilið er? Öll koma þessi störf samfélaginu til góða og þegar eitthvað bjátar á — kona veikist eða fellur frá — sést hvers virði þau eru í beinhörðum peningum. Í ljósi þeirrar staðreyndar sýnist eðlilegt að ríki og sveitarfélög sjái um greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi heimavinnandi húsmæðra. Sú upphæð gæti aldrei orðið nema brot af því sem dagvistun og barnagæsla fyrir þær kostaði ásamt því að greiða fyrir það fólk á stofnunum sem annast er um í heimahúsum.

Yrði frv. þetta að lögum væri það spor í þá átt að auka virðingu fyrir þeim störfum sem lúta að varðveislu og umönnun fjölskyldu og heimilis — húsmóðurstörfum.

Það færi vel á því að þeir karlmenn sem sitja löggjafarstofnun þjóðarinnar sýndu í verki að þeir virtu störf mæðra sinna og eiginkvenna og mætu þau svo að vert væri að þær nytu hagsbóta á efri árum vegna þess sem þær hafa lagt fram til uppbyggingar samfélagsins".

Það mál sem hér er flutt er vissulega mannréttindamál, viðurkenning á gildi starfa sem unnin hafa verið í kyrrþey án greiðslu, og með því er tekið á einum þætti þess, þess sem nær til heimavinnandi fólks, þeirra kjara sem heimavinnandi fólk býr við. Heimavinnandi húsmóðirin, móðirin, vinnur störf sín án þess að krefjast launa. Heimavinnandi húsmæður þessa lands eru þeir þegnar þjóðfélagsins sem gefa vinnu sína. Þær annast börn sín og heimili í kyrrþey. Fyrir það að ala upp nýja kynslóð og vera máttarstólpar þjóðfélagsins í því að varðveita fjölskylduna fá þær ekki neitt í áþreifanlegum verðmætum. Í skýrslum um þjóðarframleiðslu er hlutur þeirra einskis metinn. Það er ekki fyrr en eitthvað kemur fyrir, húsmóðir veikist eða fellur frá, sem í ljós kemur hvers virði vinna þeirra er í beinum fjármunum. Fengju húsmæður laun fyrir störf sín eins og fóstrur, félagsráðgjafar, hjúkrunarkonur, matsveinar og ræstingakonur eru það miklar upphæðir og það ekki endilega vegna þess að þessi störf séu svo vel launuð heldur hvílíkt magn það er sem þarna liggur að baki. En húsmóðurstörf taka ómótmælanlega til allra þessara starfsgreina og margra fleiri og raunar á öllum tímum sólarhrings. Húsmæður eiga fáar frístundir og þær hafa viðveruskyldu allan sólarhringinn.

Hið göfuga móðurhlutverk er hafið til skýjanna í afmælisgreinum og eftirmælum, en þegar til þeirra kasta kemur að meta störf mæðranna þannig að það verði þeim til áþreifanlegra hagsbóta verður fátt um framkvæmdir. Ótrúlega margt hefur orðið þeim málum að fótakefli. T.d. hefur reynst erfitt að finna þeim stað í lífeyrissjóðakerfinu og sá þröskuldur sem fyrri tilraunir til þess hafa staðnæmst við er hvernig og hver ætti að annast iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóða. Það má þó vera augljóst að það fólk sem engin laun þiggur getur ekki greitt eitt eða neitt.

Talað hefur verið um að eiginmaður eða sambýlismaður greiði lífeyrissjóðsiðgjald vegna konu sinnar, en ég held að málinu sé stefnt inn á varhugaverða braut og þar með umræðum um fjölskylduna yfirleitt með því að líta á heimilisföður sem atvinnurekanda. Það hugtak virðist mér vera andstætt grundvallarhugmyndum um fjölskylduna. Einnig er vert að hafa í huga nú, þegar viðurkennt er að ein fyrirvinna dugir sjaldnast til að framfleyta heimili, að iðgjaldsgreiðsla í lífeyrissjóð vegna maka, 10% af launum, er umtalsverð skerðing á tekjum heimilisins sem alls ekki allir hafa efni á að greiða þó að þeir vildu. Þessu frv. er ætlað að höggva á þann hnút á þann hátt að ríki og sveitarfélög greiði lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir heimavinnandi húsmæður til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn er mál sem hefur vaxandi fylgi. Fyrir þessu þingi liggur þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Samtök um kvennalista styðja þetta mál eindregið. Næði það fram að ganga teljum við að þessu réttindamáli sé best borgið innan þess ramma.

Herra forseti. Ég hef nú dregið fram nokkur af þeim rökum sem styðja mál þetta og í ljósi þeirra vil ég árétta að við teljum rétt að ríkissjóður og sveitarfélög annist þessar greiðslur vegna heimavinnandi húsmæðra. Störf þeirra við uppbyggingu og varðveislu fjölskyldunnar eru vissulega í þágu þjóðfélagsins alls og þannig ber að skoða þau.

Að lokinni umræðu, herra forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tek undir meginefni frv., sem hér er til umræðu, sem kveður á um að tryggja heimavinnandi húsmæðrum lífeyrisréttindi. Sem betur fer er það svo að oftar en áður er nú talað máli heimavinnandi fólks úr þessum ræðustól. Það er ekki bara að því er lífeyrisréttindi varðar sem heimavinnandi fólk er sett skör lægra en aðrir þjóðfélagshópar. Það má t.d. nefna fæðingarorlof, það má nefna sjúkradagpeninga o.fl. Það er líka ljóst að störf, sem stunduð eru á vinnumarkaðnum, sem skyld eru heimilisstörfum, eins og ýmiss konar þjónustu- og uppeldisstörf, eru lítils metin í þjóðfélaginu og konur sem vinna þessi störf tilheyra láglaunahópunum í þjóðfélaginu.

Að því er lífeyrisréttindamálið varðar er athyglisvert í skýrslu sem komið hefur frá fjmrn. um lífeyrismál að um 25 þús. manns eru utan lífeyrissjóða og þar af um 17 þús. konur. Þess vegna er ljóst

að það er mikið réttlætismál að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Sem betur fer er þetta mál ekki nýtt í sölum Alþingis. Það hefur til að mynda verið flutt af Páli Pétursyni, man ég eftir, þáltill. um þetta efni. Ég hef á nokkrum þingum líka flutt þáltill. um að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi og þetta hefur komið fram í frumvarpsformi frá Guðmundi H. Garðarssyni, t.d. um Lífeyrissjóð Íslands og eins að því er varðar tillögu Kjartans Jóhannssonar um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. af þessum tillöguflutningi, sem ég hef hér rakið, verður að vona að þetta mál sé að fá aukinn skilning í sölum Alþingis.

Ég hef líka flutt á tveim eða þremur þingum till. til þál. um réttarstöðu heimavinnandi fólks þar sem ríkisstjórninni er falið að láta meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Það er athyglisverð umsögn sem fram kom um það mál á síðasta þingi sem vert er að vekja athygli á, en þar kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar um það mál að eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma kynni verðgildi heimilisstarfa að liggja á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslu eins og hún er venjulega metin, eins og segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar. Það er alveg ljóst að þjóðfélagið metur ekki sem skyldi þessi heimilisstörf og hefur heimavinnandi fólk í alla staði miklu minni réttindi en fólk á vinnumarkaðnum.

Ég stend hér upp, herra forseti, til að beina ákveðnum spurningum til 1. flm. þessa máls. Ég hefði kunnað betur við að í heiti frv. hefði komið fram „heimavinnandi fólk" en ekki bara heimavinnandi húsmæður. Ég leyfi mér að vona að Kvennalistinn, sem ber þetta mál fram eða tveir þm. hans, hafi einnig í huga að tryggja karlmönnum, ef þeir eru heimavinnandi, slík réttindi. Því kynni ég betur við að hér kæmi fram „heimavinnandi fólk" en ekki bara húsmæður.

Ég vil líka spyrja hv. flm. að því, sem hún hlýtur að hafa athugað þar sem hér er sett fram frv. um að ríkissjóður eigi að greiða iðgjöld eða 6% framlag vegna heimavinnandi húsmóður, eins og hér stendur, hvað má áætla að kostnaðurinn sé mikill ef þessi leið verður farin. Hve margt heimavinnandi fólk mundi þá fá rétt ef þetta frv. yrði að lögum? Eins vildi ég spyrja hv. flm. að því hvað hún hugsar sér að því er þá varðar sem vinna hlutastarf á vinnumarkaðnum, vinna kannske bara hálfan daginn. Er þá hugmyndin að ríkissjóður eigi að greiða einnig ákveðið framlag fyrir þá sem ekki eru í fullu starfi á vinnumarkaðnum og geta kannske einungis verið í hálfs dags vinnu? Þetta held ég að séu spurningar sem nauðsynlegt er að fram komi við 1. umr. þessa máls.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs í umræðum um frv. sem hér liggur fyrir, frv. til l. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Hér er um mjög athyglisvert og merkt mál að ræða og mikið réttlætismál. Þessum málum hefur áður verið hreyft hér í þingsölum, eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég minnist þess að sennilega hefur það verið í eitt fyrsta skipti í frv. því sem Guðmundur H. Garðarsson, páv. þm. Sjálfstfl., flutti fyrir rúmlega tíu árum um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Iðulega síðan hafa verið flutt mál í þessa veru. Því miður hefur þetta mál ekki fengið þann byr í sölum Alþingis að það hafi náð samþykkt. En það er full ástæða til að ræða það hér og að stóraukinn skilningur skapist á því í þjóðfélaginu hvert er virði, gildi og mikilvægi framlags, starfs og hlutverks hinnar heimavinnandi húsmóður. Það hefur allt til þessa verið vanmetið allt um of. Þó liggur í augum uppi, og hver maður þekkir það af sinni eigin fjölskyldu, hve verðmætt og mikilsvert það hlutverk er, móðurhlutverkið, hlutverk uppalandans, hlutverk konunnar sem raunverulega ber hita og þunga dagsins innan veggja heimilisins.

Það hefur verið reynt að meta það til fjárverðmæta og Þjóðhagsstofnun hefur vikið að því að það mundi sennilega nema um fjórðungi til þriðjungi af þjóðarframleiðslunni. Það er að vísu mjög erfitt að meta þetta framlag, en ef það er rétt skiptir verðmæti þessarar vinnu, sem raunar er með öllu ólaunuð í peningum en ekki þakklæti, 25–30 milljörðum kr. á ári. Af þeim tölum sést hve gífurlegt framlag það er sem heimavinnandi húsmæður eða heimavinnandi maki, svo að maður tali nú á jafnréttisöld, leggur þarna af mörkum.

Heimilið er, verður og hlýtur að verða áfram grunneining hvers þjóðfélags. Það er fjölskyldan sem er grunneiningin. Ábyrgðin á umönnun hennar og rekstri heimilisins hefur undantekningarlítið hvílt á herðum kvenna. Á þeim eina vettvangi virðist þeim hafa verið treyst til að stjórna eins og flm. benda á, enda starfið ekki metið til launa. Því er það að þegar þær konur sem eingöngu eða að mestu leyti hafa stundað þessi störf koma á eftirlaunaaldur njóta þær ekki greiðslu úr lífeyrissjóði. Þetta er vitanlega misræmi og það sem meira er: misrétti.

Ég nefndi tölur um vinnuframlag heimavinnandi kvenna áðan, en ég veit ekki hvort allir gera sér ljóst það atriði í öðru samhengi, þ.e. þær gífurlegu fjárhæðir sem heimavinnandi konur spara þjóðfélaginu með því að ala upp börn, annast sjúka og aldraða, vanheila og þroskahefta og reka þá einingu sem heimilið er. Öll koma þessi störf heimilinu til góða og þegar eitthvað bjátar á, konan veikist eða fellur frá, sést hvers virði þau eru í beinhörðum peningum. Það er alveg ljóst að það eru gífurlegar fjárhæðir sem sparast ríki og sveitarfélögum við byggingu dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra uppeldisstofnana þar sem hin heimavinnandi húsmóðir annast þau störf og tekur raunverulega að sér að framkvæma það sem svo margir verða að leita

til ríkisins með.

Þetta vill oft gleymast í umræðunni og ég vildi aðeins bæta einu við til viðbótar sem sýnir raunverulega það misrétti sem þjóðfélagið býr heimavinnandi konum, þ.e. fjölskyldum þar sem aðeins annar makinn vinnur úti. Það getur verið af mörgum ástæðum. Það getur verið vegna þess að börnin eru mörg og ung á heimilinu. Það getur verið vegna veikinda barna eða eldri ættingja. Það getur verið vegna þess að konan á þess ekki kost vegna einhvers konar fötlunar að fara út á hinn almenna vinnumarkað. Hver er afstaða laganna og þá fyrst og fremst skattalaganna til slíks heimilis þar sem aðeins annar makinn er fyrirvinna og getur verið fyrirvinna? Skattalögin taka einfaldlega á því á þann hátt að refsa því heimili og þeim konum sem eru heimavinnandi með því að skattleggja tekjur þess heimilis mun hærra en nákvæmlega sömu tekjur sem annað heimili hefur þar sem báðir makarnir eru útivinnandi. Á þessu getur munað í dag samkvæmt skattalögum okkar allt að 80 þús. kr. Heimili þar sem konan er heimavinnandi og hefur ekki tekjur en annast bú og börn, getur þurft að borga allt að 80 þús. kr. meira af sömu heildartekjum en það heimili þar sem báðir makarnir geta unnið úti. Í þessu speglast eitt ranglætið enn sem hreyft er við með þessu frv.

Ég vildi með þessum fáu orðum, herra forseti, vekja athygli á því að hér er um merkt mál að ræða sem ég vona að fái góðan framgang.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft við merku máli í frumvarpsformi, en það hefur komið fram í máli manna að þetta mál er ekki nýtt í sölum þingsins. Ég reyndi að þrýsta á framgang máls af þessum toga, flm. var þá Páll Pétursson, en það hefur löngum orðið svo að sitt sýnist hverjum hvernig að þessu eigi að standa. Ég tel að þeirri deilu verði að linna og menn verði að una því að samþykkja lög um lífeyrisréttindi húsmæðra þó að hver og einn hafi þar kannske ekki allt eftir sínu höfði.

Ég hnýt um það helst í þessari uppsetningu að talað er um að það eigi að greiða fyrir þær sem eru í hálfu starfi utan heimilis, minna en hálfu starfi. Ég hefði talið eðlilegra ef þetta er gert að það yrði greitt það sem vantar upp á að þær séu í fullu starfi og þá að fullu ef konan er ekki útivinnandi, enda er viðmiðunartalan í launum ekki það há að það fái staðist að rökrétt sé að fara neðar ef þetta er gert.

Varðandi það að þetta sé eina sviðið þar sem konum hafi verið treyst til að stjórna verð ég að segja að þar er um mikinn misskilning að ræða, í það minnsta ef mínar heimabyggðir eru teknar, Vestfirðir. Þar voru sjóslys algeng og e.t.v. kannske þess vegna ekki óalgengt að konur stjórnuðu búum. Og þó að atvinnurekendavald hafi verið sterkt á seinni tímum hefur enginn atvinnurekandi á Vestfjörðum haft öflugra ríki en Guðrún í Bæ þá daga sem hún rak útgerð í Barðastrandarsýslu.

En svo við sleppum öllu slíku vil ég lýsa því yfir að ég mun styðja þetta frv., leita samkomulags um þá breytingu sem ég gat um í mínu máli, og ég vil undirstrika að alvara þessa máls fer vaxandi með hverju árinu sem líður. Það er fyrirsjáanlegt að Íslendingum, að óbreyttri stefnu gagnvart heimavinnandi konum, mun fækka áður en langt um líður. Og sú deila, sem hefur ríkt í höfuðborg Íslands um hver væri eðlileg þátttaka samfélagsins í uppeldi barna, hefur skilað því einu að Reykjavíkurborg elur ekki upp þau börn sem þarf til að viðhalda því fólki sem hér er. Það má vel vera að valdið til að stöðva þjónustuna sé í höndum hinna kjörnu borgarfulltrúa, en það blasir við að valdið til að ráða mannfjölguninni er hjá konum og þær hafa einfaldlega tekið sig til og séð til þess að Reykjavíkurborg... (Gripið fram í.) Hv. þm. þyrfti e.t.v. að fá sér afruglara. Það er ekkert við því að gera. En hann er vinsamlega beðinn að fylgjast með.

Þetta vandamál er þannig í kóngsins Kaupmannahöfn að þar fæðist eitt barn á hverja konu og mannfækkun blasir við. Danir sitja uppi með af þessari ástæðu gífurlegan straum innflytjenda og vita ekki í dag hvaða afleiðingar það mun hafa á danskt þjóðlíf. Ég tel að við Íslendingar þurfum að átta okkur í tíma á þessu máli og við þurfum að meta uppeldishlutverk kvenna það mikils að það verði eftirsóknarverðara hlutverk en margt af því sem nú er þess valdandi að það stefnir í að íslensku þjóðinni muni fækka innan skamms og fyrirsjáanlegt að á aðalþéttbýlissvæði landsins fæðast ekki nægilega mörg börn til að viðhalda þeim mannfjölda sem þar er. Þeir verða að fá fólk utan af landi ef þeir eiga að viðhalda mannfjöldanum.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þann stuðning og þau hlýju orð sem hafa verið látin falla um frv. Þetta mál er ekki nýtt eins og margsinnis hefur verið bent á, en hér er tekið á því á dálítið annan hátt en áður hefur verið gert og ég vona að það verði því til framgangs.

Það hafa komið fram spurningar varðandi þetta. Ég bendi á að í grg. er talað um að vitaskuld sé heimavinnandi körlum við heimilisstörf ætlaður þessi réttur ekkert síður en konum og mér er fyllilega ljóst að það eru fleiri en heimavinnandi húsmæður sem ekki njóta lífeyrisréttinda og hafa engu minni rétt til þeirra. En yrði þetta frv. að lögum yrði kannske í framhaldi af því auðveldara að koma lífeyrismálum þess hóps í betra horf.

Ég veit ekki um hve margt fólk er að ræða. Ég veit ekki hve margar heimavinnandi húsmæður eru taldar vera í landinu. En við vitum öll að þær eru nokkuð margar. Og ég veit ekki heldur hvað þetta frv. kynni að kosta ríkissjóð. Mér finnst það ekki málið í ljósi þess hvílíkar upphæðir þessar konur spara þjóðfélaginu og ég var ekki að kynna mér það endilega vegna þess. Og ég spyr bara: Hvað eru þessar konur annað en ríkisstarfsmenn og ber ekki samfélaginu að umbuna þeim fyrir sín störf?

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að fagna umræðu sem fer inn á þetta svið, hvort sem það er í sambandi við þetta frv. eða önnur. Við þurfum að hefja hér á Alþingi miklu meiri umræðu um þennan þátt í okkar þjóðfélagi, þ.e. réttindi heimavinnandi fólks. Það hefur komið fram og er staðreynd að á mörgum sviðum nýtur það ekki þeirra réttinda sem þjóðfélag eins og okkar á að veita slíku fólki fyrir utan að allir viðurkenna heilum huga að fjölskyldan er grunneining þjóðfélagsins, eins og hér hefur komið fram og er í grg. Þetta eru allir sammála um, en því miður vantar mikið á að viðhöfð sé eðlileg meðferð á þessu þýðingarmikla máli.

Mér finnst ástæða til að rifja aðeins upp að eins og getið hefur verið í umræðunni hafa mál þessi oft komið til umræðu á hv. Alþingi. Ég minni á að ég ásamt fleirum í mínum flokki flutti þáltill. fyrir nokkru árum um fjölskylduvernd þar sem allir þættir þessara mála voru upp taldir, þar á meðal full lífeyrissjóðsréttindi heimavinnandi fólks, tryggingabótaréttur o.s.frv. og eins vernd barna og unglinga. Þetta mál fékk nokkra umræðu, en var svæft þannig að það var ekki lifandi áhugi fyrir því.

Ég man eftir því 1980, þegar lögin um fæðingarorlof voru sett, að ég flutti brtt. við þau lög um að það væri ekki verið að mismuna fæðandi konum í landinu, hvort sem þær væru heimavinnandi eða úti á vinnumarkaðnum. Þær fengju allar jafnhátt fæðingarorlof. Þetta var snarlega drepið á hv. Alþingi. Það sem mér þótti sorglegast var að konur sem þá voru á þingi börðust gegn þessu sem kom mér algerlega í opna skjöldu. Mér fannst að það væri skrýtið að þær skyldu tala gegn þessu þýðingarmikla máli, að allar fæðandi konur í landinu nytu sama réttar. En staðreyndin var samt sú að þetta fór þannig hér á Alþingi 1980.

Ég vil segja að hjá hæstv. heilbrrh. er væntanlega á lokastigi endurskoðun laga um fæðingarorlof og við eigum von á því væntanlega að fá að sjá það frv. Það er á málaskrá ríkisstjórnarinnar á þessu þingi og ég vona svo sannarlega að hægt verði að ná samkomulagi um það mál og jafna þetta sjálfsagða réttlætismál og auka þessi réttindi hjá konum.

En ég kom upp til að benda á að það er fleira en þetta. Við höfum horft á það ár eftir ár að í gegnum okkar fullkomna, skulum við segja, eða a.m.k. fyrirferðarmikla tryggingakerfi njóta heimavinnandi konur, húsmæður, ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að fá jafnháar slysabætur og annað fólk og fleiri slík réttindi. Hvers vegna? Það er oft rætt um þetta hér í vandlætingartón þegar verið er að ræða um tryggingamál almennt og tryggingabætur, en það vantar alltaf herslumuninn á að þessu sé kippt í lag. Hvers vegna? Vegna þess að það eru svo margir af ráðamönnum þjóðarinnar hverju nafni sem nefnast sem alls ekki hafa þann skilning að þetta fólk þurfi að njóta sömu réttinda og aðrir í þjóðfélaginu þrátt fyrir, eins og hér hefur komið fram, að þetta eru um 25% af skapandi fólki sem starfa á þessum vettvangi.

Ég bendi á þetta um leið og ég fagna því að svona frv. kemur fram því að það tekur á stórum hluta af þessu vandamáli sem væntanlega allir eru sammála um að verður að takast á við á raunhæfan hátt þannig að eitthvað komi út úr því. Ég segi í sambandi við lífeyrisréttindamálin almennt að eitt aðalatriðið í t.d. nýju húsnæðislögunum sem eru komin í gildi er lífeyrissjóðsréttindin og það mikla fjármagn sem kemur frá lífeyrissjóðunum til að fjármagna húsbyggingar í landinu. Það opnar augu manna fyrir því hvað það er þýðingarmikið að allir landsmenn, í hvaða stétt, stöðu eða starfi sem þeir eru, njóti sama réttar á þessum vettvangi eins og öðrum. Þess vegna vil ég endurtaka að ég tel að frv. eins og það sem hér er lagt fram eigi að opna augu manna fyrir því að það þarf að takast á við þessi mál og reyna að finna skynsamlegar leiðir til að leysa þau.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Auðvitað er þetta gott mál eitt og sér og væri afskaplega auðvelt og þægilegt að segja já og amen við því og ekki hef ég á móti því sem slíku, en mér finnst þetta vera þröngsýnismál, eitt af mörgum þröngsýnismálum sem hv. Kvennalistakonur eru með. Ég dreg mjög í efa að nokkur úr hinum svokölluðu karlaflokkum sem þær kalla mundi flytja svona einhæft mál í þessum efnum. Af hverju eiga ekki húsfeður að vera með í þessu dæmi alveg eins og húsmæður? Það er fullt af slíkum mönnum til í þjóðfélaginu og af hverju eiga þeir að vera út undan? Það þýðir ekki að benda á greinargerð. Greinargerð er engin lög. Lagagreinin er um húsmæður, ekki húsfeður. Það er ekkert vitnað í greinargerð í þessum efnum. Það er verið að tala um löggjöfina. Og það er það sem máli skiptir.

Kannske þykir mönnum ég taka stórt upp í mig í þessum efnum, en eigi að síður er þetta satt. Svona mál eiga að ná til beggja kynja. Þar á ekki að gera greinarmun á. Í öllum slíkum málum og auðvitað miklu fleiri á hið sama að gilda um bæði kyn. Þess vegna þykir mér miður hjá hinum ágætu Kvennalistakonum að þær skuli vera svona einhæfar. Þær eiga að vera fjölhæfari en þetta frv. sýnir og það á að ná til fleiri.

Nóg um þetta. Ég tek undir það sem hæstv. félmrh. sagði áðan varðandi lífeyrisréttindamálin. Ég tala um lífeyrisréttindamál. Ég tala ekki um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það nægir mér ekki. Það eru lífeyrisréttindin sem eiga að vera hin sömu hjá öllum. Þá á ég við að menn eiga ekki að binda einn lífeyrissjóð hér í Reykjavík sem deilir út til hinna og þessara byggðarlaga eða landshluta frá Reykjavíkursvæðinu. Það eiga að vera deildaskiptir sjóðir þar sem fjármagnið er ávaxtað á þeim stöðum þar sem það fellur til.

Ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta mál hugi

a.m.k. að því að breyta 1. gr. í að þar eigi bæði hlut að máli húsmæður og húsfeður, en ekki sé gerður greinarmunur þar á.

Hitt er svo stóra spurningin og því held ég að menn þurfi að velta fyrir sér án þess að ég sé á nokkurn hátt að gagnrýna það. Hér segir að ríkissjóður greiði 6% og viðkomandi sveitarsjóður 4%. Nú þykist ég vita, eins og mál standa í dag, að það sé mjög aðþrengt hjá sveitarsjóðum í fjármagni og spurning hvort svona löggjöf mundi ekki kalla á, ef engin önnur breyting yrði gerð, að annars konar félagsleg atriði yrðu dregin saman hjá sveitarfélögum almennt, hvort annars konar félagsleg aðstoð yrði ekki dregin saman að því marki sem hér er gert ráð fyrir að sveitarfélögin borguðu 4% af þessu. Auðvitað þarf að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til þessa og raunar til fleiri hluta en þessara því að þau hafa dregist aftur úr að því er varðar tekjustofna og geta þar af leiðandi ekki sinnt æðimörgum félagslegum þáttum sem þau þurfa að sinna og þeim ber í raun og veru að sinna. Ég held að menn þyrftu í fullkominni alvöru að skoða frekar þann hluta af þessu máli. Ég geri ráð fyrir að maður megi vænta þess, eftir því sem hv. stjórnarliðar töluðu áðan, bæði hæstv. félmrh. og hv. 5. þm. Vestf. sem gengur nú úr salnum, að þessir menn mundu styðja þetta mál. Kannske er von til þess að það nái fram að ganga í breyttu formi ef eitthvað er að marka þann stuðning sem hefur komið fram hjá hv. stjórnarliðum ýmsum. Þá ættu menn að skoða frekar þann þáttinn sem lýtur að því að afla tekna til þessara hluta.

Ég veit ekki hvort maður á að eyða orðum að því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, að einhver einn ákveðinn kvenmaður réði því hver mannfjölgunin yrði, kvenfólk réði því hver mannfjölgunin yrði. (Gripið fram í.) Segir hv. 5. þm. Vestf., já. Rétt hjá þér, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Nú veit ég ekkert hvað hann meinar eiginlega með þessu. Ég kannast ekki við þetta sjálfur. Ég held að það þurfi alltaf tvo til að slíkt gerist. (**ÓÞÞ:** Ert þú ekki í kirkjunni í Bolungarvík?)

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til þeirra þm. sem hér hafa talað. Mér finnst mjög ánægjulegt hvað hér hefur komið fram mikill áhugi þm. á þessu máli og það vekur vissulega vonir um að rækilega verði fjallað um það í nefnd sem við efuðumst reyndar aldrei um.

Það er einkum tvennt sem ég vildi koma inn á. Hv. 2. þm. Reykn. nefndi mál, sem reyndar hefur oft verið til umræðu og ekki síst úti í þjóðfélaginu, en það er sá munur sem er á skattlagningu tekna heimilisins eftir því hvort einn eða tveir vinna fyrir þeim tekjum og hefur verið nefnd sérsköttun eða samsköttun. Ég vil minna á það að Kvennalistinn styður sérsköttun og var andvígur því skrefi í átt til samsköttunar sem var stigið hér fyrir tveimur árum. Málið er ekki svo einfalt að það sé eingöngu hægt að líta á þá upphæð sem heimilin þurfa stundum að greiða hærra í sköttum ef einn vinnur fyrir tekjunum en ef það skiptist á tvo. Það má ekki gleyma því að það kemur fram mjög mikill sparnaður á heimilinu við það að annar aðilinn er eingöngu heima, og hinu má heldur ekki gleyma að það er töluverður kostnaður samfara því að vinna utan heimilis. Þannig að ég hygg að þetta muni vega hvað annað upp.

Hitt er varðandi titil frumvarpsins um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra. Mér kom nokkuð á óvart þessi viðkvæmni einkum hjá hv. síðasta ræðumanni varðandi þetta orð, húsmóðir. Ég sé ekki annað en að karlmenn séu fullsæmdir af því að vera kallaðir húsmæður. Það eru ýmis starfsheiti til sem fólk tekur sem starfsheiti en ekki kyngreind nafnorð. Ég minni á það að konur eru kallaðar herrar og hafa mátt sæta því. Þær hafa jafnvel verið kallaðar drengir, drengir góðir, og annað eftir því og ég bara minni á þetta hérna. Og ég minni einnig á að það stendur í greinargerðinni að vitaskuld eigi þetta heiti einnig við karla sem húsmóðurstörfum gegna. En það er ánægjulegt að hv. síðasti ræðumaður ber hag þeirra karla fyrir brjósti sem gegna störfum húsmæðra. Þeir munu nú kannske ekki vera mjög margir en engu að síður erum við Kvennalistakonur svo víðsýnar að við viljum að sjálfsögðu þeirra hag jafnmikinn og húsmæðra af kvenkyni.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég verð nú að segja fyrir mig að ekki kynni ég við að vera kallaður húsmóðir eins og hv. þm. mælist til. Það er kannske bara ég einn sem ekki vill ganga undir slíku heiti. Ég tel mig ekki geta innt þá skyldu af höndum sem móðir gerir í þessu tilviki. Ég ætla mér það ekki. Og þess vegna ber ég kannske miklu meira traust til mæðra sem kvenna heldur en þó við séum að tala um föðurinn líka. Það getur nefnilega enginn að mínu viti sinnt móðurhlutverkinu nema móðirin sjálf. Og það ber að hafa í huga. Það segir náttúrlega í greinargerðinni að þarna sé átt við kvenfólkið. Hafi hv. þm. lesið greinargerðina alla þá þýðir ekki að vera að breyta því. Og ég ætla að lesa, með leyfi forseta, niðurlagið og þá skilja menn það sem hér er um að ræða.

„Það færi vel á því að þeir karlmenn" — ekki fer nú á milli mála hverjir það eru — „sem sitja löggjafarstofnun þjóðarinnar sýndu í verki að þeir virtu störf mæðra sinna og eiginkvenna og mætu þau svo að vert væri að þær nytu hagsbóta á efri árum vegna þess sem þær hafa lagt fram til uppbyggingar samfélagsins."

Hvað segir þetta? Hér er ekki verið að tala um karla sem mæður eins og hv. þm. var að tala um. Hér er verið að tala um mæðurnar sem slíkar. Og það getur enginn komið í stað móður eða gegnt móðurhlutverki annar en móðirin sjálf. Það getur faðir ekki að mínu viti. Og þess vegna legg ég miklu meira upp úr þessu að tala um móðurhlutverk í

þessum efnum en eigi að síður legg ég líka áherslu á það að karlmenn eiga ekkert — karlfeður skulum við segja þá — eiga ekkert að vera afskiptir. Þeir eiga að njóta hins sama.

Og ég segi enn: Þetta finnst mér miður hjá þeim Kvennalistakonum hv. að þær eru allt of einstrengingslegar í þessum efnum. Þær horfa til einnar áttar. Þær þurfa sem sé að vera víðsýnni en hingað til hefur sést úr þeirra herbúðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. JS, 25. mál (heimilisuppbót). — Þskj. 25.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga, 25. máli á þskj. 25, um breytingu á lögum um almannatryggingar.

Í almannatryggingalögum eru ákvæði þess efnis að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fá óskerta uppbót, þ.e. fulla tekjutryggingu, og búa einir, eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, fá greidda heimilisuppbót. Aftur á móti ef elli- og örorkulífeyrisþegar búa einir, sjá einir um framfærslu heimilisins en hafa börn á framfæri sínu, þá fá þeir ekki þessa heimilisuppbót.

Markmið þessa frv. er að tryggja að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu, hafi sama rétt til heimilisuppbótar og þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem búa einir.

Ég tel, herra forseti, að rökin fyrir þessu séu augljós. Það er með engu móti hægt að segja að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi af því fjárhagslegan stuðning í útgjöldum, hvorki um húsnæðis- eða fæðiskostnað, að hafa börn á framfæri sínu. Þvert á móti fylgja því veruleg útgjöld. Og það kemur ekki síst niður á þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem eingöngu hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga.

Ég minni á í þessu sambandi að til er reglugerð um eftirgjöf á föstu ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega. Skilyrði fyrir því að njóta slíkrar eftirgjafar er — það eru sem sagt elli- og örorkulífeyrisþegar sem fá slíka eftirgjöf — að þeir búi einir, alveg eins og að því er varðaði ákvæðið um heimilisuppbótina í almannatryggingalögum. Engu að síður er vikið frá þessari meginreglu að því er afnotagjöld af síma varðar þegar um er að ræða að fólk, eins og þar stendur, undir 25 ára aldri dveljist á heimilinu. Hér hefur því verið gengið lengra en þetta frv. kveður á um, þ.e. að skerða ekki sérstakar bætur á elli- og örorkulífeyri, t.d. með niðurfellingu á afnotagjöldum af síma, þó að á framfæri viðkomandi séu börn, skyldmenni aða annað heimilisfólk undir 25 ára aldri.

Með þessu ákvæði í þessari reglugerð um eftirgjöf á föstu ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega er viðurkennt í reynd að heimilisrekstur-inn sé elli- og örorkulífeyrisþegum að öllu jöfnu ekkert léttbærari þó að á heimilinu búi einnig fólk undir 25 ára aldri. Því beri ekki á þeirri forsendu að skerða þann rétt sem þeir hafa í formi niðurfellingar á afnotagjaldi af síma. Þetta styður þá skoðun flm. þessa frv. að það séu heldur engin rök fyrir því að synja um greiðslu heimilisuppbótar þegar á framfæri elli- og örorkulífeyrisþega eru börn undir 18 ára aldri.

Útgjöld almannatrygginga vegna heimilisuppbótar eru nú um 19 millj. kr. á ári. Á s.l. ári voru 617 öryrkjar og ellilífeyrisþegar með 967 börn á framfæri sínu. Ég leitaði eftir upplýsingum hjá Tryggingastofnun ríkisins um hvað mætti áætla að margir af þessum elli- og örorkulífeyrisþegum byggju einir, en þær upplýsingar voru ekki fyrir hendi. Engu að síður tel ég, herra forseti, að hér sé ekki um mjög stóran hóp að ræða og því séu útgjöld þessu frv. samfara ekki mjög mikil.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður Alþingis, 1. umr.

Frv. GGS o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 28. málinu, sem er frv. til laga um umboðsmann Alþingis, en auk mín eru flutningsmenn þessa máls þeir Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson.

Það mál sem hér er á dagskrá fjallar um það að Alþingi kjósi sérstakan umboðsmann sinn, umboðsmann Alþingis, sem stundum hefur verið nefndur því gamla, góða og gilda íslenska nafni ármaður. Í frv. er þó notast við orðið umboðsmaður. Hlutverk hans skv. 4. gr. frv. á að vera það að kappkosta að tryggja, eins og þar stendur, góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess og gegnir sínu starfi samkvæmt lögum og reglugerð sem sameinað þing setur um þessa starfsemi. Að öðru leyti vinnur umboðsmaðurinn starf sitt sjálfstætt og óháður Alþingi. Ákvæðin um þetta er að finna hér í 4. og 5. gr. þessa frv.

Það má spyrja, herra forseti: Hví er þetta frv. flutt hér á Alþingi? Það var flutt af sömu flm. einnig í fyrra og alllangt er síðan að því var fyrst hreyft hér í þingsölum. Því er oft haldið fram, þrátt fyrir það að í stjórnlagafræðum sé kennt að Alþingi sé valdamesti og mikilvægasti aðilinn af hinum þremur valdhöfum

ríkisvaldsins, að þá hafi Alþingi á síðustu árum og áratugum í vaxandi mæli glatað þessum áhrifum sínum, því valdi sem því ber raunverulega að fara með skv. stjórnarskránni. Það vald hafi í æ meira mæli færst í hendur framkvæmdarvaldsins og þá ekki síst embættismanna sem ekki eru lýðræðislega kjörnir, heldur skipaðir af pólitískum ráðherrum hverju sinni. Það hefur einnig verið gagnrýnt hér í þingsölum og utan þeirra að Alþingi setji mikið af lögum, sumir segja allt of mikið af lögum, en síðan sé þess ekki gætt og ekkert eftir því tekið né með því fylgst af hálfu Alþingis hvernig sé staðið að framkvæmd þessara laga af hálfu framkvæmdarvaldsins. Alþingi á vitanlega ekki skv. stjórnlögum að annast framkvæmd laga sem það setur. Það á framkvæmdarvaldið að gera. En vel að merkja: Æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins eru einnig alþingismenn og löggjafar, þ.e. ráðherrarnir. Það hefur löngum verið gagnrýnt að lög séu raunverulega ekki framkvæmd á þann hátt sem í þeim stendur og Alþingi hefur lýst vilja sinn um. Og það má spyrja þá: Hvernig getur Alþingi gegnt þessu eftirlitshlutverki sínu með framkvæmd laga betur en nú er um að ræða? — vegna þess að *ég hygg að í þessum ummælum og í þessari* gagnrýni sé þó nokkuð sannleikskorn. Það væri m.a. unnt að gera ef fyrir hendi væri embætti slíks fulltrúa *Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu*, slíks umboðsmanns sem fjallað er um í þessu frv.

Í öðru lagi. Eftir því sem íslenskt þjóðfélag hefur stækkað, orðið flóknara og stjórnsýsluhættir breyst á síðustu áratugum, þá hafa boðleiðirnar milli þegnanna og stjórnvaldanna, þeirra sem ráða, orðið lengri, erfiðari og ógreiðari. Enn er það svo ugglaust að við lifum í mun meira kunningjaþjóðfélagi en víðast hvar tíðkast á byggðu bóli. Það að hafa samband við rétta menn getur oft reynst áhrifaríkt þegar úr málaflækju þarf að greiða eða nauðsynlegum erindum þarf fram að koma. En hins vegar má segja að það er engin fyrirmyndaraðferð og slíkar boðleiðir og aðferðir geta oft leitt til þess að þótt einum sé hjálpað er þá jafnframt gengið á hlut einhvers annars.

Megintilgangur þessa frv. sem hér liggur fyrir er raunverulega sá að styðja menn, styðja borgara þessa lands til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld og koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla þannig að bættri opinberri stjórnsýslu í landinu.

Hve oft höfum við ekki heyrt talað um það að mönnum þykir að á rétt sinn sé gengið af hálfu einhverra af starfsmönnum ríkisins. Stundum eru það ráðuneyti, stundum eru það embættismenn í lægra settum stjórnar- og stjórnsýslustofnunum, í tollstofum, á skattstofum, í alls kyns ráðum og nefndum og stjórnum af ríkisins hálfu. Og það vill oft vefjast fyrir mönnum á hvaða hátt þeir eiga að leita réttar síns. Hvar á að kvarta? Hvaða embættismaður ber ábyrgðina? Hverjum ber raunverulega að framkvæma jafneinfalt atriði eins og að svara kvörtun? Þess eru dæmi, þó ég ætli ekki að tiltaka þau hvað einstakar stofnanir varðar, að kærur manna og umkvörtunarbréf hafa legið þar ósvöruð mánuðum og jafnvel árum saman. Og hlutaðeigandi einstaklingur á raunverulega enga leið og veit kannske ekki um neina leið, þó hún sé fyrir hendi. Það er enginn sem bendir honum á hana, á það hvernig hann á að ná rétti sínum.

Nú er það alveg rétt út af fyrir sig, sem haft er eftir einum af ráðuneytisstjórum í Stjórnarráði Íslands, að menn ættu ekkert að vera að flýta sér að því að svara erindum sem bærust ráðuneytinu vegna þess að eftir því sem þau söfnuðust lengur saman í ráðuneytinu þá mætti segja að þau leystust með tímanum af sjálfu sér, mörg hver — og kannske flest. Þau einfaldlega döguðu uppi! Menn þreyttust á því að ganga eftir svari og málin leystust á þann hátt af sjálfu sér. Það má vera að þetta sé ekki í samræmi við nútímastjórnsýsluaðferðir, og ég efast satt að segja um það. En það er ljóst að í seinni tíð hefur mönnum orðið það ljóst í auknum mæli að *með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdarvaldi*, sem nú teygir sig út um allt þjóðfélagið, þarf að tryggja betur en áður að réttur sé ekki brotinn á *einstaklingnum*. Einnig að rangindum verði ekki beitt við málsmeðferð hjá stjórnendum landsins þó að þau séu ekki beinlínis lögbrot vegna þess að ef fyrir liggur að um lögbrot sé að ræða þá á einstaklingurinn alltaf möguleika á að leita til dómstólanna.

En það er einnig nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan, að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því að lögum sé fylgt. Þetta er tvíþætt: Að Alþingi hafi eftirlit með því að lögum sé fylgt eins og það ætlast til. Og í öðru lagi að það sé komið í veg fyrir að rétt lög séu brotin á einstaklingum, eða öllu heldur þeir beittir rangindum af hálfu yfirvalda, af hálfu framkvæmdarvaldsins, þannig að þeir hafi einhvern aðila sem þeir geta þar leitað til.

Það má tala langt mál um nauðsyn þess að Alþingi fylgist betur með því en hingað til hvernig þeim lögum er framfylgt sem það setur. Við getum hér á Alþingi gegnt þessu hlutverki að nokkru leyti með skipun rannsóknarnefnda. Það er afar sjaldgæft að til þess ráðs sé gripið. Ég minnist þó á nefnd sem kosin var til þess að rannsaka Hafskipsmálið nýlega. Þetta má og gera með fsp. til ráðherra, óskum um skýrslu ráðherra o.s.frv. um einstök mál og umræðum utan dagskrár. Allt þetta er til bóta og um þetta er að finna ákvæði í þingsköpum. En það er alveg ljóst að það er bæði æskilegra og betra að gera slíkt eftirlit virkara og sterkara og að því er stefnt með þessu frv. um umboðsmann Alþingis. Slíkur fulltrúi þingsins mundi hafa það vald lögum samkvæmt að kanna bæði að eigin frumkvæði og eftir beiðni hvort eftir lögum hefur verið farið í einstökum tilvikum og þeim framfylgt af hálfu stjórnvalda.

Eins og ég sagði þá geta menn leitað til dómstólanna ef um bein lögbrot er talið vera að ræða. En hins vegar getur oft verið um að ræða framkvæmd löggjafar sem er ekki á þá lund sem löggjafinn hefur

ætlast til án þess að um bein lögbrot sé að ræða. Þegar svo stendur á getur umboðsmaður Alþingis komið til skjalanna, rannsakað málið og gefið Alþingi skýrslu. Á þann hátt getur þingið betur en nú er haft eftirlit með allri lagaframkvæmd í landinu.

Réttaröryggi borgaranna, sem ég minntist hér á í upphafi, er kannske enn þá mikilvægara mál í þessum efnum, í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins. Með því er einstaklingunum, borgurunum veitt leið, skapað tækifæri til þess að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti, miklu skjótari hætti en að leita til dómstóla. Með því er að dómi flm. tvímælalaust komið til móts við óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis er þá embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir á einhvern hátt vera misgert við sig. Umboðsmaðurinn rannsakar þessar kvartanir og þessar kærur og ef hann telur að þær séu á rökum reistar þá gerir hann tillögur um það hvernig eigi að leiðrétta málið. Þá hvílir sú skylda á stjórnvöldum að taka málið upp að nýju til afgreiðslu og úrskurða það í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins, og ég tek það fram að þetta gildir jafnt um ráðuneyti og um öll lægra sett stjórnvöld.

Á þennan hátt er að dómi flm. stuðlað í verulegum mæli að auknu réttaröryggi í þjóðfélaginu, auknu réttaröryggi þegnanna, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð virkari og réttlátari. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu.

Í mörgum nágrannalöndum okkar, og reyndar á öllum Norðurlöndum, hefur verið talið að fenginni reynslu að embætti umboðsmanns sé mikilvægur þáttur réttarríkisins þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Hér er lagt til að til þess að tryggja sjálfstæði þessa umboðsmanns verði hann kjörinn hér í sameinuðu þingi, hann verði fulltrúi Alþingis, en heyri ekki undir ríkisstjórn eða neinn ráðherra. Hann starfar sem trúnaðarmaður Alþingis, og það ætti að vera að skapi og í hag allra alþingismanna að slíkur trúnaðarmaður starfaði í þeirra þágu.

Frv. um embætti umboðsmanns hefur áður verið til umræðu á Alþingi. Fyrst var það flutt þegar samþykkt var tillaga 1972, sem Pétur Sigurðsson þá flutti, um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns, en áður hafði þessu máli verið hreyft af þm. Framsfl. um svipað efni á þinginu 1966–67, þannig að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða. Ég nefni það einnig að í tillögum stjórnarskrárnefndar, sem lagðar voru fyrir þingflokkana snemma árs 1983, er einnig lagt til að upp í stjórnarskrá verði tekið ákvæði um umboðsmann, eða ármann Alþingis. Flm. hreyfðu þessu máli á síðasta þingi en það varð þá ekki útrætt.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Ég tel að hér sé mjög merkt mál á ferðinni, mál sem snertir raunverulega alla borgara þessa lands sem telja að að einhverju leyti sé á hlut sinn gengið eða þeir rangsleitni beittir af hálfu stjórnvalda. Og það skeður miklu oftar en flesta grunar. Leiðir eru ekki margar fyrir utan dómstólaleiðina til að menn fái leiðréttingu mála sinna. Hér er það lagt til að sú leið, sem áhrifarík hefur reynst í öðrum löndum, verði farin. Því leggjum við til að þessu embætti fulltrúa Alþingis verði komið á laggirnar með lögum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er að sjálfsögðu um hið merkasta mál að ræða. Málið er vel unnið og gott að allri gerð. Hlutverk umboðsmanns Alþingis á að vera að styðja menn til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld, koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla þannig að bættri opinberri stjórnsýslu í landinu. Ekki er að efast um það að hlutverkið er hið merkasta.

Það hefur stundum verið bent á að Alþingi þyrfti að hafa betra eftirlit með þeim lögum sem það setur, hvernig þeim er framfylgt. En þarna kemur að því að rétt er að staldra ögn við. Ég er hræddur um það að ef Alþingi ætti að sinna því eftirlitshlutverki að fylgjast nákvæmlega með því að öllum þeim fjölbreyttu lögum sem það setur árlega sé framfylgt, þá hefði það ærið nóg að gera. Enda veit ég ekki að hve miklu leyti þetta er hlutverk Alþingis. Ekki þýðir fyrir okkur alþingismenn að segja við dómara hvernig eigi að skilja lög. Dómararnir ákveða það sjálfir. Þess vegna er það fyrst og fremst framkvæmdarvaldsins að sjá um að þeim lögum sem Alþingi setur sé framfylgt. Það verða allir að fylgja lögum. En það má vera að betur sé hægt að haga eftirliti með lagaframkvæmd í landinu heldur en nú er gert.

Ég endurtek að það er göfugt hlutverk, göfugt markmið að stuðla að auknu réttaröryggi þegnanna í þjóðfélaginu, virða mannréttindi, tryggja þau og sjá um að gera alla stjórnsýslu réttlátari og virkari. En ég vil í fyrstu benda á að auðvitað kostar peninga að setja á stofn nýtt embætti. Sumir mundu segja að þetta væri viðbót við báknið. Í hvert skipti sem lög eru sett þarf að gera sér grein fyrir því að þar er oft um mikinn kostnað að ræða. Þessi ágæti ármaður Alþingis mundi auðvitað þurfa sína skrifstofu, sína fulltrúa, sitt starfslið. Og þarna hygg ég að væri kominn álitlegur kostnaðarliður svona með tíð og tíma. Á meðan gerist það að fjárveitingavaldið sér, ja, mjög knapplega fyrir því að ágætum lögum um stofnanir, sem við teljum sjálfsagðar, sé svona rétt hægt að framfylgja. Þeim er veitt fé af skornum skammti oft og tíðum, svo ekki sé meira sagt.

Þessu máli hefur verið hreyft hér oftar en einu sinni eins og hv. frummælandi gat um. Hv. framsögumaður, 2. þm. Reykn., tók svo til orða að það væri enginn sem benti mönnum á hvernig þeir eigi að ná rétti sínum, ef ég hef skilið það rétt. Þetta er

auðvitað fjarri öllu lagi. En það er kannske aldrei nógu mikið að þessu gert. Ég vil aðeins nefna örfá atriði.

Þegar ég þekkti best til í dóms- og kirkjumrn. var starfandi þar upplýsingafulltrúi. Þessi upplýsingafulltrúi átti sérstaklega að sinna því að greiða götu allra manna, sem komu í ráðuneytið til þess að leita réttar síns, og beina þeim á rétta braut. Þetta var hans aðalstarf. Auk þess sem allt starfsfólk ráðuneytisins fékkst við það daginn út og daginn inn, að segja má, að leiðbeina fólki og benda því á hvernig það gæti sótt sinn rétt og varið.

Þá vil ég aðeins nefna það að einn þáttur í hlutverki sýslumanna og bæjarfógeta um allar byggðir landsins er að leiðbeina fólki. Sums staðar er þetta ákveðið í lögum, t.d. ef ólöglærður maður ætlar að reka mál sitt, þá er dómari skyldur að leiðbeina honum. Í annan stað er þetta siðferðileg skylda og ég hygg að allir almennilegir embættismenn sinni þessari skyldu að verulegu leyti. En hvernig er þá að þeim búið, t.d. hvað varðar fjárveitingar af hálfu hins opinbera? Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi.

Mér er kunnugt um það að nú vantar líklega allt að tíu menn til að gegna starfi löglærðra fulltrúa við embætti úti um land. Þeir bera því við að þeir fái ekki næg laun, ekki a.m.k. miðað við það sem þeir geta fengið hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er eitt atriði sem gerir embættunum mjög erfitt og þungt fyrir fæti að sinna þeim skyldum sem ég hef minnst hér á.

Í öðru lagi vil ég nefna það að sá maður, sem leitar í ráðuneytið og fer þar fram á stuðning við sitt mál, getur bent á þá löggjöf sem gildir um gjafsókn og gjafvörn. Það er allvíðtæk löggjöf til aðstoðar mönnum sem ekki hafa efni á að sækja mál sitt sjálfir. Þennan rétt geta þeir fengið ef þeir hafa eitthvað til síns máls en auðvitað þarf að leggja ákveðinn dóm á málið áður.

Þá vil ég benda á það, þó að í litlu sé, að árlega var félagi lögfræðinema við Háskóla Íslands veittur nokkur fjárhagslegur styrkur til þess að annast ókeypis aðstoð við almenning. Ég held að lögfræðinemar haldi þessu starfi enn þá uppi.

Þá get ég enn nefnt að í 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, er rætt um hlutverk lögreglumanna. Það er talið þar upp í nokkrum liðum. Skv. fyrsta lið er skylda lögreglumanna að halda uppi lögum og reglu, í öðru lagi að greiða götu manna þar sem það á við. Jafnvel lögreglumaðurinn, sem gengur um göturnar og starfar þar og er kannske í augum margra líkt og refsivöndur. Sú lagalega skylda hvílir á hans herðum að leiðbeina fólki.

Það mætti nefna mýmörg fleiri dæmi um þetta efni í löggjöf. En það er svo annað mál að e.t.v. þarf einhver að hafa eftirlit með því að þessir aðilar ræki skyldu sína. Og auðvitað eru menn yfir þá settir í embættismannakerfinu. Og enn er það svo að þó einhverjir eftirlitsmenn eigi að gegna ákveðnu starfi þá þarf kannske, ef gæta á fyllsta öryggis, að setja upp eftirlit með eftirlitsmönnum! Þannig mætti lengi telja. En ég tel mig samt sem áður ekki hafa efni á að mæla gegn þessu frv. Hér er hreyft ágætri hugmynd. En ég bendi hv. alþm. á það að ef þeir setja þetta embætti á stofn þá verða þeir að búa það sæmilega úr garði þannig að það geti gegnt hlutverki sínu að því leyti.

Þess er getið í grg. með þessu frv. að tillaga um þetta hafi verið tekin upp í frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga í tíð Gunnars Thoroddsens forsrh. á 105. löggjafarþingi vorið 1983. Þetta mun allt saman rétt vera og ég hygg m.a.s. að stjórnarskrárnefndin hafi verið einhuga um að setja ákvæðið um umboðsmann Alþingis inn í stjórnarskrána. Þá minnir það okkur á að þetta er eitt af þeim efnum sem við þurfum að ræða í sambandi við nýja stjórnarskrá.

Og þá mætti í lokin spyrja: Hefur hæstv. ríkisstjórn og hv. alþm. misst allan áhuga á að setja landinu nýja stjórnarskrá? Hefur þeirri hugmynd verið lagt við stjóra til frambúðar?

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir þau orð sem hann lét hér falla úr þessum ræðustól áðan til stuðnings við þetta frv. um umboðsmann Alþingis sem hér er til umræðu. Hann vék að nokkrum atriðum varðandi frv. og framsöguræðu sem ég flutti fyrir því. Ég vildi aðeins vegna þeirra athugasemda, sem margar voru á rökum reistar, samt vekja athygli á því að það mikilvægasta sem hér er um að ræða er í sjálfu sér kannske ekki upplýsingaskylda eða upplýsingahlutverk þessa embættismanns. Hann á ekki að gegna því upplýsingahlutverki sem á þeim tíma sem hv. þm. einmitt gegndi embætti dómsmrh. var gegnt af sérstökum upplýsingafulltrúa í dómsmrn. sem fræddi almenning og svaraði fsp. um það hver væri réttur manna í tilteknu falli. Það embætti hefur síðan verið lagt niður og er ekki fyrir hendi í dag. Upplýsingar eru vitanlega veittar af ráðuneytum, af opinberum sýslunarmönnum og af sýslumönnum og bæjarfógetum um land allt, ef þeir eru spurðir.

En meginatriði þessa máls er raunverulega það að umboðsmaður Alþingis tekur við kvörtunum og kærum vegna athafna eða athafnaleysis, vegna framkvæmda og gerða opinberra sýslunarmanna, þ.e. embættismanna ríkisins, sem menn telja að séu ekki á rökum reistar og brjóti á einhvern hátt gegn rétti þeirra. Það fjallar um heimildir manna til að leita leiðréttingar á því ranglæti sem þeir telja að opinberir embættismenn, bæði sveitarstjórnar og ríkis, hafi haft í frammi gagnvart þeim. Það geta verið bæði athafnir og athafnaleysi. Erindum manna er ekki svarað. Þeir eru hundsaðir. Bréfum er ekki svarað og menn bíða og ná ekki rétti sínum. Þetta er vitanlega meginhlutverk þessa starfs auk þess að veita almennar upplýsingar sem margir aðrir aðilar í þjóðfélaginu auðvitað gera.

Það er alveg rétt hjá hv. ræðumanni að vitanlega

fylgir þessu nokkur kostnaður. Ég hygg hins vegar að Alþingi hafi ekki verið stórtækt í því að auka útgjöld ríkisins vegna sjálfs sín eða kostnaðar við alþingishaldið. Og sem ég segi þessi orð, þá gengur hér í salinn forseti Sþ. og ég veit að honum er vel kunnugt um að svo hefur ekki verið gert. Þó svo að nýtt hús fyrir Alþingi, gífurlega stórt og mikið, sé nú til á teikniborðinu, þá hefur Alþingi á hinn bóginn einmitt skorið við nögl allar fjárveitingar til sjálfs sín, ef svo mætti segja. Ég minni í því sambandi á þær umræður sem urðu hér á Alþingi í fyrra um það sem einn hv. þm., sem því miður er ekki viðstaddur á þessum fundi, nefndi hin hraksmánarlegu laun þingmanna, sem hlutaðeigandi hv. þm. kvaðst raunar ekki geta lifað af.

Ég hygg að Alþingi hafi hingað til ekki gerst stórtækt í fjárveitingum til sjálfs sín eða starfsemi sinnar en hér sé hins vegar á ferðinni þess háttar mál, að þótt kostnaður verði einhver við embætti umboðsmannsins og eins eða tveggja fulltrúa hans, þá sé þetta starf svo mikilvægt til þess að treysta réttaröryggi borgaranna í landinu að í það megi ekki horfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, þriðjudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Truflanir í símakerfinu, ein umr.

Fsp. HG, 30. mál. — Þskj. 30.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Fjarskipti varða okkur æ meira í daglegu lífi og þar á meðal þjónusta Pósts og síma. Það skiptir ekki aðeins máli að þessi þjónusta sé á viðunandi og jöfnu verði fyrir landsmenn, heldur einnig að hún geti gengið snurðulaust fyrir sig og það eiga margir undir því að svo sé. Ég hef flutt till. til þál. um jöfnun á símkostnaði meðal landsmanna, en hér mæli ég fyrir fsp. til hæstv. samgrh. um truflanir í símakerfinu vegna álags.

Nú eftir að landsmenn, flestir ef ekki allir, eru komnir í sjálfvirkt samband á vegum símans hefur þess gætt og það í vaxandi mæli undanfarin ár að menn nái ekki sambandi og ástæðan er talin vera of mikið álag á símakerfið, tæknibúnaður símans ráði ekki við álagið sem veldur því að menn reyna iðulega tímunum saman að ná beinu sambandi í gegnum sjálfvirka kerfið án árangurs. Það er mjög mismunandi hvernig til tekst, bæði eftir dagstíma og eins þess hvert verið er að hringja, en að mínu mati bitnar þetta alveg sérstaklega á viðskiptavinum símans á landsbyggðinni sem þurfa meira á langlínu að halda en fólk hér á Reykjavíkursvæðinu en auðvitað gildir þetta einnig um samband út á land frá Reykjavík og nágrenni þó ekki sé það kannske eins tilfinnanlegt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hverjar eru helstu ástæður fyrir truflunum á langlínusambandi vegna álags?
2. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til úrbóta og hvenær má vænta þess að þær verði gerðar?

Ég vænti þess að við fáum greinargóð svör frá hæstv. ráðherra um þetta efni.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Með truflunum vegna álags er líklega átt við það að ekki náist samband vegna álags og er skýringin í flestum tilvikum línuskortur. Einnig geta álagstoppar vegna áhrifa sjónvarps og ákveðinna hljóðvarpsþátta haft mjög truflandi áhrif á símakerfið. Sams konar álagstoppar koma á kvöldin þegar í gildi er hálft gjald. Þá má benda á að á þessu ári hafa einnig komið fram nokkrar bilanir í kerfinu þess eðlis að afkastageta þess hefur minnkað og hefur stundum tekið talsverðan tíma að uppgötva og gera við slíkar bilanir, m.a. vegna skorts á viðhaldsmönnum.

Hins vegar hefur undanfarið tekist að lagfæra ýmsar kerfisbilanir og er símakerfið núna í raun mun betur í stakk búið til að anna þeirri umferð sem þörf er á þrátt fyrir verulega aukna notkun. Samt sem áður eru á nokkrum stöðum í kerfinu flöskuhálsar þar sem erfitt getur verið að ná sambandi á mestu álagstímum og þá sérstaklega á toppálagstíma á kvöldin.

Uppbygging stafræns símakerfis hér á landi hófst árið 1983. Stafrænu símstöðvarnar þola mun meira álag en eldri gerðir stöðva og er línubúnaður þeirra einnig til muna ódýrari. Um leið og farið var að kaupa stafrænar stöðvar var ákveðið að hætta að kaupa efni til aukningar á eldri kerfum en losa í þess stað út efni samfara uppsetningu stafrænu stöðvanna og nýta það til stækkunar annars staðar.

Þær ráðstafanir sem Póst- og símamálastofnunin telur nauðsynlegar til úrbóta eru fyrst og fremst að halda þeim uppbyggingarhraða sem hafinn er á stafræna símakerfinu jafnframt því að auka langlínusamböndin. Gallar á stafræna kerfinu í Reykjavík stafa ýmist af bilunum á útstöðvum og samtengingu við eldra flutningakerfið, t.d. í Landssímahúsinu. Þar hafa verið gerðar lagfæringar og með ljósleiðarakerfinu á milli Landssímahússins og Múla, bæði vegna aukningar á línufjölda og jafnframt er það kerfi ekki eins háð truflunum, t.d. af völdum rafmagns, og eldra kerfið.

Stafrænu stöðvarnar eru nú víða að taka við. Það hefur verið sett upp stafræn stöð á Sauðárkróki. Það er verið að setja upp stafræna stöð núna á Húsavík. Næsta verkefni verður uppsetning stafrænnar stöðvar á Egilsstöðum og þar næst kemur Borgarnes.

Í sambandi við það að jafna símagjöldin, þá er það ekki hægt fyrr en búið er að gera ákveðnar

breytingar á kerfinu þannig að það geti tekið við hugsanlegri aukningu á álagi. Hins vegar er búið að jafna símagjöldin allvíða og er það gert um leið og þessar tæknilegu breytingar eru gerðar. T.d. er 92-svæðið allt eitt og sama kerfi. Þannig er það í Skagafirði. Þannig verður það á Húsavík og í Norður-Þingeyjarsýslu. Þannig verður það á Egilsstöðum og í nágrenni Egilsstaða eftir því sem tækninni fleygir fram og þannig mun það einnig verða í Borgarfirði þegar lokið verður þessum framkvæmdum.

Það er enn fremur nauðsynlegt að fjölga mönnum við viðhald og eftirlit símakerfisins vegna aukins tæknibúnaðar og nýrra þjónustugreina, svo sem sjálfvirka farsímans og almenna gagnaflutninganetsins.

Ég vil að síðustu líka bæta því við að ljósleiðari hefur nú verið lagður frá Reykjavík og austur á Hvolsvöll sem er stórfelld breyting. Ég fyrir mitt leyti legg áherslu á að framkvæmdum við ljósleiðarakerfið haldi linnulaust áfram, en það verður ekki gert nema með því að Landssíminn fái sitt til þess að fylgja þessari öru tækniþróun. Farsíminn er eitt mesta öryggistæki sem tekið hefur verið í þjónustu símans og ég hygg að í septembermánuði hafi verið komnir um 1360 farsímar í loftið.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við fsp. minni. Ég treysti því að hann a.m.k. leggi áherslu á að þær úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að draga úr þeim truflunum sem eru í símakerfinu vegna álags og eru tilefni fsp., heyri sem fyrst sögunni til því þær eru stórkostlega bagalegar eins og allir þekkja sem þurfa að nota langlínu eitthvað að ráði.

Hæstv. ráðherra nefndi línuskort sem eina af helstu ástæðum fyrir þessu þó að fleira gæti komið til. Ég hef heyrt að það skorti sums staðar ekki á línur heldur á tengibúnað í viðkomandi stöðvum.

Ráðherra nefndi það hér, tók ég eftir, að það hefði verið hætt við að kaupa efni vegna gömlu stöðvanna þegar farið var út í endurnýjun með stafrænu kerfi. Þarna hygg ég að sé kannske ein meginástæðan fyrir því ástandi sem nú ríkir í þessum efnum, að það vanti þennan tengibúnað í gömlu stöðvarnar, fyrir utan að álagið á þær hafi orðið meira en gert var ráð fyrir og þær anni ekki álaginu af þeim sökum. Það væri gott ef þetta er rangt til getið, að ráðherra gæti greint frekar frá því, en ég hygg að þetta sé mál sem þurfi athugunar við og hvort það er forsvaranlegt í rauninni að bíða eftir stafrænu stöðvunum alls staðar til að bæta úr þessum ágöllum og hvort ekki sé mögulegt að leysa þessi vandræði áður með því að lappa upp á það sem fyrir er fyrir þá sem lengst eiga í land með að fá úrlausn með nýrri tækni.

Einn þátturinn í þessu máli er eflaust sá að það er farið að vísa mun meira á símann af ýmsum aðilum í þjóðfélaginu. Það eru ýmsir aðilar að auglýsa eftir því að notendur hringi á tilteknum tímum, en það hefur í för með sér aukið álag á símann. Þar á meðal eru nýju útvarpsstöðvarnar, sjónvarp og hljóðvarp, sem ýta á notendur að hringja eftir beiðni án þess að þær hafi fullnægjandi viðtöku, nægar rásir til þess að það náist við þær samband. Þetta á áreiðanlega sinn þátt í því að truflanir verða meiri en ella. Allt þetta skiptir miklu máli. Jöfnun símgjalda og jöfnun símkostnaðar mun ég ræða sérstaklega þegar kemur að þáltill. minni þar að lútandi og geri það ekki frekar hér að umræðuefni.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það vantar vitaskuld tengingar, en hins vegar er sjálfsagt að nýta það sem fyrir er og það hefur verið gert hjá símanum á undanförnum árum. Þegar gerðar hafa verið stækkanir á sjálfvirkum símstöðvum hafa símstöðvarnar sem fyrir eru verið fluttar til á minni staði. Hins vegar getur álagið verið of mikið. Við getum aldrei byggt símakerfi á því ef útvarpsstöð eða einhver slík óskar eftir samtölum. Ef það hringja allir í hana bilar kerfið, kerfið þolir það ekki. Við það verður ekki ráðið.

Ég tel að það hafi verið unnið afar mikilvægt starf hjá símanum á undanförnum árum og langmikilvægast af öllu er ljósleiðarakerfið. Það er mikill munur að leggja ljósleiðara, þar sem ekki þarf magnara nema á 50 km millibili, í stað blýkapla sem þurfti magnara á, ef ég man rétt, með um 15 metra millibili. Þetta leysir af höndum stórkostleg vandamál og því legg ég sem samgönguráðherra gífurlega áherslu á að þessum framkvæmdum verði haldið áfram og við það verður að miða gjaldskrá Pósts og síma á næsta ári og næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. samgrh. í sambandi við ljósleiðara. Ég hygg að þar sé tækni á leiðinni sem við eigum að nýta í sambandi við fjarskiptakerfið. Það er dýr uppbygging og það er ófært að landsbyggðin sé að borga fyrir þessa uppbyggingu með stórfelldu skattlagningu í gengum símtölin og það verður að leiðrétta.

Kjarnorkuverið í Dounreay í Skotlandi, ein umr.

Fsp. SDK, 35. mál. — Þskj. 35.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Snemma s.l. sumar bárust fregnir af því hingað til lands að stjórnvöld á Bretlandseyjum hygðu á stórfellda stækkun á kjarnorkuverinu í Dounreay í Norður-Skotlandi og áætla að reisa þar stærstu plútoníumendurvinnslustöð í heimi. Plútoníum er eitthvert allra hættulegasta efni sem menn

þekkja. Það finnst ekki í náttúrunni og ef menn anda að sér svo miklu sem einum milljónasta úr grammi af plútoníum leiðir það til krabbameins. Það tekur plútoníum 25 þúsund ár að eyðast ef það berst út í andrúmsloftið eða út í náttúruna og áætlað er að aðeins hálft kíló af þessu efni þurfi til að eyða öllu lífi á jörðunni.

Dounreay er nyrst í Skotlandi og öll losun úrgangsefna frá þessu kjarnorkuveri berst jafnhraðan með hafstraumum um Norður-Atlantshaf, þar á meðal upp að Íslandsströndum. Slík losun á sér þegar stað, en hún mun margfaldast verði kjarnorkuverið stækkað og hér er engin smástækkun á ferðinni heldur er áætlað að auka framleiðslugetu versins um 1500% eða úr 5 tonnum af plútoníum á ári í 80 tonn.

Af losun geislavirkra úrgangsefna í Norður-Atlantshaf frá slíku kjarnorkuveri stafar okkur Íslendingum bein og bráð hætta svo ekki sé minnst á fiskistofnana sem við byggjum afkomu okkar á.

Í öðru lagi virðist kjarnorkuverið í Dounreay ákaflega ótryggt. Árið 1984 urðu 194 slys í verinu, þar af 8 sem voru opinberlega skilgreind sem meiri háttar. Í fyrrahaust munu 25 kg af plútoníum hafa týnst í framleiðslukerfi versins sem leiddi til þess að upp safnaðist kljúfanlegt efni í því magni að nálgaðist hættumörk. Alls hafa orðið 1262 slys í þessu kjarnorkuveri á 8 ára tímabili, þ.e. frá 1977 til 1984. Það er því ljóst að í næsta nágrenni við okkur er kjarnorkuver sem hefur alla eiginleika til að verða annað Chernobyl og ef það gerist, ef stærsta plútoníumendurvinnslustöð í heimi, sem Bretar hyggja á að reisa þarna, bilar þarf ekki að spyrja um framhaldið fyrir okkur Íslendinga. Það má gera ráð fyrir að líf eyddist í og við stóran hluta Norður-Atlantshafs.

Hér er því um ákaflega alvarlegt mál að ræða og því spyr ég hæstv. utanrrh. á þskj. 35:

„1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif stækkun kjarnorkuversins í Dounreay á Skotlandi getur haft á Norður-Atlantshafið og þá sérstaklega með hliðsjón af losun geislavirkra úrgangsefna í hafið?

2. Hefur ráðherra gripið til einhverra aðgerða í þessu máli."

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Síðan þessi fsp. var lögð fram á Alþingi hef ég leitað umsagnar um þetta mál hjá Hafrannsóknastofnun, hjá sérfræðingi ríkisstjórnarinnar um kjarnorkumálefni, prófessor Magnúsi Magnússyni, hjá Geislavörnum og hjá Siglingamálastofnun. Það hafa ekki borist til ráðuneytisins þær umsagnir sem var óskað eftir, en um leið og þær hafa til ráðuneytisins komið mun ég láta þingmönnum þær í té og að sjálfsögðu meta málið þegar þær hafa verið yfirfarnar.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Athugasemdin skal vera stutt. Í haust eða sumar ræddi ég við formann Sjómannafélags Færeyja. Þá var hann að skýra mér frá því að sjómenn í Færeyjum hefðu mótmælt þessari stöð, fiskveiðisjómenn í Bretlandi og Danmörku hefðu mótmælt henni líka og þeir hefðu í hyggju að boða til stærri fundar og víðtækari til að mótmæla þessari stöð. Ég hef ekki tíma til að lýsa þeim orðum sem hann viðhafði, hvaða hættu þetta byði heim varðandi fiskistofnana, en þau eru miklu sterkari en hjá virðulegum þm. Sigríði Dúnu.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin, en mér þykir slæmt að heyra að enginn skriður er kominn á þetta mál af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég ítreka að það er ákaflega brýnt að hafist verði handa í þessu máli. Það þolir enga bið.

Hvað varðar athugasemd hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar liggur í augum uppi að ítarlegri upplýsingum er ekki hægt að koma á framfæri í jafnstuttu máli og okkur þm. leyfist í þessari umræðu. Hættan er svo mikil að það ná varla orð yfir hana.

Ég vil líka benda á að hætta á meiri háttar kjarnorkuslysi eykst í sama hlutfalli og stækkun versins, þ.e. sextánfalt, ef af þessari stækkun verður. Einnig vil ég láta þess getið að það er áætlað að fljúga með plútoníum frá verinu, flytja það þannig frá framleiðslustað þangað sem það er notað, og það þarf ekki nema eitt flugslys til að við fáum heilan flugvélarfarm af plútoníum í hafið.

Það er líka vitað að bátar og veiðarfæri draga að sér geislavirk efni og því eru sjómenn þegar í bráðri hættu vegna losunar úrgangsefna frá þessu kjarnorkuveri.

Ég vil því brýna fyrir íslenskum stjórnvöldum að sofa ekki á verðinum í þessu máli heldur hefjast þegar handa.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Athugasemd mín er fólgin í því að ég hvet hæstv. utanrrh. til þess að fylgjast með þessu máli. Það er mjög alvarlegt mál sem hér hefur verið hreyft. Ég hvet hann til að afla þeirra gagna og reka á eftir þeim sem hann var búinn að leggja drög fyrir að fá. Það er rétt að það komi fram í þessari umræðu að þingmannaráð norðvestursvæðisins, þ.e. samstarfsráð Alþingis og Lögþings Færeyinga og Landsþings Grænlendinga, tók þetta mál til meðferðar og ályktaði um það. Mér er kunnugt um verulegar áhyggjur þingmanna í þessum löndum út af málinu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Vegna þessa máls vil ég geta þess að umhverfismálaráðherrar Norðurlanda hafa verið að fjalla um það ásamt fleiri málum í sambandi við bæði kjarnorku og mengunarmál. Það stendur yfir fundur einmitt nú, í dag eða á morgun, í Osló þar sem m.a. þessi mál eru á dagskrá. Fulltrúar frá Íslandi eru þar staddir og munu gefa skýrslu þegar þeir koma heim.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur að nokkru leyti upplýst það sem ég ætlaði að gera, en mér þykir rétt að þingheimur viti af því að á Norðurlandaráðsþingi á síðasta ári bar ég fram fsp. til ráðherranefndarinnar um annað kjarnorkuver og afleiðingar þess, en það er í Shellafield þar sem áður hét Windscale. Þar er löngu vitað að eru stórskaðleg efni í sjónum, börn hafa veikst og annað slíkt. Um það eru til viðamiklar skýrslur.

Fsp. minni svaraði umhverfismálaráðherra Dana, Christian Christensen, og tók mjög undir það að Norðurlöndin hefðu um þessi mál samstarf og ég held að mér sé óhætt að segja að við Íslendingarnir í Norðurlandaráði munum svo sannarlega fylgja því eftir að svo verði gert.

Að lokum, herra forseti, held ég að mál eins og þessi veki enn upp þá mikilvægu spurningu hvort ekki sé tími til kominn að stofnað verði umhverfismálaráðuneyti á Íslandi. Það er ákaflega erfitt að eiga við umhverfismál þegar þau heyra undir velflest ráðuneytin.

Rannsóknarlektor í sagnfræði, ein umr.

Fsp. SDK, 36. mál (kennslu- og stjórnunarskylda). — Þskj. 36.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Þann 17. sept. s.l. setti menntmrh. í stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands. Þessi staða var ekki ný af nálinni heldur hafði prófessor Þór Whitehead gegnt henni um árabil í þeim tilgangi að rannsaka sögu íslenskra utanríkismála. Staðan var skilgreind fyrir þetta sérsvið sagnfræðirannsókna.

Þegar menntmrh. setti í stöðuna í sept. s.l. hafði hins vegar enginn gegnt henni í u.þ.b. fjögur ár. Sá maður sem ráðherrann setti í stöðuna hefur sérmenntun á sviði stjórnmálaheimspeki og eftir því sem best er vitað hefur hann hvergi komið nærri rannsóknum á sögu íslenskra utanríkismála eða sagnfræðirannsóknum. Jafnframt mun ráðherra hafa sett hann í stöðuna til rúmlega þriggja mánaða, en eins og þeir sem nálægt rannsóknum hafa komið vita er ekki líklegt að fræðimaður fái rannsakað mikið og skilað einhverjum niðurstöðum á jafnskömmum tíma. Því vaknar sú spurning sem ég ber fram til hæstv. menntmrh. á þskj. 36: Hvert er hlutverk þessa rannsóknarlektors í sagnfræði? Hvað á hann að rannsaka á þessum 3½ mánuði sem hann er settur í stöðuna og hvernig á hann að rannsaka sögu íslenskra utanríkismála þegar hann er augljóslega ekki búinn undir slíka rannsóknastarfsemi?

Óljóst er einnig hvort þessi lektor hefur kennslu- og stjórnunarskyldu eins og aðrir lektorar Háskólans og því er spurt sérstaklega að því. Jafnframt er um það spurt hvort þess megi vænta að stöður rannsóknarlektora verði stofnaðar í öllum þeim greinum sem nú eru kenndar við Háskóla Íslands eða hvort hér er um einsdæmi og einangraða stöðuveitingu að ræða.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Svar við fyrri lið fsp. er svohljóðandi: Hlutverk lektorsins er að starfa að sagnfræðirannsóknum. Ekki er mælt fyrir um kennsluskyldu, en um stjórnunarskyldu fer eftir lögum um Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir þátttöku lektora í tilteknum stjórnunarstörfum.

Svar við síðari lið: Áform eru ekki um að stofna stöður rannsóknarlektora í fleiri greinum eins og sakir standa. Hins vegar má minna á að við Háskóla Íslands eru þegar nokkrar stöður sérfræðinga sem ætlað er að sinna rannsóknastörfum án kennsluskyldu.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru í knappara lagi svo að ekki sé meira sagt. Það er hins vegar fróðlegt fyrir kennara og nemendur í sagnfræði við Háskóla Íslands að nú er vitað að rannsóknarlektorinn á að starfa að sagnfræðirannsóknum þótt hann hafi ekki sérmenntun til þess og ekki er enn ljóst hvernig hann á að skila einhverju verki á 3½ mánuði í þessari stöðu.

Allir vita hversu litlu fé er veitt til Háskólans og til rannsókna hér á landi yfirleitt og hversu brýn þörfin er fyrir rannsóknarstöður í öllum þeim fræðigreinum sem kenndar eru við Háskóla Íslands. Og fyrir háskólamenn almennt er fróðlegt að fá það hér upplýst að þessi stöðuveiting er einsdæmi, að ekki stendur til að stofna slíkar stöður við aðrar deildir Háskólans.

Fyrir stjórnmálamenn og almenning er það kannske helst fróðlegt við þetta knappa svar að þessi ráðherra Sjálfstfl., hæstv. menntmrh., hefur varla látið hagsmuni sagnfræðikennslu við Háskóla Íslands ráða við þessa stöðuveitingu.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Herra forseti. Athugasemd mín þarf ekki að vera löng. Ég tel að þessi fsp. hv. 11. þm. Reykv. sé bundin við persónuna sem var skipuð í þá stöðu sem hún gerði að umræðuefni og eigi engan rétt á sér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég færi ráðherra þakkir fyrir að kennsluskylda fylgdi ekki.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tek undir viturlega athugasemd hv. 5. þm. Vestf. jafnframt því sem ég lýsi því yfir að ég tel að þessi embættisveiting sé pólitískt hneyksli af hálfu hæstv. menntmrh. Það er auðvitað ekki nýtt að hann sé uppvís að slíku. Hins vegar finnst mér fróðleg athugasemd hæstv. iðnrh. og ég spyr hæstv.

forseta hvort hann sé sammála ráðherranum um að forsetanum hafi orðið á embættisglöp að leyfa þessa fsp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Það skal tekið fram að forseti telur að það hafi verið eðlilegt að leyfa fsp., enda fordæmi fyrir því að slíkar fsp. séu leyfðar.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):
Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd til að styrkja forseta í þeirri ákvörðun sinni að hafa leyft þessa fsp.

Hæstv. iðnrh. til upplýsingar vil ég benda honum á að þegar menn eru settir í stöður við Háskóla Íslands fer það eftir hæfni þeirra til að gegna stöðunni og því er stöðuveitingin óhjákvæmilega bundin við persónu þeirra.

Rannsóknarlektor í sagnfræði, ein umr.

Fsp. SDK, 37. mál (setning í stöðu). — Þskj. 37.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):
Herra forseti. Endurreisn hæstv. menntmrh. á stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands hefur verið fagnað af þeim sem málið er skyldast, en því jafnframt kröftuglega mótmælt af þeim sömu aðilum hvernig að þessari stöðuveitingu var staðið af hálfu ráðherra.

Ljóst er að margir fræðimenn íslenskir hafa meiri menntun í sagnfræði en dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem ráðherra setti í stöðuna og að Hannes Hólmsteinn hefur aldrei verið dæmdur hæfur til að gegna embætti í sagnfræði yfirleitt. Einnig er ljóst að við þessa stöðuveitingu virti ráðherra ekki þau lög sem í gildi eru um stöðuveitingar við Háskóla Íslands. Í ályktun fundar kennara í sagnfræði við Háskóla Íslands frá 19. sept. s.l. segir svo, með leyfi forseta:

„Fundurinn harmar að ráðið skuli hafa verið í stöðuna án þess að hún hafi verið auglýst eins og lög mæla fyrir. Aðstæður geta varla réttlætt undantekninguna sem hér var gerð. Eins og málum var háttað fengu hvorki dómnefnd né heimspekideild tækifæri til að meta hæfi manna til að gegna stöðunni líkt og lög og reglugerðir Háskólans segja til um. Það er sérstaklega mikilvægt að ákvæðum laga um auglýsingu stöðu sé fylgt við háskóla til að standa vörð um reisn fræðigreinar og frelsi hennar til að þróast eðlilega."

Í ályktun aðalfundar Sagnfræðingafélagsins frá 30. sept. s.l. segir svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Sagnfræðingafélagsins haldinn 30/9 1986 lýsir vanþóknun sinni á þeirri aðferð sem höfð var við ráðningu rannsóknarlektors í sagnfræði við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 15. sept. s.l. Um leið og því ber að fagna að menntmrh. hefur ákveðið að endurreisa stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði er mjög ámælisvert að hann skuli hafa sett mann í stöðuna eftir eigin geðþótta. Þannig hefur ráðherra virt að vettugi lög og reglur sem gilda um stöðuveitingar við Háskóla Íslands og vanvirt það sjálfræði sem akademísk fræði eiga tilkall til að njóta."

Í ályktun frá Félagi sagnfræðinema við Háskóla Íslands, Espólín, frá 23. sept., kveður og við sama tóm. Miklu skiptir að mínu viti að ráðherra menntamála á hverjum tíma virði sjálfstæði og hlutverk þeirra menntastofnana sem undir hann heyra og því spyr ég núv. menntmrh. á þskj. 37:

„1. Hvaða forsendur lagði ráðherra til grundvallar þegar hann setti í stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands 17. sept. s.l.?

2. Hvers vegna var staðan ekki auglýst?"

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):
Herra forseti. Svar við fyrri lið: Forsenda þeirrar ráðstöfunar sem hér um ræðir var sú að fyrir nokkrum árum var stofnað til stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands. Staðan lagðist hins vegar niður þegar fræðimaður sá er gegndi henni tók við prófessorsembætti. Með setningu rannsóknarlektors nú er þráðurinn tekinn upp að nýju.

Svar við síðari lið: Starfinu er að svo stöddu einungis ráðstafað til 3½ mánaðar, þ.e. tímabilið 15. sept. til 31. des. 1986. Við ákvörðun um setningu var tekið fram að yrði fé veitt til stöðu rannsóknarlektors í fjárlögum 1987 mundi menntmrn. beita sér fyrir því að starfið yrði auglýst laust til umsóknar frá byrjun þess árs.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):
Herra forseti. Ég þakka menntmrh. enn knappt svar. Í þessu svari kom bókstaflega ekki nokkur skapaður hlutur fram um það hvers vegna dr. Hannesi Hólmsteini var veitt þessi staða. Hæstv. ráðh. svaraði á þann veg að hann hefði viljað endurreisa þessa stöðu, en það svarar engu um það hvers vegna dr. Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni var veitt þessi staða og hvaða forsendur lágu þar til grundvallar.

Samkvæmt lögum og reglugerðum um Háskóla Íslands ber að auglýsa allar stöður, sama hvort þær eru til þriggja mánaða eða ævilangt, þannig að það er ljóst að hæstv. ráðh. hefur þarna gengið á snið við þau lög sem þessi samkunda setur og ætlast er til að séu virt í landinu. Eftir stendur í rauninni að eina ferðina enn hefur hæstv. ráðh., ráðherrann með valdið eins og hann er títt nefndur af háskólamönnum, beitt valdi sínu þvert á vilja og sjálfstæði Háskóla Íslands og því hefur hann sem yfirmaður Háskóla Íslands enn á ný sýnt þessari æðstu menntastofnun þjóðarinnar vanvirðingu. Það er ekki í fyrsta sinn.

Ég vil ítreka að stjórnvald sem hundsar þann

hornstein þekkingar og lýðræðis sem sjálfstæði háskólastofnana er í raun er stjórnvald sem er hættulegt bæði lýðræði og þekkingu. Og nú er mál að linni, hæstv. ráðherra.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á því að á þskj. 36 og 37 hafa verið bornar fram tvær fsp. um alveg sama efni til menntmrh., um stöðu rannsóknarlektors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands. Ég tel, herra forseti, að hér sé verið að fara á svig við þingsköp og misnota fyrirspurnaformið. Það gefur auga leið að þm. sem vill bera fram fsp. í fjórum liðum, ef fara skyldi eftir þessari reglu hér, ber hana fram á fjórum þskj. til þess eins að fá meiri tíma til umræðna og til að kynna sitt mál. Ég er ekki að leggja efnislegan dóm á það sem um er hér spurt, það er ekkert um það að ræða, heldur er málið það að hér hefur fsp. verið klofin í tvennt. Það hefði alveg eins mátt setja hana fram á fjórum þskj. Ég held, herra forseti, að hér sé verið að fara inn á vafasama braut í þingvinnunni að ekki sé meira sagt og þegar berast fsp. um sama efni frá einum þm., þó að þeim sé skipt á tvö þskj., eigi þær í raun að vera á einu þskj. að eðli máls. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er ágætt að hv. þm. veki athygli á því sem þeir telja að megi betur fara um framkvæmd þingskapa. Það getur stundum verið álitamál hvað á að leyfa og hvað á ekki að leyfa í því tilfelli sem hv. 5. landsk. þm. var að nefna. Það skal tekið fram að það er oftar sem forseti bendir á að fsp., sem kemur í einu lagi á hans borð, sé of löng, of viðamikil og það komi til athugunar að hafa frekar tvær fsp. Þetta er matsatriði hverju sinni. Forseti reynir að leitast við að líta hlutlægt á málið og telur ekki neina ástæðu til að gagnrýna þetta umfram önnur matsatriði sem hljóta alltaf að koma fram í sambandi við framkvæmd þingskapa.

Orlofsdeild Póstgíróstofu, ein umr.

Fsp. KP, 41. mál. — Þskj. 41.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Eins og þingheimi mun kunnugt hefur svo verið á annan áratug að stór hluti af launafólki hefur ávaxtað orlofsfé sitt innan orlofsdeildar Póstgíróstofunnar. Ég hef lengi haft ýmsar athugasemdir fram að færa, bæði við þessa ávöxtunaraðferð vegna þess að ég tel hana verri en aðrar ávöxtunaraðferðir bjóða upp á og ekki síður hitt að ekki hefur allt verið sem skyldi að mínu viti í samskiptum forsvarsmanna orlofsdeildar Póstgíró við launþega og stéttarfélög.

Ég hef haldið því fram og tel það rétt að ávöxtun orlofsfjár í þessu kerfi eigi að vera liðin tíð. Það eru miklu hagstæðari ávöxtunarmöguleikar fyrir hendi og því hafi verið rétt að breyta til. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér bréf sem formála að þeim fsp. sem hér eru lagðar fram. Það er undirritað af hæstv. félmrh. þann 25. apríl 1986. Ég held að það segi nokkuð um a.m.k. hluta af fsp. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af viðræðum við yður varðandi vexti af orlofsfé fyrir orlofsárið 1. maí 1985 til 30. apríl 1986 hefur ráðuneytið í dag ákveðið að vextir af orlofsfé, sem kemur til greiðslu eftir 1. maí n.k., verði 24%. Jafnframt lýsir ráðuneytið yfir því að verði halli á orlofssjóði, þ.e. að vaxtatekjur nægi ekki til þess að standa undir greiðslu þessara vaxta til launþega, muni ráðuneytið vinna að því að sá halli verði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 11. gr. laga nr. 87/1971 með síðari breytingum, og/eða með samningum við Seðlabanka Íslands og Póst- og símamálastofnunina."

Þetta segir æðimikið. Ég hygg líka að það hafi verið innt af hendi einhver greiðsla af hálfu ríkissjóðs til orlofsdeildar Póstgíró. Ég tel nauðsynlegt að fá um það umræður á Alþingi hvað þarna hefur gerst og því hef ég leyft mér að setja fram á þskj. 41 til hæstv. félmrh. eftirfarandi fsp.:

„1. Hefur ríkissjóður innt af hendi vaxtagreiðslur til orlofsdeildar Póstgíróstofunnar fyrir orlofsárið 1985–1986?

2. Ef svo er, hver var upphæð greiðslunnar?

3. Telur ráðherra að stéttarfélög eigi að ávaxta orlofsfé innan Póstgíróstofunnar?"

Í þessu tilfelli vil ég benda á að þarna hefur verið orðað á annan hátt en ég gerði ráð fyrir. Ég vildi spyrja að því hvort hæstv. ráðherra vildi enn þröngva stéttarfélögum til að ávaxta fé í orlofsdeild Póstgíró og kem kannske að því síðar.

„4. Hver er að mati ráðherra rekstrargrundvöllur orlofsdeildar Póstgíróstofunnar?"

Ég dreg mjög í efa að hann sé góður og er nærri viss um að hann fer sífellt versnandi.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. frá hv. þm. vil ég segja þetta um 1. lið:

Póst- og símamálastofnunin, sem er vörsluaðili þess orlofsfjár sem Póstgíróstofan innheimtir, ávaxtar innborgað orlofsfé á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Samkvæmt samkomulagi aðila eru vaxtakjör sambærileg við þau vaxtakjör sem viðskiptabankarnir bjóða best. Ríkissjóður annast hvorki innheimtu né vörslu orlofsfjár og innir því engar vaxtagreiðslur af hendi til orlofsdeildar

Póstgíróstofunnar. Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1971 með síðari breytingum er hins vegar gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði kostnað við rekstur orlofsverkefnisins að svo miklu leyti sem vaxtatekjur og orlofsfé hrökkva ekki til til að bera kostnaðinn. Til þessa hefur þó ekki komið á undanförnum árum nema vegna orlofsársins 1984–1985, en þá var halli á rekstri orlofsverkefnisins sem nam 10 847 307 kr. Var sú fjárhæð greidd af ríkissjóði á yfirstandandi ári í samræmi við áðurnefnt lagaákvæði. Þessi rekstrarhalli stafaði fyrst og fremst af miklum vanskilum við orlofssjóðinn vegna rekstrarörðugleika sem fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu áttu við að stríða á þessum tíma. Samkvæmt uppgjöri Póst- og símamálastofnunar fyrir orlofssjóð vegna orlofsársins 1985–1986 er um nokkurn rekstrarafgang að ræða þannig að ekki kemur til greiðslu úr ríkissjóði vegna þess árs.

Um 2. lið: Samkvæmt framansögðu hafa engar greiðslur verið inntar af hendi vegna orlofsársins 1985–1986.

Um 3. og 4. lið: Sú tilhögun að fela Póstgíróstofunni innheimtu og vörslu orlofsfjár var upp tekin 1. mars 1973 að tillögu nefndar fulltrúa vinnumarkaðarins og að frumkvæði aðila og eru gildandi reglur settar í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Þegar þessi aðdragandi er hafður í huga verður að telja eðlilegt að frumkvæði að breytingum komi frá þeim aðilum sem sömdu um kerfisbreytinguna á sínum tíma. Af þessu ástæðum skipaði ég sérstaka nefnd sem í eiga sæti fulltrúar framangreindra aðila og fól henni að taka til skoðunar hvort ástæða væri til breytinga á núverandi tilhögun á meðferð orlofsfjár. Hef ég nýlega ítrekað með bréfi til formanns nefndarinnar ósk um að nefndin hraði störfum og vænti ég þess að álit nefndarinnar liggi fyrir innan skamms. Tel ég því ekki tímabært að tjá mig um breytingar á núverandi tilhögun fyrr en mér hafa borist í hendur tillögur þessarar nefndar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hans svör sem ég raunar taldi mig nokkuð vita um. Það hefur komið í ljós að um 11 millj. hefur verið varið úr ríkissjóði til að greiða vaxtatekjur hjá orlofsdeild Póstgíró það orlofsár sem við erum hér að tala um. Þetta þýðir í reynd að það vantar 3% upp á að það væru greidd þau vaxtakjör sem hægt er að fá í öðrum peningastofnunum. Það vantar 3% upp á það plús rekstrarkostnað orlofsdeildarinnar. Það finnst mér æðimikið ef launþegar eiga að fara að standa undir þessum rekstri plús það að fá minni ávöxtun en þeir geta með öðrum hætti fengið, en það er auðvitað meginmálið.

Ég fullyrði að það var svo lengst af að ávöxtun hjá orlofsdeild Póstgíró var miklum mun lægri en hægt var að fá annars staðar í kerfinu. Hún hækkar ekki fyrr en það var gert samkomulag á Vestfjörðum um að stéttarfélögin semdu við sína vinnuveitendur og peningastofnanir um að ávaxta féð innan þeirra. Þá stórbötnuðu ávöxtunarkjörin. Þetta er hægt að gera miklu víðar. Þrándur í götu þess að þetta verði gert hefur verið tregða bæði hæstv. félmrh. og kerfisins við að viðurkenna að við verðum að breyta um stefnu.

Þetta er nauðsynlegt að menn skoði því að að auðvitað nær ekki nokkurri átt að skattpeningar orlofsþeganna séu nýttir til að borga hækkaða vexti í orlofsdeildinni. Þetta er hrein hringavitleysa og tekur engu tali. Það á að ávaxta þetta fé á skynsamlegasta hátt sem hægt er að gera í peningastofnunum og með eðlilegum hætti. Það mætti því að mínu viti leggja þessa stofnun niður. Hún hefur ekki lengur neinum tilgangi að þjóna ef menn á annað borð vilja bæði spara og láta fólk njóta þeirrar ávöxtunar sem launafólk á rétt á við þær aðstæður sem við erum að tala um.

Ég vænti þess að þetta sé fleirum hv. þm. ljóst en mér og ég vænti þess svo sannarlega, af því að ég er einn af þeim sem eiga sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra vitnaði til, að sú nefnd fari að skila af sér. Það er löngu kominn tími til að svo verði gert. En ég spyr hæstv. félmrh.: Fylgdu engar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ráðherra því bréfi sem hann skrifaði undir og ég las áðan að því er varðar framhaldið á ávöxtun orlofsfjárins? Ég spyr hæstv. ráðherra: Fylgdu engar yfirlýsingar um hvað skyldi gera í framhaldi af þeirri niðurstöðu að ríkið færi að borga þessar milljónir með orlofsdeildinni?

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál um þetta atriði. Ég undirstrika það, sem allir hv. alþm. vita, að þetta kerfi, sem við höfum búið við í sambandi við greiðslu orlofs í gegnum póstgírókerfið, er ekki búið til af stjórnvöldum. Það er búið til af aðilum vinnnumarkaðarins sem sömdu um þetta kerfi og þess vegna er ósköp eðlilegt framhald þess að sömu aðilar fjalli um þetta og reyni að komast að samkomulagi um það ef þeir vilja breytingar.

Hitt er svo annað mál, eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að auðvitað er svona kerfi eins og annað ekki þannig uppbyggt að það eigi að viðhalda því alla tíð. Ég er ekki talsmaður þess endilega að halda uppi dýru kerfi ef aðilar vinnumarkaðarins vilja það ekki. Póstgírókerfið kostar í þessu tilfelli fyrir orlofsárið 1985 um 17 millj. kr. Það er spurning hvort hægt er að leysa þetta á annan veg. En ég geri ráð fyrir að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins líti fyrst og fremst á öryggið í þessum málum, að það er verið að tryggja öryggi í þessum málum fyrir vinnandi fólk. Það er atriði númer 1, 2 og 3. Ég veit ekki betur en póstgírókerfið hafi til þessa greitt hæstu ávöxtunarkjör sem þekkjast hér á landi. Það hefur tekist og ríkið hefur ekki þurft að borga neitt í sambandi við það fyrr en í fyrsta sinn núna að það þurfti að leggja þarna fram tæpar 11

millj. kr. vegna reksturs kerfisins.

En ég undirstrika að lokum að það eru aðilar vinnumarkaðarins sem um þetta eiga að semja og það er í lögum að kostnaður við framkvæmd þessa máls greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti semn vaxtakjör hrökkva ekki til að bera kostnaðinn. Þetta er aðalatriðið. En ég bíð eftir tillögum eða umsögn þessarar nefndar og strax þegar hún kemur munum við endurskoða málið.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði ekki minni fsp. um hvort yfirlýsing hefði fylgt því bréfi sem hann skrifaði undir. Ég ítreka þá spurningu hvort yfirlýsing hafi fylgt því bréfi sem hann undirritaði og sendi varðandi áframhald í orlofsdeild Póstgíró.

Það er verið að kenna aðilum vinnumarkaðarins um þetta kerfi. Þetta var samþykkt á Alþingi á sínum tíma. Hæstv. ráðherra veit að bæði fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins hafa lýst því yfir að þeir vilja breytingu á þessu kerfi. Það gerðist í þeirri nefnd sem sat að störfum undir formennsku manns sem hæstv. ráðherra skipaði. Þetta er hæstv. ráðherra kunnugt um.

Ég vísa því á bug að orlofsdeild Póstgíró hafi borgað bestu ávöxtunarkjör á landinu. Ég ætla að minna á í örfáum tölum að árið 1980–1981 borgaði Póstgíró 34% í ávöxtun, hefði átt að vera 47,99 skv. bestu ávöxtunarkjörum. Árið 1981–1982 borgaði Póstgíró 34%, hefði átt að borga 45,95% skv. bestu ávöxtunarkjörum. Orlofsárið 1982–1983 borgaði Póstgíró 57%, hefði átt að borga 83,55% samkvæmt bestu ávöxtunarkjörum. Þarna tel ég að Póstgíró hafi ekki staðið í stykkinu að borga þá ávöxtun sem best er. Þetta er rangt kerfi og það á að afnema. Hæstv. ráðherra veit það. Ég ítreka fsp.: Fylgdi engin yfirlýsing bréfinu sem ég vitnaði til áðan?

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Vegna ítrekaðrar fyrirspurnar hv. fyrirspyrjanda vil ég aðeins ítreka það, því að ég held að hann hafi þetta bréf undir höndum, að ég lagði áherslu á að fá afstöðu nefndarinnar til málsins svo að hægt væri að taka endanlega ákvörðun um hvort þessir aðilar vinnumarkaðarins vilja breyta kerfinu eða ekki. (**KP:** Fylgdi engin yfirlýsing?) Það er yfirlýsing um að við þurfum að fá þetta álit. Og ég vænti þess að það komi fram fyrst hv. fyrirspyrjandi er einn af þeim sem eru í þessari nefnd.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú verður leyfð umræða utan dagskrár samkvæmt 1. mgr. 32. gr. þingskapa um síldarsamninga við Sovétríkin.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að gera fyrirspurn til hæstv. viðskrh. út af síldarsölusamningum við Sovétríkin og viðskiptum milli Íslendinga og Sovétmanna sem í augnablikinu lítur út fyrir að séu að flosna upp.

Fjölmargir forustumenn verkalýðsfélaga hafa að undanförnu haft samband við mig, öðru fremur úr síldarsöltunarplássum. Ég hef áður skýrt hæstv. viðskrh. símleiðis frá meginefni þess sem hér er um að ræða og sem ég mun ræða og hann hefur svarað því að nokkru í útvarpi og sjónvarpi í gærkvöld. T.d. hefur hann lýst því yfir að hann væri tilbúinn að fara til Moskvu ef þörf væri á og að hann hefði kallað sendiherra Sovétríkjanna á sinn fund o.s.frv.

Ég vil í upphafi taka fram að málflutning minn ber ekki að skoða sem gagnrýni eða árásir á hæstv. viðskrh. nema síður sé og það er ekki dreginn í efa góður vilji hans til að drífa þessi viðskipti áfram. En hér er um svo alvarlegan atburð að ræða að heilar atvinnugreinar munu leggjast í rúst ef samkomulag tekst ekki. Saltsíldarsölusamninga fer síldarútvegsnefnd með. Síldarútvegsnefnd hefur staðið sig í gegnum árin ákaflega vel og hefur frábærlega hæfum mönnum á að skipa. Það má geta þess að Íslendingar einir flytja út meiri saltsíld en öll önnur ríki samanlagt og er það dæmi um góð vinnubrögð.

Íslenskar prjónavörur, sem áætlað var að Sovétmenn keyptu fyrr á árinu fyrir um 8 millj. dollara á þessu ári, hafa þeir aðeins keypt fyrir tæpar 3 millj. dollara eða rösk 30% og ekki útlit fyrir meiri kaup. Fyrir liggur að fjöldi prjónastofa um land allt lokar og hættir starfsemi sem mundi þýða atvinnuleysi á viðkomandi stöðum. Olíusamningar standa nú yfir í Moskvu og hætt er við að lítið verði af þeim af hálfu Íslendinga að óbreyttu ástandi.

Áhrif þess að saltsíldarsalan stöðvast til Sovétríkjanna yrðu geigvænleg. Hátt í milljarð af gjaldeyristekjum þjóðarinnar mundi glatast. Fjöldaatvinnuleysi er þegar að skella á í nokkrum sjávarplássum og tekjurýrnun sjómanna og landverkafólks er gífurleg. Hætt er við að fjöldi fyrirtækja yrði hreinlega gjaldþrota.

Skoðun mín og fjölmargra annarra er sú að þetta verði ekki leyst, ef hægt er að leysa það, nema á æðri stöðum. Ég legg til að hæstv. viðskrh. óski eftir viðræðum við viðskiptaráðherra Sovétríkjanna. Hvort þessi viðræðufundur viðskiptaráðherranna færi fram í Moskvu eða í Höfða verða þeir að koma sér saman um ef af verður. En ég endurtek: Ef hægt er að leysa þessi mál verða þau ekki leyst nema fyrir milligöngu æðstu manna, viðskiptaráðherra beggja ríkjanna.

Benda má á að hæstv. sjútvrh. lagði á sig ferð eða ferðir til Bandaríkjanna út af hvalveiðum, sem eru aðeins brot af því sem er í húfi miðað við þessa samninga, til að ræða við Bandaríkjastjórn um þær veiðar þó Bandaríkin séu ekki kaupandi að hvalafurðum heldur hafi Bandaríkjamenn tekið að sér að

vera lögregluríki Alþjóðahvalveiðiráðsins, og mun ég ekki rekja þá sögu hér.

Það er svo að þó að Íslendingar geti selt allar fiskafurðir sínar og meira til í fjölmörgum löndum fyrir gott verð er markaðssvæði síldarinnar ákaflega takmarkað. Nánast er það aðeins í löndunum við Eystrasalt. Sovétríkin hafa verið langstærsti kaupandinn og yfir 75% af saltsíldarmörkuðum okkar hafa verið þar.

Hér er ekki tími til að rekja framkomu keppinauta okkar, Norðmanna og Kanadamanna, á þessum markaði, en hún er allsérstæð. Í skjóli niðurgreidds verðs frá ríkissjóðum þessara landa keppast þeir við að undirbjóða verð Íslendinga. Í fyrra buðu Norðmenn 30% lægra verð og þegar samningar voru að takast við Íslendinga hækkuðu þeir undirboðið upp í 35%. Í ár eru þeir búnir að bjóða 30% lægra verð og eiga ábyggilega eftir að lækka sig. Ber er hver að baki nema sér bróður eigi, má segja um Norðmenn.

Kanadamenn bjóða 45–50 dollara fyrir tunnuna. Í fyrra fengum við 90 dollara. Auk þess bjóða Kanadamenn fríðindi fyrir sovésk veiðiskip í kanadískri landhelgi. Þeir eru ekki hræddir við njósnir, Kanadamenn, þegar viðskiptin eiga í hlut.

Bæði þessi ríki selja mikið af síld upp úr sjó beint út í sovésk verksmiðjuskip. Um þetta gæti ég flutt mjög langt mál og ítarlegar upplýsingar ef tími gæfist til. En ég endurtek: Það mundi valda ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf ef slitnaði upp úr þessum samningum við Sovétríkin, um viðskipti sem hafa verið báðum ríkjunum til hagsældar í 40 ár.

Ég óska hæstv. viðskrh. gæfu og gengis í þeim erfiðu og vandasömu samningum sem fram undan eru.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það er eðlilegt að þessu máli sé hreyft á hv. Alþingi, en hins vegar er engin leið að gera þessu máli nein þau skil sem nauðsynlegt er í því fyrirspurnarformi sem hér gildir.

Ég tek undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að ástæða þess að svona er komið er undirboð einkum tveggja þjóða, Kanada og Norðmanna. Sovétmenn vilja nota sér þau tilboð sem einkum Kanadamenn hafa boðið og vilja svo miða við það í samningum við okkur Íslendinga. Við höfum hins vegar talið að hér sé um undirboð að ræða, það sé um „dumping" að ræða, og ekki sé annað að leggja til grundvallar en það að við höfum selt á frjálsu markaðsverði 51 þúsund tunnur til Finna og Svía. Við viljum leggja það til grundvallar söluverði okkar síldar. Í því felst bein viðurkenning á gæðum okkar síldar umfram aðra. Sovétmenn hafa áður viðurkennt það því að þeir hafa keypt af okkur síld á hærra verði en þeir hafa keypt af Kanadamönnum. Þetta verðum við allt að hafa í huga.

Ég hef boðist til þess og óskað eftir því, ef það væri leið til þess að ljúka þessum samningum og ná samkomulagi, að fara til Moskva, en hins vegar hafa viðbrögð við því ekki verið nein enn þá svo að ég fer ekki nema einhverjar líkur séu á að það greiði fyrir málum. Við sendum orðsendingu í gær í gegnum sovéska sendiráðið. Formleg viðbrögð hafa ekki komið, en það er margt sem bendir til þess að þessi mál séu til vinsamlegrar umhugsunar hjá hinum aðilanum. Við skulum því vona að eitthvað rætist úr.

Íslendingar eru háðastir sovétmarkaðnum um sölu á saltsíld. Á s.l. ári fóru þannig 83% af saltsíldarútflutningnum til Sovétríkjanna. Sovéski markaðurinn er hins vegar einnig mikilvægur okkur varðandi ýmsar aðrar vörutegundir. Á árinu 1985 fóru 54% af karfaflökunum þangað, 52% af prjónavörum úr ull miðað við magn, 31% af heilfrysta fiskinum og 18% af lagmetinu. Þá má ekki gleyma því hvernig verðmætistölurnar eru. Á s.l. ári var mestur útflutningur á freðfiski eða 1 milljarður 46 millj. Þar næst kom síldin, 750 millj. Síðan ullarvörur, 287 millj. Og loks lagmetið, 105 millj. Á þessu ári er samningurinn um sölu á freðfiski um það bil tvöfalt hærri í bandaríkjadölum en saltsíldarsamningurinn.

Það sem við flytjum inn eru aðallega olíuvörur. Innflutningur á olíuvörum frá Sovétríkjunum hefur á síðustu árum verið um 90% af innflutningi okkar frá því landi. Á s.l. ári nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum þó ekki nema 51% af heildarinnflutningi allra olíuvara á því ári, en sé litið aðeins á þrjár helstu olíuvörurnar sem fluttar eru inn frá Sovétríkjunum nam innflutningur þeirra á síðasta ári 304 þús. tonnum eða 69% af heildarinnflutningi. Öll svartolían var keypt frá Sovétríkjunum og 61 þús. tonn af bensíni eða 64% af heildarinnflutningi. Af gasolíu voru keypt 136 þús. tonn eða 57% af heildarinnflutningi. Á þessu ári er samið um kaup á 310 þús. tonnum af olíuvörum, en búast má við að ekki komi hingað nema um 260 þús. tonn vegna stórminnkaðrar notkunar á svartolíu.

Samninganefnd er nú í Moskva til að ræða um áframhaldandi olíukaup innan ramma viðskiptasamningsins. Það er ákveðið mál frá minni hendi að ekki verði gengið frá samningi um kaup á olíuvörum frá Sovétríkjunum að svo stöddu. Ég fullvissa þingheim um að ég og ríkisstjórnin í heild munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir og greiða úr þeirri flækju sem þessi viðskipti hafa komist í.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda að hafa vakið máls á þessu stórmáli á Alþingi og mér þykir gott að hæstv. viðskrh. hefur fullvissað þingheim um að hann og ríkisstjórnin muni gera sitt til þess að úr þeim erfiðleikum geti greiðst að svo miklu leyti sem við fáum því ráðið í sambandi við saltsíldarviðskiptin við Sovétríkin.

Það eru auðvitað fleiri viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna sem hér er einnig um að ræða og það er vel að menn átti sig á því um hversu mikilvægan markað er hér að ræða. Það er ekki alltaf, finnst

mér, að sá skilningur komi fram hjá aðilum sem ættu þó að vita og sjá hversu þýðingarmikil þessi viðskipti í reynd eru.

Hér er talað um tap fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Það er rétt að það er stórt og tapið fyrir einstaklingana, þá mörgu sem vinna við saltsíldina, er auðvitað stórfellt. Á Austurlandi einu saman eru það a.m.k. um 700 manns sem hafa fasta vinnu mánuðum saman við saltsíldarverkun og þar fyrir utan koma sjómennirnir sem verið er að lækka síldarverðið hjá samkvæmt ákvörðunum nýverið. Meiri hlutinn af *þessu fólki er konur sem nota þetta sem íhlaupavinnu* eða jafnvel einu vinnuna utan heimilis á árinu. Hér er því um stórfellt áfall fyrir viðkomandi einstakling að ræða ef ekki verður ráðin bót á fyrr en seinna.

Þess er auk þess að geta að viðkomandi, margir hverjir, sennilega mikill meiri hluti, eru algerlega réttindalaust fólk. Menn hafa ekki neinar kauptryggingar, sem að þessum störfum hafa unnið, nema þeir hinir sömu hafi starfað hjá viðkomandi fyrirtæki og séu á fastráðningarsamningi. Sjómennirnir eru aðeins með tryggingu upp á um 35 þús. kr. á mánuði. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða sem hefði auðvitað þurft að liggja mjög skýrt fyrir fyrir löngu, en það hefur ekki verið á okkar valdi og *ég er ekki með neinar ásakanir í garð stjórnvalda í* þessu sambandi.

Herra forseti. Það liggur fyrir viðskiptasamningur við Sovétríkin og sérstök bókun á grundvelli samningsins frá 1953 í þessum efnum sem kveður á um að þessi viðskipti eigi að treysta undirstöðu langtímasamvinnu milli ríkjanna, eins og það er orðað í þessari bókun. Þar er einnig gert ráð fyrir því að teknir verði upp frekari samningar um útfærslu einstakra þátta. Það er því mjög eðlilegt að íslenskir ráðamenn óski eftir viðræðum við háttsetta aðila í Sovétríkjunum um þessi mál á grundvelli viðkomandi samnings.

Það er fleira en söltun síldar sem um er að ræða. Kvótinn á síld er um 65–70 þús. lestir og þó að við fylltum upp í rammann í viðskiptum við Sovétríkin eru það aðeins um rösklega 20 þús. tonn sem þar er um að ræða. Frystingin gæti svarað til um 12 þús. tonnum af síld. Öll síldarsala, þ.e. söltuð síld, til annarra landa er eitthvað í kringum 8 þús. tonn þannig að það er mjög verulegt magn sem er þarna umfram. Það er auðvitað eðlilegt að spurt sé: Á að nýta þetta magn? Hverju gera stjórnvöld ráð fyrir í því efni? Gera menn ráð fyrir að afgangurinn verði veiddur í bræðslu? Þannig eru margar spurningar í sambandi við síldveiðarnar sem nú eru hafnar.

Herra forseti. Við hljótum að leggja á það afar þunga áherslu allir hér á Alþingi, og ekki síst fulltrúar þeirra kjördæma sem hér eiga mest í húfi frá Austurlandi til Reykjaness, að allt verði gert sem unnt er til að leysa þann hnút sem blasir við.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Þau eru nú farin að tíðkast breiðu spjótin í viðskiptasamvinnu Íslendinga og Sovétríkjanna. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mikilvæga mál á dagskrá í Sþ. í dag. Afstaða Sovétríkjanna til síldarkaupa frá Íslandi síðustu daga hefur valdið bæði undrun og vonbrigðum. Rammasamningur milli ríkjanna, sem gengið hefur vel til þessa að starfa eftir, gerir ráð fyrir 240 þús. tunna sölu þangað. Nú hafa fengist yfirlýsingar frá yfirmönnum sovésku viðskiptanefndarinnar um að e.t.v. verði 20% af því magni keypt héðan. Þetta þýðir vitanlega hrun í síldarsölunni á mikilvægasta *markaði okkar Íslendinga þangað sem yfir 80%* af allri saltsíld hefur farið til þessa. Þetta þýðir stórkostlegan samdrátt og kreppu, ég segi reyndar ekki landauðn sem betur fer, en samdrátt, kreppu og stórkostleg vandkvæði í þeim sjávarplássum sem hafa byggt allt sitt á þessum árstíma á síldveiðunum.

Svo að ég taki dæmi: Í Grindavík einni saman þýðir þetta um 80 millj. kr. samdrátt í útflutningstekjum. Þetta þýðir að 700–800 manns munu ganga atvinnulaus sem ella hefðu haft atvinnu af síldarsöltun. Jólabónusinn húsmæðranna í Grindavík, svo að ég taki annað dæmi, var fyrir síðustu jól 4 millj. kr., jólin þar áður 6 millj. Þetta eru tekjur sem menn treysta á. Þær verða hugsanlega ekki fyrir hendi í dag. Þetta þýðir þess vegna verulega kjararýrnun.

Það má segja að kannske sé ekki við Sovétmenn eina að sakast í þessum efnum því að vitanlega er hér, eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskrh., um undirboð og „dumping" okkar helstu keppinauta að ræða. Slík undirboð eru bönnuð samkvæmt EFTA-sáttmálanum sem Norðmenn eru aðilar að. Slík framkoma er kannske ekki ný en hún er jafnámælisverð í þessu efni og jafnan áður.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskrh. úr þessum ræðustól áðan að af olíusamningum við Sovétríkin, olíukaupum af hálfu Íslendinga, muni ekki verða meðan þetta mál er óútkljáð. Það er rétt stefna. Það var óhjákvæmileg stefna hjá ríkisstjórninni að binda þessi tvö viðskiptamál saman á þann hátt sem gert hefur verið.

Ég fagna einnig þeirri yfirlýsingu ráðherrans að hann sé reiðubúinn að fara þegar í stað til Moskvu til viðræðna við kollega sína þar til að freista þess að fá lausn á þessu máli. Þetta er stórmál og mál sem aðeins leysist á grundvelli ráðherraviðræðna og ríkisstjórnasamskipta. Ég óska ráðherra og ríkisstjórninni allra heilla við lausn þessa máls.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli í þingsölum. Erindi mitt í þennan ræðustól var eingöngu að undirstrika alvöru málsins og mikilvægi þess að stjórnvöld geri *allt sem í þeirra valdi stendur til* að leysa það með þeim ráðum sem þau ráða yfir.

Það hefur verið rakið af þeim sem hafa tekið til máls í þessari umræðu að hér er um að ræða snaran

þátt í atvinnulífi hinna dreifðu byggða við sjávarsíðuna á Austurlandi, Suðurlandi og á Reykjanesi. Hér er um að ræða mikið áfall fyrir sjómenn, verkafólk og þá sem reka söltunarstöðvar í landi. Það má geta þess að hjá þeim var á síðustu vertíð mjög erfið afkoma þannig að áfallið verður enn þyngra þess vegna.

Einnig má geta þess að á síðustu vertíð var gert mikið átak í að bæta hráefnismeðferð á þessari vöru þannig að síldin sem við bjóðum Rússum er gæðavara. Við höfum staðið í þeirri meiningu að fyrir hana greiddu þeir viðunandi verð þess vegna, og þau viðskipti væru báðum í hag.

Ég efast ekki um vilja stjórnvalda til að finna lausn á þessu máli og þakka fyrir þær yfirlýsingar sem hér hafa gengið í því efni. Ég óska þeim allra heilla í þeim viðskiptum.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það er tímabært að minnast á þau samskipti sem varða Sovétríkin í verslunarmálum og ég þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að taka það upp.

Menn undrast að Rússar skuli ekki kaupa af okkur saltsíld og vissulega er afar slæmt að svo skuli vera. Það veldur atvinnuleysi víða um land. Eins og fram hefur komið er talið að Grindavík ein muni tapa um 80 millj. króna á því að missa af saltsíldarsamningnum. Milljónir tapast í öðrum byggðarlögum á Suðurnesjum og svo er það víða um land.

En ég minnist þess að þegar viðskiptasendinefndin kom frá Sovétríkjunum hafði formaður sendinefndarinnar mörg og fögur orð um að samningar mundu takast og væri ástæðulaust að efast um það. Í tilefni af þeim ummælum er ástæða til þess líka að spyrja hvort rétt hafi verið á málum haldið, hvort ekki hefði mátt gera betur — aðeins af því tilefni að Rússarnir sjálfir voru svo bjartsýnir í upphafi.

En það er eitt sem er ástæða til að spyrja að líka. Það kemur fram að Rússar vilja fremur kaupa ódýra síld frá Noregi og Kanada. Oft hefur verið talað um niðurgreiðslur þessara vinaþjóða okkar á fiskmörkuðum og menn fullyrða að hér sé um niðurgreiðslur að ræða. Er ekki ástæða til að kanna þetta frekar og mótmæla frekar? Ég spyr að því: Hvað hefur verið gert í þessum efnum? Hvað hefur verið gert til að mótmæla þessum niðurgreiðslum sem eiga að vera óheimilar samkvæmt EFTA-samkomulaginu eins og reyndar kom fram áðan? Ástæða er til að spyrja að þessu.

Ég vænti þess að allt verði gert sem mögulegt er til að samningar náist og við megum þrátt fyrir það halda okkar reisn í samskiptum okkar við þetta stórveldi og treysti því að hæstv. viðskrh. fylgi þeim málum fast eftir. En eftir sitja þessar spurningar hjá mér: Hvað hefur gerst í athugun á því hvernig okkar vinaþjóðir fara að því að niðurgreiða fiskafurðir í samkeppni við okkur og einnig sú hugleiðing hvort rétt hafi verið á málum haldið eða hvort formaður sendinefndar Rússa hafi aðeins verið með látalæti.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Þessi umræða minnir okkur enn einu sinni á einhæfni okkar í atvinnuvegum og hversu sárt er þegar einhver þeirra framleiðsluþátta, sem við búum við og höfum búið við, brestur. Vissulega eru menn minnugir þess sem áður hefur gerst í sambandi við síld þó að nokkuð sé umliðið og þó að það hafi verið talið stærra dæmi. Þá á ég við hrun síldveiðanna á síðasta áratug og afleiðingar þess. Það hlýtur þess vegna að vera þakkarvert þegar umræður á Alþingi fara fram um þessi mál og vilji Alþingis kemur fram.

En ég held að nauðsynlegt sé fyrir okkur að athuga það áður en hurðum er skellt á okkur hverjar séu hinar raunverulegu ástæður í þessum efnum. Nú má það vel vera að Sovétmenn velji sér þann kostinn að versla við Íslendinga til að halda uppi vissum tengslum og samböndum sem að sjálfsögðu getur ekki talist neitt óeðlilegt, en hér valda líka þau undirboð frá vinaþjóðum okkar, bæði Kanadamönnum og Norðmönnum, sem hér hefur sérstaklega verið minnst á. Ég mætti kannske minna á þá umræðu sem fór fram á Alþingi í fyrra um samkeppni Norðmanna gagnvart okkur um fisksölu til Bandaríkjanna og þær yfirlýsingar sem voru þá gefnar um að þau mál yrðu tekin upp í samræðum við þær þjóðir til að koma í veg fyrir þau undirboð. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna núna: Hvað hefur verið gert til að fá þær þjóðir til að leggja niður þessa viðskiptahætti? Það hlýtur t.d. að hafa verið minnst á það við norska sjávarútvegsráðherrann sem ferðaðist hér um á síðasta sumri.

Herra forseti. Tími minn er liðinn. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram um mikilvægi þessara samninga. Ég treysti viðskrh. vel til að ná hér árangri og legg áherslu á að hann fáist.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er að ljúka þeim tíma sem ætlaður er fyrir þessa umræðu og það stendur á endum að okkur mun takast að ljúka henni. En það eru tveir á mælendaskrá, frummælandi og ráðherra.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Forseti. Það er svo margt fróðlegt sem hægt væri að lýsa í sambandi við þessa síldarsamninga og síldarverkun. Hvað haldið þið t.d. að kanadíski sjávarútvegsráðherrann hafi sagt við Sovétríkin? Ef þið kaupið ekki af okkur unna vöru í auknum stíl, t.d. saltsíld, fækkum við sovéskum veiðiskipum innan landhelginnar. Aftur á móti: Ef þið viljið kaupa af okkur saltsíld fyrir 45–50 dollara tunnuna þá skulum við hleypa miklu fleiri veiðiskipum á síldarsvæðin og þá nær landi.

Af hverju kaupa Svíar, sem eru nú praktískir, af hverju kaupa þeir ekki þessa kanadísku síld? Þessi kanadíska síld verkast mjög misjafnlega og mikil mistök í þeirra verkun og sér í lagi þeirra mati. Og

hún nær engum gæðastaðli nálægt íslensku síldinni. Í Atlantshafi er þetta að hluta til svipaður stofn og sá íslenski en í Kyrrahafi eru t.d. 12 stofnar og þeir verkast mjög misjafnlega í söltun. En þeir hafa lagt á það ofurkapp: Ef þið kaupið af okkur saltsíld, þá fleiri skip inn í landhelgi. Og þeir hafa lagt á það ofurkapp núna: Við skulum lækka verðið ef þið kaupið meira.

Norðmenn eru með jafngott hráefni og við og ekki síðra. Það sem á vantar hjá þeim er það að íslensk verkun, verkun og vinnsla hjá verkafólki og matsmönnum er það góð að við höfum farið langt fram úr Norðmönnum, Skotum, Hollendingum og öðrum slíkum og við skerum okkur þarna algjörlega úr, þannig að gæðalega séð erum við langfremstir.

Yfirmatsmaður íslensku síldarinnar, Ásgrímur Kristjánsson, er tvímælalaust hæfasti síldarmatsmaður veraldar. Það er bull og vitleysa sem hv. þm. Jón Kristjánsson var að segja hér áðan að hráefnismeðferð hefði verið breytt og bætt. Í sex ár voru athugasemdir út af þremur tunnum, svoleiðis að þetta er ekki það sem máli skiptir.

Ég hef það mikið að segja og tíminn er liðinn. Ég vil aðeins þakka ráðherra svörin og ég heyrði, eins og ég vissi fyrir, að hann hefur góðan vilja og *dugnað í þessum efnum*. En skoðun mín er sú, ef ég mætti orða það svo óþinglega, ég held að Rússar beri miklu meiri virðingu fyrir ráðherrum heldur en Íslendingar og ég held að þarna sé eina vonin ráðherraviðræður.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Af heildarsíldaraflanum í fyrra fóru til söltunar 30 760 tonn eða 66%. ⅔ hlutar af þeirri síld sem landað var til söltunar á árinu fóru til Sovétríkjanna, enda hefur hin mikla síldarsöltun Íslendinga á undanförnum árum byggst að verulegu leyti á þeim stóra markaði sem allir keppinautar okkar leggja nú ofurkapp á að komast inn á.

Margir velta því nú fyrir sér hvernig til muni takast með nýtingu síldaraflans á komandi vertíð. Jafnvel þótt sölur tækjust um svipað heildarmagn af saltaðri síld og í fyrra, sem fullkomin óvissa ríkir um eins og allir vita, þá yrðu tæplega 40 000 tonn að fara til annarrar vinnslu en söltunar miðað við að áætlaður kvóti verði nýttur að fullu. Takist ekki samningar um sölu á saltaðri síld til Sovétríkjanna má búast við að 60 000 tonn verði að nýta til annarrar vinnslu en söltunar eða um 86% af hugsanlegum afla. Sá sífelldi misskilningur virðist vera ríkjandi hér á landi að síldveiðar verði að mestu leyti að byggjast á söltun aflans. Hið rétta er að aðeins um 10% af síldaraflanum í heiminum er nýttur til söltunar en aðeins um 5% sé miðað við síld af sömu stærð og veiðist hér við land.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að skoða til samanburðar hvernig Norðmenn nýttu síldarafla sinn á s.l. ári, en það var þannig:

Síld, seld fersk um borð í sovésk verksmiðjuskip 12%, til frystingar 19%, til söltunar fyrir innlendan og erlendan markað 5%, til niðursuðu 1% og til bræðslu 63%. — Þannig var nýtingin á síldinni hjá Norðmönnum. Þetta skulu menn hafa í huga og það sýnir hversu mikilvægur er samningurinn sem við höfum átt og gert við Sovétríkin á undanförnum árum.

Varðandi það sem menn hafa sagt hér um Norðmenn og Fríverslunarbandalagið vil ég upplýsa það að stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, tekur aðallega til iðnaðarvara en einnig til nokkurra sjávarafurða. Í samningnum eru ákvæði varðandi ríkisstyrki sem reynt er að reisa skorður við. Norðmenn gerðu þó þann fyrirvara þegar þeir gengu í EFTA að þeir gætu haldið styrkjakerfi sínu í sjávarútvegi. Því er ekki unnt að halda því fram að þeir brjóti EFTA-samninginn með styrkjum sínum. Áskoranir á Norðmenn um að hætta ríkisstyrkjum með tilvísun til anda EFTA-samningsins, EFTA-ályktana eða ályktana t.d. Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, eru því ekki líklegar til að hafa nein sérstök áhrif. Reyndar segjast Norðmenn ekki styrkja síldveiðar sínar en það er fullvíst að svo sé samt gert með ýmsum hætti sem ég hef ekki tíma til að koma inn á.

Af hálfu Íslands hefur verið rætt við Norðmenn og þessar þjóðir um það hvernig þær niðurgreiða sínar afurðir og að því er ég best veit hefur alltaf verið tekið vel undir það að hugsa hlýlega til litla bróður hér, en það hefur ekki að ég best veit náð lengra eins og reynslan sýnir okkur nú. Við værum ekki í þessum vandræðum núna ef þessir bræður og vinir hefðu *komið öðruvísi fram*.

Ég endurtek og fullvissa þingheim um það að við munum í ríkisstjórninni gera allt sem við hugsanlega getum og við munum koma saman hér síðar í dag þrír ráðherrar til þess að ræða framhald þessa máls, en það eru sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra auk mín.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, þriðjudaginn 21. okt., að loknum 5. fundi.

Haf- og fiskveiðasafn, fyrri umr.

Þáltill. EG, 2. mál. — Þskj. 2.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 2 leyft mér að flytja till. til þál. um haf- og fiskveiðasafn. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í samráði við sjávarútvegsráðherra nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Skal safnið gefa mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu, fiskveiðum Íslendinga fyrr og nú, ásamt

annarri nýtingu og vernd auðæfa hafsins, svo og meðferð og sölu sjávarfangs fyrr og nú. Í safninu skal einnig fjallað um landhelgismál Íslendinga, þróun þeirra, baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og landhelgisgæsluna. Í safninu skal beitt fullkomnustu sýningartækni sem völ er á.

Nefndin skal gera fjárhagsáætlun um uppbyggingu slíks safns, hugsanlega í áföngum. Kanna skal möguleika á að nota hluta af sýningarefni sem kjarna minni safna víðs vegar um landið og bæta þá við því sem er sérkennilegt í hverju byggðarlagi eða tengja þeim söfnum sem fyrir eru.

Leggja skal skýrslu nefndarinnar og fjárhagsáætlanir fyrir Alþingi."

Ég held að rétt sé að fara um það nokkrum orðum hvað hér er átt við og skýra það kannske nokkuð frekar og árétta í upphafi að hér er ekki átt við fiska- eða sædýrasafn, né heldur sjóminjasafn sem þegar er raunar fyrir hendi hér á landi. Þessi tillaga miðar að því að skipa nefnd er geri áætlun um að koma upp haf- og fiskveiðasafni þar sem ítarlega og með bestu tækni sem völ er á væri fjallað um þennan undirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Ekki er tekin afstaða til þess í tillögunni hvar þessu safni yrði valinn staður. Vel mætti t.d. hugsa sér að það væri staðsett á Akranesi þar sem þegar er myndarlegt safn að Görðum. Akranes er og mikill útgerðarbær í næsta nágrenni við mestu þéttbýlissvæðin og þangað eru greiðar samgöngur bæði á landi og sjó. Og eins mætti hugsa sér að safn af þessu tagi yrði hér á höfuðborgarsvæðinu.

Það er skoðun flutningsmanns að safn af þessu tagi væri mjög áhrifamikið fræðslutæki fyrir unga sem aldna og gæfi margvíslegar upplýsingar um lífríki hafsins hér á norðurslóðum, og ekki síður auðæfi þeirra hafsvæða sem eru hér umhverfis okkur, baráttuna fyrir vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og ekki síst sögu landhelgisbaráttu íslensku þjóðarinnar frá öndverðu.

Ég held að á því leiki ekki nokkur minnsti vafi að mikil þörf sé á fræðslu af því tagi sem svona safn mundi veita, ekki síst þegar það er haft í huga að þeim fer sífellt fjölgandi sem alast upp án tengsla við umhverfi sem tengist sjávarútvegi, fiskverkun og sjósókn. Það er liðin tíð að þetta nána samband sé fyrir hendi sem nokkurn veginn almenn regla t.d. hjá flestum íslenskum unglingum. Það er aðeins tiltölulega lítill hluti þeirra sem upplifir þetta samband á sínum uppvaxtarárum og þekkja lítið til. Ég held að fræðsla t.d. í skólum landsins um baráttu okkar fyrir útvíkkun landhelginnar sé mjög brotakennd og í molum og ég held að það væri mikill sómi að því fyrir okkur, sem byggjum allt okkar á sjávarfangi eða því sem næst, að hér væri til myndarlegt safn sem gerði þessum málum ítarleg skil með þeirri fullkomnustu sýningartækni sem völ er á. Þar hafa nefnilega orðið gífurlegar framfarir á undanförnum árum, tiltölulega fáum árum.

Ég minni t.d. á safn í Maríuhöfn á Álandseyjum, þar sem mér er kunnugt um að margir þm. hafa komið, sem er til sérstakrar fyrirmyndar um það hvernig beitt er margvíslegri nútímatækni til að koma fróðleik og upplýsingum á framfæri við safngesti. Ég minni á það að hjá mörgum þjóðum, sem eiga mikið undir siglingum og sjávarútvegi, eru í mörgum borgum ekki eitt heldur fleiri söfn sem tengjast siglingum og sjósókn. Ég held t.d. að í Björgvin í Noregi séu þrjú söfn af þessu tagi, siglingasafn, fiskveiðasafn og fiskasafn.

Það er grundvallarsannfæring mín að það sé ekki aðeins rétt að koma upp safni af þessu tagi heldur sé okkur Íslendingum það beinlínis skylt. Svona safn yrði ekki ómerkur þáttur í okkar fræðslukerfi við það að kynna ungu fólki mikilvægi þess að vernda þær auðlindir sem í hafinu eru, sjá svo til að hafið umhverfis Ísland sé hreint og ómengað og lífsskilyrðum þar ekki spillt með einum eða öðrum hætti af manna völdum. Þetta mundi vera ómetanlegt framlag í fræðslukerfi okkar og ég ítreka það að ég held að okkur sé skylt að gera eitthvað í þessa veru til þess að tryggja það eins og hægt er að það unga fólk sem hér vex úr grasi öðlist þá þekkingu og vitneskju um sjávarútveg, sjósókn, fiskverkun, fiskveiðar, um hafsvæðin hér í kringum okkur og það líf sem í þeim hrærist — að þessi vitneskja sé fyrir hendi hjá ungu fólki. Þessi vitneskja er nefnilega hluti af því að vera Íslendingur.

Við höfum flest, a.m.k. við sem erum á miðjum aldri, blessunarlega lifað í nánum tengslum við þessa undirstöðuatvinnugrein og kannske mörg okkar unnið okkur inn okkar fyrstu krónur á ungum aldri, kannske 7–8 ára gömul, eitthvað í þá veru, við vinnu við fiskverkun. Þetta er liðin tíð sem heyrir sögunni til og það þarf einhvern veginn að koma til móts við þær þekkingarþarfir sem vissulega eru fyrir hendi og ég held að það mætti gera með skynsamlegum hætti með því að koma upp svona safni. Þetta er ekki, ég ítreka það, þetta er ekki fiskasafn eins og gerð hefur verið tilraun með að reka hér rétt sunnan Hafnarfjarðar og hefur því miður gengið afar brösulega, svo nauðsynlegt fyrirtæki sem það er, og þetta er heldur ekki sjóminjasafn.

Ég held að þetta sé ný hugmynd hér í þessari umræðu og ég held að hún sé allrar athygli verð. Þess vegna valdi ég þann kostinn að taka hana upp hér á hinu háa Alþingi. Og ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. allshn. Sþ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um

sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu. Þessi tillaga er flutt af mér og fjórum öðrum hv. þm. Alþb. og hefur áður komið fram hér á þingi og gekk til allshn. Sþ. í fyrra sem ég geri tillögu um að fái þetta mál aftur til meðferðar.

Tillagan er efnislega í þremur liðum. Hún gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að áætlun verði gerð um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu þannig að unnt sé að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan fimm ára. Í öðru lagi að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hins opinbera verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir lok næsta árs. Og í þriðja lagi að gerðar verði ráðstafanir til þess að gjaldskrárbreyting skv. a-lið tillögunnar verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Símamál voru til umræðu á fyrra fundi Sþ. í dag þar sem ég mælti fyrir fsp. vegna truflana af völdum álags innan símakerfisins. Hér er mælt fyrir tillögu sem varðar það réttlætismál að allir íbúar landsins búi við sömu aðstæður í sambandi við greiðslu fyrir símaþjónustu. Það er verið að vinna að tæknilegri breytingu á landssímanum á Íslandi sem gerir það kleift og auðvelt að gera landið allt að einu gjaldsvæði innan fárra ára. Hæstv. samgrh. greindi okkur lítillega frá því á fyrri fundi hvað væri á döfinni í þeim efnum. Nefndi ljósleiðara og stafrænar stöðvar, sem verið er að byggja upp, en það er sú tækni sem gerir kleift að koma þeim þáttum í framkvæmd sem tillagan gerir ráð fyrir, þ.e. að landið allt verði eitt gjaldsvæði.

Nú er munurinn í sambandi við símakostnað, eftir því hvar menn búa á landinu og milli hvaða svæða menn tala, gífurlega mikill eða allt að tífaldur. Hér er því um afar þunga skattlagningu að ræða sérstaklega fyrir fólk á landsbyggðinni sem þarf vegna búsetu og þeirrar þarfar sem henni fylgir að nota landssímann milli núverandi gjaldsvæða, þá þurfa þessir viðskiptavinir símans að borga margfalt umfram það sem fólk á þéttbýlissvæðinu þarf að gera vegna þess hvernig gjaldskrá símans er upp byggð. Þessi skattur getur skipt þúsundum á mánuði fyrir þá sem þurfa á símanum að halda og það eru auðvitað ekki aðeins einstaklingar, það eru líka fyrirtæki. Þessi mismunun er mjög tilfinnanleg, einnig fyrir þau fyrirtæki sem lenda í aukakostnaði vegna þessarar mismununar.

Í grg. með tillögunni er þess getið hvað þarna er á ferðinni í sambandi við skrefamælingar og þar er það staðhæft, sem ég hygg að enginn vefengi, að auðvelt sé tæknilega að koma þessari jöfnun við að landið allt verði eitt gjaldsvæði á þeim tíma sem tillagan gerir ráð fyrir.

Annar þáttur tillögunnar ætti að vera kominn til framkvæmda fyrir löngu, þ.e. að sama gjald væri tekið fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir óháð því hvaðan hringt er. Þessar stjórnsýslustofnanir eru langflestar hér í Reykjavík og það er auðvelt mál að setja þær allar á sama taxta sem greiddur yrði af viðkomandi stofnunum eða af ríkissjóði beint, ef menn ekki vilja leggja það á stofnanirnar, þá af Pósti og síma eða beint af ríkissjóði. Ég geri ekki mikið úr því hver það væri sem tæki á sig þá sjálfsögðu jöfnun fyrir þegna landsins að þessu leyti.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í umsögn um þessa tillögu, en allshn. leitaði til ýmissa um umsögn á síðasta þingi, þá komu jákvæðar undirtektir frá mörgum aðilum eins og samtökum sveitarfélaga í hinum ýmsu landshlutum. Undirtektir þeirra voru allar jákvæðar. Það skorti því ekki stuðning þaðan, enda vænti ég raunar ekki annars frá þessum aðilum svo mikið sem fólk um allt land á í húfi að þessi jöfnun nái fram að ganga.

Hins vegar komu útreikningar frá Pósti og síma sem áttu að sýna það að þessi mismunur, sem staðhæft er að sé fyrir hendi, og skattlagning, sérstaklega á landsbyggðina í gegnum þessa misjöfnu gjaldtöku, hann væri nánast ekki fyrir hendi. Ég undraðist þessa útreikninga fyrrv. póst- og símamálastjóra, sem bárust allshn., og þegar að var gáð þá var hér um að ræða verulegar missagnir, svo ég noti nú ekki sterkara orð, í þessum útreikningum sem áttu í rauninni að koma þeim boðum til hv. þingnefndar að þetta væri nánast allt í lagi. Ég sé ástæðu til þess að nefna hér í ræðustól það sem lesa má í grg. með tillögunni að póst- og símamálastjóri tók ekki aðeins umframskrefin á langlínu hér innanlands inn í sinn útreikning heldur umframskrefin vegna símtala til útlanda, en um þau er ekki rætt í þessari tillögu, um það fjallar ekki efni hennar. 60% umframskrefa á Reykjavíkursvæðinu, svæði 91, eru tilkomin vegna samtala við útlönd. Þar eiga auðvitað fyrirtæki og opinberir aðilar mikið í hlut. En aðeins 16% umframskrefa sem notendur á landsbyggðinni borga eru tilkomin vegna símtala við útlönd. Það er að sjálfsögðu óhæfa og satt að segja dæmalaust að opinber stofnun skuli bera slíkar upplýsingar fram við hv. nefndir þingsins til þess að hafa áhrif, eins og ég geri ráð fyrir að þetta hafi haft á þingnefndina, og reyna að telja mönnum trú um að efnislega væri tillagan á misskilningi byggð.

Ég vara við vinnubrögðum af þessu tagi. Ég vona að hér hafi verið um yfirsjón en ekki ásetning að ræða hjá viðkomandi starfsmanni, sem veitti þessa umsögn, en ég vænti þess einnig, herra forseti, að þetta réttlætismál fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Ég vænti þess að hv. þm. setji sig inn í það og átti sig á því hversu óhófleg og íþyngjandi skattlagning hér er á ferðinni, sérstaklega fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Það má segja að hún sé enn þá fráleitari þegar tekið er tillit til þess að farið er að skattleggja Póst og síma með beinum hætti af ríkisvaldinu. Á yfirstandandi ári eru um 200 millj. kr. teknar af Pósti og síma — það er a.m.k. ásetningur ríkissjóðs, það mun lítið hafa skilað sér — er tekið með beinum hætti inn í ríkissjóð og landsbyggðin, sem er að greiða margfalt umfram raunkostnað vegna langlínusímtala, er að greiða lungann af þessari skattlagningu. Þetta er óhæfa,

herra forseti, og henni þarf að létta nú þegar tæknin gerir það kleift að gera landið allt að einu gjaldsvæði innan skamms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, sem ég flyt ásamt mörgum þm. Alþb., hv. þm. Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka slíkum yfirlitsrannsóknum á næstu fimm árum og til þess veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði, í fyrsta sinn á fjárlögum 1987."

Þetta er tillagan sjálf. Í grg. er hún rökstudd m. a. með tilvísun til þess hvaða þörf er á því að auka fjölbreytni í veiðum og hagnýta fleiri tegundir sjávardýra hér við landið heldur en verið hefur til þessa bæði til veiða og vinnslu.

Það hefur vissulega nokkuð miðað í þessum efnum á undanförnum árum en það skortir þó verulega á upplýsingar um margar tegundir, ekki síst hryggleysingja á grunnsævi við landið, sem hugsanlega væri unnt að nýta til verulegra hagsbóta bæði fyrir þá sem þær veiðar stunduðu vegna úrvinnslu og sölu sem auðvitað þarf að vera til staðar.

Í grg. eru nefndar ýmsar tegundir sem þarna geta komið við sögu til viðbótar við hörpudisk og rækju, sem nú eru nytjaðar með góðum árangri við landið, og reyndar á djúpslóð að því er djúprækju varðar. Þær tegundir sem hér eru nefndar sem dæmi og ekki síst kæmu til greina eru trjónukrabbi, beitukóngur, kúfskel, kræklingur, aða, báruskel, eða „báruskeljar" því um fleiri en eina tegund getur verið að ræða, og ígulker. Það vottar fyrir viðleitni til að nýta sumar þessara tegunda nú þegar en það skortir afskaplega mikið á leiðbeiningar og upplýsingar til sjómanna hvar þessi mið sé að finna og einnig þá um leið hversu mikið sé óhætt að nýta af viðkomandi tegundum því það skiptir máli að ganga ekki harðar að þessum stofnum en veiðiþol þeirra býður, ekki síður en hinum þekktari og þýðingarmeiri stofnum sjávardýra hér við landið.

Auðvitað þarf að vinna að markaðsöflun og vöruþróun í tengslum við slíkar tilraunir og hagnýtingu þessara tegunda. Ekkert gerist án þess. Það er verulegur áhugi hjá mönnum víða um land að í þetta verkefni verði ráðist. Mér er kunnugt um sveitarstjórnir sem hafa leitað til rannsóknastofnana eins og Hafrannsóknastofnunar um fyrirgreiðslu í þessum efnum og leiðbeiningar, en Hafrannsóknastofnun er ekki nema að mjög takmörkuðu leyti fjárhagslega og hvað mannafla snertir í stakk búin til þess að sinna þessu svo sem skylt væri. Það skortir ekki vilja þar á bæ, en það skortir það sem við á að éta í þeim efnum, sérstaklega fjárveitingar. Það skiptir líka afar miklu að tekið sé skipulega á máli sem þessu og vitneskjan kortlögð með aðgengilegum hætti þannig að það verði sem mest leiðbeinandi fyrir þá sem vilja nýta þessar upplýsingar.

Ég hef vissulega Hafrannsóknastofnun fyrst og fremst í huga í þessum efnum, fékk enda stuðning af hálfu manna þar til þess að vinna þessa tillögu og fylgiskjal með henni er ritgerð eftir Hrafnkel Eiríksson fiskifræðing um rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum á fjörðum og flóum hérlendis. Þar koma fram nánari upplýsingar varðandi hinar einstöku tegundir, sem þarna gætu komið við sögu, stöðu þekkingar í sambandi við þær og þörfina á frekari upplýsingaöflun. Þar er einnig að finna, í töflu á bls. 4 í þessu þskj., áætlun, að vísu mjög grófa og með öllum fyrirvörum, um hugsanlegt veiðiþol þessara tegunda, hversu mikið magn hugsanlega mætti veiða af þeim hér við land. Höfundur tekur skýrt fram að þarna sé um ágiskanir að ræða.

Fleiri rannsóknastofnanir geta komið við sögu en Hafrannsóknastofnun, eins og vikið er að í grg., svo sem Líffræðistofnun Háskólans og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ekki síst hin síðarnefnda að því er varðar vöruþróun. Og ég efast ekkert um að það er fullur vilji til samvinnu um svona verkefni.

Herra forseti. Ég er viss um það að fjármagni sem varið væri í þessu skyni væri vel varið. Á því er brýn nauðsyn að við leitum allra leiða til að auka fjölbreytni í okkar sjávarútvegi sem er okkar undirstaða og það er satt að segja ekki vansalaust hversu skammt er komið upplýsingum og þekkingu okkar þar á ýmsum sviðum. Það sýnir sig að ef fjármagni og hugviti er varið til að leita, þá hefst að jafnaði eitthvað upp úr slíku. Það þekkjum við af reynslu liðinna ára. Ég legg til, herra forseti, að tillögu þessari verði vísað til hv. atvmn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. SDK, 9. mál. — Þskj. 9.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lágmarkslaun sem er að finna á þskj. 9. Þetta frv. var áður flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt lítið breytt. 1. gr. frv. hljóðar upp á að óheimilt sé að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986. Kveðið er á um að þessi lágmarkslaun breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Eins og fram kemur í grg. með frv., með leyfi forseta, eru lægstu grunnlaun fyrir 40 stunda vinnuviku nú um 19 þús. kr. á mánuði samkvæmt gildandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, sem telur hjón og 1,66 börn, er hins vegar nú í byrjun okt. 1986 um 87 þús. kr. á mánuði. Hvað sem líður yfirborgunum af margvíslegu tagi liggur ljóst fyrir að fjölmargir launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafa innan við 30 þús. kr. á mánuði í grunnlaun og geta því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldum viðkomandi, er þess vegna eina leið fjölmargra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. nú endurflutt.

Í frv. er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farborða. Frv. tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði en hreyfir ekki við launum sem hærri eru.

Samkvæmt lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar gæti frv. náð til um 35 þús. launþega og haft í för með sér allt að fjórðungshækkun á dagvinnulaunum þessa hóps að meðaltali. Hins vegar er áætlað að heildarlaunakostnaður atvinnurekstrar í landinu hækki ekki um meira en sem nemur 3–5% miðað við heilt ár. Hækkun lægstu launa er því hvorki dýr né líkleg til að hleypa verðbólgunni á skrið að nýju.

Frv. er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu getur Alþingi hins vegar ekki setið aðgerðarlaust hjá. Einnig er vitað að sú endurskoðun á launakerfi vinnumarkaðarins sem nú er unnið að mun í engu breyta grundvallaratriðum þess, allra síst hvað konur varðar. Jafnframt er ljóst að aðilar vinnumarkaðarins geta ekki eða vilja ekki höggva á þann hnút sem jöfn prósentuhækkun allra launa, hárra sem lágra, hefur skapað í íslenskum launamálum. Því er hér lagt til að Alþingi hækki einhliða lægstu launin í landinu og tryggi þannig þann lágmarksrétt hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Eins og fram kemur í þessari grg. er frv. flutt í framhaldi af þeim kjarasamningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu í febrúar s.l., kjarasamningum sem við Kvennalistakonur gagnrýndum mjög á Alþingi m.a. fyrir það að taka ekki á lægstu launum, og það er flutt í framhaldi af þeim upplýsingum sem komu fram á vordögum um fátækt á Íslandi. Þetta hvort tveggja varð til þess að við ákváðum undir lok síðasta þings að leggja fram frv. sem er í megindráttum samhljóða því sem ég mæli nú fyrir.

Við höfum velt því fyrir okkur í raun allt frá því að núverandi ríkisstjórn afnam vísitölutryggingu launa með brbl. í maí 1983 hvort slíkt frv. gæti átt rétt á sér. Fram að síðustu kjarasamningum höfðum við fallið frá því að leggja slíkt frv. fram á þeim forsendum í fyrsta lagi að við vildum ekki festa með lögum einhvern botn á launagreiðslur í landinu sem lægst launaða fólkið ætti á hættu að sitja eftir á á meðan aðrir fengju launahækkanir, í öðru lagi vegna þess að við teljum það vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um laun fyrir unna vinnu en ekki Alþingis og í þriðja lagi vegna þess að ákvarðanir um laun hinna lægst launuðu, þar með talið flestra útivinnandi kvenna, væru betur komnar í þeirra eigin höndum en í höndum Alþingis að óbreyttu.

Í síðustu kjarasamningum var hins vegar ljóst að verkalýðshreyfingin getur ekki eða vill ekki gæta hagsmuna þeirra sem lægstu launin hafa. Tregðulögmál launastigans og prósentuhækkananna virðist koma í veg fyrir að hún sinni því hlutverki sínu að gæta hagsmuna þeirra sem lægst launin hafa. Síðustu kjarasamningar eða þjóðarsáttin, eins og höfundar þeirra nefna þá gjarnan, eru glöggt dæmi um þetta. Þar var samið um rúmlega 19 þús. kr. lágmarkslaun á meðan framfærslukostnaður einstaklings var eða er í kringum 30 þús. kr. og í hönd fóru hagsældartímar í íslensku þjóðfélagi. Verkalýðshreyfing sem þannig semur gætir tæplega hagsmuna þeirra sem minnst mega sín á íslenskum vinnumarkaði. Þess vegna er sú röksemd fallin brott að kjörum manna skuli vera stefnt í hættu með frammígripi af hálfu Alþingis.

Þegar þar við bætist að fram koma upplýsingar um að 8–24% fjölskyldna á Íslandi búi við afkomu undir fátæktarmörkum er ljóst að Alþingi getur ekki setið aðgerðarlaust hjá heldur ber því siðferðileg skylda til að grípa í taumana og tryggja að allir landsmenn hafi fyrir brýnustu nauðsynjum með launum fyrir fulla vinnu. Þess vegna er þetta frv. nú endurflutt.

Það er rétt að benda á að lög um lágmarkslaun eru fyrir hendi sums staðar í nágrannalöndum okkar og eru því ekkert einsdæmi. Í Bandaríkjunum munu vera í gildi lög um lágmarkstímakaup og í Frakklandi mun því vera þannig háttað að lágmarkslaun eru bundin með lögum sem ákveðið hlutfall af þjóðar-

framleiðslu. Lög um lágmarkslaun eru ein af fáum leiðum sem löggjafanum eru opnar til að tryggja lágmarksrétt þegnanna á vinnumarkaðnum og hefur sú leið verið farin í a.m.k. þeim tveimur löndum sem ég hef hér nefnt.

Hvað viðtækari efnahagsáhrif þessa frv. varðar mun það ekki valda miklum breytingum né hafa mikla þenslu í för með sér þar sem um er að ræða kjarabætur til þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Gera má ráð fyrir að þeim verði frekar eytt í nauðsynjar eins og t.d. búvörur en í þensluskapandi lúxusvörur. Samkvæmt lauslegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar má áætla að frv. nái til um 35 þús. launþega og að meðaltalskauphækkun þessa hóps verði í kringum 25%. Þetta mun þýða um 200 millj. kr. á mánuði í atvinnutekjum eða 2,5 milljarða á ári. Heildaratvinnutekjur í landinu eru nú um 65 milljarðar á ári þannig að frv. hefur í för með sér, eins og ég sagði áður, aðeins um 3–5% aukningu á launakostnaði atvinnurekstrarins miðað við heilt ár og mun því ekki og sér ekki verða til þess að hleypa verðbólgunni á skrið á nýjan leik.

Verði þetta frv. að lögum hefur löggjafinn lagt ákveðinn grunn sem aðilar vinnumarkaðarins geta byggt næstu samninga sína á og því er það lagt í hendur þeirra hvort þeir hleypa verðbólgunni á skrið með sambærilegum prósentuhækkunum upp launastigann eða hvort þeir virða vilja löggjafans og semja um almennar launahækkanir óháð þeim kjarabótum sem þetta frv. færir þeim lægst launuðu. Í því efni mun reyna á aðila vinnumarkaðarins og er nauðsynlegt að stjórnvöld veiti þeim það aðhald sem á þeirra færi er, þ.e. með aðhaldi í peningamálum og stöðugu gengi.

Ég vona að hv. þm. sé ljóst að það kostar ekki mikið í peningum að hækka lægstu launin í landinu. Kostnaðurinn við slíkt er ekki þröskuldurinn. Þröskuldurinn hefur hingað til verið sá að ef þeir lægst launuðu eru hækkaðir um nokkrar krónur fylgir öll strollan á eftir og allir sem aðeins meira bera úr býtum vilja líka fá hækkun og ekki bara jafnmargar krónur og þeir lægst launuðu heldur hlutfallslega og því fleiri krónurnar. Verkalýðshreyfingin ræður ekki við þennan vanda eins og málin standa nú og því er með þessu frv. lagt til að Alþingi höggvi á hnútinn með því að lögfesta lágmarkslaun sem nægja til einstaklingsframfærslu án þess að hrófla á nokkurn hátt við launum sem hærri eru en 30 þús. kr. á mánuði. Það er forsenda þessa frv. og forsenda þess að það fái staðist á núverandi grunni efnahagslífsins að það snerti ekki við launum fyrir ofan 30 þús. kr. á mánuði.

En þetta frv. hefur fleiri forsendur. Það hefur einnig þá forsendu að síðferðilega sé óverjandi að fólk liði skort í íslensku nútímaþjóðfélagi og það ástand, sem á vordögum var greint frá á ráðstefnu íslenskra félagsmálastjóra um fátækt á Íslandi, sé ekki sæmandi sjöttu ríkustu þjóð heims. Það byggir einnig á þeirri forsendu að atvinnurekstur sem ekki getur borgað laun sem nægja til einstaklingsframfærslu eigi tæplega rétt á sér. Það bendir jafnframt á að aðstæður í íslensku efnahagslífi eru óvenjugóðar um þessar mundir og því ekki hægt að afsaka lág laun með almennum efnahagsörðugleikum eins og alsiða er hér á landi. Það bendir einnig á að það geti verið dýrt fyrir atvinnureksturinn að borga lág laun og það er án nokkurs vafa rándýrt fyrir þjóðfélagið að brjóta fólk niður, en það er það sem gerist í kjölfar svo lágra launa að menn geta ekki lifað af þeim.

Peningahlið þessara mála er þó e.t.v. léttvæg miðað við hvílíkt siðleysi það er að bjóða mönnum lægri laun fyrir fulla vinnu en sem nægir þeim til framfærslu.

Af öllum þessum ástæðum er þetta frv. flutt og að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Flm. þessa frv. dró sjálf í máli sínu nokkuð í efa rétt löggjafans til að blanda sér í frjálsa samninga með þeim hætti sem hér er í raun og veru gert ráð fyrir. Maður gæti því af þessu tilefni velt því fyrir sér hvenær íhlutun löggjafans í beinar launaákvarðanir á almennum vinnumarkaði hafi sannanlega orðið til góðs og gæti einhver bent á slík dæmi treysti það að nokkru leyti stöðu frv. Ég vil til að taka af allan vafa lýsa því yfir strax að ég er andvígur frv. um lágmarkslaun.

Í lögum nr. 55 frá 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, stendur í 1. gr.:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Það er deginum ljósara að þessi lagagrein tryggir mönnum ekki neina ákveðna krónutölu í laun, en hún felur ábyrgðina í hendur samningsaðilum um að ákveða hver lægstu launin eru eða skuli vera og tekur af allan vafa um að ekki megi greiða lægri laun en þau sem um er samið. Ég vil líka taka af allan vafa um að ekki er ég frekar en trúlega nokkur hér inni sannfærður um að 19 þús. kr. lágmarkslaun séu mannsæmandi, langt í frá, en það breytir því ekki að þetta eru þau laun sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um. Allir kjarasamningar byggja síðan á vissan hátt á lægsta þrepi launastigans. Nú vitum við að launastiginn er afskaplega langur og teygður og tilfellið er að löggjafinn gæti með ýmsum aðgerðum breytt því ástandi. T.d. mætti með breyttri skattalöggjöf hafa þau áhrif á samninga að launastigi yrði miklu einfaldari og styttri en hann er. Þá á ég við skatta sem lagðir yrðu á á svipaðan hátt og útsvar, þ.e. ein álagsprósenta, eitt gjald á öll laun fyrir ofan eitthvert ákveðið lágmark. Það hefði náttúrlega gífurleg áhrif á þær launakröfur sem frammi eru í samningum í dag því að launakröfurnar taka mjög

mikið tillit til þess hvaða skatta menn verða síðan að borga af tekjum sínum.

Þetta frv. segir: „Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986."

Maður verður að spyrja þeirrar spurningar: Hvaða laun er verið að tryggja með þessum hætti? Það stendur að vísu „grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir". Eru þetta lágmarkslaun fyrir dagvinnu eða tekjulágmark? Á að lágmarka dagvinnuna með þessum hætti eða hámarka að viðbættum bónusgreiðslum eða ekki? Þetta hlýtur að snerta bónusgreiðslur því að í kjarasamningum er samið við það fólk sem vinnur á bónus um ákveðnar dagvinnutekjur og síðan um ákveðin bónushlutföll og það skoðað hvað með öðru við þá niðurstöðu sem menn fá í samningum.

Í fjölda kjarasamninga er fjallað um hluti eins og vaktaálag, ferðakostnað, flutningskostnað, fæðisgjald, vaktaskiptagjald og þar fram eftir götunum og allt eru þetta ákveðin margfeldi af stundalaunum í dagvinnu. Þetta er einungis nefnt hér vegna þess að sá sem hér stendur hefur sjálfur mjög oft hugleitt að setja lög um lágmarkslaun og endar alltaf á þeirri niðurstöðu að löggjafinn geti alls ekki bætt um betur fyrir verkalýðshreyfingunni eða verkalýðsforustunni einfaldlega vegna þess að þó að lög væru sett um þessa hluti er ekkert sem tryggir að við upplifum ekki það, sem venjulega gerist í öllum samningum, að þessi lágmarkslaun einfaldlega margfaldi sig upp allan launastigann. Maður getur sagt: Það er samviskuspurning verkalýðshreyfingarinnar hvernig hún tekur við þessu. Við erum þá að gera ráð fyrir því að það gerist með mjög skjótum hætti, en ég er að benda á að þetta getur gerst hægt. Þetta getur gerst á 1–2 árum, á lengri tíma. Þá stöndum við allt í einu uppi með að þessi lágmarkslaun eru alveg jafnlág í hlutfalli við önnur laun og þau eru í dag ef verkalýðsforustunni og verkalýðshreyfingunni hefur ekki tekist að ná betri tökum á samningum en hefur tekist hingað til. Ég hef talið og hef m.a. mælt fyrir því hér að það séu önnur ráð sterkari til að bæta aðstöðu þess fólks sem hér er verið að tala um og þau ráð felist í því að auka rétt þess til að semja um kjör sín. Þar sem verkalýðsforustunni hefur ekki tekist að hækka laun fólks hafi fólk bæði réttindi og skyldur til að semja á sínum vinnustöðum. Við vitum að allt það launaskrið sem verið er að tala um er mestan part þannig tilkomið að þeir menn í fyrirtækjunum sem hafa aðstöðu til að knýja fram hjá sjálfum sér launahækkanir notfæra sér hana og vinnuveitendurnir viðurkenna hana. En það eru alltaf í hverju fyrirtæki enn þann dag í dag svo og svo margir aðilar sem ekki hafa þessa aðstöðu. Þessum aðilum verðum við að fá í hendur tæki til að skapa sér samningsstöðu. Þar með yrði trúi ég miklu meiri árangri náð en með frumvarpsflutningi sem þessum.

Þegar menn gengu frá samningum t.d. í vetur var reiknað með því hjá bónusfólki að bónusinn væri um það bil sama upphæð eða sambærileg upphæð og mánaðarlaunin. Það var reiknað með því að sá sem væri með um 20 þús. kr. í mánaðarlaun næði um 20 þús. kr. í bónus. Þá var reyndar verið að tala um hámarksafköst. Sá aðili sem hefur slíka samninga í höndunum hlýtur að krefjast þess, ef löggjöf eins og þessi kemur til, að bónusinn vegi jafnmikið í hans tekjum og hann gerir í dag. Það þýðir náttúrlega að hann er skyndilega, a.m.k. á launaseðli, kominn fram úr ýmsum öðrum innan sama samningshóps. Við vitum alveg hvaða afleiðingar það hefur í för með sér.

Við vorum að fá mikla launahækkun um daginn sem er ákveðin snjóboltaáhrif af þeim samningum sem á undan eru gengnir. Ég á eftir að sjá framan í þann þingmann sem afsalar sér þessum launum eða hluta þeirra, telur sig ekki eiga fulla kröfu til þeirra.

Af því að flm. minntist á Bandaríkin í þessu tilviki held ég að hún mótmæli mér ekki í því að þeir sem fjallað hafa um gagnsemi lágmarkslaunanna í Bandaríkjunum eru flestallir, a.m.k. sem ég hef skoðað og kynnt mér, á þeirri skoðun að lágmarkslaun í Bandaríkjunum hafi haft þau áhrif að samningsaðilar endi á þessum lágmarkslaunum sem nokkurs konar hámarkslaunum, þ.e. lögbundin lágmarkslaun komi út sem ákveðin hámörkun krafna. Atvinnurekendur segja: Það eina sem mér ber skylda til er að uppfylla kröfuna um lágmarkslaun. Allt sem er þar yfir er umframframlag, umframgeta sem ég ekki þarf að standa skil á af því einfaldlega að lögin biðja ekki um meira.

Ég held að ef svona frv. væri lagt fram í fullri alvöru væri ekki um neitt annað að ræða en gera það með svipuðum hætti og hér kom fram einhvern tíma á þingi, þ.e. frv. um laun á Íslandi sem væru nánast söm og jöfn fyrir alla, eða þá að láta fylgja með frv. sem þessu líka greinar um hvað væru hámarkslaun á Íslandi.

Ég held að frv. sem þetta geti því miður ekki bætt úr þeim ágöllum samningakerfisins sem við horfum upp á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég held að þetta sé ekki leiðin til að leiðrétta það misrétti sem fram kemur í niðurstöðum samninganna. Ég held að aðrar leiðir skili meiri árangri. Ég held að sú leið sem skili mestum árangri sé sú að færa samningsréttinn með fullum réttindum og skyldum í hendur fólks á vinnustöðunum.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Það var nú svo að við meðferð þessa máls í nefnd í fyrra fjallaði hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds um þetta frv. af okkar hálfu og hugðist fjalla um það við þessa umræðu, en hann er fjarverandi og því kem ég hér inn með örstutt innlegg varðandi þetta mál sem því miður er ekki hreyft að tilefnislausu.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykv. að þetta frv. sé ekki flutt í fullri alvöru eins og mér skildist á niðurlagsorðum hans. Ég held einmitt að alvara þess máls sem þarna er hreyft við,

á hvern hátt sem á með það að fara, sé slík að það sé ekki nema eðlilegt að svona hugmyndir komi fram. Þær koma m.a.s. fram frá Alþfl., ég vil benda á það, af því að hv. 8. þm. Reykv. er nú kominn í Alþfl. en virtist ekki muna eftir því svona í lok ræðu sinnar þegar hann var að tala um vinnustaðasamningana sem sá flokkur var ekki sérlega hrifinn af á sínum tíma. Einmitt menn úr verkalýðsforustu Alþfl., menn eins og hv. þm. Karvel Pálmason, hafa lýst því yfir að það væri líklega þrautalendingin að fara lögbindingarleiðina varðandi lágmarkslaunin. En þetta jafnar sig allt saman þegar það fer að hrærast saman inni í þessum nýja víðfeðma og stóra flokki.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að málið er vandmeðfarið. Það dregur enginn í efa. Lögbinding af þessu tagi er auðvitað neyðarúrræði eins og í raun og veru öll afskipti löggjafans af samningum sem eiga að fara fram á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég bendi þó á að mörg dæmi eru um að þau afskipti hafi verið af hinu góða. Ég man hins vegar að það var hrópað mjög niður á sínum tíma þegar samið var um ákveðin félagsleg réttindi í tengslum við kjarasamninga og menn slógu nokkuð af almennum kaupkröfum í sambandi við það.

Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að hin ýmsu félagslegu réttindi séu það mikils virði, m.a. þau sem fengust á þennan hátt, að menn þurfi svo sannarlega ekki síður að líta til þeirra en til kauptaxtans sjálfs, enda ekki minni þáttur af hinum raunverulegu kjörum fólks í landinu en sjálft kaupið. Þar koma fjölmörg atriði inn í og í raun og veru hefðum við mátt gera miklu betur í ýmsum félagslegum réttindamálum. Eitt þeirra er m.a. á dagskrá á eftir, flutt af sama hv. þm., og mun verða komið að því síðar.

Þetta frv. minnir mig reyndar á annað frv. — það hét að vísu öðru nafni — sem var flutt fyrir löngu hér í hv. deild og var mikið rætt á sínum tíma, en það var frv. um hámarkslaun. Fyrsti flm. þess var Stefán Jónsson, þáverandi hv. þm., og hann byggði þetta frv. sitt um hámarkslaun á gömlu hlutaskiptunum í fiskveiðunum þar sem enginn ætti að fá meira en tvöfaldan hlut. Býsna góð rökfræði, en á þetta mál var ekki mikið hlustað hér eða mjög tekið undir það. M.a. var bent á það, á svipaðan hátt og áðan var gert varðandi lágmarkslaunin, að það yrði vandmeðfarið í framkvæmd.

Kannske er enn meiri ástæða til að flytja frv. af þessu tagi nú en var í vor í kjölfar kjarasamninganna vegna þess góðæris sem hefur hellst yfir ríkisstjórnina og hún veit greinilega ekkert hvað hún á við að gera annað en það þó helst að því skuli ekki skilað til þeirra sem helst þurfa á því að halda. Það er alveg ljóst að það hefur henni ekki hugkvæmst. Við hljótum hins vegar að ætlast til þess að aðilar vinnumarkaðarins taki einmitt mið af þessu, verkalýðshreyfingin fyrst og fremst, og nýti þetta óumdeilanlega góðæri til að hyggja að því hvers hlutur á að vera efstur í næstu kjarasamningum, þeirra sem hafa lágu launin og þeirra sem hafa kauptaxtana eina til að styðjast við.

Ég held að hér sé hreyft einu þýðingarmesta málinu sem í dag brennur í þjóðfélaginu, þ.e. þeim mikla launamismun sem viðgengst. Óneitanlega er það rétt, eins og reyndar hv. flm. kom inn á, að það er neyðarúrræði að flytja um það frv., að þetta skuli ákveðið með lögum, að aðilar vinnumarkaðarins skuli ekki hafa séð sóma sinn, vil ég segja, í því að ganga þannig frá málum að frv. af þessu tagi væri óþarft með öllu.

Hitt er svo annað, og það þekki ég af eigin reynd frá gömlum tíma í verkalýðshreyfingunni, og veit að það hefur sjálfsagt lítið breyst, að það stendur yfirleitt ekki á vinnuveitendum að hækka laun og það ríflega til fámennra hálaunaðra hópa, en þegar kemur að hinum breiða fjölda komum við að ákveðnum múrvegg hjá þessum sömu vinnuveitendum. Ég hef ekki trú á öðru en að hv. þm. Karl Steinar Guðnason geti staðfest að þar, þrátt fyrir þær upplýsingar sem komu fram um heildarkostnað af launahækkun til þessa hóps sérstaklega, sé einmitt sá múrveggur sem þessir samningar stranda á æ ofan í æ, að hinn breiði fjöldi hinna lægstlaunuðu bæði í þjónustugreinunum og grunngreinunum fær ekki leiðréttingu en atvinnurekendur eru tilbúnir, ýmist beint í kjarasamningum eða þá með yfirborgunum eftir á, að hækka tiltölulega fámenna hópa sem eru með há laun.

Við höfum verið, eins og hv. 8. þm. Reykv. og hv. flm. komu inn á áðan, að skyggnast í niðurstöður kjararannsóknarnefndar sem segja okkur kannske ekki allan sannleika í þessum efnum. En þær segja okkur þó hvílíkur gífurlegur munur er á því fólki sem annars vegar er á kauptöxtunum eintómum og verður að láta sér það nægja einvörðungu — eða bæta sér það upp með mikilli yfirvinnu eða með óeðlilegum þrældómi, eins og bónusþrældómurinn í frystihúsunum er gleggst dæmi um, þar sem kauptaxtarnir eru komnir svo gjörsamlega úr sambandi að bónusinn ofan á hinn raunverulega kauptaxta getur verið 120 eða 130%, svo gáfulegt sem það er, og mætti gjarnan huga að því, með auðvitað óheyrilegu erfiði þar á bak við hjá viðkomandi — og hins vegar þeim sem eru yfirborgaðir eða hafa möguleika til þess að drýgja tekjur sínar eða koma þeim fyrir á einhvern annan hátt. Ég held að þessi könnun hljóti að vera góð viðspyrna fyrir verkalýðshreyfinguna í komandi kjarasamningum til þess að hækka hina lágu kauptaxta, lægstu kauptaxtana sem um er að ræða.

Við heyrum það þessa dagana að ráðstöfunartekjur heimilanna hafi aukist svo og svo mikið. Það er eitt af því sem haft er hvað allra hæst um. Ég efast ekki um að þessar tölur séu réttar vegna þess að til þess að fólk geti bjargast hefur það farið út í enn meiri yfirvinnu ef þess hefur verið kostur og konur hafa í enn ríkara mæli en áður farið út á vinnumarkaðinn til þess hreinlega að bjarga fjárhag sinna heimila. Og þá fá menn auðvitað út hærri ráðstöfunartekjur heimilanna, eins og það er svo fallega

orðað, og fá út að ástandið hljóti að vera bærilega gott úr því að þær hafi hækkað svo og svo mikið.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð hér. Ég held að frv. hljóti að fá vandlega athugun í nefnd. Ég held að kjarasamningarnir sem nú verða gerðir hljóti svo að skera úr um nauðsyn þess að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Við skulum vona í lengstu lög að þeir verði með þeim hætti fyrir þá lægst launuðu að mönnum detti yfirleitt ekki í hug að slíka lagasetningu þurfi eins og hér er lagt til.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Ég held að allir hér hljóti að vera sammála um að andi þessa frv. er þess eðlis að rétt og skylt sé að samþykkja það. Hins vegar gætu verið fjölmörg ljón á veginum þegar ætti að hrinda þessu í framkvæmd.

Eins og hv. flm. lét getið í framsöguræðu er hér raunverulega um neyðarúrræði að ræða. Það er viðurkennt að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki náð að koma á mannsæmandi töxtum fyrir þá sem lág laun hafa í þessu landi. Það er hörmulegt til þess að vita að verkalýðsfélög og vinnuveitendur skuli ekki fyrir löngu hafa leyst þetta mál á þann hátt að viðunandi sé. Ég held að það hlyti að vera mikill styrkur fyrir allt vinnandi fólk í landinu að viljayfirlýsing Alþingis lægi fyrir um að viðurkennt sé að 30 til 35 þús. kr. mánaðarlaun fyrir dagvinnu séu það lágmark sem unnt er að komast af með. Hvort þar með er unnt að samþykkja þetta frv. óbreytt er önnur saga. Það hefði kannske verið réttara að bera þetta fram í ályktunarformi þannig að um ákveðna viljayfirlýsingu væri að ræða en ekki beinlínis löggjöf sem þegar í stað þyrfti að fara að taka tillit til í tengslum við kjarasamningana sem eru að fara af stað.

En þessa staðreynd hljótum við að hafa í huga og um þetta hljóta allir að vera sammála að lægstu taxtar hér á landi eru langt frá því að vera með þeim hætti að mannsæmandi sé. Ég vil ekki síst undirstrika það sem hv. flm. sagði um þjóðhagsleg, félagsleg og sálfræðileg áhrif þess arna. Það mætti segja mér að sá kostnaður sem ríkið bæri af lágum launum væri miklu meiri en næmi þeim kostnaði sem væri af hærri launum til ákveðinna hópa.

Við heyrðum það í hádegisútvarpinu hve stóraukist hefur sá fjöldi sem á einhvern hátt nýtur félagslegrar aðstoðar í Reykjavíkurborg. Ég er ekki að segja að allt það sé tilkomið vegna lágra launa, en ég er ekki í nokkrum vafa um að mjög margt af því má rekja til þeirra launataxta sem eru í gildi.

Kannske er það annað sem ætti einnig að hafa í huga. Það er hve gífurlegur frumskógur allt launakerfið er orðið. Það er nánast ekki nema fyrir sérfróða menn og varla fyrir þá og varla fyrir starfsmenn verkalýðsfélaga að botna í þeim gífurlegu flækjum sem allt launakerfið er í.

Niðurstöður kjararannsóknar þeirrar sem kjararannsóknarnefnd stóð fyrir og er að byrja að kynna benda til að nú sé svo komið að verulegur hluti af launum í landinu sé greiddur fyrir yfirvinnu, aukavinnu af ýmsu tagi, bónus, fríðindi, eða fyrir það sem kunningi minn orðaði svo fyrir nokkrum árum: Það er stór hluti af launanum greiddur fyrir það sem fólk vinnur ekki í stað þess að greiða því vel fyrir það sem það vinnur. Það er alltaf verið að finna einhverjar mínútur hér og mínútur þar til þess að borga fyrir, einfaldlega til þess að launin séu ekki svo skammarleg sem lægstu taxtarnir bera vitni um.

Það er einnig ástæða til þess að velta örlítið fyrir sér spurningu sem hv. síðasti ræðumaður varpaði fram og reyndar bæði hv. 8. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl. Á ríkið að blanda sér í kjarasamninga? Nú er ríkið auðvitað alltaf að blanda sér í kjarasamninga. Það eru engir kjararsamningar gerðir í landinu án þess að ríkið komi þar á einn eða annan hátt við sögu. Ég tel það ekkert fráleitt að ríkið setji ákveðnar kröfur um t.d. lágmarkslaun eða a.m.k. viljayfirlýsingu um það efni. Það hlýtur að vera að ríkisvaldið láti sig nokkru skipta, eða a.m.k. ætti það að láta sig nokkru skipta kjör fólksins í landinu, og þá eru launamálin ekki minnsti liðurinn.

Eins og ég sagði í upphafi er það hins vegar spurning hvort unnt er að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir, hvort þá eru ekki settar of þröngar skorður, hvort ekki verður farið að einblína á þetta sem hámarkslaun t.d. fyrir ákveðna hópa og hvort komið verður í veg fyrir þá prósentuhækkun yfir alla línuna, eins og það er kallað, sem oft og tíðum hefur verið niðurstaða kjarasamninga. Það sem ég held að hefði átt að gera er að samþykkja ályktun um þessi efni, að Alþingi viðurkenndi að vinna bæri að því að 30–35 þús. kr. laun væri lágmark í töxtum. Útfærsluatriði út frá slíkri ályktun væru langtum auðveldari en út frá beinum lögum.

Ég er því ekki á þessari stundu tilbúinn að samþykkja þetta sem lög en ég vil eindregið taka undir þann anda og þá hugmynd sem að baki frv. liggur og hvet til þess að allt launakerfið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar. Og reyndar hef ég alltaf verið hrifinn af tillögu Stefáns Jónssonar um hámarkslaunin og ég held að ef sú tillaga hefði verið samþykkt á sínum tíma væri ekki jafnerfið mál að fást við í launamálum eins og raun ber vitni.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstvirtur forseti. Aðeins örfá orð. Ég skil fullkomlega þann hug sem liggur að baki flutningi þessa frv. og vil að ýmsu leyti taka undir. Það er vissulega til athugunar, þegar við höfum í huga hversu háar þjóðartekjur okkar Íslendinga eru, að launagreiðslur, ekki síst í undirstöðuatvinnugreinunum, skuli ekki vera hærri en raun ber vitni.

Ég er persónulega sannfærður um að með skilvirkara fyrirkomulagi á vinnumarkaðinum er unnt að koma því við að sama vinnumagni verði skilað á verulega styttri tíma en er í dag. Í þessu sambandi er mér efst í huga yfirvinnubannið sem var í gildi um nokkurt skeið fyrir nokkrum árum. Ég er með ákveðið fyrirtæki í huga sem ég ætla reyndar ekki að

nefna. Þá var raunin sú að innan 40 stunda vinnuvikunnar skiluðu starfsmenn fyrirtækisins sömu vinnu og þeir höfðu áður gert á allt að þriðjungi lengri vinnutíma. Mér er efst í huga hluti af starfsemi þessa fyrirtækis þar sem þannig hagaði til að um bílstjóra var að ræða. Þeir voru einfaldlega þannig í stakk búnir að þeir vildu alls ekki verða kyrrsettir einhvers staðar uppi í sveit og vildu komast til síns heima, voru samtaka um það að ljúka þessum verkum á verulega skemmri tíma en áður.

Ég minni á þetta til þess að undirstrika þá skoðun mína að það er kannske verðugasta verkefnið að stofna til meiri skilvirkni í atvinnulífinu að þessu leyti. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að ekki sé að þessu unnið mjög víða og kannske er leitast við það alls staðar, menn komast raunar ekki hjá því. En betur þarf að gera. Ég er reyndar einn af þeim sem efast um að lögbinding lágmarkslauna skili því sem ætlast er til. Mér sýnist að þetta frv. sé kannske tvíþætt, það er flutt í tvennum tilgangi, annars vegar að tryggja lágmarkslaun til framfærslu og hins vegar að minnka launabilið.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu erfiðlega hefur gengið í kjarasamningum á undanförnum árum að minnka launabil. Reyndin hefur verið sú að heildarsamtökin, fjöldinn, hefur samið og síðan hafa hinir einstöku hópar komið á eftir og fengið sitt, stundum ótæpilega. En ekki fleiri orð um það. (**Gripið fram í:** Þú nefnir engin nöfn?) Nei, ég nefni engin nöfn.

Ég er ansi hræddur um að lagasetning sem þessi tryggi alls ekki að launahækkanir fari ekki upp allan stigann. Hér er ekki um að ræða neina breytingu á fyrirkomulagi þessara mála að öðru leyti en því sem frv. tekur til. Og í grg. með frv. er vikið að þeim áhrifum sem lagasetningin kynni að hafa vegna heildarlaunakostnaðaraukans, áhrifum á atvinnureksturinn, áhrifum á þjóðarbúskapinn. Hér er vitnað til Þjóðhagsstofnunar og gert ráð fyrir að ef frv. yrði að lögum mundi heildarlaunakostnaður atvinnurekstrarins í landinu hækka um 3–5%. Eftir því mundi heildarlaunakostnaður í landinu hækka um 2½ til 3½ milljarð. Mér finnst satt að segja dálítið mikið fullyrt í grg. að hækkun lægstu launa að því er tekur til ákvæða frv. sé hvorki dýr né líkleg til þess að hleypa verðbólgunni á skrið að nýju. Mér finnst þetta dálítið mikil fullyrðing í ljósi þess að meira að segja hv. flm. efast líklega um að það verði með nokkru móti hægt að stemma stigu við hækkunum þeirra hópa sem þarna eru yfir. Ég ætla a.m.k. að leyfa mér að efast stórlega um það eins og ég hef tekið fram áður. En þessar stærðir, 2½ til 3½ milljarður, í auknum launakostnaði hafa náttúrlega óhjákvæmilega í för með sér umtalsverð áhrif á efnahagsmálin almennt. Ekki er heldur gert ráð fyrir þeim viðbótaráhrifum sem ég tel óhjákvæmileg.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti og taka undir það sem hér hefur komið fram að meginverkefni atvinnurekstrarins í landinu er auðvitað að byggja sig þannig upp, og þá er ekki síst hlutverk löggjafans að koma þar til, að afkoma atvinnurekstrar verði þannig að hann verði færari eftir en áður að greiða mannsæmandi laun. Þegar við erum að tala um launakjör, fjárhæðir launa, megum við ekki aðeins líta á þörf einstaklingsins fyrir framfærslueyri. Við verðum líka að hyggja að möguleikum atvinnurekstrarins til þess að greiða launin, við komumst ekki hjá því. Frá því hefur verið skýrt hér, og það er alveg rétt, að slík lágmarkslaun eru bundin í lögum sums staðar annars staðar. Nú held ég persónulega að það sé mjög örðugt, og m.a. í þessu sambandi, að bera saman og leggja að jöfnu aðstæður hérlendis og víða erlendis. Ég held að það geti reynst mjög hæpinn samanburður.

Ég legg mikið upp úr því að atvinnureksturinn og alþýðusamtökin beri sem mesta ábyrgð á sínum gjörðum og að vinnumarkaðurinn sjálfur semji um kaup og kjör, einfaldlega vegna þess að ég held að það sé affarasælast að þessir aðilar beri þar mesta ábyrgð. Ég geri mér grein fyrir því að í sumum tilvikum kemst ríkisvaldið ekki hjá því, ríkisstjórn og löggjafarþing, að skipta sér af málum, ekki síst þegar þarf og er óhjákvæmilegt að tryggja framgang ákveðinnar efnahagsstefnu, eftir atvikum til skemmri eða lengri tíma. En þegar á allt er litið held ég að affarasælast sé að þessir aðilar beri sem mesta ábyrgð á þessum málum. Og maður hlýtur náttúrlega að líta til kjarasamninga sem fram undan eru. Um það er engu hægt að spá með hvaða hætti ríkisvald verður að koma þar til. Aðilar vinnumarkaðarins eru þegar farnir að þreifa hvor á öðrum eftir því sem ég veit best. Það er engin spurning í mínum huga að áframhaldandi árangur í efnahagsmálum er ekki síst undir því kominn að aðilar nái saman eins og þeir náðu saman fyrir tæpu ári. Það kann vel að vera að einhver haldi því fram að verkalýðshreyfingin hafi þar samið af sér. Ég held ekki. Ég held að heildarárangur sé góður þrátt fyrir allt og hagsbætur, m.a. fyrir hönd þeirra lægst launuðu sem ég skal viðurkenna að hafa of lág laun, séu meiri það sem af er þessu ári, með árangur í efnahagsmálum í huga, en oft áður.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en ég þarf að skoða það miklu betur ef ég á að leggja þessu frv. lið í gegnum þingið.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umræðu nú er endurflutt frá því á síðasta ári og fékk þá allmikla umræðu í fjh.- og viðskn. Ég sé að flm. hristir höfuðið, en það var afgreitt úr þeirri nefnd og vísað til ríkisstjórnarinnar ef ég man rétt.

Ég skal lýsa því yfir strax að ég tel mjög hæpið og meira en hæpið að það sé til bóta fyrir lægst launaða fólkið að fá lögbindingu frá Alþingi, þ.e. þetta skuli vera lágmarkslaun. Það er ákaflega fallegt að segja frá þessu á þennan veg, en þegar við förum betur ofan í dæmið held ég að við sannfærumst um að það sé ekki til bóta fremur en sú regla sem beitt hefur verið á undanförnum árum til að þoka þessum

málum áfram.

Það er búið að valda í langan tíma miklum erfiðleikum hjá viðsemjendum á launamarkaðnum hvernig sé hægt að hífa upp lægstu launin. Ég fullyrði að hjá báðum aðilum hefur verið reynt eins og mögulegt er að koma þessu áfram á ýmsan veg. Ég minni t.d. á sérkjarasamninga hjá fiskvinnslunni. Ég held að það fólk væri ekki bættara með að fá lögbundin 30 þús. kr. laun. Ég segi þetta vegna þess að ég hef nokkra þekkingu á þessu. Þó að ég hafi ekki farið vel ofan í þetta upp á síðkastið held ég að ég geti haldið því fram héðan úr þessum ræðustól að almennt séu laun í frystihúsi, þar sem eru unnir 8 tímar og með þeim bónus sem þar kemur fram, og held ég að ég yki ekki þegar ég segi þetta, í kringum 40 þús. kr. á mánuði. Þetta vil ég að flytjendur hafi í huga þegar svona mál eru rædd.

Hins vegar skal ég taka skýrt fram að of margir hópar í þjóðfélaginu njóta ekki slíkra kjara. Fiskvinnslufólk er kallað láglaunafólk og ég skal ekkert draga úr því að það mætti hafa betri laun. Hins vegar eru nokkrar stéttir sem eru of lágt launaðar og allt of lágt. Því miður getum við vafalaust fundið dæmi um 19 þús. kr. kaup og það verðum við að leitast við á allan hátt að lagfæra.

Ég tek skýrt fram að ég sé ekki að 30 þús. kr. séu laun sem þurfi að vaxa í augum að fólk verði að hafa til að geta lifað. En þá er að finna réttu leiðina. Ég held að ég megi fullyrða einnig að það séu ekki, sem betur fer, 35 þúsund manns, eins og í frv. kemur fram, á þessum lágu töxtum. Það á að vera vandalaust fyrir þá aðila sem þar vilja koma nálægt, sem væru þá fyrst og fremst atvinnurekendur og launþegasamtök, að finna út þá hópa sem eru raunverulega svona lágt launaðir. En það má ekki gera greinarmun á þessu öllu, tala um að dagvinnan sé þessi o.s.frv. Það má deila um bónus og þrælkun í þeim efnum, en þarna er þó um að ræða hin raunverulegu laun sem er skilað til fólksins og verður að taka tillit til þess. Þess vegna held ég að launþegar séu ekki bættari með því að löggjafinn setji um þetta lög og það verði litið á það sem hámarkslaun þá og þurfi ekki betur að gera en þar er tilgreint. Þess vegna get ég ekki stutt frv. eins og það hér er lagt fram, en undirstrika að ég er reiðubúinn að leita allra leiða til að finna þá hópa og þá einstaklinga sem eru undir því tekjumarki sem talað er um og koma til móts við þá til þess að þeir geti fengið sinn skerf.

Það er fyrst og fremst verkefni atvinnuveganna og launþegasamtakanna að semja um hluti eins og þá sem við erum að ræða og það hefur þokast mjög í rétta átt. En það eru of margir aðilar enn þá sem eru þarna utan við. En ég tel rangt að rugla dæmið á þann veg sem hér er sett fram og getur það valdið ákveðnum misskilningi, bæði gagnvart fjölda og því kaupi sem þarna er um að ræða.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og þá sérstaklega þeim sem á einn eða annan hátt hafa stutt þær hugmyndir sem liggja frv. til grundvallar.

Hér hefur fjöldamargt komið fram sem vert er að ræða frekar. Það kom fram í máli margra hv. þm. að þeir drógu í efa réttmæti þess að löggjafinn blandaði sér í almenna kjarasamninga með þeim hætti sem lagt er til í frv. Eins og ég greindi frá í framsögu minni fyrir málinu höfum við Kvennalistakonur lengi íhugað hvort skref sem þetta sé réttmætt og eftir síðustu kjarasamninga fannst okkur málin vera komin í það horf að það yrði ekki lengur vikist undan því að Alþingi tæki á þessu máli. Þá var ljóst að verkalýðshreyfingin var ekki í stakk búin til að sinna því hlutverki sínu að semja um laun sem hægt er að lifa af fyrir þá sem lægstu launin hafa og þess vegna töldum við að réttlætanlegt væri að Alþingi gripi í taumana og samþykkti lágmarkslaun sem nokkurs konar neyðarúrræði til að tryggja lágmarksrétt þeirra sem þarna eiga hlut að máli. Ég held að Alþingi geti ekki setið aðgerðarlaust hjá þegar málum er háttað eins og þeim er núna háttað víða hér á landi og menn bera jafnlítið úr býtum fyrir fulla vinnu og raun ber vitni.

Hv. 8. þm. Reykv. kom að ýmsum atriðum í máli sínu og spurði m.a. hvaða laun væri verið að tryggja með þessu frv. Það er augljóst af frvgr. Þar stendur skýrum stöfum að það er verið að tryggja 30 þús. kr. lágmarkslaun fyrir 40 stunda dagvinnu á viku. Hvað gerist þá með bónusgreiðslur og aðrar launatengdar greiðslur? spurði þm. Það er vitaskuld hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um bónusgreiðslur og aðrar launatengdar greiðslur í framhaldi af lögfestingu lágmarkslauna. Við hljótum að leggja það í þeirra hendur. Um slíkt getum við ekki hlutast til á Alþingi.

Þm. benti einnig á að það væri ekkert sem tryggði að launin margfölduðust ekki upp launastigann og það kom reyndar fram í máli annarra þm. sem til máls hafa tekið. Því er til að svara að vitaskuld getum við ekki tryggt eitt eða neitt í því sem aðilar vinnumarkaðarins kunna að gera við það ástand sem mundi skapast í launamálum yrði þetta frv. að lögum. Við hljótum að vísa því alfarið til aðila vinnumarkaðarins hvort þeir vilji láta launahækkun sem þessa ganga upp launastigann eða ekki og jafnframt hljótum við að vísa því til þeirra hvort þeir, verði þetta frv. að lögum, muni þá nýta sér það á þann veg, eins og kom fram í máli margra og ég reyndar nefndi líka í framsögu minni, að það gæti orðið botninn á launagreiðslum sem lægst launaða fólkið ætti á hættu að sitja eftir í. Þetta hvort tveggja, bæði það hvort prósentuhækkunin fer upp stigann og það hvort þetta yrði þá notað sem nokkurs konar botn sem fólk kæmist ekki upp úr, er í höndum aðila vinnumarkaðarins eins og eðlilegt og réttmætt er. Það getur Alþingi ekki hlutast til um.

Það sem verið er að gera með þessu frv. er að tryggja mönnum ákveðinn lágmarksrétt, þann rétt að geta lifað af afrakstri fullrar dagvinnu. Afgangur-

inn hlýtur að vera í höndum þeirra sem fara með samninga hér á landi eins og lög gera ráð fyrir.

Það virðist hafa farið fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að ýmis flokkssystkin hans eru greinilega ekki sama sinnis og hann í þessu máli. Ég bendi á grein eftir Jóhönnu Sigurðardóttur, sem birtist í dagblaðinu Vísi 14. sept. s.l., sem heitir „Á að lögbinda lágmarkslaun?", þar sem Jóhanna færir mörg og góð rök fyrir því að slíkt sé nauðsynlegt. Ég minni þm. einnig á að flokksbróðir hans, hv. þm. Karvel Pálmason, hefur látið þess getið að hann sjái ekki aðra leið út úr því ástandi sem er í launamálum hér á landi en þessa og vil minna þm. á að hv. þm. Karvel Pálmason var einn af frumkvöðlum Bolungarvíkursamkomulagsins s.l. vor sem braut í blað í þessum efnum. En e.t.v. gefst hv. 8. þm. Reykv. færi á að kynna sér þessi mál betur eftir því sem hann hefur færi á að ræða þau við hin nýju flokkssystkini sín í Alþfl.

Hv. þm. Haraldur Ólafsson nefndi það að e.t.v. lægi beinna við að Alþingi samþykkti viljayfirlýsingu þess efnis að 30–35 þús. kr. lágmarkslaun væru það lægsta sem hægt væri að ætlast til að menn kæmust af með sér til framfærslu hér á landi í stað þess að lögbinda þessi laun. Ég held að það sé hugmynd sem vert sé að skoða í fjh.- og viðskn. hvort hyggilegt væri að nefndin sendi frá sér slíka viljayfirlýsingu í formi þáltill. hingað inn í Ed., sem síðan gæti þá gengið til Nd. ef svo vill verkast, og sæi síðan hver útkoma næstu kjarasamninga yrði áður en frv. sjálft yrði afgreitt. Ég held að við ættum að skoða þá hugmynd í fjh.- og viðskn. Ed. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég er ekki bjartsýn á að aðilar vinnumarkaðarins vendi sínu kvæði í kross og semji um 30 þús. kr. lágmarkslaun eða þaðan af hærra. Helst af öllu hefði ég viljað að þetta frv. hefði orðið að lögum áður en þeir samningar fara í hönd og að aðilar vinnumarkaðarins gætu notað það sem grunn til að byggja kjarasamningana á, að það væri frá því gengið áður en að samningaborðinu er sest að 30 þús. kr. lágmarkslaun eru grunnlaun og síðan gætu menn samið um aðrar kauphækkanir og aðra launaliði þar til viðbótar. En ég tel vert að við skoðum þetta. Hér er stórt mál á ferðinni og er mikilvægt að reyna hverju sinni að gera það sem er líklegast til að skila árangri og verða mönnum til hagsbóta.

Hv. þm. Valdimar Indriðason dró mjög í efa að þetta frv. væri til bóta fyrir lægst launaða fólkið, en ekki fann ég í máli þm. nein önnur úrræði í því efni. Hann vísaði til aðila vinnumarkaðarins. Við höfum séð hvernig þeir hafa staðið að þessum málum á undanförnum árum þannig að það er engin ástæða til að ætla að þeir bæti þar um betur. Meðan engin önnur úrræði eru fyrir hendi er varla hægt að taka það gilt sem staðhæfingu að þetta frv. geti ekki verið til bóta.

Þm. benti á að laun í frystihúsi gætu verið um 40 þús. kr. á mánuði. Hann nefndi líka réttilega þá vinnuþrælkun sem það hefur oft og tíðum í för með sér og ég hef ekki trú á að nokkurt okkar geti samþykkt eða talið æskilegt og svo eru vitaskuld fjöldamargir aðrir sem ekki hafa 40 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði.

Hann dró einnig í efa að um væri að ræða 35 þús. manns sem hefðu innan við 30 þús. kr. á mánuði í dagvinnulaun hér á landi. Því er til að svara að þetta er áætlun Þjóðhagsstofnunar. Hún áætlar að það sé þetta stór hópur sem hafi innan við 30 þús. kr. í lágmarkslaun hér á landi nú. Það er vissulega ógnvænlegt. Það er ógnvænleg tala.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson kom upp einnig og mér fannst harla nöturlegt að heyra þann hv. þm. reyna að afsaka þau lágu laun sem hér eru greidd. Hann dró í efa úteikninga Þjóðhagsstofnunar á þessu frv. Það hlýtur þá að vera hans mál. Ég vísa aðeins til þeirrar stofnunar um það. Hann nefndi einnig að atvinnurekstur kynni oft og tíðum ekki að vera í stakk búinn til að greiða 30 þús. kr. lágmarkslaun. Ég svara honum með þeirri röksemd, sem ég var með í framsögu minni, að ég tel að atvinnurekstur sem ekki getur borgað mönnum laun sem duga þeim til framfærslu geti ekki átt rétt á sér. Slíkur atvinnurekstur er ekki réttlætanlegur að neinu leyti.

Sá ágæti þm. taldi einnig að það væri affarasælast að aðilar vinnumarkaðarins bæru sem mesta ábyrgð á kjarasamningum og þar er ég honum hjartanlega sammála og öðrum þeim sem því hafa haldið fram hér. Það er einnig mín skoðun að þar eigi samningar um kaup og kjör í landinu heima, en þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu og ástandið er orðið eins og það er og þar að auki ríkir góðæri í landinu, sem hv. þm. Helgi Seljan taldi nú að ríkisstjórnin vissi ekki hvað hún ætti að gera við, þá held ég að Alþingi geti ekki setið aðgerðarlaust hjá.

Með þessu frv. hef ég lagt til að Alþingi lýsi vilja sínum í þessum málum og tryggi mönnum ákveðinn lágmarksrétt í launum, en framhaldið er í höndum aðila vinnumarkaðarins eins og eðlilegt er, þar á meðal hvort launahækkanirnar fari upp stigann eða hvort þetta verði botn sem lægst launaða fólkið á á hættu að sitja eftir á, og einnig það að semja um launatengdar greiðslur, bónus og aðra launaliði. Þetta er allt saman áfram í höndum aðila vinnumarkaðarins þar sem það á vitaskuld að vera.

Frv. er í raun hugsað sem grunnur sem aðilar vinnumarkaðarins geti byggt sína samninga á. Það er óumdeilt að það er Alþingis að leggja þann efnahagsgrunn sem er í þjóðfélaginu hverju sinni þannig að það er í sjálfu sér ekki frammígrip af hálfu Alþingis heldur er það einungis skylda Alþingis að leggja þann grunn. Frv. er hugsað sem grunnur undir frjálsa samninga og framhaldið er í raun og veru að öllu leyti í höndum aðila vinnumarkaðarins.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Mér skilst að menn telji það til hlutverks síns að minna mig á í hvaða þingflokki ég er núna og er hálfundarlegt hjá mönnum að gera ráð

fyrir þeim sofandahætti mínum að hafa ekki tekið eftir búferlaflutningum.

Til upplýsingar er mér fullkunnugt um hugleiðingar Jóhönnu Sigurðardóttur og Karvels Pálmasonar um lágmarkslaun sem hluta af löggjöf. En til upplýsingar fyrir þá sem hafa á annað borð vakað svona vel yfir minni velferð vil ég benda þeim á að þingflokkur Alþfl. hefur ekki orðið sammála um eða sett fram neina yfirlýsingu um að það skuli vera pólitík þingflokksins. Þetta hefur verið rætt í þingflokknum og menn komust reyndar að þveröfugri niðurstöðu, þ.e. að þeir gætu ekki á þessu stigi málsins sett fram kröfu um lögbundin lágmarkslaun.

Þetta verður ljóst þeim sem hlusta grannt á ræðu hv. flm. sem lýsir alltaf sjálf í máli sínu mótsögninni í þessum frumvarpsflutningi. Annars vegar viðurkennir hún hinn fulla rétt samningsaðila til að ákveða allt sem viðkemur launum, flytur síðan frv. um þessa einu litlu lagasetningu, en segir svo: Að þessu undanskildu virði ég rétt samningsaðila til að ákveða allt annað. — Ég tel nú fyrir það fyrsta að þetta sé mótsögn í sjálfu sér. Ég teldi þá miklu eðlilegra að flytja frv. til l. um rétt manna til lífeyris eins og hann er reiknaður út af þeim aðilum sem skoða og kanna framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna. Það væri miklu eðlilegri grunnur vegna þess að sá grunnur er ekki í sjálfu sér ákvörðun löggjafans um að flytja eitt eða neitt úr einum vasa yfir í annan heldur einungis yfirlýsing um ótvíræðan rétt manna.

Aftur á móti hugsa ég að sterkustu andmæli gegn lögum af þessu tagi yrðu endanlega spurningin um hvort þessi lög stönguðust ekki hreint og beint á við það stjórnarskrárákvæði sem kveður á um eignarrétt manna því að hérna er virkilega verið að tala um flutning á eignum í formi peninga. Það er verið að ákveða af löggjafans hálfu að flytja fé úr vasa eins aðila yfir í vasa annars aðila. Löggjafinn tekur enga aðra ábyrgð á þeim flutningum en þá að þetta skuli vera réttur manna sem hafa sannanlega einhverja ákveðna upphæð í laun.

Að mínu viti leysir þetta alls ekki þann vanda sem aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki getað klórað sig fram úr enn þá. Ég tel þvert á móti að þetta mundi auka hann ef nokkuð er. Aftur á móti sýnist mér að lög um rétt fólks til lífeyris væru eitthvað sem löggjafinn gæti fyllilega staðið við og staðið á og samningsaðilar líka, en sé farið inn í samninga með þessum hætti, að setja lög um eitthvert eitt atriði samninga, tætir það alla samningana upp. En að segja síðan: Aðilar vinnumarkaðarins skulu leysa það sem eftir er, það er að segja að engin lausn fæst. Ef menn eru á annað borð búnir að hefja mál sitt á því að segja að aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki getað leyst þetta, hvaða líkur eru þá til þess að þeir leysi það eitthvað frekar þegar búið er að setja lög af þessu tagi? Hvaða sannfæring býr þar að baki önnur en sú sannfæring að það sé gott síns eigin málstaðar vegna að lýsa því yfir hér úr ræðustól að maður vilji vera góður við börn og gamalmenni. Flm. er náttúrlega álíka ljóst og mér, tel ég, að þessi lög leysa ekki þann vanda sem flm. vildi gjarnan leysa. Maður gengur a.m.k. út frá því.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst skörin vera komin upp í bekkinn þegar hv. síðasti ræðumaður, Stefán Benediktsson, vék að nákvæmni í lagasetningu og líkti þessu frv. gjarnan við það, þó að hann orðaði það ekki þannig sjálfur, að það væri eins gott að setja lög um að börn og gamalmenni hefðu það gott í landinu. Þá hlýt ég að leiða hugann að frv., sem hv. þm. Stefán Benediktsson flutti að mig minnir á síðasta þingi, sem varðaði húsnæðismál. Það frv. minnti mig á að það hefði kannske verið eðlilegra að flytja frv. sem væri í tveim greinum. Í 1. gr. væri ákveðið að allir hefðu það sæmilega gott í landinu. En í 2. gr. stæði: Lög þessi öðlast þegar gildi. Ég held að hv. þm. ætti ekki að víkja orðum sínum í þeim dúr að þessu frv.

En ég stóð ekki upp til þess eins að fetta fingur út í orðfæri hv. þm. Stefáns Benediktssonar heldur til að þræta fyrir að ég hefði vefengt útreikninga Þjóðhagsstofnunar eins og hv. flm. þessa frv. gat um í sinni annarri ræðu. Það var alls ekki ætlun mín, enda gerði ég það ekki, að vefengja útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Hins vegar þætti mér vænt um ef fram kæmi hvaðan komið er það orðfæri sem er í greinargerðinni þar sem stendur, með leyfi forseta: „Hækkun lægstu launa er því hvorki dýr né líkleg til að hleypa verðbólgunni á skrið að nýju.“ Ég stend í þeirri trú þar til annað kemur fram að þarna sé um innskot hv. flm. að ræða en ekki skoðun Þjóðhagsstofnunar. En sé þetta skoðun Þjóðhagsstofnunar ætla ég að vera Þjóðhagsstofnun ósammála. Ef ekki er ég ósammála hv. flm. nema hvort tveggja sé.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég skal verða við óskum síðasta hv. ræðumanns og upplýsa hann um þessa setningu í grg. Hún er ályktun af þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun lét flm. frv. í té. Hún er ályktun sem er dregin af þeim upplýsingum í samráði við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar. Upplýsingarnar voru ræddar og þetta virtist liggja beint við. En ég tek fulla ábyrgð á orðalaginu.

Varðandi það sem hv. 8. þm. Reykv. hafði á orði... (**Gripið fram í:** Hann er farinn.) Hann er farinn, já. Þá er ástæðulaust að ræða mikið um það.

Hins vegar fann hann þessu frv. m.a. það til foráttu að það flytti fé úr vasa eins aðila í vasa annars og væri ákaflega hæpið fyrir Alþingi að aðhafast slíkt. Það vekur mér satt best að segja gríðarlega furðu að hv. þm. skuli hafa setið á hv. Alþingi í þrjú ár og ekki hafa tekið eftir því að þetta er það sem Alþingi er alltaf að gera í hverju lagafrv. á fætur öðru. Ég held að önnur rök hans séu eftir því og eyði því ekki frekar orðum á þau.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JS, 25. mál (heimilisuppbót). — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, frh. 1. umr.

Frv. MálmS og KH, 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Þetta mál fjallar um lífeyrisréttindi. Eftir því sem mig rekur minni til hafa öll slík mál farið til fjh.- og viðskn. Lagabálkar um það efni hafa verið til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Auk þess er hér, eins og oft er í lífeyrissjóðsmálum, um að ræða mjög veruleg útgjöld fyrir ríkið, gert ráð fyrir að ríkissjóður inni af hendi allverulegar greiðslur ef það yrði að lögum sem hér er gert ráð fyrir. Ég legg þess vegna eindregið til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. eins og venjan hefur verið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta mál, sem hér um ræðir, er tillaga um breyting á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þau lög fóru til meðferðar í félmn. á þeim tíma þegar þau voru samþykkt á sínum tíma og brtt. við þau lög, sem síðan hafa verið fluttar, hafa jafnan farið til félmn. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að málið fari til félmn.

Það er hins vegar umdeilanlegt hvort heiti málsins í dagskrá er rétt, hvort það er ekki misvísandi, og hefur e.t.v. valdið þeim misskilningi sem fram hefur komið um meðferð málsins. En ég mundi, herra forseti, styðja að málið færi til félmn.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Það var tillaga flm. að málið færi til félmn. Forseti athugaði þetta og fannst við fyrstu sýn að e.t.v. væri eðlilegra að þetta færi til fjh.- og viðskn. vegna þess að það fjallar vissulega um lífeyrisréttindi, en við nánari skoðun og athugun á þessu máli kom í ljós að hér er, eins og hv. 3. þm. Reykv. var að benda á, um að ræða breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Augljóst er að þessi lög eru félagsmál. Það er rétt, sem fram kom hér hjá síðasta ræðumanni, að breytingar við þessi lög hafa jafnan farið til félmn. Þess vegna teldi forseti rétt að halda þeirri stefnu, sem flm. hefur haft uppi um þetta, að vísa málinu til félmn. Hins vegar verður deildin að skera úr um þetta og ég spyr hv. flm. hvort hann hafi nokkuð við það að athuga áður en gengið verður til atkvæða.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. fram aflaði ég mér upplýsinga um til hvaða nefndar eðlilegast væri að vísa því og fékk þær upplýsingar að það væri félmn. sem ætti að fjalla um þetta á þeim forsendum sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti áðan. Ég sé ekki ástæðu til að breyta þeirri afstöðu.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Eins og forseti hafði reyndar rekið augun í og hv. 3. þm. Reykv. benti réttilega á er fyrirsögn frv. ekki að öllu leyti í samræmi við venjur. Hér hefði að sjálfsögðu samkvæmt venjulegu formi átt að standa: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980 o.s.frv. En við því er ekkert að segja. Ég mun því bera upp þá tillögu, sem hv. flm. hefur uppi, að þessu máli verði vísað til félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til félmn. með 14:9 atkv.

Umboðsmaður Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GGS o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þegar stefnuræða forsrh. var lögð fram var lagður fram með stefnuræðunni listi yfir milli 90 og 100 þingmál sem stjórnarráðið ætlaði að koma frá sér til meðferðar á þessu löggjafarþingi. Vafalaust eru málin misjöfn eins og gengur. Sum

þeirra mættu sjálfsagt missa sig og fækka nokkuð í þessum flokki. En ég vek athygli á því að það eru tillögur stjórnarandstöðunnar sem halda uppi störfum þingsins þessa dagana og fer vel á því. Það væri fróðlegt að vita hvort það er ætlun ríkisstjórnarinnar að láta áður en mjög langur tími líður sjá í eitthvað af því málaflóði sem hún hyggst leggja hér fyrir þingið þannig að það sé hægt að fjalla um mál með eðlilegum hætti í vetur.

Okkur hefur verið stillt upp við vegg á undanförnum þingum aftur og aftur með þeim hætti að stjórnin hefur komið með mál á handahlaupum á síðustu stundum og heimtað að stjórnarliðið og stjórnarandstaðan í þinginu afgreiddu málin án þess að þau fengju nægilega skoðun. Hefur það komið fyrir aftur og aftur að það hefur orðið að taka upp mál á næsta þingi vegna þess hversu flausturslega þau hafa verið unnin í þinginu. Hefur þetta ágerst mjög hin seinni ár og má segja að keyrt hafi um þverbak á næstsíðasta þingi. Ég held að miðað við þá miklu umræðu sem fram fór um bætt þingsköp og breytt og bætt vinnubrögð Alþingis fyrir tveimur þingum sé nauðsynlegt að ítreka að þá kom fram að allir þm. voru þeirrar skoðunar að hérna þyrfti að bæta úr, en það virðist ekki vera að ríkisstjórnin hafi hug á því að stuðla að eðlilegri meðferð þeirra stjórnarfrumvarpa sem hún hyggst leggja fyrir þingið.

Ef það fer svo sem horfir að ríkisstjórnin og ráðherrarnir, með leyfi forseta, sauðar ekki frá sér þessum málum fljótlega, þá er alveg augljóst mál að það er ekki nokkur leið að gera kröfu til þess að þm. afgreiði þessi mál á handahlaupum á örfáum dögum eins og gert hefur verið á undanförnum þingum vegna þess að á undanförnum þingum hefur því verið lofað af núverandi stjórn, sem hefur stóran þingmeirihluta, að standa sig betur á næstu þingum. Ég sé engin merki þess, herra forseti, en vek athygli á þessu vegna þess að á undanförnum fundum hefur það verið þannig hér í hv. deild að það hafa fyrst og fremst verið mál stjórnarandstöðunnar sem hafa haldið uppi störfum í deildunum, sem er vel út af fyrir sig, en ef stjórnin ætlar að koma þessum málum frá sér væri skynsamlegt að hún færi að sýna þau áður en mjög langur tími líður.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill taka fram í tilefni af þessu að hann mun fyrir sitt leyti koma þessari ábendingu á framfæri við ríkisstjórnina og fá þessi mál rædd á fundum þingforsetanna.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil upplýsa og hugga hv. 3. þm. Reykv. Stjfrv. eru allnokkur á leiðinni. Þau hafa verið til umræðu í þingflokkum stjórnarliðsins. Við erum búnir að afgreiða í mínum flokki allnokkur, eitthvað á annan tug stjfrv., sem væntanlega verða þá, sum hver a.m.k., lögð fyrir næsta fund og geta þá orðið til umræðu. Það er ekki óeðlilegt að það taki örfáa daga að komast í gang með flutning stjfrv. Við áttum eftir að fjalla um mörg þessi mál í stjórnarflokkunum og enn sem komið er er allgóð samstaða um þau frumvörp sem við erum búnir að ganga frá. Ég hygg að það sé alveg ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að þingstörf geti ekki gengið eðlilega og að stjfrv. verði ekki hér til umræðu alveg á næstu dögum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust af hv. 2. þm. Norðurl. v. að taka þetta mál með þeim hætti, sem hann gerði, að hann þyrfti sérstaklega að hugga mig í þessu efni. Ég er ekki huggunar þurfi að því er þetta varðar. Hins vegar heyrist mér að vandinn í þessu máli liggi í Sjálfstfl. Samkvæmt upplýsingum hv. þm. er Framsfl. búinn að afgreiða eitthvað 10–20 mál, þeir eru duglegir í Framsfl. greinilega, en hinn flokkurinn er líklega ekki búinn að afgreiða þetta. Tafir á þingstörfum verða þá samkvæmt upplýsingum hv. þm. Páls Pétursonar að skrifast á reikning Sjálfstfl.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að á þingflokksfundum Sjálfstfl. hefur verið rætt um mörg stjfrv. og er búið að afgreiða nokkur þeirra. Þau eru á leiðinni inn í þingsali. En ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þau orð sem hann lét hér falla. Þau skil ég á þann veg að hann bíði með óþreyju eftir því að fá tækifæri til að styðja þau stjfrv. sem á leiðinni eru og þakka ég honum þá hugulsemi.

Svavar Gestsson:

Það er ástæðulaust, herra forseti, af hv. 2. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, að þakka mér sérstaklega fyrir þessa hugulsemi. Ég bíð auðvitað spenntur eftir því að fá að fella sumt af þeim málum sem ríkisstjórnin ætlar að leggja fyrir.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. PP, 52. mál. — Þskj. 52.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að við búum við úrelt vegalög. Það hefur mönnum verið ljóst lengi og unnið hefur verið að endurskoðun þess lagabálks. Alveg afleitur kafli í þessum lögum er 50. gr. sem fjallar um hámarkshraða og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þm. til upprifjunar hvernig 50. gr. gildandi laga hljóðar:

„Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund. Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund. Almenningsvögnum, er flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó

eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum sem draga tengi- eða festivagna má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund. Dómsmrh. getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmrh. getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum) og bundið þá heimild við ákveðinn árstíma. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktir."

Ég tel að ekki sé búandi við þessi ákvæði eins og þau eru og þessum ákvæðum þurfi að breyta strax og er ástæðulaust að láta það bíða eftir heildarendurskoðun vegalaga. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja frv. á þskj. 52 um breytingu á umferðarlögum nr. 40 frá 23. apríl 1968, með síðari breytingum. Þetta frv. fjallar um að hámarkshraði á þjóðvegum verði 80 km á klukkustund og þar sem vegir eru bestir og öruggastir verði með sérstakri heimild 90 km á klukkustund í stað 70 km hámarkshraða sem nú gildir. Það er höfuðatriði varðandi umferð að akstri sé ætíð hagað í samræmi við aðstæður og fyllsta öryggis sé gætt.

Núgildandi ákvæði um 70 km hámarkshraða á þjóðvegum landsins eru löngu úrelt og er enda ókleift að framfylgja þeim og vegfarendur virða þau því miður ekki. Vegakerfi landsins hefur tekið algerum stakkaskiptum síðan ákvæðin um 70 km hámarkshraða voru lögfest og öryggisbúnaður bifreiða er nú allur annar og betri en þá var og þeir bílar sem nú eru í notkun eru gerðir fyrir mun meiri ökuhraða en nú er lögleyfður. Það er óskynsamlegt að halda í úreltar reglur sem ekki eru virtar og ókleift er að framfylgja. Því er lagt til að settar verði reglur sem unnt er að fara eftir og framfylgja.

Eðlilegt er að reglur um hámarkshraða séu breytilegar eftir ástandi vega og aðstæðum. Flestar nýrri stofnbrautir landsins þar sem landslag leyfir eru hannaðar fyrir ökuhraða sem er mun meiri en hér er lagður til. Merkingar um lögleyfðan hámarkshraða þurfa að vera miklu gleggri en nú er þannig að ökuhraði sé lækkaður þar sem ástand vega eða hönnun er þannig háttað að öryggi vegfarenda sé betur borgið með því að draga úr ökuhraða.

Þá er með þessu frv. lagt til að leyfilegur hámarkshraði bifreiða sem flytja fleiri en tíu farþega, svo og bifreiða sem eru 3½ tonn að heildarþyngd verði hinn sami og annarrar umferðar en ekki 60 km eins og nú er nema dómsmrh. setji sérreglur þar um. Sama gildi einnig um bifreiðar sem draga festi- eða tengivagna, en leyfilegur hámarkshraði þeirra er nú 45 km á klukkustund. Ökuhraði umfram það sem aðstæður leyfa er mjög háskalegur, en það sama gildir um mjög misjafnan ökuhraða vegfarenda á sama vegarkafla þannig að mikið verði um framúrakstur.

Endurskoðun umferðarlaganna er, eins og ég sagði áðan, í undirbúningi og hefur lengi verið. Sú lagabreyting getur dregist og það er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið varðandi ökuhraða. Ökuhraðinn verður á hverjum tíma að miðast við aðstæður og er að mínum dómi nauðsynlegt að hafa hámarksákvæði um ökuhraða lögfest. Það má deila um hvort rétt tala sé í frv. eða réttar tölur. Ég tel óskynsamlegt að hafa ökuhraða á malarvegi yfir 80 km, m.a. með tilliti til hættu sem getur skapast af grjótkasti svo og annarri slysahættu. Það er fremur spurning um hvort ekki eigi að leyfa undir bestu kringumstæðum allt að 100 km ökuhraða á vegum með bundnu slitlagi. Ég vil að ökuhraðinn verði miklu sveigjanlegri en hann er núna og ökuhraða sé breytt á vegum jafnvel á fárra kílómetra fresti. 90 km ökuhraði er eðlilegur á góðum og öruggum vegi, en 50 km hraði er kannske kappnógur þar sem skilyrði eru slæm. Í Svíþjóð og Finnlandi er mér kunnugt um að það hefur gefist vel að leiðbeina ökumönnum með hraðatakmörkunarmerkjum og þar ekur maður ekki marga tugi kílómetra öðruvísi en fá ábendingar um breytingar á ökuhraða.

Í gildandi lögum er dómsmrh. gefin heimild til að ákveða allt að 90 km hraða á einstökum vegum eins og gert er reyndar í frv. Þetta á hann að gera að fengnum tillögum umferðarlaganefndar svokallaðrar. Hún er ekki til, enda er mér ókunnugt um að dómsmrh. hafi nokkru sinni heimilað 90 km ökuhraða. Ég legg til að lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi í samráði við vegamálastjóra gangi eftir staðfestingu dómsmrh. um 90 km hraða.

Í þéttbýli eru ökuhraðafrávik ákveðin með lögreglusamþykkt og lögreglustjóri er réttur aðili til að meta æskilegan ökuhraða ásamt með vegamálastjóra sem þekkir hönnun vega. Ég lít svo á að 90 km verði að reglu þar sem aðstæður á annað borð leyfa. Ég er talsmaður þess að menn aki með varúð og lagi sig að aðstæðum. Jafnframt vil ég ekki tefja umferð að ástæðulausu, enda skapar það slysahættu þegar einn keyrir fram úr öðrum. Reglur á að hafa skynsamlegar og reyna að halda þær.

Umferðarslys á Íslandi eru hræðilega mörg og þjóðin færir miklar fórnir vegna þeirra. Þessum slysum eigum við að reyna að fækka með skynsamlegum reglum sem stuðla að bættri umferðarmenningu.

Ég legg ekki til að kaflanum um akstursíþróttir verði breytt frá gildandi lögum. Þar verður að koma til leyfi lögreglustjóra, viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og á vegum utan þéttbýlis einnig leyfi vegamálastjóra.

Eins og öllum er kunnugt er í undirbúningi að endurskoða vegalögin og frv. þess efnis hafa hvað eftir annað verið hér til meðferðar. Í þeim stjfrv. sem ég hef séð hefur ekki verið tekið nægilega vel á ökuhraðaþættinum og þess vegna er hægt að taka sjálfstætt afstöðu til þessa frv. Mig langar að vitna til 37. gr. frv. til umferðarlaga, sem lá fyrir síðasta þingi, en þar segir svo um almennar hraðatakmarkanir:

„Ökuhraði má eigi vera meiri en

a. 50 km á klst. í þéttbýli, og
b. 70 km á klst. utan þéttbýlis og 80 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 90 km á klst. ef aðstæður leyfa og æskilegt er að greiða fyrir umferð enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því. Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis og eða af öðrum ástæðum."

Þetta tel ég ekki vera fullnægjandi og mætti þá sníða það frv. að þeim reglum sem Alþingi setur eftir mínu frv. 70 km hámarkshraði utan þéttbýlis á malarvegum er úreltur og þeim takmörkunum verður ekki hlýtt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. fari að lokinni umræðu til allshn. til athugunar og heiti ég á nefndarmenn að afgreiða þetta frv. eftir íhugun. Ég get hugsað mér, eins og ég sagði áðan, breytingar á ákvæðum frv. ef nefndin telur það heppilegra.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Á þskj. 52 flytur hv. 2. þm. Norðurl. v. frv. til l. um breyting á umferðarlögum. Í þessu frv., sem hv. þm. hefur nú þegar gert grein fyrir, er fjallað um eitt atriði umferðarlöggjafar, þ.e. umferðarhraða. Það má vel vera að ýmsir af alþm. geti stutt þetta frv. Ég skal ekki neinn dóm á það leggja. Það er hreyft hér mikilsverðu máli. En ég bendi á að það er aðeins eitt einasta atriði úr allri umferðarlöggjöfinni sem hér er fjallað um. Að vísu mikilvægt atriði.

Það er ósköp eðlilegt að hv. alþm. séu orðnir nokkuð langeygðir eftir að sjá frv., sem við vitum að er einhvers staðar á leiðinni, til umferðarlaga.

Nú er þar til máls að taka að síðsumars 1980 setti dómsmrh. saman nefnd hinna færustu manna til að hafa á hendi heildarendurskoðun á umferðarlöggjöfinni. Þessi nefnd vann mjög gott starf, en starfstími hennar varð að vísu nokkuð langur eins og verða vill. Ég held að hún hafi skilað af sér störfum seint á árinu 1983. Frv. byggt á störfum hennar var lagt fyrir Alþingi í upphafi árs 1984, þ.e. á 107. löggjafarþingi. Um það var fjallað, en það varð ekki útrætt. Á 108. löggjafarþingi, þ.e. á síðasta Alþingi, var sama frv. lagt fram í upphafi haustþings. Um það vænti ég að hafi verið fjallað allan s.l. vetur og ég held að það hafi einnig verið til athugunar allt s.l. sumar.

Nú er það svo með umferðarlöggjöfina að um ýmsa þætti hennar má endalaust rökræða og endalaust deila. Þar geta allir tekið til máls, því að við erum öll í umferðinni daglega. En það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að treina heildarendurskoðun á slíkri löggjöf lengi. Nú erum við enn og aftur að bíða eftir þessu frv. á 109. löggjafarþingi. Ég sé að það er á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. En við vitum að þessi löggjöf er bráðnauðsynleg af ýmsum ástæðum. Það voru færð fram þau rök haustið 1980 að margir þættir umferðarlöggjafarinnar væru orðnir úreltir. Það þyrfti að samræma löggjöfina nýjustu lagaákvæðum á Norðurlöndum og víðar um lönd og svo væri góð umferðarlöggjöf einn þáttur í því að skapa öryggi í umferð á hverjum tíma.

Ég held ég ræði þetta mál ekki efnislega mikið að þessu sinni. En væri til of mikils mælst að við hv. alþm. reyndum að sameinast um þá ósk og þá kröfu að þetta stjfrv. líti sem fyrst dagsins ljós svo að við getum farið að ræða það í heild og setjum okkur það mark að afgreiða það sem lög á þessu þingi? Minna má ekki vera.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vildi spyrja hvort hæstv. dómsmrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu.

Þetta þingmál hefur reyndar valdið mér nokkrum heilabrotum, ekki síst þar sem það er borið fram af formanni þingflokks Framsfl. og samflokksmanni dómsmrh. Hér er tekinn út einn þáttur af fjölmörgum atriðum í umferðarlögunum sem þarf að endurskoða og sem eru í endurskoðun. Án þess að það segi nokkuð um afstöðu mína til þessa sérstaka þáttar sé ég ekki þá brýnu nauðsyn sem hv. flm. telur á því að taka þennan þátt fram yfir alla aðra nema þá að þetta sé eitthvað persónulegt, að hann sé e.t.v. orðinn svo hlaðinn sektarmiðum vegna hraðferða milli kjördæmisins og vinnustaðar að hann rísi ekki undir þessu öllu lengur.

Það hafa komið fram ýmsar tillögur varðandi umferðarmál á þessu kjörtímabili. T.d. um sektarákvæði varðandi notkun bílbelta og um aukna notkun ökuljósa. Hvort tveggja eru það mál sem af kunnáttumönnum eru talin mundu draga mjög úr umferðarslysum og að mínu mati væri brýnna að taka á en þetta sérstaka mál.

Eins og báðir hv. ræðumenn á undan mér hafa nefnt hafa umferðarlögin verið í gagngerðri endurskoðun og það mjög lengi. Frv. um þau hafa verið til umfjöllunar á tveimur síðustu þingum. Það olli nokkrum vonbrigðum þegar frv. kom fram á síðasta þingi að það hafði engum eða a.m.k. mjög litlum breytingum tekið á milli þinga. Þó höfðu komið fram mjög margar athugasemdir varðandi það frv. En mér er fullkunnugt um að á s.l. sumri fór fram mjög mikið starf sem einmitt átti að verða til að auðvelda umfjöllun málsins í vetur. Hv. allshn. Ed. vann á milli þinga að endurskoðun frv. í samræmi við þær fjölmörgu athugasemdir sem höfðu verið gerðar við frv. og ég stóð í þeirri meiningu og ég veit að það hafa margir gert að hæstv. dómsmrh. hefði fullan hug á því að fá lög um þessi efni afgreidd á því þingi sem nú er hafið. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh. hvað líði því máli, hvort boðað frv. um umferðarlög sé ekki væntanlegt á þessu þingi og ef svo er ekki, hvað tefji þá þetta mál, hvort það séu einhver atriði sem stjórnarflokkarnir eru ósammála um. Ég spyr vegna þess að það hlýtur að hvarfla að manni að eitthvað liggi þar að baki þegar þm. úr öðrum stjórnarflokknum sér ástæðu til að taka eitt atriði út úr og flytja um það sérstakt þingmál. Þess vegna vona ég að hæstv. dómsmrh. sjái sér fært að

svara fsp. minni hér og nú.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég vonast til þess að frv. til umferðarlaga verði flutt aftur í næstu viku. Á s.l. vori, þegar þingi lauk, skipaði ég nefnd til að fara yfir allar brtt. sem fram höfðu komið við frv. og sú nefnd vann í sumar á mörgum fundum, fór rækilega yfir og gerði margvíslegar breytingar, kannske ekki miklar efnisbreytingar en mjög margar lagfæringar og leiðréttingar. Það er búið að fella þær inn í frv. og er verið að prenta það. Ég vonast til þess að það verði tilbúið í næstu viku. Ég veit ekki til þess að það sé ágreiningur um að leggja það frv. aftur fram, en að sjálfsögðu eru í frv. einstök atriði sem geta orðið skiptar skoðanir um á þinginu. Ég skal ekkert segja um það frekar, en þau atriði verða tekin til meðferðar þegar nefndin fjallar um þau.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tek undir með þeim hv. þm. sem rætt hafa þetta frv. á eftir frummælanda og hv. flm. Það er dálítið sérkennilegt að brtt. um þetta tiltekna atriði skuli vera flutt nú þegar það hlýtur að vera á vitorði hv. flm. að stjfrv. er á leiðinni inn í þingið. Ég er ekki að gera lítið úr þýðingu þess að færa ákveðin efnisatriði til betri vegar í málum. Kannske er það ástæðan hjá hv. flm. að koma með þetta sérstaklega að leggja á það þeim mun meiri áherslu og kannske liggur líka að baki uggur um að Alþingi auðnist ekki á þessu þingi að afgreiða stjfrv. til umferðarlaga sem lög. En hvað sem því líður hlýtur þetta atriði um hámarksökuhraða að verða tekið til meðferðar í sambandi við væntanlegt stjfrv. og þingið taki afstöðu til þess í samhengi við ýmsa aðra þætti sem þar er lagt til að breytt verði frá gildandi löggjöf.

Ég get efnislega í rauninni tekið undir rökstuðning sem er að baki frv. sem hér er til umræðu. Ég vil að vísu ekki binda mig hvað afstöðu snertir nákvæmlega um hámarksökuhraða, það er vissulega álitamál, en ég er á því að það þurfi breytinga frá gildandi lögum um þetta ákvæði. Hv. flm. þekkir það, eins og hér hefur nú verið nefnt af hv. 7. landsk. þm., að aðstæður eru misjafnar á langleiðum og það er oft þörf fyrir marga, ekki aðeins þm., að spretta úr spori og auðvitað vilja menn ekki vera að brjóta lög að ástæðulausu. Það eru þessar aðstæður sem gera það að mínu mati eðlilegt að gera hámarksökuhraðann sveigjanlegri en heimildir eru fyrir í gildandi lögum. En um það munum við fjalla þegar væntanlegt stjfrv. kemur fram.

Ég tel mig reyndar hafa um það vitneskju að í nefndinni, sem hæstv. ráðh. skipaði, hafi þessi mál verið einmitt til umræðu og þess sé að vænta að breyting í þá átt, sem hér er flutt till. um, komi fram í þessu stjfrv. án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða. En mér er kunnugt um að þetta mál var þar til meðferðar, hámarksökuhraðinn. Við fáum þá að sjá hvort það ber svo mikið á milli þegar þetta frv. kemur hér fram í þinginu, hvort sem það verður í efri eða neðri deild.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er alveg laukrétt, sem hér hefur komið fram og verið bent á af ýmsum ræðumönnum, að hér er tekið út úr eitt atriði úr umferðarlögum og lagðar til breytingar á því.

Fyrrv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson, hv. 1. þm. Vesturl., gat þess að hann hefði skipað nefnd árið 1980 sem starfaði til 1983, skilaði frv. sem hefur verið til meðferðar á tveimur undanförnum löggjafarþingum og meira að segja í endurskoðun í sumar. Nú veit ég að allir hafa lagt þarna vel hönd á plóginn, en þetta finnst mér vera seinleg fæðing. Það er ekki séð fyrir á þessari stundu hvenær þetta frv. verður að lögum. Það er ekki trygging fyrir því að heildarlagasetning um umferðarmál nái fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna kaus ég að leggja þetta frv. fram, taka þetta einstaka atriði út úr, því að mér þykir mjög brýnt að breyta því. Jafnframt er ég ekki samþykkur þeim ákvæðum sem voru í frv. í vor og eftir þeim upplýsingum sem ég hef seinast frá nefndinni sem starfaði í sumar voru ekki lagðar til breytingar á þeirri grein. Þar er lagt til að haldið verði í 70 km hámarkshraða á malarvegum, en ég held að þau hraðamörk séu óþarflega neðarlega.

Það eru fjölmörg álitaatriði í umferðarlögum og öllum finnst þeir hafa mikið vit á umferðarmálum. Þau koma okkur öllum við. Það eru endalaus álitamál sem koma upp og skoðanir skiptar um fjölmörg atriði, t.d. skráningu ökutækja og fleira og fleira sem getur orðið mönnum að ágreiningsefni.

Ég upplýsi hv. 7. landsk. þm. um að ég hef ekki orðið fyrir verulegum útlátum af sektum fyrir of hraðan akstur. Ég hef einu sinni verið sektaður fyrir of hraðan akstur. Þá var ég á 83 km hraða. Ég var þá að vísu á vegi þar sem átti ekki að vera á 83 km hraða og borgaði réttláta sekt fyrir brot mitt. Hins vegar hef ég orðið var við að lögin eru ekki virt og ég hef líka orðið var við að löggæslumenn treysta sér ekki til að framfylgja þessum úreltu ákvæðum út í æsar. Ég held að þess vegna ættum við ekki að halda í þessi ákvæði. Ég held að við eigum að taka þau út úr strax og breyta þeim. Síðan getum við haldið áfram að endurbæta önnur ákvæði umferðarlaga, t.d. eins og ökuljós, bílbelti o.fl. En ég sé ekki að þetta þurfi í neinu að tefja. Það greiðir beinlínis fyrir þeirri heildarlagasetningu, sem allir óska eftir, um umferðarmál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Bandaríkjaforseti taldi sér ekki fært að ferðast um Reykjaneskjördæmi á minni ökuhraða en 120 km af öryggisástæðum og það bendir allt til þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. telji að heppilegt sé að ferðast ekki um Vesturland eða Reykjaneskjördæmi á jafnháskalega litlum hraða og í gildi er. Ég verð að segja eins og er að mér finnst honum nokkur vorkunn í

þeim efnum og er þó ekki með því að drótta því að þegnum þessara kjördæma að þeir vilji hann feigan. Ég vænti þess að það komi á þessu þingi til atkvæða í deildum þingsins hvaða breytingar menn vilja gera á umferðarlögunum sem heild, en hef enga fordóma gagnvart þeim hugmyndum sem hér eru settar fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurmat á störfum láglaunahópa, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um endurmat á störfum láglaunahópa. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason og Pétur Sigurðsson. Eins og heyra má flytja þetta frv. um endurmat á störfum láglaunahópanna þm. úr öllum flokkum.

Markmið þessa frv. er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

Það verður að gera ráð fyrir að hv. þm. þessarar deildar þekki nokkuð til þessa frv. og því sé í sjálfu sér óþarfi að hafa langa framsöguræðu fyrir því. Þetta frv. er nú borið fram í fjórða sinn, en það var í fyrsta sinn lagt fram á 106. löggjafarþingi 1983. Ég tel það ekki ofsagt að með hverju árinu sem líður verður sífellt meira knýjandi að fá fram það endurmat á störfum láglaunahópanna sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég held að allir hljóti að viðurkenna að þó að í hverjum kjarasamningi á fætur öðrum á undanförnum árum hafi staðið upp úr hverjum manni að nauðsynlegt væri að bæta sérstaklega kjör láglaunahópanna er staðreyndin sú að það hefur ekki tekist. Þvert á móti er staðreyndin sú að á láglaunahópana í þjóðfélaginu hafa verið lagðar þyngstu byrðarnar vegna efnahagsaðgerða og kjaraskerðingar sem launþegar hafa þurft að sæta. Skýringin er einfaldlega sú að þeir betur settu hafa iðulega fengið bætta upp kjaraskerðinguna með persónubundnum yfirborgunum meðan láglaunahóparnir hafa þurft að sætta sig við kauptaxtana og þá prósentuhækkun sem um er samið við kjarasamningaborðið.

Engu að síður, herra forseti, þó þetta frv. hafi ekki verið samþykkt og þó störf láglaunahópanna hafi ekki verið endurmetin, tel ég að við flm. þessa frv. höfum náð nokkrum árangri sem vona verður að eigi eftir að skila sér til láglaunahópanna.

Á Alþingi 1978, þegar ég ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. flutti till. til þál. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, var meginforsendan fyrir flutningi þeirrar till. einmitt sú að kjaramálin væru komin í hreinar ógöngur, ekki síst vegna þess að atvinnurekendur höfðu lengi komist upp með að ráða einhliða stórum hluta af tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Við kjarasamningaborðið var samið um hungurtaxtana fyrir láglaunafólkið. Að þeim loknum sömdu síðan atvinnurekendur við þá betur settu á vinnumarkaðnum um persónubundnar yfirborganir, fríðindi og duldar greiðslur.

Þó einkennilegt megi virðast hafði verkalýðshreyfingin á þeim árum að mestu látið þessa þróun fram hjá sér fara og krafan, sem nú er uppi af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, um að færa kauptaxtana að raunverulega greiddum launum á vinnumarkaðnum heyrðist þá varla nefnd. Hér er þó um að ræða eina meginskýringuna á því óréttlæti sem þróast hefur í tekjuskiptingu og launakjörum á undanförnum árum. Á þessa staðreynd hef ég ár eftir ár bent, allt frá 1978, hér á hv. Alþingi.

Ég fagna því að verkalýðshreyfingin er nú að taka undir þessi sjónarmið, taka undir að forsenda þess að hægt sé að bæta kjör láglaunahópanna er að fá upp á borðið skýra mynd af raunverulega greiddum launum á vinnumarkaðnum, fá upp á borðið það sem raunverulega er greitt í þjóðfélaginu. Fylgi verkalýðshreyfingin því fast eftir og myndi um það breiða samstöðu að hún muni aldrei sætta sig við að atvinnurekendur ráði einhliða svo stórum hluta tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu eins og gerst hefur á undanförnum árum er ég sannfærð um að fyrsta raunhæfa skrefið hefur verið stigið til að bæta sérstaklega kjör láglaunahópanna.

Sífelldur barlómur atvinnurekenda um að ekki sé hægt að hækka kauptaxtana er hrein markleysa þegar til þess er litið að launaskrið hefur orðið um 20% að meðaltali frá 1983. Það sýnir einfaldlega að meira er til skiptanna. Atvinnurekendur vilja bara fá að ráðskast með það eftir eigin geðþótta. Það segir okkur að í kjarasamningum er aðeins tekin ákvörðun um hluta þess sem til skiptanna er. Stór hluti tekjuskiptingarinnar er ákvarðaður einhliða af atvinnurekendum með þeim afleiðingum að láglaunahóparnir sitja eftir.

Þessi þróun á tilhögun á kjaramálum hefur síðan í för með sér að veikja samstöðu launafólks og verkalýðshreyfingarinnar. Vegna hvers er það? Það er vegna þess að þeir sem hafa aðstöðu til að semja um sín kjör sjálfir við atvinnurekendur hafa lítilla hagsmuna að gæta í almennum kjarasamningum þar sem deilt er um örfá prósentustig á hungurtaxta láglaunafólksins. Hagsmunir þeirra betur settu liggja í einhliða samningum beint við atvinnurekendur um yfirborganir, duldar greiðslur og fríðindi. Hörð kjarabarátta færir þeim lítið í aðra hönd. Þeir eiga orðið ekki samleið með láglaunafólkinu á hungurtöxtunum.

Því er niðurstaða mín sú að atvinnurekendum hefur vegna þessarar þróunar tekist að sundra verkalýðshreyfingunni og veikja samstöðu og baráttukraft launafólks, að ná fram einhliða ákvörðunarvaldi yfir stórum hluta tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu, að viðhalda og auka á launamisrétti kynjanna þar sem yfirborganir og fríðindi renna í

miklu meira mæli til karla en kvenna, að halda niðri launum hjá verkafólki og í hefðbundnum kvennastarfsgreinum.

Ég tel, herra forseti, að það sé margt sem bendi til þess að verkalýðshreyfingin sé að taka undir þau sjónarmið sem liggja að baki tillöguflutningi hér á Alþingi 1978 um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum og því frv. sem ég mæli fyrir í fjórða sinn um endurmat á láglaunastörfunum. Því ber að fagna. Ég vil í því sambandi vitna í ummæli forseta ASÍ í Þjóðviljanum í dag. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Verkalýðshreyfingin ber ábyrgð á kauptöxtunum sem atvinnurekendur hver fyrir sig hafa gert ómerka með persónubundnum yfirborgunum."

Og enn fremur segir forseti ASÍ, með leyfi forseta:

„Verkalýðshreyfingin ber ábyrgð á 19 000 kr. mánaðarkaupi, kaupi sem ekki nægir til mannsæmandi framfærslu."

Ég tel Ásmund Stefánsson, forseta ASÍ, mann að meiri fyrir að viðurkenna ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli og í raun að viðurkenna að verkalýðshreyfingin hafi setið of aðgerðarlaus hjá við þá þróun sem orðið hefur í kjaramálunum á undanförnum árum, þ.e. einhliða ákvörðunarvald atvinnurekenda yfir stórum hluta tekjuskiptingarinnar.

En það eru fleiri sem bera ábyrgð. Atvinnurekendur eiga líka að viðurkenna ábyrgð sína. Þeirra hlutur er stór í því að láglaunahóparnir þurfa að búa við kjör sem eru þjóðarskömm. Ábyrgðin er líka stjórnvalda og ábyrgðin er líka okkar hér á Alþingi. Hvað eftir annað hafa kjör launafólks verið skert með lagaboði hér á Alþingi, líka kjör láglaunahópanna. Alþingi getur lagt fram stóran skerf til þess að leggja grunn að bættum kjörum láglaunahópanna með því að samþykkja það frv. sem ég hér mæli fyrir.

Með þessu frv. er hvorki verið að gefa fyrirskipanir um launahlutfall á vinnumarkaðinum, ákveða launakjör eða grípa inn í kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins eins og t.d. atvinnurekendur hafa látið í veðri vaka. Hér er fyrst og fremst verið að auðvelda aðilum vinnumarkaðarins upplýsingaöflun og grisja þann frumskóg sem kjaramálin eru komin í. Niðurstaða þessa endurmats, sem hér er lagt til, og þeirrar úttektar sem þetta frv. gerir ráð fyrir gæti einfaldlega orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf.

Í þessu frv. er verið að fjalla um láglaunahópana sem heild. Ég vek athygli á þessu þar sem fyrir liggur þáltill. frá þm. Kvennalistans um að endurmeta störf kvenna á vinnumarkaðinum. Vissulega eru konur á vinnumarkaðinum stór hluti láglaunahópsins. En ég tel það ekki rétta leið sem Kvennalistinn vill fara að einskorða sig við endurmat á kvennastörfum eingöngu. Ég held að það sé ekki launabaráttu kvenna til framdráttar að aðskilja láglaunastörf sem karlar vinna frá því endurmati sem nauðsynlegt er að fá fram á öllum láglaunastörfunum í landinu. Ef jafnréttisbaráttan á að skila raunverulegum árangri þá er nauðsynlegt að skoða jafnréttisbaráttuna í víðu samhengi, einnig út frá sjónarhóli karla í láglaunastörfunum sem launamisrétti eru beittir. Í því sambandi væri hægt að benda á fleiri dæmi þar sem a.m.k. í sumum tilfellum karlmenn standa ekki jafnfætis konum og að á hlut þeirra er hallað og væri hægt að benda á ákvæði bæði í almannatryggingalögunum og í barnalögunum í því sambandi.

Ég tel ekki, herra forseti, nauðsynlegt að fara út í einstakar greinar í þessu frv. Þetta frv. hefur ítarlega verið kynnt á undanförnum árum hér í sölum Alþingis. Þó þetta frv., eins og ég áður sagði, taki til allra láglaunahópanna, þá er í 3. gr. sérstaklega tekið á störfum í hefðbundnum kvennastarfsgreinum. Nefni ég þar sérstaklega til c-lið 3. gr., en þar segir, með leyfi forseta, að m.a. sé verkefni láglaunanefndar, sem á að stofna skv. ákvæðum þessa frv., að

„gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athugað hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o.þ.h.

Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð á mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu, menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör."

Ég held að nauðsynlegt sé að stjórnvöld og þm. átti sig vel á því hvað raunverulega er að ske í kvennastarfsgreinunum. Þar er brostinn á flótti og gífurlegur skortur á fólki í mörgum hefðbundnum kvennastarfsgreinum. Við þekkjum það hvernig á síðustu árum hefur orðið að loka sjúkrastofnunum vegna skorts á hjúkrunarfræðingum og á dagvistunarstofnanir vantar starfsfólk. Eðlilegri kennslu er erfitt að halda uppi í grunnskólum landsins vegna skorts á kennurum. Nú hafa sjúkraliðar sagt upp störfum og fóstrur boða einnig hópuppsagnir. Ég tel að þetta vandamál sé svo alvarlegt að það sé ekki spurning hvort aðrar hefðbundnar kvennastarfsgreinar fylgi í kjölfarið heldur hvaða starfsgreinar það muni vera.

Ég tel, herra forseti, að þar sem fyrir liggur að sjúkraliðar hafa boðað til fjöldauppsagna og fóstrur einnig, þá hefði verið nauðsynlegt í umræðum um þetta mál að fá fram hjá hæstv. heilbrrh. og hæstv. menntmrh. hvað þessir ráðherrar, sem þessi mál heyra undir sem snerta sjúkraliða og fóstrur, hvað þeir hyggist gera, hver þeirra viðbrögð verða við

þeim fjöldauppsögnum sem nú blasa við. Mér skilst að hæstv. heilbrmrh. sé ekki hér í húsinu, en ég spyr: Væri hægt að kalla til hæstv. menntmrh.? (**Forseti:** Það verður gerður reki að því.)

Við erum hér að fjalla um frv. til l. um endurmat á störfum láglaunahópanna. Þetta er í fjórða skiptið sem ég mæli fyrir þessu frv. á hv. Alþingi. Í tengslum við þetta frv. nú taldi ég nauðsynlegt að beina ákveðnum spurningum til hæstv. heilbrrh. sem að vísu er ekki við hér í húsinu, en ég þarf líka að beina spurningum til hæstv. menntmrh.

Áður en hæstv. ráðherra gekk í salinn ræddi ég um þann flótta sem nú er brostinn á í kvennastarfsgreinum vegna lágra launa. Boðaðar hafa verið fjöldauppsagnir hjá sjúkraliðum sem taka eiga gildi um næstu áramót, ef ég man rétt, og fjöldauppsagnir hafa einnig verið boðaðar hjá fóstrum. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt frá ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum eins og heilbrmrh. og menntmrh. hver viðbrögð þeirra verða við þeim alvarlegu tíðindum að flótti er brostinn á í þessum stéttum. Ég tel að hér sé svo alvarlegt mál á ferðinni að taka þurfi þetta mál sérstaklega upp og fjalla um það í ríkisstjórninni. Ég tel ekki spurningu um það að það séu bara þessar tvær stéttir sem muni boða til fjöldauppsagna, heldur muni fylgja í kjölfarið fleiri kvennastéttir vegna þessara lágu launa. Og ég er viss um það að hæstv. menntmrh. sem og aðrir ráðherrar hljóti að gera sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir atvinnulífið ef svo heldur fram sem horfir í þessu efni. Þess vegna beini ég í tengslum við þetta frv. þeirri spurningu til menntmrh.: Hefur þetta mál verið rætt í ríkisstjórninni, þ.e. flóttinn úr hefðbundnum kvennastarfsgreinum? Og hvað hyggst hæstv. menntmrh. gera sérstaklega, hver verða hans viðbrögð við þeim fjöldauppsögnum sem boðaðar hafa verið í fóstrustétt?

Það sem býr að baki þessum fjöldauppsögnum er að konur hafa fengið nóg og þær ætla ekki lengur að láta bjóða sér að vinnuafl þeirra sé keypt ódýru verði í þjóðfélaginu. Þegar við sultarlaunin bætist svo það að hvert sem litið er í þjóðfélaginu blasir við misrétti í eigna- og tekjuskiptingunni, þá er höggvið svo nærri sjálfsvirðingu láglaunahópanna að þeir neita að selja vinnuframlag sitt ódýru verði. Láglaunahóparnir trúa ekki lengur á síendurtekna klisju um að nú eigi sérstaklega að bæta kjör þeirra og því er einfaldlega gripið til fjöldauppsagna. Og það dugar auðvitað ekki að ráðamenn láti eins og ekkert sé því að fjöldauppsagnir kvenna munu hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir allt atvinnulífið. Fjöldauppsagnir kvenna í fóstrustétt einni saman gætu fært allt atvinnulíf landsmanna úr skorðum. Fjöldauppsagnir kvenna í frystihúsum leiddu til stöðvunar á framleiðslu okkar helstu útflutningsvöru, sjávarafurðum, og lamaði auk þess atvinnulíf í heilum byggðarlögum úti á landi. Fjöldauppsagnir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða leiddu til neyðarástands í heilbrigðisþjónustunni. Grunnskólar landsins þyrftu að loka gripu konur í kennarastétt til fjöldauppsagna og þannig mætti áfram telja.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að vekja sérstaklega athygli á þessu nú þegar ég mæli í fjórða sinn fyrir þessu frv. um endurmat á störfum láglaunahópanna. Kannske sýnir flóttinn úr kvennastarfsgreinum okkur best hvað brýnt er orðið að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að endurmat fari fram á störfum láglaunahópanna.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. menntmrh. um leið og ég óska eftir að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Þegar stórt er spurt verður oft lítið svar. Í raun og veru flaug mér það í hug hvort hv. þm. hefði ekki frekar átt að láta kalla á yfirmann launasamninga hins opinbera í landinu, hæstv. fjmrh.

Ég hef ærnar áhyggjur, það játa ég, til að mynda út af fóstrum og ekki síður út af kennarastéttinni, þar sem við höfum setið á rökstólum um hvað til bragðs skuli taka því að bersýnilegt er að þessar mikilvægu stöður, einna mikilvægustu stöðurnar sem þjónað er í landinu vegna uppeldis ungdómsins eru ekki lengur eftirsóknarverðar. Og það sem meira er, fólk er í þann veginn að grípa til örþrifaráða, sem slíkt verður að kallast ef menn segja starfi sínu lausu og hverfa af vettvangi.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekkert auðvelt viðfangs en bendi á að þar sem ég kem til skjalanna, til að mynda vegna kennara, þá á það við allt annað en hin beinu kjör og kaup. Þar erum við að tala um starfsaðstöðu, þar erum við að tala í besta falli ef maður fær að taka upp umræðu um orlof. Við erum að ræða um endurmenntun, eftirmenntun, símenntun o.s.frv., fjarkennslu og alla þá þætti sem í þessu falli eru af þessu fólki taldir nokkurt aukaatriði. En eins og menn þekkja þá er allt, sem snýr að hinu beina kaupi og því sem verður talið í peningum, að kjörunum, ekki á vegum eða valdi menntmrn. að taka til umræðu. Þetta verður að vera skýrt og ég veit að þetta þekkja hv. þm.

Ég geri ráð fyrir því að vegna þessara ótíðinda um uppsagnir þá komi þetta mál til alvarlegrar yfirvegunar og umræðu hið bráðasta. Þessi mál eru í raun og veru alltaf til umræðu vegna þess að það lætur hátt í þeim sem búa ekki að betri kjörum en raun ber vitni um. Og það gleymir því enginn í stöðunni að hér þarf að leita leiða til viðbragða við háskasamlegu ástandi sem fer í hönd ef svo heldur fram sem horfir. Ég er ekki með patentlausnir og það þekkja þeir sem hlýða á mál mitt að hér eru engar einfaldar aðferðir til þegar menn ræða um launakerfi í landinu.

Ég vil aðeins að lokum segja þetta, að ég mun beita mér fyrir því að það, sem frsm. og síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., gat um sérstaklega í máli sínu, það mun ég gera ráð mitt við hæstv. fjmrh. um og taka þetta mál til umræðu. Öðruvísi og að öðru leyti og frekari

get ég ekki um þetta sagt eða setið fyrir frekari svörum.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Það er vitaskuld rétt hjá hæstv. ráðherra að það veltur á miklu hver afstaða hæstv. fjmrh. er til þessa máls, yfirmanns peningamálanna. Engu að síður held ég, og mér skildist það reyndar á máli hæstv. menntmrh., að hann væri sammála mér um það að hér væri svo alvarlegt mál á ferðinni að nauðsynlegt væri að þetta yrði tekið til umræðu, að vísu nefndi hann eingöngu umræðu við fjmrh. Ég tel þó að málið sé svo alvarlegt og sé komið á það alvarlegt stig að brýnt sé að það verði tekið til sérstakrar umfjöllunar í ríkisstjórninni því að þetta snýr ekki bara að einstökum ráðherrum eða ráðuneytunum heldur snýr þetta að ríkisstjórninni í heild, sem ber ábyrgð á stjórn landsmála, ekki síst þegar við blasir að atvinnulífið getur fyrr en okkur órar farið úr skorðum. Og ég held að við ættum að reyna að fyrirbyggja það eins og kostur er áður en þessi tíðindi, sem nú hafa komið fram, verða enn alvarlegri en þau eru nú.

Hæstv. menntmrh. er þekktur að því að taka röklega til hendinni ef honum finnst ástæða til. Ég met það svo af orðum hans hér í þessum ræðustól áðan að honum finnist full ástæða til þess að taka þetta mál föstum tökum. Því skora ég á hæstv. menntmrh. að gera nú gangskör að því að ræða þetta mál ekki bara við hæstv. fjmrh., heldur beiti hann sér hið allra fyrsta fyrir því að þetta mál verði tekið upp og rætt í ríkisstjórninni og að ríkisstjórnin leiti þá leiða í samvinnu sem örugglega þarf til við aðila vinnumarkaðarins um að finna lausn á þessum mikla vanda sem blasir við.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf nú ekki og ætlaði raunar ekki að hafa nein orð um efni þessa frv. sem hér er á dagskrá. Eins og segir í grg. er það nú flutt í fjórða sinn og ég er meðflm. Við Kvennalistakonur höfum ítrekað afstöðu okkar með þátttöku í umræðum um þetta mál í öll þau skipti sem það hefur verið til umræðu og þarf ekki við það að bæta.

En hv. 1. flm. minntist á tillögu okkar Kvennalistakvenna, 11. mál þingsins á þskj. 11, till. til þál. um endurmat á störfum kvenna, og heyrðist mér hún andvíg því að heföbundin kvennastörf væru tekin út úr á þann hátt sem þar er lagt til. Það má vitanlega ræða betur þegar þetta þingmál verður á dagskrá. En ég verð að segja að ég skil ekki fyllilega þær athugasemdir sem ég þóttist heyra frá hv. þm., sem hefur einmitt mjög látið til sín taka það óréttlæti sem konur hafa búið við og búa við á vinnumarkaðnum. Hún hefur sjálf séð ástæðu til að taka þann þátt sérstaklega út úr sem lýtur að kynbundnu misrétti á vinnumarkaðnum og ég sé ekki eðlismun á því hvort það er gert sem liður í þingmáli, eins og í því frv. sem hér um ræðir, eða hvort það er gert á þann hátt sem við leggjum til á þskj. 11. Vitaskuld eru karlmenn einnig í láglaunahópunum, en eins og hv. þm. og sú sem hér stendur hafa báðar margsinnis bent á, þá eru konur fjölmennari í láglaunahópunum. Og það er okkar mat, og við erum áreiðanlega sammála um það, að í launamálum hallar sérstaklega á konur og þess vegna höfum við séð ástæðu til þess að taka það mál sérstaklega út úr. Þetta minnir kannske örlítið á það mál sem var hér til umræðu áðan, þar sem tekinn var einn þáttur út úr öðru stærra máli. En þetta mál verður á dagskrá þingsins síðar og þá getum við rætt þetta betur.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég er einn af meðflytjendum þessa frv. og það skal nú játað að það er meira af gömlum vana heldur en að hugur fylgi raunverulega máli lengur. Ég held að hv. þm. ættu að flykkjast í salinn og við ættum að taka smásyrpu um launamálin í landinu því að sannleikurinn er sá að þetta þjóðfélag er í skötulíki. Mér finnst það satt að segja mikið hjartaleysi af hv. 1. flytjanda þessa frv. að fara að blanda hæstv. menntmrh. í það.

Ríkisstjórnin hefur aldrei bætt laun fólksins í landinu. Það hefur aldrei neinn gert nema verkalýðshreyfingin, samtök fólksins sjálfs, a.m.k. lengi vel. En hvort tveggja er að þjóðfélagið hefur breyst ærið mikið á síðustu áratugum og enn meira hefur verkalýðshreyfingin breyst og þar stendur hnífurinn í kúnni. Ég held að nýafstaðin rannsókn kjararannsóknarnefndar sýni svo að ekki verði um villst eymd vinnandi fólks í þessu landi sem nennir ekki lengur, hirðir ekki lengur um, að svara spurningum um sín eigin kjör. Það lætur vinnuveitendum það eftir.

Ég held að það standi upp á verkalýðshreyfinguna að athuga sinn gang. Eftir því sem þjóðfélagið breyttist og verkalýðsbaráttan hætti að vera fagleg — því að hún á að vera beint fagleg. Auðvitað er hún pólitísk í eðli sínu en hún á að vera pólitísk óbeint. Þegar farið er að rugla þessu tvennu saman, þá fer allt í vitleysu. Og þetta upphófst með því að í staðinn fyrir að berjast fyrir sæmilegu tímakaupi, sæmilegum daglaunum, var farið að leita allra annarra ráða og bragða einstakra hópa til þess að fólk gæti yfirleitt skrimt.

Í töflum um afkomu manna hefur þróunin orðið þessi: Lengi vel var talað um kaupmátt tímakaups. Síðan var farið að tala um kaupmátt daglauna sem fól þá í sér eftirvinnu, næturvinnu og helgarvinnu og allt hvað heita hefur. Og loksins þegar allt um þraut og launin lækkuðu í sífellu, þá var farið að tala um ráðstöfunartekjur heimilanna, þegar tvær manneskjur voru farnar að vinna fyrir einum launum eins og gerst hefur. Þetta hefur verkalýðshreyfingin látið yfir sig ganga og er bara að vasast í einhverju allt öðru en hún á að vera að vasast í. Og hver er árangurinn? BSRB er að liðast í sundur. Kennarar gripu til þeirra örþrifaráða að ímynda sér að þeir fengju betri samninga með því að yfirgefa sín eigin

samtök, heildarsamtök. Þetta á eftir að gerast innan ASÍ líka, auðvitað. Og auðvitað er heldur ekkert að marka neina taxta sem þeir eru að tala um.

Þjóðin stendur á öndinni í hvert skipti sem hv. alþm. fá launahækkun, þessir voðalegu menn, sem einir manna í landinu mega helst ekki fá launahækkun, þjóðin stendur á öndinni yfir því í hvert skipti. En þegar svo er farið að kanna hver laun manna í þessu þjóðfélagi eru, þá eru laun alþm. ekkert til að láta líða yfir sig út af. Við skulum bara athuga hvað ýmsar aðrar stéttir hafa, svo sem eins og prentarar, að ég nú ekki tali um allan mannskapinn í auglýsingaiðnaðinum. Og vitaskuld réði enginn miðlungsframkvæmdastjóra fyrir nokkru fyrirtæki fyrir alþingismannslaun, það vitum við öll, o.s.frv. Svo segja menn endalaust: Það verður að hækka lægstu launin. Þessi endalausa klisja um lægstu og hæstu laun! Sannleikurinn er sá að það eru öll laun í þessu landi lág og af þessum lágu launum eru skattarnir eingöngu borgaðir. Þessir með háu launin borga nefnilega ekki skatta. Þannig að ég held að það væri tími til kominn að reyna að fara að tala um þessi mál af einhverju skynsamlegu viti. Þetta er ekki bara peningalegt atriði, ekki aðeins það. Þetta varðar líf fólksins í landinu.

Þann stutta tíma sem þetta þing hefur setið hef ég áður haldið hér ræðu um ástandið í málefnum barna í landinu, hvernig verið er að fara með þessi börn, sem sjá ekki lengur foreldra sína, kunna varla að tala þegar þau koma í skóla vegna þess að það hefur aldrei nokkur maður mátt vera að því að tala við þau og lítið verið gert til þess að búa þeim rými á sómasamlegum uppeldisstofnunum á meðan foreldrarnir eru þrælkaðir miklu lengur en sögur fara af í nálægum löndum. Og hvernig hefur verkalýðshreyfingin t.d. brugðist við því? Jú, hún hefur jagast um hvort vinni merkari störf, kennarar, fóstrur eða fiskvinnslufólk. Ó já. Sumir hafa talað í þá veru hér í þingsölum.

Sannleikurinn er sá að þetta er fráleitt. Auðvitað er þetta fólk allt jafngagnlegir starfsmenn og ekki síður þeir sem eru að ala upp nýja þjóð, nýja kynslóð. Og ég er ansi hrædd um að hæstv. menntmrh. komist skammt í baráttu sinni fyrir vernd og eflingu íslenskrar menningar ef hann hefur ekki börnin með í þeirri baráttu. Ég held að hún sé sjálfdauð sú barátta nema þau séu þar með af skilningi.

Ég veit ekki hvað þarf í raun og veru að kanna í þessum efnum lengur. Þegar við fluttum þetta frv. fyrst hafði maður enn þá von um að slík könnun gæti leitt eitthvað í ljós. Ég held að þetta liggi allt saman fyrir okkur nú þegar. Spurningin er bara: Hafa menn einhverjar áhyggjur af þessu? Dagvistarheimilin eru í upplausn. Ég leyfi mér að segja að þau eru í upplausn. Það fæst ekki lengur sérmenntað fólk til að vinna á þessum stofnunum. Það er flótti úr kennaraliðinu. Eðlilega. Það lifir ekki nokkur lifandi manneskja í landinu á rúmum 30 þús. kr. á mánuði. Og þá gætu menn náttúrlega sagt: Þá verða þeir bara að vinna lengri vinnudag og meiri eftirvinnu. Hver manneskja, sem haft hefur 30 eða 40 barna hóp daglangt eða kennt öðrum eins hópi venjulega kennsluskyldu, veit að það er ekki hægt. Þessi störf eru þess eðlis að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja af mörkum á einum degi við þessi störf. En skilningur á því hefur náttúrlega verið nákvæmlega enginn þegar umræður um þessi mál fara fram.

Ég held, hæstv. forseti, að það hljóti að verða verkefni ríkisstjórnarinnar á því þingi, sem nú situr, að vinna af alvöru að því að koma einhverjum skikk á þetta. Ég hef enga trú á því að verkalýðshreyfingin geri það. Ég er hreinlega uppgefin við að vona það. Þar halda menn áfram að finna Krýsuvíkurleiðirnar og fara lengstu göturnar, sem hægt er að finna, að bættum kjörum og etja einum hópnum á annan og metast um hver vinni mest þjóðþrifastörf. Hvernig einn starfshópur á án annars að vera er mér ekki alveg ljóst. En þannig vinna menn í þeim herbúðum og gera þjóðarsáttir við stjórnvöld og ég trúi heldur ekki á þær. Ég held að verkalýðshreyfingin hljóti að heyja sína baráttu fyrir sitt fólk á hinum faglega grundvelli en ekki hinum pólitíska. En nú dreymir menn í æ meira mæli um pólitíska frama hafi þeir orðið formenn í einhverju verkalýðsfélagi og sitja síðan báðum megin við borðið og vita ekki í hvora löppina þeir eiga að stíga. Ef það er framtíð verkalýðsbaráttu á Íslandi hirði ég ekki um hana frekar.

Ég vil þess vegna fara fram á það við stjórnmálamenn, sem nú virðast vera einu málsvarar vinnandi fólks í landinu, að þeir setjist niður og geri upp við sig: Ætlum við virkilega að leggja þetta þjóðfélag í rúst, menningarlega, félagslega, í öllu tilliti? Ég fæ ekki annað séð en að hér sé ástandið orðið þannig að það fólk sem vill hafa nokkurn veginn til hnífs og skeiðar fer í tískubransann, í auglýsingaheiminn, í fjölmiðlana. Þar er einhverja peninga að hafa. En allt fólk sem vinnur uppbyggileg störf fyrir þetta þjóðfélag verður að gera það á þann veg að það er ekki sæmandi því að það eru takmörk fyrir því, eins og ég hef áður getið, hvað menn geta lagt af mörkum á einum vinnudegi. Og þar sem hér situr einn hæstv. ráðherra, sem ber hvorki meira né minna en ábyrgð á menntakerfi landsins, dagvistarkerfi landsins og framtíð íslenskrar þjóðar sem menningarþjóðar, þá bið ég hann að skila því til hæstv. ríkisstjórnar að á þessu þingi verður eitthvað að gerast í þessum málum. Við þetta verður ekki unað lengur.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt að launamál beri á góma á Alþingi. Hér hinum megin við vegginn er einmitt verið að ræða um lágmarkslaun, frv. til laga um lágmarkslaun. Og það hlýtur auðvitað að verða til umfjöllunar hjá þm. eða stjórnmálamönnum almennt hvert stefnir í þessum málum. Ég hefði heldur viljað að hv. þm. Guðmundur J.

Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, hefði komið hér upp og látið orð falla um þetta mikla mál.

Hv. síðasti ræðumaður sagði: „Það eru öll laun lág.“ Það má út af fyrir sig vera rétt, en þau eru þá mismunandi lág. Við bjóðum fólki upp á það, íslenska þjóðfélagið, að vinna fyrir 20 þús. kr. á mánuði, fólki sem vinnur á berstrípuðum töxtum. Og ég segi: Ef ekki er hægt að hækka laun við þetta fólk eiga þingmenn sem eru með 70–80 þús. kr. ekki að fá neina hækkun. Þannig að ég geri greinarmun þarna. Þeir sem eru með 70–80 þús. kr. á mánuði verða að bíða á meðan verið er að rétta hag hinna sem ekki eru nema með 20 þús., ef þjóðfélagið á annað borð ekki þolir kauphækkun í gegnum allt kerfið. (**GHelg:** Hver er áætlaður framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, hr. þm.?) Það skiptir ekki máli hver er áætlaður vísitölukostnaður varðandi fjölskylduna, það gildir jafnt um manninn sem er með 20 þús. kr. á mánuði og hinn sem er með 70 þús. Það breytir ekki málinu þannig að sá samanburður segir ekkert í þeim efnum. Tuttugu þúsund króna maðurinn þarf jafnmikið til að lifa af og hinn sem er með 70 þús. í þeim efnum. Þú snýrð ekki dæminu við með því. Þessi munur er á launakjörum hér á landi. Og auðvitað þarf að breyta þessu.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að auðvitað á verkalýðshreyfingin líka sök hér á. Og það á ekkert að fría hana undan því. Það er ljóst að ekki hefur náðst samstaða um margyfirlýsta stefnu og fyrirheit um sérstaklega bætt kjör þeirra verst settu. Slíkar yfirlýsingar hafa margoft gengið út. En því miður hefur ekki, margra hluta vegna kannske, tekist að standa við þá. Ég er eigi að síður ekki úrkula vonar um að í komandi samningsgerð sjái menn eitthvað að sér. Það er ekki langt í það að samningar renni út og nýir hljóta að taka við. Ég vil a.m.k. í lengstu lög vona að menn sjái út úr myrkviðinu og reyni verulega að standa við gefin fyrirheit um sérstaklega og verulega hækkun til þeirra sem eru á berstrípuðum dagvinnutöxtum og hafa ekkert annað. Ef þjóðfélagið er þannig statt að það getur ekki borgað hærri laun til allra, verða þeir sem eru hærra settir að bíða.

Ég get vel hugsað mér að samið yrði um 35 þús. kr. kaup fyrir 8 stunda dagvinnu, verulegur hluti af bónusgreiðslunum yrði færður yfir á dagvinnutaxtana og þá erum við komin með nokkuð stóran hóp sem hefur fengið verulega bætt kjör. Ég get vel ímyndað mér að menn þyrftu kannske að hugsa þá hugsun til enda að setja einhvers staðar tölu, við skulum segja tvöföld 35 þús. kr. laun, þ.e. að menn þar fyrir ofan yrðu að bíða. Slíkt ástand varir auðvitað ekki lengi, það er mér ljóst. En þetta er líka siðferðileg spurning og kannske ekki síður. Það er siðferðileg spurning að reyna að breyta hugarfari þeirra sem eru betur settir til þess að styðja við bakið á hinum. Það vantar meira að fólk sé félagslega þroskað í þessum efnum. Það vantar líka innan verkalýðshreyfingarinnar. Menn þurfa að söðla um þar í skoðunum og láta verkin tala á annan hátt en þau hafa gert. Og ég vil vona að sú breyting eigi sér stað að menn geri betur í þessum efnum. Ég held að flestum sé a.m.k. orðið það ljóst að málið getur ekki gengið áfram eins og það hefur gert.

Ég sakna þess eigi að síður að hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist ekkert á ljósið í myrkrinu, Bolungarvíkursamningana á sínum tíma. Menn gleyma alltaf góðu hlutunum. Ég þykist vita að henni sé kunnugt um það að 95% af þeim sem fengu 30 þús. kr. lágmarkslaun í gegnum þá samninga eru kvenmenn og nú áttu hv. þm. Kvennalista að hlusta. Yfir 95% þeirra sem fengu 30 þús. kr. launin með Bolungarvíkursamningunum eru kvenmenn. Eftir þessu hefur lítið verið tekið og um þetta hefur lítið verið rætt, ekki einu sinni af Kvennalistakonum. En ég vil trúa að þær hafi ekki vitað þetta og þess vegna hafi þær þagað, en nú vita þær það.

Auðvitað þarf að gera betur í þessum efnum, það er öllum ljóst. Og ég hef persónulega enga trú á öðru en að það gerist í næstu samningum, að menn semji ekki um neitt fyrir neðan 30 þús. kr. Mér er sem ég sæi framan í mitt fólk vestur á fjörðum ef ætti að fara að bjóða því lægra kaup en það fékk í gegnum Bolungarvíkursamninga. Og til hvers hafa þeir þá orðið? Verða þeir ekki viðmiðun, einmitt sú viðmiðun sem Kvennalistakonur eru hér með frv. um í þinginu? Það er komið inn í samninga. Ég á eftir að sjá framan í þann mann sem sest að samningaborði fyrir verkalýðshreyfinguna og semur undir því marki. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Mikil er trú þín.) Já, og hún hefur dugað vel lengi. Svartnætti lagar ekki hlutina. Einstefnan ekki heldur. Ég er eigi að síður þessarar skoðunar. Og ég vildi gjarnan spyrja hv. þm., formann Verkamannasambandsins, hvort hann sé mér ekki sammála í þessum efnum. Hyggur hann t.d. að Verkamannasambandið muni semja um lægri laun í komandi samningum en þarna er um að ræða? Það kæmi mér á óvart ef slíkt gerðist. En að sjálfsögðu er best að fullyrða ekkert fyrir fram.

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að BSRB er að liðast í sundur. Menn finna kannske margar skýringar á því. Ég óttast líka og hef löngu haldið því fram að eitthvað álíka kunni að gerast innan Alþýðusambandsins ef menn ekki sjá að sér, og kannske fyrr en seinna, ef menn ekki fara að hugsa rökrétt, horfast í augu við staðreyndir og vinna að því sem þarf að gera. Ég held að ef fram heldur sem horfir verði ekkert langt í að slíkt kunni að gerast.

En við skulum ekki einvörðungu skamma verkalýðsforustuna, verkalýðsfélögin eru fólkið líka og kannske fyrst og fremst það sem á að ráða ferðinni og getur ráðið ferðinni. Við skulum ekki gleyma þeim þætti, að það er fólksins að vísa leiðina til þess sem það vill í þessum efnum. (**GHelg:** Hvenær á það að gera það?) Það á að gera það í félaginu, á fundum. (**GHelg:** Á næturfundum?) Ég skal ekkert segja um það hvers konar fundir eru haldnir í

stéttarfélögum sem hv. þm. vitnar til, en það eru ekki næturfundir á Vestfjörðum og ég kannast best við það svæði. Það er á venjulegum tíma. Yfirleitt er reynt að halda slíka fundi á þeim tíma sem fólk getur almennt mætt. Slíkt er nú lýðræðið þar. En hv. þm. hlýtur að kannast við eitthvað annað lýðræði í þessum efnum og væri þá gaman að fá það fram hvernig háttar til þar, á þeim bæ. Ég held að menn megi ekki skella allri skuldinni á forustuna. Menn verða líka að huga að því að fólkið hefur, ef það vill, mikil áhrif á þessi mál.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta. Kannske einfalda ég allt þetta dæmi. Stundum er líka hægt að flækja mál svo að enginn botni í þeim og æðimörgum hættir til þess. Mín skoðun er þessi: Það á að semja um 35 þús. kr. lágmarkslaun, færa ⅔ af bónusnum yfir á tímakaup og setja síðan hámark 70 þús. kr., þeir sem eru þar yfir verða að bíða. Þá hef ég þann fyrirvara: ef þjóðfélagið telur að það sé svo illa stætt að það geti ekki borgað meira.

Ég vil biðja bæði hv. þingkonur Kvennalistans og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að minnast þess sem vel hefur verið gert. Gleymið því ekki þó karlmenn hafi þar átt hlut að máli.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er komið í almenna umræðu, næstum því eldhús, um kjörin í landinu og launamál. Ég hef stundum hugleitt hvað væri varasamast fyrir íslenskt þjóðfélag eins og það stendur núna og í þeim heimi sem við lifum í núna. Þá er ég ekki að hugsa um kjarnorkusprengjuna, heldur svona efnahagslega séð, í efnahagsmálum. Ég hef yfirleitt komist að þeirri niðurstöðu að það sem væri varasamast af því sem blasir við okkur núna væri það að launin í landinu væru of lág, að lífskjörin væru of léleg. Ég segi að þetta sé varasamast vegna þess að ég held að veruleg hætta sé á því að ungt fólk flytjist burt og að þess sjái veruleg merki að ungt fólk flytji burt af landinu kjaranna vegna. Ég minnist þess að fyrir ári síðan eða svo hitti ég unga stúlku og spurði hvað hún væri að læra. Hún sagðist vera að læra til fóstru. Ég sagði: Hvernig stendur á því? Ég er að lesa í blöðunum að þar séu kjörin svo léleg að það vitlausasta sem menn geri sé að vera fóstra. Blessaður góði, svaraði hún, ég ætla ekkert að vinna hér. Ég fer til Noregs um leið og ég er útskrifuð. Og þetta *sló mig heldur harkalega. Ég er hræddur um að þessi* viðhorf séu orðin nokkuð rík meðal ungs fólks á Íslandi sem eru allt, allt önnur viðhorf en voru ríkjandi þegar ég t.d. var að koma út úr skóla. Því segi ég að það sé eitt það hættulegasta sem steðjar að Íslendingum ef lífskjörin hér, launakjörin hér, eru langtum verri en í löndunum í kringum okkur.

Fyrri kynslóðir töldu að það væri verulegur þröskuldur að komast til útlanda eða flytjast til útlanda. Unga fólkið núna telur það ekki. Það telur ekki að það sé neitt vandamál að flytjast til Noregs eða Svíþjóðar eða Danmerkur eða Bretlands. Það telur ekki að það sé neitt sem þurfi að bera ugg í brjósti yfir, það geti alveg verið í sambandi við ættingja sína og foreldra og þar fram eftir götunum engu að síður. Það óttast ekki tungumálið. Málakunnáttan er það góð að þetta er ekki sá þröskuldur sem það var áður. Ég held að þetta með launin sé þess vegna mjög mikið umhugsunarefni fyrir Íslendinga yfirleitt. Ofan á þetta bætist svo að við erum með ónýtt og ranglátt skattakerfi og ónýtt og ranglátt lífeyriskerfi sem verður ekki til þess að bæta myndina.

Ég segi t.d. að skattakerfið sé ónýtt og ranglátt, ekki einungis vegna allra þeirra skattsvika og undandrátta frá skatti sem liggja í augum uppi, heldur líka vegna þess að hér á Íslandi er venjulegu launafólki gert að vera í efsta skattþrepi og borga milli 60 og 70% af seinustu tekjum sínum til hins opinbera. Og þetta er mjög hátt hlutfall af venjulegum launatekjum. Hér er ekki um að ræða hátekjufólk, hér er um að ræða venjulegt launafólk sem er skipað í efsta skattþrep. *Lífeyrissjóðsmálin skal ég ekki fjölyrða* um. Til þess gefst tækifæri síðar.

Í þeirri launaumræðu sem hér hefur farið fram hefur auðvitað komið upp margt athyglisvert og í rauninni vilji þeirra þm. sem talað hafa til úrbóta. En það hlýtur að vera áhyggjuefni að verkalýðshreyfingar eru að brotna niður, að samkenndin milli stéttanna er að hverfa. Það sem virðist einkenna mjög launabaráttuna er samanburðurinn milli stétta: Ef einn fær eitt þá verður annar að fá það líka. Samkenndin er horfin. Þetta er orðin barátta milli þeirra sem ættu að vera samherjar. Þetta tel ég að sé mjög hættulegt fyrir verkalýðshreyfinguna og þetta tel ég reyndar að sé ein af skýringunum á því að menn þurfa að flytja frv. eins og þetta, nefnilega það að ákveðnir hópar dragast aftur úr af því að aðrir vilja ekki ljá þeim lið og finna ekki til samkenndar með þeim.

Ég skil svo sem ósköp vel að þm. geti týnt voninni eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir var að tala um áðan en það er akkúrat það sem við megum ekki gera. Við verðum einmitt að halda í vonina um endurbætur og þegar menn finna til máttleysis síns í þessum málum — ef ég má orða það svo — sem mér fannst nú gæta svolítið í ræðum hv. þm., held ég að við verðum að hafa í huga að ég tel a.m.k. að hlutverk þm. sé að hjálpa til við skoðanamyndun, viðhorfsmyndun í þjóðfélaginu yfirleitt. Og það er áreiðanlega eitt af lykilatriðunum til þess að við *getum náð árangri í launamálunum almennt og í því* að bæta launin sérstaklega hjá þeim sem standa mjög hallt og hafa lægst launin. Við megum þess vegna ekki týna voninni. Ég held að það sé gagnlegt að við höfum í huga að það er hlutverk okkar að hjálpa til við að leiða skoðanamyndunina í landinu.

Að lokum eitt orð um vinnutímann af því hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði hann að umræðuefni: Ég held að það sé hálfgerður kækur hjá Íslendingum að halda að með því að vinna myrkranna á milli afkasti þeir eitthvað meiru en með því að vinna skikkanlegan vinnudag og þetta smitar af sér inn í alla

kjarasamninga. Þennan kæk þarf vitaskuld að leggja af vegna þess að mannslíkaminn, og mannshugurinn, skilar ekki nema ákveðnum afköstum og hann skilar ekkert meiru þó að hann liggi yfir vinnunni bæði nætur og daga.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar.

Ég vil ítreka, til að fyrirbyggja allan misskilning, að það er ekki tilviljun að ég tek stundum þingmannslaun sem dæmi. Ástæðan fyrir því er sú að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar er nokkurn veginn sama upphæð og þingmannslaun eru nú. Laun þar fyrir neðan og laun sem eru þrisvar og tvisvar sinnum lægri eru beinlínis móðgun við vinnandi fólk. (**Gripið fram í:** Mér finnst það.) Þetta vil ég leggja áherslu á. Ég skal hins vegar taka undir með hv. þm. að meinalaust væri það mér ef menn gætu komist að því samkomulagi að þeir sem væru með yfir 70 þús. kr. á mánuði biðu með launahækkun, svo sannarlega. En það sýnir auðvitað hversu fáránleg laun í landinu eru orðin að þm. skuli vera með þau mánaðarlaun sem talin eru nægja til framfærslu fjögurra manna fjölskyldu. Þetta var ég að vona að þjóðin skildi. En menn hafa vitanlega reynt að snúa út úr þeim orðum mínum.

Ég vil taka undir allt sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði áðan. Það er ekki bara að við búum við ónýtt lífeyrissjóðakerfi og skattamálin séu öll í ruglingi, heldur eru húsnæðismálin auðvitað ekki minna vandamál. Það er auðvitað gjörsamlega fáránlegt að fólk, sem er með laun eins og hv. þm. Karvel Pálmason var að lýsa, skuli svo í leiðinni vera tilneytt að eiga eignir upp á tvær, þrjár milljónir. Þetta kemur hvergi heim og saman. Og ég vil líka ítreka það sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson minntist á sem er landflóttinn. Mér er það mjög minnisstætt eins og honum þegar ég dvaldist erlendis á árunum 1968–72 að þá heyrðist varla sú rödd meðal Íslendinga að menn ætluðu ekki að flytjast heim. Það datt beinlínis engum annað í hug.

Við sem starfs okkar vegna ferðumst nokkuð um Norðurlöndin heyrum allt annað hljóð í íslenskum námsmönnum í dag. Það er nefnilega alveg rétt sem hv. þm. sagði: Samgöngumál eru orðin þannig, beinn sími, þéttar samgöngur, að það er auðvitað engin fjarstæða fyrir fólk að búa í næstu nágrannalöndum. Það getur haldið sambandi við allt sitt fólk fyrir því. Og það er satt að segja óhugnanlega stór hópur sem hyggur ekkert á að koma heim sem eðlilegt er.

Núverandi ríkisstjórn hefur gengið hvað vaskast fram í því að annast stórkostlega tilfærslu á fjármunum á tímum þegar þjóðin hefur aflað meira en dæmi eru um. Íslendingar eru nefnilega forrík þjóð. Það er hins vegar farið verr með peninga í þessu landi en að ég hygg víðast hvar annars staðar og þar er mikið verk að vinna ef leiðrétta á.

Þetta gerist á sama tíma og launþegar nenna ekki, eyða ekki tíma í að svara fyrirspurnum um sín eigin kjör. Þetta er auðvitað alvarlegt sjúkdómseinkenni. Launþegar eru orðnir gjörsamlega vanmáttugir við að taka ákvarðanir um eigin mál. Og þá erum við komin aftur að því sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan. Hann vildi halda því fram að það væri ekki verkalýðsforustan sem ætti um að saka, heldur fólkið sjálft. (**KP:** Ekki einvörðungu.) Nei, ekki einvörðungu, segir hv. þm. (**KP:** Sagði.) Vitanlega leiðir það af sjálfu að fólk sem er undir því vinnuálagi sem Íslendingar eru er ekki líklegt til þess að vera virkt í sínum verkalýðsfélögum og hafa þrek til að gera tilraun til að ráða sínum málum sjálft. Það kann vel að vera að ástandið sé betra á Bolungarvík en annars staðar en það er ekki gott hér á þéttbýlissvæðunum, svo mikið veit ég. Og þegar fólk hættir að hafa vilja til að ráða sínum eigin málum er eitthvað alvarlegt að í þjóðfélaginu. Það er kannske einungis við hæfi að hæstv. fjmrh. taldi mála brýnast að leggja niður aðflutningsgjöld af afruglurum á þessum síðustu og verstu tímum. Helst datt honum það í hug til að bæta hag þjóðarinnar.

Hv. þm. verða að gera sér grein fyrir að það er alvarlegt mál ef samtök launamanna eru að liðast í sundur fyrir innbyrðis meting og árekstra milli hinna ýmsu starfshópa og viljaleysi félaganna til að hafa samkennd, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson orðaði það réttilega áðan, og þeir hætta að líta á sig sem hluta af starfshæfri heild sem rekur þetta þjóðfélag. Ég efast um að allir hv. þm. geri sér grein fyrir í hverri hættu við erum. Ef svo kynni að fara, sem ég óttast og hv. þm. Karvel Pálmason virðist gera líka, að Alþýðusamband Íslands færi að liðast í sundur, ef launamenn í landinu missa það afl sem einungis slíkt samband getur gefið, held ég að við séum að fara inn í nýja öld, mér liggur við að segja verr í stakk búin til að reka þetta þjóðfélag en við vorum um síðustu aldamót.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér hafa orðið þó nokkrar umræður um kjör láglaunahópanna og er það vel. Mér fannst þó þegar ég hlustaði á þessar umræður að ég endurlifði umræðurnar sem urðu þegar fyrst var byrjað að ræða þetta frv. fyrir fjórum árum síðan. Í sannleika sagt hefur ekki mikið breyst í kjörum láglaunahópanna síðan þá.

En ég stend upp til að svara hv. 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Mér er það að vísu þvert um geð að vera að agnúast við hana um mál eins og endurmat á störfum kvenna sem við erum báðar sammála um að þurfi að fara fram þó fyrr hefði verið. Hún nefndi að ekki væri eðlismunur á þeirri tillögu sem Kvennalistinn flytur, sem er um endurmat á störfum kvenna, og því frv. sem hér er til umræðu um endurmat á störfum láglaunahópanna. Vitnaði hún þá til þess að í því frv. sem hér er til umræðu væri fjallað í einum lið sérstaklega um hefðbundin kvennastörf og því væri ekki eðlismunur á þessum tillögum. Þetta er alrangt hjá hv. þm.,

alrangt. Ef maður les greinargerð með till. til þál. um endurmat á störfum kvenna, sem Kvennalistaþingmenn hafa flutt, vekur hún nokkra furðu, satt að segja. Ég tel að við verðum að vera samkvæm sjálfum okkur í þessari jafnréttisbaráttu og að við eigum að viðurkenna það líka í verki að það er til stór hópur karlmanna sem líka tilheyra láglaunahópunum.

Ég vitna, með leyfi forseti, í örfá orð í greinargerð þm. Kvennalistans. Þar segir:

„Tillagan nær eingöngu til þeirra sem hjá ríkinu starfa og er hugsuð sem skref í átt að gagngeru endurmati á störfum kvenna á vinnumarkaðnum." Af hverju mátti ekki segja skref í átt að gagngeru endurmati á störfum láglaunahópanna á vinnumarkaðnum?

Og áfram segir hér: „Nái hún fram að ganga á hún að geta komið öllum launakonum til góða." Af hverju er ekki ástæða til þess a.m.k. í greinargerð að minnast á karla sem stunda láglaunastörf?

Síðan er sagt í tillögunni: „Tekið skal fram að til kvennastarfa teljast þau störf þar sem konur eru a.m.k. helmingur þeirra sem störfin hafa með höndum. Þeir karlar sem slíkum störfum sinna njóta vitaskuld einnig þeirra kjarabóta sem það endurmat kvennastarfa sem hér er lagt til gæti haft í för með sér." Ég spyr: Hvað um störf þar sem karlmenn eru í meiri hluta, t.d. störf innan Iðju, Dagsbrúnarverkamenn og fleiri störf sem til má taka? Hvað með þær konur sem eru í minni hluta í láglaunastörfum sem karlmenn stunda? Eiga þær ekki að njóta kjarabóta? Verðum við ekki aðeins að staldra við og huga að því hvað við erum að gera þegar við erum að vinna að sameiginlegu markmiði sem við vissulega erum, að reyna að bæta kjör láglaunahópanna?

Það er þetta sem ég hafði fyrst og fremst við að athuga í þeirri tillögu sem Kvennalistinn hefur flutt, að ég tel að tillaga héðan frá Alþingi eða frv. eigi að ná til láglaunahópanna sem heildar en ekki að taka sérstaklega út að það eigi að endurmeta eingöngu kvennastörfin. Við lendum bara í ógöngum ef á að fara slíka leið.

Ég skal ekki tefja tímann, ég sé að klukkan er yfir fjögur. En ýmislegt sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur var athyglisvert. Ég veit ekki hvort það var tilviljun að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson yfirgaf deildina um leið og hún byrjaði að fjalla af miklum eldmóði um láglaunastörfin í þjóðfélaginu. Verkalýðshreyfingin fékk þar þung högg hjá hv. þm. og það var í raun og sannleik mikill áfellisdómur sem hv. þm. kvað upp yfir verkalýðshreyfingunni. Hún sagði að láglaunafólk ætti orðið ekki skjól í verkalýðshreyfingunni, ef ég skildi hana rétt, og það væru þá fyrst og fremst stjórnmálamenn sem launafólk gæti leitað til og átt skjól hjá. Ég þykist nokkuð viss um að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur heyrt þessi orð *og mér finnst furðulegt ef hann lætur þessa umræðu* fram hjá sér fara og svarar ekki slíkum áfellisdómi sem fram kom hjá hv. þm. sem snertir ekki bara hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, sem er í sama flokki og Guðrún Helgadóttir, heldur einnig t.d. forseta ASÍ. Þó að ýmislegt megi finna að verkalýðshreyfingunni og hún hafi ekki staðið sig sem skyldi í að bæta kjör láglaunahópanna í þjóðfélaginu tel ég að forseti ASÍ hafi viðurkennt, t.d. í blaðaviðtali í dag, að verkalýðshreyfingin bæri ábyrgð á lágum kjörum láglaunahópanna. Ég tel það vissulega skref í rétta átta að slík viðurkenning liggi fyrir. Og ég sagði það líka áðan að ábyrgðin er ekki bara verkalýðshreyfinganna, heldur líka stjórnmálamanna. Það mikilvægasta í þessu öllu er þó í lokin að verkalýðshreyfingin og stjórnvöld og stjórnmálamenn taki nú einu sinni höndum saman um að bæta kjör láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þar sem hv. þm. brást svo hart við orðum mínum áðan vildi ég leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram hjá henni. Ég sagði að ég sæi ekki eðlismun á þessari tillögu okkar á þskj. 11 og þeim þætti í þingmáli því sem hér er á dagskrá sem lýtur að endurmati á hefðbundnum kvennastörfum. Það var aðeins það sem ég átti við og mér þykir leitt að finna þessi hörðu viðbrögð hennar við þessu þingmáli okkar sem ég vona að verði okkur ekki að ágreiningsefni. Því eins og segir í grg. sem hv. þm. vitnaði til áðan er hér talað einmitt um þau lög sem sett voru árið 1976 og gerðar á þeim endurbætur vorið 1985. Þar er lýst vonbrigðum yfir því að þessi lög tóku ekki tillit til þeirrar staðreyndar að verðmæti starfa er háð mati hverju sinni og lögin hafa ekki reynst þess megnug að leiðrétta það kynbundna launamisrétti sem viðgengst á vinnumarkaðnum í skjóli verðmætamats sem metur hefðbundin karlastörf hærra en hefðbundin kvennastörf. Þar eð tíminn er á þrotum í deildinni sé ég ekki efni til þess að lengja þessa umræðu en ég vona að þm. kynni sér grg. með þessu þingmáli sem segir það sem segja þarf um hvers vegna við berum það fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, fimmtudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 23. október 1983:

„Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki vegna anna sótt þingfundi á

næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis og þar sem 1., 2., 3. og 4. varamaður Kvennalistans hafa tjáð mér að þeir geti ekki tekið sæti á Alþingi að óska þess að 5. varamaður Kvennalistans, María Jóhanna Lárusdóttir, taki sæti í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Með þessu bréfi fylgir yfirlýsing frá þeim varamönnum sem ekki geta tekið sæti ásamt kjörbréfi frá Maríu Jóhönnu Lárusdóttur. Þetta er viðfangsefni fyrir kjörbréfanefnd og er þess óskað að kjörbréfanefnd taki málið til meðferðar. Við frestum fundinum í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þetta mál og þar eð 1., 2., 3. og 4. varamaður Kvennalistans í Reykjavík, þ.e. Kristín Ástgeirsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og Ingibjörg Hafstað, geta ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur vegna anna hefur verið gefið út kjörbréf fyrir Maríu Jóhönnu Lárusdóttur. Nefndin hefur athugað kjörbréfið og mælir með að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillaga kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

María Jóhanna Lárusdóttir, 11. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

María Jóhanna Lárusdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Úrvinnsla sjávarafla.

Beiðni HG o.fl. um skýrslu, 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 32 shlj. atkv.

Haf- og fiskveiðasafn, frh. fyrri umr.

Þáltill. EG, 2. mál. — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Mismunun gagnvart konum hérlendis, fyrri umr.

Þáltill. HG og GHelg, 7. mál. — Þskj. 7.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlends. Till. þessi var flutt á síðasta þingi og þá vísað til hv. félmn., en var ekki afgreidd frá nefndinni. Hún er hér endurflutt með litlum breytingum frá síðasta þingi af mér og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem er meðflutningsmaður að tillögunni.

Það er sannarlega ástæða til að flytja þessa till. öðru sinni því að það efni sem hún fjallar um er í síst skárra horfi nú en fyrir ári eins og fjölmargar upplýsingar, sem fram hafa komið og nú síðast alveg nýlega um mismunun gagnvart konum hér á landi, bera vott um.

Till. gerir ráð fyrir að félagsmála- og jafnréttisráði verði falið að gera sérstaka úttekt á því hvað skorti á

að Ísland uppfylli skilyrði alþjóðasamnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem Ísland gerðist formlegur aðili að 18. júní 1985.

Í till. er vikið að einstökum þáttum sem hafa ber í huga við þessa úttekt og vísa ég til tillögutextans þar að lútandi. En þar er jafnframt gert ráð fyrir að skipuð verði sérstök samráðsnefnd til að fylgjast með þessari úttekt og í henni verði fulltrúar frá öllum þingflokkum á Alþingi. Einnig er gert ráð fyrir því að félmrh. skili greinargerð til þingsins um úttektina og tillögum af sinni hálfu til úrbóta. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við þessa úttekt verði greiddur úr ríkissjóði og skiptir það auðvitað verulegu máli fyrir þá aðila sem settir yrðu til verka ef tillaga þessi nær fram að ganga. Í því sambandi bendi ég á mjög knöpp fjárráð Jafnréttisráðs sem er sá opinberi aðili sem á ekki síst að vinna að þessum málum lögum samkvæmt en hefur engan veginn getað gegnt lögboðnu hlutverki vegna naumra fjárráða.

Í grg. með þessari till. er bent á ýmis atriði úr þessum alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum og hvaða ráðstafanir aðildarríki að þessum samningi skuldbinda sig til að gera til að uppfylla ákvæði samningsins.

Við athugun á þessum málum kemur í ljós hversu víðs fjarri er að Ísland standist þann mælikvarða sem lagður er á aðildarríki. Auðvitað er ekki beinlínis ætlast til þess að allt sé komið í horf þegar samningurinn er undirritaður, en hins vegar tökum við á okkur skuldbindingar að ná þeim markmiðum sem þar er kveðið á.

Ég bendi m.a. á þær ráðstafanir sem gera skal samkvæmt þessum samningi til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu, á sviði launamála og til að tryggja rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna og rétt til sömu umbunar, þetta eru tilvitnanir út samningnum, þar með talið fríðinda og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafngild og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu. Einnig er þarna kveðið á um að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum vegna hjúskapar- eða móðurhlutverksins og að framfylgja raunverulegum rétti kvenna til vinnu. Þar eiga aðildarríkin að gera allar viðunandi ráðstafanir og eins og þar segir: „sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana."

Ég vek athygli á þessum þætti m.a. með tilliti til þess hvað við lesum í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Ætli ríkisstjórn Íslands sé þar að koma til móts við ákvæði þessa samnings og skuldbindingar með því að lækka um helming í krónum talið framlög til dagvistarstofnana í landinu?

Ég held að við þurfum að gæta þess, þegar verið er að samþykkja samhljóða á hv. Alþingi alþjóðlegar skuldbindingar eins og gert hefur verið með samþykkt þessa samnings, að efndir fylgi orðum. Mér finnst full ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að skoða t.d. sérstaklega fjárframlög til dagvistarstofnana í ljósi þessara ákvæða.

Samkvæmt samningnum á sérstök nefnd 23 ríkja að fylgjast með framkvæmd samningsins á vegum Sameinuðu þjóðanna, en hún starfar á vegum efnahags- og félagsmálaráðsins, ECOSOC eins og það er skammstafað, og svo vill til að Ísland er aðili að efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna nú um þriggja ára skeið fyrir hönd Norðurlanda. Á vorfundi efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna á þessu ári var þetta mál til sérstakrar meðferðar og gerð um það ályktun sem birt er sem fylgiskjal á bls. 4–5 með þessari till. Þar er verið að ýta á eftir aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að standa við þennan samning, að skila inn þeim upplýsingum sem samningurinn gerir ráð fyrir og að gera grein fyrir þeim undanþágum er aðildarríkin hafa farið fram á eða hyggjast fara fram á tímabundið varðandi þennan samning. Og hverjir skyldu nú vera flutningsmenn að þessari till. innan efnahags- og félagsmálaráðsins? Það var fulltrúi Svía sem flutti ályktunartillögu með tólf meðflytjendum og einn meðflytjanda var Ísland að þessari sérstöku áherðingartillögu innan efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna varðandi þennan samning. Þar segir, eins og lesa má á bls. 5:

„Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að aðildarríkin standi stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum." — Standi stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Þetta er fulltrúi utanrrn. og hæstv. utanrrh. tekur um þetta ákvörðun. En hvað um hina höndina hér, fjárveitingavaldið á Íslandi, í sambandi við efndir, stranglega uppfyllingu þeirra ákvæða sem samningurinn gerir ráð fyirr? Ætli stangist ekki þarna eitthvað á?

Og í ákvæðum þessa samnings er gert ráð fyrir að aðildarríki skili inn til þessarar eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna skýrslum innan eins árs frá gildistöku samningsins til viðkomandi aðildarríkis og síðan a.m.k. á fjögurra ára fresti. Nú er meira en ár liðið og ég grennslaðist fyrir um það hjá félmrn. hvernig staðið hefði verið við þetta ákvæði um skýrslu innan árs. Hún hafði verið send. Það hafði verið minnt á að það bæri að senda skýrslu innan árs og félmrn. mun hafa óskað eftir því við Jafnréttisráð að það gerði drög að þessari skýrslu. Hana hef ég undir höndum eins og hún fór frá félmrn. og utanrrn. landsins, þessi skýrsla um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar. Þetta hlýtur að vera viðamikið plagg því að mikið skortir á að ákvæðum þessa samnings sé fylgt eftir. En hvað höfum við hér? Tvær bls. tæpar, eina og hálfa bls., sem er þessi skýrsla til Sameinuðu þjóðanna um þennan samning og stöðu Íslands varðandi hann, og þar er ekkert til tínt nema nokkur formsatriði, hvenær lög voru samþykkt um jafnrétti kynjanna á Íslandi, jafnrétti karla og kvenna, hvenær Jafnréttisráð var sett á fót og fáein slík atriði. Svo segir í lokin, og það er kannske það eina efnislega sem þarna kemur fram frá íslenskum

stjórnvöldum, með leyfi forseta:

„Ljóst er að aðalvandkvæði við framkvæmd samningsins er að uppræta fordóma og hefðbundnar hugmyndir um hlutverkaskipan kynjanna. Það er rót þess að unnt verður að skapa þjóðfélag þar sem konur og karlar njóta sömu mannréttinda að lögum og í raun."

Það eru sem sagt fordómar og hefðbundnar hugmyndir. Ég get tekið undir það. Slíkir fordómar eru miklir. Gegn þeim þarf að vinna. En það er fleira og nærtækara sem íslensk stjórnvöld geta lagt af mörkum í þessum efnum og eiga að leggja af mörkum í þessum efnum. Það er satt að segja með fádæmum að svona skuli staðið að málum í sambandi við upplýsingar varðandi alþjóðasamning og ákvæði sem hann snerta. Ég hlýt að vekja hér, herra forseti, sérstaka athygli á þessu.

Við höfum upplýsingar um stöðu þessara mála og í fskj. með þessari þáltill. er safnað saman upplýsingum frá ýmsum aðilum frá undanförnum árum um hvernig er háttað stöðunni, jafnræði kynjanna á Íslandi. Og það er satt að segja nöturleg mynd sem þar blasir við. Í launamálum liggur alveg skýrt fyrir sú hrikalega mynd sem þar er og sú öfugþróun sem enn er í gangi samkvæmt opinberum upplýsingum að þessu leyti. Við höfum á fskj. II, bls. 6, yfirlit um ársverk og meðallaun eftir kynjum síðasta árið sem upplýsingar liggja fyrir um, 1984, og þar blasir við að launamunurinn í rauntekjum samkvæmt þessum hagtölum er á árinu 1984 56,5% og hefur vaxið frá því árið á undan, sem það var 54%, og frá árunum þar á undan. Það er sem sagt vaxandi launamunur milli karla og kvenna á undanförnum árum. Og þessa daga erum við að fá upplýsingar úr launakönnun Alþýðusambands Íslands og hvað ætli blasi þar við í sambandi við launamun kynjanna? Jú, það er staðfesting á því sem við höfum varðandi fyrri ár. Launamunur varðandi svokallaðar rauntekjur, þ.e. tekjur fyrir dagvinnu, fastakaup, álög og yfirvinnu, er yfir 50%, nákvæmlega talið 51,5%. Þetta mælist í því takmarkaða úrtaki sem þarna er um að ræða.

Það eru sannarlega athyglisverðar tölur og upphæðir sem þarna standa fyrir kvennastéttirnar í landinu, fyrir kvennastörfin í landinu, í fiskvinnu, í verslunarstörfum og í almennum iðnaði þar sem konur eru yfirgnæfandi hluti starfsmanna. Samkvæmt yfirliti og könnun sem gerð var í apríl s.l. ná launatekjurnar ekki 30 þús. markinu, en enginn áttar sig á í rauninni hvernig hægt er að skrimta á Íslandi fyrir þær tekjur. Heildarlaun í almennri verksmiðjuvinnu eru t.d. 27 862 kr. og föstu launin tæplega 21 þús. Í fiskvinnslunni eru föstu launin enn þá lægri, en með bónusálagi á yfirvinnu tekst konum að tvöfalda þessi laun nokkurn veginn með óheyrilegum þrældómi. En konur við verslunarstörf og við verksmiðjuvinnu ná ekki 30 þús. kr. markinu eins og þarna má sjá og launamunurinn milli kynja er aldeilis hrikalegur.

Það vantar ekki, herra forseti, að það er tekið sæmilega undir hér í orði á hv. Alþingi þegar þessi mál eru til umræðu, jafnvel af háttsettum mönnum og æðstu mönnum í stjórnkerfi landsins eins og hæstv. forsrh. Við höfum heyrt hann taka undir og setja fram hugmyndir um að hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir samanburðarkönnun á launakjörum kvenna og karla í samráði við aðila vinnumarkaðarins þar sem farið verði nákvæmlega ofan í saumana á þessum málum, en það hefur ósköp lítið heyrst um efndirnar frá hæstv. forsrh. þrátt fyrir ítrekun af hans hálfu vegna fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á síðasta þingi. Ég hef a.m.k. ekki fengið niðurstöður úr slíkri könnun í hendur, en hæstv. forsrh. er dálítið langt undan, því miður, þannig að það er erfitt að inna hann eftir því hvernig þau mál standi af hans hálfu, hverjar séu efndirnar á loforðum sem gefin voru á Alþingi fyrir tveimur árum. Staðan að þessu leyti og framgangur stjórnvalda gagnvart konum í landinu og því hróplega misrétti, sem þar blasir við á nánast öllum sviðum, er alveg dæmalaus.

Herra forseti. Ég hef bætt við nokkrum upplýsingum í fskj. með þessu frv., m.a. nýjustu könnun kjararannsóknarnefndar sem fskj. á bls. 41 og aftar er að finna yfirlit um niðurstöður sveitarstjórnarkosninga s.l. vor í kaupstöðum og kauptúnahreppum varðandi skiptingu kynja á kjörnum fulltrúum og frambjóðendum og þar er líka að finna bráðabirgðayfirlit sem ég fékk frá Jafnréttisráði varðandi samanburð á stöðunni hvað snertir nefndir, stjórnir og ráð á vegum Alþingis og opinberra aðila, ráðuneytanna, hvernig það hefur þróast á tíu ára tímabili, og það eru engar gleðifréttir sem við lesum út úr þessum plöggum.

Að vísu kemur fram í þessu yfirliti varðandi sveitarstjórnarkosningar á liðnu vori, það vantar dreifbýlishreppana, það var ekki komin úrvinnsla varðandi þá, að hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur vaxið frá síðustu kosningum og nemur 28,8% í kaupstöðum og 24,2% í kauptúnahreppum og þar er um verulega sókn að ræða af hálfu kvenna frá því sem var í kosningunum 1982 og auðvitað er þróun í þessa átt og allt sem gengur í þessa átt til bóta, en það eitt saman nær skammt. Hvernig ætli sé aðstaða kvenna til að taka raunverulega þátt í opinberum störfum og félagsstörfum almennt, kvenna sem þurfa að sinna heimilisstörfunum og gera það í reynd að yfirgnæfandi hluta þrátt fyrir allan áróður fyrir jöfnun á stöðu kynjanna. Það er auðvitað gífurlega mikið verk að vinna í sambandi við þessi efni og þó að konur leiðrétti sinn hlut eitthvað formlega séð er þetta innbyggða misrétti enn til staðar í landinu og þar reynir auðvitað á karla þar sem karlar eiga stóran hlut að máli og gætu, ef raunverulegur vilji væri til staðar, leiðrétt þetta misrétti, þessa þætti til muna og skiptir auðvitað mjög miklu að halda uppi fræðslu og áróðri þar að lútandi. Og skólarnir, staðan þar í sambandi við kennsluefni og fræðslu alla, skiptir allverulegu máli í þeim efnum.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er síst minni ástæða til að flytja þessa till. nú en

á síðasta þingi. Hún er í rauninni ríkari. Það sjáum við á allri þróun mála þetta ár sem liðið er síðan ég mælti fyrir þessu máli í fyrra. Því vænti ég þess að hv. félmn. Sþ., sem ég legg til að fái mál þetta til afgreiðslu, taki á þessari till., fjalli um hana og afgreiði hana aftur til þingsins þannig að það reyni á afgreiðslu málsins hér og auðvitað vænti ég jákvæðrar afgreiðslu og jákvæðra undirtekta því að hér er í rauninni eitt af stærstu málum þjóðarinnar á ferðinni að leiðrétta það misrétti sem þarna er á ferðinni og sem við höfum tekið á okkur alþjóðlegar skuldbindingar að bæta úr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun húsnæðiskostnaðar, fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hefur ákveðinn fjöldi fólks lent í miklum hrakningum, ef ég má orða það svo, vegna þess hvernig kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala lék þetta fólk eftir að það hafði aflað sér húsnæðis.

Ef við skoðum þessi mál í heild sinni kemur í ljós að þeir sem öfluðu sér húsnæðis fyrir árið 1980 nutu í rauninni þess sem við getum kallað „aðstoðar verðbólgu" við að komast yfir þetta íbúðarhúsnæði. Þeir sem munu afla sér íbúðarhúsnæðis á þessu ári og næstu árum munu væntanlega njóta góðs af þeim endurbótum sem nú hefur verið ákveðið að gera á húsnæðislánakerfinu. Þá situr eftir hópur fólks, þ.e. sá hópur fólks sem aflaði sér íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–1985. Þessi hópur fólks varð fyrir því að saman fór mikil kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala. Afleiðingin af því varð sú að þetta fólk varð í rauninni meira og minna eignalaust fyrir þá sök eina að hafa aflað sér íbúðarhúsnæðis á þessum árum.

Ég tel og við flm. þessarar till. að það sé ótækt að hópum í þjóðfélaginu sé mismunað með þessum hætti, sem felst í því sem ég hef lýst, að einn hópur fólks, sá sem vann það eitt til óhelgis, ef ég má orða það svo, að afla sér húsnæðis á árunum 1980–1985, skuli í reynd verða verr staddur eignalega en aðrir þjóðfélagshópar. Vegna þess að þetta gerðist í raun fyrir tilstilli löggjafarvaldsins og ríkisstjórnarinnar vegna þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt var teljum við að það sé hlutverk almannavaldsins, hlutverk þjóðfélagsins að jafna þennan mun.

Það hafa verið í gangi svokölluð neyðarlán og lánalengingar. En ef við hugsum þetta mál til enda dugar það ekki vegna þess að það sem þetta fólk lenti í var í rauninni alveg sérstök og einstök skuldasöfnun vegna þeirrar stefnu sem uppi var í þjóðfélagsmálum og efnahagsmálum. Við skulum ekki rífast um þá stefnu. Við skulum bara líta á staðreyndir. Og vegna þess að hér er um hreina skuldasöfnun að ræða hefur þetta fólk orðið meira og minna eignalaust og þá dugar heldur ekki að ætla sér að jafna muninn með lánalengingum. Það dugar ekki vegna þess að hjá mörgu þessu fólki eru ekki einu sinni til veð fyrir slíkum lánum og það dugar ekki vegna þess að eignarstaða þess hefur verið skert miðað við aðra þjóðfélagshópa. Það er af þessum orsökum sem sú tillaga er flutt sem ég mæli hér fyrir.

Samkvæmt henni er gert ráð fyrir því að sú mismunun sem hér um ræðir verði jöfnuð að hluta til með því að almannafé verði varið sérstaklega til þess. Við höfum ekki komið auga á önnur ráð og við teljum reyndar að það hljóti að hafa verið á ábyrgð almannavaldsins sem þetta kom fyrir og þess vegna sé ábyrgðin þess. Till. gerir þess vegna ráð fyrir því að hluti af þeirri skuldaaukningu sem þessi hópur fólks hefur orðið fyrir verði endurgreiddur. Auðvitað verður það ekki gert með því að skrifa til bankanna og lánastofnananna og segja: Nú lækkið þið lánin. Það verður að útvega sérstakt fé í þessu skyni og það verður að úthluta því beinlínis til að greiða niður þessi lán til að lækka þau. Við leggjum til að til viðmiðunar verði að 50% af skuldaaukningu viðkomandi persóna umfram almenna hækkun kaupgjalds verði endurgreidd og þessi endurgreiðsla fari þá beinlínis til að lækka skuldir þessara aðila eins og tilgreint er í till. Okkur er ljóst að þetta er vandasamt og flókið mál þannig að það þarfnast sérstaks undirbúnings og þess vegna er í till. gert ráð fyrir að félmrh. skipi nefnd til að setja reglur um framkvæmdina samkvæmt þeim meginlínum sem fram eru lagðar í till.

Það er hugmynd okkar að Húsnæðisstofnun annist framkvæmdina samkvæmt umsóknum frá þeim aðilum sem hér um ræðir, enda yrði hluta af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar varið til þessa verkefnis. Ályktunartillagan er sem sagt á þá leið að fela félmrh. að tilnefna fimm menn í nefnd til að setja reglur um þetta efni fyrir þann hóp fólks sem aflaði sér íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–1985 og varð fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðarölfuninni vegna ytri aðstæðna sem ekki voru á valdi þessara aðila.

Við setningu reglnanna um þennan endurgreiðsluhluta er gert ráð fyrir að það verði tekið mið af svofelldri meginstefnu. Að til grundvallar skuli leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verði raktar til íbúðakaupa eða íbúðabygginga á þessu tímabili, að hámarksviðmiðun sé 2,5 millj. kr. skuld á verðlagi í des. 1985 þannig að þetta fari ekki ótakmarkað upp ef menn hafa keypt sér mjög dýrt húsnæði.

Í þriðja lagi, eins og ég rakti, nemi endurgreiðsluhluti 50% af þeirri hækkun viðkomandi skulda sem átt hefur sér stað fram til 31. des. 1985 umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu.

Í fjórða lagi renni þessi endurgreiðsluhluti til þess

í fyrsta lagi að greiða vanskil, í öðru lagi að lækka skammtímaskuldir viðkomandi aðila og í þriðja lagi að lækka skuldir viðkomandi til langs tíma og að endurgreiðsluhlutanum verði þá varið í þeirri forgangsröð sem hér er upp talin og svo langt sem til hrekkur.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að útreikningur endurgreiðsluhlutans sé gerður af Húsnæðisstofnun ríkisins í samráði við skattstofu hvers aðila og að sótt verði um endurgreiðsluhlutann til Húsnæðisstofnunar.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að til þessa verði varið allt að 200 millj. kr. á þessu ári en afgangur sá sem verða kynni yrði reiddur af hendi á næsta ári.

Og í sjöunda lagi að Húsnæðisstofnun annist útgreiðslu endurgreiðsluhlutans og samninga við lánardrottna eftir því sem við ætti.

Herra forseti. Ég tel að hér sé um stórmál að ræða sem varði óheyrilega mismunun sem upp sé komin í þjóðfélaginu. Það sé nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið. Flm. viðurkenna að hér sé um vandasamt verkefni að ræða og þess vegna er form þáltill. það sem ég hef hér rakið.

Að endingu, herra forseti, legg ég til að að lokinni umræðu verði þessari till. vísað til félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 38 flyt ég till. til þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að taka beri upp staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga og felur ríkisstjórninni að sjá til þess að svo verði gert í ársbyrjun 1988."

Flm. auk mín eru hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Í sjálfu sér er kannske ekki ástæða til þess að hafa mjög mörg orð um efni till. Hv. þm. er kunnugt um hvernig það mál hefur gengið. Árið 1965 lýsti þáv. ríkisstjórn því yfir að hún vildi taka upp staðgreiðslukerfi skatta og allar götur síðan, með hléum þó, hefur talsverð vinna farið í undirbúning þess að taka upp slíkt kerfi og á þessum rúmlega tveimur áratugum hafa margar ríkisstjórnir haft staðgreiðslukerfi skatta á stefnuskrá sinni.

Tvisvar sinnum hafa verið lögð fram frumvörp um þetta efni, árin 1978 og 1981, án þess að hljóta endanlega afgreiðslu á þingi. Í sáttmála núv. ríkisstjórnar., sem birtur var við upphaf ferils hennar, er ekki minnst á staðgreiðslukerfi skatta og fjármálaráðherrar hennar hafa ekki sýnt því máli áhuga þótt eftir væri leitað fyrr en nýverið eða nú á s.l. sumri að hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson lýsti því yfir að hann vildi láta kanna möguleika á því að taka upp slíkt kerfi.

Kvennalistinn flutti um það till. á haustþingi árið 1984 að ríkisstjórninni yrði falið að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Við töldum þá að tveggja ára fyrirvari væri nægur til þess verks og hefði því staðgreiðsla skatta getað orðið staðreynd um næstu áramót ef sú tillaga hefði verið samþykkt. Svo varð ekki, en samkvæmt því sem haft hefur verið eftir hæstv. fjmrh. í fjölmiðlum ætti að vera hugsanlegt að taka upp slíkt kerfi eftir rúmt ár og má það rétt vera, enda mikið búið að vinna að undirbúningi þess eins og áður segir.

Afstaða Kvennalistans mótast af hagsmunum almenns launafólks og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur og þeirra sem af einhverjum ástæðum þurfa að minnka við sig launuð störf. Við getum nefnt fólk sem vill minnka við sig vegna sjúkleika eða aldurs. Við getum nefnt konur sem kjósa að hverfa af vinnumarkaði og helga sig heimili og barnauppeldi um skeið. Kannske er ekki ástæða til þess að nefna konur sérstaklega. Það gæti hent karla. Við getum nefnt fólk sem fer til náms eftir að hafa stundað launuð störf um lengri eða skemmri tíma. Við getum nefnt fólk sem stundar ígripavinnu, t.d. við sjávarútveg, sem gefur sveiflukenndar tekjur og oft miklar tekjur sem viðkomandi hafa ekki alltaf möguleika eða forsjálni til að geyma hluta af til greiðslu á sköttum síðar meir. Og við getum nefnt fólk sem af einhverjum ástæðum þarfnast aukatekna um skeið, t.d. vegna öflunar húsnæðis, en eins og við öll þekkjum er oft erfitt að brjótast út úr þeim vítahring og mörg tilvik kunn, þar sem viðkomandi hefði skipt miklu máli að sitja ekki uppi með skuldabagga vegna vangoldinna skatta. Meginkostur staðgreiðslukerfisins er sem sagt sá að í slíku kerfi myndast ekki skattskuld hjá skattgreiðanda eins og í núverandi kerfi.

Í öðru lagi hefur staðgreiðslukerfið þann kost að það fylgir hagsveiflunni, þ.e. innheimtir mikla skatta á velgengnistímum og aftur minni á þeim tímum þegar illa árar. Í núverandi kerfi kemur innheimta af tekjum veltiárs næsta ár á eftir þegar aðstæður geta verið aðrar og verri.

Í þriðja lagi má ætla að innheimta skatta verði betri þegar greitt er strax af tekjunum en þegar gera þarf grein fyrir tekjum allt að ári síðar en þeirra er aflað og greiða síðan skatta af þeim. Í millitíðinni vilja oft myndast tækifæri til að láta tekjur „gleymast" og gefa þær ekki upp. Slík tækifæri verða helst hjá sjálfstæðum tekjuaðilum og þeim sem betur eru settir, en almennt launafólk fær venjulegast allt gefið upp á sig. Þannig má ætla að staðgreiðslukerfið mundi skapa betri heimtur sem óbeint kæmu almennu launafólki til góða.

En staðgreiðslukerfinu fylgja vissulega einnig ókostir, einkum fyrir hið opinbera, og þar er líklega að finna meginástæðu þess að staðgreiðslu skatta hefur enn ekki verið komið á. Staðgreiðslukerfið

verður eitthvað mannfrekara og dýrara í rekstri auk þess sem það kostar nokkra fyrirhöfn að koma því á. Þessi atriði hafa þó líklega verið ofmetin og eru raunar harla léttvæg miðað við ýmislegt annað sem við höfum látið okkur til hugar koma til breytinga á skattakerfinu svo sem eins og að taka upp virðisaukaskattinn.

Þá hefur upptaka staðgreiðslukerfis það í för með sér að einu tekjuári þarf að sleppa úr. Ef taka ætti upp staðgreiðslu skatta á næsta ári væru tekjur þessa árs í raun skattfrjálsar og gefur auga leið að allir mundu reyna að hnika sem mestu af tekjum sínum yfir á skattfrjálsa árið. Til slíks er óneitanlega nokkurt svigrúm, einkum hjá þeim sem eru með sjálfstæðan rekstur. Svigrúm hins almenna launafólks er hins vegar ekkert fremur en venjulega. Rétt er að hafa þetta í huga við samningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og leita leiða til að minnka möguleika manna til að komast hjá eðlilegum skattgreiðslum af þessum sökum.

Hins vegar þarf einnig að gæta þess mjög vel að stjórnvöld freistist ekki til þess að þyngja greiðslubyrðina um leið og staðgreiðslu er komið á, en að sjálfsögðu væri rangt að nota sömu skattprósentu og þegar um eftirágreiðslu er að ræða. 10% útsvar af fyrra árs tekjum greitt með þessa árs tekjum er í flestum tilvikum léttbærara en 10% greiðsla af samtímatekjum. Einmitt þetta atriði setja margir fyrir sig og eru andvígir staðgreiðslu skatta af þessum sökum þar eð þeir efast um góðvilja stjórnvalda, kannske ekki að ástæðulausu.

Kostir staðgreiðslukerfisins vega þó mun þyngra að okkar mati en ókostirnir og því vill Kvennalistinn ýta á framkvæmd þessa máls. Hins vegar er það vitanlega engin allsherjarlausn og margt fleira sem gera þarf til úrbóta á skattakerfinu. Það hefur allt of lengi dregist að endurskoða skattakerfið frá grunni og orðið mjög brýnt að vinna það verk til fulls. Árum saman hefur verið talað um að skipta þurfi tekjustofnum milli ríkis og sveitarfélaga með nýjum hætti þannig að sveitarfélögin fái aukna tekjumöguleika jafnhliða meiri ábyrgð í eigin málefnum. Slíkar breytingar eru löngu tímabærar. Sveitarfélögin vilja aukið forræði í eigin málum og það eiga þau að fá, bæði hvað varðar öflun tekna og eyðslu þeirra. Það er mín skoðun að eðlilegast væri að ætla þeim allar tekjur af beinum sköttum en að auki hluta af tolla- og söluskattstekjum sem væru eftir sem áður aðaltekjustofnar ríkisins. En það er nú svolítið önnur hlið á þessu máli.

Kvennalistinn tók þá ákvörðun að leggja fram þessa tillögu um staðgreiðslu opinberra gjalda á allfjölmennum fundi á s.l. vori. Í sumar gerðist það svo að hæstv. fjmrh. lýsti vilja sínum til að láta kanna hvernig koma mætti slíku kerfi á og þetta mál er nú á málalista hæstv. ríkisstjórnar. Hefði þetta verið minn fyrsti vetur á þingi hefði ég sennilega látið vera að flytja þessa till. í trausti þess að við það fyrirheit yrði staðið. En svo mikið lærist nú þm. á þremur árum að slík fyrirheit eru engin trygging. Kvennalistinn telur þetta mikið hagsmunamál og telur ástæðu til að ætla að meiri hluti manna í öllum þingflokkum sé hlynntur staðgreiðslukerfi skatta. Afgreiðsla þessa máls og samþykkt Alþingis þar um ætti að tryggja framkvæmd þess.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðastefna og valddreifing, fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 39. mál. — Þskj. 39.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Flm. að till. er ásamt mér hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon.

Þessi till. hefur áður komið fram á Alþingi, en með henni fylgja nú nýjustu fáanlegar upplýsingar um stöðu þessara mála, svo og yfirlit um niðurstöðu byggðanefndar þingflokkanna sem skilaði áliti fyrir skömmu, eða s.l. sumar. Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstjórn að marka nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja aðgerðir til að snúa sem fyrst við fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins. Sem leiðir að þessu marki er bent á valddreifngu, m.a. í því formi að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þessum aðilum verði tryggðir tekjustofnar til að standa undir verkefnum. Í tillögunni er bent á ýmis þau atriði sem stuðlað gætu að framgangi þessa máls.

Í fyrsta lagi er bent á nauðsynina á að koma rekstrarstöðu frumvinnslugreinanna, sem eru aðalþættir atvinnulífs á landsbyggðinni, sjávarútvegs og landbúnaðar, í það horf að þessir atvinnuvegir hafi forsendur til endurnýjunar og þróunar.

Í öðru lagi að tryggja landsbyggðinni vaxandi hlut í þjónustugreinum og nýsköpun í atvinnulífinu.

Í þriðja lagi að auka ráðgjöf í atvinnulífi og varðandi stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðsluþátta úti um land.

Í fjórða lagi að færa hluta af stjórnsýslu og þjónustuþáttum ríkisins með skipulegum hætti út í landshlutana.

Í fimmta lagi að velja stofnunum á vegum ríkisins stað á landsbyggðinni í auknum mæli.

Í sjötta lagi að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, m.a. orku og fjarskipti.

Í sjöunda lagi að flytja stóran hluta af verkefnum Byggðastofnunar til sérstakra þróunarstofa og þróunarsjóða landshlutanna er fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Þá er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin gefi Alþingi hið fyrsta skýrslu um stöðu byggðamála og vinni að því, eins og tillagan gerir ráð fyrir, að leggja fyrir tillögur sem taki mið af þessari þáltill.

Hér er um að ræða eitt stærsta málið í landinu, ef ekki hið allra stærsta, sem er staða landsbyggðarinnar og sú öfugþróun sem þar hefur verið í gangi undanfarin ár og fer ört vaxandi, því miður.

Í grg. með tillögunni er dregin upp sú skuggalega mynd sem við blasir í þessum málum, bæði varðandi íbúafjöldann og þróun búsetu á landsbyggðinni, varðandi stöðu atvinnugreina og þá litlu nýsköpun sem á sér stað í atvinnulífinu úti um land, um það hvernig fjármagnið hefur verið dregið úr undirstöðugreinunum á landsbyggðinni og flutt eftir farvegum fjármagnsins, banka og sjóða, og öðrum leiðum hingað suður til höfuðborgarsvæðisins og hvernig samdráttur í opinberum framkvæmdum, sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir með skipulögðum hætti undanfarin ár, hefur bitnað öðru fremur á landsbyggðinni með hörmulegum hætti. Ekkert lát er á þessari þróun, því miður. Og það er stjórnarstefnan í landinu sem er frumorsökin eða meginundirrót þess hversu hratt hallar undan fæti, þó að aðrir kraftar séu einnig að verki sem lengi hafa ýtt undir þá byggðaröskun sem við höfum verið vitni að nú um býsna langan tíma.

Við hljótum að rifja upp, þegar við ræðum þessi mál, að á síðasta áratug tókst að stöðva þá öfugþróun sem í gangi hafði verið og fór ört vaxandi, t.d. á sjöunda áratugnum, milli 1960 og 1970. Þær aðgerðir, sem stjórnvöld, ríkisstjórn landsins og Alþingi, beittu sér fyrir á síðasta áratug, m.a. með því að tryggja Íslendingum yfirráð yfir auðlindum hafsins með útfærslu landhelginnar og uppbyggingu sjávarútvegsins um allt land, leiddu til þess að íbúatalan á landsbyggðinni jókst og landsbyggðin á heildina litið hélt fyllilega í horfi með tilliti til þéttbýlissvæðisins hér við Faxaflóa. En síðan, á þessum áratug sem við nú erum á, hefur þróunin stefnt í allt aðra átt. Og það er vegna þess sem brýn nauðsyn er á að finna nýjar leiðir til þess að tryggja viðgang landsbyggðarinnar ef ekki á að fara mjög illa í þessum efnum.

Við erum vitni að því að árin 1984 og 1985 tapar landsbyggðin fólki í beinum tölum reiknað í fyrsta sinn síðan á árunum rétt eftir heimsstyrjöldina síðari. Í yfirliti á bls. 3 er að finna glögga mynd um þessa fólksflutninga hér innanlands á undanförnum árum og hvernig fólkið streymir utan af landsbyggðinni hingað suður. Við sjáum líka í grg. á bls. 4 hvernig er háttað hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum. Á árunum 1980–1984 blasir það við að landsbyggðin fær aðeins 28% hlutdeild í nýjum störfum í landinu, þar af aðeins 18% í þjónustustörfum sem eru vaxtarbroddurinn að nýjum störfum. Og það er ekki von á öðru heldur en undan halli þegar sú þróun er að gerast í atvinnulífinu eins og þessar tölur bera vott um.

Það hafa verið dregnar fram tölur um eignatilfærsluna úr fyrirtækjum á landsbyggðinni hingað til Reykjavíkursvæðisins og það hefur ekki verið vefengt að þar er um að ræða fjármagnstilflutning svo nemur milljörðum króna. Í grein, sem fylgdi síðast þegar mál þetta lá hér fyrir, eftir Kjartan Ólafsson, sem sat eitt sinn á Alþingi sem landsk. þm. og fulltrúi Vestfirðinga, er dregin upp mynd af því hvernig þessi eignatilfærsla birtist í sjávarútvegi á árunum 1980 til 1984 og þar var um að ræða upphæðir sem hann leiddi rök að að væru um 6 milljarðar kr., eignatilfærsla frá sjávarútvegsfyrirtækjum hingað suður.

Núverandi valdamenn brugðust við þessum upplýsingum með því að láta Seðlabankann fara yfir þetta í von um að hann fyndi eitthvað allt annað út úr hlutunum. Jú, þeir leiddu líkur að því, eftir árs vinnu eða svo, að upphæðin væri eitthvað lægri. En eftir stóðu samt nærri 3 milljarðar, skv. endurskoðun og leit Seðlabankans að gagnrökum við þessum upplýsingum, nærri 3 milljarðar sem fluttir höfðu verið frá sjávarútvegsfyrirtækjunum á stuttum tíma, rænt af landsbyggðinni og fluttir hingað suður vegna stjórnvaldsaðgerða, vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, því það er landsbyggðin og atvinnuvegirnir þar sem eru þolendur þessarar stjórnarstefnu ásamt launafólkinu í landinu. Það blasir alveg ljóst við. Þunginn af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar, m.a. í sambandi við glímuna við verðbólguna, liggur á landsbyggðinni og fólkinu sem þar vinnur öðrum fremur. Og það er ekkert verið að jafna baggana í þeim efnum.

Við höfum orðið vitni að því nú, t.d. við flutning frv. til fjárlaga, hvernig að málum er staðið í sambandi við skattlagningu í landinu. Þar er með sérstök olíugjaldi verið að leggja á nýjar álögur sem bitna alveg sérstaklega á landsbyggðinni, fyrirtækjum á landsbyggðinni, svo að nefnt sé aðeins eitt lítið dæmi. Póstur og sími er skattlagður sérstaklega til ríkissjóðs. Og hverjir ætli beri þungann af gjöldunum þar hlutfallslega? Það er fólkið á landsbyggðinni sem greiðir þá reikninga. Svo má telja án enda hvernig stjórnarstefnan í einstökum atriðum er meginundirrót þess hvaða öfugþróun er í gangi að þessu leyti, hversu hraðfara hún er. En það þarf önnur ráð.

Vissulega þarf að skipta um stjórn og stjórnarstefnu. Það er eitt brýnasta atriðið til þess að leiðrétta stöðu byggðamálanna um leið og mörkuð er ný og þróttmikil byggðastefna. En það þarf líka að finna nýjar leiðir, eins og bent er á með þessari tillögu, til þess að stífla þá farvegi sem fjármagnið er dregið í og eftir hingað suður. Það er með því að stofnsetja nýtt stjórnsýslustig, nýtt millistig í stjórnsýslunni, í formi héraða sem fái auknar tekjur og völd og verkefni frá ríkisvaldinu eins og hér er lagt til og eins og byggðanefnd þingflokkana hefur tekið undir, þeir sem í henni voru, en ekki hefur fengið stuðning frá stjórnarflokkunum, heldur beinlínis afsvar frá Sjálfstfl. Og það rétt heyrist svona tísta í stöku talsmanni Framsfl. til stuðnings þessari hugmynd en ekki meira. Hæstv. félmrh.

Framsfl. hefur ítrekað lýst andstöðu sinni við þessa hugmynd sem byggðanefnd þingflokkana hefur þó tekið undir og hér er lagt til með þessari tillögu að hrundið verði í framkvæmd.

Ég gerði, herra forseti, formlega brtt. í fyrra við frv. til sveitarstjórnarlaga, þar sem þessi tillaga um nýtt stjórnsýslustig er útfærð í lagatexta, í frumvarpstexta, hvernig ég teldi og við flm. þessa máls að hægt væri að standa að útfærslu slíks millistigs í stjórnsýslunni til þess að styrkja landsbyggðina, stöðu hennar og dreifa valdi frá ríkinu til kjördæmanna, sem geta vel verið þær einingar úti á landsbyggðinni sem myndi nýtt stjórnsýslustig en það verði myndað á grundvelli kjördæmaskiptingarinnar nema hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem önnur skipan væri eðlileg.

Einn gildan þátt, sem brugðið er upp mynd af og snertir byggðamálin, er að finna í grg. með þessari tillögu á bls. 10, en hann er húsnæðismálin og sá samdráttur sem þar hefur orðið á undanförnum árum, sú hrikalega þróun í húsbyggingum sem varðar landsbyggðina. Auðvitað er ekki að undra eins og fólksstreymið hefur verið utan af landi og eins og markaðsverðið á eignum fólksins hefur hrunið. Þar blasir við í töflu 5 hver þessi þróun hefur verið frá árinu 1978 til ársins 1985. Á því ári standa leikar svo að aðeins 23% af nýbyggingum falla til landsbyggðarinnar, aðeins 23%, en 77% eru á höfuðborgarsvæðinu. Við bíðum upplýsinga frá hæstv. félmrh. hver þróunin hafi orðið eftir að breyting var gerð á lögum um húsnæðismál á síðasta þingi. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur upp úr þeim poka. Ég óttast því miður að það verði ekki tölur sem breyti mikið því sem hér blasir við. Því miður, þar þarf önnur ráð. En allt er þar á eina bókina lært þegar litið er til stjórnvalda. Hvernig standa stjórnvöld að því að uppfylla samkomulag varðandi aðra þætti húsnæðismála, ófrágengna, sem gengið var frá í nefnd þingsins 21. apríl s.l.? Það er a.m.k. víst að Sjálfstfl. er ekkert að greiða fyrir eða vinna að því að það samkomulag verði uppfyllt. Þar blasir við hið sama og varðandi tillögur byggðanefndar þingflokkanna. Öll viðleitni til þess að hamla gegn markaðshyggjunni er bannorð á heimili stærsta flokks landsins, Sjálfstfl.

Herra forseti. Um stöðu þessara mála mætti hafa langt mál. Hér er aðeins verið að nefna dæmi um þá þróun sem tillagan gerir ráð fyrir að brugðist verði við. Það hefur mátt heyra á máli mínu að ég er ekki bjartsýnn á að núverandi ráðandi meiri hluti á Alþingi taki þar til hendi, enda styttist seta hans hér, skulum við vænta, og tækifæri er til að breyta um. Það tækifæri ætti fólk á landsbyggðinni ekki að láta fram hjá sér ganga. Það er reynslunni ríkara eftir þau ár sem liðið hafa undir þessum meiri hluta sem sótt hefur þó umboð sitt ekki síst til landsbyggðarinnar. En það er með ýmsum hætti sem menn bregðast við trúnaði og trausti og það kemur að uppgjöri áður en langt um líður í þeim efnum.

Herra forseti. Það er vissulega ánægjuefni að byggðanefnd þingflokkanna styður þá meginhugsun sem fram kemur í þessari tillögu um valddreifingu til héraða og til sveitarfélaga í landinu og tekjutilfærslu. En það nægir ekki þegar lítil sem engin innistæða er á bak við undirskriftina undir það álit af hálfu þeirra flokka sem nú fara með stjórn landsins.

Ég legg til, herra forseti, að mál þetta gangi til hv. félmn. sameinaðs þings og vænti þess að nefndin afgreiði það til þingsins, og þá m.a. í ljósi fjölmargra jákvæðra umsagna sem borist hafa frá fyrri þingum varðandi þetta mál og sem birtar eru sem fylgiskjal með þessari tillögu, þar á meðal tilmæli frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, að mál þetta fái hér jákvæðan framgang, frá flestum ef ekki öllum stjórnum landshlutasamtaka sveitarfélaga og margra annarra sem taka jákvætt undir þetta mál og átta sig á því hvílíkt stórmál hér er á ferðinni sem ástæða væri til fyrir þingið að afgreiða frá sér fyrr en seinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, fyrri umr.

Þáltill. JS og KolJ, 49. mál. — Þskj. 49.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 49, um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Flm. ásamt mér er hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að beita sér fyrir því að þeim, sem eingöngu sinna heimilisstörfum, verði tryggð lífeyrisréttindi eigi síðar en 1. júní 1987.

Sérstaklega skal athuga aðild þeirra að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda."

Málefni heimavinnandi fólks hafa verið hér til umræðu á þessu þingi, þannig að ég sé út af fyrir sig, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mál mörg orð. Það eru allir sammála um, virðist vera, a.m.k. í ræðu og riti, þýðingu og mikilvægi heimilisstarfa og allir um það sammála að heimavinnandi fólk fer á mis við ýmis félagsleg réttindi sem öðrum eru tryggð. Aftur á móti fer minna fyrir því að menn komist að niðurstöðu um úrlausnir til að tryggja heimavinnandi fólki þau félagslegu réttindi sem aðrir hafa. Ég minnist þess t.d., herra forseti, að allar götur síðan ég settist á þing hafa málefni heimavinnandi fólks með einum og öðrum hætti verið til umræðu, ekki síst það að tryggja þeim lífeyrisréttindi.

Til þess er ávallt vitnað bæði í nefndarstörfum og hér í ræðustól að starfandi sé stjórnskipuð nefnd sem hafi það verkefni að leggja fram tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála og þess vegna verði þessi þáttur mála einnig að bíða niðurstöðu frá þeirri nefnd.

Í þessu sambandi, herra forseti, minni ég á að fram kom skýrsla frá hæstv. fjmrh. — ég held að það hafi verið á síðasta þingi — yfirgripsmikil skýrsla um

lífeyrismál, þ.e. um störf þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem starfað hefur að þessu verkefni s.l. 10 ár. Það verður ekki séð af þessari skýrslu, sem fram hefur verið lögð hér á Alþingi, að í augsýn séu tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála né heldur að á næsta leiti séu tillögur um að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi.

Ég tel því, herra forseti, að brýnt sé orðið og nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið að því er þetta mál varðar. Það má með sanni segja um lífeyrisréttindakerfið að á því eru margir og stórir gallar og misréttið í lífeyrisréttindum mikið. Ég held þó að ekki sé ofsagt að eitt mesta misréttið í lífeyrisréttindakerfinu sé að heimavinnandi fólk hefur ekki lífeyrisréttindi.

Það hefur staðið upp úr hverjum manni, sem fjallað hefur um þessi mál á undanförnum árum, að á þessu máli þurfi sérstaklega að taka. Því er það, svo vægt sé að orði komist, einkennilegt að Alþingi geti ekki tekið af skarið í þessu efni. Allar tillögur, sem fram eru bornar um þetta, virðast sofna í nefnd og Alþingi Íslendinga hefur ekki einu sinni fengið tækifæri til þess að taka afstöðu til þessa máls í þingsölum.

Það má auðvitað benda á ýmis önnur atriði þar sem mikið vantar á félagsleg réttindi heimavinnandi fólks, en ég mun bíða með það því á dagskrá þessa fundar er líka annað mál sem ég flyt um réttarstöðu heimavinnandi fólks og ég mun þá geyma mér að fjalla um þann þátt málsins þar til að því máli kemur.

Ég vitnaði, herra forseti, í þá skýrslu sem fyrir liggur frá nefnd sem fjallar um lífeyrismál. Ég vil einnig vitna í nafnaskrá um lífeyrissjóðina sem fjmrn. gaf út fyrir tveimur til þremur árum. Þar má glögglega sjá hve stór hópur það er í þjóðfélaginu sem hefur ekki rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðum. Um er að ræða 25 þúsund manns, fædd 1967 eða fyrr, sem standa utan lífeyrissjóða, þar af 17 þúsund konur. Í þessum hópi eru 8723 67 ára og eldri, þar af 6607 konur og 2116 karlar. Af þessum tölum má glögglega sjá að það kemur ekki síst harkalega niður á konum að Alþingi skuli ekki hafa tekið af skarið í þessu efni.

Ég nefndi það að ýmsar tillögur hefðu verið lagðar fyrir Alþingi sem hafa það að markmiði að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Þó að menn stefni að sama marki hafa komið fram mismunandi tillögur um hvaða leiðir eigi að fara. Ég nefni sem dæmi að tillögur hafa sést hér á Alþingi um að skipta lífeyrisréttindum milli hjóna, og tillögur hafa einnig verið uppi um það, eins og sú sem ég mæli fyrir, að athuga sérstaklega með aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda fyrir heimavinnandi fólk. Og eins hefur á þessu þingi komið fram frv. sem einnig miðar að því að tryggja heimavinnandi fólki rétt gegnum Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þar er lögð fram sú ákveðna tillaga að ríkissjóður greiði 6%-hlutann í þann sjóð fyrir heimavinnandi fólk.

Ég tel, herra forseti, lágmark að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess að heimavinnandi fólki séu tryggð lífeyrisréttindi. Ég geri mér fulla grein fyrir að það er ekki nóg, heldur þarf það mál auðvitað að komast til framkvæmda. Ég vil þó meina að hér sé um fyrsta skrefið að ræða, verði þessi tillaga samþykkt, sem að mínu mati mundi þýða það að ríkisstjórninni, og í þessu tilfelli skv. þessari tillögu fjmrh., væri skylt að leggja fyrir Alþingi frv. sem tryggði þau réttindi sem ég hef talað fyrir. Ég held einmitt að tillagan sem bent er á varðandi Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda sé vissulega ein leiðin þó ekki sé í þeirri tillögu sem hér er mælt fyrir tekin afstaða til þess með hvaða hætti þetta verði fjármagnað. Þar koma til ýmsar leiðir og tel ég rétt að það yrði kannað nánar í kjölfar þess að þessi þáltill. yrði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mál öllu fleiri orð. Ég vil þó að lokum skora á alþm. að manna sig upp í það að taka afstöðu til þess og þá nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að liggja ekki á málinu, heldur afgreiða það með einum eða öðrum hætti úr nefndinni, þannig að þm. sem ekki hafa tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd hafi þó a.m.k. tækifæri til að sýna hug sinn til þess að heimavinnandi fólki verði tryggð lífeyrisréttindi með því að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málið á hv. Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði máli þessu vísað til hv. félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð til ítrekunar á afstöðu Kvennalistans til þessa máls. Við erum að sjálfsögðu sammála efni þessarar till., en við höfum gengið lengra, eins og hv. þm. vita og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, því við höfum samið og flutt frv. um þetta mál, sem er að finna hér á þskj. 27 þar sem 1. flm. er Málmfríður Sigurðardóttir. Hefur þegar verið mælt fyrir þessu máli og er það komið í nefnd. Hv. síðasti ræðumaður skoraði á alþm. að láta vilja sinn í ljós og á hæstv. ríkisstjórn að taka á málinu. Við þurfum ekki að bíða eftir framkvæmdavaldinu í þessu efni. Alþingi getur tekið af skarið í þessum efnum með því einfaldlega að fjalla um þetta frv. í nefnd og leita um það umsagna og afgreiða það sem lög á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða heimavinnandi fólks, fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 54 um réttarstöðu heimavinnandi fólks, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Eiður Guðnason, Jón Baldvin

Hannibalsson og Kolbrún Jónsdóttir.

Mál þetta er skylt því máli sem ég var að mæla fyrir áðan þannig að ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um það mörg orð. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en við upphaf næsta þings."

Ég tel, herra forseti, að öllum ætti að vera ljóst þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Störf heimavinnandi fólks hafa í för með sér ýmsan fjárhagslegan sparnað, bæði beinan og óbeinan, fyrir þjóðfélagið. Erfiðlega hefur þó gengið að fá viðurkennt á borði mikilvægi starfa heimavinnandi fólks sem best sést á því hve langt er í land að heimavinnandi fólk njóti ýmissa félagslegra réttinda sem öðrum þykja sjálfsögð.

Það má nefna og benda á ýmsa þætti sem snúa að mikilvægi heimilisstarfanna fyrir þjóðfélagið. Ég nefni sérstaklega uppeldis- og umönnunarhlutverkið sem er mikilvægt bæði fyrir einstaklinginn, börnin sem eru að alast upp og ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild. Ég nefni hvað heimavinnandi fólk hefur gert mikið að því er varðar umönnun við aldraða. Hér ríkir til að mynda neyðarástand í vistunarmálum aldraðra og þar hefur heimavinnandi fólk oft leyst brýnasta vandann í því efni og stuðlar þá jafnframt að því að aldraðir geti dvalist sem lengst í heimahúsum. Þetta er auðvitað mikilvægt starf og þarf ekki að hafa um það mörg orð hvað mikill sparnaður fylgir því t.a.m. ef aldraðir geta verið sem lengst í heimahúsi og þurfa ekki á stofnanavist að halda, fyrir utan hvað það er miklu manneskjulegra fyrirkomulag ef því verður við komið.

Nefna má í þessu sambandi að vistunarkostnaður á stofnunum aldraðra getur farið í allt að 10–12 000 kr. á sólarhring. Samt hefur enginn séð ástæðu til að fara þá leið t.d. að hafa þann valkost í boði að þeir, sem gjarnan vildu annast eða aðstoða aldraða heima fyrir í stað þess að vera á vinnumarkaðnum, fengju greitt fyrir það. En það er ljóst að slík leið, ef hún væri fyrir hendi, mundi spara mikið.

Það er athyglisvert, herra forseti, þegar við tölum um í þessu sambandi þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa, að vitna í umsögn Þjóðhagsstofnunar frá síðasta þingi um þetta mál. Þar kemur fram, með leyfi forseta, að hér á landi hafa ekki verið gerðar tölulegar athuganir á mikilvægi heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa, en eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma kynni verðgildi slíkra starfa að liggja á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslunni eins og hún er venjulega metin. Kannske segir þessi tala okkur meira en margt annað um hve mikilvæg heimilisstörfin eru þjóðfélaginu og kannske ættu þessar tölur að vekja okkur til umhugsunar um hvað í raun og sannleik hefur verið lítið gert til að tryggja réttindi heimavinnandi fólks. Ef þessar tölur eru nærri lagi, sem Þjóðhagsstofnun bendir hér á, fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslu, er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Ef lægri talan er tekin, fjórðungur, rúmir 30 milljarðar kr., og ef hærri mörkin eru tekin, helmingurinn af þjóðarframleiðslu, nálgast það að vera 67–68 milljarðar kr.

Ég held, herra forseti, að það sé brýnt að fá það staðreynt sem hér kemur fram. Auðvitað er það svo að ýmsir erfiðleikar gætu fylgt því að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa eins og hér er lagt til, en ég held þó, og vísa þá í þær erlendu kannanir eða úttektir sem hafa verið gerðar á þessu máli, að þetta sé hægt ef vilji er fyrir hendi.

Eins er í þessari till. gert ráð fyrir því að fram fari ítarleg athugun á því hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Það mundi ekki einungis hafa gildi fyrir það fólk sem eingöngu sinnir heimilisstörfum heldur líka fyrir konur á vinnumarkaðnum vegna þess að reyndin er sú að störf sem unnin eru á vinnumarkaðnum og skyld eru heimilisstörfum hafa kannske það sameiginlegt einkenni með heimilisstörfunum að þau eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu. Færi fram sú úttekt sem er gert ráð fyrir í þessari till. gæti það haft bein áhrif á að störf kvenna yrðu líka meira metin á vinnumarkaðnum.

Það má benda á ýmis ákvæði almannatryggingalaga þar sem hlutur heimavinnandi fólks er minni en annarra. Þar má benda á sjúkradagpeninga og fæðingarorlof. Heimavinnandi fólk situr heldur ekki við sama borð og aðrir þegnar þjóðfélagsins hvað varðar skattlagningu og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja, jafnvel þó að um sömu tekjur til heimilanna sé að ræða þar sem er ein eða tvær fyrirvinnur.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vísa í þær umsagnir sem fylgja sem fskj. við þessa þáltill. Þar er í fyrsta lagi umsögn Þjóðhagsstofnunar sem ég hef áður vitnað til, en þar segir auk þess sem ég vitnaði til áðan:

„Þjóðhagsstofnun hefur borist til umsagnar till. til þál. um skipan nefndar til að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á því hvernig haga skuli félagslegum réttindum þeirra sem þessi störf vinna. Stofnunin tekur ekki afstöðu til þess hvort heppilegt sé að skipa sjö manna nefnd til þessa verks, en tekur undir það efni till. að æskilegt sé að gerð sé skipuleg athugun á mikilvægi heimilisstarfa."

Hér er talað um nefndarskipan. Þetta er umsögn um till. eins og hún lá fyrir síðasta þingi. Þegar till. er nú fram borin á nýjan leik hef ég talið rétt að sleppa þeirri nefndarskipan sem ráð var gert fyrir í fyrri till. Ég held að það skipti ekki öllu máli hvort sérstök nefnd geri þetta eða t.d. að aðilum eins og Þjóðhagsstofnun yrði fengið það verkefni eða félagsvísindadeild Háskólans. Tel ég því ekki rétt að

binda þetta sérstaklega niður í till. Auðvitað er meginmarkmiðið að þessi úttekt fari fram og hún verði gerð á þann hátt að við fáum sem skýrasta mynd af því sem hér er lagt til að úttekt verði gerð á, en nefndarskipanin sem slík skiptir auðvitað ekki máli í því sambandi.

Ég vitna í umsögn félagsvísindadeildar. Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að lesa hana frá orði til orðs, enda birtist hún hér sem fskj., en vísa í tvær línur í umsögn félagsvísindadeildar Háskóla Íslands þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Félagsvísindadeild telur að hér sé hreyft mikilvægu máli. Hún styður athugun á félagslegum réttindum heimavinnandi fólks og væntir þess að í kjölfarið verði réttarstaða þess bætt."

Bandalag kvenna í Reykjavík hefur einnig sent umsögn um málið og þar segir, með leyfi forseta:

„Um leið og við þökkum það að okkur skuli send þingsályktunartillaga þessi til umsagnar lýsum við ánægju okkar með að hún skuli komin fram á Alþingi því eins og réttilega er bent á í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni hefur réttur heimavinnandi fólks mjög verið fyrir borð borinn og tekur greinargerðin reyndar til allra þeirra þátta sem nefndin telur að séu aðalatriði varðandi réttleysi heimavinnandi fólks.

Þó segja megi að erfitt geti orðið að meta til fulls þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa má öruggt teljast að ef nefnd yrði skipuð á vegum Alþingis til að kanna réttarstöðu heimavinnandi fólks væri það í raun stórsigur fyrir þennan hóp og sýndi í reynd að augu almennings og þingmanna eru að opnast fyrir mikilvægi þessara starfa."

Og í lokin er umsögn frá Jafnréttisráði þar sem segir að Jafnréttisráð telji úttekt þá sem um ræðir í tillögunni nauðsynlega og mæli með samþykkt hennar.

Herra forseti. Ég vil láta þetta nægja sem framsögu fyrir þessu máli nú. Ég vænti þess fastlega að sú nefnd sem fær þetta til umsagnar liggi ekki á þessu máli fremur en því máli sem ég mælti fyrir hér áðan um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks og að nefndarmenn í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar gefi alþm. færi á að taka afstöðu hér í þingsölum til þeirrar till. sem hér er mælt fyrir.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni Nikaragúa, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 64. mál. — Þskj. 64.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um stuðning við yfirlýsingu Alkirkjuráðsins um málefni Nikaragúa. Með mér eru flm. að þessari till. hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og hv. þm. Haraldur Ólafsson. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að styðja yfirlýsingu Alkirkjuráðsins í september 1986 um Nikaragúa og felur ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagslega og hernaðarlega íhlutun gegn Nikaragúa."

Í grg. með till. er vísað til þess að á aðalfundi Alkirkjuráðsins, sem haldinn var í Reykjavík 15.–19. september s.l., var m.a. fjallað um málefni Nikaragúa og efnahagslega og hernaðarlega íhlutun Bandaríkjastjórnar gegn landinu. Alkirkjuráðið samþykkti af þessu tilefni yfirlýsingu sem birt er sem fskj. með till. þessari í íslenskri þýðingu. Með því að samþykkja þessa þáltill. tæki Alþingi undir þessa yfirlýsingu og þá hvatningu Alkirkjuráðsins að ríkisstjórnir beiti áhrifum sínum til að binda enda á þessa íhlutun og í stað hennar þyrftu að koma aukin viðskipti og aðstoð við landið.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa mjög mörg orð um þessa till., en vil þó leyfa mér að vitna í yfirlýsingu Alkirkjuráðsins, nokkur atriði sem þar koma fram sem draga upp þau sjónarmið sem að baki samþykktar Alkirkjuráðsins liggja. Þar segir í upphafi:

„Fullveldi Nikaragúa er í hættu. Gerðar hafa verið árásir á landið og ráðist gegn sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Reynt er að hindra að hún fái að ráða eigin örlögum. Fólkið má nú þola sársauka og þjáningar. Þjóðin hrópar á hjálp til að ná friði og réttlæti.

Blygðunarlausar tilraunir ríkisstjórnar Bandaríkjanna til að koma ríkisstjórn Nikaragúa á kné urðu öllum ljósar þegar Bandaríkjaþing samþykkti 100 millj. dala aukafjárveitingu til svokallaðra contraskæruliða. Samþykkt þessi kemur í kjölfar þess að Bandaríkjastjórn neitaði að fallast á niðurstöðu Alþjóðadómstólsins um að stuðningur Bandaríkjanna við uppreisnaröflin í Nikaragúa væri brot á alþjóðalögum. Fjölmennir hópar Bandaríkjamanna, þar á meðal innan kirkjunnar, hafa lýst yfir andstöðu sinni gegn stefnu stjórnvalda varðandi Nikaragúa.

Í sambandi við nýafstaðna heimsókn stjórnarnefndar heilbrigðismáladeildarinnar til Nikaragúa og fund deildarinnar, sem þar var haldinn og fjallaði um þátttöku kirkjunnar í þróunarstarfsemi, veittist fulltrúum Alkirkjuráðsins á ný tækifæri til að hlýða á rödd fólksins í Nikaragúa og heyra um árangur þess, sérstaklega á sviði menntamála og heilsugæslu, svo og um vandamál þjóðarinnar. Báðir aðilar lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að ítreka stuðning hinnar almennu kristnu kirkju við Nikaragúa á þessum miklu þrengingartímum. Enn fremur var skýrt frá áhrifum efnahagslegra refsiaðgerða og hernaðaríhlutunar Bandaríkjanna í Nikaragúa."

Alkirkjuráðið gerði síðan tillögu framkvæmdanefndar ráðsins að sinni þar sem m.a. segir:

„Alkirkjuráðið skorar á aðildarkirkjurnar að

hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagsleg afskipti af Nikaragúa og hernaðaríhlutun í landinu og að auka viðskipti og aðstoð við þjóðina."

Undir þessa áskorun Alkirkjuráðsins vænti ég að hv. Alþingi geti tekið einhuga. Þó við séum hér aðeins fulltrúar þriggja þingflokka sem berum þetta mál fram trúi ég ekki öðru en hv. Alþingi eigi eftir að standa sameinað að undirtektum við áskorun Alkirkjuráðsins varðandi málefni Nikaragúa. Hér er um smáríki að ræða á mælikvarða heimsins, smáríki sem hefur leitast við að móta sjálfstæða stefnu um sín efni en hefur orðið fyrir freklegri íhlutan varðandi sín málefni. Það er auðvitað von allra, sem fylgjast með málefnum Mið-Ameríku og víðar í löndum hins svokallaða þriðja heims, að þjóðirnar þar megi einar og án íhlutunar utan frá, hernaðaríhlutunar utan frá fá ráðið málum sínum, náð að þróa efnahag sinn og stjórnarfar, helst í lýðræðisátt, og fái einnig efnahagslegan stuðning svo sem eðlilegt er frá þeim sem betur mega sín í heiminum. Það ætti ekki að vera ofætlan okkur Íslendingum að veita málstað þessarar þjóðar liðsinni og taka undir þá stefnu og mat sem fram kemur í yfirlýsingu Alkirkjuráðsins.

Ég legg til, herra forseti, að till. þessari verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (15. mál — ekkju- og ekkilsbætur) 182.
Almannatryggingar (25. mál — heimilisuppbót) 195, 251.
Atvinnuleysistryggingar (14. mál — greiðslur með börnum) 182.
Barnalög (13. mál — framlög vegna menntunar barns) 181.
Byggðastefna og valddreifing (39. mál) 290.
Drengskaparheit unnið 279.
Endurmat á störfum láglaunahópa (53. mál) 261.
Frídagur sjómanna (3. mál) 171.
Haf- og fiskveiðasafn (2. mál) 226, 280.
Jöfnun húsnæðiskostnaðar (16. mál) 285.
Kjarnorkuverið í Dounreay í Skotlandi (35. mál) 206.
Lágmarkslaun (9. mál) 232.
Lánsfjárlög 1987 (24. mál) 157.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks (49. mál) 294.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra (27. mál) 183, 251.
Málefni Nikaragúa (64. mál) 299.
Mismunun gagnvart konum hérlendis (7. mál) 280.
Orlofsdeild Póstgíróstofu (41. mál) 213.
Rannsókn kjörbréfs 278.
Rannsóknarlektor í sagnfræði (36. mál — kennslu- og stjórnunarskylda) 209.
Rannsóknarlektor í sagnfræði (37. mál — setning í stöðu) 211.
Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi (6. mál) 231, 280.
Réttarstaða heimavinnandi fólks (54. mál) 296.
Sama gjald fyrir símaþjónustu (5. mál) 228, 280.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (38. mál) 287.
Truflanir í símakerfinu (30. mál) 203.
Um þingsköp 213, 252.
Umboðsmaður Alþingis (28. mál) 196, 252.
Umferðarlög (52. mál — hámarkshraði) 254.
Umræður utan dagskrár 217 (síldarsamningar við Sovétríkin).
Úrvinnsla sjávarafla (8. mál) 279.
Varamaður tekur þingsæti 181.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 211, 213, 217, 224, 278, 279.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 179.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 181, 251, 252, 253.
Félmrh. Alexander Stefánsson 191, 208, 214, 216, 217.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 163.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 210.
Landbrh. Jón Helgason 259.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 210, 212, 266.
Samgrh. Matthías Bjarnason 204, 206, 219, 225.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 207.
Árni Johnsen 174, 180.
Davíð Aðalsteinsson 158, 175, 242, 250.
Egill Jónsson 224.
Eiður Guðnason 161, 168, 171, 179, 213, 226.
Friðjón Þórðarson 200, 257.
Friðrik Sophusson 254.
Guðmundur J. Guðmundsson 207, 218, 224.
Guðrún Helgadóttir 209, 268, 275.
Gunnar G. Schram 187, 196, 202, 221.
Haraldur Ólafsson 157, 166, 241, 279.
Helgi Seljan 159, 169, 238.
Hjörleifur Guttormsson 203, 205, 206, 220, 228, 231, 259, 280, 290, 299.
Jóhanna Sigurðardóttir 182, 186, 195, 261, 267, 294, 296.
Jón Kristjánsson 162, 222.
Karl Steinar Guðnason 168, 178, 223.
Karvel Pálmason 192, 194, 213, 215, 217, 270.
Kjartan Jóhannsson 251, 273, 285.
Kristín Halldórsdóttir 193, 258, 278, 287, 296.
Málmfríður Sigurðardóttir 183, 190, 252.
Ólafur Þ. Þórðarson 189, 210, 260.
Páll Pétursson 208, 253, 254, 260.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 170, 206, 208, 209, 210, 211, 212, 233, 245, 250.
Stefán Benediktsson 157, 177, 236, 248.
Svavar Gestsson 210, 251, 252, 253.
Valdimar Indriðason 177, 244.

EFRI DEILD

6. fundur, mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. HS, 78. mál (læknisþjónusta í H-1-stöðvum). — Þskj. 78.

Flm. (Helgi Seljan):

Virðulegi forseti. Á þskj. 78 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu varðandi 13. gr. laganna þar sem greint er frá heilsugæslustöðvum, með hvaða hætti þær skuli vera og hvaða starfsfólk skuli vinna við hverja stöð fyrir sig, þ.e. H2-stöð, H1-stöð og H-stöð.

Breytingin er í raun og veru ekki fólgin í öðru en því að í staðinn fyrir heimild varðandi læknisráðningar til starfa við H1-stöð tímabundið til viðbótar við þann eina lækni sem þar á að starfa er nú komin skylda í 3–6 mánuði.

Í grg. segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Breytingin, sem lögð er til í frv. þessu, varðar H1-stöðvar, að í stað heimildar til ráðningar viðbótarlæknis komi nú skylda til ráðningar í 3–6 mánuði eftir ástæðum sem héraðslæknir og landlæknir meta. Þess skal sérstaklega getið að heilbrigðisráðuneytið hefur nýtt eina stöðuheimild til að dreifa á heilsugæslustöðvarnar til viðbótar eftir mati á þörf hverju sinni og því ekki um hreinan viðbótarkostnað að ræða að öllu leyti þótt heimildin verði gerð að skyldu.

Ein styrkasta stoð búsetuöryggis úti á landsbyggðinni er heilsugæsluþjónustan. Uppbygging þeirrar þjónustu í kjölfar laganna um heilbrigðisþjónustu frá 1973 hefur að vísu gengið hægar en efni stóðu til og m.a. hefur stórfelldur niðurskurður framkvæmda í þessum málaflokki sagt til sín á síðustu árum.

Erfiðast er hér um vik í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem einn læknir starfar að jafnaði og hafa þó flest umdæmi búið við unandi öryggi í þessum málum. M.a. kom þar mjög til hjálpar lagabreyting eða lagabót sem gerð var við endurskoðun heilbrigðislaganna 1983 þar sem heimilað var að ráða til starfa annan lækni við H1-stöðvarnar, að vísu mjög tímabundið.

Þessi heimild hefur nokkuð verið nýtt, svo sem áður segir, til ótvíræðra hagsbóta fyrir viðkomandi umdæmi og hefur létt mjög á þeim læknum sem þar starfa einir, oft við örðug skilyrði á ýmsan veg.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi var gerð ákveðin ályktun um þetta vandamál og birtist hún orðrétt hér sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Hér er sem sagt komið til móts við þessa ályktun sem áreiðanlega á hljómgrunn víða eða hvarvetna sem H1-stöðvar eru reknar. Því er frv. þetta flutt svo að reyna megi á vilja Alþingis til sjálfsagðrar leiðréttingar."

Alþt. 1986. B. (109. löggjafarþing).

Ályktun Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um heilbrigðismál, sem fylgir með sem fylgiskjal, er þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Egilsstöðum 28. og 29. ágúst 1986, ályktar að skora á yfirvöld heilbrigðismála og Alþingi að tryggja með fjárframlögum að ráðnir verði viðbótarlæknar að eins læknis heilsugæslustöðvum í fjórðungnum sem nemur hálfu ári á stöð. Jafnframt verði tryggt að laun lækna við H1-stöð verði sambærileg við laun annarra heilsugæslulækna þar sem það á við."

Í greinargerð með ályktuninni segir svo:

„Í einmenningshéruðum eru tíð læknaskipti og stundum læknisleysi. Skapar það öryggisleysi og torveldar uppbyggingu heilsuverndar á viðkomandi svæðum. Álag á lækna í þessum héruðum er meira en svo að þeir geti risið undir því til lengdar. Því er lagt til að nýttar verði heimildir laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og ráðnir verði tímabundið ár hvert viðbótarlæknar á H1-stöðvar. Til þess að svo megi verða í fjórðungnum þarf fjárveitingar sem nemur tveim læknisstöðum."

Eins og greinargerðin segir til um er hér um einfalda breytingu að ræða sem þó getur skipt miklu um það meginmál að tryggja örugga læknisþjónustu sem best í öllum heilsugæsluumdæmum landsins. Hlutverk læknis á H1-stöð er erfitt og víðfeðmt, og þar sem ég þekki til fer ekki milli mála að þeim er það ómetanlegt að hafa aðstoð og liðsinni annars læknis hluta úr ári, alveg sér í lagi yfir erfiðustu mánuðina til samgangna, því þá er önn þeirra oftlega mest og erfiðast um vik að rækja þjónustuna sem best.

Á móti þessu var komið við endurskoðunina 1983 þar sem við virðulegur forseti þessarar deildar áttum bæði hlut að og full eining náðist um að fram næði að ganga og fram bæri að ganga, um heimild til viðbótarráðninga við bæði H2 og H1-stöðvar. Þess ber líka að geta sem gert er í greinargerð að ráðuneyti heilbrigðismála hefur reynt að sinna þessu svo sem föng og fjármagn hafa sagt til um.

Vissulega má segja að heimildin og gildi hennar ráðist af því hverju veitt er á fjárlögum hverju sinni og því sé frekari lögfesting eða skylduákvæði af þessu tagi til lítils ef fjármagn fylgir ekki. Þetta geri ég mér dagljóst, en ég veit líka að ákveðnari lagaákvæði veita betri viðspyrnu við fjárlagagerð og auðvelda ráðuneyti og Alþingi að knýja á um frekari fjárveitingar.

Í ályktun þeirri sem ég las áðan frá SSA er beinlínis gert ráð fyrir hálfs árs starfi til viðbótar á H1-stöð. Þeir aðilar sem að þessari ályktun stóðu vita fullvel hvar skórinn kreppir og eflaust engin vanþörf á því að bæta hér við svo sem þar er lagt til. Hins vegar tel ég að það væri til mikilla bóta ef þessi áfangi næðist fram og sem raunar gerir í ýtrustu tilvikum ráð fyrir því sama og ályktunin segir til um.

Ég bæti því svo aðeins við að héraðslæknir Austfjarðahéraðs, Stefán Þórarinsson, lagði áherslu

á þetta sem eitt brýnasta úrlausnarefni í heilsugæslunni þegar hann hafði framsögu um þetta mál eystra. Og ekki var síður um vert að Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrrn., tók mjög eindregið undir þetta sjónarmið og hljóta það að teljast býsna góð meðmæli með frv.

Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umræðu að óska þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. HS, 79. mál (tryggingaráð). — Þskj. 79.

Flm. (Helgi Seljan):

Virðulegur forseti. Á þskj. 79 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, um þá gr. laganna, 5. gr., sem fjallar um tryggingaráð. Breytingin er fólgin í því að tryggingaráð skipi sjö menn í stað fimm nú og til viðbótar þeim fulltrúum sem Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar í tryggingaráð skuli Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn fulltrúa hvort í tryggingaráð, svo og varamenn þeirra.

Í grg. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hér er sú breyting lögð til um skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Flm. hefur einnig hugleitt þann möguleika að fulltrúi aldraðra yrði í ráðinu einnig, en vandséð er hvaða aðili gæti tilnefnt fulltrúa þeirra í ráðið. Sé það unnt er um sjálfsagðan hlut að ræða sem ber að athuga í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Tryggingastofnun ríkisins er viðamikil og á hennar vegum fer fram víðfeðm og um leið vandasöm starfsemi. Gleggst sést þetta af frv. til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar nemi nálægt 10 milljörðum kr., eða u.þ.b. 25% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar upp á um 5,7 milljarða kr. og sjúkratryggingar nema tæpum 3,9 milljörðum kr.

Hér er um málaflokk að ræða sem vissulega þarf og á að fá mikið fjármagn til skipta. Elli- og örorkulífeyrir er nú hvergi nærri því sem vera þyrfti til þess að allir fái þar unandi hlut. Sama er að segja um sjúkradagpeninga og svo mætti lengi telja.

Á borð þessarar stofnunar koma fjöldamörg verkefni til umfjöllunar og úrskurðar og oft mjög vandmeðfarin. Flm. fullyrðir að embættismenn þessarar stofnunar leggi sig mjög í líma við að leysa úr málum og veita sem sanngjarnasta úrlausn. Gagnrýni á ýmislegt, sem þar mætti enn betur fara, á eflaust vissan rétt á sér, enda undarlegt ef svo væri ekki með hliðsjón af þeim fjölmörgu vafaatriðum sem þar er kveðinn upp úrskurður um.

Æðsta ráð þessarar stofnunar er tryggingaráð sem m.a. setur reglur um fjölmargt á grundvelli laganna um almannatryggingar. Þangað er ýmsu því vísað sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á, auk þess sem tryggingaráð fer með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur æðsta vald við helstu ákvarðanir.

Hér er ekki lögð til breyting á kjöri fimm fulltrúa í tryggingaráð á Alþingi og allra síst er hér verið að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu fulltrúa sem þar sitja og hafa setið, eða þeim vantreyst til góðra verka. Hins vegar eru flest vandasömustu úrlausnarefnin, álitaefnin, á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Flm. telur það því bæði eðlilegt og sanngjarnt að þessi samtök eða fulltrúar þeirra setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnu fulltrúum sem fyrir eru.

Eflaust mun því haldið fram að hér komi þeir aðilar að málum sem eiga of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína til að geta tekið hlutlausar ákvarðanir. Hitt vegur þó þyngra að mati flm. að hér munu koma að verki nákunnugir aðilar, fólk sem veit hvar skórinn helst kreppir og sem einnig getur eytt óþarfa misskilningi og tortryggni milli einstaklinga og hópa annars vegar og stofnunarinnar hins vegar.

Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, sem úthlutar talsverðu fjármagni og kveður upp erfiða og vandasama úrskurði oft og tíðum, eiga fulltrúar þessara samtaka verðugan og réttmætan sess og ekki hefur heyrst um neina hagsmunaárekstra þar, miklu fremur telur flm. að þetta fyrirkomulag á skipun stjórnarnefndar hafi til heilla orðið og mælir þar af nokkurri reynslu.

Flm. telur einsýnt að á það verði látið reyna á Alþingi hver vilji þess er varðandi tryggingaráð, ekki síst með tilliti til farsællar reynslu af starfi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem fulltrúar fatlaðra ráða svo mjög um mótun alla sem og ákvarðanatöku.

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórn. Á þessum mikilvæga og viðfeðma vettvangi eru ekki síðri ástæður fyrir því að fulltrúar þessara þýðingarmiklu og öflugu samtaka komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendur samtakanna. Því er frv. þetta flutt."

Ég tel raunar að fáu þurfi við þessa grg. að bæta. Ég hef um árabil haft mikil samskipti við Tryggingastofnun ríkisins og starfsfólk þar. Reynslan af þeim samskiptum er sú að þar vilji fólk verulega leggja sig fram um að leysa vanda þeirra sem þangað leita.

Málafjöldi hvers árs er gífurlegur og mikil vinna sem oft þarf að inna af hendi varðandi einstök mál. Það er gert af ærinni samviskusemi að því er ég best þekki til. Því er hins vegar ekki að neita að ýmsir reyna öðru hvoru að leika á kerfið eins og það er kallað þó að vissulega séu það undantekningar. En þar má líka finna orsök þess hversu vandlega þarf að yfirfara hvert mál sem ekki er því augljósara.

Margt í löggjöf okkar um almannatryggingar þarfnast endurskoðunar og einföldunar og m.a. þyrfti að gera tryggingaumboðin á landsbyggðinni miklu sjálfstæðari og færari um að kveða upp úr um öll venjuleg mál, sameina þar sem best alla þætti er lúta bæði að sjúkratryggingum og lífeyristryggingum. Um það efni hyggst ég flytja frv. síðar á þessu þingi. Þegar Magnús heitinn Kjartansson var trmrh. gerði hann átak í því að koma málum í þetta horf, en Alþingi hafnaði þá sjálfstæðari umboðum úti á landi þar sem allir þættir væru sameinaðir.

Meginmál þessa frv. snertir það mál fyrst og síðast að koma þeim samtökum inn í myndina sem þurfa að gæta mestra hagsmuna umbjóðenda sinna. Ekki af því að ég telji að þeir hafi verið fyrir borð bornir, en af kunnugleika við þessi samtök bæði og ýmsar raddir þar fyrr og síðar tel ég sjálfgefið að þeim sé veitt þarna ákveðin hlutdeild sem verði m.a. og sér í lagi til að forðast óþarfa árekstra, óþarfa eða þarfa gagnrýni varðandi hin viðkvæmu mál sem ævinlega koma upp, hljóta að koma upp, og þá ekki síður að fulltrúar þessara samtaka megi hafa mótandi áhrif á meginákvarðanir, megi eiga hlutdeild í því að móta og setja reglur um hvernig með ýmis þau mál skuli fara sem löggjafinn hefur skilið eftir í rammalöggjöf eða beinlínis vísað til nánari ákvörðunar tryggingaráðs.

Um hina ýmsu þætti almannatryggingamálanna mætti vissulega hafa langt mál. Ég vík rétt að einum þeirra. Ég hef lengi talið að í gegnum almannatryggingakerfið ætti að leysa lífeyrismál okkar svo vandasöm sem þau eru. Eina alvarlega jöfnunartilraunin sem þar hefur verið gerð var þegar tekjutryggingunni var komið á á sínum tíma og síðar raunar að nokkru með lagasetningunni um eftirlaun til aldraðra. Ef sú yrði raunin að almannatryggingakerfið okkar leysti í heild lífeyrissjóðavandann og mismununina þar í dag væri ekki síður ástæða til þess að fulltrúar þessara aðila kæmu þar inn í myndina og raunar fleiri, svo sem minnt er á í grg. um hlutdeild aldraðra að þessari yfirstjórn. Þar er mikið verk óunnið, en engu að síður hygg ég affarasælast að nýta annars býsna gott kerfi almannatrygginga til útfærslu á jöfnun lífeyrissjóðsgreiðslna svo sem brýn þörf er á, eitt af þeim brýnustu málum sem við þurfum að fást við á næstu árum.

Ég tek það fram að frv. er ekki flutt að frumkvæði þessara samtaka þó að ýmsir í forustu þeirra hafi lýst fylgi sínu við þessa breytingu. Ég hygg sem betur fer að margt eða flest fari vel í samskiptum þessara samtaka við Tryggingastofnunina og veit að það er vilji manna þar að eiga sem árekstralausust samskipti við hvor tveggja samtökin. Sömuleiðis hlýt ég í lokin að ítreka að í engu er um að ræða gagnrýni á tryggingaráð almennt af þeirri einföldu ástæðu að ég þekki það vel til verka þar að samviskusemi og réttsýni eiga þar trausta liðsmenn sem og hjá stofnuninni sjálfri.

Ég tel einfaldlega þessa skipan mála eðlilegri, enn vænlegri til gifturíks árangurs, og vitna enn til stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem Alþingi veitti þessum aðilum ríkulegan hlut í stjórnunar- og ákvörðunarstörfum í enn ómótaðri málum og um margt ekki síður viðkvæmum. Ég vænti þess því að frv. fái verðskuldaða skoðun í nefnd, að þar verði til kvaddir allir aðilar sem málið snertir beint og besta lausnin fundin svo sem ætlunin er með þessu frv.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

6. fundur, mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseta Nd. hefur borist bréf frá Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl., þar sem tilkynnt er að Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv., dveljist nú erlendis vegna sérstakra starfa og hann geti ekki sótt þingfundi á næstunni. Þess er óskað að sæti hans taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur. Það er hér staðfest með bréfi að 1. varamaður, Geir Hallgrímsson seðlabankastjóri, geti ekki tekið þetta sæti vegna þess að hann er einnig staddur utan lands.

Guðmundur H. Garðarsson er nú kominn hingað til þings. Kjörbréf hans hefur verið kannað áður og hann hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili. Ég býð Guðmund H. Garðarsson velkominn til þingstarfa.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur þegar verið vísað máli til þeirrar nefndar sem ekki tekst að fá tekna fyrir hér í

deildinni til að kjósa í og hlýtur að vera undarlegt ef það dvelst mjög hjá þingflokksformönnum að koma sér saman um tillögugerð.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. PP, 52. mál (hámarkshraði). — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frh. 1. umr.

Frv. JS o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Lögræðislög, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 74. mál (trúnaðarnefnd). — Þskj. 74.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögræðislögum nr. 68 frá 1984 sem liggur hér frammi á þskj. 74 og er 74. mál þingsins. Meðflm. mínir eru hv. þm. Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Svavar Gestsson.

Mál þetta var lagt fyrir á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. En á 106. löggjafarþingi voru samþykkt lögræðislög, lög nr. 68 frá 1984, og þessi tillaga til breytingar er við þau lög.

Lögræðislög voru samþykkt eftir mjög svo sögulega meðferð hins háa Alþingis. Frv. til lögræðislaga var borið fram í Ed. og allshn. Ed. samþykkti að leggja til að það yrði afgreitt frá deildinni óbreytt. Það var og gert. Frv. kom þá til Nd. og til umfjöllunar í allshn. Á fund nefndarinnar komu formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frv. hafði samið, eins og venja er, svo og ritari þeirrar nefndar, en bent var á að önnur stjórnskipuð nefnd væri einnig að ljúka störfum, þ.e. nefnd er gera átti tillögur um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Rétt þótti að óska eftir því að sú nefnd kæmi til fundar við allshn. þar eð nokkur ágreiningur var þar um viðkvæm atriði. Það voru fyrst og fremst ákvæði um vistun manna í sjúkrahús gegn vilja sínum svo og sjálfræðis-, fjárræðis- og lögræðissvipting.

Í núverandi lögum er ráð fyrir gert að trúnaðarlæknir verði ráðinn við dómsmrn., en reynslan hefur sýnt að svo hefur ekki verið gert þó að nú séu liðin tvö ár síðan lögin voru samþykkt.

Tillögur þær sem hér liggja fyrir eru svo til samhljóða tillögum hinnar stjórnskipuðu nefndar um úrbætur í geðheilbrigðismálum og allshn. Nd. og viljum við flm. nú enn einu sinni freista þess að þetta mál fái eðlilega umfjöllun. Við afgreiðslu lögræðislaga reyndi aldrei á raunverulegan vilja þingsins því að svo slysalega tókst til að málið var samþykkt og gert að lögum hér í hv. Nd. áður en þingnefndin hafði náð að fjalla um málið og er það eitt alkunnra slysa sem verða á síðustu dögum þings þegar annir eru svo miklar að þm. vita varla hvað þeir eru að gera hverju sinni.

Það gefur auga leið að það er óviðunandi ástand að trúnaðarlæknir skuli ekki hafa verið ráðinn, en ljóst er að jafnvel þó að hann yrði ráðinn er nær ógerlegt fyrir einn mann að bera ábyrgð á því að fara yfir þau mál sem beðið er um að afgreidd séu og því síður, eins og þessi lög gera ráð fyrir, að fylgjast með að menn fái mannréttindi sín aftur þegar lækningu er lokið. Vissulega má gera ráð fyrir að í flestum tilvikum sé fyrir því séð af aðstandendum eða sjúklingi sjálfum, en til eru þeir sem svo höllum fæti standa að hvorki eru fyrir hendi aðstandendur sem um þá hirða né hafa þeir sjálfir þrek til að takast á við dómskerfið. Það er ekki síst fyrir slíkt fólk sem þetta frv. er flutt, enda mörg dæmi um að menn hafi setið uppi mannréttindalausir árum saman án þess að nokkur ástæða væri til þess.

Samkvæmt upplýsingum dómsmrn. líður nú vart sú vika að ekki þurfi að vista mann í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Slíkt er ævinlega vandasöm ákvörðun og mikilvægt að svo sé séð til að hún sé sjúklingnum sjálfum fyrir bestu. En ekki er síður mikilvægt að fylgst sé með því að sjúklingurinn fái þá meðferð sem hann þarfnast og mannréttindi sín að nýju þegar henni er lokið, en langt er frá að þau mál séu í lagi eins og sakir standa. Svo viðkvæm sem þessi mál eru er ósæmilegt að svo sé að þeim búið sem nú er og sú er trúa mína að það sé vilji hins háa Alþingis að úr þessum málum verði bætt. Staðreyndin er sú að það annast enginn það eftirlit sem frv. þetta gerir ráð fyrir og sannleikurinn er sá að ráðuneytið leitar sjaldnast til þess læknis sem sinnir trúnaðarlæknisstarfinu nú í hlutastarfi þó að æ fleiri sviptingarbeiðnir berist.

Þetta frv. er í stuttu máli um að á vegum dómsmrn. starfi trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Í henni séu lögmaður, sem sé formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt er trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg atriði, og fulltrúi tilnefndur af samtökum um málefni geðsjúkra. Það er enginn vafi á að með skipun

slíkrar nefndar væri mun betur frá þessum málum gengið og betur tryggt að menn fái sanngjarnan úrskurð um svo viðkvæm mál sem mannréttindasvipting er.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, enda hef ég nú þegar talað fyrir þessu máli tvisvar og efast ekki um að hv. þm. geyma það í minni, en leyfi mér, herra forseti, að vísa málinu til meðferðar í hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Varamaður minn, Málmfríður Sigurðardóttir, er meðflutningsmaður að þessu frv. Ég vil taka undir orð 1. flm. og jafnframt vekja athygli hv. alþm. á því að þær breytingar á lögræðislögum, sem farið er fram á hér, eru sannarlega til bóta og réttlátari fyrir þolendur en þau lög sem nú gilda. Þess vegna bið ég hv. alþm. að gaumgæfa þessar breytingar vel og veita þessu máli fulla athygli og velvild þegar það kemur til nefndar því það er þess virði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Bankaeftirlit ríkisins, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 77. mál. — Þskj. 77.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Mikið á ríkisstjórnin mér að þakka í dag. Hér væri ekki lengur haldinn fundur ef þm. Alþb. sæi ekki fyrir því að hér sé eitthvað til umræðu.

En ég, herra forseti, mæli fyrir frv. til laga um Bankaeftirlit ríkisins sem liggur hér fyrir á þskj. 77 og er 77. mál þingsins.

Frv. til laga um sjálfstætt bankaeftirlit var flutt á 108. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Frv. það sem hér liggur fyrir er flutt í nokkuð breyttri mynd og ber nú nafnið frv. til laga um Bankaeftirlit ríkisins. Flm. eru ásamt ræðumanni hv. þm. Geir Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson.

Meginefni frv. er hið sama og hins fyrra frv., en taka varð tillit til laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 auk þess sem nokkrar aðrar breytingar, sem síðar verður gerð grein fyrir, hafa komið til.

Bankaeftirlitið hefur starfað skv. lögum um Seðlabanka Íslands frá stofnun hans og undir yfirstjórn hans. Hin nýju lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 breyttu engu þar um. Flm. þessa frv. telja það hins vegar höfuðnauðsyn að bankaeftirlitið verði algerlega aðskilið frá Seðlabanka Íslands og verði sjálfstæð stofnun og sá hefur verið vilji Alþb. um langt árabil.

Hlutverk Seðlabankans og bankaeftirlits eru mismunandi og aðskilnaður þessara tveggja mikilvægu stofnana því tvímælalaust til styrktar stjórnun peningamála. Meginhlutverk Seðlabankans yrði að hafa stjórn á peningamagni í umferð og að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, eins og segir í 3. gr. laga nr. 36/1986. Hann á jafnframt að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við, eins og þar segir. Hann á að fara með gengismál, annast gjaldeyriskaup og sölu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um gjaldeyris- og peningamál. Loks er hann banki innlánsstofnana, en jafnframt skal hann samkvæmt núgildandi lögum hafa eftirlit með viðskiptum þeirra. Sá þáttur í starfsemi Seðlabankans hlýtur þó að víkja fyrir annarri starfsemi þar sem honum ber að framfylgja peningamálastefnu hverrar þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er hverju sinni og óvíst er að ákvarðanir hennar og Seðlabanka séu ævinlega hagstæðar viðskiptabönkunum. Skarist þeir hagsmunir er ljóst að bankaeftirlitið fær lítt við ráðið eins og hlutverki þess er nú háttað og það hlýtur að hefta meginverkefni þess sem er að tryggja fjárhagsöryggi sparifjáreigenda í bönkum, sparisjóðum og öðrum innlánsstofnunum því að sá er megintilgangurinn með stofnun bankaeftirlita í öllum vestrænum iðnríkjum okkar daga.

Helstu iðnríki Vestur-Evrópu hafa þróast í nánum peningalegum tengslum og samhengi, ekki síst Efnahagsbandalagsríkin, enda eru lagaákvæði um bankaeftirlit í þessum löndum um margt sambærileg. Sífellt flóknari peningaviðskipti kölluðu á styrkari stjórn og skipulagt eftirlit með peningamálum og eðlilegar viðskiptareglur um ábyrgðir, hagkvæmni og samkeppnisverðlagningu. Í fyrstu tóku lög um bankaeftirlit nær eingöngu til innlánsstofnana, en eftir því sem fyrirtæki á almennum markaði tóku í æ meira mæli að bjóða önnur viðskipti en hin hefðbundnu hafa bankaeftirlit fengið æ víðtækari verkefni. Öll miðast þau við að tryggja sem best sparifé almennings. Og eftir því sem stórfyrirtækjum hefur vaxið fiskur um hrygg og samkeppni minnkað, ekki síst í peningaviðskiptum, hefur verið knúið í æ meira mæli á um eftirlit með viðskiptaháttum, gjaldskrám og verðskrám banka og annarra aðila peningamarkaðarins. Þá er ekki síður ástæða fyrir hin fámennari ríki að halda uppi strangu eftirliti með öflun erlends lánsfjár til innanlandsnota, svo og starfsemi erlendra fjármálastofnana á innlendum vettvangi.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir verkefnum og stjórn bankaeftirlits í nálægum löndum.

Í Danmörku eru verkefni bankaeftirlitsins að fylgjast reglulega með málum banka og sparisjóða og ber þeim að leggja því til öll umbeðin gögn. Einnig skal bankaeftirlitið fylgjast með hringamyndunum í viðskiptalífinu og hafa eftirlit með gjaldskrám og vaxtaákvörðunum banka og sparisjóða. Bankaeftirlitið er starfrækt á ábyrgð iðnrh. skv. lögum um banka og sparisjóði frá 1974. Drottning skipar forstöðumenn, en stofnunin heyrir að öðru

leyti undir ráðuneytið. Yfirmaður má ekki taka lán í þeim stofnunum sem hann skal hafa eftirlit með nema með sérstöku leyfi ráðherra. Kostnaður er greiddur af þeim stofnunum sem eftirlitið nær til.

Í Finnlandi er verkefni bankaeftirlitsins að hafa eftirlit með starfsemi banka og sparisjóða og annarra innlánsstofnana svo og endurtryggingakerfi bankanna. Þar heyrir bankaeftirlitið undir fjmrh. skv. lögum. Forseti landsins skipar forstöðumann, aðstoðarforstöðumaður er skipaður af ríkisráði, en aðrir starfsmenn af ráðuneytinu. Skýr ákvæði eru um menntun bankaeftirlitsmanna. Starfsmenn mega ekki starfa við stofnanir sem bankaeftirlitið tekur til né taka þar lán nema með sérstöku leyfi ráðherra. Stofnanir þær sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með bera kostnað af starfsemi þess.

Í Noregi hefur bankaeftirlitið með höndum eftirlit með starfsemi banka og sparisjóða, öðrum innlánsstofnunun og fjármögnunarfyrirtækjum og það skal sjá svo til að þessar stofnanir séu reknar á hagkvæman hátt með tilliti til öryggis sparifjáreigenda og í samræmi við yfirlýstan tilgang. Bankaeftirlitið er sjálfstæð stofnun sem styðst við sérstök lög. Konungur skipar forstöðumann og staðgengil hans, en fjmrh. skipar aðra starfsmenn. Starfsmenn mega hvorki eiga né reka fyrirtæki sem undir eftirlitið heyra. Ekki mega þeir heldur taka lán í fyrirtækjum þessum nema með leyfi ráðherra. Þær stofnanir sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með bera kostnaðinn af starfseminni eins og annars staðar.

Í Svíþjóð hefur bankaeftirlitið með höndum eftirlit með bönkum, sparisjóðum, öðrum innlánsstofnunum, lánastofnunum atvinnuveganna, húsnæðislánakerfi og verðbréfasölu. Ber eftirlitinu að fylgjast með rekstri þessara stofnana, bæði varðandi hagkvæmni og að þær starfi í samræmi við lög og reglur. Bankaeftirlitinu ber að hafa auga með hringamyndunum og fylgjast með samkeppnisaðstæðum og einnig skal það hafa eftirlit með gjaldskrám og vaxtakjörum þessara aðila. Bankaeftirlitið í Svíþjóð starfar á grundvelli konungstilskipunar skv. lögum um bankastarfsemi o.fl. og er sjálfstæð stofnun. Konungur skipar yfirmenn og sitja fjórir æðstu yfirmenn í stjórn þess ásamt þremur þingkjörnum fulltrúum, en forstöðumaður bankaeftirlitsins er formaður stjórnarinnar. Starfsmenn mega hvorki eiga né reka fyrirtæki sem háð eru ákvæðum um eftirlit né heldur taka lán í stofnunum sem eins er ástatt um nema með leyfi yfirmanna. Yfirmenn þurfa konungsleyfi til lántöku. Bankaeftirlitið starfar í þremur deildum, lögfræðideild, almennri eftirlitsdeild með innlánsstofnunum og endurskoðunardeild. Stofnanir sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með bera kostnað starfseminnar.

Í Bretlandi er verkefni bankaeftirlitsins að fylgjast náið með starfsemi banka og sparisjóða varðandi tryggingar á innstæðum auk almenns eftirlits.

Herra forseti. Ég skal nú ekki þreyta hv. þm. með meiri upptalningu á hvernig ástand þessara mála er í nágrannalöndum, en vil þó geta þess að í Frakklandi og á Ítalíu er bankaeftirlit háð meiri miðstýringu en t.d. í Þýskalandi og Hollandi. En ljóst er að í öllum þessum löndum er mikil áhersla lögð á mikilvægi bankaeftirlitsins og Efnahagsbandalagsþjóðirnar gera kröfu um sterkt bankaeftirlit er starfað getur óháð seðlabönkum og stjórnvöldum sem nauðsynlegur eftirlits- og upplýsingaaðili og verið mikilvægur ráðgjafi við stjórnvaldsaðgerðir.

Atburðir síðasta árs hafa hér á landi óhjákvæmilega vakið þá spurningu hvort eftirlit með eiginfjárstöðu lántakenda sé nægilegt. Og þegar einn ríkisbankanna kemst í þá stöðu að gjaldþrot blasir við án þess að bankaráð eða bankastjórar virðist hafa uggað að sér hljóta menn að hafa efasemdir um samvirkni peningastofnana í landinu og upplýsingastreymi milli þeirra. Þá virðist talsvert vanta á að fjármagni sé veitt til fyrirtækja sem líkleg eru til að reynast arðbær fremur en annarra sem næsta ólíkleg eru til að skila arði í þjóðarbúið. Virðist mikið skorta á um hagkvæmnisrannsóknir m.a.

Eins og bankaeftirlitið er nú í stakk búið til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem því eru falin, en þar starfa nú alls níu manns, er óhugsandi að það geti fullnægt þeim kröfum sem aðrar þjóðir gera til bankaeftirlitsstofnana sinna. Linnulausar ófarir okkar í peningamálum, óviturleg dreifing fjármagns til gagnslausrar atvinnustarfsemi og óreiða í vaxtamálum kalla á styrkara bankaeftirlit sem ekki lýtur stjórn Seðlabankans, heldur er nauðsynlegur ráðgjafaraðili fyrir hann og stjórnvöld. Í því skyni að svo megi verða er þetta frv. flutt.

Ef menn líta á athugasemdir við einstakar greinar skýra þessar greinar sig að mestu leyti sjálfar. Þó skal vakin athygli á að í 1. gr. frv. er tekin inn ný þjónusta sem háð skal eftirliti bankaeftirlits, en það er greiðslukortaþjónusta. Skýrir greinin sig að öðru leyti sjálf. En flm. telja nauðsynlegt að greiðslumiðlanir, sem nú fjölgar í sífellu, komi undir eftirlit bankaeftirlits.

Þá vil ég vekja athygli á athugasemd við 5. gr., en í henni er gert ráð fyrir að þegar banki eða innlánsstofnun óskar eftir að stofna útibú eða umboðsskrifstofu skuli sótt um til bankaeftirlits sem síðan rannsakar hvort opnun útibús sé skynsamleg ráðstöfun og sendir viðskrh. umsögn sína þar að lútandi. Skal þá viðskrh. taka ákvörðun um leyfisveitingu með tilliti til álits bankaeftirlits ríkisins.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. Ég held að flestum Íslendingum sé ljóst að það er orðin knýjandi nauðsyn að aðskilja bankaeftirlit ríkisins frá Seðlabanka Íslands. Ég vænti þess að hv. þm. treysti sér til að skoða þetta mál vandlega og veita því brautargengi. En að umræðu lokinni óska ég eftir að málið verði sent til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, þriðjudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Kennaraskortur, ein umr.

Fsp. HG, 31. mál. — Þskj. 31.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 31 borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. um aðgerðir til að bæta úr kennaraskorti og efla skólastarf. Fsp. er svohljóðandi, í þremur liðum:

„1. Hvað líður störfum samstarfsnefndar menntmrn. og Bandalags kennarafélaga sem skipuð var að frumkvæði menntmrh. s.l. vetur og ætlað er m.a. að ræða um aðgerðir „svo unnt sé að bæta starfsaðstöðu í skólum, gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og efla skólastarf í landinu"?"

Þarna er orðrétt tilvitnun í bréf ráðherra til kennarasamtakanna þar sem hann óskar eftir að slík nefnd yrði skipuð.

„2. Hvaða tillögur hafa komið fram í nefndinni og hverjar þeirra eru komnar til framkvæmda?

3. Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að laða menntaða kennara til starfa og hvað er ráðgert í því efni á næstu mánuðum?"

Herra forseti. Á fyrri starfsárum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr bar málefni skólanna, og ekki síst samskiptin við kennara í landinu, hátt. Þá var tekist á um stöðu þessarar starfsstéttar, sem er undirstaðan að farsælu skólastarfi, og við væntum þess að ríkisstjórnin hefði eitthvað vitkast af þeim samskiptum við kennarasamtökin. Það mátti ætla, þegar hæstv. menntmrh. skrifaði Bandalagi kennarafélaga 5. febr. s.l. og bar fram ósk um að Bandalag kennarafélaga tilnefndi sex fulltrúa í nefnd, að það horfði til betri vegar. Í þessu erindi ráðherrans sagði m.a. að verkefni slíkrar nefndar skyldi vera „að ræða um þau fjölmörgu mikilvægu atriði sem nauðsynlegt er að kryfja til mergjar svo unnt sé að bæta starfsaðstöðu í skólum, gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og efla skólastarf í landinu. Enn fremur hvernig menntmrn. og samtök kennara geti á markvissan hátt unnið að framkvæmd umbóta í skólastarfi."

Við heyrum það frá hæstv. ráðh. hér á eftir hvernig til hefur tekist af hans hálfu og í samstarfi við kennara sem tilnefndir voru í nefndina sem fulltrúar sinna samtaka að ná fram þeim markmiðum sem hæstv. ráðh. viðraði í þessu erindi. Við vitum hve nauðsynin er brýn. Það sýna m.a. ráðningar réttindalausra starfsmanna að skólunum á þessu skólaári eins og raunar á hinum fyrri þar sem lítil breyting virðist hafa á orðið. Og fátt er brýnna í fræðslustarfi í landinu en að bót verði ráðin á hinum tilfinnanlega kennaraskorti.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Samstarfsnefnd menntmrn. og Bandalags kennarafélaga, sem hér er spurt um, hélt sjö fundi, en nefndin hefur nú verið lögð niður eins og ég mun víkja að síðar.

Á fundum samstarfsnefndarinnar var fjallað um aðgerðir til þess að bæta starfsaðstöðu í skólum, gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og efla skólastarf í landinu eins og mælt hafði verið fyrir um í erindisbréfi hennar.

Menntmrh. skipaði umrædda samstarfsnefnd snemma á þessu ári eftir fund með forsvarsmönnum kennarasamtakanna þar sem þeir lögðu mikla áherslu á að komið yrði á föstum samráðsvettvangi við menntmrn. um sameiginleg hagsmunamál aðila. Hafði þessi ósk reyndar verið fram sett áður í bréfum kennarasamtaka til menntmrn.

Þegar nefndin hóf störf varð fljótt ljóst að fulltrúum kennara lágu þyngst á hjarta launamál stéttarinnar og virtust ætla menntmrn. meira hlutverk í þeim efnum en lög gera ráð fyrir. Fulltrúar menntmrn. í samstarfsnefndinni ítrekuðu hlutverk ráðuneytisins sem fagráðuneytis, fagráðuneytis sem gerði sér ljósa nauðsyn samstarfs og samráðs við samtök kennara í landinu um þau mál er undir menntmrn. heyra, þótt ekki væri á þessum vettvangi, þ.e. samstarfsnefndarinnar, unnt að ná fram beinum launahækkunum til handa kennurum. Slíkar hækkanir hlytu kennarar eins og aðrir opinberir starfsmenn að sækja með samningum við fjmrn.

Af þeim málum sem rædd voru á fundum samstarfsnefndarinnar og verða mega til hagsbóta fyrir kennara í starfi þeirra voru orlofsmál, endurmenntun og hugsanlegar breytingar á vinnutíma kennara.

Ef taka á fleiri dæmi um umræðuefni nefndarinnar má nefna breytta framkvæmd samræmdra prófa, en ákveðið hefur verið að vinna að fækkun þeirra í samráði við kennarasamtökin, framkvæmd laga um lögverndun á stafsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra sem ganga munu í gildi um áramót, endurskoðun laga um grunnskóla og gerð frv. til l. um framhaldsskóla. Í lok síðasta fundar nefndarinnar var enn rætt um launamál kennara og hlutverk menntmrn. í því efni. Urðu menn sammála um að samstarfsnefndin gæti ekki þokað fram beinum kjaramálum kennara og samþykktu nefndarmenn að leggja til við ráðherra að nefndin yrði lögð niður.

Forsvarsmenn kennara skýrðu mér formlega frá þessari niðurstöðu með bréfi. Nokkru síðar eða 16. okt. hélt ég fund með forsvarsmönnum kennara þar sem m.a. var rætt framhald formlegs samstarfs. Ákveðið var að koma á fót fastri samstarfsnefnd aðila um fagleg málefni og hefur þegar verið óskað eftir tilnefningu fulltrúa frá Bandalagi kennarafélaga. Verið er að kanna hvort og þá með hvaða hætti menntmrn. geti veitt kennurum beinni stuðning í kjarabaráttu þeirra en verið hefur. Eins og áður segir komu ýmis mikilvæg mál til umræðu á fundum

samstarfsnefndarinnar og verður unnið áfram að framgangi þeirra á hinum nýja samstarfsgrundvelli.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Við höfum heyrt svör hæstv. ráðh. við fsp. minni. Það kemur fram í svari hans að enginn sýnilegur árangur hefur orðið af starfi þeirrar nefndar sem ráðherrann hafði frumkvæðið að að varð til í febrúar s.l. Ekki hefur verið tekið á þeim málum sem kennarar báru fram tillögur um í nefndinni og óskuðu eftir úrbótum á, þar á meðal launamálum og öðru sem varðar starfsaðstöðu kennara og kjör, orlofsmál og endurmenntun meðtalin. Nú fitjar ráðherrann upp á enn nýrri nefnd til að fjalla um málefni kennara, m.a. hvernig ráðuneyti hans geti haft áhrif á kjaramálin, launamál kennaranna, sem eru auðvitað ein meginástæðan fyrir hvernig staðan er að þessu leyti í skólunum.

Ég verð að segja að það ætlar seint úr að rætast fyrir skólastarfi í landinu og stöðu kennara í samskiptum við núverandi hæstv. ríkisstjórn. Það kemur fram í ítrekuðum erindum samtaka kennara að þeir eru reiðubúnir til þess að taka á málum með ríkisstjórninni, en hæstv. ráðherra menntamála vísar bara niður í fjmrn., þar sé lykillinn að lausnum og úrbótum fyrir kennarastéttina, hann geti engin áhrif haft þar á. Það er fróðlegt fyrir menn að heyra hversu langt er á milli einstakra valdamanna innan Sjálfstfl. og það þarf ekki að segja mönnum að ef vilji væri fyrir hendi hjá ríkisstjórninni til að taka á þeim efnum sem varða starfsaðstöðu og kjör kennara hefði hún ekki alla möguleika til þess að leiðrétta það. Það er sami flokkurinn sem fer með ráðuneyti menntamála og fjármála og þar liggur ábyrgðin í þessum efnum alveg sérstaklega þó hæstv. forsrh., sem nú er fjarri, hafi einnig ætlað sér að leggjast á árar í þessu efni, en við höfum lítið heyrt um hvaða þýðingu það hefur haft og það virðist svo sem að hann hafi ekki fengið miklu áorkað í þeim efnum.

Ég verð að ítreka það, herra forseti, í ljósi þess hvernig staðan er nú í skólunum í landinu, að það er með öllu ólíðandi og óverjandi að ábyrgðaraðilar ríkisvaldsins í þessum málum færist undan með þeim hætti sem hæstv. ráðh. og forverar hans og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni hafa ítrekað gert gagnvart kennarastéttinni. Á þessu verður að ráða bót. En það horfir því miður illa á þeim vetri sem fram undan er. Við skulum vona að það eigi ekki margir slíkir eftir að ganga í garð að óbreyttu hvað snertir stöðu kennara í landinu og nemendur og foreldra þeirra sem snertir þetta mál ekki síður.

Opinberar fjársafnanir, ein umr.

Fsp. HS, 40. mál. — Þskj. 40.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 40 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hvernig er háttað framkvæmd laga um opinberar fjársafnanir nr. 5 frá 1977? Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett á grundvelli laganna?“

Á þinginu 1976–77 flutti ég frv. til laga um opinberar fjársafnanir sem Arnmundur S. Backman hæstaréttarlögmaður átti veg og vanda af. Árið 1977 var svo þetta frv. samþykkt einróma á Alþingi, enda alþm. sammála um að hér væri um mjög nauðsynlegt aðhald og eftirlit að ræða. Fjársafnanir ýmiss konar til stuðnings margvíslegum góðum málefnum eru mjög algengar hér á landi og fjölmargir aðilar koma þar við sögu. Engum er meiri nauðsyn en einmitt þeim sem að þessum fjársöfnunum standa að hafa ákveðið aðhald og um leið eftirlit með því að öllu sé til skila haldið. Ástæðulausar grunsemdir og alls kyns upphrópanir og gróusögur koma þá síður við sögu eins og átakanleg dæmi eru um. Þetta eftirlit er allvel tryggt með lögum þessum ef þeim er framfylgt.

Heilbrigt og eðlilegt eftirlit er þar býsna vel skilgreint og til viðbótar er ráðuneytinu heimilt að setja frekari reglur sem tryggja enn betur skilvirkt aðhald. Hér er ekki spurt af neinu sérstöku einstöku tilefni, en nauðsyn er að átta sig á annars vegar hversu lögunum hefur verið framfylgt og hverjar frekari reglur hafa verið settar. Sú spurning vaknar óneitanlega í ljósi ýmiss þess sem verið hefur á döfinni í þjóðfélaginu, bæði að undanförnu og áður, hvort lögin séu í raun og veru virk. Því tel ég nauðsyn að spyrja hæstv. dómsmrh. um þessi mál.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 40 spyr hv. 2. þm. Austurl. um opinberar fjársafnanir. Í fyrsta lagi: Hvernig er háttað framkvæmd laga um opinberar fjársafnanir? Og í öðru lagi: Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett á grundvelli laganna?

Mál er varða framkvæmd laga um opinberar fjársafnanir falla undir dómsmrn. annars vegar og lögreglustjóra hins vegar. Grundvallarregla laganna er sú að stofnunum, félögum og samtökum manna sé heimilt að gangast fyrir opinberri fjársöfnun í sérhverjum löglegum tilgangi. Hins vegar er lögð á þann aðila sem fyrir söfnun stendur skylda til að tilkynna hana hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. 3. gr. laganna, og til að gera reikningsyfirlit og birta það, sbr. 6. og 7. gr. laganna.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmrn. og fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil, sbr. 7. gr. laganna. Dómsmrn. hefur um langt skeið veitt leyfi til merkjasölu og annarrar fjársöfnunar á götum og í húsum. Eru um 40 aðilar á skrá ráðuneytisins um þá aðila sem hafa fasta daga til þess háttar fjársöfnunar. Meðal þessara aðila má nefna Rauða kross Íslands, Slysavarnafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Samband ísl. berklasjúklinga, Bandalag ísl. skáta, Blindrafélagið, Sjó-

mannadaginn, Mæðrastyrksnefnd, Landssamband ísl. barnaverndarfélaga, Blindravinafélag Íslands, AA-samtökin á Íslandi, Geðverndarfélag Íslands, Flugbjörgunarsveitina, Styrktarfélag vangefinna, Samband dýraverndunarfélaga Íslands o.fl.

Árlega eru auk þess veitt leyfi til 10–20 aðila til fjársöfnunar með þessum hætti. Á síðasta ári voru slík leyfi 14, 20 árið 1984, 22 árið 1983. Á þessu ári eru þau orðin 17 og hlutu þau eftirtaldir aðilar: Kiwanisklúbbur á Óðins- og Grettissvæði, Krabbameinsfélag Austfjarða, Slysavarnadeildin Ingólfur, Íslenska Kiwanis-hreyfingin, Krabbameinsfélag Íslands, Kvennadeild Slysavarnafélags Íslands, Landssamtök hjartasjúklinga, Styrktarsjóður aldraða, Kvenfélagið Hlíf, Akureyri, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki, Norðurlandi eystra, Kvenfélagið Líkn, Vestmannaeyjum, Kvenfélag Seljasóknar, Félag einstæðra foreldra, Líf og land, Líknarsjóður Áslaugar Maack, Sjöunda dags aðventistar og Hjálpræðisherinn.

Sum þessara síðast töldu leyfa varða einungis breytingu á degi þeim sem fyrri heimild tók til en önnur eru ný. Heimildir þessar eru yfirleitt til ýmiss konar líknarfélaga, vegna kirkjustarfsemi og þess háttar. Starfa sum félögin á landsvísu en önnur eru staðbundin. Með örfáum undantekningum heimila leyfin fjársöfnun í einn eða tvo daga og þess er að jafnaði gætt að ekki séu fleiri aðilar með leyfi sömu daga á sama stað. Í leyfi ráðuneytisins er jafnan vísað til laganna um opinberar fjársafnanir og afrit leyfisbréfs sent hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Ekki er tiltækt yfirlit um framkvæmd laganna hjá einstökum lögreglustjórum. Skv. upplýsingum frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur athygli aðila sem að fjársöfnunum hafa staðið verið vakin á ákvæðum laganna um tilkynningaskyldu og um gerð reikningsyfirlits.

Í þessu koma fram þær reglur sem ráðuneytið hefur unnið eftir við framkvæmd þessara laga, en reglugerð hefur ekki verið gefin út en á þessu tímabili hafa þessar reglur unnið sér hefð í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör hans, en reyndar var það ekki fyrst og fremst það sem fram kom í máli hans sem ég var að slægjast eftir. Ég leyfi mér nefnilega að minna á meginatriði í eftirlitsskyldu laganna svo að ekkert fari þar á milli mála. En í 6. gr. segir að haldið skuli nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við söfnunina. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim er dómsmrn. kann að útnefna til slíks.

Sömuleiðis segir í 7. gr. að reikningsyfirlit slíkrar fjársöfnunar skuli birt opinberlega. Sömuleiðis að viðkomandi lögreglustjóra skuli sent reikningsyfirlit söfnunar. Í 9. gr. eru svo ákvæði um að ráðuneytið geti sett nánari reglur um framkvæmd laganna svo sem ég sagði áðan, en fram kom í máli hæstv. ráðherra að engin reglugerð hefði verið sett um framkvæmdina.

Hér eru því bæði býsna skýr ákvæði og ekki síður heimild til frekari útfærslu til að taka af öll tvímæli. Ég held að nauðsynlegt sé að vekja athygli á þessum annars ágætu lögum af ýmsum upphlaupum kringum einstök mál af þessum toga sem hafa komið upp í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Þá má einmitt ætla það að ekki sé fylgst með sem skyldi því að þá væri augljóst að aðilar sem fyrir ásökunum hafa orðið með réttu eða röngu, og eflaust mest með röngu, hefðu getað varið sig með einfaldari og betri hætti en oft hefur verið ef þeir hefðu staðið svo skil á öllum hlutum eins og lögin gera ráð fyrir.

Ég held því að nauðsyn eftirlitsins sé ótvíræð og henni þurfi að framfylgja miklu betur en greinilega hefur verið gert. Ég heyrði það í máli hæstv. ráðherra að lögreglustjórar og ráðuneyti vekja athygli á þessum lögum en fylgjast hins vegar ekki með því hvort þessum lögum sé framfylgt af viðkomandi aðila. Það kom a.m.k. hvergi fram og því miður hygg ég að lögin séu hunsuð á þann hátt að bæði það að reikningshald skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda, haldið skuli nákvæmt reikningshald, og eins að reikningsyfirlit fjársöfnunar skuli birt opinberlega, sé ekki haldið nema í sárafáum tilfellum og það ber að harma.

Húsnæðismál, ein umr.

Fsp. HG, 44. mál (störf milliþinganefndar). — Þskj. 44.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 44 hef ég beint svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh. um efndir í húsnæðismálum:

„Hvað líður í einstökum atriðum efndum á því samkomulagi um húsnæðismál sem gert var í félmn. Nd. Alþingis 21. apríl 1986 þar sem samþykkt var að vísa til milliþinganefndar í húsnæðismálum tíu tilgreindum atriðum með það yfirlýsta markmið að milliþinganefndin „skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu"?"

Þetta er fsp. Það samkomulag sem vitnað er til í fsp. liggur fyrir á þskj. frá síðasta þingi nr. 1017 sem er meirihlutaálit félmn. við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar segir meiri hl. nefndarinnar m.a.:

„Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum, sem varða húsnæðismálin, var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar. Meðal slíkra atriða eru þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi

um breytingar á húsnæðislánakerfinu en ekki hefur verið kostur á að fjalla um við meðferð málsins á Alþingi. Í þeim efnum bendir nefndin sérstaklega á eftirfarandi:

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða.
6. Stöðu og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.
9. Þegar líða tekur á sumarið kanni milliþinganefndin hvernig ætlunin sé að framkvæma ákvæði 11. gr. sem virðast geta orðið flókin og erfið í framkvæmd.
10. Hvernig farið skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Þá er haft í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.“ Tilvitnun lýkur í þetta samkomulag í félmn. 21. apríl s.l.

Og hæstv. ráðh. er spurður um efndirnar á þessu samkomulagi og við heyrum væntanlega svör hans.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. tek ég strax fram að milliþinganefnd hefur starfað milli þinga. Hún hefur haldið samtals 24 fundi frá því hún var skipuð 11. júní 1985, þar af fjóra fundi frá því tilmæli félmn. Nd. komu fram.

Það er rétt að rifja upp að hlutverk hennar var að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Milliþinganefndin hefur haft til umfjöllunar drög að nál. frá því í október 1985. Margt hefur orðið til að tefja starf nefndarinnar, t.d. tók hún til sérstakrar umfjöllunar greiðsluerfiðleika íbúðareigenda og skilaði áliti um það efni 7. des. s.l.

Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1986 röskuðu einnig starfsáætlun hennar. Á 21. fundi nefndarinnar, sem haldinn var 9. maí s.l., var samþykkt að kjósa undirnefnd þriggja manna sem fjallaði um félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Í sumar og haust hefur undirnefndin haldið samtals átta bókaða fundi og kallað á sinn fund fjölmarga aðila sem með einum eða öðrum hætti tengjast þessum hluta opinbera íbúðalánakerfisins. Bæði er um að ræða fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, samtaka atvinnurekenda og launafólks og margra annarra samtaka.

Í haust hefur milliþinganefndin haldið áfram að fjalla um drög að nefndaráliti. Ég vænti þess að hv. þm. skilji að það er erfitt fyrir mig að fjalla um niðurstöðu mála í einstökum atriðum fyrr en nefndin hefur skilað áliti. Mér er kunnugt um að hún hefur tekið til umræðu allflest þau atriði sem félmn. fól henni að fjalla um og formaður nefndarinnar hefur tjáð mér að stefnt sé að því að nefndin láti innan tíðar fara frá sér álit sem framhaldið yrði svo byggt á.

Hitt er annað mál að nokkur af þeim atriðum sem félmn. Nd. beindi til milliþinganefndarinnar er vart tímabært að fjalla um. Þetta gildir t.d. um áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaði sem tók gildi 1. sept. s.l. Það er augljóst mál að um þetta efni er ekki hægt að segja fyrr en reynsla hefur fengist af gerbreyttum útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins.

Önnur atriði eru að mínu mati leyst og má í því sambandi benda á fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar. Húsnæðislánakerfið verður í framtíðinni fjármagnað með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna og framlagi úr ríkissjóði. Raunar gildir það sama um stöðu og hlutverk ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunarinnar. Við stofnun var aðalhlutverk hennar að veita aðstoð þeim íbúðaeigendum sem áttu í greiðsluerfiðleikum og frá því að Húsnæðisstofnun byrjaði að taka á móti umsóknum vegna greiðsluerfiðleika í janúar s.l. hafa ráðgjafarstöðinni borist 2206 umsóknir. Um miðjan október s.l. höfðu 2083 umsóknir verið afgreiddar og veitt hafa verið lán út á 1818 íbúðir, samtals að fjárhæð 514 millj. kr., til allt að 31 árs. Auk þessa hefur verið veitt umfangsmikil ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika umsækjenda og margvíslegar ráðstafanir gerðar í þeirra þágu til að forða frekari erfiðleikum, svo sem uppboðum og öðrum vandræðum, og hlutast til um viðamiklar skuldbreytingar í bönkum og sparisjóðum. Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar fær nú nýtt hlutverk. Ákveðið er að verkefni hennar verði að kanna til hlítar allar fjárfestingar- og greiðsluáætlanir sem berast til Húsnæðisstofnunarinnar með umsóknum um lán til bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði.

Reglur um veð og veðhæfni íbúða er eitt þeirra atriða á verkefnaskrá félmn. Nd. sem hún óskaði eftir að milliþinganefndin fjallaði um. Í þessu sambandi vil ég aðeins benda á að hér er um afmarkað og flókið tæknilegt atriði að ræða. Það er því álitaefni hvort rétt hafi verið að fela nefnd, sem á sínum tíma var falið það umfangsmikla verkefni að setja fram tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi, að fara í saumana á slíku viðfangsefni. En að þessu er unnið í Húsnæðisstofnuninni sjálfri.

Ég vil að lokum endurtaka að ég tel rétt að bíða eftir áliti milliþinganefndarinnar áður en ég tjái mig frekar um þetta mál. Hitt er það að ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma að skipa sérstaka nefnd með fulltrúum allra

þingflokka til að fjalla um þennan mikilvæga málaflokk. Á það má benda að samkvæmt hagskýrslum voru í árslok 1984 tæplega 30% þjóðarauðs Íslendinga bundin í íbúðarhúsnæði eða um 76,4 milljarðar kr. og síðan 1984 hefur orðið mikil aukning á þessu hlutfalli. Milliþinganefndin hefur aflað mikilvægra upplýsinga um húsnæðis- og byggingamál og hún hefur verið vettvangur skoðanaskipta milli fulltrúa þingflokkanna um þennan málaflokk. Nefndin hefur haft margvísleg óbein áhrif á þróun húsnæðismála og stuðlað að málefnalegri umræðu um þetta efni á Alþingi og í fjölmiðlum og ég vænti þess að nál. milliþinganefndarinnar muni berast mjög fljótlega.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því í þessu sambandi að 1985 gerði stjórnarandstaðan hér á hv. Alþingi samkomulag við stjórnarflokkana um tiltekna afgreiðslu á húsnæðismálum þar sem gert var ráð fyrir skipun milliþinganefndar og jafnframt fjáröflun í húsnæðiskerfið. Núna liggur fyrir eftir þessi svör ráðherra að það verður ekki staðið við þau fyrirheit að tillögur milliþinganefndarinnar verði lagðar í frumvarpsformi fyrir þingið í haust og auk þess liggur það fyrir að tekin hefur verið ákvörðun um það í ríkisstjórninni að hirða alla þá peninga, sem ákveðnir voru um leið og milliþinganefndin varð til vorið 1985, upp á 800 millj. kr., í ríkissjóð.

Í annan stað gerðist það að stjórnarandstöðuflokkarnir og stjórnarflokkarnir náðu samkomulagi um afgreiðslu nýja húsnæðiskerfisins á s.l. vori. Þá voru teknar ákvarðanir sem fólust í nál. félmn. Nd. og Ed. Nú er einnig ljóst að ekki á að standa við það og jafnframt kemur fram í fjárlagafrv. að það er ekki bara að húsnæðisgjaldið sé tekið í ríkissjóð heldur á að lækka fjárframlög til húsnæðiskerfisins skv. fjárlagafrv. úr 1600 millj. í 1300 millj. á þessu næsta ári.

Hér er um að ræða svo yfirgengilega framkvæmd mála að það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því, herra forseti, og ég mótmæli því mjög harðlega að ekki sé tímabært að fjalla um tengsl verkamannabústaðakerfisins við nýja húsnæðislánakerfið. Það er vissulega tímabært að á því verði tekið ef ekki á að stefna í hreint óefni með verkamannabústaðakerfið eins og þróunin hefur verið þar.

En ég vil bæta við einni spurningu: Hvenær er þess að vænta að frv. um húsnæðisafslátt verði lagt fyrir þingið eins og ekki bara stjórnarandstöðunni heldur líka aðilum vinnumarkaðarins var lofað í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga?

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa óánægju Kvennalistans með hversu hægt hefur miðað störfum milliþinganefndarinnar þar eð samþykkt sú í nál. félmn. Nd. sem hér hefur verið vitnað til um störf þessarar nefndar var beinlínis forsenda þess að Kvennalistinn treysti sér til að styðja þetta frv. á s.l. vori. Það voru fjölmörg atriði, sem voru eftir skilin við samþykkt frv. í vor, sem við töldum mjög nauðsynlegt að taka á, en við vildum gera okkar til þess að greiða fyrir því að þetta frv. næði fram að ganga í vor. Þess vegna ítreka ég óánægju okkar með hversu störfum nefndarinnar hefur miðað hægt og ítreka fsp. til félmrh. um hvenær vænta megi tillagna frá milliþinganefnd og hvort félmrh. hugsi ekki til þess að leggja fram frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun svo sem segir í nál.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem kom fram í svari hæstv. félmrh. Hann hefur greint frá því sem er að gerast í þessari milliþinganefnd. Ég er formaður þessarar nefndar og taldi þess vegna rétt að gera grein fyrir því frá mínum bæjardyrum séð.

Ég get vissulega tekið á mig og á auðvitað minn þátt í því að þetta starf hefur gengið hægar en æskilegt hefði verið, en við höfum þó, eins og hefur komið fram í svari hæstv. ráðherra, haldið allmarga fundi í sumar. Það er oft erfitt að ná mönnum saman til fundahalda yfir sumartímann. Í þessari nefnd eru þm. og aðrir fulltrúar sem gegna ýmsum störfum og erfitt að ná þeim öllum saman. En við höfum haft undirnefnd í þessari nefnd einnig sem hefur mætt alloft á fundinn og haldið átta bókaða fundi, eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra, og auk þess höfum við haldið óformlega fundi þess á milli. Við erum nú að vinna að lokaskýrslunni vona ég og leyfi mér að fullyrða að það þurfi ekki að dragast marga daga.

Ég vil aðeins, herra forseti, að lokum segja vegna fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. um húsnæðisafsláttinn að það fellur ekki undir skilgreiningu félmn. Nd. Alþingis frá því í vor, er ekki á þeim lista sem beint var til þeirrar nefndar sem ég veitti forstöðu. Varðandi það sem hann sagði um tengsl verkamannabústaðakerfisins við hið nýja húsnæðislánakerfi vil ég aðeins segja að á undirnefndarfundunum, sem við höfum haldið í sumar og fengið þá til viðtals við okkur fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins og öðrum þeim sem tóku þátt í undirbúningi málsins í vor, hafa menn almennt talið, að vísu ítrekað að það sé þeirra persónulega skoðun, að þetta nýja húsnæðislánakerfi þurfi að sanna gildi sitt og það þurfi nokkurn tíma til að átta sig á því hvernig þessi tvö kerfi kunni að vinna saman í framtíðinni.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er erfitt þegar svo naumt er skammtaður tíminn að svara öllum þeim tilhæfulausu fullyrðingum sem hér hafa komið fram varðandi þetta mál. Kjarni málsins er sá að það var samkomulag milli Alþingis og aðila vinnumarkaðarins, sem staðfest var með lögum á s.l. vori, að taka upp nýtt húsnæðislánakerfi hér á landi sem nær til verkamannabústaðanna og þar voru ákveðnar nýjar reglur og ný lánskjör og lánalengd varðandi verkamannabústaðina.

Ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson man þetta, en

við getum kannske fundið okkur annan tíma til að ræða þetta nánar. Þannig liggur algerlega ljóst fyrir að við erum að tala um nýtt húsnæðislánakerfi. Það liggur líka ljóst fyrir að þeir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem kallaðir hafa verið fyrir nefndina hafa lýst þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að fá reynslu af þessu nýja húsnæðislánakerfi áður en bryddað sé upp á róttækum breytingum á húsnæðislánakerfinu í heild.

Þetta liggur hvort tveggja fyrir, herra forseti, og þess vegna álít ég að ekki séu efni til þeirra fullyrðinga sem hér hafa komið fram, en vildi gjarnan að við gætum fundið okkur annan tíma til að ræða málið ítarlegar og er reiðubúinn til þess hvenær sem er.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans svo langt sem þau náðu.

Það voru vissulega tíðindi sem hæstv. ráðh. upplýsti. Ef ég hef skilið mál hans rétt er ekki von á því að staðið verði við það samkomulag sem gert var 21. apríl í félmn. og sem var forsenda fyrir afstöðu margra hér á Alþingi, þori ég að fullyrða, til hinna nýju breytinga á húsnæðislögunum sem samþykktar voru.

Ég er ekki að ásaka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir hvernig mál standa. Það skýrðist kannske svolítið fyrir mönnum við umræðu um þessa fsp., t.d. þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. kom upp á eftir formanni milliþinganefndarinnar og greindi frá þeirri skoðun sinni, ef ég hef skilið hann rétt, að það hefði aldrei staðið til að taka á þessum þáttum sem hann setti þó nafn sitt undir sem frsm. meiri hl. félmn. í apríl s.l. að yrðu verkefni til að skila tillögum og frv. inn á haustþingið. Þetta virðist vera staðan. Ég bið formann milliþinganefndarinnar að leiðrétta ef ég ræð rangt í mál manna að þessu leyti. Og að það eigi að bíða eftir reynslu af þessu nýja húsnæðislánakerfi með að farið sé ofan í þá mikilsverðu þætti, tíu talsins, sem stjórnarliðar skrifuðu bindandi undir í félmn., þar á meðal endurskoðun á félagslegum íbúðabyggingum, verkamannabústaðakerfi og húsnæðissamvinnnufélögum og fleiru sem lýtur að félagslega íbúðakerfinu.

Ég hef lagt inn aðra fsp. til hæstv. félmrh., sem væntanlega verður svarað innan tíðar, um hvernig lán flokkist sem borist hafa til Húsnæðisstofnunar á grundvelli nýja kerfisins. Það verður fróðlegt að heyra hvað þar kemur upp úr pokanum, en ég fullyrði að fyrir landsbyggðina, þar sem hrun hefur orðið á byggingarmarkaði og í nýbyggingum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, er það aldeilis lífsnauðsynlegt að mótaðar verði nýjar reglur varðandi félagslegar íbúðabyggingar og marga fleiri þætti sem varða byggingamál m.a. á landsbyggðinni.

Herra forseti. Það er kannske ekki von að mikið gerist þegar ekki er fastar staðið í ístaðinu en af hæstv. félmrh. varðandi fjárveitingar til húsnæðismálanna. Ég lýk máli mínu, herra forseti, með því að vitna í eina setningu eftir hæstv. ráðh. úr Tímanum 15. okt. 1986 þar sem ráðherrann er að bregðast við niðurskurði til húsnæðismála upp á 300 millj.: „Ég vildi halda óbreyttu framlagi til þessara mála, en fjmrh. taldi að þetta yrði fullnægjandi á þennan hátt og það samþykkti ríkisstjórnin.“ Og það kemur fram í framhaldinu að ráðherrann telji þetta svo sem engin tíðindi, þetta skipti svo sem engu máli og undir það tekur framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson, í sama viðtali. Þetta er svo sem allt í lagi. 300 millj. út af fjármagni til húsnæðismálanna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það liggur við að kalla megi að hér hafi orðið byrjun á almennri umræðu um húsnæðismál, en vettvangur sá sem hér er nú er ekki til almennrar umræðu. Það er heimilt fyrir aðra en ráðherra og fyrirspyrjanda að gera örstutta athugasemd, en það er ekki heimilt að hefja almennar umræður og enginn fær að gera nema einu sinni athugasemd. (**HBl:** Ekki til að bera af sér sakir, herra forseti?) Nei, nema augljóst sé að það sé um sakir að ræða.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég skal ekki hefja almenna umræðu um húsnæðismál, það gefst sjálfsagt tími til þess síðar á þinginu, en ég vil segja í sambandi við það sem hér hefur komið fram að það er alls ekki hægt að boða að ekki hafi verið staðið við það sem um var rætt í sambandi við afgreiðslu nýrra húsnæðislaga í vor. Vissum atriðum, sem þarf að gaumgæfa og skoða nánar, var vísað til milliþinganefndar. Það var hárrétt ákvörðun þar sem milliþinganefnd er samansett af fulltrúum allra stjórnmálaflokka á hv. Alþingi. Auðvitað getur menn greint á um það hvað störfum slíkrar nefndar á að hraða mikið, en það hefur komið fram að hún er að störfum og hefur verið að störfum í sumar og mun skila áliti mjög fljótlega. Út frá því verður tekin ákvörðun um frumvarpsflutning í samræmi við það sem þörf er á í sambandi við þessi mál.

Hv. 3. þm. Reykv. segir og raunar fyrirspyrjandi einnig að ekki hafi verið staðið við samkomulag um þessi mál. Ég skil ekki hvað hv. þm. eru að fara. Ég er búinn að tilkynna að það er beðið eftir niðurstöðum nefndarinnar og við skulum sjá hvað út úr því kemur í framhaldinu. En þegar menn eru að tala um fjármögnun húsnæðismálakerfisins held ég að það sé rétt að menn átti sig á vissum staðreyndum þar. Það er gert ráð fyrir að á næsta ári verði 4,7 milljarðar til útlána í húsnæðislánakerfinu. Menn skulu átta sig á því. Og sem betur fer er búið að taka upp nýtt kerfi þar sem búið er að ná samningum við lífeyrissjóði landsins um að fjármagna þetta á annan hátt en nokkurn tíma hefur verið áður og búið að ná við þá hagstæðum samningum um vaxtakjör og lánstíma sem ekki hefur þekkst áður þar sem lán eru allt að 30 árum í stað 8–9 ára eins og áður var. Hér er um gjörbyltingu að ræða. Við skulum bara bíða og sjá

hvað kemur út úr úrvinnslu tölvunnar hjá Húsnæðisstofnun um þörfina á fjármagni næsta ár. Við skulum gera okkur grein fyrir því að við getum ekki verið að tala hér út í loftið um að svona og svona sé málum háttað þegar staðreyndirnar eru komnar á borðið.

Ég get alveg tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að auðvitað hefði verið æskilegt að fjármagnið í fjárlögum hefði verið hærra, en það er að margra áliti talið fullnægjandi og við skulum sjá hvort það ekki verður þannig.

Í sambandi við fsp. sem kom fram í sambandi við húsnæðisafsláttinn, þá liggur fyrir að laganefndin sem samdi frv. er að fjalla um þetta atriði. Það lá fyrir í þinglok í vor og það vissu allir hv. þm. að laganefndin ætlaði að fjalla áfram um þetta atriði. Hún var undir forsæti Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra og í henni eru aðilar vinnumarkaðarins. Sú nefnd er að störfum. M.a. hefur hún fengið til umsagnar ýmsa þætti húsnæðislaganna sem þarf e.t.v. að gera breytingar á og mun skila áliti í næstu viku um það.

Það má vel vera að menn séu óþolinmóðir í sambandi við breytingar á þessum lögum, en ég held að við getum verið öll sammála um að hér er um mikla framför að ræða í húsnæðismálum og á eftir að skila sér enn betur en menn koma auga á í dag. Ég er viss um að menn verða sammála um það.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði áðan að fjármögnun húsnæðislánakerfisins væri leyst. Ég tel að þetta sýni að hæstv. félmrh. hafi ekki mikið kynnt sér þessi mál. Vitaskuld er fjármögnun húsnæðislánakerfisins ekki leyst þó að lífeyriskerfið hafi komið svo mikið til móts við fjármögnun húsnæðiskerfisins sem raun ber vitni. Það sem hv. þm. hafa hér verið að ræða er fyrst og fremst félagslega íbúðakerfið sem ég tel að hafi verið að verulegu leyti skilið eftir. Þegar félmrh. talar hér um að 4,7 milljarðar fari til húsnæðislánakerfisins skulu menn átta sig á því að það eru ekki nema svona 15–17% af því fjármagni sem renna til félagslegra íbúðabygginga. Það tel ég að sé fyrst og fremst það sem hv. þm. eru að gagnrýna og að ekki komi niðurstaða frá nefndinni sem sérstaklega átti að fjalla um þann þátt mála. Ég tel að félmrh. þurfi að hafa meiri áhyggjur en fram komu í hans máli af því mikla fjármagni sem þarf beint úr ríkissjóði á næsta ári vegna þess mikla vaxtamismunar sem skapast með þeim lántökum sem nú eiga að koma frá lífeyrissjóðunum til húsnæðismála.

Almenningsbókasöfn, ein umr.

Fsp. GHelg, 47. mál. — Þskj. 47.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. 13. okt. 1983 barst háv. hæstv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur svohljóðandi bréf:

„Með bréfi dags. 13. febr. 1980 skipaði háv. *menntmrh. Ingvar Gíslason* nefnd til að gera heildaráætlun um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna. Nefndin leggur hér með fram sameiginlegar niðurstöður sínar. Megintillögur nefndarinnar eru:

1. Skipting landsins í sjö bókasafnsumdæmi er fylgi þeirri svæðisskiptingu sem sveitarfélög hafa markað í samstarfi sínu. Í hverju umdæmi verði skipaður bókasafnsráðgjafi.

2. Hert verði á kröfum um menntun til starfa í bókasöfnum og þeir sem koma nýir til starfa uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur áður en þeir fá ráðningu til starfa. Nefndin er á einu máli um að ofangreind atriði séu forsenda þess að hægt sé að gera heildaráætlun um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna og leggur því til að lög um almenningsbókasöfn verði endurskoðuð í samræmi við þær niðurstöður sem hér liggja fyrir.“

Undir þetta skrifuðu, með leyfi forseta, Kristín H. Pétursdóttir, fyrrv. bókafulltrúi ríkisins, Sigurgeir Sigurðsson, Ölvir Karlsson, Elfa Björk Gunnarsdóttir og Sigrún Magnúsdóttir.

Nefnd þessi var skipuð í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um almenningsbókasöfn nr. 50/1976, en þar segir, með leyfi forseta:

„Menntmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.“

Hinn 8. maí 1984 bar ég fram svohljóðandi fsp.:

„*Hyggst menntmrh. leggja fram frv. til nýrra laga* um almenningsbókasöfn á því þingi sem nú situr?“

Hæstv. háv. ráðherra Ragnhildur Helgadóttir svaraði því til að tillögurnar væru til umsagnar hjá bókasafnsstjórnum og forstöðumönnum almenningsbókasafna, sveitarstjórnum og landshlutasamtökum sveitarfélaga og yrði ákvörðun tekin þegar þær hefðu borist.

Af ástæðum sem mér eru ókunnar, herra forseti, skipaði hæstv. núv. menntmrh. nýja nefnd s.l. haust, en í henni áttu sæti Páll Líndal lögfræðingur, formaður, Hrafn Harðarson bókasafnsfræðingur í Kópavogi og Ingimundur Einarsson bæjarlögmaður í Hafnarfirði, og áttu þeir að vinna drög að frv. Munu þeir hafa skilað þeim s.l. vor. Bókafulltrúi ríkisins, Stefanía Júlíusdóttir, fékk þau til umsagnar, en gerði margar athugasemdir við þau og taldi þau of langt frá hinum fyrri tillögum. Því hef ég nú leyft mér að bera fram að nýju fsp. á þskj. 47 sem hljóðar svo:

„1. Hvað líður athugun menntmrn. á tillögum nefndar sem skipuð var til að gera tillögur um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna 13. febr. 1980 og lauk störfum 12. okt. 1983?

2. Hyggst menntmrh. leggja fram frv. til l. um almenningsbókasöfn á þessu þingi?“

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Vegna fyrri liðar fsp. vil ég taka fram að nefnd sú, sem þáv. menntmrh. Ingvar Gíslason skipaði til að gera heildaráætlun um uppbyggingu almenningsbókasafna og staðsetningu þeirra, skilaði grg. til ráðuneytisins með bréfi dags. 13. ágúst 1985 en ekki 12. okt. 1983 eins og segir í fsp. Í niðurlagi þeirrar greinargerðar var tekið fram að mjög almenn óánægja ríkti með gildandi lög og þess óskað eindregið að lög nr. 50 frá 1976, um almenningsbókasöfn, yrðu endurskoðuð.

Þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir ákvað síðan að svo skyldi gert og í framhaldi af því skipaði ég þá nefnd sem hv. fyrirspyrjandi upplýsti að hefði unnið að málinu með Pál Líndal sem formann. Þessi nefnd skilaði áliti í marsmánuði s.l. og drögum að frv. til nýrra laga. Athugasemdir hafa komið fram við áðurgreind frumvarpsdrög í mjög mörgum greinum og eru þau enn til athugunar í ráðuneytinu.

Vegna síðari liðar fsp. tek ég fram að svarið er já. Ég hef í hyggju að leggja fram frv. til l. um almenningsbókasöfn á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svarið, en heldur þótti mér það snubbótt. Í núverandi lögum um almenningsbókasöfn nr. 50 frá 1976 segir svo um markmið þeirra, með leyfi forseta:

„Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnun fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar".

Sú stefnumörkun sem hér kemur fram er í fullu samræmi við yfirlýsingu UNESCO um hlutverk almenningsbókasafna.

Nú er alveg ljóst að flest sveitarfélög landsins eru gersamlega vanmáttug til að veita til bókasafnanna því fé sem þarf til þess að þau nálgist það markmið sem þeim er sett.

Nú hafa menn um langt skeið lýst ótta sínum um að bókin sem slík hljóti að fara halloka í baráttunni við nýja fjölmiðla, að börnin hætti að lesa, en verði í stað þess algerlega háð hinu myndræna efni o.s.frv. Óttist menn þessa þróun má ástand almenningsbókasafna ekki vera eins og það er nú þar sem segja má að einungis á þéttbýlustu svæðunum sé nokkur mynd á þjónustu almenningsbókasafna.

Þá vil ég leiðrétta hæstv. ráðh. eða skýra fullyrðingu mína. Með þeirri skýrslu og þeim tillögum sem ráðuneytinu barst fylgdi bréf. Það er ég með í höndunum og er það sannarlega dagsett, hæstv. ráðh., 12. okt. 1983 og undirskrifað þá. En það er algjört aukaatriði.

Hitt er meira áhyggjuefni að ég veit ekki alveg hvort hæstv. ráðh. trúir því sjálfur að hann beri fram frv. til nýrra laga um almenningsbókasöfn á þessu þingi þar sem skýrar er kveðið á um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi rekstur bókasafna. Mér hefur verið tjáð að allar líkur séu á að enn verði skipuð ný nefnd. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh. hvort einhver fótur sé fyrir því og þá hvers vegna sú nefnd komi til starfa ofan á þær nýtanlegu tillögur sem lágu fyrir frá hinni upphaflegu nefnd svo að þingið fái að vita í raun og veru hvort þess megi vænta að nýtt frumvarp verði lagt fram. En ég vona það og treysti því að hæstv. núverandi menntmrh. beiti sér fyrir því að Íslendingar eignist almenningsbókasöfn sem starfi í samræmi við yfirlýsta stefnu UNESCO um þjónustu almenningsbókasafna.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Eins og ég tók fram hafa komið fram mjög ítarlegar og að mínum dómi alvarlegar athugasemdir frá bókafulltrúa ríkisins við drögin sem nefnd Páls Líndals lagði fram og ég get ekki betur séð en bókafulltrúinn hafi í mörgu lög að mæla. M.a. gagnrýnir hún mjög harkalega að þessi nefnd, sem samdi drögin, hafi farið mjög á snið við niðurstöður fyrri nefndar og hennar álit. Ég hlýt að hafa áhyggjur þess vegna. En ég hef dálítið velt fyrir mér aðferðinni um framhaldið. Ég er ekki í þeim stellingum að fara að skipa nýja nefnd, en ég get ekki neitað því að ég hef leitt hugann að því að kalla menntmn. mér til aðstoðar í málinu. Kemur það þá fram mjög innan tíðar á hvaða ráð ég bregð því að málið er mjög mikilvægt.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég skal hafa fulla samúð með núverandi hæstv. menntmrh. vegna þess að síðari nefndin var skipuð gjörsamlega að þarflausu. Fyrir lágu tillögur sem velflestir hefðu getað komið sér saman um og hin síðari nefnd varð eingöngu til þess að rugla málið. Ég vil því biðja hæstv. menntmrh. að snúa sér að þeim tillögum og því mikla verki sem þar var unnið og þá er ég viss um að hann getur lagt fram gott og vandað frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Vistunarvandi öryrkja, ein umr.

Fsp. HS, 51. mál. — Þskj. 51.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 51 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hvenær má vænta tillagna frá stjórnskipaðri nefnd um vistunarvanda verst settra öryrkja sem komið var á laggirnar s.l. vetur? Hefur ráðherra eða nefndin einhverjar ákveðnar úrlausnir sem stefnt skal að?"

Á þingi hefur sem kunnugt er verið flutt tvívegis þáltill. um vistunarvanda verst settu öryrkjanna.

Hið fyrra sinni, vorið 1984, var till. vísað frá með rökstuddri dagskrá þar sem beinlínis sagði, í þeirri rökstuddu dagskrá, að lausn væri í sjónmáli. Ég efa ekki að menn hafi þá trúað því að svo væri. Þegar ekkert bólaði á efndum á s.l. vetri og ástandið hafði síst batnað var till. endurflutt, en rétt áður en hún skyldi afgreidd í nefnd skipaði hæstv. heilbr.- og trmrh. sérstaka nefnd til að gera tillögur um úrbætur í þessum efnum og var það af hinu góða og vel til vals vandað um nefndarmenn.

Nú hef ég heyrt að nefndin hafi tekið til við athugun þessa máls í mjög víðu samhengi og er ekkert nema gott um það að segja að þessi mál séu öll skoðuð. Hins vegar er þá spurning um hvort sá afmarkaði þáttur, sem till. laut að og krefst skjótrastrar úrlausnar, hefur verið tekin sérstaklega út úr og hvort hæstv. ráðh. eða nefndin hefur á takteinum nú eða er með á döfinni ákveðna úrlausn þessa tiltölulega afmarkaða þáttar. Um það er því spurt í ljósi þess hversu aðkallandi vandamál hér er á ferðinni og hefur of lengi óleyst legið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Austurl. um vistunarvanda öryrkja hljóðar svo:

„Hvenær má vænta tillagna frá stjórnskipaðri nefnd um vistunarvanda verst settra öryrkja sem komið var á laggirnar s.l. vetur? Hefur ráðherra eða nefndin einhverjar ákveðnar úrlausnir sem stefnt skal að?“

Nefnd sú sem fsp. vitnar til var skipuð á s.l. vetri og nefndarmenn eru þeir Ásgeir Ellertsson yfirlæknir, Björn Önundarson tryggingayfirlæknir, Haukur Þórðarson yfirlæknir á Reykjalundi, Ingibjörg R. Magnúsdóttir deildarstjóri og Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu. Er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum, en mér er kunnugt um að hún hefur aflað sér þeirra gagna sem hún þarf til að skila tillögum í þessu máli og er komin á lokastig í störfum sínum. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar mun hún skila lokatillögum sínum í næsta mánuði. Mér er einnig kunnugt um að hún tekur sérstaklega til úrlausnar vanda þess afmarkaða hóps sem hæstv. fyrirspyrjandi vísaði hér til.

Þegar svo stendur um störf nefndarinnar eins og ég hef lýst er skiljanlegt að ekki er unnt að ræða eða gera grein fyrir þeim úrlausnum sem þar eru til athugunar og vinnslu á þessu stigi, en það verður að sjálfsögðu gert þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Þar verður bent á hvaða lausnir séu tiltækar í þessu máli. Það er mín hugmynd að tillögurnar verði komnar svo snemma frá nefndinni að unnt sé, ef Alþingi fellst á það, að gera ráðstafanir á næsta ári með fjárveitingum eða öðru móti til að leysa þann vanda sem þarna er brýnastur.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðh. og þakka fyrir svörin og fagna því að hæstv. ráðh. upplýsir að lokatillögur nefndarinnar muni liggja fyrir í næsta mánuði. Þess bíð ég vitanlega fúslega að þær niðurstöður liggi fyrir.

Ekki síður ber að fagna því að hæstv. ráðh. hefur í hyggju að sjá svo til, ef mögulegt er, að fjárveitingar liggi fyrir til þessa verks þegar við næstu fjárlagagerð. Það er óneitanlega mikilvægt.

Ég veit fullvel að hér er ekki um auðleyst mál að ræða, en ég hlýt að benda á að hér er um tiltölulega fáa einstaklinga að ræða sem við vorum sérstaklega með tillögur um hér, að vísu mjög erfið tilfelli, og að því leyti til var sviðið þrengt eins og kostur var, einmitt til þess að þetta mál mætti fá skjótari úrlausn ef kostur væri. Það hefur hins vegar þvælst býsna lengi fyrir hjá okkur, bæði á Alþingi og eins í ráðuneyti, og er vissulega fagnaðarefni ef lokatillögur og framkvæmdir í kjölfarið fá nú loksins að sjá dagsins ljós og eftir því skal beðið. En á það verður líka knúið að við þessar yfirlýsingar verði staðið.

Skólamálaráð Reykjavíkur, ein umr.

Fsp. GHelg o.fl., 68. mál. — Þskj. 68.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Nýkjörin borgarstjórn Reykjavíkur stofnaði að afloknum síðustu sveitarstjórnarkosningum svonefnt skólamálaráð og samþykkti reglur um skipan og verkefni ráðsins, svonefnda „Samþykkt fyrir skólamálaráð Reykjavíkurborgar“ sem gilt hefur frá 15. júní 1986. Olli stofnun þessa nýja ráðs nokkurri undrun þar sem fræðsluráð hefur ekki verið lagt niður, svo að ekki er um að ræða sameiningu ráða. Í hinu nýja skólamálaráði sitja allir sömu fulltrúar og í fræðsluráði og ég bið hv. þm. að taka eftir því. Þá hefur borgarstjórn sett reglur um fulltrúa kennara og fækkað þeim um einn, svo að í skólamálaráði eru aðeins tveir kennarar en þrír í fræðsluráði eins og vera ber skv. ákvæðum grunnskólalaga. Fræðslustjóra hefur verið meinað að sitja fundi skólamálaráðs og fundir í fræðsluráði eru vart haldnir lengur. Hafa verið haldnir tveir fundir frá kosningum, en reglulegur fundartími fræðsluráðs, sem er venjulega vikulega, verið tekinn í fundi skólamálaráðs.

Allt er þetta hinn fáránlegasti skrípaleikur og ekki síst með tilliti til þess að skýringin á tilurð þessa nýja ráðs er 18. gr. grunnskólalaga þar sem segir að skólanefndir skuli skipaðar þar sem 900 íbúar eða fleiri eru í kaupstöðum eða kauptúnum, en það segir í d-lið sömu greinar, með leyfi forseta: „Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A.m.k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.“

En mönnum til upplýsingar á þessi leikur sér þá forsögu að síðan hæstv. þáverandi menntmrh. Ingvar Gíslason skipaði Áslaugu Brynjólfsdóttur kennara til fræðslustjóraembættisins í Reykjavík hefur allt verið reynt til að gera embættið áhrifalaust. Árið 1984, nánar til tekið 16. maí, ákváðu þau hæstv. þáverandi menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir og borgarstjórinn í Reykjavík Davíð Oddsson að stofna svonefnda skólaskrifstofu Reykjavíkur, sem Björn L. Halldórsson lögfræðingur var ráðinn til að veita forstöðu, og skyldi sú skrifstofa að meira eða minna leyti taka yfir verkefni fræðsluskrifstofunnar og þar með verkefni fræðslustjóra. Síðan hafa mál verið að flækjast milli þessara tveggja skrifstofa með ærnum tilkostnaði fyrir borgarbúa og vandræðum fyrir þá sem að fræðslumálum vinna. Er það með hreinum endemum að boðið skuli vera upp á slík vinnubrögð. Það skal tekið fram að forstöðumaður fræðsluskrifstofu hefur ekki inn í skólastofu komið til kennslu og þar af leiðandi ekki með réttindi hvorki til kennslu né skólastjórnar.

Öllum þeim málum sem fræðsluráði berast er einfaldlega vísað til skólamálaráðs og þar tekur sama fólkið við þeim að öðru leyti en því að fræðslustjórinn í Reykjavík situr ekki fundi skólamálaráðs og fulltrúar kennara eru tveir í stað þriggja. Dæmi um vandræði sem af þessu stafa er mál það sem kom upp í Fellaskóla fyrir ári eða svo þegar grunur var uppi um að of mikil asbestmengun væri í skólanum. Enn er málið að þvælast hjá skólamálaráði og svo langt hefur gengið að heilbrigðisráð borgarinnar hefur kvartað.

Ég hef þess vegna, herra forseti, beint fsp. til hæstv. menntmrh. ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur sem hljóðar svo:

„1. Telur ráðherra að stofnun skólamálaráðs Reykjavíkur samrýmist 12. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974?

2. Telji ráðherra svo vera, hver er þá verkefnaskipting milli fræðsluráðs og skólamálaráðs?

3. Hefur staða fræðslustjórans í Reykjavík breyst við þessa nýskipan fræðslumála í borginni?

4. Telur ráðherra að fræðslustjórinn í Reykjavík, sem er fulltrúi menntmrn. og Reykjavíkurborgar, eigi að hafa seturétt á fundum skólamálaráðs?

5. Telur ráðherra að nauðsyn hafi knúið á um stofnun skólamálaráðs og þá hver var hún?“

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Sú grein grunnskólalaganna nr. 63 frá 1974 sem hér er vísað til fjallar einvörðungu um starfsemi fræðsluráðs, þ.e. í 1. lið fsp. Samkvæmt samþykkt borgarráðs Reykjavíkur um skólamálaráð eru því falin þrjú meginhlutverk, þar af aðeins eitt sem snertir grunnskóla og sem ekki verður talið að fræðsluráð eigi lögum samkvæmt að hafa með höndum.

Varðandi verkaskiptingu fræðsluráðs og skólamálaráðs verður að hafa í huga samkomulag sem gert var í maí 1984 milli menntmrn. og borgarstjórans í Reykjavík með stoð í 15. gr. grunnskólalaga, en þar segir m.a. að fræðsluráði sé heimilt að semja svo við landshlutasamtök, þ.e. sveitarfélög, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntmrn. til. Áðurnefnt samkomulag ríkis og Reykjavíkur var gert eftir að borgin hafði ákveðið að stofna skólaskrifstofu. Var skrifstofunni með samkomulaginu falið að annast þau verkefni er teljast verkefni sveitarfélaga varðandi stofn- og rekstrarmálefni grunnskóla samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls.

Samkvæmt samþykkt fyrir skólamálaráð er því ætlað að fjalla um þau verkefni er skólaskrifstofu eru falin með áðurgreindu samkomulagi. Jafnframt er skólamálaráði ætlað að fjalla um rekstrarmálefni framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af borg og ríki og einnig um fullorðinsfræðslu á vegum borgarsjóðs. Það hlutverk er lýtur að stofn- og rekstrarmálefnum grunnskóla sem skólamálaráði er ætlað samkvæmt samþykkt borgarráðs er í raun aðeins nánari útfærsla á áðurnefndu samkomulagi frá 1984. Verður ekki séð af samþykkt fyrir skólamálaráð að því sé ætlað að yfirtaka að neinu leyti lögbundið hlutverk fræðsluráðs skv. 12. gr. grunnskólalaga, enda slíkt óheimilt nema með lagabreytingu.

Að framansögðu breytist lagaleg staða fræðslustjórans í Reykjavík ekki við tilkomu skólamálaráðs. Þar sem skólamálaráð fjallar um þann hluta stjórnar skólamála í höfuðborginni sem að borgaryfirvöldum snýr er það þeirra að ákveða hverjir hafa þar seturétt því að einsýnt er að borgaryfirvöld hefðu ekki sett á stofn skólamálaráð án þess að nauðsyn bæri til.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Þetta mál geldur þess að lítill tími er til umræðna og nær ógerningur að skýra fyrir þeim sem ekki eru gerkunnugir málinu það sem hér er um að ræða. Hæstv. menntmrh. veit líka ofurvel að það er ekki haus eða hali á því sem hann var að segja þó ég þakki honum að sjálfsögðu fyrir svörin.

Ég er með í höndunum svokallaða „Samþykkt fyrir skólamálaráð Reykjavíkurborgar“. Hún er að mestu leyti efnislega samhljóða því sem sagt er um verkefni fræðsluráðs. Ég sat fjögur ár í borgarstjórn Reykjavíkur og ég varð aldrei vör við það og ég held enginn félaga minna þar að fræðsluráð Reykjavíkur réði ekki við þau störf sem því voru ætluð. Hæstv. ráðherra minntist á að bætt hefði verið á skólamálaráð eftirliti með framhaldsskólum sem borg og ríki réðu. Það er hreinlega heimild fyrir því í grunnskólalögum að fræðsluráð megi annast það líka. Það hefði ekki þurft að valda neinum vanda.

Sannleikurinn er ósköp einfaldlega sá að hér er á ferð miklu alvarlegra mál en þm. almennt gera sér ljóst. Hér er einfaldlega um að ræða pólitískar ofsóknir á hendur embættismanni ríkis og Reykjavíkurborgar. Allur sá fjáraustur sem hefur farið í að

ónýta störf þessa embættismanns er fyrir neðan allar hellur. Fólk veit ekki lengur hvert það á að senda erindi sem varða kennslumál í bænum vegna þess að skólamálaráð er alveg tvímælalaust gersamlega ólöglegt fyrirbæri. Ég öfunda ekki hæstv. ráðherra og skal ekkert vera að níðast á honum hér að þurfa að svara þessu, enda á hann svo sem ekki mikla sök á þessu. En ég held að alþm. ættu að vera vakandi fyrir yfirgangi sem þessum og það sætir næstum furðu að Alþingi skuli ekki fyrir löngu hafa mótmælt hvernig hér er staðið að verki.

Herra forseti. Ég hlýt að ljúka máli mínu. Ég sé að tími minn er þrotinn, því miður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Athugasemd mín skal vera örstutt. Það er einungis vegna þessa máls sem nokkuð var á döfinni í minni menntamálaráðherratíð. Ég vil leiðrétta eitt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þar sem hún vísaði til þess tíma er fræðslustjórinn í Reykjavík hefði verið skipaður til þess starfs og átti þá við embættisverk fyrirrennara míns, hæstv. forseta Nd. Ingvars Gíslasonar.

Þannig var að fræðslustjórinn í Reykjavík var ekki skipaður í menntamálaráðherratíð hv. 1. þm. Norðurl. e. heldur settur. Setningin var framlengd og skipun fékk ekki fræðslustjórinn í Reykjavík fyrr en eftir að aðgreiningin átti sér stað milli skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar og fræðsluskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fyrst hv. þm. er að tala um að menn þurfi að hafa réttar upplýsingar um þetta er rétt að það liggi fyrir staðreynd málsins að þessu leyti til. Ég skipaði Áslaugu Brynjólfsdóttur í embætti fræðslustjóra Reykjavíkur eftir að fræðsluskrifstofan var orðin sérstofnun og skólaskrifstofan sér og þar var ákveðið hver væru verkefni fræðsluskrifstofu og að fræðslustjóri væri embættismaður ríkisins. Þetta vildi ég að fram kæmi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Þetta er hárrétt hjá hæstv. heilbrmrh. Til þess að losna við að reka fræðslustjórann í Reykjavík úr embætti var tekið það ráð (**Heilbr.- og trmrh.:** Þetta er rangt.) að gera embættið fyrst nokkurn veginn gagnslaust og leyfa því síðan að lifa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mótmæli hinum ósanna áburði sem hv. þm. leyfir sér að hafa hér í frammi. Til stóð ekki af minni hálfu að reka fræðslustjórann í Reykjavík. Það er alrangt. Þar með tekur hún undir blekkingar sem e.t.v. var haldið uppi af einhverjum ósvífnum aðilum. Það er auðvitað mál hv. þm., en ég andmæli þessum áburði sem röngum, ósönnum og ósæmilegum.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Ég er fyrirspyrjandi, en ætla alls ekki að hefja almennar umræður, en hins vegar kemst ég ekki hjá því að lýsa þeirri almennu skoðun minni, vegna þess sem hér hefur komið fram og ég held að það hljóti að vera skoðun fleiri hv. þm., að aðferð borgarstjórnar Reykjavíkur er býsna útsmogin til að fara í kringum lög, hvað sem öðru líður.

Mér finnst það vera býsna alvarlegt mál þegar borgarstjórn, kannske með leyfi og samþykkt menntmrh., víkur í rauninni til hliðar lögboðinni nefnd sem hefur mjög mikilvægum störfum að gegna eins og fræðsluráð vissulega hefur. Þetta fræðsluráð er óneitanlega skipað samkvæmt grunnskólalögum og það er menntmrh. að sjálfsögðu sem á að vernda réttarstöðu fræðsluráðs. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að skora á hæstv. menntmrh., sem ég veit reyndar að er sanngjarn maður í eðli sínu, að beita sér bæði í orði og verki gegn því að svona valdníðsla eigi sér stað, valdníðsla sem kemur niður á stjórnunarstofnun sem heyrir undir embætti hans og beinlínis gagnvart embættismanni sem einnig heyrir svo sannarlega undir hans embætti.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég held að þó ekki væri nema til annars en hætta þessum farsa, sem orðinn er með annars vegar skólanefnd og hins vegar fræðsluráði, sé rétt að þingheimur taki undir áskorun síðasta ræðumanns um að menntmrh. beiti sér fyrir því að þeirri valdníðslu og pólitísku ofsóknum, sem borgarstjórnin í Reykjavík stendur fyrir í þessu máli, linni.

Skógrækt ríkisins, ein umr.

Fsp. MMS, 76. mál. — Þskj. 76.

Fyrirspyrjandi (Magdalena Margrét Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég ber fram fsp. til landbrh. um starfsemi Skógræktar ríkisins. Í 1. gr. laga um Skógrækt ríkisins segir:

„Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði að vernda, friða og rækta skógarleifar sem eru í landinu, að græða upp nýja skóga þar sem henta þykir, að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það sem að skógrækt lýtur. Til þess að ná þessum markmiðum starfa skógræktarstjóri og skógarverðir.“

Skógrækt ríkisins starfrækir á nokkrum stöðum á landinu ræktunarstöðvar. Það er augljóst að slík starfsemi er mikil lyftistöng fyrir allt ræktunarstarf í þeim landshluta og sú þekking sem þar er nýtist langt út fyrir viðkomandi gróðrarstöðvar. Aðrir landshlutar eru nær algerlega án þjónustu þessarar stofnunar. Þannig er t.d. á Vestfjörðum að þrátt

fyrir að þar séu 21% þess landsvæðis sem birkikjarr vex á hér á landi er ekki nema mjög lítið af starfsemi Skógræktar ríkisins þar.

Þar sem skógrækt er ekki lengur áhugamál fáeinna sérvitringa heldur vænleg búgrein er mikils um vert að landkostir til skógræktar séu með vísindalegum hætti og ræktunarmöguleikar kannaðir um land allt. Þess vegna spyr ég hæstv. landbrh.:

„1. Hvernig skiptist fjármagn Skógræktar ríkisins á milli kjördæma?

2. Hve margir skógarverðir eru starfandi hjá Skógrækt ríkisins og hve margir starfa í hverju kjördæmi?"

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Vestf. voru sendar til Skógræktar ríkisins og óskað eftir upplýsingum þaðan. Við fyrri fsp. kemur það svar að rekstrardeildir Skógræktar ríkisins séu ekki skipulagðar eftir kjördæmum nema að nokkru leyti a.m.k. og fyrir því sé ekki hægt að svara spurningunni nákvæmlega.

Hins vegar er gefin upp sundurliðuð áætlun fyrir árið 1986 með skiptingu á rekstrardeildir. Hún er þannig að á Suðvesturlandi, sem nær yfir Reykjanes og einnig Þingvallasvæðið, eru bruttóútgjöld áætluð 1 millj. 473 þús. kr. Síðan kemur gróðrarstöð á Grundarhóli í Kollafirði. Hennar útgjöld eru áætluð 3 millj. 531 þús. kr. Þriðja svæðið er Borgarfjarðarsýsla. Þar eru útgjöldin áætluð 3 millj. 627 þús. kr. Þá eru saman Vesturland norðan Hvítár og Vestfirðir og þar eru áætluð útgjöld 3 millj. 610 þús. kr. Norðurland vestra: 1 millj. 164 þús. kr. Norðurland eystra: 6 millj. 35 þús. kr. Austurland: 10 millj. 373 þús. kr. Þar af eru eigin tekjur reyndar 5 millj. 410 þús. kr. Þær eru mismunandi miklar á einstökum svæðum. Síðan eru Tumastaðir, gróðrarstöð: 5 millj. 195 þús. kr. Þar af eru eigin tekjur 3 millj. 430 þús. kr. Suðurland fyrir utan Tumastaði og Þingvallasvæðið: 6 millj. 75 þús. kr. Að lokum er Haukadalssvæðið á Suðurlandi sér með 3 millj. 144 þús. kr. Svo er kostnaður aðalskrifstofu og rannsóknarstöðva og er þá miðað við að þær starfi fyrir landið allt. Það eru 13 millj. 175 þús. kr. Alls eru bruttóútgjöld Skógræktar ríkisins áætluð 57 millj. 404 þús. kr. Eigin tekjur 21 millj. 237 þús. kr. en ríkisframlagið 36 millj. 167 þús. kr.

Við annarri spurningunni um skógarverði er það svar að sá telst skógarvörður sem er yfir hverri rekstrardeild utan aðalskrifstofu, rannsóknastöðvar og Haukadalssvæðisins, en deildarstjóri á aðalskrifstofu sér um rekstur Haukadals eins og skógarvörður mundi gera. Skógarverðir eru níu með starfsheiti og þeir eru á þeim svæðum sem ég gat um. Það eru Suðvesturlandssvæðið, Gróðrarstöðin í Kollafirði, Borgarfjarðarsýsla, Vesturland norðan Hvítár og Vestfirðir, Norðurl. v., Norðurl. e., Austurland, Tumastaðir og Suðurland að öðru leyti.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að nýta landkosti til skógræktar. Þar hefur verið unnið undirbúningsstarf, með þeirri úttekt sem fram kemur í drögum að landnýtingaráætlun, þar sem eru dregin upp á kort þau svæði sem talin eru líklegust til skógræktar. Síðan eru áform hjá Skógræktinni að útfæra nánar þessa áætlun á næstu árum með sérstakri úttekt, þannig að þá mundi það liggja betur fyrir sem fram kom í máli fyrirspyrjanda hvað þá væri mikið af Vestfjörðum sem væri talið æskilegt og hagkvæmt til skógræktar.

Fyrirspyrjandi (Magdalena Margrét Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Áhugi almennings á skógrækt hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár. Því er mikils um vert að sá áhugi verði virkjaður en kunnáttu er víða ábótavant úti um land eins og fram kemur í grg. erindreka Skógræktarfélags Íslands eftir ferðir hans um landið s.l. tvö sumur. En þar segir Brynjólfur Jónsson sem starfaði sem erindreki Skógræktarfélags Íslands tvo mánuði hvort sumar, með leyfi herra forseta:

„Að fenginni reynslu í fyrra og í sumar er hvað athygli verðast hve áhugi almennings er mikill fyrir trjárækt og skógrækt í víðtækri merkingu. Að sama skapi kemur fram hin dapurlega staðreynd að þekkingarskortur er í sama hlutfalli við áhugann."

Því er nauðsyn að sú þekking sem til er í landinu verði nýtt víðar en nú er því þar sem áhugi og þekking fara saman er mikilla framfara að vænta.

Skipan í héraðslæknisembætti á Vestfjörðum, ein umr.

Fsp. KP, 81. mál. — Þskj. 81.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Fyrir nokkru síðan urðu mannaskipti í embætti héraðslæknis á Vestfjörðum. Þeir hlutir sem þar gerðust hafa verið umdeildir. Sú ákvörðun sem tekin var af hálfu hæstv. heilbrmrh. hefur verið mjög svo umdeild fyrir vestan.

Hv. þm. er öllum ljóst að númer eitt er að byggja upp og hlúa að heilsugæslu og heilbrigði í landinu, og það er auðvitað númer eitt að þeir sem fara fyrir séu leiðarljós til þess að nýtt séu öll tækifæri og leitað allra leiða til þess að veita almenningi í landinu sem öruggasta og heilbrigðasta þjónustu.

Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. og byggi þær á þeim umdeildu atriðum sem átt hafa sér stað og þeirri ákvörðun sem tekin var. Mér er að vísu ljóst að henni verður ekki breytt héðan af. En það sem gerst hefur gæti verið leiðarljós til handa þeim sem í framtíðinni kunna að fara með þessi mál og stjórna heilbrigðiskerfinu í landinu.

Ég vil með örstuttum orðum gera grein fyrir fsp. og sú grein er vegna bréfs sem ég veit ekki betur en allir hv. þm. Vestfjarðakjördæmis hafi fengið og

leyfi mér, herra forseti, að lesa örstuttan kafla úr þessu bréfi, þessari greinargerð. Það hljóðar svo:

„Þar sem ég undirritaður hef nú látið af störfum héraðslæknis Vestfjarða gegn eigin vilja eftir fimm ára starf þykir mér rétt að gera lítillega grein fyrir staðreyndum málsins þar sem það tengist nokkuð hagsmunum Bolvíkinga.

Í maí s.l. var mér veitt staða heilsugæslulæknis á Akureyri frá og með 1. okt. n.k. Hinn 25. júní var embætti heilsugæslulæknis í Bolungarvík auglýst laust til umsóknar og var umsóknarfrestur einn mánuður. Hinn 6. ágúst fékk ég loks um það upplýsingar að enginn hefði sótt um stöðuna. Taldi ég umsóknarfrest hafa verið heldur stuttan og vildi freista þess að reyna hvort einhver sérmenntaður heimilislæknir væri ekki fáanlegur til starfa hingað að vori ef næsti vetur yrði notaður til þreifinga og kynningar. Taldi ég að ýmis starfsemi heislugæslustöðvarinnar, svo sem tölvuskráning, forvarnir o.fl. mundi bíða hnekki ef starfinu yrði sinnt af reynslulitlum hlaupalæknum. Af því tilefni bauðst ég til þess í símtölum við ráðuneyti heilbrigðismála og landlæknisembættið hinn 11. ágúst s.l. að sitja kyrr í Bolungarvík til vorsins og sinna áfram starfi heilsugæslulæknis hér, svo og starfi héraðslæknis Vestfjarða. Sótti ég um leyfi frá störfum á Akureyri með bréfi 12. ágúst.

Þessu var hafnað af hálfu hæstv. heilbrmrh."

Ég fer ekki lengra í þessu bréfi að sinni, mun kannske koma að því síðar, en ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi: Hvaða sjónarmið lagði ráðherra til grundvallar er hún skipaði í stöðu héraðslæknis Vestfjarða nýlega? Og í öðru lagi: Hvers vegna var fyrrverandi héraðslæknir ekki skipaður í stöðuna á ný?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. spyr: Hvaða sjónarmið lagði ráðherra til grundvallar er hún skipaði í stöðu héraðslæknis Vestfjarða nýlega? Og svarið er: Það sjónarmið að farið skuli að lögum. Skv. 6. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn, í Reykjavík borgarlækni. Það er því öldungis ljóst að ekki verður samkvæmt þessu skipaður héraðslæknir læknir sem ljóst er og ákveðið að verði ekki í héraðinu næstu fjögur árin.

Þegar kom til skipunar í þetta embætti á liðnu sumri voru eingöngu þrír læknar með skipun í heilsugæslulæknisstöður á Vestfjörðum, en frá því er lögum var breytt í núverandi horf varðandi læknishéruðin 1978 hefur þeirri reglu ávallt verið fylgt að skipa eingöngu í embætti héraðslækna þá sem hefðu skipun sem heilsugæslulæknar. Þegar fyrrv. héraðslæknir Vestfjarða var skipaður á sínum tíma var hann eini heilsugæslulæknirinn í héraðinu sem skipun hafði. En úr hópi þessara þriggja lækna skipaði ég í sumar þann lækni sem lengstan hafði starfstímann og lengstan skipunartímann sem heilsugæslulæknir á Vestfjörðum og þar með varð héraðslæknir fyrsta konan sem því embætti gegnir eftir skipan hinna nýju laga.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda er: Hvers vegna var fyrrv. héraðslæknir ekki skipaður í stöðuna á ný? Og svarið er hið sama og við fyrri spurningunni: Vegna þess að fara þarf að lögum. Þegar afstaða var tekin til skipunar héraðslæknis Vestfjarða hafði fyrrv. héraðslæknir skv. eigin umsókn verið skipaður heilsugæslulæknir á Akureyri frá og með 1. okt. s.l. Hafði honum skv. því verið veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis í Bolungarvík frá og með sama tíma. Það er því ljóst að ekki var unnt, þegar þrír skipaðir heilsugæslulæknar voru í héraðinu, að skipa sem héraðslækni í héraðinu mann sem var heilsugæslulæknir á Akureyri.

Með vísun til þess sem að framan greinir kom það auðvitað ekki til greina með neinu móti að hann yrði héraðslæknir þó að síðar hefði verið ákveðið að hann yrði settur sem heilsugæslulæknir í Bolungarvík til vors. Þar með gat ekki orðið í samræmi við lögin að hann yrði skipaður héraðslæknir í næstu fjögur ár. En hann fékk leyfi frá Akureyri frá því er hann hefði þurft að fara þangað og var það út af fyrir sig fagnaðarefni að hann skyldi fást til þess að gegna heilsugæslulæknisstarfinu í Bolungarvík til vors, en hann hafði verið vinsæll og ágætur læknir því héraði. Ef hann hefði setið áfram í Vestfjarðahéraði hefði hann að sjálfsögðu verið endurskipaður eins og gert var með alla aðra héraðslækna nú í sumar, en lagalegar forsendur skorti fyrir því eins og hér hefur komið fram.

Að því er varðar hin tilvitnuðu atriði úr grg. sem hv. fyrirspyrjandi las áðan vil ég gera athugasemd við þrjú atriði sem hv. fyrirspyrjandi las. Í fyrsta lagi var það að hann færi úr héraðinu gegn eigin vilja: Þær upplýsingar sem ég hef eru að þegar menn sækja um embætti og þar á meðal á móti öðrum mönnum og þeim er veitt það embætti, þá er það ekki gegn þeirra eigin vilja heldur í samræmi við eigin vilja. Annað er a.m.k. alveg nýtt viðhorf.

Enn fremur að enginn hefði sótt um stöðuna: Það lá einmitt fyrir umsókn frá ungum sérmenntuðum heimilislækni sem er að ljúka sérmenntun sinni í Svíþjóð en er ekki tilbúinn til að taka við stöðunni fyrr en á sumri komanda. Þangað til er fyrrv. héraðslæknir skipaður heilsugæslulæknir á Bolungarvík. Umsókn unga læknisins var um heilsugæslulæknisstarf á Bolungarvík. Þetta vildi ég að fram kæmi og við þetta má svo bæta að fyrrv. héraðslæknir bauðst til þess að vera áfram héraðslæknir, sem að vísu var ekki hægt undir neinum kringumstæðum af lagalegum ástæðum, og auk þess bauðst hann til þess hinn 11. ágúst, er þegar hafði verið gengið frá því við núverandi héraðslækni að hún tæki við stöðunni.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir

svörin og mér heyrist að hæstv. núv. menntmrh. sé ánægður með þau. En það er auðvitað hans mál.

Ég vil vitna til þess sem hæstv. ráðherra sagði. Hún sagði: skipaður að lögum. Og ég vitna til þess sem segir í greinargerð viðkomandi læknis og þar segir, með leyfi forseta:

„Í 6. gr. heilbrigðisþjónustulaganna nr. 59/1983 segir svo:

„Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.“ Ljóst er af þessari lagagrein að hefði ég verið settur heilsugæslulæknir í Bolungarvík til næsta vors eins og ég bauðst til hefði ég að sjálfsögðu verið starfandi heilsugæslulæknir í héraðinu og því bær að sinna störfum héraðslæknis. Hins vegar hefði orðið að leita afbrigðis varðandi tímalengd setningar og var mjög eindregið mælt með því af landlæknisembættinu að undanþágu yrði leitað.“ Þannig að það voru engin lög sem komu í veg fyrir það að farin yrði hin eðlilega leið og sjálfsagða með fyrrverandi héraðslækni.

Hér er að mínu viti gengið á svig við eðlileg vinnubrögð. Og ég ítreka að viðkomandi læknir, án þess að ég vilji vera að draga inn nöfn eins eða annars, telur að sér hafi verið ýtt úr starfi. Í hans greinargerð dregur hann saman sín viðskipti við hæstv. heilbrmrh., með leyfi forseta:

„1. Heilbrmrh. vanmetur þörf Bolvíkinga og annarra landsmanna fyrir samfellda læknisumsjá, þ.e. setu heilsugæslulæknis til lengri tíma.“

Þetta er númer eitt, þetta er rétt.

„2. Heilbrmrh. gerir sér ekki grein fyrir því hve erfitt er að fá fasta lækna að einyrkjastöðvum, þ.e. H1-stöðvum, í dreifbýli. Hún hafnar því tilboði sem leyst hefði vanda Bolvíkinga á næsta vetri.

3. Heilbrmrh. sviptir verðandi héraðslækni möguleikanum á að starfa við hlið hins fráfarandi næsta haust og vetur svo sem orðið hefði samkvæmt samkomulagi við þann sem var skipaður á eftir. Sýnir þetta hversu hátt hæstv. ráðherra metur hlutverk fyrrv. héraðslæknis.

4. Heilbrmrh. metur lítils viðleitni undirritaðs í starfi heilsugæslulæknis í Bolungarvík í sjö ár og í starfi héraðslæknis Vestfjarða s.l. fimm ár.“

Ég held að þessi orð, höfð eftir jafngrandvörum manni og hér á hlut að máli, segi nánast allt um það hvað hefur gerst í þessu máli. Og kannske hefur það verið fyrst og fremst það sem réði. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi sagt: Þetta er fyrsta konan sem gegnir slíku embætti án þess að ég sé á nokkurn hátt að kasta rýrð á viðkomandi lækni. Ég hygg að með því að draga þetta fram í umræðu ætti þetta að geta orðið að kenningu þeim sem á eftir koma þannig að vinnubrögð af þessu tagi innan heilbrigðiskerfisins, ég tala nú ekki um þeirra sem ráða ferðinni þar, ættu að vera liðin tíð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ef kenningar hv. fyrirspyrjanda ættu að gilda fyrir eftirmenn mína í embætti heilbr.- og trmrh. ætti það í stuttu máli að vera þannig að fara ætti í kringum lögin, skipa þá sem séð væri að ekki yrðu á staðnum til þess að uppfylla skilyrði laganna og auk þess að leita neyðarúrræða þegar engin neyð væri fyrir hendi. Ég skil ekki svona röksemdir og ég er ansi hrædd um að hv. fyrirspyrjandi hafi ekki athugað að það bréf sem hann er með í höndum núna er úrelt orðið fyrir lifandis löngu. Í því stendur að vanmetin sé þörf Bolvíkinga fyrir samfellda læknisþjónustu og hafnað sé tilboði sem bjargað hefði þeim í læknisleysi í vetur. Þessu hefur bara alls ekki verið hafnað. Viðkomandi læknir var settur og er settur og gegnir þessu starfi í vetur. Það eina sem skilur á milli er að hann er ekki héraðslæknir. Og þrátt fyrir lagalegar útlistanir hv. fyrirspyrjanda um að það hefði nú bara aldeilis mátt gera viðkomandi lækni að héraðslækni þó að áskilið sé í lögunum að það eigi að skipa hann til fjögurra ára, þó að hann ráðleggi nú að ekki sé eftir þessu farið, verð ég að afþakka þessa ráðleggingu.

Það má náttúrlega segja að það þarf stundum, ef algjör neyð er — hefði enginn skipaður heilsugæslulæknir verið til í héraðinu hefði auðvitað orðið að leita annarra leiða. En þeir voru bara þrír og þar að auki hver öðrum hæfari menn. Og vissulega hefur fráfarandi héraðslæknir gert marga ágæta hluti, en þessi ráðstöfun segir bara ekki nokkurn skapaðan hlut um það. Þetta var mál sem einfaldlega var ekki hægt að afgreiða með öðrum hætti en að skipa nýjan mann. Og ég hef aldrei heyrt það fyrr að talað sé um vanmat á störfum manns þegar hann er skipaður í eftirsótt embætti í höfuðstað Norðurlands og tekinn þar fram yfir ýmsa aðra. Ég hef aldrei heyrt slíkt túlkað sem vanmat á hæfni manns. Mér þykir það einkennilegt viðhorf til Norðlendinga ef það er talið eitthvert vanmat á hæfni manns að vera skipaður í eftirsótt læknisstarf á Akureyri þannig að þetta held ég að sé allt meira og minna á misskilningi byggt, í fyrsta lagi í þeirri grg. sem hv. fyrirspyrjandi las, enda var það svo að mér var í raun og veru aldrei send þessi greinargerð. Ég frétti af henni og þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri lesnar glefsur úr henni, enda skiptir það ekki máli. Málið liggur eins kristallsljóst fyrir og tært sem verið getur. Læknismál Bolungarvíkur eru leyst og þetta er einhver skringileg innansveitarkróníka einhvers tiltekins hóps manna þar, eitthvað frá löngu liðinni tíð, sem er bara ekki lengur á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Jafnstutt athugasemd og hæstv. ráðherra, er það ekki? (**Forseti:** Hæstv. ráðherra talaði ekki undir því fororði að hann væri að gera örstutta athugasemd. Hæstv. ráðherra talaði sem ráðherra.) Að sjálfsögðu talar hæstv. ráðherra sem ráðherra.

Það er augljóst að hæstv. heilbrmrh. hefur ekkert sett sig inn í það sem er að gerast úti í hinum dreifðu

byggðum að því er varðar læknisþjónustu. Það var auðheyrt á hans mæli áðan. Ég tel mig þekkja nokkuð betur til í þeim efnum og ég er út af fyrir sig ekki hissa þó að ýmsir af landsbyggðinni gagnrýni harkalega vinnubrögð núv. hæstv. heilbrmrh. að því er varðar þessi mál. Þar virðist þröngsýnin einvörðungu ríkja. Hæstv. ráðherra kvartaði undan því að hann hefði ekki hafnað starfi viðkomandi héraðslæknis. Hæstv. ráðherra hafnaði því formlega að viðkomandi einstaklingur héldi áfram starfi sem héraðslæknir tiltekinn tíma. Ég sé ekki að það sé hægt að hafa annað sjónarmið uppi varðandi svona vinnubrögð en að starfi mannsins sé hafnað. Ég er ekki hissa á því og verð ekki hissa á því ef það heldur áfram, eins og hefur gerst undir stjórn hæstv. núv. heilbrmrh., að meira og minna molni úr þjónustunni við landsbyggðina. Vonandi verður ekki svo. En ég hygg að hæstv. ráðherra hafi heyrt það víðar en frá mér að ýmsir sem gegna starfsemi varðandi heilbrigðisstéttirnar úti um landið eru sáróánægðir með það hvernig haldið er á málum af hálfu hæstv. heilbrmrh. Það er skilningsleysi, það er þekkingarleysi sem þar ræður ferðinni og hæstv. ráðherra ætti, og ég ræð honum heilt, að kynna sér betur þörfina fyrir ábyrga aðila til starfa í heilsugæslukerfinu og heilbrigðisþjónustunni úti á landsbyggðinni. Þar er þörfin fyrir fólk sem vill vinna, hefur hæfileikana og hefur sýnt að það er starfi sínu vaxið. Ég efast um að víða finnist eins vel uppbyggt kerfi eins og fyrrv. héraðslæknir á Vestfjörðum byggði upp að því er varðar Vestfirði. Og slíkum mönnum á að reyna að halda á þeim svæðum sem mest þurfa á þeim að halda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég má til með að fá að gera örstutta athugasemd þegar mér er lagt það út sem skilningsleysi á þörf landsbyggðarinnar fyrir læknisþjónustu og fyrir þjónustu hæfra manna að sú skipan mála er nú eins og hún er. En þannig er málum farið að hinn nýi héraðslæknir er þaulreyndur læknir með mjög mikla þekkingu og hefur mjög góðan orðstír. Á Bolungarvík er settur heilsugæslulæknir sá hinn sami læknir og hv. fyrirspyrjandi er að ræða um og í vor þegar hinn fyrrv. héraðslæknir fer frá Bolvíkingum, skv. hans eigin ósk, tekur þar við ungur maður, sérmenntaður í faginu, einmitt sami maðurinn, að því er ég best veit, og núv. settur heilsugæslulæknir, sem sagt fyrrv. héraðslæknir, vildi helst fá sem eftirmann sinn. Ég vil að þetta sé ljóst. Það má vera að hv. þm. telji að þetta sé skilningsleysi. Svo er að sjá sem hann skilji ekki staðreyndirnar í málinu.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, þriðjudaginn 28. okt., að loknum 8. fundi.

Fíkniefnamál.

Beiðni JS o.fl. um skýrslu, 80. mál. — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 36 shlj. atkv.

Kosning varamanns í stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. í stað Boga Nilssonar sem sagt hefur starfi sínu lausu. Kosningin gildir til 3. júní 1987.

Fram kom einn listi með einu nafni. Skv. því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Ásmundur Ásmundsson stýrimaður, Reyðarfirði.

Kosning aðalmanns og varamanns í yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis í stað Boga Nilssonar og Margeirs Þórormssonar, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanns og varamanns kom fram einn listi með einu nafni og samkvæmt því voru kosnir án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður: Pétur Blöndal.

Varamaður: Tryggvi Karlesson.

Mismunun gagnvart konum hérlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og GHelg, 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Jöfnun húsnæðiskostnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Byggðastefna og valddreifing, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 39. mál. — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS og KolJ, 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Réttarstaða heimavinnandi fólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Málefni Nikaragúa, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 64. mál. — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 40 shlj. atkv.

Samningur milli Íslands og Bandaríkjanna, síðari umr.

Stjtill., 20. mál (sjóflutningar varnarliðsins). — Þskj. 20, n. 91 og 103.

Frsm. meiri hl. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Ég vil geta þess strax að ég er ekki frsm. allrar nefndarinnar heldur meiri hl. nefndarinnar, sex nefndarmanna, en einn skilar séráliti eins og hv. þm. sjá á borðum sínum.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum frá því að það var hér til fyrri umr. og auðvitað er málið margrætt áður í utanrmn. Raunar var þetta plagg rætt í nefndinni áður en það var kunngjört almenningi þar sem nefndarmenn urðu sammála um að sú málsmeðferð væri rétt að málið gengi til Alþingis til samþykktar eða synjunar. Um það voru nefndarmenn allir sammála áður en málið var flutt í hv. Sþ.

Eins og menn minnast urðu allmiklar og snarpar umræður um þetta mál hér við fyrri umr., ekki nema gott eitt um það að segja, en þar komu fram ýmsar óskir um nánari skýringar og athuganir sem embættismenn utanrrn. síðan hafa unnið að og skal ég með fáum orðum lýsa nokkru af því sem þar kemur fram og rætt var á fundi nefndarinnar í gærmorgun.

1. 4. gr. kom mjög mikið til umræðu. Það er um hana að segja að mjög gaumgæfileg athugun hefur farið fram á því hvort um geti verið að ræða nokkur gildandi íslensk lög sem stangist á við samninginn. Niðurstaðan er sú að svo sé ekki, enda mundi það áreiðanlega vera komið fram í dagsljósið ef um eitthvað slíkt væri að ræða. En af þessari ástæðu þykir ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi taki afstöðu sína til samningsins með þál. og það þurfi ekki að vera lög.

2. Í nefndinni var upplýst að flutningamagn sjóleiðis til og frá Íslandi á vegum varnarliðsins árið 1985 hefði numið 11 700 smálestum, en árið 1983 mun þessi tala hafa verið 12 800 lestir.

3. Spurt var um hvernig gera mætti ráð fyrir að hagað yrði samráði ef íslensk og bandarísk stjórnvöld þyrftu að ákvarða hvað talist gæti sanngjarnt farmgjald íslensks skipafélags skv. 1. tölul. samkomulagsins sem er á fskj. 2 með samningnum sjálfum. Því var lýst yfir við meðferð málsins að af Íslands hálfu væri gengið út frá því að varnarmálaskrifstofan og eftir þörfum verðlagsyfirvöld mundu fjalla um málið í samvinnu við hlutaðeigandi bandaríska aðila og verður það að teljast eðlilegt.

4. Aflað var upplýsinga um eða skýringa á afstöðu Rainbow-skipafélagsins til samningsins og lögð fram fréttatilkynning sem félagið hafði gefið út þar að lútandi. Efni hennar hafa menn kynnst, en niðurstaðan er að félagið mótmælir ekki þessum samningi.

5. Upplýst var að áhugi hefði komið fram á að haldið yrði áfram að nýta Njarðvíkurhöfn þótt íslensk skipafélög tækju við meiru af flutningunum og hefur hæstv. utanrrh. lýst yfir að hann hafi bæði áður og muni áfram beita sér fyrir því að svo verði. Að því er Eimskipafélagið snertir, eina félagið íslenska sem annast hefur flutning fyrir varnarliðið að undanförnu, liggur fyrir að það stefni að því að nota Njarðvíkurhöfn ef það fær aukna flutninga og raunar hefur það komið fram í blaðafregnum sem nefndin fékk og Eimskipafélagið staðfesti að réttar væru.

6. Við fyrri umræðu málsins vék hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. fjmrh., að tollskjölum og tollafgreiðslu. Fram komu upplýsingar varðandi þessi atriði, m.a. að lyklar sem fela í sér vörulýsingu á farmskírteini standi ekki í vegi fyrir því að farmflytjandi viti jafnan hvers konar varning um er að ræða, enda upplýstist það raunar líka hjá hæstv. núv. iðnrh. í umræðunni að þetta væri allt í lagi nú þótt það hefði kannske ekki verið það áður. Einnig kom fram að við flutning á varningi sem er hættulegur á einhvern hátt sé fylgt venjulegum alþjóðlegum reglum sem íslenskar reglur útgefnar af Siglingamálastofnun eru í samræmi við.

7. Vikið hafði verið að þýðingu samningsins á íslensku í umræðunum og raunar líka í nefndinni. Fram hefur komið staðfesting löggilts skjalaþýðanda á að hvergi sé um að ræða ranga þýðingu, einungis álitamál eða smekksatriði eins og jafnan vill verða. Samt sem áður er gert ráð fyrir að utanrrn. skoði nánar einstakar ábendingar, sem fram hafa komið bæði í umræðunni á dögunum og eins í nefndinni, áður en hin endanlega íslenska þýðing verður send til bandarískra stjórnvalda.

Samningstextinn var undirskrifaður eingöngu á ensku eins og menn vita þar sem hætta var talin á að það gæti tafið fullnaðarafgreiðslu málsins ef dráttur yrði á staðfestri íslenskri þýðingu sem tekið hefði nokkurn tíma, en eins og menn vita stóð fyrir dyrum að þinghlé yrði í bandaríska þinginu og öldungadeildin þurfti að staðfesta samninginn ef hann hefði átt að geta tekið gildi fljótlega. Það má kannske segja að eðlilegra og skemmtilegra væri í tvíhliða samningum að þeir væru gerðir á báðum málum eins og oft er tíðkað, en hins vegar eru alþjóðasamningar oft samþykktir einungis á erlendu máli eins og menn vita og íslenska þýðingin hefur þannig ekki lagagildi.

Æskilegt er eftir þessa ítarlegu meðferð að mál þetta fái lokaafgreiðslu og að fullgilding samningsins geti farið fram nú þegar á morgun t.d. ef till. verður samþykkt í dag. Þegar fullgildingin hefur farið fram með þeim hætti að aðilar skiptist á fullgildingarskjölum hér í Reykjavík verður auglýst eftir útboðum þeirra í þá flutninga sem samningurinn tekur til með eins mánaðar útboðsfresti. Þar með munu íslenskum skipafélögum á ný opnast leiðir til eðlilegrar hlutdeildar í þessum flutningum.

Í samræmi við það sem hér segir hefur meiri hl. nefndarinnar skilað stuttu nál. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Málið hefur verið rætt ítarlega í nefndinni, bæði áður en það kom formlega til meðferðar og nú eftir að vísað var til nefndarinnar samningi um lausn þess.

Á fundum nefndarinnar voru gefnar upplýsingar um þau atriði sem rædd voru við fyrri umræðu og liggja þau nú ljós fyrir.

Þar sem hér er um að ræða hagstæða lausn á erfiðu vandamáli telur meiri hl. nefndarinnar einsýnt að samþykkja beri tillöguna.

Minni hl., Hjörleifur Guttormsson, mun skila séráliti."

Frsm. minni hl. utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. utanrmn. sem ég stend að, en meiri hl. hefur skilað sínu áliti og telur að öll atriði sem rædd voru við fyrri umræðu liggi nú ljós fyrir. Þetta er hans álit, ekki mitt, því að þó að þau efni hafi verið rædd í utanrmn. er langt frá því að farið hafi verið yfir þessi mál á fullnægjandi hátt að mínu mati. Það kemur fram í mínu nál. sem ég mun styðjast við um leið og ég geri grein fyrir áliti mínu sem minni hl. nefndarinnar og bæta þar nokkru við sem snertir málið og kemur ekki fram í nál.

Ég vil í upphafi nefna að það þarf talsvert hugmyndaflug til að ráða í hvaða mál býr að baki þessari þáltill. ríkisstjórnarinnar um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna „til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna" eins og það heitir. Gátan verður ekki auðleystari þegar lesið er áfram í textann á fskj. 1, sem er samningurinn sem fylgir með þáltill., en þar er vitnað í inngangi í það að ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku taka mið af mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna svo og einstöðu gildi hans fyrir Norður-Atlantshafsbandalagið. En þar kemur þó að rofar til í þessum texta, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vakti athygli á við fyrri umræðu um þetta mál að væri nokkuð torræður, því að þar viðurkenna ríkisstjórnirnar að sanngjörn þátttaka skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins muni „treysta samskipti aðilanna og bæta samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála" eins og það heitir. Þarna er kominn kjarni þess samnings sem hér á að fá heimild til að staðfestur verði, þ.e. að samningsbinda það sem hér hefur verið kallað „aronska", í þessu tilviki að því er snertir hergagna- og vöruflutninga á sjó fyrir bandarískra setuliðið hérlendis.

Talsmenn þessa samnings, þar á meðal hæstv. utanrrh., reyna að sveipa mál þetta í hugsjónir og nota orð eins og „frjáls samkeppni", „frjálsar siglingar", „samkeppni og eðlileg viðskipti" máli sínu til stuðnings, en þegar komið er að kjarna þessa

samnings og meðfylgjandi samkomulags liggur fyrir niðurnjörvuð kvótaskipting sem þannig er orðuð í 1. gr. samningsins, með leyfi forseta:

„Þessum markmiðum verði náð með því að Bandaríkin og Ísland komi sér saman um skiptingu farms sem flytja skal sjóleiðis vegna varnarsamningsins milli skipa sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum og bandarískra skipa á grundvelli slíkrar samkeppni", þ.e. kvótaskiptingarinnar.

Þessi niðurstaða um kvótaskiptingu flutninganna í hlutfallinu 65% á móti 35% er mjög í ætt við alkunn helmingaskipti sem hér hafa lengi verið tíðkuð í framkvæmdum fyrir herliðið á Keflavíkurflugvelli undir verndarvæng þeirra flokka sem nú sitja í ríkisstjórn landsins. Það er líka mjög í ætt við skilning forustumanna í Sjálfstfl. og Framsfl. á viðskiptafrelsi að skv. 1. gr. samkomulagsins, þ.e. fskj. 2, er íslenskum og bandarískum stjórnvöldum ætlað að vera með nefið niðri í mati á tilboðum hverju sinni. En lesa má í fskj. 2, með leyfi forseta:

„Ef áður nefnt næstlægsta tilboð er frá íslensku skipafélagi og bandarísk stjórnvöld, sem annast samningagerð, telja tilboðið ósanngjarnt skulu aðilar að samkomulagi þessu ráðgast um hvað sé sanngjarnt farmgjald fyrir flutningana."

Auðvitað verður allt þetta ráðslag væntanlega undir formerkjum sem ganga eins og rauður þráður í gegnum þau skjöl sem hér liggja fyrir „til að auðvelda framkvæmd á varnarsamstarfi ríkjanna".

Flutningamagnið var til umræðu í hv. utanrmn. þar sem ég óskaði eftir upplýsingum þar að lútandi og hefur þegar komið fram hjá talsmanni meiri hl. nefndarinnar. Þarna er um að ræða, miðað við tvö ár, 1983 og 1985, u.þ.b. 12 000 tonn að magni til sem flutt eru sjóleiðis. Og samkvæmt upplýsingum sem mér voru veittar og koma frá varnarmálaskrifstofunni, að ég hygg, er flutningskostnaður undanfarin ár pr. tonn á sjóleiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna u.þ.b. 800–850 bandaríkjadalir. Þannig hanga á spýtunni um 10 millj. bandaríkjadala eða nálægt 400 millj. ísl. kr. ef þessar tölur um magn og verð eru nærri lagi og er ég ekki að vefengja þær út af fyrir sig. Hins vegar mun það hafa gerst á undanförnum árum að flutningar flugleiðis fyrir „varnarliðið" munu hafa farið vaxandi.

Utanrmn. fékk vegna beiðni minnar um upplýsingar varðandi staðhæfingu Rainbow-skipafélagsins að það gerði ekki athugasemdir við þennan samning fréttatilkynningu frá Rainbow-skipafélaginu dags. 30. sept. s.l. Þar má lesa m.a. að þótt hergagnaflutningum sé beint til íslenskra skipafélaga, andstætt lögunum frá 1904, bandarísku lögunum, muni þátttaka skipa undir bandarískum fána svo og tekjur og störf haldast að fullu eins og þegar lögin voru í gildi. Það er líka tekið fram í þessum texta frá Rainbow að bandarísk og íslensk stjórnvöld muni ganga fram af góðum vilja, „in good faith" eins og það heitir á enskunni, til að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem gætu staðið í vegi fyrir aðild bandarískra skipa að almennum vöruflutningum á sjó til og frá Íslandi.

Þessar yfirlýsingar frá Rainbow, gefnar 30. sept., benda vissulega til þess að skipafélagið bandaríska hyggist nota þennan samning til að styrkja stöðu sína í samkeppni við íslensk skipafélög um almenna vöruflutninga og hafi fengið vilyrði frá bandarískum stjórnvöldum um að félaginu yrði bættur sá spónn sem það kann að missa úr aski í hernaðarflutningum.

Menn spyrja: Hvernig á þetta að gerast? Ég bið menn um að líta í fskj. 2, tölul. 1, þar sem fjallað er um útfærslu á þessu samkomulagi, þetta er að finna í þskj. 20, en þar er um það fjallað hvernig staðið yrði að málum eftir því hvert næstlægsta tilboðið fari. Það kom fram sá misskilningur við fyrri umræðu, m.a. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að þar gilti alveg það sama fyrir íslenska aðila og bandaríska, alveg það sama, hann var að gera athugasemd við mitt mál þá. En er það það sama? Við lesum í fskj., með leyfi forseta:

„Ef áður nefnt næstlægsta tilboð er frá skipafélagi með skip undir bandarískum fána og bandarísk stjórnvöld, sem annast samningagerð, tilkynna skipafélaginu að þau telji tilboð þess ósanngjarnt skal skipafélagið þó láta í té öll gögn um kostnað þess við flutningana." — Og síðan kemur: „Stjórnvöldin skulu kanna gögn þessi og gera síðan samning um réttmætt farmgjald sem tekur viðunandi tillit til kostnaðar skipafélagsins miðað við eðlilega hagkvæmni í rekstri, auk sanngjarns hagnaðar." — Auk sanngjarns hagnaðar.

Það er von að menn hristi sig í ræðustól í umræðum um þetta mál og segi: Hvað eru menn að fara? Hvað eru talsmenn Alþb. að fara í sambandi við þetta mál? Eru þeir að gera því skóna að það séu einhverjar milligjafir — einhverjar milligreiðslur þarna á ferðinni í sambandi við þetta? Nei, ónei. Slíkt kemur að sjálfsögðu ekki til greina í tengslum við fagrar hugsjónir sem eru að rætast, hæstv. utanrrh.

En Rainbow-skipafélagið segir annað og því hentar að greina frá því í opinberri fréttatilkynningu og það stendur í fskj. með þessum samningi. Að vísu er ég að lesa íslenskan texta sem ekkert formlegt gildi hefur og hef ekki farið ofan í þýðinguna að þessu leyti, en þarna stendur að bandarísk stjórnvöld eigi að semja þarna um sanngjarnt verð, sanngjarnan hagnað til Rainbow eða við bandarískt skipafélag annað sem þarna kæmi við sögu. En varðandi íslenska aðila segir:

„Ef áður nefnt næstlægsta tilboð er frá íslensku skipafélagi og bandarísk stjórnvöld, sem annast samningagerð, telja tilboðið ósanngjarnt skulu aðilar að samkomulagi þessu [þ.e. íslenskir og bandarískir] ráðgast um hvað sé sanngjarnt farmgjald fyrir flutningana."

Þá eru það tveir, Ísland og Bandaríkin. Hitt er sjálfdæmi Bandaríkjanna, hvað þau meta að þurfi að greiða í milli til þess að Rainbow-skipafélagið eða önnur bandarísk félög fái sanngjarnan hagnað og uni sínu og láti ómótmælt þessum þyrni í holdi íslenskra

stjórnvalda í sambandi við samskiptin við herinn.

Svo er það mál út af fyrir sig hvernig að þessu er staðið hér innanlands. Hæstv. utanrrh. hefur farið bónarveginn að aðilum, bæði íslenskum skipafélögum eins og til dæmis Eimskip og bandarískum stjórnvöldum: Í öllum bænum gætið þið þess nú að það verði ekki breyting á því, sem verið hefur síðustu árin, að þessu verði skipað upp í Njarðvíkurhöfn. En hæstv. ráðh. og íslensk stjórnvöld hafa enga vissu um hvernig þau mál muni þróast svo að menn geta vel átt eftir að sjá að þessi farmur, þessi væntanlegi meinlausi farmur því að allir lyklar liggja nú víst fyrir vel læsilegir fyrir íslensk tollvöld eftir því sem hv. 4. þm. Norðurl. v., talsmaður meiri hl. utanrmn., upplýsti áðan, geti farið í gegnum Reykjavík og byggðarlögin landleiðis suður á Keflavíkurflugvöll.

Þetta eru þýðingarmikil atriði við þetta mál sem ekki þurfti að fjalla um nema á tveimur fundum utanrmn. og engin í rauninni marktæk gögn sem þar voru lögð fram nema umsögn frá Baldri Möller fyrrv. ráðuneytisstjóra, sem ég á eftir að fjalla um á eftir, um spurninguna hvort ætti að leggja mál þetta fyrir Alþingi.

Kem ég þá að 4. gr. samningsins á fskj. 1. Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að vitna í þessa grein vegna samhengis. Hún hljóðar svo:

„Ákvæði samnings þessa og sérhvers samkomulags um framkvæmd hans sem gert er skv. 1. gr. skulu ganga fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands eða Bandaríkja Ameríku."

En í athugasemdum með till., staðhæfir ríkisstjórnin sem leggur till. fram: „Er hér átt við bandarísk lög frá 1904, Cargo Preference Act, en á Íslandi er ekki um að ræða ósamrýmanleg lög." Þið tókuð eftir því, hv. þm., að talsmaður meiri hl. utanrmn. staðhæfði að hér væri ekki um nein eldri íslensk lög önnur ósamrýmanleg að ræða. Það hlyti að vera komið fram ef svo væri. En það var engin könnun gerð á þessu máli á vegum utanrmn. Við höfðum a.m.k. ekkert skriflegt frá utanrrn. um athugun á því máli, ekki nokkuð. En meiri hl. tekur allt saman trúanlegt sem hér kemur fram um þetta atriði og ég er út af fyrir sig ekki að vefengja að það hefur gildi fyrir málið. Nógu veikt er það samt fyrir þá sem ætla að fara að gera þennan samning að meiri hl. nefndarinnar hefur þann skilning og trú að þarna séu engin eldri ósamrýmanleg íslensk lög. En það er bara þeirra trú. Athugun hefur ekki farið fram á vegum nefndarinnar.

Við skulum nú víkja að hæstv. utanrrh. Matthíasi Á. Mathiesen sem lét þau ummæli frá sér fara, það hefur líklega verið annan hvorn sólarhringanna 24. eða 25. sept., það er erfitt að staðsetja það nákvæmlega vegna tímamunar milli Íslands og Norður-Ameríku, en hæstv. ráðh. var þá staddur á meginlandi Norður-Ameríku að því er ég hygg, og þau ummæli eru eftir honum höfð í íslensku ríkisfjölmiðlunum, að samning þennan þyrfti ekki að leggja fyrir Alþingi og þá skoðun endurtók ráðherrann í umræðum 14. okt. s.l. Ég mótmælti þessum sjónarmiðum strax í blaðaviðtali 25. sept., hygg ég að það hafi verið, og taldi það með fádæmum ef svo ætti að ganga fram. (**Utanrrh.:** Það var 20. sept.) 20. sept. Það leiðréttist hér með. Það hefur þá verið áður en hæstv. ráðh. undirritaði samninginn ásamt Shultz utanríkisráðherra Bandaríkjanna, en það mun hafa verið 24. sept. Hann hafði þetta allt á hreinu fjórum dögum fyrir undirritun. En við þetta gerði ég athugasemd eins og ég gat um. Hér vil ég ítreka að ég tel að það hefði verið óhæfa að leita ekki staðfestingar Alþingis á gjörningi eins og þessum þar sem m.a. er kveðið á um, eins og greinir í 4. gr., að samningurinn gangi fyrir ákvæðum hvers kyns eldri ósamrýmanlegra laga eða reglugerða lýðveldisins Íslands. Og það er mikil spurning, á því vek ég athygli, hvort ekki ber að veita samningi sem inniheldur slíkt ákvæði formlegt lagagildi en ekki láta sitja við þál. eina.

Utanrrh. ber fyrir sig umsögn Baldurs Möllers, virðulegs fyrrv. ráðuneytisstjóra, sem hefur veitt utanrrh. slíka umsögn 25. sept. svo að ekki virðist ráðherrann hafa haft hana handa á milli 20. sept. þannig að hann fær þessa skriflegu umsögn frá ráðuneytisstjóranum fyrrverandi, sem hann byggði svo á í umræðunum um daginn 14. okt., eftir á. Þessi umsögn ber heitið „Hvenær er skyldugt að leggja milliríkjasamninga fyrir Alþingi?" Höfundurinn, Baldur Möller, vitnar þar m.a. í 21. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir — og nú styðst ég við þá greinargerð sem utanrmn. fékk ljósrit af:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi og ef þeir horfa til breytinga á stjórnarlögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til."

Ég leit aðeins í stjórnarskrána eins og ég á hana í sérprenti frá Alþingi. Þar er ekki talað um stjórnarlög ríkisins, hæstv. utanrrh. Þar er talað um stjórnarhagi ríkisins. „... ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til."

Nú vil ég ekki fara að túlka þær missagnir sem koma fram í umræddri greinargerð frá ráðuneytisstjóranum og sem stuðst hefur verið við af utanrmn., en mér þykir mjög miður að það skuli hafa verið í gangi við meðferð þessa máls rangar tilvitnanir í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, talað um stjórnarlög í staðinn fyrir stjórnarhagi. Það er verkefni fyrir lögspaka menn að kynna sér hvort þarna eigi hið sama við varðandi það mat sem síðan kemur fram hjá ráðuneytisstjóranum og meiri hl. utanrmn. hefur gert að sínu með hæstv. utanrrh. í fararbroddi, en í umsögn sinni segir Baldur Möller síðan m.a.:

„Meira tvímælis getur orkað um til hverra atriða nái fyrirvarinn um að samþykki Alþingis þurfi til ef samningur horfir til breytinga á stjórnarlögum ríkisins." Og enn er misræmi í tilvitnun í stjórnarskrána.

Ég skil að vísu ekki alveg orðalagið hjá ráðuneytisstjóranum í þessari grein, en hann heldur áfram:

„Fræðimenn telja að hér sé frekast haft í huga að samningur valdi því að breyta þurfi gildandi lögum, jafnvel mikilvægum lagaatriðum, til þess að efnisatriðum samnings yrði fullnægt. Væri því að þeirra dómi öruggast fyrir handhafa framkvæmdavalds" — takið eftir — „að leggja til grundvallar þann skilning að leggja beri fyrir Alþingi alla samninga er valdi því að lögum þurfi að breyta vegna efnis þeirra. Það sýnist ljóst að samningur þessi breytir ekki stjórnarlögum ríkisins", eins og vitnað er til 21. gr. að því er virðist ranglega, „með neinum skilgreinanlegum hætti. Það er því niðurstaða þessarar athugunar að ekki beri skylda til að leita samþykkis Alþingis á þessum samningi." Tilvitnun í ráðuneytisstjórann fyrrv. lýkur og er það meginniðurstaða hans. Hins vegar segir hann þrátt fyrir þessa niðurstöðu sína eftirfarandi: „Þess skal getið að þar sem hinn undirritaði samningur inniheldur ákvæði um fullgildingu ber að sjálfsögðu að leggja hann fyrir forseta Íslands til staðfestingar."

Samkvæmt þessu er alveg ljóst að það hefur verið ásetningur hæstv. utanrrh. við undirritun samningsins, og fyrir undirritun samningsins eftir því sem hann upplýsti áðan, að leggja samninginn ekki fyrir Alþingi en ætlast samt til þess að forseti Íslands staðfesti hann án þess að þjóðþingið hefði um hann fjallað.

Ég hefði ekki viljað vera í sporum forseta Íslands að staðfesta slíkan samning án þess að þjóðþingið hefði um hann fjallað og skal ég þó ekkert segja með hvaða hætti forseti Íslands, hver sem því embætti gegndi, brygðist við slíkri málaleitan af hálfu framkvæmdavaldsins.

En ég tel rétt, herra forseti, að vekja hér athygli á eftirfarandi viðhorfi dr. Ólafs Jóhannessonar lagaprófessors sem kemur fram í riti hans „Stjórnskipun Íslands", II. hluti, bls. 374, undirbúið til útgáfu m.a. og sérstaklega af hv. 2. þm. Reykn. Gunnari G. Schram sem undirbjó þennan texta að riti hins lærða lagaprófessors til útgáfu. Þar segir:

„Í milliríkjasamningi kunna að vera ákvæði sem ósamþýðanleg eru íslenskum lögum, venjulegri löggjöf eða stjórnarskrárákvæðum. Slíkum lagaákvæðum er réttast að breyta" — hæstv. utanrrh. leggur væntanlega við hlustir — „áður en fullgilding samningsins fer fram. Sé samþykki Alþingis veitt í lagaformi gætu þau lög jafnframt veitt samningnum lagagildi og yrðu þá eldri lagaákvæði, er brytu í bág við hann, að þoka. Séu nauðsynlegar lagabreytingar eigi gerðar áður en samningur er fullgildur er spurning hvernig fari."

Og áfram heldur prófessor Ólafur Jóhannesson: „Hafi Alþingi heimilað samninginn með þingsályktun fullnægir samningurinn fyrirmælum 21. gr. stjórnarskrárinnar og er því gildur að þjóðarétti, en felist í samningnum ákvæði, sem andstæð eru landslögum, skortir hann að því leyti gildi að íslenskum lögum. Slík samningsákvæði fá hér ekki lagagildi fyrr en búið er að breyta íslenskri löggjöf til samræmis við samninginn, sbr. l. nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna."

Og áfram má vitna í prófessor Ólaf þessu til stuðnings og vísa ég til greinargerðar þar að lútandi, grg. minni hl. utanrmn.

Þetta álit prófessors Ólafs Jóhannessonar rennir frekari stoðum undir það viðhorf minni hl. utanrmn. að ótækt hefði verið að leggja samningana ekki fyrir Alþingi og það hefði fremur átt að gerast í formi lagafrv. en þáltill., sbr. ákvæði 4. gr. samningsins.

Kem ég þá að einu af mörgum endemum við þennan samning, en það er sú staðreynd að samningurinn er gerður í tvíriti á ensku. Þeir skiptust á enskum textum, hæstv. ráðherrar Shultz og Mathiesen, vestur í New York 24. sept. eins og tekið er fram í lokagrein samningsins. Hinir íslensku ábekingar samningsins hafa vissulega vakið á þessu verðskuldaða athygli. Má segja að þeir hafi riðið á vaðið að því leyti hér á Alþingi þegar þeir voru að fjalla um þýðinguna og reyna að svara ýmsum aðfinnslum, bæði hér og í utanrmn. varðandi þessa þýðingu sem flestir munu hafa reynt að notast við þegar þeir voru að kynna sér efni þessa hugsjónamáls ríkisstjórnarinnar að bæta um samvinnu á nauðsynlegum sviðum varnarmála með þeim hætti sem hér er lagt til.

Það er óhætt að fullyrða að það er leitun að hliðstæðum sem þessari í samningum milli ríkja þar sem þjóðir mæla á ólíkum tungum og það í samningum milli ríkja sem telja vilja sig fullvalda. Talsmaður meiri hl. utanrmn. átti ekkert í vandræðum með að skýra þetta áðan. Jú, þetta væri nú lakara. En það lá svo mikið á því að það gátu einhverjir dollarar dottið undir borðið ef þetta ekki gengi fram, það gátu einhverjir dollarar tapast, bandaríska þingið farið í frí og eitthvað þess háttar, og því varð Ísland að beygja sig fyrir hinum bandarísku utanríkisráðherra, beygja sig kurteislega, takk. Enski textinn ... Ég skil hann. Síðan er þetta sull lagt fyrir Alþingi Íslendinga í þýðingu sem stjórnarliðar ganga hvað harðast fram í að gagnrýna, eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvars Gíslasonar.

Góðir alþm. Við erum hér í raun að fjalla um enskan texta. Við erum að fjalla um enskt plagg. Íslenski textinn hefur ekki neitt gildi sem slíkur. Og hann er skotheldur eins og vakin hefur verið rækilega athygli á. T.d. er það sniðgengið að þýða „military cargo". Það er það fyrsta sem menn hnutu um í þessum texta. Það hefur ekki passað að halda því til haga. Og virðulegur forseti Nd. Ingvar Gíslason talaði réttilega um, eins og hann orðaði það, „ýmiss konar vandræðalegt orðalag" í umræðunum 14. okt. En það er raunar það lengsta sem Framsfl. hefur gengið í að finna þessum samningi eitthvað til foráttu.

Og þm. Alþfl., sem hlupu hér upp, það var hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson, í umræðunum 14. okt., hlupu upp eins og skjaldsveinar fyrir hæstv.

utanrrh., komust það lengst í aðfinnslum varðandi þetta gagnmerka plagg, sem á að „auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna", að benda á eina prentvillu í enska textanum. Það var formaður þingflokksins sem gerði það. Hv. 3. þm. Reykn. hafði ekki komið auga á hana eða haldið henni til haga. En að öðru leyti var allt gullslegið í þessum textum að mati þm. Alþfl.

Þrátt fyrir að menn viðurkenni ónákvæma og klúðurslega íslenskun á þessum samningi, einnig talsmenn samningsins hver eftir annan, sá meiri hl. utanrmn. ekki ástæðu til að bæta þar um á sínum vegum því það er enskan sem blífur. Hv. 4. þm. Norðurl. v. upplýsti okkur að vísu um að það væri ásetningur utanrrn. að yfirfara þennan texta eitthvað áður en send yrði vestur um haf með kveðju íslensk þýðing þessa plaggs, hvort sem það er gert fyrir málvísindamenn vestur í Washington eða af einhverjum öðrum ástæðum. Það er nokkuð óljóst til hvers á að senda endurbætta íslenska þýðingu á þessum samningi vestur um haf því að ekkert gildi hefur hún. Það hlýtur að eiga að fara í arkíf þar vestra til að færa mönnum heim sanninn um að menn geti nú tekið sig á hér uppi á Íslandi á eigin máli.

En það verður að segja, herra forseti, að þessi samningur, sem ríkisstjórnin lagði svo mikið kapp á að fá samþykktan og forseti Bandaríkjanna sjálfur hafði í vasanum þegar hann kom hingað í heimsókn *um daginn til að hitta Gorbatsjoff á Íslandi, er einn* af fáum tilburðum núverandi stjórnvalda hérlendis til að hafa aðra skoðun á samskiptum við Bandaríkin en stjórnin í Washington. Ég rakti það við fyrri *umræðu þessa máls hvernig þar er staðið í ístaðinu* þegar um er að ræða viðhorf á alþjóðavettvangi, afvopnunarmál, kjarnorkusprengingar og annað sem lýtur að örlögum mannkyns. Þá standa fulltrúar Íslands að fyrirmælum utanrrh. landsins eins og þvörur á alþjóðavettvangi með hendur í skauti. Þó að öll Vestur-Evrópa lyfti upp hendi í atkvæðagreiðslum og Norðurlöndin önnur en Ísland situr Ísland með hendur í skauti. En hér byrstir sig hæstv. utanrrh. Íslands og hefur jafnvel látið liggja að því að það hafi fallið ónotaleg orð í kaffiboðum í tengslum við þetta mál áður en því var kippt í liðinn og tryggður eðlilegur hagnaður til Rainbow og annarra bandarískra skipafélaga eftir duldum leiðum ef marka má orðalag í þessum samningi. Og kveikjan, hugsjónin á bak við þetta mál, er ósköp einföld. Hún er sú að íslensk fyrirtæki eigi að hafa sem mest upp úr veru erlends herliðs í landinu. Það er málið sem hér er verið að bera fram. Í því sé ekki síst fólgið mikilvægi varnarsamningsins fyrir samskipti Íslands og Bandaríkjanna. Þar enda hugsjónirnar þegar að buddunni kemur. Og það er athyglisvert að þegar kemur að afstöðu annarra flokka en flokks hæstv. utanrrh. hér á Alþingi, Framsfl., liggja fyrir ummæli hér, m.a. frá hv. 9. þm. Reykv., um að hann hafi ekki nokkrar athugasemdir við þetta mál að gera, ekki nokkrar. Framsfl. eins og hann leggur sig hér á Alþingi virðist ætla að ganga fram til að greiða atkvæði með þessari kristaltæru aronsku sem hér á að bera upp helst í dag á Alþingi. Engin athugasemd. Jú, endurskoðun „varnarsamnings" einhvern tíma, en þá bara með góðu samkomulagi allra aðila, sagði hv. 9. þm. Reykv. í umræðunum um daginn. Ef þeir yrðu búnir að koma sér saman, höfðingjarnir sem ekki náðu saman í Höfða um daginn, skulum við rísa upp, framsóknarmenn, og sýna okkar styrk í þessu máli varðandi herstöðina og dvöl herliðsins, sýna hvað í okkur býr. Og þingflokkur Alþfl. Við reiknuðum svo sem ekki með að það kæmi mikið frá honum, en hann uppgötvaði þó eina prentvillu í textanum og benti á það. Það er sjálfsagt þakkarvert að því skyldi haldið til haga. Svo sem ekki búist við miklu meira.

Herra forseti. Alþb. hefur lýst öndverðri skoðun í þessu máli við þá flokka sem þarna hafa talað og ég hef verið að ræða um. Kvennalistinn átti fulltrúa í umræðunum um daginn og ég skildi málflutning þm. þess þingflokks svo að þar væri ekki stuðningur við þetta mál, en aðrir þingflokkar virðast ætla að styðja það.

Alþb. hefur lýst öndverðri skoðun og leggur áherslu á að á meðan því marki er ekki náð að *herinn hverfi á brott eigi að leitast við að einangra* herstöðvarnar og draga úr efnahagslegum tengslum og öðrum samskiptum við hið erlenda herlið. Jafnframt þurfi þjóðin að sameinast um öflugt átak til *eflingar atvinnulífi á þeim svæðum sem einkum hafa* byggt á vinnu fyrir Bandaríkjaher.

Með skírskotun til þess, sem ég hef hér sagt og fram kemur í nál. minni hl. utanrmn. varðandi þessa *till., geri ég ráð fyrir að henni verði vísað frá með* svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar eð fyrirliggjandi samningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna mun torvelda Íslendingum enn frekar en orðið er að taka afstöðu til veru erlends hers í landinu án tillits til efnahagslegra hagsmuna vísar Alþingi þáltill. á þskj. 20 frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti mínu sem minni hl. utanrmn.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ósköp hlýtur hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að líða illa úr því að svona stór hluti úr ræðu hans verður ekki sagður annað en geðvonska og útúrsnúningar. Hann svíður greinilega undan þeirri umræðu sem var hér áður við fyrri umr. og alveg einstaklega svíður hann undan því hvernig við þm. Alþfl. afhjúpuðum málflutning hans eins og hann lá hér fyrir. Öðruvísi verða þessi geðvonska og þessir útúrsnúningar ekki skilin.

Hann reynir að gera mikið mál úr því að einn af þm. Alþfl. hafi m.a. bent á prentvillu. Lægra geta menn varla lagst í málflutningi en þetta. En ég held að ég geti sagt um málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að honum hafi tekist mjög listilega í

mjög löngu máli að segja ekki neitt nema það að hann væri á móti samningnum. Og það er auðvitað list í sjálfu sér að geta það í svo löngu máli sem hann gerði. Þetta er vitaskuld ekki meginatriði málsins, herra forseti. Meginatriði málsins er það að hér er um að ræða úrlausn á vandamáli sem hefur valdið þm. og ýmsum innan þjóðfélagsins áhyggjum og hefur verið hér umræðuefni á undanförnum árum. Þetta flutningamál hefur valdið okkur töluverðum búskell og óþægindum. Þess vegna sýnist okkur Alþýðuflokksmönnum að það sé einsýnt að það eigi að samþykkja þá þáltill. sem hér liggur fyrir og þá samninginn um leið. Og þess vegna höfum við stutt þetta heils hugar, bæði við fyrri umr., við umræðu í nefnd, og gerum nú.

Ég veit ekki hvað málflutningur af því tagi, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tileinkaði sér áðan, á að þýða. Hann fjallaði í löngu máli um það í inngangsorðum sínum að hann vildi vita hvaða mál byggi hér að baki. Ég get upplýst hann um það að þetta mál fjallar um flutninga á sjó til varnarliðsins og hvernig með það skuli fara. Ég held að það sé meginatriði málsins að menn haldi sig einmitt við efnisatriðin.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fann hér ýmislegt sem hann gagnrýndi, gat ekki sætt sig við. Fann þessum samningi ýmislegt til foráttu. Hann gerði t.d. að umræðuefni að í áliti frá Baldri Möller, fyrrum ráðuneytisstjóra, hefði komið fram að Baldur Möller teldi að ekki þyrfti að leggja þennan samning fyrir Alþingi. Ég vil bara benda hv. þm. á það að þessi samningur liggur einmitt hér fyrir Alþingi, hefur verið lagður fyrir Alþingi og þess vegna fer þessi umræða fram. Þannig að ég tel að öll umræða um hið lagalega álit Baldurs Möllers, fyrrv. ráðuneytisstjóra, sé út í hött. Maður gat spurt sig, þegar maður hlustaði á málflutning Hjörleifs Guttormssonar, hvað það væri sem hann vildi, en það kom í ljós. Hv. þm. vill í rauninni óbreytt ástand frá því sem nú er. Hann vill ekki þennan samning. Hann vill óbreytt ástand. Hann vill að Rainbow Navigation eða erlend skipafélög annist þessa flutninga. Hann vill ekki að íslensk skipafélög eða íslenskir sjómenn hafi nokkuð upp úr þessum flutningum. Hann vill engin hagsmunatengsl af þessu tagi. Hann hefur því verið lukkulegur með það að Rainbow Navigation skuli vera með þessa flutninga og bandarískir sjómenn ættu samkvæmt hans skilgreiningu helst að vera með þá alla. Og það hlýtur að hafa verið óbærilegt ástand fyrir hv. þm. og hans flokk þegar Eimskipafélagið og Hafskip önnuðust þessa flutninga og íslenskir sjómenn höfðu af því atvinnu. Þetta er grunntónninn. Þetta er afstaðan sem kemur fram í málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Alþb. Þess vegna væri alveg óþarfi fyrir þá að vera að ræða einstakar greinar samningsins.

Ég tók eftir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði það að umræðuefni að orðalag væri ekki nákvæmlega eins um hvernig með skyldi fara næstlægsta tilboð eftir því hvort það væri frá íslenskum eða bandarískum aðila. Ég gat ekki skilið málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar öðruvísi en þannig að hann teldi að hér nyti Rainbow Navigation betri aðstöðu, betri kjara, ef menn vilja orða það svo, en hin íslensku skipafélög. Hann ætti samkvæmt sinni eigin skilgreiningu, hann ætti samkvæmt sinni eigin skoðun á því að þetta eigi ekki að vera í íslenskum höndum að vera glaður og kátur yfir því ef svo væri að erlendum skipafélögum væri frekar hyglað. En sannleikurinn er auðvitað sá að það er ekki gert. Það er ekki gert. En þannig rekur sig eitt á annars horn í hans málflutningi. Munurinn á því hvernig með skuli fara, eftir því hvort næstlægsta tilboðið er frá íslenskum eða bandarískum skipafélögum, er sá að ef íslenskur aðili á í hlut þá eiga íslensk stjórnvöld að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri um það hvað sé sanngjarnt verð fyrir flutningana.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé íslenskum skipafélögum til hagsbóta að íslensk stjórnvöld geti komið að sínum sjónarmiðum þegar þannig stendur á. Ég ætla að vona að íslensk stjórnvöld muni þá bera hag íslenskra skipafélaga fyrir brjósti en ekki útlendra eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson virðist vilja að gert sé. Þess vegna er þetta algjör útúrsnúningur. Hér er um eðlilegt ákvæði að ræða þar sem verið er að tryggja að íslensk sjónarmið geti komist að borðinu þegar svona stendur á.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég ítreka það einungis að að dómi okkar Alþýðuflokksmanna er hér verið að höggva á erfitt mál. Það er komin í því niðurstaða sem við teljum vera ásættanlega og við styðjum að framkvæmd verði.

Að lokum vil ég einungis fara fáeinum orðum um það sem gert var hér að umræðuefni líka við fyrri umr. málsins, nefnilega spurninguna um það að flutningarnir fari eftir þennan samning ekki í minni mæli en áður um Njarðvíkurhöfn, sem hefur verið til þess útbúin. Ég gerði það að umtalsefni hér við fyrri umr. málsins, og það gerðu fleiri, m.a. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að þar væru hagsmunir í húfi og þeir eru það einkum og sér í lagi vegna þess að atvinnuástand á þessu svæði hefur reynst vera með því ótryggara eða ótryggasta á landinu að undanförnu.

Nú kom fram hjá frsm. meiri hl. nefndarinnar að almennur áhugi væri fyrir því að hér yrði ekki röskun á högum og hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að málið fái þennan framgang. Auðveldasta leiðin í þeim efnum er vitaskuld að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við þá aðila sem útbúa útboðsgögnin og ég vænti þess að hæstv. ráðherra muni gera það og að öðru leyti tryggja að ekki verði röskun á högum þessa byggðarlags við þann samning sem hér er gerður.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Það er okkur Alþýðuflokksmönnum ánægjuefni að úr þessu máli skuli vera leyst með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Þingflokkur Kvennalistans hefur nýlega misst fullgilda aðild sína að utanrmn. og skilar því ekki nál. í þessu máli. Við höfum hins vegar setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar og gaumgæft málið vel frá öllum hliðum og sannarlega tekið tillit til þess að mikilvægt er fyrir fámenna þjóð að sýna samstöðu í viðskiptum við stórþjóðir. Þó að slík samstaða sé nauðsynleg er eðli þessa máls hins vegar á þann veg að það gengur gegn stefnuskrá Kvennalistans, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við viljum draga úr umsvifum erlends hers meðan hann er hér á landi því aukin hernaðarumsvif hvar sem er í heiminum auka á vígbúnaðarkapphlaupið. Við viljum strangt eftirlit með starfsemi hersins. Við viljum að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum og herbúnaði Bandaríkjahers hér. Við viljum minnka áhrif hersins í íslensku efnahagslífi svo tryggt verði að afstaða til hans mótist ekki af efnahagshagsmunum. Við viljum að íslenskt atvinnulíf sé óháð veru hersins."

Þær forsendur, sem ég hef hér tekið fram og koma fram í stefnuskrá okkar, eru svo veigamiklar að okkar mati að þingkonur Kvennalistans munu greiða atkvæði gegn þessu máli.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Við Alþýðuflokksmenn höfum lýst því yfir að við erum sammála þessum samningi og það er vegna þess að við teljum hann viðunandi lausn á þeim deilumálum sem verið hafa uppi milli Bandaríkjanna og íslenskra stjórnvalda um flutninga varnarliðsins.

Það kemur fram hér í orði nokkur andstaða gegn þessum samningi og ég verð að játa það að mér finnast þær raddir ansi hjáróma, einkum ef tekið er tillit til þess að sá stjórnmálaflokkur, Alþb., hefur setið í ríkisstjórn hvað eftir annað og látið sér lynda veru varnarliðsins hér og mikil samskipti. Og ég fullyrði það að þegar þeir hafa verið í ríkisstjórn hafi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli verið með meira móti. Þá var t.d. síðast samþykkt að byggja flugskýli, það var samþykkt að byggja flugstöð og fleira og fleira. Þeir sögðust að vísu vera á móti flugstöðinni og er það óskiljanlegt í ljósi þess að hún var byggð m.a. til þess að aðskilja farþegaflug og herflug sem verður til þess að einangra varnarstöðina frá farþegafluginu (**SJS:** Er þetta á dagskrá?) þannig að þetta rekur sig hvað á annað. Það er greinilega óþægilegt fyrir þá sem sátu í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens að hlusta á það að þeir meti hugsjónir sínar minna en ráðherrastóla. Þeir tala um það að vilji menn gæta hagsmuna Íslendinga gagnvart þessum flutningum og öðru, er lýtur að varnarliðinu, þá sé það „aronska". Ég spyr hvort það að meta hugsjónir sínar minna en ráðherrastóla kallist „hjörleifska" eða eitthvað slíkt. Það er spurning hvort ekki er ástæða til þess að gefa því eitthvert nafn.

Ég tel að framsaga Eyjólfs Konráðs fyrir meiri hl. nál., hvar hann tilgreinir það að uppskipun skuli áfram vera í Njarðvíkum, sé viðunandi og treysti ég því að utanrrh. framfylgi því að svo verði.

En það er alveg nauðsynlegt þegar andstæðingar vestræns samstarfs tala hér, andstæðingar samstarfs lýðræðisþjóða Vestur-Evrópu og Ameríku, að gera sér grein fyrir því að þeim er ekki sama hvort þeir eru í ríkisstjórn eða utan ríkisstjórnar. Þeir tala sitt á hvað eftir því hvað hentar hverju sinni. Þess vegna er þessi gagnrýni marklaus, mærðarkennd og út í hött.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég nýt nú þess heiðurs að sitja á mínu níunda þingi. Ég hef fylgst með þingstörfum hér nokkuð grannt, setið hérna fundi sæmilega, en hef hins vegar í dag orðið vitni að athyglisverðri nýjung sem ég vil biðja þingheim um að festa sér í minni og skrifa niður hjá sér í dagbækurnar miðað við 28. okt. 1986. Menn geta þá haldið því til haga, þessari miklu nýjung, þegar þeir fara að tína saman ævisöguna sína einhvern tímann á næstu öld þegar við komumst á sæmilega virðulegan aldur.

Þannig háttar venjulega til hér í þinginu að ráðherrar mæla fyrir stjórnarmálum og þm. stjórnarflokka tala svo gjarnan fyrir nál., meiri hl. þegar nefndir skiptast, síðan svara ráðherrar yfirleitt athugasemdum sem fram koma frá minni hl. eða stjórnarandstöðu. Og nú kem ég að þessari miklu nýjung í störfum Alþingis en hún er sú að í stað þess að hæstv. ráðherrann svari, sem er þó örugglega maður til að svara fyrir sig, þá koma tveir menn úr stjórnarandstöðunni til að svara fyrir ráðherrann. Þetta er nýjung. Tímamót. Að ég segi ekki alger straumhvörf í störfum Alþingis þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson „aðstoðarutanríkisráðherra" og hv. þm. Karl Steinar Guðnason „aðstoðarutanríkisráðherra nr. 2" taka það að sér að svara fyrir hæstv. utanrrh. Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra ætlar ekki að fara að eyða miklum tíma í það að svara vegna þess að það er búið að svara fyrir hann og hans menn. Alþfl. hefur tekið þetta hlutverk að sér. Þessi nýjung er býsna athyglisverð.

Ég vil taka það fram af hálfu Alþb. að það kemur ekki til greina að við tökum þessa hætti upp af okkar hálfu til þess að hjálpa og taka undir með núv. ríkisstjórn.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason var að velta því fyrir sér hvað ætti að kalla hlutina, í framhaldi af umræðu um „aronsku". Hann vildi gefa málflutningi nafn með því að kenna þau við þm. Alþb. En þessi nýjung, þessi byltingarkennda nýjung, sem hér hefur verið kynnt í dag, hún heitir náttúrlega ekkert annað en „Varðbergspólitík" og „hægri kratismi". Hérna eru menn að innsigla hina heilögu trúlofun íhaldsins og Alþfl. í utanríkismálum, þar sem gengur yfirleitt ekki hnífurinn á milli, nema ef það væri þá þannig að þeir Alþýðuflokksmenn, sumir, eru heldur hægra megin við íhaldið, hægra megin við miðju

a.m.k. ef eitthvað er.

En það var ekki þetta, herra forseti, sem ég ætlaði aðallega að ræða um í sambandi við þennan samning, þó þessi nýjung sé athyglisverð, heldur hitt að hér er líka að gerast nýjung að því leytinu til að hér er lögð fram till. um að enskur texti hafi lagagildi. Enskur texti hafi lagagildi.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði: „Íslenski textinn hefur ekki lagagildi.“ Það er enski textinn sem blífur. Það er hann sem á að ráða úrslitum. Ef túlkunardeilur kæmu upp á milli viðkomandi aðila, samningsaðila, þá er það enski textinn, mál herraþjóðarinnar, sem á að ráða. Hér eru menn stundum að halda langar ræður um nauðsyn þess að varðveita íslenskt mál, íslenska menningu og íslenskan menningararf og leggja rækt við forsendur þjóðernis Íslendinga. M.a. hæstv. menntmrh. setur á þing, fundi, ráðstefnur, til þess að vekja athygli á þeim vanda sem íslenskt mál á við að etja í þeim miklu breytingum sem nú eru að ganga yfir í fjölmiðlaheimi í kringum okkur og hitta okkur sjálf fyrir í þessu örsmáa málsamfélagi sem Ísland er. En á sama tíma og hæstv. menntmrh. kallar til þinga í Þjóðleikhúsi eða annars staðar til að ræða um vanda íslenskrar tungu í þessum heimi sviptinganna, þá flytur hann till. um að enski textinn hafi lagagildi. Enski textinn hafi lagagildi.

Menn vita mína afstöðu til þessa plaggs. Hún liggur fyrir. En er ekki einn einasti maður hér í meiri hlutanum, kratanna og stjórnarliðsins, sem er tilbúinn til þess að segja: hingað og ekki lengra; við samþykkjum ekki svona plagg — vegna þess að hér er verið að ákveða að enskur texti hafi lagagildi? Er ekki döngun í einum einasta manni hér í þessum sal í þessu efni? Er allt orðskrúðið, ræðurnar, fundirnir, þingin, ráðstefnurnar, sem hæstv. menntmrh. hefur beitt sér fyrir, er það meiningarleysa, innihaldslaust, gervimennska, eða hvað? Það heyrist hvergi tíst í þessum sal í þessa veru úr þessum meiri hluta sem hér ætlar að fara að neyða þingið til að samþykkja það að enski textinn hafi lagagildi. Er ekkert orðið eftir í þessu fólki, eða hvað? Getur það ekki brugðist við sæmilega mennilega og sagt hingað og ekki lengra, við heimtum að á þessum málum sé tekið með eðlilegum hætti? Eins og ber að gera á löggjafarsamkomu Íslendinga. — Íslendinga? Mér er spurn, herra forseti.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessar umræður. Ég vil þakka hv. utanrmn. fyrir hennar störf í sambandi við þá till. sem hér liggur til síðari umr. Ég vil þó taka fram í framhaldi af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, en tilefni hans til athugasemdar var það sem kom fram hjá hv. frsm., þar sem talað var um að enskur texti þessa samnings hefði lagagildi. Ef þetta er skoðað nánar þá er hér ekki um texta sem hefur lagagildi að ræða, heldur er hér um að ræða samning sem verður fullgiltur. Þegar gengið hefur verið frá íslenskum texta, þá verða þeir textar jafngildir báðir.

Í sambandi við það sem hv. þm. sagði, og vék að þeim umræðum sem hér hafa farið fram í dag, þá fannst mér það út af fyrir sig ekkert óvenjulegt. Hér voru að ræða málin utanríkismálanefndarmaður, 3. þm. Reykn., og landsk. þm., sem er landsk. þm. frá því kjördæmi sem hefur nokkuð haft með þessi mál að gera, þ.e. þar sem löndun á sér stað. Báðir voru að ræða málin efnislega og frá mínum bæjardyrum séð, mjög eðlilega. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara hv. þm. þegar rétt er að mínum dómi. Báðir þessir þm. studdu þetta mál og því ekkert óeðlilegt við það að þeir kæmu hér og létu til sín heyra. Að þetta hafi verið bylting, eftir því sem hv. þm. sagði, og vitnaði þá í níu ára þingsetu sína. Ég minnist þess sjálfur frá þinginu 1983–84, þá flutti ég frv. sem fóru til hv. viðskn., það voru ríkisstjórnarfrv. Nefndin var sammála. Frsm. nál. annars frv. var hv. þm. Kjartan Jóhannsson, ef ég man rétt, og frsm. hins frv. var hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson. Þannig að það hefur gerst áður að stjórnarandstæðingar hafa talað fyrir frv. eða till. sem ríkisstjórnin hefur flutt. (Gripið fram í.) Kannske einhvers staðar lært, ef það mætti líta þannig á málið.

Ég kannast við það, af örlítið lengri þingsetu, að sé um að ræða samkomulagsmál eða þó að nefnd sé klofin, þá láta menn til sín taka í málum og telja það ekki skipta sig máli þó að það sé ríkisstjórnin sem flytur, ef menn á annað borð eru stuðningsmenn þess máls sem til umræðu er.

Ég ætla ekki að víkja að þeim atriðum sem komu sérstaklega fram í ræðu hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, sem talaði fyrir hönd minni hl. nefndarinnar. Ég held að við fyrri umr. hafi ég vikið að flestum þeim atriðum, ef ekki öllum, og svarað þeim þar. Í ræðu hv. þm. kom fram að fyrir utanrmn. var lagt álit Baldurs Möllers fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem ég hafði getið um hér við fyrri umr. Þar vék hv. þm. að því að í þessu skjali, sem hann hafði undir höndum, var ekki rétt með farið þar sem vitnað var til 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ræðir um breytingu á stjórnarhögum ríkisins. Í skjalinu sem þm. vitnaði til stendur „breytingu á stjórnarlögum“ í staðinn fyrir „stjórnarhögum“.

Þannig var að Baldur Möller lét utanrrn. í té umsögn sína handskrifaða og var hún vélrituð í ráðuneytinu og þar hefur því miður orðið til villa. Þar sem stendur í handritinu „stjórnarhögum“ hefur verið vélritað „stjórnarlögum“. Ég vil að þetta komi hér fram til leiðréttingar vegna þess manns sem skrifaði handritið en yfirfór ekki vélritaða skjalið. En niðurstaðan er sú hin sama, að þessi samningur breyti í engu því sem um getur í 21. gr., þ.e. stjórnarhögum ríkisins, og það er að sjálfsögðu mergurinn málsins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Því miður var það nú þannig eins og við var að búast að hæstv. utanrrh. staðfesti það sem

hér kom fram í minni ræðu áðan. Þessi samningur var gerður í tveimur eintökum. Bæði á ensku. Það hefur hins vegar verið tekin um það sú menningarlega ákvörðun í utanrrn., til að sýna þjóðlega reisn fyrir hönd Íslendinga, að samningurinn verði þýddur seinna á íslensku.

Frsm. meiri hl. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins hér í lokin, væntanlega í lokin á þessari umræðu, láta það koma mjög skýrt fram að þeir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, bæði ráðherra og hans starfsmenn, veittu allar þær upplýsingar sem um var beðið og við hefðum ekki lokið fundi í gær ef komið hefðu fram óskir eða kröfur um eitthvað frekari upplýsingar. Mér finnst að þetta verði að liggja alveg ljóst fyrir.

Þetta ætlar nú að verða til þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætlar að halda hér aðra ræðu. Ég ætlaði ekkert að fara að svara honum í einu eða neinu. Hann svaraði sér alltaf sjálfur, lét m.a.s. Ólaf Jóhannesson svara sér. Og það gat hver skilið, sem einhverja minnstu þekkingu hefur á lögfræði eða bara venjulega skynsemi, að hann var auðvitað alltaf að svara sjálfum sér.

En auðvitað var þetta mál rætt niður í kjölinn og það sem eftir stendur í þessu er það, sem undirstrikað er strax í athugasemdum þáltill. og sem segir í 4. gr., að samningurinn gangi fyrir eldri ósamrýmanlegum lögum Íslands eða Bandaríkjanna. Síðan segir: „Er hér átt við bandarísk lög frá 1904" o.s.frv. Það er alveg ljóst að það eru engin lög í sambandi við siglingar sem breytast nokkurn skapaðan hlut með þessu þó að þetta væru lög en ekki bara þál. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson samþykkti raunar að kæmi fyrir þingið með þessum hætti. Það sem eftir stendur efnislega er að Bandaríkjastjórn kemur því í gegn að breyta þessum lögum, það sé hægt að veita undanþágu frá lögunum frá 1904. Það er eina efnisatriðið í þessu í raun og veru, þ.e. að koma á siglingafrelsi, samkeppni á siglingaleiðum sem við Íslendingar höfum alltaf fylgt, aldrei reynt að hindra. **(SJS:** En í Gamla sáttmála?) Við skulum ekki fara svo langt aftur í söguna, en samþykktum við hann? Var það ekki nauðungarsamningur?

Svo má segja að hvimleitt sé að þetta sé ekki gert á báðum málunum. En við erum alltaf að samþykkja alþjóðasamninga á ensku máli. Hér um bil allir alþjóðlegir samningar eru samþykktir eingöngu á erlendu máli, á einhverju af fjórum eða fimm aðaltungumálum heimsins, og við veljum auðvitað enskuna. Það er ekkert nýtt. En hitt kann að vera nýtt, og það tók ég fram í minni ræðu, að hér á í hlut tvíhliða samningur. Ég veit ekki um það, en mér finnst eðlilegt að tvíhliða samningur sé venjulega á báðum málunum eins og gert var t.d. í samningunum um Jan Mayen o.s.frv. Ég skal alveg játa það. En það er ekkert nýtt að við notum enskt mál og lögfestum það. Við gerum það margsinnis á hverju einasta þingi. En ég skýrði í upphafinu hvers vegna þetta hefði verið gert með þessum hætti og skal endurtaka það. Ég hefði heldur viljað hafa þetta á báðu~ málunum þó að þessi samning~r verði sjálfsagt aldrei skoðaður á Íslandi. Hann er búinn að ná sínum tilgangi að Bandaríkjamenn hafa breytt sínum afturhaldslögum frá 1904 þannig að nú ríkir jafnrétti í þessum siglingum. Allt annað eru umbúðir. Og ég vona að þetta gleðji þá sem eru eitthvað hvumpnir við að þetta sé samþykkt, þar á meðal Samtök um kvennalista. Þær ætla víst að greiða atkvæði á móti þessu, en ég vona að það gleðji þær þó þegar þær gera sér grein fyrir því að þarna er ekki verið að hætta á nokkurn skapaðan hlut og síst af öllu það sem segir í þeirra ályktun að þær vilji draga úr umsvifum varnarliðsins. Þessi samningur dregur auðvitað frekar úr umsvifum varnarliðsins en eykur þau.

Hitt er svo allt annað mál hvort við eigum að fara að ræða um aronsku. Hún varð víst til reyndar, það orð, í leiðara á minni ritstjórnartíð og festist einhvern veginn í málinu. Ég kann ekki við að vera með uppnefni á einn eða neinn þó ég taki kannske þessa ábyrgð á mig. Menn skilja hvað við er átt.

En í lokin endurtek ég að ráðuneytið veitti að mínu mati allar þær upplýsingar sem það gat, bæði á fundum og milli funda, og þess vegna er ekki sanngjarnt að ásaka það um eitt eða neitt. Eftir stendur í mínum huga ekkert annað en það að við höfum náð því sem við höfum ætlað okkur í siglingafrelsi og samkeppni á siglingaleiðum og að Bandaríkjamenn létu undan og breyttu sínum lögum, en engin íslensk lög eða reglugerðir breytast.

Frsm. minni hl. utanrmn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs voru orð hv. 4. þm. Norðurl. v. sem mætti skilja svo að ég hafi verið með aðfinnslur í sambandi við utanrrn. og starfsmenn þess að því er snertir störf utanrmn. Svo var ekki. Ég tel, og við höfum kannske nokkuð annan skilning þar, hv. formaður utanrmn. og ég, á hlutverki þingnefnda almennt, þar á meðal utanrmn., að þingnefndir þurfi að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, þurfi á sínum vegum og óháð framkvæmdavaldinu, sem undirbýr og leggur mál fyrir, að fara ofan í saumana á þeim hlutum sem eru til umræðu og umfjöllunar hverju sinni. Til þess hefði ég talið ástæðu í ýmsum þáttum varðandi þetta mál. Ég var hins vegar ekki að þessu sinni og er yfirleitt ekki að leggja stein í götu framgangs mála sem sýnilegur meiri hluti er fyrir hér á Alþingi með því að ætlast til þess að menn leggi sig í framkróka til þess að kanna og fara í saumana á hlutum. Til þess þarf að vera sameiaður vilji, a.m.k. meirihlutavilji, í viðkomandi nefndum til að slík vinnubrögð séu viðhöfð.

Ég hefði talið að utanrmn. þingsins þyrfti á eigin vegum að athuga marga þætti í sambandi við framkvæmd utanríkisstefnunnar og mótun utanríkisstefnunnar umfram það sem gert er því að sannast sagna

er það í mjög takmörkuðum mæli og sá þáttur, sem lýtur að starfi nefndarinnar og varðar ráðgjöf fyrir ríkisstjórn, er hinn yfirgnæfandi þáttur í meðferð mála hjá þessari þingnefnd og það tel ég að þyrfti að breytast með góðri samvinnu allra aðila. Þar fyrir utan tekur nefndin á málum sem þingið sendir til hennar og ég er alls ekkert að lasta störf utanríkismálanefndar, enda á ég þar sæti. Ég er aðeins að benda á þennan áherslumun og kannske dálítið annað sjónarhorn sem við höfum á starfi þingnefnda, hv. 4. þm. Norðurl. v. og ég.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 103 felld með 31:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HS, HG, RA, SkA, SJS, SvG, GeirG.

nei: GGS, HBl, HÓ, JHelg, JK, KSG, KJóh, KolJ, MÁM, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, MMS, SvH, VI, ÞS, AG, BÍG, BD, DA, EgJ, EG, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, ÞK.

GA, KH, MJL greiddu ekki atkvæði.

18 þm. (GJG, HÁ, IG, JS, JBH, KP, KSK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PS, StB, ÞP, AS, ÁJ, EH, GSig, GE) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 31:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HBl, HÓ, JHelg, JK, KSG, KJóh, KolJ, MÁM, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, MMS, SvH, VI, ÞS, AG, BÍG, BD, DA, ÞK.

nei: GeirG, GA, GHelg, HS, HG, KH, RA, MJL, SkA, SJS, SvG.

18 þm. (EH, GSig, GE, GJG, HÁ, IG, JS, JBH, KP, KSK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PS, StB, ÞP, AS, ÁJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32:7 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 107).

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú fer fram umræða utan dagskrár, sem óskað hefur verið eftir, um ráðstöfun fjár úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þessi utandagskrárumræða fer eftir 1. málsgr. 32. gr. þingskapa og vita þá hv. þm. hvað það þýðir. (**SvG:** Ég dreg í efa að það hafi verið rétt taldar atkvæðatölur í síðustu atkvæðagreiðslu um þál. sem var afgreidd hér áðan.) Er það ósk þm. að atkvæðagreiðslan verði endurtekin? (**SvG:** Er það ósk forsetans að atkvæðatölur séu rétt taldar?) Hv. þm. þarf ekki að spyrja forseta að því. Það er ekki réttmætt að gera ráð fyrir öðru en forseti vilji að atkvæði séu rétt talin. (**SvG:** Þm. hefur nú samt spurt.) Það væri hægt að endurtaka atkvæðagreiðsluna og það er gert þegar athugasemd kemur strax fram og þeir sem hafa verið inni í salnum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu hafa ekki yfirgefið salinn. En þegar athugasemd kemur ekki strax við atkvæðagreiðslu er ekki framkvæmanlegt að endurtaka atkvæðagreiðsluna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða það sem á meðal bænda gengur þessa dagana undir nafninu „októberáhlaupið“, sem sagt, nýjasta úthlaup framámanna í stofnunum landbúnaðarins undir forustu fulltrúa úr landbrn. og fjmrn. til að skera niður í landbúnaði og fækka bændum. Vösk sveit fjögurra manna ríður nú um héruð og býður í bændur og fylgja þau kostakjör með að séð verði um að opna á ný sláturhús fyrir þá sem eru tilbúnir til að skera. Þessi valda sendinefnd hefur meðal bænda hlotið nafnið „fjórmenningaklíkan“ og aðgerðin í heild gengur undir nafninu „októberáhlaupið“ eins og ég áður sagði.

Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú að þegar gengið var frá samningum milli ríkisvalds og bænda um verðábyrgð ríkisins á tilteknu magni mjólkur- og sauðfjárafurða í haust var ábyrgðinni að hluta til velt yfir á Framleiðnisjóð með ákvæðum um að verðábyrgð ríkisins skyldi skerðast sem næmi þeim fullvirðisrétti sem Framleiðnisjóður kaupi eða leigi á tímabilinu 20. sept. til 15. nóv. eða að öðrum kosti verðbæti Framleiðnisjóður sjálfur það sem ekki takist að kaupa eða leigja upp að 800 tonnum kindakjöts og 3 millj. lítra mjólkur út úr heildarsamningunum.

Það er nú orðið ljóst að stórnvöld landbúnaðarmála ætla sér að reyna að kaupa út úr framleiðslu helst allt þetta magn og jafnvel meira með fjármagni Framleiðnisjóðs og það þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram, herra forseti, að þessi nýjasta niðurskurðarlota er með öllu skipulagslaus og handahófskennd eins og allar ráðstafanir núv. ríkisstjórnar til framleiðslustjórnunar hafa verið, þ.e. flatur niðurskurður án nokkurs tillits til aðstæðna.

Þarna er því, herra forseti, í fyrsta lagi um að ræða notkun fjár úr Framleiðnisjóði, sem komið er í sjóðinn á grundvelli 37. gr. laga nr. 46 frá 1985, til að draga enn saman framleiðslu í landbúnaði umfram gerða rammasamninga milli ríkisvalds og bænda. Takist að ná samningum um allt magnið sem að er stefnt, þ.e. 800 tonn kindakjöts og 3 millj. lítra af mjólk er búið að binda 420–440 millj. kr. af því fé sem úr Framleiðnisjóði átti að fara á næstu árum til að mæta áhrifum samdráttar í landbúnaði, ekki til að stuðla að enn frekari samdrætti.

Í öðru lagi er byrðunum með þessu velt af ríkissjóði yfir á Framleiðnisjóð og bændur sjálfa.

Í þriðja lagi eru það svo ákvæði 37. gr. laga sem ég áður vitnaði í um ráðstöfun fjár sem ríkissjóður skal leggja fram til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Og ég endurtek, skal leggja fram til að mæta áhrifum af samdrætti í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, ekki til

að stuðla að enn frekari samdrætti. Með leyfi forseta langar mig til að lesa 1. mgr. 37. gr. laga nr. 46 frá 1985. Hún er svohljóðandi:

„Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum."

Og því spyr ég, herra forseti, hæstv. landbrh.: Hvernig samrýmist þessi notkun fjár úr Framleiðnisjóði þessum nefndu lögum sem ég nú hef vitnað til og allt þetta októberáhlaup á bændur? Hvernig samrýmist þetta anda 37. gr. og þeim anda sem lagður var til grundvallar samningunum sem bændur taka á sig um skerðingu eða takmörkun á framleiðslunni gegn því að úr Framleiðnisjóði komi fé til að mæta afleiðingunum?

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég held að það ætti að vera öllum augljóst að ákvarðanir Framleiðnisjóðs samrýmast fyllilega lögunum. Þarna er verið að gera ráðstafanir til þess að samdráttur í búvöruframleiðslu þurfi ekki að koma niður á þeim bændum sem áfram halda búrekstri sínum. Við stóðum frammi fyrir því á s.l. hausti að um tvennt var að ræða, annaðhvort að skerða enn frekar en orðið er fullvirðisrétt allra bænda eða að leitast við að hraða búháttabreytingunni sem unnið hefur verið að að undanförnu.

Á s.l. vori var búið að gera samninga um stuðning við fjölmarga bændur, 111 í loðdýrarækt, 33 í ferðaþjónustu, enn fremur við fiskirækt, nýtingu hlunninda, eggjaframleiðslu og skógrækt. Ég held að ekki fari á milli mála að þarna er verið að gera stórt átak til þess að bregðast við þeim markaðsvanda sem landbúnaðurinn stendur óneitanlega frammi fyrir.

Vissulega er rétt að æskilegt hefði verið að hafa þarna lengri aðdraganda, en ég held að það sé líka augljóst að tíminn var knappur. Það kom fram hjá Alþb. á síðasta ári að það vildi fresta samþykkt laganna, fresta því að gera þarna átak. Einkum er það tvennt sem núna er haft í huga í sambandi við það tilboð sem bændastéttinni er gert á þessu sviði eftir samninga við Stéttarsamband bænda. Annars vegar er verið að gera tilboð sérstaklega þeim bændum sem búa við riðuveiki á búum sínum. Það munu vera tæplega 50 þús. fjár á þeim búum þar sem riða er virk. Ég býst við að hv. þm. ætti að vita það manna best vegna reynslunnar í hans eigin kjördæmi hversu mikill vágestur riðan er og hversu brýn nauðsyn er að gera eins mikið átak og nokkur kostur er til þess að útrýma henni. Hins vegar á að greiða til þeirra bænda sem vilja leggja út í búháttabreytingu og þar af leiðandi fást til þess eða telja það jákvætt fyrir sig að skera niður hinn hefðbundna bústofn og byggja annað upp í staðinn. Það er gert ráð fyrir því að Framleiðnisjóður, til viðbótar því fjármagni sem gerir mönnum kleift að standa af sér millibilsástand meðan verið er að byggja upp nýtt, veiti þeim auk þess stuðning til þess með beinum framlögum. Í mínum huga er því ekki nokkur vafi að þarna er um jákvæðar aðgerðir að ræða í samræmi við anda laganna um endurskipulagningu búrekstrar á jörðum og eflingu nýrra búgreina.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þegar núgildandi búvörulög voru sett vorið 1985 sá ég á þeim svo alvarlega annmarka að ég treysti mér ekki til þess að greiða þeim atkvæði mitt og taka þannig ábyrgð á þeirri lagasetningu. Ég sá fram á alvarlega byggðaröskun í kjölfar þess samdráttar í hefðbundinni búvöruframleiðslu sem óhjákvæmilega fylgir svo harkalegri lækkun útflutningsbóta.

Ég viðurkenni að nauðsynlegt var að draga saman hefðbundna búvöruframleiðslu og betur hefði fyrrv. landbrh. gengið með meiri alvöru að því verki. En þeim útflutningsbótum sem sparast við þessa niðurfærslu átti að verja til að koma upp annarri framleiðslu í sveitum. Þrátt fyrir verulegan ugg sem ég bar í brjósti þegar búvörulögin voru sett óraði mig ekki fyrir að mál myndu þróast svo hrapallega sem raun hefur á orðið og m.a. fyrir tilverknað Framleiðnisjóðs.

Í lögum um Framleiðnisjóð var ekki mælt fyrir um að þeir ríku skyldu verða ríkari og þeir fátæku fátækari. Framleiðnisjóði og reglugerðum hefur verið beitt miskunnarlaust í þágu óheftrar markaðshyggju. Stefnan hefur verið sú að koma smærri framleiðendum út úr hefðbundinni búvöruframleiðslu til þess að hafa meira til að skipta handa stóru framleiðendunum.

Þessi stefna, stórbændastefna, sem ég hef leyft mér að kalla svo, er að mínum dómi alröng. Fyrst hefði átt að reyna að draga saman á stærstu búunum, hjálpa stórbændum til að minnka við sig og stefna að hóflega stórum fjölskyldubúum þar sem búskapur byggðist ekki að ráði á aðfengnum vinnukrafti. Það er pláss og viðfangsefni fyrir flest af núverandi bændafólki í sveitum landsins. Það þarf að draga saman framleiðslu hefðbundinnar búvöru á stóru búunum en styrkja þau og þó sérstaklega smærri búin með aukabúgreinum til þess að skapa þeim er þar búa lífvænlegar tekjur. Í stað þess er verið að flæma smábændur úr hefðbundinni framleiðslu til þess að geta bætt við stórbændur en gefa síðan smábændum kost á að fara sérhæft í áhættusamar aukabúgreinar eingöngu. Það er allt í lagi að gefa mikinn gaum að aukabúgreinum, en þær eiga að vera aukageta með hefðbundinni framleiðslu.

Framleiðnisjóði er nú beitt til þess að kaupa upp framleiðslurétt einstakra bænda, ekki bara þeirra bænda sem búa við riðu, það er út af fyrir sig eðlilegt, heldur einnig annarra. Þeir sem selja framleiðslurétt sinn út úr vandræðum eru líka að gera jarðir sínar verðlausar og ónýtar til búvöruframleiðslu. Heilu og hálfu sveitarfélögin geta fyrr en varir verið orðin óbyggileg, ekkert skipulag er á þessum kaupum, sveitarstjórnir fá ekkert að vera

með í ráðum. Tímabundin búmarksleiga kemur hins vegar vel til greina.

Sendiför embættismanna um landið undanfarið er mislukkuð, einungis til þess að drepa kjark úr fólki sem er í vanda statt. Og þegar kjarkurinn er farinn úr fólkinu gefst það upp, gengur frá verðlausum jörðum sínum þannig að heilu byggðarlögin geta hrunið. Með þessu framferði er fjármunum Framleiðnisjóðs illa varið að mínu mati og í mótsögn við anda laganna. Framleiðnisjóður var ekki í upphafi ætlaður til þess að koma landinu í eyði.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég hygg að bændur finni fyrir því þessa dagana að vegið er að þeim úr ýmsum áttum samtímis. Það er boðað í fjárlagafrv. að áburðarverð eigi að hækka á komandi vori um 30%. Það vofir yfir veruleg hækkun á rafmagnsverði í sveitum fram yfir almennar verðlagsbreytingar og niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum fara ört lækkandi ár frá ári með þeirri afleiðingu að sala og neysla hér innanlands dregst saman. Og nú seinast blasa við afleiðingarnar af samþykkt framleiðsluráðslaganna hér á dögunum þegar 1/3 hluti útflutningsbóta er tekinn í Framleiðnisjóð og notaður til að kaupa framleiðslurétt af bændum. Það er í gangi mikil herferð til að fá þá til að fallast á þetta og þessi herferð er kostuð af bændum sjálfum. Þeir eru sjálfir látnir borga herkostnaðinn gegn sér.

Það er skoðun mín að þetta geti ekki leitt til neins annars en þess að kjör bænda skerðist enn frekar með stórminnkuðum útflutningsbótum sem auðvitað var full þörf á þegar neyslan dregst svo saman sem raun ber vitni, þetta séu röng viðbrögð við miklum vanda, röng notkun á fé Framleiðnisjóðs. Það fé átti að nota til uppbyggingar en ekki til niðurrifs. Að öðru leyti er óþarfi að endurtaka það sem kom fram áðan hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, en mig langar aðeins til að benda á eitt atriði sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu.

Þegar búið er að pretta aðþrengda bændur til þess að afsala sér rétti til að framleiða á viðkomandi jörðum og þeir sitja eftir á algjörlega verðlausum jörðum sem auðvitað engum dettur í hug að kaupa af þeim eftir að búið er að fórna öllum framleiðsluréttinum á jörðinni eða kannske verulegum hluta hans, hvað er þá um lán og veð sem hvíla á jörðinni? Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið tekið með í reikninginn. Hvert verður tjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins af þessum sökum? Hver ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hvíla á jörðum sem gerðar eru verðlausar með þessum uppgripum á framleiðslurétti? Og ég spyr að lokum: Hlýtur ekki ríkissjóður á endanum að verða skaðabótaskyldur gagnvart þeim veðhöfum sem þannig missa raunverulega veð sín vegna þessara aðgerða ríkisvaldsins?

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Með nýju búvörulögunum var stórauknu fé varið til svokallaðra búháttabreytinga á vegum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Með lögunum var m.a. stóraukið vald fært í hendur landbrh. frá því sem áður var. Það er sannarlega vandasamt að fara með slíkt vald og framkvæmdin hefur í sumum tilvikum tekist misjafnlega.

Ég lít svo til að þau tilboð, sem hafa verið sett fram um kaup eða leigu á fullvirðisrétti bænda og ráðherra hefur ákveðið að gera bændum og nota til þess fé Framleiðnisjóðs, séu umdeilanleg. Tvennt er augljóst.

1. Þessi boð eru sett fram á alröngum tíma.
2. Skipulagslaus kaup á fullvirðisrétti geta myndað skörð í byggðina þar sem síst skyldi.

Sú leið sem hér er valin er þó alls ekki þess efnis að hún geti ekki komið til greina, en þá þarf að standa betur að málum en nú er gert.

Í fyrsta lagi þarf að setja slík boð fram á réttum tíma, ekki á síðari hluta sláturtíðar heldur á útmánuðum áður en bændur kaupa áburð eða eru farnir að stofna til heyskapar og leggja í allan þann rekstrarkostnað sem þarf til að sjá búinu farborða.

Í öðru lagi þarf að hafa einhverja stefnu í því hvernig fækkun bústofns skuli koma niður þannig að menn geri sér grein fyrir áhrifum þess á byggðina, rekstur vinnslustöðva, hagsmuni markaðar og að tekið sé tillit til búrekstraraðstöðu og landgæða bæði einstakra jarða og byggðarlaga.

Í sambandi við þetta atriði er rétt að vekja athygli á því að á sumum svæðum landsins hefur verið gerð úttekt á búrekstraraðstöðu allra jarða. Svo hefur verið gert til að mynda á vegum Ræktunarfélags Norðurlands á Norðurlandi. Slík úttekt hefur leitt í ljós að allmargar jarðir hafa takmarkaða eða erfiða búrekstraraðstöðu fyrir hefðbundinn búskap. Álitlegt gæti verið að verja fé úr Framleiðnisjóði til að hjálpa bændum á slíkum jörðum til að hverfa frá hefðbundinni búvöruframleiðslu. Ég hlýt að furða mig á því að ekkert skuli hafa komið fram í þessum efnum frá til að mynda hæstv. ráðherra um að ætlunin sé að beina þessum aðgerðum í slíkan farveg eða að leitast sé við að fylgja einhverri stefnu um hvaða áhrif þessar aðgerðir skuli hafa á byggð, búsetu og búrekstraraðstöðu í sveitum landsins.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er vissulega auðveldara að fylgjast með straumnum en stikla á móti og það var sá háttur sem hefur verið viðhafður í landbúnaðarmálum þar til nýju búvörulögin voru sett. Fram að þeim tíma bjuggum við við óhefta framleiðslustefnu og þarf engan að undra þótt menn kveinki sér þegar gerðar eru breytingar þar á.

Á s.l. vetri stefndi mjólkurframleiðslan í 128 millj. lítra. Hæstv. fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds átaldi áðan að það væri verið að draga úr útflutningsbótarétti, en jafnvel þó að honum hefði verið öllum beitt til að bæta þá umframframleiðslu sem í stefndi hefði hann ekki nálægt því dugað og hefði þá ekkert verið

eftir til annarra þarfa. Þetta er eitt dæmið um í hvaða vanda við vorum komin og líka glöggt dæmi um þann málflutning sem hér hefur verið hafður í frammi.

Sá hv. þm. sem hóf hér máls sagði að enn ætti að viðhafa flatan niðurskurð. Það sem var út af fyrir sig árangur við búvörusamningana á s.l. hausti og var fagnaðarefni var að það var leitast við að halda uppi þeirri búvöruframleiðslu sem gert var ráð fyrir þegar búvörulögin voru samþykkt, þ.e. að færa hana ekki niður frá ca. 11 800 tonnum. Eftir því sem mér skilst er einmitt verið að gefa bændum, sem þess óska af frjálsum og fúsum vilja, tækifæri til þess að færa sig úr sauðfjárræktinni og yfir í aðrar búgreinar, yfir í önnur verkefni í íslenskum landbúnaði. Það eru öll ósköpin sem yfir ganga um þessar mundir.

Herra forseti. Tími minn er liðinn, en ég má kannske minna á að það hafa verið gerðar marghátt-aðar ráðstafanir einmitt til að auðvelda bændum aðlögun að því að geta búið við þrengri framleiðslu-kost. Má ég minna á skuldbreytingu sem gerð var í sambandi við Búnaðarbankann og veðdeildina þar sem skuldunum, sem höfðu safnast fyrir í stjórnartíð Alþb., var komið yfir á miklu líðanlegri kjör, áburðarverðið á s.l. ári og raunar margt, margt fleira. En tími minn er þrotinn, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Menn hljóta að spyrja þess eftir að hafa hlýtt á þessa umræðu fram að þessu hvar stefnan sé mörkuð í sambandi við landbúnaðarmálin hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Hér eru það ekki aðeins við stjórnarandstæðingar sem eðlilega gagnrýnum framkvæmd þeirrar stefnu sem hæstv. landbrh. ber fram heldur koma upp málsmetandi menn úr báðum stjórnarflokkunum og hafa uppi harða gagnrýni á framkvæmd þessarar stefnu og um mótun stefnunn-ar, a.m.k. að því er varðar framkvæmd laganna frá 1985. Þetta hlýtur að vekja sérstaka athygli.

Við tökum líka eftir því að forustumenn í stjórnar-flokkunum, eins og formaður Framsfl., hæstv. forsrh., velja sér það hlutskipti að skipta um kjör-dæmi. Hann hefur boðað framboð í Reykjaneskjör-dæmi nýverið. Það er í rauninni táknrænt fyrir stöðumatið hjá formanni þess stjórnmálaflokks sem þó fer með landbúnaðarmálin.

Ég tel að eitt hið alvarlegasta í landbúnaðarstefnu núv. ríkisstjórn sé það litla svigrúm sem bændastétt-inni er gefið til þess að bregðast við aðsteðjandi vanda. Enginn neitar að hann hefur verið til staðar. Hann er afleiðing og uppskera af áratuga löngu stjórnleysi í landbúnaðinum á ábyrgð núv. ríkis-stjórnarflokka. Og það eru engir tilburðir í þá átt að skyggnast inn í þá möguleika sem eru til þess að breyta búháttum í sveitum og gefa nægilegt svigrúm til þess.

Á síðasta Alþingi óskuðum við þm. Alþb. eftir skýrslu frá hæstv. landbrh. Hann veitti okkur heldur rýra úrlausn rétt undir þinglok. M.a. var þar spurt hvar væru áætlanir í sambandi við uppbyggingu nýrra búgreina í sveitum. Það lá ekkert fyrir hjá hæstv. ráðherra og við höfum ekkert séð til við-bótar.

Það ber að virða þegar einstakir stjórnarþm. rétta hæstv. ráðherra hjálparhönd, eins og hv. þm. Egill Jónsson gerir hér. Ég virði það út af fyrir sig því að hann er einn af ábyrgðarmönnum þeirrar stefnu sem ráðherrann er að útfæra á sinn hátt, tók þátt í undirbúningi þeirrar lagasetningar sem gerð var 1985 á Alþingi á sauðburðartímanum.

Íslenskar sveitir og íslenskar byggðir þurfa á öðrum vinnubrögðum að halda en tíðkuð hafa verið í sambandi við stöðu bændanna. Öll landsbyggðin á undir högg að sækja, þéttbýli líka, og þegar þetta leggst saman er eðlilegt að illa horfi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það lýkur senn þeim tíma sem við höfum til umráða fyrir þessa umræðu. Það eru sjö á mælenda-skrá og hygg ég að það sé nægilegt verkefni við að fást. En umræðunni lýkur með því að frummælandi og ráðherra tala.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að oft hef ég verið hissa í umræðum hér á Alþingi en sjaldan eins og nú. Sumir af þeim mönnum sem hér hafa talað gera sér enga grein fyrir því hvernig þessi mál eru, ekki nokkra, og þar á meðal hv. þm. Páll Pétursson.

Það er ekki stefnan sem við förum eftir, það eru þrengingar í markaðsmálum sem neyða okkur til að taka svona á málum. Hæstv. landbrh. er ekki öfundsverður af því hlutverki að stjórna þessum málum og ekki síst þegar menn bregðast við eins og hér hefur gerst.

Ég spyr fyrrv. ráðherra í landbúnaðarmálum: Hvað meinar hann þegar hann er að tala um skipulagslausa fækkun á bústofni landsmanna? Vill hann segja mér eða öðrum að ég eigi að fækka? Eða hvernig á að taka á þessum málum? Hæstv. landbrh. hefur ekki neytt neinn heldur eru þetta ráð sem hann grípur til til að komast að hverjir vilja fækka. Það er ekki verið að neyða neinn til að gera það. Ef meiri hluti Alþingis vill hlaupa undir bagga í þessum málum og styrkja þá vöru alla sem þarf að framleiða í landbúnaði til þess að hann bjargist sæmilega, þá er vel. En til hvers er að framleiða vöru sem ekki fæst neitt fyrir?

Ég er hissa á fyrrv. fjmrh. Ég ætla að minna hann á jarðræktarframlagið sem bændur áttu að fá á hans árum til að byggja upp eitthvað í staðinn fyrir þessar hefðbundnu búgreinar. Við áttum marga glímu um það, en ég tapaði þeirri glímu.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það gætir ýmiss konar tvískinnungs í þessari umræðu. Annars vegar er sá ágreiningur sem við heyrum að er uppi í flokki hæstv. landbrh. milli hans og formanns þingflokks framsóknar-manna og raunar kannske einhverra fleiri og hins

vegar sú gagnrýni sem kemur frá fyrrv. landbrh., hv. 1. þm. Norðurl. v.

En svo er sá tvískinnungur, sem líka er uppi í bændahræsni þeirra Alþýðubandalagsmanna sem ég leyfi mér að kalla svo. Annars vegar er það viðurkennt að útflutningsbæturnar séu allt of háar, en hins vegar virðist ekkert mega gera til að lækka þær. Það er hlutur sem einfaldlega gengur ekki upp.

Auðvitað er það rétt, sem hér hefur verið sagt, að hér er um að kenna áratuga stjórnleysi í landbúnaði og óheftri framleiðslustefnu. Ég minni á að Alþfl. hefur um langt árabil gagnrýnt þessa óheftu framleiðslustefnu og bent á leiðir til úrbóta. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr er það viðurkennt af flestum þeim sem hafa um þessi mál fjallað að framleiðendur séu of margir og framleiðslan of mikil og hún er okkur of dýr. Eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði áðan þýðir ekkert að framleiða vöru sem selst ekki. Þess vegna verða menn að kyngja því að það þarf að gera ráðstafanir til að auðvelda mönnum að hætta framleiðslu og bregða búi. Um það hafa verið lagðar fram tillögur á Alþingi í mörg ár og ég hygg að aðstaðan í þessum efnum væri önnur nú ef fyrr hefði verið hlustað á þær tillögur sem Alþýðuflokksmenn hafa haft fram að færa í þessum efnum. Það er fyrst nú þegar komið er í óefni sem farið er að grípa til ráðstafana sem hefur verið mælt með og lagt til um mörg, mörg undanfarin ár. Þá er það kannske gert harkalega og með litlum undirbúningi þannig að betur hefði öðruvísi verið að farið.

Hér er um mannleg vandamál að ræða. Hér er um ævistarf fólks að ræða. Hér er um eignir fólks að ræða, aleigu fólks í flestum tilvikum. Þess vegna verður ekki beitt neinum reglustikuaðferðum. En það er alveg óruggt mál að það þarf að veita stórauknu fjármagni til að auðvelda bændum að bregða búi og hætta framleiðslu. Það hefur löngu verið ljóst og það þýðir ekkert fyrir menn að vera að berja hausnum endalaust við steininn í þeim efnum.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég minni á að þegar búvörulögin voru sett vorið 1985 var við mikinn vanda að etja vegna offramleiðslu og samstaða meðal þjóðarinnar um að greiða útflutningsuppbætur var brostin. Þessar staðreyndir þurftu menn að horfast í augu við. Búvörulögin tryggðu bændum staðgreiðslu, þau tryggðu þeim fullt verð fyrir ákveðið framleiðslumagn og þau tryggðu að útflutningsuppbótafé í landbúnaðinum fór inn í búgreinina sjálfa. Þetta voru veigamikil atriði og þetta var ástæðan til þess að a.m.k. þingflokkur framsóknarmanna, utan þingflokksformanns eins og kom fram áðan, greiddi þessum lögum atkvæði.

Framkvæmdin er auðvitað ýmsum erfiðleikum bundin og landbrh. er ekkert öfundsverður af hlutskipti sínu. Stjórnarandstaðan og ýmsir aðrir telja sér henta að tala fagurlega til bænda. Það mætti spyrja hvar þeirra úrræði væru. Ég hef undir höndum ályktun frá kjördæmisþingi Alþb. í Norðurlandi eystra sem er kjördæmi frummælanda hér. Þar segir svo þar sem rætt er um þessi mál, með leyfi forseta:

„Kjördæmisþingið telur að eitt af brýnustu og stærstu verkum næstu ríkisstjórnar hljóti að verða að taka sérstaklega á málefnum landbúnaðarins og sveitanna með það að markmiði að tryggja byggð og bæta lífskjör og aðstöðu fólks í strjálbýli."

Svo mörg voru þau orð. Hvernig á að gera þetta og hvernig á að vinna að þessu markmiði sem allir geta tekið undir? Það hefur lítið farið fyrir því í umræðunum hér.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessi mál, en ég tel það höfuðmarkmið að koma málum þannig fyrir í landbúnaðinum að bændur þurfi ekki að framleiða óseljanlega vöru og málum sé komið þannig fyrir að þeir geti stundað aðrar greinar í sveitunum sjálfum en hinar hefðbundnu og þeim séu tryggð bætt lífskjör og aðstaða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eftir kveðjur frá 2. þm. Norðurl. v. þar sem nokkurra jarðskjálftakippa gætti skilur maður betur hvers vegna jarðfræðingur hefur þessa umræðu í sölum þingsins.

Stefna Framsfl. í landbúnaðarmálum er skýr. Við viljum láta draga saman framleiðslu í hefðbundnum búgreinum vegna þess að markaðsaðstæður gera það að nauðsyn. Við viljum að veitt sé fjármagni til nýrra búgreina og þannig sé tryggt að búseta í sveitum haldi velli.

Þessi vandi byrjaði ekki 1983. Hann byrjaði fyrr. Þeir menn sem þá sátu á þingi þorðu ekki að taka á vandanum, voru ekki menn til þess. Þá skorti hugrekki til þess. Það eru staðreyndirnar sem blasa við. Ég hygg að Alþb. með fjmrh. í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens mætti minnast þess hvað þeir gerðu. Og betra væri hjá þeim að klóra yfir sínar fjárveitingar þá og sína andspyrnu þá við það að fá leiðréttingu, fá fjármagnið til nýju búgreinanna. Hefðu þeir staðið við það þá væri vandinn minni í dag. Nei, þeir studdu það ekki. Þeir studdu það ekki og það er geymt en ekki gleymt. (**SvG:** En Steingrímur?). Hv. 3. þm. Reykv. veit væntanlega að það eru tveir sem bera það nafn hér í þingsölum, Steingrímsnafnið, og aðeins annar er í Alþb. eftir því sem ég best veit þannig að það er dálítið óglöggt þegar menn kalla fram í á þennan hátt. (**SvG:** Vertu ekki að sverja hann af þér svona.) Það er erfitt að sinna bæði bjölluhljómi og frammíköllum samtímis.

Herra forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Það er mjög brýnt til þess að styrkja aðstöðu þeirra sem hafa farið yfir í nýjar búgreinar að það verði stofnaður verðjöfnunar- og verðtryggingarsjóður fyrir útflutning þeirra sem eru í loðdýrarækt. Þetta er brýnasta aðgerðin til að tryggja jafnmikið rekstraröryggi hjá þeim sem eru í hinum hefðbundnu búgreinum og hinum sem hafa haldið út í áhættuna. Þetta verkefni þarf að vinna.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er furðulegt að hlusta á hvern þm. á fætur öðrum úr Framsfl. kom hingað upp í ræðustól og kvarta undan því hvernig landbúnaðinum hafi verið stjórnað á undanförnum árum og það sé öðrum en þessum mönnum að kenna. Hverjir eru það sem hafa stjórnað landbúnaðinum undanfarin ár aðrir en framsóknarmenn? Framsóknarmenn og hluti af Sjálfstfl. hafa staðið og stjórnað íslenskum landbúnaði á undanförnum árum. Ef einhverjum er hægt að kenna um hvernig komið er er það þeim að kenna og engum öðrum.

Hæstv. landbrh. og hv. 11. landsk. þm. sögðu það hér úr ræðustól áðan að nú, þegar notað er fé Framleiðnisjóðs til að kaupa upp fullvirðisrétt bænda, væri það að ske að þeim sem óskuðu þess, eins og hv. 11. landsk. þm. sagði, að færa sig yfir í aðrar búgreinar væri verið að auðvelda það. Þetta er ansi langt frá sannleikanum. Það sem er raunverulega að ske nú með því að kaupa upp fullvirðisrétt bænda er að verið er að dreifa byggðinni í landinu, það er verið að grisja hana. Það er einmitt verið að grisja byggðina á Vestfjörðum í því kjördæmi sem hæstv. forsrh. taldi sig ekki geta setið lengur. Það er verið að grisja byggðina í Árneshreppi. Mér er vel kunnugt um það. Þar er verið að kaupa upp fullvirðisrétt bænda. Hvað þýðir það á þessum stöðum? Hvað þýðir það við Ísafjarðardjúp og hvað þýðir það víða um land? Það þýðir ekki aðeins að þau býli, sem nú fara í eyði undir þessari stefnu Framsfl., hverfi sem byggð býli heldur styttist í það að sveitin öll fari á sama veg. Það er sú stefna sem Framsfl. boðar núna og það er sjálfsagt vegna þeirrar stefnu sem Framsfl. hefur haldið á undanförnum árum.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Nýju búvörulögin fela í sér mörg merk nýmæli. Það er hins vegar ekki rétt, sem hér var haldið fram, m.a. af hv. 11. landsk. þm., að áður en þau voru sett hafi framleiðsla búvöru verið óheft í landinu. Á sínum tíma 1980, þegar ég var í starfi landbrh., var gripið til harkalegra stjórnvaldsaðgerða á grundvelli þágildandi laga. Það var með fóðurbætisskatti og kvótakerfi. Það hafði þau áhrif að mjólkurframleiðsla féll úr 120 millj. lítra niður í 103 millj. lítra og var allan tímann sem ég gegndi starfi ráðherra að meðaltali um 105 millj. lítra, um 5% umfram innanlandsneyslu. Á sama tíma var ekki jafnharkalega tekið á sauðfjárframleiðslunni einfaldlega vegna þess að það þurfti tíma til þess að koma upp öðrum tekjuöflunarmöguleikum í sveitum landsins þannig að unnt væri að ganga svo hart að bændum sem nú er krafist í báðum aðalbúgreinum landbúnaðarins.

Ég minni á að þótt hv. þm. Páll Pétursson telji að ég hafi gengið of skammt í þessum efnum kom ekki fram krafa um það frá hans hálfu á þeim tíma. Á hinn bóginn reyndi ég að efla markaðsleit og markaðskönnun og ég þakka fyrir það sem gert hefur verið á innlendum vettvangi í því efni nú um stundir, en það er eins og menn hafi gersamlega gefist upp og gefið frá sér að leita eftir meiru á erlenda markaðnum fyrir íslenska búvöru, þessa hollu og góðu vöru.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Mér er ljóst að tími er þrotinn og mér er líka ljóst að menn hafa ekki möguleika á því að svara spurningum mínum og ég óska reyndar ekki eftir því, en það er væntanlega hægt að fá frekari svör við þeim síðar í vetur.

Þessi umræða er mikilvæg að því leyti í fyrsta lagi að hún minnir á aðgerðarleysi fyrrverandi ríkisstjórnar og í hver óefni landbúnaðurinn var kominn og hvað illa var staðið við ýmis þau loforð og ýmsar þær skuldbindingar sem ríkisvaldið hafði þá tekið að sér. Hún er líka mikilvæg að því leyti að Alþb. hefur sannað það fyrir þingi og þjóð að það hefur ekki neinar tillögur fram að færa.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði með almennu orðalagi að það þyrfti að leita eftir öðrum leiðum í landbúnaðarmálum. Ég spyr: Hverjar eru þær? Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hins vegar að það væri verið að skerða útflutningsbótaréttinn. Er það skoðun fyrrverandi fjmrh. og Alþb. að það eigi að auka útflutningsbótaréttinn að nýju og taka upp útflutning á landbúnaðarvörum í vaxandi mæli? Það er stefna út af fyrir sig og Alþb. verður að svara fyrir það síðar í vetur.

Ég vek svo athygli á því, herra forseti, nú í lokin hversu allt öðruvísi umræðan um landbúnað og landbúnaðarmál er orðin í þjóðfélaginu. Það er einn mikilvægasti árangur sem orðið hefur af þeirri stefnu, sem hefur verið upp tekin í landbúnaðarmálum, að þjóðin vill standa að því að greiða úr þeim vanda sem landbúnaðurinn er kominn í alveg gagnstætt því sem áður var þar sem hver höndin var uppi á móti annarri. Þetta tel ég mikilvægt og ég er sannfærður um að það finnast leiðir, þegar menn skilja og skynja að það er verið að starfa af ábyrgð og festu í þessum málum, sem eru samrýmanlegar því að halda uppi byggð í sveitum landsins.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það hefur verið minnst á búrekstrarúttekt á Norðurlandi vestra. Mér finnst hún vera mjög svartsýn og óþarflega svartsýn.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um það fyrr í dag í umræðunni að það væri verið að hjálpa mönnum til að færa sig í önnur verkefni í landbúnaði. Það er engin trygging fyrir því að þessar ráðstafanir verði til þess að færa menn í önnur verkefni með því að klippa á rótina.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson hélt að við gerðum okkur enga grein fyrir því hvar við stæðum og upplýsti þingheim um það, sem hann vissi, að það eru þrengingar í markaðsmálum sem valda þessum vandræðum. Það þurfti ekkert að segja okkur það, a.m.k. ekki mér. En ég tel að það sé rangt farið að því að vinna sig út úr vandanum. Það má reyndar bæta því við að hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur

ekki verið framleiðsluletjandi framan af á þingferli sínum. Ég held það hafi engir verið stórtækari eða meir stórhuga í því að standa fyrir framleiðsluhvetjandi aðgerðum meðan hann var yngri. (**Gripið fram í:** Björn á Löngumýri.)

Það er ekki verið að grisja byggðina. Það er rangt hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Það er verið að færa byggðina saman vegna þess að jaðarsvæðin hljóta að hrynja.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég hefði að sjálfsögðu farið fram á umræðu utan dagskrár af hinu lengra tagi ef ég hefði gert mér ljósa grein fyrir því að þörf hv. stjórnarþm. til að tjá sig um landbúnaðarstefnu eigin ríkisstjórnar væri jafnmikil og raun ber vitni.

Ég vil taka það fram að ég notaði orðin „skipulagslaus og handahófskennd" um tilburði hæstv. ríkisstjórnar til framleiðslustjórnunar.

Þegar hæstv. landbrh. segir að við höfum á s.l. hausti staðið frammi fyrir svo og svo miklum samdrætti og niðurskurði, hver talar þá, herra forseti? Þá talar landbrh. sem fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands gerir samninga við bændastéttina um það magn sem tryggt verði fullt verð fyrir. Þess vegna er það sem hér hefur skeð ósköp einfaldlega það að ríkissjóður er að hlaupast undan sinni ábyrgð og velta henni yfir á Framleiðnisjóð og bændastéttina og það er vegna óbilgirni ríkissjóðs í samningum undir forustu hæstv. landbrh. sem þessi staða er upp komin ósköp einfaldlega. Ég vil leyfa mér að halda því fram, herra forseti, að þessi ráðstöfun á fé úr Framleiðnisjóði brjóti algerlega gegn þeim anda sem lagður var til grundvallar lagasetningunni vorið 1985. Ég fullyrði að skilningur bænda og forsvarsmanna þeirra þá var sá að féð í Framleiðnisjóði yrði notað til uppbyggingar, ekki til niðurrifs og niðurskurðar.

Ég gæti lesið aftur lögin fyrir hæstv. landbrh. nr. 46/1985, ég kann þau utan að, en það er greinilegt að hann gerir það ekki hvað þetta varðar.

Vegna þess að hv. þm. af Austfjörðum gerði Alþb. þann heiður að vitna í ályktun kjördæmisþings Alþb. í Norðurlandi eystra ætla ég að lesa fyrir hann upphaf kaflans um landbúnaðarmál sem hann sleppti af einhverjum ástæðum. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Málefnum landbúnaðar hefur áratuga ráðsmennska framsóknar og Sjálfstæðisflokks komið í slíkar ógöngur að til auðnar horfir í sveitum." Þannig byrjar þessi kafli, en af einhverjum ástæðum sleppti hv. þm. því að lesa hann.

Ég fullyrði, herra forseti, að þessi notkun fjár úr Framleiðnisjóði brjóti gegn ákvæðum þessara laga og hér séu svik á ferðinni við þær yfirlýsingar sem bændum voru gefnar um það að til þess að mæta áhrifunum af samdrættinum yrði svo og svo miklu fé ráðstafað úr Framleiðnisjóði og vaxandi ár frá ári fram að árinu 1990. Ég fullyrði að þessi notkun fjár stenst ekki ákvæði 37. gr. laga. Ég vil benda á að hér er ekki verið að ráðstafa smáaurum. Tekjur Framleiðnisjóðs vegna 37. gr. eru í ár 150 millj., á næsta ári skv. fjárlögum 240 millj. og síðan vaxandi eitthvað ár frá ári. En formaður stjórnar Framleiðnisjóðs upplýsir í morgun í símtali við mig að nái Framleiðnisjóður að kaupa allt það sem hann ætlar sér sé verið að binda 420–440 millj. í 5–7 ár, sem dreifist á þann tíma, þannig að hér er verið að ráðstafa með einni aðgerð á haustinu 1986 obbanum af því fé sem Framleiðnisjóður átti að hafa allt til ársins 1990 til að byggja upp í sveitum á móti samdrættinum. (**EgJ:** Einum þriðja.) Obbanum af því fé.

Herra forseti. Ég tel mig hafa komið því sæmilega á framfæri að hér sé ekki rétt að hlutunum farið. Ég verð tímans vegna að geyma mér að segja nokkur vel valin orð, sem ég hafði þó hugsað mér, um vinnubrögðin og framganginn hjá fjórmenningaklíkunni sem gengur manna á meðal undir nafninu októberáhlaupið.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Stefnan í þessum málum hefur verið mörkuð í samstarfi við Stéttarsamband bænda. Þau þungu orð sem sumir hv. þm. hafa látið falla um þessa stefnu eru því harður dómur um forustumenn bændasamtakanna sem hafa unnið að því með landbrn. að móta þessa stefnu. Ég held að það sé óhætt að taka undir það, sem hér kom fram áðan, að það er af lítilli þekkingu sem margt hefur verið sagt hér.

Um niðurlagningu á byggð í jaðarbyggðum vil ég aðeins geta þess að af 92 leyfum sem Veiðimálastofnun hefur veitt fyrir fiskeldisstöðvum eru 16 á Vestfjörðum. Þetta er dæmi um nýja uppbyggingu og nýjar búgreinar. Ég taldi upp áðan þau hundruð bænda sem hafa fengið stuðning úr Framleiðnisjóði til uppbyggingar nýrra búgreina. Það er það sem verið er að gera með þessu, eins og ég sagði, auk þess sem reynt er að vinna bug á riðunni.

Ég undirstrika að hér er um mannleg vandamál að ræða og það er reynt eins og frekast er kostur að taka tillit til þess. Af þeim sökum er ekki svo auðvelt að segja í skyndingu um þetta eða hitt svæðið: Þarna skulum við leggja niður búskap. Þess vegna er í fyrsta áfanga leitað eftir þeim sem vilja af frjálsum vilja fara þessa leið og telja sér hag að því. Það eru furðulegar andstæður sem koma fram í þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi.

Ég vil svo að lokum benda á að það hefur aldrei verið gert meira átak í markaðsmálum en á s.l. ári. Úr Framleiðnisjóði var varið mjög miklu fjármagni til að athuga markað erlendis. Því miður bar það ekki raun í bili, en enn þá er verið að leita á fjölmörgum stöðum í fjölmörgum löndum að þeim möguleika. Sem betur fer hefur markaðsöflun hér innanlands borið miklu meiri árangur. Markaðsöflunin og auglýsingin kemur m.a. fram í því að á sumarmánuðunum seldist helmingi meira dilkakjöt í hverjum mánuði í þrjá mánuði en var í vor. Benda

má á að í septembermánuði varð mjög mikil aukning á sölu á nær öllum tegundum mjólkurvara, t.d. 26% aukning í osti. Sem betur fer er sölustarfið að bera árangur. Þetta er jákvætt starf. Þess vegna vonumst við til þess að við komumst út úr þessum erfiðleikum án þvingana og lögskipana á einstaka bændur heldur með því að gera tilboð til bænda sem telja sér ávinning að því að fara þessa leið.

EFRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 1. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf., er til staðfestingar á brbl. um sama efni sem gefin voru út 11. júlí á s.l. sumri.

Tilefni brbl. var vinnustöðvun sem félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands, sem vinna hjá Arnarflugi hf., hófu 10. júlí í sumar. Allar sáttatilraunir reyndust árangurslausar og engar horfur voru á lausn vinnudeilunnar. Hefði deilan haldið áfram hefði hún haft í för með sér stöðvun alls millilandaflugs og innanlandsflugs félagsins, og talið var að verkefni þess, pílagrímaflug frá Alsír, yrði að engu, en flugið átti að hefjast 19. júlí. Í stuttri grg. með brbl. sagði m.a. svo:

„Öllum má vera ljóst að stöðvun farþegaflugs í annasamasta mánuði félagsins, þegar það flytur 2000 manns á viku hverri milli landa og fjölda farþega innanlands, sem flestir eru erlendir ferðamenn, veldur ekki aðeins Arnarflugi hf. óbætanlegu tjóni. Hitt er ekki síður alvarlegt umhugsunarefni að íslensk ferðaþjónusta í heild bíður mikinn siðferðilegan og fjárhagslegan hnekki.

Loks er veruleg hætta á að missir pílagrímaflugsins yrði mikill álitshnekkir fyrir íslenska flugrekstraraðila á alþjóðamarkaði og myndi gera þeim erfitt fyrir síðar meir. Auk þess verður að gera ráð fyrir bótakröfum vegna samningsrofa."

Við þessi orð sem fylgdu grg. með brbl. vil ég bæta að ég er ekki í minnsta vafa um að hér var rétt staðið að verki. Júlímánuður er mesti ferðamánuður hér á landi og eins og margoft hefur komið fram í ræðu og riti að undanförnu er mikill og vaxandi áhugi á ferðamálum sem atvinnugrein. Verkfall, sem snertir ferðamálin beint, hefði því orðið óbætanlegt áfall fyrir þau, auk þess áfalls sem Arnarflug hf. hefði orðið fyrir.

Samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar voru svo skipaðir í gerðardóminn þeir Jón L. Arnalds hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt var formaður dómsins, Guðmundur Magnússon prófessor og Stefán Svavarsson lektor. Þeir skiluðu úrskurði sínum 11. sept. s.l. og eru greidd laun skv. þeim úrskurði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda sem liggur frammi á þskj. 88. Eins og þingheimi er kunnugt falla ákvæði laga um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, húsnæðisgjald, sérstakt tímabundið vörugjald og sérstakt jöfnunarálag á innflutt hús úr gildi um næstu áramót. Tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir næsta ár gerir engu að síður ráð fyrir að skattar þessir og gjöld verði innheimt á næsta ári með sama hætti og verið hefur. Eigi tekjuáætlunin að standast verður því ekki hjá því komist að framlengja þau lagaákvæði sem gilda um þessa skattheimtu. Reyndar hafa lagafrv. sama efnis verið árviss viðburður mörg undanfarin ár nema að því er varðar húsnæðisgjaldið, sem nú er lagt til að verði fram haldið í fyrsta sinn. Af hagkvæmnisástæðum er nú brugðið á það ráð að sameina í einu frv. nauðsynleg lagaákvæði í þessu skyni.

Ekki er gert ráð fyrir neinum efnisbreytingum frá gildandi lögum í þessum efnum, heldur lagt til að umræddir skattar og gjöld verði innheimt á næsta ári með sama hætti og undanfarin ár. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af skattheimtu skv. þessu frv. á næsta ári nemi samtals um 2,7 milljörðum kr.

Í ljósi forsögu þeirrar skattheimtu, sem hér er lagt til að fram verði haldið á næsta ári, þykir mér að svo stöddu ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efnisatriði frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. Það er býsna smekklega umbúið hjá hæstv. ríkisstjórn að setja allt þetta í einn pakka, eins og þar stendur, og búa það þeim mun betur út því að satt að segja reikna ég nú með því að þeim sjálfstæðis-

mönnum hafi verið tiltölulega óglatt þegar þeir fóru að mæla hér í embætti fjmrh. fyrir frumvörpum um skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem þeir höfðu allra manna mest hamast á móti því hér í hv. deild og hreinlega ætlað af göflunum að ganga í sambandi við það, að ég tali nú ekki um sérstakt tímabundið vörugjald, sem einnig var gagnrýnt ræki lega, og þess vegna ágætt að búa þetta í þennan öllu smekklegri og líklega þægilegri búning með þessum hætti fyrir hæstv. fjmrh., enda fór hann eðlilega fljótt yfir sögu um frv. í heild sinni.

En það er rétt að láta það koma fram að VI. kaflinn er sérstaklega af hinu góða, að mínu viti, og var reyndar settur á sínum tíma til þess að vernda innlenda framleiðslu, sem átti undir högg að sækja varðandi innflutning á húsum og húshlutum, og ekkert nema gott um það að segja. Sömuleiðis hlýt ég að styðja áfram I. kaflann um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það gildir kannske svolítið annað með húsnæðisgjaldið því að það er nokkuð á huldu hvernig með það mál skuli farið, enda nokkuð erfitt að skilja það á athugasemdum *með þessu lagafrv. hvernig með skuli fara. Hér er* um að ræða það eina prósent í söluskattsstigi sem samkomulag varð um milli allra flokka að lagt yrði á til sérstakrar fjáröflunar í húsnæðismálum, að því er ég man best.

Nú er það auðvitað ljóst skv. fjárlagafrv., og lækkun framlags ríkisins til húsnæðismála í því frv., og eins í þessum athugasemdum, að það er alls ekki ætlunin að láta allar tekjur af þessu húsnæðisgjaldi, sem átti þó eingöngu að renna til þessara mála, til framkvæmda eða útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, enda stendur hér: „Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.“ Og síðan segir: „Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1987 nemur framlagið á næsta ári 1300 millj. kr. til byggingarsjóðanna.“ — En var 1600 millj. á síðasta ári ef ég man rétt. Annars hef ég ekki haft tök á því að líta á þetta. — „Í ljósi þess annars vegar“ segir svo í athugasemdunum „og ákaflega þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs“ — en það er síst of mælt — „hins vegar þykir ekki hjá því komist að kveða á um álagningu og innheimtu húsnæðisgjalds í óbreyttri mynd á næsta ári. *Áætlað er að tekjur af gjaldinu nemi um 600 millj.* kr. á árinu 1987.“

Spurning mín til hæstv. fjmrh. er þá m.ö.o.: Hvað mikið af þessu fer til húsnæðismálanna og hvað mikið fer til þess að bæta „þrönga fjárhagsstöðu ríkissjóðs“? Komi það í ljós að að meginpartinum til eigi þetta að renna til annarra framkvæmda, þá er í raun og veru ekki hægt að segja annað en að ríkisstjórnin hafi sagt upp samkomulagi sínu við stjórnarandstöðuna um þetta húsnæðisgjald, sem fullt samkomulag var um á sínum tíma að rynni eingöngu til þessara mála.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega ástæða til að staldra hér aðeins við, sérstaklega þegar hæstv. fjmrh. gerir svo stuttan stans í ræðustólnum til að mæla fyrir þessu frv., sem hefur inni að halda býsna mörg atriði og ekki öll skyld þó að þau tengist auðvitað með vissum hætti, en hann hefur kosið að fara þá leið hér að leggja fram það sem stundum er kallaður „bandormur“ á vinnumáli þingsins, ef þannig má til orða taka.

Það er sérstaklega ánægjulegt að heyra fjmrh. Sjálfstfl. enn einu sinni mæla hér fyrir sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég minnist þess í þessari hv. deild að hann er líklega annar ráðherrann úr þessum flokki sem mælir fyrir þessum skatti, sem Sjálfstfl. barðist mjög heiftarlega gegn hér þegar hann var lagður á á sínum tíma, og sem forveri hæstv. núv. fjmrh. lagði heiður sinn að verði í blaðaviðtali, ef ég man rétt, um það að þessi skattur skyldi afnuminn. Það var mjög eftirminnilegt og það þurfti ekkert að velkjast í vafa um það hvað hæstv. núv. iðnrh. Albert Guðmundsson átti við þegar hann var að tala um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og raunar hafa ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. haft mörg orð um þennan skatt, Morgunblaðið skrifað um hann leiðara o.fl., o.fl. Það er þess vegna ánægjulegt að heyra hæstv. núv. fjmrh. mæla fyrir þessum skatti.

Við studdum þennan skatt á sínum tíma, lögðum reyndar seinna til að hann væri lækkaður og loks látinn falla niður. En á það hefur Sjálfstfl. ekki fallist og gerir nú tillögu um að þetta haldist áfram óbreytt og er það út af fyrir sig athyglisvert.

Annað langaði mig til að minnast á hér. Hér er enn einu sinni verið að fjalla um breytingu á lögum frá því í des. 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald. Raunar held ég að þetta sérstaka tímabundna vörugjald eigi sér enn lengri sögu en frá 1978. Ég held að það hafi verið komið á töluvert áður, ef ég man rétt. Þessi orð, „sérstakt“ og „tímabundið“, voru notuð á sínum tíma vegna þess að gjaldið átti að vera sérstakt og það átti að vera tímabundið.

Nú þegar hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. leggur enn einu sinni fram tillögu um að þetta gjald verði framlengt, þá vildi ég spyrja hann: Er ekki ástæða til að fella nú niður þessi orð og kalla þetta bara vörugjald? Vegna þess að þó það eigi að heita tímabundið að nafninu til, *þá er það framlengt frá ári til árs* og hefur í raun verið alveg ótímabundið. Er ekki best að koma bara hreint til dyranna og segja hlutina eins og þeir eru í staðinn fyrir að vera að fela þá á bak við einhver nöfn sem ekki eru sannleikanum samkvæm og ekki í takt við þann raunveruleika sem við búum við?

Þá langaði mig, virðulegi forseti, loks að gera að umtalsefni í nokkrum orðum húsnæðisgjaldið, sem hér er um fjallað, og taka að ýmsu leyti undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan. Það er óljóst hvernig þessi mál eiga að vera skv. því frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir. Það er með öllu óljóst. Í 9. gr. þessa frv., þar sem fjallað er um húsnæðisgjald, segir: „Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum

Byggingarsjóðs ríkisins." Þetta er nokkurn veginn skýrt og skiljanlegt. Síðan segir í athugasemdum um II. kafla, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir þetta" — þ.e. fjármögnun byggingarsjóðanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða — „er áfram þörf á verulegu framlagi ríkissjóðs til byggingarsjóðanna. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1987 nemur framlagið á næsta ári 1300 millj. kr." — Það munu vera 1000 millj. eða einn milljarður í Byggingarsjóð ríkisins og 300 millj. í Byggingarsjóð verkamanna. Síðan segir enn orðrétt: „Í ljósi þessa annars vegar og ákaflega þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hins vegar þykir ekki hjá því komist að kveða á um álagningu og innheimtu húsnæðisgjalds í óbreyttri mynd á næsta ári. Áætlað er að tekjur af gjaldinu nemi um 600 millj. kr."

Ef láta á þetta fé aðeins renna beint um ríkissjóð til húsnæðiskerfisins þá sé ég ekki hvað hin þrönga fjárhagsstaða ríkissjóðs kemur þessu máli við, öðruvísi en að ríkissjóður ætli sér að taka hluta af þessu húsnæðisgjaldi og nota til almennra rekstrarútgjalda, eins og nú virðist vera vaxandi siður hjá þessari ríkisstjórn. Þess vegna sýnist mér alls ekki ljóst hvert verður heildarframlag ríkisins til byggingarsjóðanna, og þá er ég bæði að tala um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Er það þær 1300 millj., sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum, að viðbættum þessum 600 millj. kr., sem húsnæðisgjaldið, þetta sérstaka húsnæðisgjald sem samkomulag var um gert, gefur og greint er frá hér í þessum athugasemdum? Eða eru þessar 600 millj. kr., sem húsnæðisgjaldið er, hluti af því og er það innifalið í því? Ef í ljós kemur að svo sé er ég ansi hræddur um að þá muni menn þurfa að endurskoða eitt og annað, vegna þess að ég sé ekki að það sé samkvæmt samkomlagi því sem gert var á sínum tíma.

En hæstv. fjmrh. skýrir þetta væntanlega út hér á eftir. Þetta er óljóst eins og þetta er orðað hér í frv., þ.e. eru þessar 600 millj. hluti af þessum 1300 eða koma þær til viðbótar? Þetta er auðvitað meginspurning, sem hæstv. fjmrh. hlýtur að svara hér á eftir, og ég geri ráð fyrir að svör hans móti mjög afstöðu manna til þessara frumvarpsgreina sem hér er um fjallað.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla að víkja hér að þeim tveimur atriðum sem hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. landsk. þm. hafa vikið að. Hv. 5. landsk. þm. innti eftir því hvort ekki væri að mínu mati ástæða til þess að hætta að kalla sérstakt tímabundið vörugjald því nafni og viðurkenna þá staðreynd að þetta er hluti af tekjuöflun ríkisins. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að í tengslum við það frv., sem nú er í undirbúningi um nýja tollskrá, er gert ráð fyrir að breyta samtímis álagningu vörugjalds og fella það í einn farveg, samræmdan farveg og þá hygg ég að þessari ábendingu verði komið í framkvæmd.

Að því er varðar húsnæðisgjaldið, þá er það alveg skýrt að gert er ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna verði 1300 millj. kr. Það kemur fram í frv. til fjárlaga. Það er það framlag sem sú nefnd, sem samdi frv. að þeirri nýju löggjöf sem nú er í gildi um húsnæðismálin, taldi nauðsynlegt að ríkið legði fram a.m.k. til þess að kerfið stæði undir sér. Þar var hvorki gengið lengra né skemmra en sagði í því áliti að væri nauðsynlegt a.m.k. sem framlag af hálfu ríkisins.

Til þess að standa undir þessu framlagi að hluta til, þá þykir nauðsynlegt að framlengja þessa skattheimtu, húsnæðisgjaldið. Það gefur um 600 millj. kr. sem er hluti af framlagi ríkissjóðs. Því er að sjálfsögðu ekki varið til neinna annarra útgjalda ríkissjóðs, heldur þvert á móti er tekið af annarri skattheimtu viðbótarfjármagn og lagt inn í húsnæðissjóðina þannig að framlagið verður samtals 1300 millj. En það er alveg skýrt og kemur fram í frv. til fjárlaga að þar er gert ráð fyrir að 1300 millj. renni til byggingarsjóðanna.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það samkomulag, sem gert var um að leggja á 1% viðbótargjald í sambandi við söluskattinn, var gert vegna sérstakra neyðarráðstafana í húsnæðismálum, vegna hinna svokölluðu greiðsluerfiðleika lána sem voru afgreidd frá húsnæðismálastjórn og átti að vera sérstaklega til þess að létta vanda þeirra húsbyggjenda, sem voru komnir í þrot, eins og það var kallað.

Ég hygg að það hafi aldrei verið ætlunin að með þessu gjaldi væri verið að létta af ríkissjóði þeim skyldum sem á honum hvíla að leggja til ákveðið framlag til byggingarsjóðanna, heldur var þetta einvörðungu — og leiðrétti mig þá hver sem getur það hér — gert til þess að létta vanda þeirra húsbyggjenda sem verst voru staddir og veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu hjá húsnæðisstjórn. Og þá er auðvitað spurningin: Verður framhald á slíku hjá húsnæðismálastjórn eða fer þetta bara í hið almenna lánakerfi til hvaða lánaflokks sem er inni í kerfinu og léttir þar með ákveðnum byrðum af ríkissjóði? Ég tel að ef þetta er þannig, eins og ég skil það, þá sé í raun og veru verið að ganga á svig við samkomulagið sem gert var vegna þess að féð fer ekki til sömu þátta og samið var um, því að það var samið sérstaklega um þetta vegna sérstakra neyðarráðstafana.

Eftir því sem maður heyrir núna, þá er búið að afgreiða þau lán og hætt að afgreiða þau lán, sem teljast til greiðsluerfiðleikalána, og ég spyr þá: Er meiningin að halda þeim lánaflokki gangandi áfram inni í húsnæðisstjórn? Er meiningin að halda því áfram og verja umtalsverðri upphæð í þetta? Eða er verið að koma þessu þannig fyrir að ríkissjóður þurfi ekki að borga nema 700 millj. kr. inn til byggingarsjóðanna í staðinn fyrir 1600 millj. áður?

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv.

2. þm. Austurl., að húsnæðisgjaldið á rætur að rekja til löggjafar sem samkomulag var um á milli þingflokkanna hér á hinu háa Alþingi. Þetta samkomulag gerði ráð fyrir að tekjuöflunin stæði út þetta ár og lögin giltu þess vegna ekki lengur. Auðvitað er það svo að þetta frv., sem hér er til umræðu, er lagt fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og er ekki hluti af því samkomulagi sem gert var á sínum tíma. Það er ekki unnt að ætlast til þess í sjálfu sér. Það samkomulag var tímabundið og gilti aðeins til loka þessa árs. Það er hins vegar mat ríkisstjórnarinnar að óhjákvæmilegt sé að halda þessari tekjuöflun áfram til þess að standa m.a. undir framlögum til byggingarsjóða ríkisins að hluta til. Þetta samkomulag sem gert var og lögin sem samþykkt voru miðuðu ekki einungis að því að útvega fjármagn til sérstakra lána vegna þeirra sem voru í greiðsluerfiðleikum heldur einnig að því, að meginhluta til, að auka almenn lán byggingarsjóðanna og bæta úr stöðunni. Nú hefur verið samþykkt ný húsnæðislöggjöf og þess vegna horfa þessi mál auðvitað svolítið öðruvísi við en á þeim tíma. Ég vil aðeins ítreka að ekki er ætlast til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að stjórnarandstöðuflokkarnir, sem tóku þátt í samkomulaginu á sínum tíma, séu bundnir við það lengur en til loka þessa árs, og því er frv. alfarið flutt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkarnir meta það auðvitað hvort þeir telja að rétt sé og skynsamlegt að afla þessa fjár til þess að standa undir hluta af framlögum til byggingarsjóðanna. Það verða þeir auðvitað að gera út frá þeirri stefnumörkun og afstöðu sem þeir hafa til ríkisfjármálanna.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Auðvitað munu stjórnarandstöðuflokkarnir meta afstöðu sína til þessa máls og þessarar fjáröflunaraðferðar með venjulegum hætti, þ.e. hlusta á rök með og móti þegar þetta mál kemur til meðferðar í nefnd.

Það er athyglisvert að íhuga hvernig þróun söluskattsins hefur verið og þá um leið hversu rík sú tilhneiging er þegar einu sinni er búið að bæta tímabundnu gjaldi við svona skatt, eins og þarna var gert til að leysa þessi greiðsluerfiðleikamál, velur ríkisstjórnin nær ævinlega — og þá hygg ég að sé nokkurn veginn sama hvaða ríkisstjórn á í hlut, auðveldustu leiðina, þ.e. að gera hið tímabundna gjald, sem upphaflega átti að vera, varanlegt. Þetta sést afar ljóst þegar litið er á yfirlit yfir söluskattinn sem var upp tekinn árið 1960 og var þá 3%. Söluskatturinn núna frá 1. júlí á þessu ári er 25%. Ég held að þessi þróun sé fyrir löngu komin út í öfgar. Þessi söluskattsprósenta er mjög há, ég hygg hún sé með því hæsta sem þekkist. Og freistingin til að sjá svo til að þessi skattur skili sér ekki allur í vasa innheimtumanna ríkisins, eða ríkissjóðs, vex náttúrlega með hverri prósentu sem þessi skattur hækkar. Fyrir utan það að allir vita hversu hriplekt og handónýtt þetta söluskattskerfi raunar er.

Ég hef því miklar efasemdir um að þetta sé rétt leið. Þetta er auðvitað fljótvirkasta leiðin, má segja. Þegar þarf að grípa til svona skyndiinnheimtu til að bjarga málum eins og þessum greiðsluerfiðleikalánum er þetta tiltölulega fljótvirk leið. En ég held að hún sé ekki mjög virk og ég held að hún sé ekki mjög skynsamleg vegna þess að þetta kerfi er löngu, löngu ónýtt, og um það eru menn nokkuð sammála. Ég held að þetta sé ekki heppileg leið og að þetta séu í rauninni mjög óæskileg vinnubrögð, að afnema aldrei þann skatt sem einu sinni hefur verið á settur. Þessi ríkisstjórn er mjög trú þeirri stefnu að afnema aldrei neitt það gjald sem einu sinni hefur verið á lagt og þess sér merki einmitt núna. Auðvitað geta menn kannske bent á skrautfjaðrir eins og skattinn á ferðamannagjaldeyri sem vissulega var afnuminn á sínum tíma. Það er kannske undantekningin sem sannar þessa reglu. En ég held að hér séum við á hálum ís og hættulegum brautum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. MJL, 85. mál (almenn atkvæðagreiðsla). — Þskj. 85.

Flm. (María Jóhanna Lárusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8 frá 1986, um sveitarstjórnir, á þskj. 85.

Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„54. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boðað til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal í henni koma fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef í ráði er að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram.

Í sveitarfélagi með færri en 1000 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um einstök mál ef tíundi hluti kjósenda óskar þess eða þriðjungur sveitarstjórnar. Í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa skal þó miða við fjórðung kosningabærra manna. Slík atkvæðagreiðsla telst bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef tveir þriðju hlutar kjósenda taka þátt í henni og skal þá meiri hluti ráða. Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennum kosningum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er skylt að fresta framkvæmdum varðandi þau mál er íbúar óska atkvæðagreiðslu um þar til úrslit atkvæðagreiðslu liggja fyrir. Sveitar-

stjórn getur flýtt atkvæðagreiðslunni en þó skal hún ekki fara fram fyrr en sex vikur eru liðnar frá því að ósk um hana kemur fram. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt III. kafla laga þessara eftir því sem við á."

Virðulegi forseti. Þar sem ég tek til máls í fyrsta sinn á hv. Alþingi langar mig til að hafa nokkurn formála að máli mínu.

Í fornum bókmenntum okkar Íslendinga segir frá örlaganornunum, Urði, Verðandi og Skuld, er sátu við Urðarbrunn og skópu mönnum og goðum örlög er voru samofin úr fortíð, nútíð og framtíð. Gildi fortíðarinnar fyrir örlög manna var því þýðingarmikið. Án hennar var engin nútíð og því síður framtíð.

Fortíðin er okkur nútímamönnum mikilvæg. Hún er mikilvæg vegna þess að á tímum hraðra breytinga er hætt við að maðurinn rofni úr tengslum við uppruna sinn og að þau verðmæti er sköpuðu honum lífsskilyrði gleymist í umróti nýjunganna. Dagurinn í dag er framhald gærdagsins, og ekkert af því sem gerðist í gær er hægt að endurtaka. Spuna örlaganornanna er ekki hægt að stöðva, ekki hægt að hægja á honum, rekja hann til baka og leiðrétta mistök eða lagfæra þá galla er kunna að finnast í munstrinu.

Stundum er sem bregði leiftri úr fortíðinni yfir í nútíðina, lýsi upp líðandi stundu og geri hana sýnilegri og skiljanlegri. Slíku leiftri bregður fyrir í orðum Alberts Einstein, er hann varaði við afleiðingum kjarnorkunnar, með leyfi forseta:

„Eftir að maðurinn leysti kjarnorkuna úr læðingi er ekkert eins og það var. Allt hefur breyst nema hugsunarháttur okkar. Þess vegna gengur maðurinn helför sína áleiðis til ragnaraka. Við þurfum að gjörbreyta hugsunarhætti okkar ef mannkynið á ekki að farast."

Allt frá þeim tíma er Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengjunum á Hiroshima og Nagasaki hafa menn, bæði lærðir og leikir, reynt að sporna við því gífurlega vopnakapphlaupi sem stórveldin tvö hafa háð. Varnaðarorð Einsteins hafa hljómað skýr og tær í gegnum alla friðarsöngvana, friðarræðurnar og umræðurnar eins og skær geisli er lýsir veginn fram en er þó einungis sýnilegur þeim er kjósa sér birtuna að leiðarljósi. Sýn Einsteins fram á við inn í heim kvíða og öryggisleysis okkar nútímamanna er lík annarri er við Íslendingar þekkjum úr bókmenntum okkar.

Í Snorra-Eddu segir frá því er Baldur hinn hvíti ás var drepinn og varð að hverfa niður til heljar.

Með leyfi forseta:

„En er æsirnir freistuðu að mæla, þá varð hitt þó fyrr að gráturinn kom upp svo að enginn mátti öðrum segja með orðunum frá sínum harmi. En Óðinn bar þeim mun verst þennan skaða sem hann kunni mesta skyn hversu mikil aftaka og missir ásunum var í fráfalli Baldurs." Óðinn var vitrastur ásanna og sá lengra fram en þeir. Honum var ljóst að dauði Baldurs færði æsi nær þeim ragnarökum sem þeir höfðu kallað yfir sig með því að ánetjast ágirndinni og fremja eiðrof. Óðinn hafði reynt að forða goðunum frá örlögum sínum með því að auka þekkingu sína og liðstyrk, og í því skyni hafði hann selt auga sitt að veði fyrir sopa úr viskubrunni jötna. En vopnabrak einherjanna og hin áunna þekking hafði einungis aukið á bölið, slævt meðfædda visku hans og sýn. Þess vegna hafði honum yfirsést mistilteinninn er grandaði hinum hvíta ás og færði hinum illu öflum sigur. Dauði Baldurs var því einn þráður í örlagavef þeim er nornirnar spunnu herguðunum og afleiðing þeirra eigin fortíðar.

Framfarir liðinna áratuga hafa leitt okkur mennina inn á nýjar brautir og opnað okkur nýjar víddir. Það sem var áður hulið hefur mannshugurinn leitt fram á sjónarsviðið með þekkingu sinni á umheiminum, náttúrunni og þeim öflum sem í henni búa. Tækniundrin hafa þó ekki fært mannkynið fjær þeim ragnarökum er Einstein boðaði fyrir fjórum áratugum. Sýn okkar hefur hins vegar breyst. Heimsmyndin hefur dregist saman. Okkur er ljósara en áður að örlög okkar eru samofin og að sérhver þráður sem ofinn er í þann vef getur skipt mannkynið sköpum. Geislavirkni, mengun og rányrkja virða ekki landamæri og hvort sem ofbeldi beinist gegn fólki eða náttúrunni hefur það ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Sú kreppa sem mannkynið er í hefur þó haft jákvæðar afleiðingar í för með sér. Hinn breytti hugsunarháttur sem Einstein boðaði er orðinn að veruleika hjá fjölda fólks víða um heim. Hann lýsir sér í því að fólk situr ekki lengur aðgerðarlaust og bíður eftir að aðrir taki ákvarðanir er varða framtíð þess og afkomenda þess. Þessi hugarfarsbreyting hefur sprottið upp úr grasrótinni og teygir anga sína sífellt víðar. Friðarhreyfingar, mannréttindasamtök og umhverfisverndarhreyfingar þrýsta á stjórnmálamenn að leysa mál með öðrum hætti en í krafti styrkleika og yfirburða.

Leiðtogafundur stórveldanna hér á dögunum sýndi okkur fram á að þessi hugarfarsbreyting hefur hins vegar ekki náð til stjórnmálamanna. Á meðan hugir milljóna manna sameinuðust í bæn um að endir yrði bundinn á vopnakapphlaupið sátu tveir menn bak við luktar dyr og ræddu saman. Tveir menn með fjöregg alls mannkynsins í höndum sér.

Niðurstaða viðræðna þeirra staðfestir það sem við vitum með sjálfum okkur, að feigðaröflin búa með manninum sjálfum en ekki í ímynduðum andstæðingi hans. Kjarnorkuvopn eru afsprengi þess hugarfars að hernaðarlegur og fjárhagslegur styrkur gefi einum aðila yfirburði yfir annan og að sá sem sterkari er eigi skilyrðislausan rétt á sterkari stöðu við samningaborðið. Slíkt hugarfar hefur ráðið ferðinni í stjórnmálaheiminum allt frá dögum Rómverja, en þeirra boðorð var, með leyfi forseta:

„Ef þú vilt frið skaltu undirbúa þig fyrir stríð."

Eftir að maðurinn beislaði kjarnorkuna gilda þessar leikreglur ekki lengur í samskiptum þjóða og manna. Allt hefur breyst, sagði Einstein. Í fyrsta

skipti í sögunni verður maðurinn að treysta á hugvit sitt og mannelsku til að halda frið við aðra menn. Hann getur ekki lengur birgt sig upp með sterkari vopnum en andstæðingurinn til að styrkja stöðu sína þar sem þau mundu einnig granda honum sjálfum.

Leiðtogafundurinn kenndi okkur enn fremur það að við getum ekki lagt líf okkar og framtíð í hendur örfárra manna. Sú ábyrgð er maðurinn ber á allri tilveru lífs á jörðunni er sameiginleg ábyrgð okkar allra. Friður getur aldrei orðið að veruleika nema sérhver einstaklingur, sérhver þjóð, leggi sinn skerf af mörkum. Þess vegna er mikilvægt að fólk hafi möguleika á að hafa frumkvæði að eigin lífi og taki þátt í sköpun samfélagsins.

Aukin valddreifing og samábyrgð er krafa samtíðarinnar og angi þeirrar hugarfarsbreytingar er hefur skotið rótum víða vegna þeirrar sameiginlegu hættu er mannkynið horfist í augu við. Nýjar leiðir til lausnar ágreiningsmála og breyttar starfsaðferðir í stjórnun eru nýjungar sem vel rekin fyrirtæki, skólar og þjónustustofnanir hafa tekið upp. Styrkur sérhverrar stofnunar felst í því að sem flestir séu þátttakendur en ekki þolendur. Það sama gildir um fjölskyldur, samfélög og þjóðir.

Það stjórnarform er við Íslendingar ásamt flestum þjóðum hins vestræna heims búum nú við er lýðræði. Hugmyndin að baki lýðræðishugtakinu er að æðsta valdið sé hjá þjóðinni og að allur almenningur eigi að velja um þá kosti sem uppi eru um skipan og þróun þjóðfélagsins.

Fyrrum þekktist það form lýðræðis að borgarar réðu ráðum sínum á opnum fundum, svo sem var í borgríkjunum grísku og hér á þjóðveldisöld þar sem menn réðu ráðum sínum á almennum fundum eða samkomum. Þetta lýðræðisform reyndist er stundir liðu fram þungt í vöfum og óhentugt.

Í sveitarfélögum gildir reglan um fulltrúalýðræði. Allir íbúar í sveitarfélagi sem kosningarrétt eiga, þ.e. eru orðnir 18 ára, eiga rétt á að kjósa menn í sveitarstjórn til fjögurra ára til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Hér er um eins konar valdaframsal að ræða frá íbúum sveitarfélags, kjósendum, til sveitarstjórnar. Í stað þess að allir kjósendur taki ákvarðanir og ráði öllum málum fela þeir nokkrum mönnum fullt vald til umráða tiltekið tímabil. Sveitarstjórnarmenn eru þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu sinni til einstakra mála en einungis af lögum og sannfæringu sinni, sbr. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Lengi hefur það þekkst í fámennari sveitarfélögum hér á landi að haldnir væru svonefndir borgarafundir eða sveitarfundir, bæði til að kynna íbúum málefni sveitarfélagsins almennt, svo sem í tengslum við afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar, eða til að leita álits þeirra í einstökum málum. Í 31. gr. eldri sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 var ákvæði um slíka fundi í hreppum og skyldu hreppsnefnda til að halda þá ef fjórðungur kjósenda æskti þess.

Í áfengislögum nr. 82/1969 er ákvæði varðandi almenna atkvæðagreiðslu. Þar er heimilað að setja á stofn útsölu frá Áfengisverslun ríkisins í kaupstöðum. Þó er sú heimild takmörkuð við það að samþykkt hafi verið í almennri atkvæðagreiðslu að slík útsala skyldi sett á laggirnar. Einnig er ákvæði um það að áfengisútsala skuli lögð niður ef það er samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu. Í þessu síðara tilviki er beinlínis um það að ræða að farið skuli í stjórnarathöfn eftir vilja meiri hluta kjósenda.

Í 108. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1986, er ákvæði um að sveitarstjórn skuli láta fara fram atkvæðagreiðslu innan sveitarfélags um tillögu er varðar sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög. Sé tillaga um sameiningu felld í slíkri atkvæðagreiðslu verður sveitarfélagið skv. 109. gr. sömu laga, ekki sameinað að svo stöddu. Slíkar atkvæðagreiðslur hafa farið fram í sameiningarmálum, t.d. á Ísafirði og í Eyrarhreppi og í Dyrhólahreppi og Hvammshreppi á sínum tíma.

Þótt ekki hafi verið ákvæði um það í lögum hefur jafnan verið talið að sveitarstjórn væri heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar meðal íbúa sveitarfélags um einstök mál til að kanna hug og afstöðu íbúanna. Helst eru það viðkvæm umdeild mál eða tilfinningamál sem efnt hefur verið til skoðanakannana um, sumsé hvort leyfa skuli hundahald í sveitarfélagi, hvort breyta skuli nafni sveitarfélags, hvort kaupa skuli fasteign o.s.frv. Er þá spurt um afstöðu kjósandans og hann beðinn að krossa við já eða nei.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 er í 54. gr. það nýmæli að sveitarstjórn skuli heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um einstök mál. Í 54. gr. er þó engin nýjung á ferðinni, heldur er þar kveðið nánar á um heimild sveitarstjórnar sem hún hefur haft í raun. Í 54. gr. er einnig kveðið á um rétt íbúa minni sveitarfélaga til að óska eftir almennum sveitarfundi en ályktanir slíkra funda eru þó ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Í 54. gr. laganna er hins vegar ekkert ákvæði sem heimilar íbúum stærri sveitarfélaga að fara fram á almenna fundi um málefni sveitarfélagsins.

Þegar hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson lagði fram frv. til sveitarstjórnarlaganna, er samþykkt voru frá Alþingi s.l. vor, gerði hann grein fyrir meginsjónarmiðum þeim er höfðu verið höfð að leiðarljósi við samningu frv. Eitt þessara sjónarmiða var að stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála. Í 54. gr. er ekkert sem tryggir aukin lýðræðisleg réttindi íbúanna umfram það sem verið hefur.

Með þessu frv. er leitast við að efla áhrif fólks á umhverfi sitt og daglegt líf. Í sveitarstjórnarkosningum er kosið um fjölmörg mál og því óhægt um vik fyrir almennan kjósanda að hafa áhrif á einstök málefni. Í stórum sveitarfélögum er oft löng leið frá kjósanda til fulltrúa hans og því vafasamt að fulltrúinn taki alltaf afstöðu í samræmi við umbjóðendur sína, enda er hann ekki bundinn af því skv. lögum. Það hlýtur því að vera styrkur sveitarstjórnar að vita hver afstaða umbjóðenda hennar er til einstakra

mála. Það hlýtur einnig að vera styrkur sveitarfélags að minni hluti stjórnar hennar geti farið fram á skoðanakönnun um einstök mál sveitarfélagsins. Það tryggir að meiri hlutinn verði að taka tillit til skoðana minni hlutans og mætti ætla að slíkt fyrirkomulag sé að öllu jöfnu heppilegt. Hér er einnig verið að jafna rétt íbúa stærri og smærri sveitarfélaga til að láta skoðanir sínar í ljós á málefnum sveitarfélagsins.

Í þessu frv. sem hér er lagt fram er það nýmæli frá eldri löggjöf að íbúar sveitarfélags geti farið fram á atkvæðagreiðslu í einstaka málum sem ekki er skylda til að bera undir kjósendur skv. lögum. Er miðað við að tíundi hluti kjósenda geti farið fram á slíka atkvæðagreiðslu — þá er miðað við stærri sveitarfélög — en fjórðungur þar sem íbúar eru færri en 1000. Telst þá atkvæðagreiðsla bindandi fyrir viðkomandi sveitarstjórn ef 2/3 kosningarbærra manna taka þátt í henni.

Í frv. er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslan fari fram við næstu almennu kosningar og er það ákvæði sett til að kostnaður sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja slíkri atkvæðagreiðslu sé í lágmarki. Sveitarstjórn er skylt að bíða með framkvæmdir varðandi það mál er kjósendur óska atkvæðagreiðslu um og er henni því heimilt að flýta atkvæðagreiðslunni ef hún telur ástæðu til. Þó skulu í það minnsta líða sex vikur frá ákvörðuninni þar til atkvæðagreiðslan fer fram. Er þetta ákvæði sett til þess að eðlileg kynning geti farið fram á því málefni sem kjósa á um.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að hluti sveitarstjórnar geti skotið einstaka málum undir dóm kjósenda. Slíkt fyrirkomulag tryggir lýðræðisleg vinnubrögð innan sveitarstjórnarinnar. Um framkvæmd atkvæðagreiðslu af þessu tagi skal fara skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna eða með þeim hætti sem áður hefur tíðkast í almennri atkvæðagreiðslu.

Í Sviss, sem er sambandslýðveldi er samanstendur af 26 kantónum, hefur beint lýðræði þekkst allt frá miðöldum. Og enn eru fjórar kantónur þar sem borgarar ráða ráðum sínum á opnum fundum. Allt frá stofnun sambandslýðveldisins 1848 hefur þróast sérstakt stjórnarfar í Sviss, ólíkt um margt stjórnarfari annarra Evrópuríkja. Sérhver kantóna er sjálfstæð stjórnarfarsleg eining sem hefur sína sérstöku stjórnarskrá og löggjöf. Í Sviss eru um 2800 sveitarfélög sem eru um margt sjálfstæðari en annars staðar tíðkast. T.d. hefur hver svissneskur borgari þrenns konar ríkisborgararétt, þ.e. sveitarfélagsins, kantónunnar og sambandslýðveldisins, auk þess sem borgarar geta haft áhrif á lagasetningu með beinum hætti, þ.e. samið lög og farið fram á atkvæðagreiðslu um þau. Er atkvæðagreiðsla um einstök mál tíðkuð í málefnum þjóðarinnar allrar, í kantónunum sem og í hinum fjölmörgu sveitarfélögum. Eru slíkar kosningar hluti af daglegu lífi fólks þar og lifandi þáttur í stjórnsýslu þjóðarinnar.

Í Bandaríkjunum eru beinar kosningar um einstök mál mjög algengar, bæði innan fylkjanna og staðbundinna stjórna, og má ætla að 10–15 þúsund kosningar af þessu tagi fari þar fram árlega.

Í Danmörku er ákvæði í sveitarstjórnarlögunum um að íbúar sveitarfélags geti farið fram á atkvæðagreiðslu ef sveitarfélagið hyggst leggja niður skóla og um sameiningu sveitarfélaga og áfengisútsölur hefur oft farið fram slík atkvæðagreiðsla.

Í sænsku sveitarstjórnarlögunum er heimildarákvæði um að efna megi til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál.

Í stjórnlagafrv. því er Gunnar Thoroddsen flutti vorið 1983 og skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma er kveðið á um rétt íbúa sveitarfélags til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins og er það nýmæli skýrt með því að þar sé verið að tryggja lýðræðisleg réttindi íbúanna og auka þau. Þar segir enn fremur að svipaðar heimildir hafi gefið góða raun, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss.

Þær hugmyndir sem hér koma fram eru því ekki nýjar af nálinni. Styrkur okkar Íslendinga sem þjóðar er menning okkar, tunga og saga. Það er því mikilvægt að við höldum í heiðri þá lýðræðislegu hefð er forfeður okkar lögðu grunninn að með stofnun þjóðþings á 10. öld. Því er eðlilegt að hér séu íbúum tryggð sem mest lýðræðisleg réttindi. Að því stefnir þetta frv.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka Maríu Jóhönnu Lárusdóttur fyrir vandaða ræðu sem vissulega var athyglisverð. Ég tel hins vegar að margir meinbugir séu á þessari tillögu. Ég er fylgjandi því að komið verði á almennum atkvæðagreiðslum í sveitarfélögum og það þarf að setja ákveðna rammalöggjöf um það sem tekur yfir fleiri þætti en hér er greint frá. Ég tel að eins og tillagan er sett fram geti hún verið mjög hamlandi fyrir sveitarstjórnir og fráleitt að skilgreina ekki nánar hvernig að skuli fara.

Það segir í frvgr.: „Sveitarstjórn er skylt að fresta framkvæmdum varðandi þau mál er íbúar óska atkvæðagreiðslu um þar til úrslit atkvæðagreiðslu liggja fyrir.“

Segjum sem svo að einhverjum detti í hug að afla undirskrifta til slíkrar atkvæðagreiðslu. Ég er ekki í vafa um að það yrði létt að fá undirskriftir. Það er mjög létt að fá undirskriftir undir næstum því hvað sem er. En ég vil ekki gera mikið úr því. Hins vegar væri mjög bagalegt fyrir sveitarstjórnir og fólkið í byggðarlögunum ef það væri almennur vilji fyrir því t.d. eða nokkuð góður vilji fyrir því að byggja skóla, sundlaug, íþróttahús o.s.frv. og útboð hefði farið fram, framkvæmdir ættu að fara að hefjast, en síðan kæmi þetta upp á og sveitarstjórn yrði skylt að hverfa frá þessu og jafnframt yrði sveitarstjórn skaðabótaskyld vegna þess að frestunin hefði átt sér stað. Útkoman gæti orðið sú mjög líklega að í atkvæðagreiðslunni yrði tillaga meiri hluta sveitarstjórnar samþykkt og þá hefði það aðeins skeð að frestun hefði á orðið.

Ég sætti mig heldur ekki við að það sé vísað í lýðræði í Svisslandi. Mér er mjög á móti skapi hversu það hefur tekið langan tíma fyrir konur í Sviss að fá atkvæðisrétt og mun það vera enn í einhverjum kantónum að konur hafi ekki atkvæðisrétt. Ég tel það alls ekki til fyrirmyndar og frábið mér að slík dæmi séu nefnd. Hitt er annað að það er margt jákvætt, sem vissulega má sækja til Sviss, á öðrum sviðum.

Í Bandaríkjunum tíðkast svona atkvæðagreiðslur í ríkum mæli og þar eru ákveðnar reglur um hvernig með skuli fara. Ég tel að það mætti í mörgu breyta ákvörðunartöku sveitarstjórna. T.d. held ég, ef það væri mjög ríkur vilji fyrir því hjá sveitarstjórn að byggja skóla, íþróttahús eða sundlaug en fjármunir væru ekki til samkvæmt þeim tekjustofnum sem fyrir hendi væru, að það væri ástæða til að setja í lög, ef sveitarstjórnir eru sammála um að leggja á aukinn skatt, aukna útsvarsprósentu eða mjög aukinn meiri hluti, kannske 8 eða 9 í 9 manna bæjarstjórn, að heimilt sé að gera það. Slík heimild er ekki fyrir hendi í dag. Nefna má fleiri dæmi. En ég tel að það þurfi að setja sérstaka löggjöf um hvernig með skuli fara ef farið er út í svona atkvæðagreiðslur, fyllri en hér er getið.

Ég á heldur ekki von á því að í sveitarfélögum þar sem búa kannske 5000 íbúar og kjósendur eru 2500 eða 3000 mundu sveitarstjórnir neita því að hafa atkvæðagreiðslur eða sveitarfund ef 250 til 300 manns óskuðu eftir því. Mér finnst mjög ólíklegt að það mundi ske. Það gæti verið ástæða fyrir því að skylda menn til að láta slíkar atkvæðagreiðslur eða sveitarfundi eiga sér stað. Það er matsatriði. En ég endurtek að setja þyrfti fyllri reglur um þessi efni.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir vandaða ræðu og læt þessu lokið.

Helgi Seljan:

Virðulegur forseti. Hv. flm. fór vítt um svið og sá um veröld alla, ef svo má að orði kveða. Var það vissulega holl lesning og verðug allrar umhugsunar fyrir okkur, a.m.k. hverjum þeim sem vill sjá heimsmyndina í heild sinni án þess að hafa ákveðna formúlu eða ákveðna kenningu að leiðarljósi og sjá allt þar í svarthvítu eins og allt of mikið er um varðandi fólk almennt. Ég held að formáli hv. flm. hafi verið okkur nokkuð holl lesning annars vegar og góð tilbreyting frá því dægurþrasi sem annars á sér stað hér daglega og ég þakka henni fyrir.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og ég tel rétt að skoða það vel í félmn. Ég geri mér vissulega ljóst að það eru annmarkar á framkvæmd, eins og kom fram hjá hv. 6. landsk. þm. Það er nú svo með blessað lýðræðið að það er býsna erfitt yfirleitt. Það er býsna erfitt í framkvæmd að fylgja því eftir og koma því á á þann veg að allir geti sáttir verið og unað við það. Hitt er svo annað mál að ég hlýt að minna á að í fyrra afgreiddum við með hraði í raun og veru út úr þessari hv. deild sveitarstjórnarlög í heild sinni. Það var ekki hlustað mikið á okkur stjórnarandstæðinga þá varðandi ýmsar lagfæringar sem við vildum gera á þeim lögum og jafnvel miklar breytingar og þetta hespað af í ótrúlegum flýti. Ég á svo sem ekki von á því að hv. stjórnarlið hafi skánað svo á þessu eina misseri sem liðið er að það muni hlusta mikið á raddir af þessu tagi frekar nú.

Ég játa að vissulega væri æskilegt að hér væri hægt að setja nánari reglur, en það sýnist mér samt að sé hægt að gera með ákveðinni reglugerð um framkvæmd þessara laga svo sem gert er um ýmsa þætti í sveitarstjórnarlögum í dag, ekki síður vandasama og viðkvæma. Vissulega væri æskilegt að geta gert einhver skil á milli mála sem færu í slíka atkvæðagreiðslu, en það er vandasamt líka að greina á milli hvaða mál eru stór og hvaða mál eru svo lítils virði að það tekur því ekki að leggja þau undir allsherjaratkvæðagreiðslu í einu sveitarfélagi. Ég hygg að það yrði erfitt fyrir okkur að ætla að fara að skilgreina það líka hvaða mál það væru sem ættu að flokkast undir að almenningur ætti að segja álit sitt á þeim og hvaða mál væru svo smávægileg vegna þess að mat okkar á þeim málum í heild sinni er svo misjafnt.

Ég mæli með góðri skoðun þessa máls í nefndinni og veit að hv. 5. þm. Vesturl., sem er formaður félmn. og þótti það miklu miður í fyrra að þurfa að hespa sveitarstjórnarlög af með þeim hætti sem þar var gert, þeim hraðakstri sem þar fór fram, er þeim mun tilleiðanlegri til þess að við gefum okkur góðan tíma nú til að skoða öll þessi mál og m.a. þann þátt sem hér er til umræðu, og efast ég reyndar ekki um að hv. flm. á sér vísan stuðningsmann í hv. 5. þm. Vesturl. hvað það snertir að þoka þessu máli nokkuð áleiðis.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Segja má að það *hafi verið til þess mælst af* hv. 2. þm. Austurl. að ég mælti örfá orð sem formaður félmn. Ed. Að vísu skánaði að mörgu leyti ágæt ræða hans þegar leið á seinni hlutann. Mér heyrðist í fyrri hluta ræðu hv. þm. að hann léti jafnvel að því liggja að 54. gr. frv. til sveitarstjórnarlaga hefði orðið einhver ásteytingarsteinn á sínum tíma. Því fer víðs fjarri. Það voru allt önnur atriði frv. á þeim tíma sem rætt var um. Ég viðurkenni að tíminn var afskaplega naumur til að fjalla um þetta mál og fundir voru afar fáir. Reyndar kynntu einstakir nefndarmenn sér málið að ég hygg nokkuð ítarlega þótt tíminn væri naumur því að sem betur fer eru hv. alþm. orðnir vanir því að vinna hratt og við skulum minnast þess að frv. til sveitarstjórnarlaga var til meðferðar tvö þing í röð.

En nokkur orð um frv., sem hér liggur fyrir, og hv. flm. María Jóhanna Lárusdóttir hefur flutt góða ræðu, enda þótt ræðan væri að meginhluta til fyrir utan efni frv. Ég þakka henni kærlega fyrir góða ræðu eigi að síður.

Ég tek undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, að það beri að stuðla að auknum áhrifum hins almenna íbúa í sveitarfélögunum. Hins vegar kann

það að vera vandmeðfarið. Við skulum hafa í huga að sveitarstjórnir eru kjörnar á fjögurra ára fresti til að ráða að meira og minna leyti málefnum sveitarfélagsins. Það er sem sagt á fjögurra ára fresti sem aðstæður eru til að skipta um einstaklinga í sveitarstjórnum og það er auðvitað gert. Ég hef þá skoðun að það sé varlegt að stofna í of ríkum mæli til reglna sem geta veikt eftir atvikum stöðu sveitarstjórna. Og ég tek undir það, sem hér kom fram, að allar slíkar reglur verða að vera fljótvirkar og það má ekki halda sveitarstjórn í spennitreyju vikum eða mánuðum saman. Það er útilokað. Það þarf að fást lausn með fljótari hætti að ég hygg en hér er gert ráð fyrir.

En með það í huga að æskilegt er þrátt fyrir allt að íbúar sveitarfélags séu ævinlega meðvitaðir um aðgerðir sveitarstjórnar og að lokum séu íbúar sveitarfélagsins sáttir við framkvæmdir og aðgerðir sem stofnað hefur verið til vil ég skoða frekar með hvaða hætti er hægt að koma þarna á skilvirkara og traustara sambandi með það að markmiði að íbúar sveitarfélagsins séu með á nótunum, ef ég má svo að orði komast.

Sem formaður félmn. mun ég örugglega leitast við að stuðla að því að þetta mál fái góða umfjöllun. Við komumst ekki hjá því að afla okkur margvíslegra upplýsinga. Og það vita allir hvað það táknar þegar formaður nefndar lofar því að mál fái góða og ítarlega umfjöllun.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. þessa frv. fyrir ágæta ræðu og um leið vil ég lýsa stuðningi mínum við þá meginhugsun sem þar kemur fram. Ég minnist þess að þegar ég settist fyrst á þing fyrir rúmlega 20 árum var þetta eitt fyrsta málið sem ég flutti í þinginu. Það var frv. til l. um breytingu á stjórnarskránni. Það var ekki nákvæmlega eins og þetta frv., en það stefndi í mjög svipaða átt og gekk út á það að þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram um tiltekið mál ef fimmtungur kosningarbærra manna í landinu krefðist þess eða ef fimmtungur alþm. óskaði eftir því — eða hvort það var fjórðungur alþm., ég man ekki nákvæmlega hvernig það var. En það er augljóst mál að hér er sami þankagangurinn á ferðinni, þ.e. að kjósendum sé gefinn kostur á því í auknum mæli að hafa bein áhrif á hinar stóru ákvarðanir sem teknar eru, hvort heldur er á vegum ríkisstjórnar og Alþingis eða á vegum sveitarstjórnar.

Þegar stjórnarskrárnefndin, sem starfaði undir forustu dr. Gunnars Thoroddsens heitins, fjallaði um breytingar á stjórnarskránni komum við Alþýðubandalagsmenn einmitt með tillögu af þessu tagi inn í þá umræðu. Hún gekk út á það að fimmtungur atkvæðisbærra manna gæti gert kröfu um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um tiltekið mál. Þó töldum við að vissar ákvarðanir ættu að vera þar undanþegnar. Það væri t.d. ekki hægt að bera fjárlögin undir þjóðaratkvæði, eins og liggur kannske í hlutarins eðli. Sum mál eru ekki þess eðlis að þau verði lögð undir þjóðaratkvæði. Það þurfa að vera einfaldar einstakar spurningar sem óskað er að þjóðin svari en ekki nein flókin reikningsdæmi eða margliðuð frumvörp þar sem menn kannske hafa jákvæða afstöðu til sumra atriða og neikvæða afstöðu til annarra.

Ég tel að það sé mjög vel til fundið að reyna atkvæðagreiðslur af þessu tagi, þ.e. skjóta mikilvægum málum beint til kjósenda, að reyna það fyrirkomulag í sveitarstjórnum, og að reynslan af því gæti kannske orðið leiðbeinandi á þjóðmálasviðinu. Ég viðurkenni að mál af þessu tagi eru vandmeðfarin og það er ekki alveg sama hvernig að þessu er staðið. Það skiptir t.d. ákaflega miklu máli hvernig spurningin er orðuð sem fyrir kjósendur er lögð. Orðalag spurningarinnar getur ráðið býsna miklu um hvort kjósendur hafa tilhneigingu til að svara á þennan veg eða ekki. Það er ekki alveg einhlítt að meiri hluti eigi hverju sinni að hafa úrslitavald á því hvernig spurningin er orðuð. Það getur verið þörf á því að líka hvað það snertir hafi minni hlutinn ákveðinn rétt, að minni hlutinn hafi rétt til þess að hlutast til um á hvern veg kjósendum er ætlað að svara þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég tel að sjálfsagt sé að það verði rætt með jákvæðu hugarfari í þingnefnd. Ég ætti kannske að bæta því við að þegar um þetta var fjallað í stjórnarskrárnefndinni á sínum tíma var þar samstaða um að taka upp í frv. til stjórnarskipunarlaga ákvæði í þessa átt. Þess vegna tel ég að frv. það sem hér hefur verið lagt fram sé í fullu samræmi við þann vilja sem þar var á ferð. Að öðru leyti hef ég ekki neinu við að bæta.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. ánægjulega hugvekju og fróðlega. Varðandi það mál sem hér er til umræðu er ég fyrir mitt leyti sammála þeirri hugsun sem liggur að baki tillögunni, en á hinn bóginn tel ég óþarft í okkar þjóðfélagi að binda þessa hugsun svo rammlega í lög. Ástæðan fyrir því er sú að í litlu þjóðfélagi eins og okkar er meiri samvinna og meira samstarf, meira samband á milli manna en í mörgum stærri þjóðfélögum og einmitt þess vegna er minni ástæða en víða annars staðar til að hnýta svo ramma hnúta í lög.

Það er jákvætt að gera okkar stjórnkerfi eins lýðræðislegt og mögulegt er, en það má þó ekki gera það flóknara en það er ef ekki er ástæða til þess. Ég tel að ekki sé ástæða til að flækja stjórnsýsluna eins og þessi lagabreyting ber með sér. Ef 1/10 hluti kjósenda óskar atkvæðagreiðslu um mál er það nú svo í okkar þjóðfélagi, þar sem samstarfið og samskiptin eru mikil, að það er mjög einfalt að vera með sífelld uppþot, ef svo má að orði komast, um alls kyns mál, búa til mál. Við vitum að Íslendingar taka snaggaralega á og eru að því leyti óbilgjarnir. Þess vegna teldi ég að þetta fyrirkomulag mundi

skapa óþarfa ófrið í byggðum.

Æskilegt er að það sé ákveðið jafnvægi, ákveðin kyrrð og með eðlilegum titringi í stjórn hverrar byggðar, en það er ekki æskilegt að fámennir hópar geti haft möguleika til þess með lagaákvæði að efna til sífelldra uppþota. Lítil þjóð, sem þarf að vinna mikið fyrir lágum launum, þarf að hugsa um marga þætti í þessum efnum. Þessi þjóð gerir miklar kröfur. Við þurfum því að horfast í augu við að vera ekki að búa til nokkrar sveitarstjórnir innan einnar. Þess vegna finnst mér tillagan að þessu leyti óþörf. Grunnhugsunin er rökrétt, en við höfum alla þessa möguleika til staðar í sveitarfélögum með eðlilegum skilningi og sambandi á milli manna. Við höfum mörg fordæmi fyrir því að það er fjallað um mál á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir, en það er auðvitað bundið við samningaleið. Þarna er um að ræða hluti sem eru alltaf samningaleið hvort sem við erum að tala um sex vikna tímabil lágmark eða fjögurra ára. Fyrst og fremst vil ég undirstrika að mér finnst óþarfi að gera okkar stjórnsýslukerfi flóknara en það er.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir deildarmanna til hv. 11. þm. Reykv. fyrir góða jómfrúrræðu í deildinni, en tel samt ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því að í sambandi við þessa ræðu mun hafa verið tvennt alveg sérstakt sem gerir þessa umræðu alla virðulegri og skemmtilegri.

Það er í fyrsta lagi mjög sjaldgæft að virðulegur forseti ávarpi deildarmann um leið og hann kveður sér hljóðs með nafni. Það var gert undir þessum kringumstæðum og gerði ræðuhaldið að vissu leyti virðulegra. Í öðru lagi flutti hv. 11. þm. Reykv. sérstakan formála að ræðu sinni, mjög menningarlegan og góðan, sem mér féll að öllu leyti mjög vel í geð.

Ég get aftur á móti ekki sérstaklega þakkað fyrir þá nýju leið, sem valin er, að innleiða í hv. deild að varaþm. flytji einhverjar sérstakar boðskaparræður í upphafi flutnings að lagatillögu. Ég get fagnað þeirri ræðu sem hér hefur verið flutt, en ég kvíði mjög fyrir því ef maður fengi menningarlegar ræður frá sumum stjórnarsinnum þegar þeir setjast hér inn. Ég mundi kvíða fyrir því ef við ættum von á því hvert skipti sem varamaður kæmi inn að fá sérstakt almennt ávarp í upphafi málflutnings. Ég vildi vekja sérstaka athygli á að hér var verið að fara inn á alveg nýja braut í hv. deild.

Það vekur okkur kannske til umhugsunar um það líka að það getur farið í taugarnar á sumum ef Kvennalistinn heldur uppi uppteknum hætti, sem hann hefur boðað, að láta sem flestar konur á viðkomandi listum, þar sem þær hafa fengið kjörna menn, koma inn, skipta sem oftast. Þó að ég sé í þessu tilfelli svo sem flestir deildarmenn ánægður með þann formála sem við fengum gæti verið að sumir yrðu svolítið óánægðir ef mikið áframhald yrði á þessu.

Um efni frv. vil ég segja að ég fagna því að hér skuli vera komin tillaga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, ekki kannske endilega vegna þess að hún er um þann þátt sem þar er rakinn heldur að hér skuli vera opnuð umræða um sveitarstjórnarlögin á nýjan leik miðað við þau vinnubrögð sem áttu sér stað á s.l. vetri þegar þeim var, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á áðan, í raun og veru ýtt í gegnum þingið og allur tími til þess að skoða þau og fjalla um þau var mjög knappur.

Um almennar atkvæðagreiðslur og um aukin áhrif hins almenna borgara á þátttöku og ákvörðunartöku í sveitarstjórn má ýmislegt segja. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fjalla sérstaklega um það, en ekki get ég á mér setið að nefna að óskaplega hafa þær atkvæðagreiðslur sem tíðkaðar hafa verið hér og hv. flm. nefndi, t.d. í sambandi við áfengið, verið hvimleiðar, leiðinlegar og óþarfar. Aðrar almennar atkvæðagreiðslur hafa átt sér stað. Þær eru ekki um sveitarstjórnarmálefni og ekki um þátt eins og áfengið. Það eru prestskosningar. Skelfing eru það leiðinlegar uppákomur. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. þm. Ragnar Arnalds benti hér á áðan, að áður en ákveðið er að fara í almennar kosningar um einstök atriði sé betra að skoða málin vel.

Ég veit að hv. félmn. hér í deildinni mun skoða þessa tillögu vel og það gæti vel farið svo að út úr þeirri vinnu, út frá þeirri tillögu sem hér er rædd, kæmi breyting á sveitarstjórnarlögunum sem gæti á góðan máta, án þess að á því væru of miklir agnúar, aukið áhrif íbúa hvers byggðarlags á stjórnun síns sveitarfélags.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég er í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta frv. og ég get lýst afstöðu minni til þess strax með þeim orðum að ég tel þetta gott mál og ég tel að þetta mál beinist til þeirrar áttar sem ég tel lýðræðinu hagstæða, þ.e. opnara og beinna lýðræði.

Menn hafa haft ýmsa fyrirvara uppi um málið af ótta við að það verði svo leiðinlegt að sinna lýðræðinu þegar menn verða farnir að greiða atkvæði um alla mögulega og ómögulega hluti. Mér sýnist að í þessu frv. sé nú þegar búið að slá alla þá varnagla sem slá þarf til þess að lýðræðið verði ekki allt of leiðinlegt að því leyti að þar er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda íbúa sem til þurfi til að knýja fram annars vegar sveitarfundi eða hins vegar atkvæðagreiðslur.

Ég veit að eins og hv. 3. þm. Suðurl. minntist aðeins á er þessi tegund lýðræðis þegar stunduð sums staðar. Ég ólst upp að nokkru leyti í sveitarfélagi á suðausturhorni landsins þar sem þessi tegund lýðræðis var stunduð og er stunduð enn þann dag í dag. Þar er aldrei lagt út í nokkra framkvæmd öðruvísi en allir íbúar sveitarfélagsins séu kallaðir saman og málið rætt og síðan tekin ákvörðun sem allir eru sáttir við. Ég hef aldrei heyrt þá gagnrýni í þeirri sveit að fólki þættu þetta leiðinleg vinnu-

brögð, þvert á móti. Því finnst þessi vinnubrögð svo sjálfsögð að annað komi ekki til greina.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að það er erfiðara að fást við svona hluti þegar maður er kominn í stórt sveitarfélag eins og Reykjavík. En það þarf líka nokkuð til að fá uppáskrift og kröfu 8–9 þúsund manns í Reykjavík til að fram fari atkvæðagreiðsla. Þannig séð hef ég ekki áhyggjur af því að menn verði hlaupandi upp við hvert einasta smátilefni til að láta fara fram atkvæðagreiðslu heldur þurfi þar mjög stór og knýjandi mál til. Aftur á móti gæti vel verið hugsanlegt að það ætti ekki að þurfa jafnmarga íbúa og hér er gert ráð fyrir til að knýja fram almenna fundi því að ég held að allt það sem knýr stjórnvöld til að halda uppi mjög góðri upplýsingastarfsemi sé af hinu góða fyrir lýðræðið.

Ég býst við að við munum skoða þessa hluti nánar þegar málið kemur í nefnd, en heiti því að ég skal ljá því mitt liðsinni.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Því miður missti ég af parti af jómfrúrræðunni, en ég ætla samt að þakka hv. þm. sérstaklega fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli. Ég held að það sé mjög brýnt að við ræðum um beinna lýðræði en það sem við búum við. Víða erlendis er það tíðkað samfara sveitarstjórnarkosningum og þingkosningum að nota tækifærið til að kanna hug almennings til annarra brýnna mála. Þetta hefur engan kostnað í för með sér, en er til þess að fólk hafi meiri áhrif á sitt umhverfi. Við megum ekki gleyma því að sveitarstjórnir fara með fé almennings. Því ættum við, sem búum í viðkomandi sveitarfélagi, þá ekki að hafa meiri áhrif en nú er á framkvæmdir sem þar eru látnar njóta forgangs? Mér dettur í hug eitt dæmi. Það eru íþróttabyggingarnar sem við horfum upp á víðs vegar um landið. Það er kannske byggt íþróttahús í 380 manna sveitarfélagi sem kostar yfir 40 millj. Þar er ég að tala um verðlag í fyrra. Þakið kostar eitt og sér 8 millj. Það er engin goðgá að spyrja fyrir fram um hug þess fólks sem á að standa undir 60% af þessum kostnaði, hvort það vilji leggja út í slíka framkvæmd. Ég held að þetta sé mjög brýnt.

Hins vegar vildi ég gera athugasemdir varðandi t.d. töluna 1000 íbúar. Það er reiknað með 1/10 hluta kjósenda eða þriðjungi sveitarstjórnar ef íbúar eru yfir 1000, en aftur á móti fjórðungi ef íbúar eru undir 1000. Það eru ýmis svona tæknileg atriði sem mætti gera athugasemdir við, en ég ætla ekki að orðlengja það. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta þannig að ég vildi nefna þetta.

Eins velti ég fyrir mér hvort þetta ætti að gilda, ef þetta væri sett í lög á annað borð, um sveitarfélög sem hafa yfir 500 íbúa. Í sveitarfélögum undir 500 íbúum er lýðræðið kannske meira. En það dæmi sem ég tók áðan er staðreynd. Ég veit ekki til þess að þar hafi allir íbúar viðkomandi sveitarfélags haft tækifæri til að segja sinn hug um það mál.

Það eru eins og ég segi ýmis atriði sem má velta fyrir sér, en ég held að þetta sé gott fyrir okkur að ræða um og gott að setja einhver svona ákvæði inn í sveitarstjórnarlögin. Ég ætla ekki að fara nánar út í sveitarstjórnarmálin því þar er mjög margt sem þarf athugunar við. Vonandi verða þau mál endurskoðuð frá grunni. Meira að segja er ekki hægt að framkvæma suma þætti þeirra laga því að það eru gallar í þeim lagabálk sem var samþykktur hér á síðasta vetri.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. flm. ágæta greinargerð fyrir þessu frv. verð ég að lýsa yfir að það er vissulega umhugsunarefni hvernig lýðræði verði tryggt með sem bestum hætti, bæði í landsmálum og kannske ekki síður í sveitarstjórnarmálum. Í raun og veru fjallar þetta frv. og sú umræða sem hér hefur farið fram um hvernig unnt sé að koma á virkara lýðræði en nú er.

Það er alveg rétt að í mörgum sveitarfélögum eru ýmsar meiri háttar ákvarðanir, sérstaklega í hinum minni sveitarfélögum, ekki teknar nema eftir hreppsfundi eða héraðafundi þar sem reynt er bæði að kynna málin rækilega og eins að ná sameiginlegri afstöðu.

Ég held að þegar grannt er skoðað stefni allt núna, í stjórnsýslu og stjórnun svæða og landa, í þá átt að auka áhrif alls almennings á ákvarðanatöku. Liður í því er hin mikla upplýsingastarfsemi, sem fram fer og er af hinu góða, um þau mál sem fyrir liggja. Ég held t.d. að hér í Reykjavík væri mikil ástæða til að efla hverfasamtök, efla samtök þess fólks sem annaðhvort nýtur góðs af eða verður fyrir einhverjum vandræðum vegna ákvarðana sem teknar eru í borgarstjórn eða hjá skipulagsyfirvöldum. Ég vil því eindregið hvetja félmn. til að íhuga vandlega þetta mál út frá því sjónarmiði hvort beri að setja ákvæði í sveitarstjórnarlögin um rýmkun á þeim greinum eða þeirri grein sem fjallar um almennar atkvæðagreiðslur um einstök mál. Mér er alveg ljóst að þetta er langt frá því að vera einfalt mál, en ég held að öll rök hnígi að því að það verði að gæta mjög vel að þessu og eftir megni að auka áhrif einstaklinga og hópa á þær ákvarðanir sem snerta þá beint.

Það er að sjálfsögðu ekki á neinn hátt með þessu frv. eða með því sem ég er hér að segja verið að draga í efa réttmæti og nauðsyn þess fultrúalýðræðis sem sveitarstjórnir eru, heldur miklu fremur hvort ekki megi finna heppilegar leiðir til þess bæði að gera þegnana virkari í lýðræðinu og eins að þeir fái enn þá betri og nákvæmari upplýsingar um það sem verið er að fjalla um en nú er.

Flm. (María Jóhanna Lárusdóttir):

Virðulegi forseti. Mig langar til að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og fjallað um frv. sem ég flutti áðan og þann jákvæða hug sem mér finnst hafa einkennt þessa umræðu, með einstaka undantekningum þó. Ætla ég nú að reyna að fjalla

aðeins um þessar umræður og það sem hefur komið fram í þeim sem ég get kannske leiðrétt eða fært til betri vegar vegna vanþekkingar viðkomandi þm., eitthvað sem ég er búin að hugsa um en þeir hafa e.t.v. ekki tekið með í reikninginn.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., fjallaði um þetta frv. og var dálítið illa við að ég tók fyrir Svisslendinga og taldi hann að þeir væru ekki lýðræðisþjóð vegna þess að þeir hefðu ekki veitt konum kosningarrétt. Ég verð að telja vafasamt að ég geti varið svissneska karlmenn. Ég tel mér annað skyldara á hv. Alþingi en gera það og verð að segja alveg eins og Karl Steinar að það má telja vafasamt að það sé fullkomið lýðræði í Sviss. En hitt er annað mál að það er margt sem við getum lært af Svisslendingum annað en viðhorf þeirra til kvenna.

Það kom fram í máli þó nokkurra þm., bæði Karls Steinars og annarra, þar á meðal hv. þm. Skúla Alexanderssonar, að þeir teldu þetta frv. hamlandi fyrir sveitarstjórn. Það væri óþægilegt, jafnvel leiðinlegt að standa í svona atkvæðagreiðslu fram og til baka. Það vill svo til að ég bjóst við þessum viðbrögðum hjá nokkrum hv. þm. Mér varð litið á um daginn gömul ummæli Tryggva Gunnarssonar í umræðum um það á Alþingi árið 1907 hvort lausamenn og hjú ættu að öðlast kosningarrétt til bæjarstjórnar. „Það er heppilegt," sagði Tryggvi við það tækifæri, „að bændur reyni þetta fyrst heima hjá sér. Þeir geta þá reynt, hve vel þeim líkar, þegar vinnufólk þeirra fer að ríða á hreppamót til þess að bera þá ofurliði með atkvæðum um sveitarmálin." Þarna kemur aftur þessi rótgróna hugsun hjá fólki að vera hrætt við nýjungar og breytingar og telja þær af hinu illa og að þær muni jafnvel skaða hagsmuni þeirra þegar frá líður. Ég hafði gaman af þessum ummælum vegna þess að Tryggvi var einmitt talinn maður nýjunganna fremur en hitt. Samt var hann svona skelfdur við þessar breytingar.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson tók fram að kosningar færu fram á fjögurra ára fresti til sveitarstjórnar. Þá væri kosið um þau mál sem viðkomandi sveitarstjórn tæki fyrir á næsta kjörtímabili. Þetta er alveg hárrétt. Hins vegar er á það að líta að almennur kjósandi getur mjög lítil áhrif haft á einstök málefni sem kosið er um. Þetta er viðurkennd staðreynd og það er þess vegna sem þetta frv. er flutt. Það er kosið um fjölmörg mál í kosningum en ekki einstök málefni.

Einstaka hv. þm. tóku fram að þeir teldu að það væri ólíklegt, ef fram kæmi ósk í sveitarfélagi um almennar kosningar um eitthvert ákveðið mál, að sveitarstjórn færi ekki eftir því. Það vill svo til að ég hef tínt til nokkrar undirskriftasafnanir sem hafa gengið hér í Reykjavík á undanförnum árum og þær sýna þveröfugt, að það hefur ekki verið efnt til almennra kosninga um einstakt mál jafnvel þó svo að þúsundir undirskrifta liggi fyrir.

Árið 1969 var mótmælt niðurrifi á Fríkirkjuvegi 11 og 3855 manns skrifuðu undir þau mótmæli. Um seðlabankabygginguna var líka þrefað í eina tíð og rúmlega 6000 undirskriftum var þá safnað saman. Um næg og góð dagvistarrými var árið 1979 safnað undirskriftum og voru þær allt að 11 þús. Engin atkvæðagreiðsla fór þá fram. Árið 1981, svo að ég beri einhvers staðar niður, var undirskriftasöfnun gegn skerðingu á opnu svæði í Laugardal og það voru um 9 þús. íbúar sem þá skrifuðu undir. Þetta eru einstök dæmi.

Ég sé ekkert sem mæli gegn því að festa í lög að ef tiltekinn hluti íbúanna, það má alltaf deila um hversu stór hann eigi að vera, fer fram á atkvæðagreiðslu um einstakt mál verði sveitarstjórnin að verða við þeirri ósk. Það er meginefni þessa frv.

Hv. þm. Ragnar Arnalds gerði að umræðuefni að þessi brtt. við sveitarstjórnarlögin hefði komið fram í stjórnarskrárbreytingun Gunnars Thoroddsens, fyrrv. hæstv. forsrh., og það er alveg hárrétt. Ég tek það fram í grg. minni um þetta mál að hér sé ekki um nýjung að ræða heldur hafi þetta verið flutt áður á hinu háa Alþingi, í breyttu formi þó.

Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir og bið um að málinu sé vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning sjö manna sérnefndar skv. 15. gr. þingskapa.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Friðrik Sophusson (A),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (A),
Svavar Gestsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Guðmundur Bjarnason (A),
Guðmundur Einarsson (C).

Landhelgisgæsla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 93.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til l. um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands á

þskj. 93 og varðar það ákvæði laganna er fjallar um skiptingu björgunarlauna er falla í hlut Landhelgisgæslunnar þegar skip eða flugvél stofnunarinnar á aðild að björgun.

Hjálpar- og björgunarstörf eru veigamikill þáttur í starfsemi Landhelgisgæslunnar og í lögum þeim sem um stofnunina gilda er talið meðal verkefna annars vegar að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi og að annast aðkallandi sjúkraflutninga. Hins vegar að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó.

Á 60 ára starfstíma Landhelgisgæslunnar hafa skip og loftför gæslunnar ótal sinnum veitt hjálp við björgun manna og skipa úr sjávarháska. Er þá oft starfað við hin erfiðustu skilyrði og tæki og starfsmenn lögð í hættu. Eiga starfsmenn lof og heiður skilin fyrir þeirra þátt.

Að því leyti sem um björgun skipa og loftfara er að ræða eru í siglinga- og loftferðalögum ákvæði um hvenær skuli greiða björgunarlaun og hvernig þau skuli ákveða. Gilda þau ákvæði jafnt um tæki Landhelgisgæslunnar sem annarra. Er ekki ástæða til að rekja það hér. Hins vegar gilda sérákvæði um skiptingu þessara björgunarlauna þegar Landhelgisgæslan stendur að björgun. Samkvæmt lögum um Landhelgisgæsluna fellur ¼ hluti nú til áhafnar en ¾ til útgerðar. Þegar önnur skip standa að björgun er hlutur áhafnar ⅖ og útgerðar ⅗ og var hlutur áhafnar aukinn úr ⅓ þegar siglingalögum var breytt á síðasta ári. Við endurskoðun siglingalaga mun hafa verið talið að breyta ætti ákvæðum að því er varðar Landhelgisgæsluna til samræmis við aðrar útgerðir, er nefnd er endurskoðaði ákvæði siglingalaganna um björgun skv. þál. 1981 skilaði sínum tillögum, en tillögur þar að lútandi komust ekki til ráðuneytisins. Fjallar frv. þetta um þá samræmingu og má að öðru leyti vísa til athugasemda með frv. Rétt er að taka fram að sérstakar reglur gilda um björgun skipa sem tryggð eru hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bótaábyrgðarfélögum.

Á undanförnum árum hefur verið í undirbúningi að gera sameiginlega gjaldskrá um þóknun til varðskipa og fiskiskipa fyrir björgun fiskiskipa 100 rúmlesta og stærri miðað við að ekki sé um yfirstandandi hættu að ræða. Hafa viðkomandi aðilar nýlega undirritað samkomulag um slíka gjaldskrá sem gildir til reynslu í eitt ár. Að þessu samkomulagi standa annars vegar Samsteypa íslenskra fiskiskipatrygginga og hins vegar Landhelgisgæslan og Landssamband íslenskra útvegsmanna svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands.

Í umræðum um þessa gjaldskrá þótti rétt að miða við að hlutur áhafnar í björgunarlaunum yrði sá sami hver sem að björgun stæði. Þótti því rétt að ákvæðum í lögum um Landhelgisgæsluna yrði breytt til samræmis við ákvæði siglingalaganna að þessu leyti. Er frv. þetta flutt til að koma á slíkri samræmingu. Rétt er þó að taka fram að ekki er gert ráð fyrir breytingu á innbyrðis skiptingu björgunarlauna milli áhafnar varðskips eða loftfars, en þar skiptast björgunarlaunin í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun en almenna regla siglingalaganna miðar við þriðjung af hluta áhafnar til skipstjóra.

Herra forseti. Ég tel eigi þörf að skýra efni þessa frv. nánar og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Skógrækt, 1. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 104.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um skógvernd og skógrækt á þskj. 104. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt.

Núgildandi skógræktarlög eru að stofni til frá árinu 1955. Með lögum nr. 22 frá 1966 var bætt við þau lög ákvæðum um ræktun skjólbelta og styrki til slíkrar ræktunar, enda hafði reynsla manna þá sýnt að rækta mátti skjólbelti í flestum byggðarlögum landsins ef þeim var sýnd nægileg umhirða. Lögin frá 1966 gerðu ráð fyrir að allir jarðræktarmenn gætu notið styrks til að koma upp skjólbeltum, þ.e. styrkja vegna girðingarkostnaðar, plöntukaupa og gróðursetningar.

Til að hljóta styrk skv. lögunum þurfti bæði að leggja fram töluvert af eigin fé auk þess sem fullnægja þurfti ýmsum skilyrðum. Með því var komið í veg fyrir að aðrir en duglegir ræktunarmenn hæfust handa um ræktun skjólbelta. Tæpur tveimur áratugum síðar eða með lögum nr. 76 30. maí 1984 er nýjum kafla bætt inn í skógræktarlögin, kaflanum um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Þau lög kveða á um styrk ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum og getur styrkur í hverju tilviki mest verið 80% af stofnkostnaði við ræktunina, en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Það er hlutverk Skógræktar ríkisins að ákveða og semja um hvað skuli teljast til stofnkostnaðar í þessu sambandi en meginþættir stofnkostnaðar eru vinna, girðingarefni og plöntur.

Lögin gera ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir frekast hafa tök á. Starfsmenn Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélög annast verkstjórn við girðingar, eru ráðgefandi um plöntuval og hirðingu. Ræktun nytjaskóga á bújörðum getur auk þess verið mikill atvinnugjafi í sveitum, en að svo miklu leyti sem bændur og heimafólk vinna ekki störfin er um að ræða möguleika á sumarvinnu fyrir ungt fólk.

Bændur og forsvarsmenn skógræktarmála hafa í

seinni tíð sýnt mikinn og vaxandi áhuga á aukinni skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja með því grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Lögin frá 1984 hafa einnig að markmiði skógrækt með skipulögðum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga og héraðsáætlana. Tilgangur laganna er einmitt sá að ríkissjóður hvetji til og styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum, en forsenda stuðnings er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi jörð.

Ljóst er að skógræktarstarf á Íslandi hefur tvíþættan tilgang. Skógar eru ræktaðir til að prýða og bæta landið, en auk þess eru skógar einnig ræktaðir til nytja, framleiðslu borðviðar, girðingarstaura, jólatrjáa og skrautgreina. Þá eru afurðir skóga einnig nýttar sem eldiviður og er ekki ósennilegt að sá þáttur geti haft vaxandi þýðingu í framtíðinni.

Auk þess sem sagt hefur verið hefur skógrækt margvíslegan tilgang annan sem fellur undir óbeinar nytjar. Skógar skapa skjól, vernda og bæta jarðveg, vernda annan gróður og auka fjölbreytni landsins. Þannig eykur skógrækt notagildi landsins á margvíslegan hátt, enda er skóglendi víða mjög eftirsótt til útivistar.

Það frv. sem nú hefur verið lagt fram hefur einkum það markmið að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög. Auk þess felur frv. í sér breytingar á gildandi löggjöf eins og nánar var gerð grein fyrir í framsögu með frv. á síðasta þingi og ég tel ekki ástæðu til að endurtaka nú. Hins vegar vil ég víkja að einu atriði. Í 36. gr. frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóði sé heimilt að greiða laun og ferðakostnað vegna sérfróðs starfsmanns í skógrækt sem Skógræktarfélag Íslands kann að ráða til fræðslu og ráðgjafarstarfs í skógvernd og skógrækt á vegum félagsins. Það er sett þar inn samkvæmt tillögu frá nefnd sem forsrh. skipaði um þjóðarátak í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli og hún hafði gert tillögu um að Skógræktarfélagið fengi þar starfsmann til þessara starfa.

Ég held að það sé öllum hv. alþm. ljóst að áhugi fyrir skógrækt er sívaxandi og sem betur fer er reynslan að sýna að möguleikarnir eru þar miklir sem við eigum. Skógrækt ríkisins hefur unnið að því að skipuleggja þessi mál sem best og í drögum að landnýtingaráætlun, sem birt var á s.l. sumri, er m.a. sýnt hvernig Skógræktin hefur gert áætlun og úttekt á þeim stöðum sem best eru til þeirrar starfsemi fallnir.

Ég vænti þess að þetta frv. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþingi og afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að þetta mál skuli vera hér á dagskrá, m.a. með tilliti til þess svartnættis sem gætti í umræðum hjá sumum á Alþingi um landbúnaðarmál fyrir stuttu. Það eru stórtíðindi að nú er stefnt að því í vaxandi mæli að bændur hefji skógrækt í þessu landi. Það hefur oft og af mörgum verið litið svo á að hér sé um einhverja firru að ræða, þetta sé hlutur sem geti ekki gengið upp á Íslandi, og menn hafa þá oft horft til þess að hér hafi ekki vaxið greniskógar í landinu án þess að við flyttum þær plöntur til landsins. Hitt hefur gleymst að ef Ísland hefði verið í tengslum við annað land landfræðilega séð, sem sagt skagi, hefði greniskógur verið búinn að nema hér land.

Ég gleðst einnig yfir því að hér er tekin ákvörðun um að skógræktarstjóri skuli ekki skipaður nema til sex ára í senn.

Það fer ekki á milli mála að okkur Vestfirðingum þykir sem Skógræktin hafi verið nokkuð treg að undanförnu til að hafa Vestfirði með þegar rætt hefur verið um möguleika í skógrækt. Samt er það söguleg staðreynd og það geta menn lesið ef þeir vilja að þegar Eggert Ólafsson ferðaðist um Ísland voru hæstu tré á landinu í Vestfirðingafjórðungi, nánar tiltekið við Breiðafjörð í nágrenni Þingmannaheiðar. Ég hygg að stór svæði þar í nágrenninu henti að mörgu leyti mjög vel til skógræktar.

Ég vænti þess að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi og að það náist samkomulag á Alþingi um vissar greinar sem e.t.v. valda deilum þar sem m.a. er fjallað um samskipti sveitarfélaga og Skógræktarinnar hvað varðar smölunarskyldu á búfé innan skógræktargirðinga. Ég tel að það komi mjög vel til greina á vissum svæðum á Íslandi, þar sem farið yrði af stað með skógrækt, að reyna að ná breiðri samstöðu um að taka þar land til trjáræktar þannig að hægt sé að draga verulega úr hinum mikla girðingarkostnaði sem hefur til þessa hamlað uppbyggingu eða stuðlað að lélegri nýtingu á því fjármagni sem til skógræktar hefur farið.

Umræðu frestað.

Tékkar, 1. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánastofnun sparisjóðanna). — Þskj. 105.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, er ég mæli fyrir, er lagt fram hér á Alþingi í samræmi við það fyrirheit sem gefið var við setningu laganna um sparisjóði.

Í XII. kafla laganna um sparisjóði er að finna ákvæði er heimilar Sambandi íslenskra sparisjóða að gangast fyrir stofnun lánastofnunar sparisjóða og var hún stofnuð þann 19. september s.l. Hlutverk þessarar lánastofnunar er að annast sameiginlega í þágu sparisjóðanna hagsmuni og er lánastofnuninni því heimilt að annast þau verkefni sem sparisjóðum eru falin utan innláns- og útlánsviðskipta við al-

menning. Til þess að lánastofnun geti gegnt því hlutverki, er henni er ætlað að hafa skv. lögunum um sparisjóði, er brýnt að stofnunin fái heimild til að gefa út tékka eins og er lagt til með þessu frv.

Ég tel ekki þörf á því að fylgja frv. þessu úr hlaði með fleiri orðum, en vil að lokum ítreka að grundvöllur þessarar lagabreytingar var í raun lagður með setningu laganna um sparisjóði.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. viðskrh. að hér sé um að ræða samræmingarfrumvarp og í sjálfu sér ekki margt um það að segja, en nú vill svo til að áhrif nýrra seðlabankalaga, sem voru samþykkt hér fyrir nokkrum mánuðum, fara óðum að segja til sín. Þau taka gildi frá og með 1. nóv., ef ég man rétt, og þá er gert ráð fyrir að hið blessaða vaxtafrelsi fái loksins að njóta sín til gæfu fyrir þjóðina, sérstaklega þá sem eru að missa íbúðirnar sínar á nauðungaruppboðum og fyrirtækin í gjaldþrotum.

Ég vildi af þessu tilefni spyrja hæstv. viðskrh. hvað hann telur að gerast muni í þessum efnum næstu daga. Telur hann líklegt að vextir muni fara hækkandi eða með hvaða hætti öðrum telur hann líklegt að vaxtapólitíkin í landinu breytist nú alveg á næstu dögum?

Þá vil ég einnig víkja að því að í lögum hafa verið ákvæði til um okurvexti og okurlán. Samkvæmt túlkun hinna vísu bankayfirvalda á hinum nýju seðlabankalögum er hins vegar gert ráð fyrir því, að því er mér hefur skilist, að þeir vextir séu löglegir í landinu og þar með ekki okurvextir sem hæstir kunna að vera ákveðnir af einstökum bönkum og sparisjóðum, hversu vitlausir sem þeir vextir kunna að vera og í rauninni í ósamræmi við okurlögin sem til þessa hafa verið í gildi í landinu. Verði þetta ofan á er ljóst að forsendur fyrir okurmálum, sem hafa komið hér upp í stórum stíl á undanförnum mánuðum, geta breyst og dómsmálayfirvöld standa frammi fyrir óvissu og vanda í þessum efnum sem auðvitað kemur helst niður á þeim sem síst skyldi.

Ég vil þess vegna, herra forseti, þó að það sé ekki beinlínis efni frv. sem hér er á dagskrá, leyfa mér að bera þær fyrirspurnir fram til hæstv. viðskrh. hvernig honum sýnist að vaxtamál muni þróast hér á næstu vikum eftir að seðlabankalögin eru að fullu komin til framkvæmda.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessar fyrirspurnir snerta engan veginn efni þessa litla frv. sem er nánast samræming og leiðir af fyrri gerðum Alþingis. En lögin um Seðlabankann taka gildi 1. nóv. og það er verið að ganga frá síðustu vinnu í sambandi við reglugerð um starfsemi Seðlabankans um vaxtamálin almennt. Ég get ekki á þessu stigi fullyrt neitt um þá þróun sem verður. Við verðum að meta það og vega. Hins vegar, þó að það ríki frelsi í viðskiptabönkunum, held ég að ríkisbankarnir verði fyrst og fremst að vísa veginn í þeim efnum. Samkvæmt lögunum um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. jan. s.l., ber að leggja fyrir bankaráðin vaxtamálin. Í bankaráðunum eru kjörnir fulltrúar Alþingis og sumir hverjir alþm. Hvort sem mönnum líkar það eða ekki hefur það þó orðið ofan á í allmörgum flokkum. Það er fyrst og fremst aðhalds að vænta frá þeim og ég fyrir mitt leyti, sem viðskrh., er reiðubúinn að vera þar með til allra aðhaldsaðgerða í vaxtamálum, en ætlast auðvitað til þess og eðlilega að fulltrúar Alþingis í stjórn bankanna gæti þess að fara vel með það vald og meti það og vegi hversu langt sé hægt að ganga á þessum sviðum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann veitti mér þó ég hafi tekið málið upp undir máli sem snertir ekki beint vaxtamál sem slík.

Það er alveg bersýnilegt að hæstv. ráðherra telur ekki að hann hafi mikið um þessi mál að segja, hann vísar þessu á bankaráð ríkisbankanna. Ætlast ráðherrann til þess að í bankaráðum ríkisbankanna fari menn að greiða atkvæði um vaxtaprósentur eða hvað? Það er mál sem við getum tekið hér til umræðu síðar og auðvitað geta viðskiptabankar ríkisins haft mjög veruleg áhrif. En ætli þeir telji sig nú ekki dæmda til þess að dansa með ef allt vaxtakerfið fer í gang hér í þjóðfélaginu, bæði hjá einkabönkum og sparisjóðum? Ætli ríkisbankarnir, þó stórir séu, telji sig ekki eiga býsna erfitt með að skerast úr þeim leik, jafnvel ljóta leik, sem fram undan kann að vera í þessum efnum. Þannig að ég held að í rauninni sé ekki hægt að ætlast til þess að bankaráð ríkisbankanna leysi þann vanda sem hér kemur upp.

Kjarni málsins er sá að í lögunum um Seðlabanka Íslands er heimild fyrir ráðherra og ríkisstjórn til þess að taka ákvörðun um tiltekið hámarksvaxtastig hér á landi. Sú heimild er alveg ótvíræð. Það er mín skoðun og ég lét hana koma fram í nál. og umræðum um seðlabankalögin á síðasta þingi. Ég tel að ríkisstjórnin geti tekið ákvörðun um hámarksraunvexti hér á landi og að allir vextir sem kunna að vera umfram það tiltekna mark teljist brot á okurlögunum. Ég held að það sé alveg ljóst að viðskrh. hefur þetta vald og núv. hæstv. viðskrh. hefur viðurkennt að á forsendum seðlabankalaganna sé hægt að byggja slíkar ákvarðanir. Hann skortir því í rauninni ekki lagaheimildir í því efni að stemma hið fyrsta stigu við því vaxtaokri sem fram undan er. Hins vegar kann að vera að hann skorti til þess pólitískt þrek vegna þess ágreinings sem kann að vera á milli manna í stjórnarflokkunum um vaxtamálin.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. vera fullbráðlátur. Það er ekki enn runninn upp sá dagur sem

lögin um Seðlabanka Íslands taka gildi og það er að vænta bæði reglugerðar um starfsemi bankans, um starfsemi bankaeftirlitsins, og það koma fréttatilkynningar frá bankastjórn Seðlabankans. Ríkisstjórnin mun fylgjast grannt með framvindu í vaxtamálum og ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur það að fram undan sé eitthvert stórkostlegt vaxtaokur. Hann hefur þá einhver betri sambönd hjá þessum herrum en ég.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef engin sambönd, hæstv. ráðherra, hjá þessum „okurlánasjoppustjórum" hér á landi. Ætli það séu ekki einhverjir aðrir frekar sem hafa það? Og hæstv. ráðherra væri auðvitað sæmst að reyna að kynna sér hvernig hlutirnir eru reknir gagnvart almenningi í þeim stofnunum heldur en að vera uppi með skæting af því tagi sem hann var með hér.

Það sem liggur fyrir er það að ný seðlabankalög eiga að taka gildi eftir heila tvo sólarhringa og ef því fylgja ekki ákvarðanir um að takmarka vexti getur hafist á næstu vikum tryllt vaxtakapphlaup og það er eðlilegt að mál af þessu tagi sé tekið til umræðu á Alþingi og óhjákvæmilegt og það væri skrýtið ef þingið tæki ekki á svona máli örfáum klukkutímum svo að segja áður en þessi nýju lög eiga að taka gildi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. KP o.fl., 86. mál (aukið afla- og sóknarmark). — Þskj. 86.

Flm. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Á þskj. 86 hef ég leyft mér að flytja frv. ásamt þeim hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Frv. er um breytingu á lögum nr. 97 1985 um stjórn fiskveiða. Það fer ekki mikið fyrir þessu frv. og engin ástæða til slíks, svo einfalt sem málið kann að vera. Frv. gæti þó að mínu viti losað um þau stjórnunartök sem hafa verið á fiskveiðum og gæti hugsanlega leitt til þess að betur fjaraði undan þeim kvótamönnum og eðlilegt athafnalíf gæti gengið á þeim svæðum sem byggja fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þetta frv. er sem sagt um það að lina á þessum tökum.

Í fyrsta lagi, þ.e. í 1. gr. frv., er lagt til að á eftir fyrri mgr. 1. gr. laganna sem nú eru í gildi komi ný mgr. svohljóðandi:

„Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiða með línu og handfærum."

Ég er að vona að menn séu orðnir nokkuð sammála um að línuveiðar og handfæraveiðar eigi a.m.k. ekki að vera háðar kvótaskiptingu. Ég held að frekar eigi að hvetja til slíkra veiða en að setja á þær hömlur og ég held að reynslan hafi einmitt sýnt að það er miklu frekar ástæða til slökunar í þessum efnum. Vissulega hefur átt sér stað nokkur slökun að því er þetta varðar en ég held að málið sé orðið þann veg vaxið að það eigi að afnema kvótann bæði í handfæraveiðum og línuveiðum.

Síðan kemur kannske aðalbreytingin, þ.e. 2. gr. frv., en þar er lagt til að við 2. gr. laganna bætist ný mgr. er hljóði svo:

„Við úthlutun á aflamarki og sóknarmarki til einstakra skipa ber ráðherra að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a.m.k. 35% vinnuafls starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark og sóknarmark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um a.m.k. 25% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu."

Kannske staldra menn við svona hlut. Eigi að síður er ég þeirrar skoðunar að það verði að gera ráðstafanir til þess að þau sjávarpláss sem byggja að langmestu leyti afkomu sína, afkomu þess fólks sem þar býr, á fiskveiðum og fiskvinnslu, að það verði að gera þeim kleifara en nú er að sækja þessa björg. Það hefur margoft verið á það bent að þörfin að þessu leytinu er brýn, ekki bara fyrir viðkomandi sjávarpláss eða byggðarlög heldur og líka fyrir þjóðarbúið, að nýta gæðin frá þeim svæðum sem er handhægast og ódýrast að nýta þau frá og skapa bestu verðmætin.

Ég held að enginn vafi sé á því, og það þekkja hv. þingdeildarmenn trúlega ekkert síður en ég, að kvótastefnan hefur orðið þess valdandi að sjálfsbjargarviðleitni manna er heft. Komið er í veg fyrir að hægt sé að sækja þessa björg, eins og er, með eðlilegum hætti. Og það gerist meira: Í mörgum tilfellum er málið svo og hefur verið á þessu tímabili að það er ekki nema brot úr árinu sem bátar geta róið vegna kvótans. Svo langtímum skiptir verða bátar að liggja í höfn hluta úr árinu. Ég er þeirrar skoðunar — og ég vona að ýmsum sem hafa verið kvótamenn hafi snúist hugur og þeir hafi séð það í reynd a.m.k. að því er varðar sjávarplássin — að þar verði að gera breytingu á. Við horfum t.d. upp á allt of mörg dæmi þess, Vestfirðingar, að þessi stefna leggur byggðirnar í eyði. Við höfum eitt dæmi í höndunum nú sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni, einn staðinn sem er á þessari leið. (**Menntmrh.:** Hvaða staður er það?) Ég hygg að Vestfirðingnum sjálfum, hæstv. menntmrh., ætti að vera kunnugra um þessa hluti en svo að hann þurfi að spyrja úr ráðherrastól: Hvaða staður er það? Veit hæstv. ráðherra ekkert hvað er að gerast í landinu? Veit hæstv. ráðherra, útgerðaraðilinn hér á Reykjavíkursvæðinu, ekki neitt hvað er að gerast í fiskiðjum í kringum landið? Slíkar spurningar koma úr hörðustu átt að mér finnst af þokkalega uppöldum sjómannssyni. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti gengið úr skugga um það sjálfur hvar þessi staður er,

hvar á kortinu hann er sá staður sem er verið að tala um. (**Menntmrh.:** Má ekki spyrja að því?) Auðvitað má spyrja og það færi betur að hæstv. ráðherra spyrði oftar greinda og góða menn áður en hann tekur ákvarðanirnar margar.

En það var ekki aðalumræðuefni mitt að gera einstaka staði, tilnefnda, að umræðuefni. Þetta er á allt of mörgum svæðum, allt of mörgum stöðum sem þessi stefna hefur orðið þess valdandi að byggðirnar eru að flosna upp. Og auðvitað er það Alþingis, stjórnvalda, að gera ráðstafanir til að því verði breytt. Ég trúi því ekki, hvað sem kann að vera sagt um hæstv. menntmrh., að honum sé þetta ekki ljóst. Ég trúi ekki öðru en að þeir sem á annað borð gefa sér tíma til þess að hugleiða þennan þátt mála komist að raun um að breyting þarf að verða á.

Tillögur efnislega líkar þeim sem liggja fyrir í frv. voru fluttar við afgreiðslu kvótamálsins haustið 1984. Þær tillögur fengu dræmar undirtektir. Eigi að síður hefur verið linað á kvótanum frá þeim tíma, og vegna hvers ætli það hafi verið? Ætli það hafi ekki verið vegna þess að hann þótti of harðneskjuleg stjórnunaraðferð eins og hann var búinn í hendur til framkvæmda þá? Og það er auðvitað líka nauðsyn á að lina enn á þessu taki, koma í veg fyrir að það haldi áfram að leggja byggðir í auðnir, það haldi áfram að verða þess valdandi að fólk flytjist búferlum frá þessum annars góðu landsvæðum sem gætu framleitt góðu vöruna til hinna svæðanna sem ekki hafa þær aðstæður.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því, í 3. gr. frv., að fyrri tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott, en sá málsliður gerir ráð fyrir að hefta að hluta veiðar smábáta á tilteknum tímum. Ég vék að því áðan að slíkt finnst mér algjör óþarfi, að hefta þessar veiðar, og þess vegna er þessi tillaga flutt sem 3. gr. frv.

Ég þarf út af fyrir sig ekki, herra forseti, að bæta miklu fleiru við. Kvótamálið hefur verið í stöðugri umræðu, um það hafa vissulega verið deildar meiningar. Ýmsir létu á sínum tíma flekast af þessum hugsjónum, margir þeirra hafa snúið til baka og ég vænti þess að þeim fjölgi enn sem komast á rétta leið — á rétt ról, svo notað sé sjómannamál — komast á rétt ról að því er þetta mál varðar. (Gripið fram í.) Ná áttum, það er rétt. Það er trúlega sama merkingin.

Ég skal ekki, herra forseti, segja meira um þetta í bili en ég legg til að að umræðu þessari lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er er ákveði um það í lögum um stjórn fiskveiða að lögin skyldu tekin til endurskoðunar fyrir ákveðinn tíma á þessu hausti og að því máli hefur verið unnið í sumar og haft um það samráð við sjútvn. þingsins og hagsmunaaðila. Það eru, eins og hv. frsm. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., sagði, skiptar skoðanir um þessi mál og ljóst er að margir gætu hugsað sér ýmsar breytingar á þessum lögum. Sumir gætu hugsað sér það að vitað væri til lengri tíma að hverju við gengjum í þeim málum, m.a. með því að framlengja lögin þótt með einhverjum breytingum yrði. En niðurstaðan hefur orðið sú að ekki þykir rétt að breyta þessum lögum að svo komnu máli en það verður væntanlega verkefni komandi ríkisstjórnar að taka á því máli og eðlilegt að hún hafi svigrúm til þess. Mér heyrist að Alþfl. ætli sér stóran hlut í þeirri ríkisstjórn. Þess vegna er afar fróðlegt að fá upplýsingar um stefnu Alþfl. í þessu máli vegna þess að það hefur ekki legið alveg á lausu en nú hefur sjálfur þm. Vestf. og formaður Alþfl. flutt sameiginlegt frv. sem lýtur að þessu máli og ég á von á því að þetta sé þeirra aðalniðurstaða um breytingar í málinu en sé ekki flutt til þess að nú „fjari betur undan kvótamönnum“ eins og hv. þm. tók hér fram, að það væri aðaltilgangur frv. Það væri nú út af fyrir sig fróðlegt að fá úr því skorið hvort það er tilgangurinn eða hvort tilgangurinn er sá að koma að þessum efnisbreytingum sem ég skal nú aðeins víkja að.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði laganna taki ekki til veiða með línu og handfærum. Nú er það svo að smábátar eru mjög frjálsir til sinna veiða, en það eru þeir bátar sem einkum stunda handfæraveiðar. Því verður ekki með sanni sagt að neinar umtalsverðar takmarkanir séu á handfæraveiðum. Það er veiðiskapur sem almennt er mjög lítið stundaður af stærri skipum.

Að því er línuveiðar varðar eru þær utan svokallaðs kvóta bæði fyrri hluta árs og seinni hluta árs. Þar með er kominn hvati til línuveiðanna og um þetta varð allbærileg sátt á síðasta þingi þegar fjallað var um línuveiðarnar. Það var mjög ákveðin skoðun mjög margra þm. að þar ætti að gæta meira frjálsræðis og sú varð niðurstaðan. Hins vegar verður að hafa í huga að inni í aflamarki viðkomandi skipa er sá afli sem þau fengu á línu á viðmiðunarárunum. Ég held því að ekki sé hægt að taka tillit til þeirra orða hv. þm. að ekkert tillit hafi verið tekið til þessara hluta.

Að því er varðaði 2. gr. hafði hann mjög sterk orð um það mál, en þar er hann væntanlega að leggja til — eins og ég man eftir að ég rakti þegar sama tillaga var flutt 1984 og hafði þá tölur þar um — að skip í ákveðnum byggðarlögum verði sérstaklega skert. Það er því miður ekki hægt aðeins að bæta við, og ef um viðbót er að ræða til skipanna þarf að sjálfsögðu að huga að því hvernig hún eigi að skiptast. En hann vill með þessu halda því fram að að öll skip sem gerð eru út frá útgerðarstöðum eins og Húsavík, Akureyri, Akranesi, Keflavík, Reykjavík eða Hafnarfirði, svo eitthvað sé nefnt, búi við mun skarðari hlut en önnur skip. Þá kemur náttúrlega upp sú spurning hvort þá verði nokkur rekstrargrundvöllur fyrir skipum frá þessum byggðarlögum og hvort er ekki í reynd miklu einfaldara að leggja það til að útgerð frá þessum stöðum sé hreinlega hætt. Ég býst við því að þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson skrifaði upp á þetta frv. hafi hann enn þá verið ákveðinn í því að bjóða sig fram austur á landi þannig að það má

vel vera að þetta hafi eitthvað breyst á seinni dögum hjá formanni Alþfl. (**Gripið fram í:** Er nokkuð séð fyrir endann á því?) Það er e.t.v. ekki séð fyrir endann á því en ég hygg að þetta mundi ekki koma við neitt byggðarlag á Austurlandi og Vestfjörðum þó ég sé nú ekki alveg viss um það, það vinna nú orðið svo margir við sjúkrahúsið á Ísafirði að það gæti verið að sú starfsemi hafi breytt eitthvað hlutfallinu í því byggðarlagi, en aukning á opinberri þjónustu og þjónustu í viðkomandi byggðarlögum getur orðið til þess að þetta hlutfall raskist. En ég er þeirrar skoðunar að þetta verði ekki til þess að hjálpa neitt til í þeim byggðarlögum sem eiga við sérstakan vanda að etja en með því er ég ekki að gera neitt lítið — (**Gripið fram í:** Hvaða byggðarlög eru það?) úr því. Ég ætla ekki að fara að telja þau upp en mér er kunnugt um ýmis byggðarlög sem eiga við vanda að etja og sveitarstjórn eins kom til mín í morgun út af vandamálum í því byggðarlagi, en breyting sem þessi mundi engu skipta fyrir það byggðarlag og það er ekki rétt af hv. þm. Karvel Pálmasyni að halda því fram að því er það varðar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það var ekki mín ætlan að fara að upphefja sérstaka umræðu um þetta mál sem er mjög erfitt og viðkvæmt en hins vegar get ég ekki mælt með þessu sem hér er komið fram. En út af fyrir sig er fróðlegt að nú skuli liggja heldur meiri vitneskja fyrir um stefnumörkun Alþfl. í þessum málum, eða ég tek tillit til þess að formaður flokksins er þarna á blaði.

Friðjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég tel augljóst að sú hugsun sem býr að baki þessa frv. sé góðra gjalda verð. Ég er ekki að segja að frv., þótt samþykkt yrði, mundi leysa allan vanda eða mikinn vanda. Hitt er deginum ljósara að hinar svokölluðu kvótareglur eru farnar að verða tilfinnanlegar úti um byggðir landsins. Þess vegna hæfir síst að skella skollaeyrum við því þegar hreyft er hugmyndum sem kunna að geta lagfært þær á einhvern veg. Ég álít því að það minnsta sem hægt sé að gera varðandi þetta einstaka mál sé að skoða það rækilega, að sú nefnd sem fær það til meðferðar kryfji það til mergjar og aðrir þeir sem völdin hafa í þessum efnum leiti eftir leiðréttingum á því mikla misrétti sem kvótinn leiðir af sér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nú svo að þegar sumir líta yfir verk sín finnst þeim að þau séu harla góð og að þar hafi verið gætt réttlætis. Það er ekkert þorp að fara í eyði á Vestfjörðum, en það réttlæti sem Vestfirðingar hafa mátt búa við í kvótakerfinu hefur leitt til þeirrar þrengingar að á einu ári hefur flutt burtu nálægt því eitt þorp, þ.e. 350 manns. Og skyldi engan undra að þegar slíkir hlutir hafa gerst spyrjum við, sem erum fulltrúar fyrir þessi svæði, að því hvort það sé svo ósanngjarnt að þeir, sem fá flest atvinnutækifærin í þjónustunni, sitji uppi með að þurfa að gefa eftir einhver atvinnutækifæri á sviði framleiðslu. En því miður virðist vera vinsælast að tala um þetta í háði og spotti, því miður.

Það er líka með þessa blessaða stjórnun að einhverra hluta vegna höfum við þolað óhefta sókn Breta á Íslandsmið, stjórnleysi yfir trillukörlum í um þúsund ár og samt lifir þorskurinn. Furðuleg skepna það. En núna telja menn að það muni allt farast ef ekki sé haft í lögum ákvæði sem takmarkar krókaveiði við landið. Og menn tala alltaf um að ef það verði bætt við á einum stað þurfi að taka frá öðrum. Það er nú það.

Ég man ekki betur en það hafi verið bætt mjög myndarlega við loðnuflotann án þess að þeir hafi verið látnir skila nokkru aftur til baka af þorskkvótanum. Kannske erum við þar komnir að tonnalýðræðinu í LÍÚ, hagsmunaaðilunum sem hafa ráðið og komust að því að hafið ætti að vera einkaeign útgerðarmanna á Íslandi, en verkalýður í landi skyldi engan rétt hafa til þess fiskafla sem væri út af ströndinni.

Ég efa að menn hugleiði nægilega hvað er að gerast í atvinnulegu tilliti. Vita menn að fyrir hvert eitt starf í frumvinnslugrein verða til níu störf í þjónustu? Ósanngirnin er þá ekki meiri en það að þær dreifðu byggðir sem nú biðja um að fá aukningu vita að það þýðir fyrir hvert eitt starf sem þar bættist við níu störf annars staðar. Og hvar verður þessi þjónusta til? Hún verður til yfir 75% á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Það er sent mikið af pósti til þm., alveg ógrynni af alls konar upplýsingum. Þar eru m.a. Tölvufréttir. Þar er sagt frá athugun Bandaríkjamanna á því hvað það sé sem hafi skapað þeim hagvöxtinn á liðnum árum. Menn skyldu nú halda að það væru tölvurnar. Nei. Þetta rit kemst að þeirri niðurstöðu að það eru ekki tölvurnar sem hafa skapað þeim hagvöxtinn. Tölvurnar skapa meiri vinnu fyrir þá sem vinna í þjónustunni. Þeir brjóta að vísu um það heilann hvort upplýsingaskyldan á atvinnuvegina hafi verið aukin það mikið að það hafi orðið vinnusparnaður af tölvunum þess vegna. Nei, það var ekki hvítflibbaliðið sem vann við tölvurnar sem skapaði hagvöxtinn í Bandaríkjunum. Það voru „bláu flibbarnir", þ.e. verkamennirnir sem unnu í verksmiðjunum. Og þeir sögðu einnig að það hefði orðið framleiðsluaukning vegna betra skipulags og stjórnunar.

Það skyldi þó ekki vera að hrunið í hagvextinum á Íslandi eftir að framsóknaráratugnum lauk hafi verið vegna þess að menn héldu að tölvuvæðingin í þjónustunni væri svo arðbær og mundi skila svo miklum fjármunum inn til landsins? Nei. Það hefur verið þagað yfir því mjög kyrfilega að á árunum frá 1974 til 1978 var meiri hagvöxtur í þessu landi en hefur nokkurn tíma verið í annan tíma á Íslandi og þá var fjárfest í atvinnutækjum í landinu. En það er búið að sefja svo þjóðina að ef spurt er: Hvar er offjárfesting á Íslandi? þá segja menn: Í fiskiskipum, í fiskiskipum, í fiskiskipum. En hvar ætli offjárfestingin sé? Ætli hún sé ekki í verslunarhúsnæðinu hér í

Reykjavík? Er hugsanlegt að hún sé í verslunarhúsnæðinu? Getur verið að það hafi verið þörf fyrir alla þá aukningu sem þar hefur átt sér stað? Nei, auðvitað verður aldrei skrifað upp á að það sé offjárfesting í verslunarhúsnæði. Hvernig dettur nokkrum manni í hug að halda slíku fram? Við sem veitum erlendar lánsheimildir til að byggja verslunarhallir á Íslandi fyrir erlent fé. Auðvitað er ekki offjárfesting í verslunarhúsnæði á Íslandi. Að vísu skapast umferðaröngþveiti í bænum þar sem þarf að breyta öllu gatnakerfinu svo það geti verið í takt við veruleikann. Nei, vandamálið eru trillukarlarnir, þessir voðalegu menn sem hafa verið að drepa þorskinn í sjónum, og það eru þessir menn sem sækja sjóinn með línu og hafa skilað besta hráefni á land um áratuga skeið.

Ég geri ekki ráð fyrir því að afstaða nokkurs manns hér í salnum breytist þó það verði tekin törn á þeim til kvölds að kvelja þá með þá stefnu sem er framkvæmd, en því verða menn að gera sér grein fyrir að byggðastefna og hagvöxtur hafa farið saman í þessu landi. Í hvert einasta skipti sem slakað hefur verið á slíku og menn hafa hætt og hikað við að fjárfesta í dreifbýlinu hefur það þýtt minni hagvöxt á Íslandi. Sem betur fer erum við nú að auka fjárfestingar í ýmsum atvinnutækifærum, m.a. fiskeldi sem á eftir að færa þessari þjóð auð. En ofstjórnarhugsunin í sjávarútvegi hefur engu skilað nema því að það er búið að sefja það inn í íslenska þjóð að það séu of mörg fiskiskip, en það þurfi að fjárfesta í verslunarhúsnæði í stórum stíl.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við umræðu um þetta frv., en ræða hæstv. sjútvrh. gerir það að verkum að ég gat ekki látið undir höfuð leggjast að segja nokkur orð. Fyrst ætla ég að koma í örfáum orðum að þessu frv.

Þetta frv. er að mínum dómi lítið frv. og nær ekki ýkjalangt. Ég tek undir röksemdafærslu hæstv. sjútvrh. hvað það snertir að handfæraveiðar eru svo að segja frjálsar. Ég tek líka að vissu marki undir röksemdafærslu sjútvrh. um að línuveiðar eru að verulegu leyti frjálsar. En það er ýmislegt annað sem að er og annað sem hvílir á okkur eins og mara og þær áhyggjur fara vaxandi með hverjum deginum sem líður. Það eru ákvæði þeirra laga sem í gildi eru, hvernig þau verka á ákveðna staði í landinu. Hvort sem við erum með kvóta eða móti kvóta getum við öll verið sammála um að það sé brýn nauðsyn á því að hafa stjórnun á fiskveiðum með ýmsum hætti, bæði með hámarksafla á ári, með margvíslegum friðunarráðstöfunum, sérstaklega til friðunar á ungfiski, og sömuleiðis þurfum við að hafa stjórn á milli skipastærða eins og togara og báta o.fl. sem of langt mál yrði upp að telja.

Það sem mér virðist að fari verst með fólk er að þegar bátar eða fiskiskip eru almennt seld burtu úr byggðarlögum eða á milli byggðarlaga, hvort sem það er vegna nauðungarsölu eða sölu á frjálsum markaði, eru byggðarlögin skilin eftir því að kvótinn fylgir skipunum. Það sem hefur gerst á einstaka stöðum er mikil sorgarsaga sem verður ekki mælt á móti að fær engan veginn staðist.

Það hafa t.d. orðið á s.l. fimm árum, 1981–1985, miklar breytingar á fiskiskipaflota Patreksfirðinga, þ.e. stórum fiskiskipum. Á sama tíma og eitt nýtt skip hefur bæst í flotann í skiptum fyrir 70 ára gamalt skip sem tekið var af skipaskrá hefur fiskiskipum fækkað stórkostlega svo að til stóráfalla horfir.

Árið 1981 voru gerð út ellefu skip á þessum stað af stærðinni 110–300 lesta, þar af eitt aðallega til loðnuveiða en hin til bolfiskveiða og þá fyrst og fremst til þorskveiða. Þá var og gerður út einn skuttogari auk nokkurs fjölda smábáta yfir sumartímann. Á þessum árum hefur skipunum fækkað í þrjú, þ.e. um átta skip, og mest varð fækkunin 1982 en síðan sem nemur einu skipi á ári. Þetta er orðið það alvarlegt ástand að farið er að gæta vaxandi brottflutnings fólks úr þessu myndarlega kauptúni sem er staðsett við einhver bestu fiskimið á landinu. En þannig er þetta farið.

Til þess að gera mönnum nokkra grein fyrir því var bolfiskaflinn sem landað var á þessum stað á árinu 1981 12 148 tonn, en það er talið að hann muni ekki verða nema um 7400 tonn á þessu ári. Árið 1981 var heildaraflinn 18,4 þús. tonn, en þá var loðnuaflinn af því um þriðjungur. Þessi heildarafli er núna aðeins 7600 tonn. Það sjá allir að við svo búið má ekki standa og áhyggjur fólks á þessum stað, og þetta er ekki eini staðurinn á landinu, eru mjög miklar. Úr þessu þarf því að bæta, ekki með því að loka eyrum og augum fyrir staðreyndum heldur með því að viðurkenna hvernig komið er og hver nauðsyn er á aðgerðum. Ég tel alveg sjálfsagt að orðið verði við þessu með því að leyfa innflutning í þessu tilfelli á skipi, en það er ekki nema bráðabirgðalausn. Mér er það alveg ljóst.

Við verðum líka að taka tillit til staða þar sem hefur orðið fjölgun á skipum, þar sem framleiðslan hefur stóraukist, og auðvitað eigum við að fagna því. En hér er um geigvænlegt vandamál að ræða sem við verðum að finna einhverja lausn á hvort sem við elskum eða hötum þennan margumrædda kvóta. Við skulum láta það í þessu tilfelli liggja á milli hluta, en fyrst og fremst hugsa um það sem er óumflýjanlegt að gera.

En það sem aðallega kom mér upp hér voru þau orð hæstv. sjútvrh. hvort samdrátturinn væri því að kenna að það ynnu svo margir við sjúkrahúsið á Ísafirði. Ég ætla að segja hæstv. sjútvrh. að sem betur fer hefur heilbrigðisþjónusta úti á landi, bæði á Austfjörðum, Norðurlandi, Vestfjörðum, Suðurlandi og Vesturlandi, verið að batna verulega á liðnum árum og þar er aukin þjónusta við fólkið í öllum þessum landshlutum sem gerir að verkum að það verða sífellt fleiri sem vinna við þessa þjónustu og það sem best er að fólk er ekki sent umyrðalaust suður til Reykjavíkur til hvers konar lækninga eins og komið var á tímabili. Það er farið að færa þessa

þjónustu heim í héruðin. Ég ætla að gefa hæstv. sjútvrh. hér á eftir, þegar ég er búinn að láta ljósrita, Ný störf hjá ríkinu á tímabilinu 1974–1984, en það er myndrit. (Gripið fram í.) Þar segir hvað heilbrigðisþjónustuna snertir að hún er um 2200 störf á höfuðborgarsvæðinu, en um 1000 störf utan Reykjavíkur. — Hæstv. sjútvrh. segist vera búinn að fá mörg slík myndrit. Ég ætla að vona að hann fari þá að líta á þessi myndrit áður en hann lætur annað eins frá sér fara og hann gerði í allsendis óskyldu máli.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Mér fannst það á hæstv. samgrh. að hann ætlaði að stilla skap sitt í þessari umræðu og mér leiðist þessi útúrsnúningur sem hann var hér með. Ég var einfaldlega að benda á að það hefði átt sér stað veruleg aukning í þjónustu í heilbrigðiskerfinu víða í landinu, sérstaklega á nokkrum stöðum á landinu þar sem eru miðstöðvar, og regla eins og þessi gæti leitt til þess að vegna þess að *það hefði gerst mundi viðkomandi staður falla* undir þessa 35%-reglu. Hæstv. samgrh. virðist hafa tekið það þannig að ég væri að bera fram sérstaka gagnrýni á uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem hann m.a. hefur starfað við. Ég ætla á engan hátt að fara að blanda því máli saman við sjávarútvegsmál eða þá að ég ætli að fara að blanda saman við sjávarútvegsmál uppbyggingu verslunar í Reykjavík eða uppbyggingu banka o.s.frv. sem hefur gengið á í gegnum langan tíma og ýmsir bera ábyrgð á. Ég ætla ekki að fara að blanda þessu saman. En það er alger óþarfi af hans hálfu að taka þetta með þeim hætti nema um sé að ræða einhverja viðkvæmni út af þessum málum.

Ég er ekki mjög hrifinn af uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins. Ég tel að þar sé hið mesta bruðl á ýmsum sviðum og læknar hafi þar um ráðið allt of miklu. Þau eru ekki aum launin þeirra sem vinna á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Ég gæti vel trúað því að það þyrfti eitthvað að líta ofan í skipulag þessara mála. En að vera að blanda því saman við þetta með þessum hætti finnst mér á allan hátt fremur ósmekklegt. Og ég ann þeim þess mjög vel á Vestfjörðum *að búa við hina bestu heilbrigðisþjónustu* og hef áhuga fyrir því að sú þjónusta sé sem mest út um land.

En rætt er um þá röskun sem hefur orðið í ýmsum byggðarlögum með tilflutningi skipa. Þar eru ýmsar ástæður. Á þeim stað sem hér hefur verið sérstaklega talað um eru *ýmsar ástæður fyrir hendi*. Það var löngu áður en sú fiskveiðistjórnun sem nú er var tekin upp að sú þróun byrjaði. Þannig er heldur ómaklegt að ætla að fara að rekja þá þróun sérstaklega til þess sem þar hefur gerst.

Hitt er svo annað mál að margir bátar í landinu hafa verið seldir til þeirra staða þar sem rækjuveiðin og rækjuvinnslan hefur dafnað best og þeir fengið þar ný verkefni. Auðvitað hafa rækjuveiðarnar og rækjuvinnslan orðið til þess að bjarga mörgum fiskiskipum frá gjaldþroti. En það er jafnljóst að þau byggðarlög sem misst hafa þessi skip, annaðhvort vegna þess að þau hafa ekki trúað eins á þá uppbyggingu eða af öðrum orsökum, sitja eftir með skarðan hlut. Auðvitað þarf að ræða þau mál og líta til þeirra, en það er allt annað en einfalt. Og það er allt annað en einfalt að ná samstöðu um hverjir eiga erfiðast í þessu sambandi. Það koma mjög margir til mín og menn líta mjög misjöfnum augum á það.

En ég fullyrði að veruleg fjölgun skipa mun aðeins auka vanda íslensks sjávarútvegs. Auðvitað skipta örfá skip litlu máli í því sambandi, en ef á að koma yfir okkur bylgja af nýjum fiskiskipum mun það auka verulega vanda íslensks sjávarútvegs og gera okkur erfiðara um vik að taka á þeim vandamálum sem þar er þó verið að vinna að.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem ég sagði áðan nema ég fór ekki út í neina viðmiðun. Ég fór út í þetta að gefnu tilefni frá hendi sjútvrh. Hann var að ræða um sjávarútvegsmál, en það komst inn í ræðu hans um starfsmannahald við eitt tiltekið sjúkrahús, sjúkrahúsið á Ísafirði. Það má vel vera að ég sé eitthvað uppnæmari fyrir því en ýmsir aðrir og þá tek ég á mig að ég hafi verið það.

Ég forðaðist að gera samanburð við aðrar atvinnugreinar. Ég vil líka undirstrika hér að þegar ég talaði um fækkun skipa á þessum stað tók ég fram að fækkunin hefði verið mest á árinu 1982. Ég hélt að það væri þá skiljanlegt að ég væri ekki að ráðast með því á kvótakerfið. En síðan hefur þetta haldið áfram.

Ég held að það sé nauðsynlegt að tala um þessi mál án þess að gera það í þessari tóntegund. Ég talaði algerlega um þetta mál eins og það kemur fyrir og það er engum manni ljósara en mér hve erfitt hlutskipti það er að skipa embætti sjútvrh. á Íslandi. Ég ætla að láta það koma alls staðar fram að það er erfitt hlutskipti og oftast vanþakklátt. En það verður að taka tillit til þess þegar illa er komið og þá er hægt að gera undantekningarráðstafanir, ekki þannig að einn eða tveir þm. eða einn ákveðinn stjórnmálaflokkur slái sér upp á því heldur á manndómur þm. og flokka að vera með þeim hætti að leysa úr sárum og brýnum vanda án þess að einhver einn eða einhver ákveðinn hópur geti þakkað sér það heldur ríkisstjórnin í heild og Alþingi, sömuleiðis stjórnarandstaðan.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vefst fyrir mönnum hvort það muni vera 35% íbúa á Ísafirði sem stundi fiskveiðar og fiskvinnslu. Það er kannske rétt að það komi hér fram að það eru 47% af íbúum Vestfjarðakjördæmis sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu og næsta kjördæmi sem kemur þar á eftir er Austfirðirnir með nálægt 35%. Það þarf enginn að hafa áhyggjur af Ísafirði í þessum efnum. Þeir eru örugglega langt fyrir ofan þau mörk sem hér er talað um.

En það er nokkuð oft búið að koma því beint og óbeint á framfæri að það hafi verið offjárfest í

sjúkrahúsi á Ísafirði. Það er kannske rétt undir þessum lið að svara því einu sinni hér í þingsölum hver er sannleikurinn í þessum efnum.

Íslendingar eru búnir að fjárfesta í fleiri sjúkrarúmum pr. íbúa en aðrar Norðurlandaþjóðir. En í Vestfjarðakjördæmi, þegar þetta sjúkrahús er fullbúið, erum við með um helming af sjúkrarúmafjöldanum pr. íbúa miðað við það sem er í landinu. Þannig er staðan.

Þetta vona ég að séu nægar upplýsingar fyrir þm. til þess að menn hætti að láta í það skína í tíma og ótíma að það hafi verið offjárfest í sjúkrahúsbyggingu á Ísafirði.

Flm. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég fagna að sjálfsögðu þeim umræðum sem hér hafa orðið bæði um þetta mál svo og önnur brýn hagsmunamál sem hafa borið að garði og þá ekki síst á Vestfjörðum. Ég fagna því sérstaklega að hér hafa menn, a.m.k. sumir hverjir, rætt í hógværð þessi mál og sumir hverjir af víðsýni, þó ekki verði það sagt um alla.

Það er nauðsynlegt þegar mál, ekki síst af þessu tagi, eru hér til umræðu að menn skoði þau í svolítið víðari hring heldur en gert hefur verið. Inn í umræðuna hér hefur komið Patreksfjarðarvandamálið, þó út af fyrir sig væri ekki meiningin að hefja umræður um þann sérstaka stað frekar en aðra sem eiga í erfiðleikum, kannske mismunandi miklum á hverjum stað. Auðvitað þarf að bregðast við þessum vandamálum, horfast í augu við staðreyndirnar, og koma í veg fyrir að þeir, sem vilja byggja þessa staði, fari þaðan burt. Það er auðvitað mál númer eitt. Það er mál þjóðfélagsins fyrst og fremst að koma í veg fyrir að hlutirnir þróist með þessum hætti.

Mér finnst fáheyrð sú fáfræði sem lýsir sér hjá sumum hæstv. ráðherrum hér úr ræðustól í dag. Hæstv. menntmrh. hafði frumkvæðið í að vera illa upplýstur í efnum sem hann á að vita. Hæstv. sjútvrh. gerði þetta líka og þá úr ræðustól. Eins og aðeins hefur verið vikið að áður þá orðaði hann það svo: Líklega eru komnir svo margir starfsmenn á sjúkrahúsið á Ísafirði að þetta riðlar því. Veit ekki hæstv. ráðherra að það er bara búið að taka í notkun lítið brot af sjúkrahúsinu á Ísafirði? Ég hygg að hæstv. ráðherra ætti nú að gera sér ferð vestur á firði, vestur til Ísafjarðar og skoða það sjúkrahús, fjórðungssjúkrahús, sem þar er rekið núna og vita hvernig honum litist á þá aðstöðu sem því fólki sem þar vinnur og sjúklingunum sem þar liggja, er boðið upp á. Ég held að menn ættu að hugsa aðeins meira áður en þeir tala. (**Sjútvrh.:** Það á nú við um fleiri.) Auðvitað á það við um fleiri, hæstv. ráðherra, þú hefur engan einkarétt á því. Auðvitað á það við um fleiri. Ég sýndi fram á það áðan að það á við um fleiri hæstv. ráðherra en þig. Og kannske verða þeir enn þá fleiri áður en dagurinn líður sem við heyrum í hér af svipuðum toga eins og hjá þessum tveim hæstv. ráðherrum. En þeir eru báðir að austan. Þeir eru báðir að austan sem þm.

Ég mótmæli því, hæstv. sjútvrh., að ég hafi fullyrt það hér úr ræðustól að ekkert hafi verið linað á gagnvart handfærabátum og línuveiðum. Ég tók það sérstaklega fram að vissulega hefðu menn linað tökin eins og þau voru frá upphafi, vegna þess að þau voru allt of hörð, strax. En hver er nú linunin eins og lögin eru núna? Við skulum taka Vestfirðina. Ég þekki þar best til að ég held. Þar segir í 9. gr. laganna núna, með leyfi virðulegs forseta:

„Botnfiskveiðar báta minni en 10 brúttólestir eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilaðar á eftirgreindum tímabilum: Í 10 daga um páskahelgi í mars 1986 og apríl 1987."

Nú háttar svo til á Vestfjörðum, víðast hvar að minnsta kosti, að lítið er byrjað á handfæraveiðum á þessum tíma þannig að þetta skiptir kannske ekki meginmáli þar. En síðan skulum við halda áfram:

„Enn fremur í 10 daga í ágúst og 7 daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert."

Á hæsta bjargræðistímanum fyrir handfærabáta, á þessu svæði a.m.k. Þetta kalla ég hömlur. Og ef það er rétt, og ég tek undir það með hæstv. sjútvrh., ef þetta er ekki svo mikils virði þá á auðvitað að aflétta þessum hömlum. Og ég fagna út af fyrir sig ræðu hæstv. sjútvrh. hér áðan miðað við þá ræðu sem hann flutti um sama mál 1984. Vissulega hefur hæstv. ráðherra vitkast í þessum efnum, þó á ýmsum öðrum sviðum hafi hann farið afvega. Þetta er, held ég, mál sem menn þurfa að skoða.

Hæstv. ráðherra var að spyrja um stefnu Alþfl. Finnst þér það ekki gott, hæstv. ráðherra, hjá mér, að vera kominn með hv. þm. Reykv., formann Alþfl., á þessa skoðun? (**Sjútvrh.:** Það er afrek.) Er það ekki afrek? Já, og ég vænti þess að það sé hægt að vinna slíkt afrek á fleirum, nema þá einhverjum tréhestum sem vilja sitja við sama keip þó þeir viti að þeir rói vitlaust. (**SvG:** Forstjóra Þjóðhagsstofnunar ...) Hvað segir hv. þm.? (**SvG:** Formann kvótanefndar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar.) Ég á nú ekki von á því að hann hafi samþykkt lögin hér. Eða rámar hv. þm. Svavar Gestsson í það að hann hafi tekið afstöðu í því máli hér? En það væri kannske ástæða til að spyrja hv. þm. Svavar Gestsson, formann Alþb.: Hvert er hans álit í þessum efnum? Hvar mundi hann greiða atkvæði, á hvern veg, í þessu máli? Og hvað gerði hann síðast þegar þetta var hér til umræðu? Ég man það, hv. þm. Svavar Gestsson. Þá varst þú kvótamaður í þessu tilfelli. Það er rétt við rifjum það upp undir svona umræðu. En vonandi hefur þú vitkast eins og hinn formaðurinn. Auðvitað eiga menn að skipta um skoðun ef þeim finnst að þeir hafi farið villir vegar. Það er ekkert sjálfsagðara. Og mér finnst að mér hafi orðið talsvert ágengt nú þegar og vona að fleiri fylgi á eftir.

Hæstv. sjútvrh. sagði að hér væri verið að leggja til að skerða hjá einum og bæta við hina. Ég þarf nú ekki annað en vitna bara í ræðu hv. þm. Ólafs Þ.

Þórðarsonar, ágæta ræðu sem hann flutti hér áðan eins og oftast áður, og svaraði nánast öllu sem svara þarf í þessum efnum. Þá hefur honum sjálfsagt verið hugsað til síns formanns í þessum efnum, hæstv. forsrh., og þar hittum við einn sem alltaf segist vera á móti kvótanum en greiðir honum alltaf atkvæði. (**MB:** Þetta breytist þegar hann kemur frá Kína.) Akkúrat, við skulum koma að því, hæstv. samgrh. Kannske er brottför hans vegna þessa að vestan. (**SvG:** Það skyldi nú ekki vera.) Það skyldi nú ekki vera, já, það er rétt hjá þér, hv. þm. Svavar Gestsson. En svona eru nú hlutirnir. Og þeir eru í mínum huga afskaplega skrýtnir oft þegar þeir berja svona að dyrum hjá manni. Það er afskaplega forvitnilegt oft og tíðum að fylgjast með sama einstaklingnum frá skoðun til skoðunar, eftir því hvort hann á ríkisstjórnaraðild eða er í stjórnarandstöðu, eftir því hvort hann er ráðherra eða án ráðherradóms. Og ég er ekki hissa orðinn á því þó ýmsum aðilum úti í þjóðfélaginu hafi a.m.k. orðið hugsað til þess hvernig skoðanaskiptin eigi sér stað og hvers vegna.

Ef það er svo, og menn komast að raun um það að draga verði af einhverjum til þess að bæta við — í þessu tilfelli þau sjávarpláss sem eru nánast komin að hruni vegna þessa — ef ástandið er þannig, þá á að gera það. Því að velflest önnur svæði hafa annað upp á að hlaupa. Upp á hvað er annað að hlaupa t.d. á Vestfjarðakjálkanum? Í öðrum atvinnugreinum? Eða eiga menn bara að leggja árar í bát og gera ekki neitt? Ætli það mundi ekki minnka í buddunni hérna á Reykjavíkursvæðinu ef þessi hluti legðist af í vinnslunni? Þær yrðu ábyggilega færri krónurnar, sem menn gætu hér á þessu svæði farið með í stóru verslanirnar, heldur en áður var. Ég held nefnilega að ef menn fást til þess að setja sig inn í þessi mál, setja sig inn í þær staðreyndir sem blasa við allt of víða í sjávarplássunum, að þá hljóti menn að sannfærast um það að breytinga er þörf. Hér er vissulega breytinga þörf. Og það á engin þvermóðska eða drumbsháttur að ráða neitt ferðinni í slíku. Það er þjóðarheildin sem að sjálfsögðu krefst þess að menn bregðist hér rétt við. Og það er hún sem krefst þess að menn stígi skref til þess þá að bjarga því sem bjargað verður úr því sem komið er.

Mér er það alveg ljóst að þetta frv. leysir ekki allan vandann. Það er alveg ljóst. En það mun a.m.k. létta byrðarnar hjá þeim sem hvað harðast hafa orðið úti vegna kvótamálsins og það er tilgangurinn. Það er tilgangurinn að bægja frá þeirri hættu sem þegar hefur skapast og blasir við á miklu fleiri stöðum ef áfram verður haldið á sama vegi og verið hefur.

Nú skal ég ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Hæstv. sjútvrh. sagði að verið væri að endurskoða þessi mál nú og trúlega mundu sjást verk þeirrar nefndar, vonandi fyrir áramót, þannig að breyting ætti sér þá stað um áramót. Ekki svo? Þetta frv. gerir einmitt ráð fyrir því að það taki gildi frá og með áramótum. Og þess vegna er enn nægur tími, eða a.m.k. rýmri tími en oft hefur verið áður til þess að ræða þetta hér í þinginu og gera breytingar á lögunum.

Ég vænti þess að menn hafi tekið vel eftir ágætri ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar. Menn ættu að skoða þetta í rólegheitum og ræða það af viti. Ég held að það sé rétt ályktun. Og ef menn gera það þá er ég handviss um að sannfæring manna stendur til þess að gera breytingar frá núverandi löggjöf til hins betra fyrir þá sem þegar eru komnir í erfiðleika og forða þeim frá erfiðleikum sem blasa við í dag.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í máli hæstv. sjútvrh. kom fram að sennilega væri þetta frv. við það miðað að aflakvóti yrði ekki skertur í neinu sjávarplássi á Vestfjörðum, og hefur það verið staðfest af einum flm. frv., hv. 5. þm. Vestf., að svo muni vera. Það er náttúrlega athyglisvert að þm. kjördæmis skuli leggja það til að hagur manna í öðrum kjördæmum skuli versna, en þeir einir njóta góðs af, og lýsir þeim hugsunarhætti sem (**Gripið fram í:** Frumvarpið fjallar ekki um skerðingu.) þeir hafa þegar hugsað er um landsmenn í heild (**Gripið fram í:** Hafi virðulegur þm. ekki ...) og er fróðlegt ekki síst að veita því athygli að formaður Alþfl. skuli vera á þessu plaggi.

Nú veit ég að hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmason, og ekki síður hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, eru athugulir menn, að ég tali nú ekki um hv. 5. þm. Austurl., Hjörleif Guttormsson, sem ekki setja mælistiku niður án þess að gera sér grein fyrir afleiðingum hennar. Hér eru afleiðingar þess að þeirri mælistiku sé beitt. Hér er talað um það að þeir staðir, þar sem a.m.k. 35% vinnuafls starfi við fiskveiðar og fiskvinnslu, eigi að eiga tilkall til aflamarks og sóknarmarks frá skipum frá öðrum stöðum, þannig að afli þessara skipa vaxi a.m.k. um 25%, eða heimild þeirra til þessa afla vaxi a.m.k. um 25%. Nú vil ég biðja einhvern flm. að gera okkur grein fyrir því hér við 1. umr. til að flýta fyrir, um hversu mikla aflatilfærslu sé hér að ræða. Hvað gera þeir ráð fyrir að mikill afli færist á milli staða ef allir munu nýta sér þessa heimild?

Mér skilst samkvæmt þessu frv. að þeir geri áfram ráð fyrir því að skip, sem fái úthlutað aflakvóta, megi selja kvótann. Hér er því ekki um það að ræða hvort viðkomandi sjái sér mögulegt að veiða meira, heldur er spurningin um hitt hvort viðkomandi vilji fá 25% af sínum kvóta í hendur gefins, til þess kannske síðar, ef þeir geta ekki veitt kvótann, að selja á þá staði sem ekki njóta þessarar 25% aukningar sem hér er talað um. Mér finnst forvitnilegt ef þetta gæti komið fram. Ég vil biðja hæstv. forseta að fresta umræðunni svo að hv. flm. gefist svigrúm til að rifja upp þá staði, sem eiga að verða fyrir þungum búsifjum af völdum þessa frv., til þess að hv. flm. gefist tóm til að reikna út um hversu mikla aflatilfærslu sé að ræða. Því ég veit að þeir hljóta að eiga þetta heima hjá sér ef þeir eru ekki með þetta við höndina hér. Ég bjóst satt að segja við

því að flm. mundu gera grein fyrir þessum staðreyndum málsins í sínum frumræðum, til þess að þm. gætu áttað sig á því um hvað frv. raunverulega fjallar.

Mig langar t.d. að spyrja hv. 1. flm.: Er hann búinn að athuga það, er það öldungis víst, að þó hann svipti þau skip, sem hér er talað um að svipta afla, öllum sínum afla, að það mundi duga til þess að auka aflann hjá hinum skipunum um 25%? Getur hann svarað þessu á stundinni? Eða heldur hann kannske að þessi skip eigi eftir 25% af sínum afla? Heldur hann að þessi skip eigi eftir 50% af sínum afla? Hver eru þessi stærðarhlutföll? Ég vil líka af gefnu tilefni spyrja um það, vegna þess að mér heyrðist á 1. flm. að hann væri reiðubúinn til þess að athuga það, hvort ekki væri rétt að fjölga fiskiskipum þannig að þeir staðir, þar sem ekki berst nægilegur afli á land til þess að um trygga atvinnu geti verið að ræða — slíkir staðir eru víðar en á Vestfjörðum — eigi að fá fiskiskip. Helst erlendis frá. Ég skildi hv. þm. svo. Af því tilefni vil ég spyrja hv. þm.: Telur hann að formaður Alþfl. sé sammála því að rétt sé að flytja inn togara og fiskiskip erlendis frá án þess að önnur séu flutt úr landi í staðinn eða sökkt eða með öðrum hætti fari úr útgerð? Það væri náttúrlega tímamótayfirlýsing ef Alþfl. mundi nú lýsa því yfir að fjárfesting í sjávarútvegi og í fiskiskipum væri ekki nægilega mikil og það væri af þeim sökum rétt að auka þá fjárfestingu með því að gefa t.d. innflutning á fiskiskipum frjálsan. Hver ætli stefna formanns Alþfl. sé í því máli?

Það var sérstaklega boðað, ef ég man rétt, af formanni Alþfl. í mikilli ræðu áður en flokksþingið var haldið að móta ætti nýja stefnu í atvinnumálum og sérstaklega, ef ég man, talað um framleiðsluatvinnuvegina í því samhengi. Hér sjáum við hver stefnan er gagnvart stærri stöðunum. Hugmyndin er sú, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að leggja niður útgerð á Akureyri, svo ég taki mitt kjördæmi. Svo ég taki kjördæmi formanns Alþfl., leggja niður ... (**ÓÞÞ:** Um hvaða frv. er hv. ræðumaður að tala?) Ég er að tala um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveið. (**ÓÞÞ:** Í hvaða grein er gert ráð fyrir að Akureyri verði lögð niður?) Ég hélt nú að ... (**ÓÞÞ:** Í hvaða grein? Er ræðumaður læs?) Ræðumaður er læs. En ég heyri að hv. flm. gerir sér ekki grein fyrir afleiðingum síns frv., en það er sennilega af því að hann er ókunnugur fyrir norðan. En það væri nauðsynlegt að fá svör við þessum spurningum. (**Gripið fram í:** Þau koma.)

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hikaði ekki við að láta reikna út meðalafla á togara á þann hátt að leggja saman veiðiskip á Vestfjörðum, Norðurl. v., Norðausturlandi og Austfjörðum. Með því móti lækkaði hann meðalafla Vestfirðinga um 25%. Síðan hafa þeir þurft að kaupa kvóta. Það er aðeins verið að fara fram á það að fá það til baka sem af þeim var tekið. Það er engin grein í þessu frv. sem gerir ráð fyrir því að veiðar á Akureyri verði lagðar niður.

Flm. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að heyra í hv. þm. Halldóri Blöndal aftur hér í þingsölum. Það hefur lítið heyrst til hans undanfarið. En spurningin er: Hvert er málið? Ég veit ekki betur — það verður þá leiðrétt ef ég fer með rangt mál — ég veit ekki betur en það sé nákvæmlega rétt það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að segja hér áðan, að hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert þá hluti sem hann er að ætla öðrum, að svipta ákveðin sjávarpláss afla vegna kvótakerfisins. Það er ekkert í þessu frv. sem segir að svipta eigi Akureyri eða einhverja byggð á Norðurlandi afla. Það er ekki stafur um það. Þetta frv. er fyrst og fremst um það að auka þátt þeirra byggðarlaga sem hafa átt og eiga í erfiðleikum vegna kvótamálsins. Svo koma hér upp menn eins og hv. þm. Halldór Blöndal og fullyrða með rangfærslum að hér sé verið að leggja til að minnka eða leggja niður útgerð á þessum eða hinum staðnum.

Hitt er svo annað mál, þegar við komum að skipainnflutningnum, það er alltaf verið að spyrja mig um stefnu formanns Alþfl. Það er eins og maður sé hér í vitnastúku til þess að svara fyrir formann síns flokks. Ég tek því mjög vel að til slíkra hluta sé ætlast af mér. Það er ekkert lítið á mann lagt og ekki til lítils ætlast. Og ég þakka traustið. Ég þakka traustið. Það er til máltæki, ef ég man rétt, sem er svona: Nauðsyn brýtur lög. Það er ekkert sem segir að endalaust eigi að halda sér við þá stefnu að í skipastólnum megi ekki fjölga. Það er ekkert sem segir það. Í því efni sem og mörgum öðrum geta aðstæður ráðið. Tímabil geta ráðið því að það þurfi að gera slíkt.

En ég veit ekki af hverju menn eru að spyrja um þetta hér. Í þessu frv. er ekkert verið að ræða um innflutning á skipum eða stækkun skipastólsins. Menn eru hér að draga inn í umræðurnar allt annað en frv. gerir ráð fyrir. Ég ætti alveg eins að ganga hér í skrokk á einstaka hv. þm. með spurningum um afstöðu þessa eða hins í þeirra hópi. (**Sjútvrh.:** Formanns flokksins.) Á hæstv. sjútvrh. við formann Framsfl.? Við vitum nú um stefnu hans í þessum efnum, bæði með og á móti. Um hana þarf ekki að spyrja. Við vitum að vísu ekki eins gjörla um stefnu hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl. En það væri kannske ástæða til þess að spyrja hv. þm. Halldór Blöndal um hana.

Ég ítreka það hér og vísa því algerlega á bug að í þessu frv. sé verið að tala um það að svipta staði möguleikum til sjávarútvegs eða útgerðar. Hér er einvörðungu verið að tala um að skilað sé aftur til þeirra staða því sem búið er að taka af þeim og því sem þeir hafa fyrst og fremst byggt sína lífsafkomu á og koma til með að gera, í náinni framtíð a.m.k. Aðrir hafa möguleika til annarra hluta og það á líka að nota þá.

Halldór Blöndal:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður. Mér þykir leiðinlegt að hv. þm. Karvel Pálmason skyldi hafa misst af ræðu minni hér í gær, sem ég er með hér útskrift af og get fært honum, úr því hann var að tala um að það væri svo langt síðan ég hefði komið í þennan ræðustól.

En það sem ég vil aðeins vekja athygli á er þetta. Í fyrsta lagi hefur hvorugur þeirra flm., sem hér hafa talað eftir að ég talaði síðast, gert grein fyrir því hvað þeir reiknuðu með að um miklar tilfærslur á afla yrði að ræða samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Í öðru lagi kom í ljós að hv. þm. Karvel Pálmason reiknaði ekki með því að taka afla frá neinu skipi, sem þýðir það að öll skip í landinu eiga að halda sínum hlut miðað við heildaraflakvóta. Þannig að ég sé að Karvel ætlar að gera mikið úr litlu og ferst öðruvísi en skáldinu sem einu sinni orti:

Hugsað get ég um himin og jörð,
en hvorugt smíðað.
Vantar líka efnið í það.

En mér heyrist að Karvel ætli að úthluta þorski sem ekki er til eftir hans málflutningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

10. fundur, fimmtudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1987, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 sem lagt hefur verið fram á þskj. 1. Frv. fylgja að venju nokkur önnur frv. sem ætlað er að hafa áhrif bæði á tekjur og gjöld ríkissjóðs og mæla fyrir um lántökur.

Horfur í þjóðmálum eru í flestu tilliti bjartar um þessar mundir. Það hefur árað vel til lands og sjávar. Aflabrögð hafa yfirleitt verið góð og verð á erlendum mörkuðum farið hækkandi. Áföll á mörkuðum fyrir saltsíld og mjöl draga á hinn bóginn nokkuð úr ábatanum. Við slíkum óvæntum skakkaföllum þarf að sjálfsögðu að bregðast.

Afkoma í landbúnaði hefur á árinu sem er að líða verið með viðunandi hætti þó svo stjórnvöld og samtök bænda þurfi sameiginlega að takast á við offramleiðslu í þeirri atvinnugrein. Í því efni hefur verið reynt að varða veginn með nýrri löggjöf þannig að eðlilegt svigrúm gefist til aðlögunar að nýjum aðstæðum.

Afkoma iðnaðarins hefur í flestum greinum verið fremur hagstæð, en eins og ávallt ráða markaðsaðstæður erlendis miklu um afkomu útflutningsgreina. Þannig hafa Evrópumarkaðir verið mörgum útflytjendum mjög hagstæðir vegna gengisskráningar Evrópumynta meðan Ameríkumarkaðurinn hefur reynst erfiðari.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 eru allar líkur taldar á því að þjóðin njóti áframhaldandi hagvaxtar. Verði ekki stórfelldar breytingar á útflutningsmörkuðum okkar, haldist olíuverð lágt eins og undanfarið og haldi landsmenn skynsamlega á eigin málum ættu allar forsendur að vera okkur í hag. Nú er spáð 2,2% hagvexti fyrir árið 1987 á eftir 5% vexti 1986 og 3,1% vexti 1985. Landsmenn eru því að ná sér upp úr þeim öldudal sem efnahagurinn féll í árunum 1982–1983.

Skipting þjóðartekna er sígilt og viðvarandi úrlausnarefni á vettvangi stjórnmála. Því verður ekki á móti mælt að bæði einkaneysla og opinber neysla hafa vaxið talsvert á þessu ári. Þetta eru ekki óeðlileg viðbrögð eftir þrengingar undangenginna ára. Í þessu sambandi verða menn þó að gæta að því að draga ekki svo úr fjárfestingu í því skyni að örva neyslu að grundvellinum sé kippt undan verðmætasköpun komandi ára.

Talið er að einkaneysla aukist um 5% árið 1986 eftir 5% aukningu á síðasta ári. Samsvarandi hlutfallstölur sýna 3% hækkun samneyslu árið 1986 eftir 4,5% aukningu 1985.

Samkvæmt fyrirliggjandi þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 eru nú taldar líkur til þess að hagvöxtur geti orðið rúmlega 2% á því ári. Þessar tölur sýna að við getum áfram notið þess góðæris sem við nú búum við. Á hinn bóginn er ljóst að hagvöxturinn verður minni á næsta ári en á þessu og því síðasta. Óhjákvæmilegt er að stilla útgjaldaáformum þjóðarbúsins í hóf í samræmi við þessar aðstæður. Þetta á við um ríkið sjálft jafnt sem einstaklinga og atvinnufyrirtæki.

Ríkisstjórnin setti sér það pólitíska markmið í vor sem leið að minnka fjárlagahallann um því sem næst þriðjung. Það hefði verið bæði óraunhæft og óskynsamlegt að stíga í einu stærra skref að því marki að ná jöfnuði. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því að með þessu móti megi því sem næst ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári.

Óhjákvæmilegt var að standa gegn og hafna miklu af útgjaldaáformum einstakra ráðuneyta. Í meðferð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar voru útgjaldatillögur ráðuneytanna þannig lækkaðar um meira en 5 milljarða kr.

Frá því á árinu 1983 hefur þróun í umsvifum opinberra aðila verið sú að samneysla og opinber fjárfesting hefur vaxið hægar en landsframleiðslan og hefur því stærri hluti af vexti hennar runnið til borgaranna og kemur fram í mikilli aukningu einkaneyslu á þessu tímabili.

Frá árinu 1983 til ársins í ár hefur verg landsframleiðsla vaxið um tæp 12%. Á sama tíma ox samneysla um 7,7%, opinber fjárfesting dróst saman um tæp 20%, en einkaneysla ox um 13,6%. Afkomu-

stærðir ríkissjóðs árið 1986 og fjárlagatölur fyrir árið 1987 eru í samræmi við þessa þróun.

Talið er að verg landsframleiðsla muni vaxa um 29,5% milli áranna 1985 og 1986 miðað við verðlag hvors árs. Tekjur ríkissjóðs milli sömu ára munu, eftir því sem nú er áætlað, vaxa um 28,7% eða nokkru minna en landsframleiðslan og gjöld ríkissjóðs munu vaxa um 28% sem er enn nokkru lægra.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að verg landsframleiðsla vaxi í krónum talið um 7,8% miðað við verðlag í árslok 1986, en miðað við sama tíma er í frv. til fjárlaga gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins vaxi um 1,6%, en tekjur þess um 8,1%.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr halla ríkissjóðs í áföngum er vöxtur útgjalda áætlaður 2% minni en vöxtur tekna og er útgjaldavöxturinn minni en áætluð aukning landsframleiðslu. Við mat á hækkun útgjalda hjá ríkinu ber að hafa í huga að stærsti hluti útgjalda þess eru laun eða gjöld tengd launum svo sem framlög vegna tryggingamála og annars.

Síðustu tvö ár hefur kaupmáttur launa farið vaxandi og er nú hærri en áður hefur þekkst. Laun hafa þannig hækkað umfram almennar verðlagsbreytingar. Áhrif þessa á útgjöld ríkissjóðs eru augljóslega þau að miðað við sama umfang og umsvif vaxa þau hraðar en almennt verðlag og nær því sem svarar til launabreytinga á milli ára. Þessi staðreynd skýrir m.a. að hluta aukinn halla ríkissjóðs á þessu ári umfram það sem áætlað var við setningu laga nr. 3 1986 og miðað var við þegar kjarasamningar voru gerðir í byrjun ársins.

Launahækkanir eftir kjarasamninga hafa reynst meiri en í upphafi var áætlað. Leiddi það til þess að útgjöld ríkissjóðs hækkuðu til muna meir en ætlað hafði verið, auk þess sem gerðar voru viðbótarráðstafanir til að tryggja verðlagsmarkmið kjarasamninganna með niðurgreiðslu á áburðarverði og búvörum. Ríkisstjórnin taldi sig fremur bundna við verðlagsmarkmið kjarasamninganna en þær fjárhæðir sem um var samið við aðila vinnumarkaðarins í þeim tilgangi að halda niðri verðlagi.

Áhrif kjarasamninganna í ársbyrjun og aðgerða tengdra þeim á tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 urðu einnig nokkuð aðrar en ætlað hafði verið. Tekjur ætla að reynast verulega meiri en spáð var þó ekki muni það eins miklu og í gjöldunum.

Tekjur ríkissjóðs eru að miklu leyti tengdar veltustærðum í efnahagslífinu. Eins og að framan greinir urðu launabreytingar á árinu meiri en í upphafi var ætlað. Kaupmáttur hefur vaxið og neyslan hefur aukist. Kemur það m.a. fram í aukinni veltu sem skilað hefur ríkissjóði auknum tekjum þó ekki nægi þær til að jafna að fullu þann útgjaldaauka sem rekja má til kjarasamninganna. Enn fremur hefur komið í ljós að við ákvörðun á álagningarkerfi beinna skatta á s.l. vetri var reiknað með lægri atvinnutekjum á árinu 1985 en reyndin varð og voru tekjur ríkissjóðs af þeim því vanmetnar.

Halli ríkissjóðs á þessu ári er að mestu leyti bein afleiðing af aðgerðum ríkisins vegna kjarasamninganna á s.l. vetri. Til viðbótar við fyrirsjáanlegan halla sem ákveðinn var bættist ófyrirséð útgjaldahækkun sem að stærstum hluta til má rekja til meiri launabólgu en gert var ráð fyrir í kjarasamningunum, en bróðurpartur útgjaldanna er svo sem rakið hefur verið beint tengdur launum. Eftir stendur halli fyrst og fremst vegna kjarasamninganna og viðbótarákvarðana sem þeim eru tengdar.

Þessar sömu ástæður eiga þátt í þeim halla sem áætlaður er á árinu 1987. Annars vegar er þar um að ræða varanlega lækkun ríkistekna vegna niðurfellingar aðflutningsgjalda og launaskatts og hins vegar útgjaldaauka, svo sem vegna greiðslu úr ríkissjóði á ígildi verðjöfnunargjalds á rafmagn, með yfirtöku á hluta afborgana og vaxta af skuldum orkufyrirtækja og vegna þess að ríkisútgjöld hækka vegna launatengsla meira en almennt verðlag.

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld árið 1986 verði um 39,2 milljarðar kr., en það er um 6,4% hærri niðurstaða en fjárlög, sbr. lög nr. 3 1986, gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið um 37 milljörðum, en það er um 4,7% hærri fjárhæð en í fjárlögum eins og þau voru afgreidd með breytingum í febrúar 1986. Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs verður því um 700 millj. kr. verri en að var stefnt. Þetta á sér ýmsar skýringar sem nú skulu tilgreindar.

Tekjur hækka um tæpar 1660 millj., þar af beinir skattar um 850 millj. kr., en álagning og þar með innheimta beinna skatta á árinu er áætluð hærri en áður var talið. Skýrist þetta fyrst og fremst af meiri hækkun atvinnutekna milli áranna 1984 og 1985 en reiknað var með. Að öðru leyti skýrist hækkun tekna ríkissjóðs aðallega af nokkru meiri tekjum af óbeinum sköttum. Verður þessi hækkun fyrst og fremst rakin til meiri veltu og viðskipta en ætlað hafði verið.

Á hinn bóginn skýrist verri afkoma ríkissjóðs af breytingu á gjaldahlið. Útgjöld eru alls talin hækka um tæpar 2350 millj. kr. Þyngst í þessari hækkun vega hærri launagreiðslur vegna áhrifa sérkjarasamninga og niðurstöðu kjaradóms. Alls er talið að launaútgjöld aukist um 640 millj. kr. umfram fjárlög. Þá hækka bætur lífeyristrygginga og útgjöld vegna sjúkratrygginga af sömu ástæðu um 500 millj. kr.

Á fyrri hluta árs var ákveðið að greiða niður áburðarverð til bænda og var það liður í því að draga úr verðhækkun á búvörum. Útgjöld vegna þess námu um 170 millj. kr. Þá er að nefna að veitt var aukaframlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna að fjárhæð 258 millj. kr. og útsala á kindakjöti í ágúst og september leiddi til 81 millj. kr. aukaútgjalda.

Litlar breytingar eru taldar verða á lánahreyfingum ríkissjóðs frá því sem ætlað var skv. lögum nr. 3 1986. Veitt lán hækka um 44 millj. og er það vegna þess að ríkissjóður annast lántökur erlendis og endurlánar nokkrum aðilum utan A- og B-hluta

ríkissjóðs. Ekki var miðað við slík lánaumsvif í fyrri áætlun.

Fjáröflun innanlands var áætluð 3575 millj. kr. Þar af var ráðgert að afla 2100 millj. kr. með sölu spariskírteina, 850 millj. kr. með verðbréfakaupum bankakerfisins og 625 millj. með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Innlausn spariskírteina var áætluð 1720 millj. kr. og var því nettó fjáröflun með þessum hætti áætluð 380 millj. kr. á árinu 1986.

Þrátt fyrir lækkun vaxta innanlands og harða samkeppni um sparifé hefur sala spariskírteina numið 1977 millj. kr. í lok september og er það 576 millj. kr. umfram innlausn á sama tímabili. Nú hefur sölu nýrra skírteina á innlendum markaði verið hætt um tíma og geta aðeins þeir sem eiga innleysanleg skírteini skipt á nýjum bréfum á móti. Þá hafa verðbréfakaup lífeyrissjóða og bankakerfis haldist nokkurn veginn í takt við áætluð kaup þeirra á árinu. Að svo stöddu þykir því ekki ástæða til að endurskoða tölur fyrir innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1986.

Áformað er að leita til Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs. Jafnframt er í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 leitað heimildar til langtímalántöku í þessu skyni. Lánsfjármál ríkissjóðs 1986 og 1987 hafa að öðru leyti verið skýrð sérstaklega í framsöguræðu fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. er í öllum aðalatriðum byggð á því tekjuöflunarkerfi ríkisins sem verið hefur við lýði undanfarin ár. Langstærstur hluti ríkisteknanna, 31,3 milljarðar kr. eða rúm 78%, mun koma með óbeinum sköttum. Þar af er sölugjald um helmingur eða um 39% allra ríkistekna. Beinir skattar verða tæp 15% og arðgreiðslur og aðrar tekjur 7%.

Breytingar á óbeinum sköttum aðrar en verðlagsbreytingar frá því sem var áætlað í fjárlögum fyrir 1986 stafa af þátttöku ríkissjóðs í lausn kjarasamninga í upphafi árs 1986. Leiddi hún til verulegrar rýrnunar á tekjustofnum þessum á árinu 1986 og hefur hliðstæð áhrif á tekjuáætlunina fyrir 1987.

Eina breyting tekjuöflunar á þessu sviði sem fyrirhuguð er og tekjuáætlunin tekur mið af er álagning skatts á innflutt eldsneyti sem ætlað er að gefa um 600 millj. kr. á næsta ári. Þrátt fyrir verðhækkun af völdum þessarar skattlagningar verður verð á olíuvörum verulega lægra en við var miðað við gerð efnahagsráðstafana í tengslum við kjarasamninga í ársbyrjun.

Verðlækkun á bensíni á þessu ári hefur valdið ríkissjóði miklum tekjumissi, mun meiri en áætlað var í upphafi árs, og mun skatturinn aðeins jafna þann tekjumissi ríkissjóðs.

Áætlun fjárlagafrv. um beina skatta er miðuð við að skattbyrði lækki um 300 millj. kr. frá því sem hún er á árinu 1986. Tekjuáætlun af beinum sköttum einstaklinga í fjárlagafrv. er að svo stöddu miðuð við tekjustig í árslok 1986 og að tekjur 1987 að meðtalinni áætlaðri fjölgun framteljenda verði þá um 11,5% hærri en meðaltal ársins 1986.

Til að ná settu marki um tekjuöflun með beinum sköttum verður innan tíðar lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Auk þess að taka mið af áorðnum breytingum launa milli 1985 og 1986 og til ársloka 1986 verður í því frv. gert ráð fyrir jafnvægi milli launabreytinga og verðlagsþróunar á árinu 1987 og framangreindri lækkun tekjuskatts.

Megindrættir væntanlegs frv. eru þeir að lækka skatthlutfall í öllum þrepum skattstigans, að hækka þrep skattstigans og að hækka persónuafslátt og barnabætur. Áhrif þessara breytinga verða þau að skattbyrði lækkar, jaðarskattur lækkar og skattleysismörk hækka. Miðað við að tekjustig breytist lítið frá því sem það verður í árslok 1986 verður unnt að lækka skatthlutföll úr 19,5%, 30,5% og 43,5% í 18, 28,5 og 38,5% og hækka neðra skattþrepið úr 272 þús. kr. í u.þ.b. 400 þús. kr. og efra þrepið úr 544 þús. kr. í u.þ.b. 800 þús. kr. Þetta ásamt hækkun persónufrádráttar og barnabóta um 20%, sem er nokkuð umfram áætlaðar launabreytingar milli 1986 og 1987, mun lækka skattbyrði af beinum sköttum til ríkisins úr u.þ.b. 4,9% í 4,6%, lækka jaðarskatta þannig að þeir yrðu mest um 47% að meðtöldu útsvari og sjúkratryggingagjaldi í stað tæpra 52% eins og nú er.

Skattleysismörk munu og hækka verulega. Má gera ráð fyrir að hjón með tvö börn og 70–80 þús. kr. á mánuði á árinu 1986 verði yfirleitt tekjuskattslaus á árinu 1987, en þau mörk eru þó háð tekjuskiptingu milli hjóna og einstökum frádráttarliðum. Enn fremur hefur útsvarsálagning, eignarskattur og reglur um nýtingu persónuafsláttar áhrif á skattleysismörk í heild.

Auk þeirra lagafrv. sem getið hefur verið, þ.e. um skatt af innfluttu eldsneyti og um tekjuskatt, hefur verið lagt fram frv. um framhald álagningar á grundvelli tímabundinna tekjustofna sem tekjuáætlun fjárlagafrv. miðast við. Er þar um að ræða tímabundið vörugjald, jöfnunargjald á hús og hússhluta, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og sérstaka fjáröflun til húsnæðismála.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. er byggð á gildandi lögum um tekjur ríkissjóðs með þeim breytingum sem lýst hefur verið. Engu að síður er stefnt að umfangsmiklum breytingum á nær allri löggjöf um tekjur ríkissjóðs og gert ráð fyrir að hluti þeirra breytinga komi til framkvæmda á árinu 1987.

Í fyrsta lagi er stefnt að því að fá á yfirstandandi þingi afgreidd ný lög um tolla og tollskrá, svo og lög um vörugjald. Gert er ráð fyrir að lög þessi komi til framkvæmda á næsta ári. Við það er miðað að þessi nýskipan skili óbreyttum heildartekjum frá því sem nú er.

Í öðru lagi er stefnt að því að leggja fram frv. til laga um virðisaukaskatt. Er undirbúningi frv. að mestu lokið. Miðað verður við að þau lög gangi í gildi 1. janúar 1988 og lög um söluskatt falli úr gildi frá og með sama tíma.

Í þriðja lagi er hafinn undirbúningur að grundvallarendurskoðun laga um tekju- og eignarskatt þar sem stefnt verður að einföldun þess kerfis með fækkun skattþrepa og frávika, svo og ýmsum öðrum breytingum.

Í fjórða lagi er stefnt að flutningi frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gjöld ríkissjóðs eru áætluð 41,6 milljarðar kr. á árinu 1987. Þetta er um 6,1% hærri fjárhæð en áætluð útkoma á árinu 1986. Vegna tilfærslu 13 sjúkrahúsa af svokölluðu daggjaldakerfi yfir á föst framlög úr ríkissjóði er samanburður einstakra gjaldategunda í frv. við áætlaða útkomu þessa árs villandi eins og nánar er fjallað um í grg. með frv.

Til launa og reksturs ríkisstofnana að frátöknum sérstökum sértekjum stofnana er áformað að verja um 43% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Um 36% er varið í ýmiss konar neyslu og rekstrartilfærslur og um 12% renna til fjárfestingar. Afgangurinn, eða um 8,3%, fer til vaxtagreiðslna.

Skv. frv. fer hlutfall vaxtagreiðslna lækkandi, en það er áætlað 9,4% í ár. Eigi að síður er áhyggjuefni hversu stórum hluta ríkisútgjalda er varið til vaxtagreiðslna. Öllum má vera ljóst að slík þróun hlýtur að koma niður á fjárveitingum til ýmissa mikilvægra verkefna.

Ég ætla ekki að fjalla um útgjaldahlið frv. í mörgum orðum, enda eru henni gerð góð skil í grg. frv. Þó eru nokkur atriði sem ég vil beina athygli þm. að.

Á sviði mennta- og menningarmála má nefna aukningu á framlagi til byggingar grunnskóla úr 115 millj. kr. í fjárlögum 1986 í 185 millj. Um allt land eru skólar í byggingu og með þessari hækkun fjárveitingar standa vonir til að ljúka megi nokkrum byggingum og hnika öðrum áleiðis. Öflugir og góðir skólar um landið allt eru einn mikilvægasti þátturinn í því að skapa jafnvægi í byggð landsins.

Framlag til Kvikmyndasjóðs er aukið úr 16 millj. 1986 í 55 millj. Kvikmyndin er vaxandi listgrein og óumdeilt er að íslenskt myndmál verður snar þáttur í vexti og viðgangi íslenskrar menningar.

Framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna er 865 millj., en jafnframt er sjóðnum veitt heimild til 750 millj. kr. lántöku. Ráðstöfunarfé sjóðsins verður þá alls 1615 millj. kr. sem er svipað og á árinu 1986. Nefnd skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna hefur mótað tillögur um breytingar á lögum um sjóðinn, en ekki er að fullu ljóst hver áhrif þeirra verða á fjárþörf sjóðsins.

Á sviði utanríkismála ber hæst fjárveitingu til skrifstofu fastanefndar Íslands hjá Evrópubandalaginu svo unnt sé að efla tengslin við þennan mikilvæga útflutningsmarkað okkar. Þá má einnig nefna stöður öryggisvarða í flugstöðinni í Keflavík, en ríkisstjórninni er það kappsmál að tryggja sem best öryggi allra þeirra fjölmörgu Íslendinga og útlendinga sem um flugstöðina fara.

Á sviði sjávarútvegsmála er áætlað að verja um 700 millj. kr. til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi, en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1986 er 600 millj. kr. Þá er ráðgert að draga verulega úr starfsemi Ríkismats sjávarafurða með því að færa ferskfiskmat til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Er þetta liður í stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja verkefni frá ríkinu til einstaklinga og samtaka þeirra eftir því sem kostur er.

Á sviði iðnaðar og orkumála vil ég geta þess að fjárveiting til greiðslu olíustyrkja fellur niður, enda hefur þegar verið ákveðið að hætta greiðslu þessara styrkja á síðasta ársfjórðungi þessa árs vegna lækkana á verði olíu. Þá er framlag til niðurgreiðslu á raforku lækkað úr 220 millj. í fjárlögum 1986 í 145 millj. kr.

Þegar hefur verið minnst á hækkun fjárveitingar til byggingar grunnskóla, en ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að auka framlag til fleiri framkvæmdaflokka. Þannig er ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra aukið úr 76 millj. kr. í fjárlögum 1986 í 100 millj. kr., fjárveiting til hafnargerðar hækkar úr 74 millj. í 160 millj. kr. og fjárveiting til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva hækkar úr 82 millj. kr. í 120 millj. kr.

Til húsbyggingarsjóðanna renna 1300 millj., en 1600 millj. kr. í fjárlögum 1986. Fjárveiting á árinu 1987 er í samræmi við reikninga sem fram komu í áliti nefndar sem samdi frv. til laga um breytingu á lögum um sjóðina í kjölfar kjarasamninganna í febrúar s.l. Fjármögnun húsnæðiskerfisins hefur verið breytt á þá lund að vægi ríkisframlagsins hefur minnkað, en á móti hefur sjóðunum verið tryggt stóraukið fjármagn úr lífeyrissjóðum landsmanna.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs á árinu 1987 nemi 4850 millj. kr. og þar af verði innlend lán 3150 millj., en erlend 1700 millj. kr. Af þessu lánsfé er gert ráð fyrir að 1370 millj. renni til B-hluta ríkissjóðs og rennur það fé að langmestu leyti til Lánasjóðs ísl. námsmanna og byggingar flugstöðvar í Keflavík sem ljúka mun á næsta ári.

Markverðast við lánsfjárfyrirætlanir næsta árs er það að í fyrsta sinn um langan tíma munu opinberir aðilar grynnka á erlendum skuldum. Meira verður endurgreitt af erlendum lánum en sem nemur nýjum lánum erlendis frá. Þannig verða tekin erlend lán að fjárhæð 2550 millj. kr., en afborganir eldri lána nema 2930 millj.

Það er vissulega mikilsverður áfangi að erlendri skuldasöfnun opinberra aðila skuli þar með hætt og í staðinn byrjað að vinda ofan af þeim skuldum sem safnað hefur verið mörg undangengin ár.

Það blasir nú við, nái þessar áætlanir fram að ganga, að heildarskuldir þjóðarinnar sem hlutfall af landsframleiðslu muni á næsta ári fara niður fyrir 50%, en þetta hlutfall var hæst í fyrra og náði þá rúmum 55%. Greiðslubyrði af erlendum lánum fer og lækkandi með lækkandi vöxtum erlendis og hagstæðari dreifingu hinna erlendu lána.

Heildarlántökur þjóðarbúsins í ár eru áætlaðar rúmlega 10 milljarðar kr., en verða skv. lánsfjár-

áætlun fyrir næsta ár tæplega 8,3 milljarðar. Þessar lántökur eru í fullu samræmi við það markmið ríkisstjórnarinnar að halli í viðskiptum við útlönd á næsta ári verði lítill sem enginn.

Í fjárlagafrv. er að vanda gert ráð fyrir skerðingu á framlögum til ýmissa þátta og er leitað heimilda til slíkra skerðinga í frv. til lánsfjárlaga þar sem þess gerist þörf. Stærsta atriðið í þessu sambandi er skerðing á hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti, en gert er ráð fyrir að þær tekjur sem ríkissjóður fær með þessum hætti umfram skerðingu síðasta árs renni til að kosta akstur skólabarna. Um þennan lið er það að segja að þessi háttur mun aðeins hafður á þar til komin er skýr niðurstaða varðandi framtíðarskipan á þessum kostnaði sem langeðlilegast er að sveitarfélögin sjálf standi undir eftir megni. Mjög brýnt er nú orðið að komast að niðurstöðu um þetta mál og fleira í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en í fjárlagafrv. er nú m.a. gert ráð fyrir helmingun á framlagi til dagvistunarmála, en fjármögnun þeirra framkvæmda er að flestra dómi mun betur komin hjá sveitarfélögunum sjálfum. Er vonast til að þau geti alveg tekið þennan þátt að sér frá og með árinu 1988.

Í byrjun yfirstandandi árs voru gerðir kjarasamningar sem markað hafa tímamót í samningagerð hér á landi. Samningar þessir urðu að veruleika með einstæðri samvinnu aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Þeir eru rökrétt framhald og afleiðing þeirrar stefnu í kjaramálum sem ríkisstjórnin mótaði við upphaf ferils síns. Með afnámi vísitölubindingar launa og ákvörðun um að draga úr erlendri skuldasöfnun og að framfylgja stöðugleikastefnu í gengismálum var aðilum vinnumarkaðarins ljóst að ekki þýddi að semja um annað kaup en það sem atvinnuvegirnir væru færir um að borga og að neyslu hér á landi yrði að sníða stakk eftir framleiðslugetu þjóðarbúsins. Árangur þessarar stefnu kom strax í ljós á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar, en birtist þó greinilegast í kjarasamningum yfirstandandi árs þegar samningsaðilar ásamt ríkisvaldinu tóku höndum saman um að leita leiða til raunverulegra lífskjarabóta um leið og styrktur yrði grundvöllur efnahagslífsins. Ríkissjóður tók að sér að standa undir hluta af kaupmáttaraukningunni með margþættum ráðstöfunum.

Frá janúar til október á þessu ári hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um rétt 7%. Á sama tíma hafa meðallaun ríkisstarfsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hækkað um 18,6%, um 21,8% hjá háskólamönnum og um 28% hjá kennurum í Bandalagi kennarafélaga. Kaupmáttur launa hjá ríkisstarfsmönnum hefur stórvaxið á þessu ári og er yfir 10% hærri í ár en hann var á síðasta ári hjá félögum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna og yfir 13% hærri hjá Bandalagi kennarafélaga. Öll teikn benda til þess að á almennum vinnumarkaði hafi laun þróast með svipuðum hætti og hjá ríkinu, en tölur um það efni liggja eigi fyrir enn sem komið er.

Kaupmáttur launa er orðinn hærri en hann hefur áður verið. Það er eftirtektarvert að þessi mikli árangur hefur náðst án vísitölubindingar launa og sú staðreynd blasir við að síðan sú binding var afnumin hefur stöðugleiki og vöxtur kaupmáttar verið meiri en í annan tíma. Hin mikla hækkun launa ríkisstarfsmanna á þessu ári hefur til viðbótar við önnur áhrif kjarasamninga og aðgerða er þeim tengdust haft mjög mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs svo sem þegar hefur verið rakið.

Hækkun launakostnaðar hjá ríkisstofnunum leggst nokkuð jafnt á þær þar sem ekki var verulegur mismunur á launahækkunum til einstakra starfshópa. Þau frávik eru þó í þessu efni að kennarar, heilbrigðisstéttir og löggæslustéttir hækkuðu að þessu sinni nokkuð umfram aðra hópa. Kennarar í Kennarasambandi Íslands fengu í upphafi ársins sérstaka hækkun vegna aðlögunar að þeim launum sem starfsbræðrum þeirra höfðu verið dæmd af kjaradómi á árinu 1985. Þeir fengu sem og aðrir kennarar einnig nokkru meiri hækkun í samningum þessa árs en aðrar hliðstæðar stéttir.

Laun hjúkrunarfræðinga innan BSRB hækkuðu einnig meira en almennt var af sömu ástæðum og hjá kennurum. Sú hækkun leiddi m.a. til þess að aðrar heilbrigðisstéttir fengu í sinn hlut nokkru meiri launahækkun en almennt gerðist hjá öðrum starfshópum.

Samningar við löggæslustéttir voru og frábrugðnir öðrum samningum. Þeir fólu í sér meiri launahækkanir, en tóku jafnframt til atriða er varða skipulag og réttarstöðu. Af framangreindum ástæðum leggjast launahækkanir ríkisstarfsmanna þyngra á menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir og löggæslustofnanir en aðrar stofnanir ríkisins.

Einn veigamikill þáttur í kjarasáttmála þeim sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins gerðu með sér í byrjun þessa árs var að leitað yrði leiða til úrlausnar á greiðsluvanda húsbyggjenda og jafnframt að finna varanlega lausn á fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Til lausnar á fjárhagsvanda þeirra húsbyggjenda sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar var ákveðið að ríkissjóður veitti viðbótarframlag á þessu ári er næmi 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. sem ráð var fyrir gert í lánsfjárlögum.

Til þess að finna lausn til nokkurrar framtíðar á fjármögnun húsnæðiskerfisins var lögum um Byggingarsjóð ríkisins breytt þannig að lánveitingar úr sjóðnum yrðu bundnar því að lífeyrissjóður umsækjanda hefði gert samkomulag við Byggingarsjóð ríkisins um skuldabréfakaup. Fjmrn. hefur haft forustu af hálfu ríkisvaldsins um samninga við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup þeirra af Byggingarsjóði ríkisins. Með þeim samningum er búið að tryggja fjármögnun húsnæðiskerfisins eins og lög um Húsnæðisstofnun ríkisins gera ráð fyrir.

Samningar þeir sem gerðir hafa verið ná til loka ársins 1988. Í þeim eru tvö veigamikil atriði. Hið

fyrra er að lífeyrissjóðirnir hafa lengt lánstímann verulega frá því sem verið hefur. Hið síðara að vextir af lánum lífeyrissjóðanna eru innan þeirra marka sem nauðsynleg voru talin ef ekki ætti að sliga hið nýja lánskerfi Húsnæðisstofnunarinnar strax í upphafi.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs sem nemur 1 milljarði kr. og er það 300 millj. kr. lægri fjárhæð en sjóðurinn fær í ár. Þegar þessar fjárhæðir eru bornar saman er rétt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Með hinni nýju löggjöf var verið að breyta fjáröflun húsnæðislánakerfisins á þann veg að lífeyrissjóðirnir í landinu legðu fram stærri hluta af lánveitingu en verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir að fjármagn frá lífeyrissjóðunum aukist frá árinu 1986 um meira en 100%.

2. Ríkissjóðsframlaginu er fyrst og fremst ætlað að brúa mismun af lánskjörum inn- og útlána. Á árinu 1987 er áætlað af hálfu Húsnæðisstofnunar að mismunur afborgana og vaxta af teknum og veittum lánum nemi um 340 millj. kr. Þannig leggur ríkissjóður á árinu 1987 660 millj. kr. til að bæta stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins sem hún mun m.a. nýta til að auka útlán sín á næsta ári.

3. Þá verður bæði að hafa í huga hvað er skynsamlegt og mögulegt, þ.e. hvað þjóðarbúskapurinn getur lagt til þessa málaflokks á hverjum tíma. Áætlað er að lánveitingar íbúðarlánasjóða muni aukast um 25% á næsta ári, en sjálfar íbúðabyggingarnar um 10%. Óráðlegt væri að stuðla að meiri þenslu á byggingarmarkaðnum en hér er stefnt að.

Skv. lögum frá árinu 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara, er kveðið svo á að ríkisvaldið leiti eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður tryggt fullt verð fyrir á samningstímanum. Í lögunum er enn fremur m.a. kveðið á um að hluta af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, sem áður gekk til útflutningsuppbóta, sé varið til búháttabreytinga. Með því er áformað að framleiðsla hinna hefðbundnu búvara aðlagi sig að innanlandsneyslu eins og lögin gera ráð fyrir.

Þegar litið er til framleiðslumagns og neysluþróunar innanlands á þeim vörutegundum sem verðábyrgð ríkisins nær til er ljóst að enn er um umframframleiðslu í landinu að ræða. Þá er og ljóst að verð það sem fæst fyrir vöruna á erlendum mörkuðum er það lágt og hún er í svo mikilli samkeppni við offramleiðslu búvara í þeim löndum sem við höfum flutt út landbúnaðarvörur til að ekki er neinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir þeim útflutningi. Því er mikilvægt að búháttabreyting í hefðbundnum landbúnaði komist á, þannig að þeir aðilar sem starfa við þessa atvinnugrein búi við sömu lífsafkomu og aðrar stéttir í landinu.

Á valdatíma þessarar ríkisstjórnar hefur í nokkrum mæli verið farið inn á þá braut að selja ríkisfyrirtæki og hlut ríkissjóðs í atvinnufyrirtækjum. Ekki er nokkur vafi á því að hér hefur verið farið inn á rétta braut, enda tæpast um það deilt í alvöru lengur að það er ekki í samræmi við heppilegustu verkaskiptingu ríkis og einkaaðila að ríkisvaldið sé að vasast í almennum atvinnurekstri og síst í beinni samkeppni við einkaaðila.

Á sínum tíma börðust afturhaldsöflin hér á Alþingi harkalega gegn því að ríkið seldi niðursuðuverksmiðjuna Siglósíld aðilum sem vildu hætta sínum eigin fjármunum í þeim rekstri og Landssmiðjuna sem starfsmenn hennar vildu kaupa. Þessu tókst þó að koma fram og óhætt er að fullyrða að það hafi verið mikið gæfuspor fyrir bæði þessi fyrirtæki, starfsmenn þeirra og viðskiptamenn, enda hafa þau blómstrað vel síðan.

Ríkið hefur einnig selt hlutabréfaeign sína í nokkrum hlutafélögum, eins og Iðnaðarbankanum, Flugleiðum og Eimskip, og hefur ekki annað komið fram um þau viðskipti en þau hafi verið til góðs. Þá hefur ríkið ásamt Framkvæmdasjóði selt meirihlutaeign sína í Norðurstjörnunni í Hafnarfirði og Umferðarmiðstöðin í Reykjavík hefur verið seld hagsmunaaðilum. Þá hefur verið unnið að því að losa ríkið undan viðvarandi skuldbindingum vegna Þörungavinnslunnar og grasköglaverksmiðjanna.

Hér hefur því vissulega verulegur árangur náðst. En áfram verður að halda á þessari braut því víða liggja fjármunir ríkissjóðs bundnir í starfsemi þar sem þeir þjóna ekki lengur upphaflegum tilgangi sínum og væru betur komnir í hinni eiginlegu ríkisstarfsemi. Ríkið á enn verulega hlutdeild í ýmsum atvinnurekstri, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, sem það ætti að losa sig við og gefa einkaaðilum færi á að spreyta sig á. Fullkomið álitaefni er hvort ríkið á að binda fé í raftækjaverksmiðju, útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslu, skipasmíðastöð, grasköglaverksmiðjum og síldarbræðslum og svo mætti lengi telja. Smám saman þarf að færa þennan rekstur í hendur einkaaðila.

En stóra spurningin í þessu efni snýr hins vegar e.t.v. ekki að einstökum fyrirtækjum eins og þeim sem ég hef hér gert að umtalsefni heldur almennt að þeirri skiptingu verkefna milli ríkis og einkaaðila sem ég vék að í upphafi. Það má vel vera að við séum flest hver svo vanaföst að við getum ekki gert okkur í hugarlund hvernig ýmis starfsemi, sem við erum vön að ríkið sjái um, líti út í höndum einkaaðila. En það er hættulegt að festast í viðjum vanans í þessu efni og neita að horfast í augu við að breytingar eru stundum ekki bara heppilegar af hagkvæmnisástæðum heldur einnig oft gagnlegar út frá öðrum sjónarmiðum. Nýhafinn rekstur einkaútvarps- og sjónvarpsstöðva við hliðina á Ríkisútvarpinu er gott dæmi um jákvæðar breytingar sem fáir hefðu trúað fyrir nokkrum árum að verða mundu að veruleika svo snemma og sem mættu mikilli andstöðu afturhaldsaflanna hér á hinu háa Alþingi.

Aðild ríkissjóðs að atvinnurekstri hér á landi átti sér ýmsar og oft gildar sögulegar ástæður. Oft var hér um fyrirtæki að ræða sem einkaaðilum var á

þeim tíma um megn að koma á fót og reka. Þá gat verið eðlilegt að ríkið hlypi undir bagga þegar um nauðsynlega starfsemi var að ræða. Nú hafa aðstæður aftur á móti gerbreyst þannig að einkaaðilar geta ráðið við langflest verkefni á sviði atvinnulífsins eins og dæmin sanna allt umhverfis okkur.

Reynslan af forgöngu ríkisins í atvinnurekstri virðist jafnframt hafa farið versnandi hin síðari ár. Má í því sambandi benda á hrikalegan hallarekstur saltverksmiðjunnar, þörungavinnslunnar og grasköggla verksmiðja og nú síðast steinullarverksmiðjunnar. Hitt er þó ekki síður mikilvægt að á sama tíma og einkaaðilum hefur vaxið fiskur um hrygg í atvinnumálum hafa stórvaxandi verkefni hlaðist á ríkissjóð, einkum á sviði félagsmála, heilbrigðismála og menntamála. Þess vegna tel ég rétt að ríkissjóður dragi sig út úr almennum atvinnurekstri þar sem það er hægt, en einbeiti kröftum sínum að þeim miklu verkefnum sem hann hefur tekist á hendur á öðrum sviðum. Í því felst að stöðvaður verði fjáraustur í taprekstur og losað fjármagn með sölu arðbærra ríkisfyrirtækja eða hluta ríkisins í fyrirtækjum.

Herra forseti. Ég hef kosið að draga fram í þessari ræðu þau atriði og þær meginlínur sem mestu máli skipta í ríkisbúskapnum og hugsanlega er pólitískur ágreiningur um. Fjárlög eru ekki einn saman talnabálkur. Þau eru miklu fremur umgjörð mannlífs og menningar í landinu, en umfram allt eru þau hluti af þjóðarbúskapnum og hafa að því leyti mikil áhrif á framvindu efnahagsmála. Það mikilvægasta við fjárlagafrv. er þetta:

Það skilar okkur verulega áleiðis að hallalausum ríkisrekstri þótt því marki verði ekki náð á næsta ári. Það tryggir jafnframt heldur minni þátt hins opinbera í þjóðarbúskapnum og veitir öðrum þar með meira svigrúm. Jafnframt markar það þau mikilsverðu þáttaskil að opinberir aðilar eru nú í fyrsta skipti í áraraðir að grynnka á erlendum skuldum. Þjóðhagsstofnun gerir einnig ráð fyrir að jöfnuður eða því sem næst geti náðst í viðskiptum við önnur lönd á næsta ári. Með minnkandi halla er þannig stefnt að áframhaldandi jafnvægi í efnahagsmálum.

Þetta frv. er ekki dæmigert fyrir fjárlagafrumvörp sem lögð eru fram á síðasta vetri fyrir kosningar. Í því eru engin ábyrgðarlaus yfirboð, hvorki útgjaldané teknamegin. Ég ætla að láta stjórnarandstöðunni eftir að mæla fyrir ábyrgðarleysi sínu. Það er létt verk en ekki að sama skapi merkilegt að æsa upp nýjar útgjaldakröfur og kalla á skattalækkanir sem ekki er möguleiki á að hrinda í framkvæmd við núverandi aðstæður. En stjórnmálamenn og ríkisstjórnir verða á endanum dæmd af verkum sínum. Þessi ríkisstjórn hefur á ferli sínum gætt aðhalds án þess að reiða öxina til höggs og þetta frv. endurspeglar þau sjónarmið.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hvaða tíðindi boðar fjárlagafrv. fyrir næsta ár? Það boðar að áfram verður mikil óstjórn á fjármálum ríkisins. Það boðar að enn ætlar ríkisstjórnin að taka risastóran óreiðuvíxil til að fleyta sér fram yfir kosningar þrátt fyrir gífurlegan halla á fjárlögum þriðja árið í röð. Það boðar að ríkisstjórnin ætlar að skilja eftir sig uppsafnaðan halla þessara þriggja ára sem nemur a.m.k. 6000 millj. kr., vanda sem komandi ríkisstjórnum er ætlað að leysa með aðstoð skattgreiðenda. Varla þarf að segja neinum að þetta verður ljótasti viðskilnaður íslenskrar ríkisstjórnar frá upphafi vega.

Þetta frv. færir skattgreiðendum vondar fréttir. Tekjuskattur einstaklinga, sem hækkaði um 600 millj. á þessu ári þrátt fyrir hástemmd loforð í gagnstæða átt, lækkar aðeins sem nemur hálfri þessari hækkun, en áfram munu stórfyrirtæki og eignamenn njóta góðs af hriplekum skattalögum sem eru með margvíslegum smugum og ástæðulausum undanþágum eins og flestir þekkja, undanþágum sem skerða tekjur ríkissjóðs sennilega um álíka háa upphæð og nemur hallarekstrinum.

Ekki vantar örlætið í þessu frv. þegar gæluverkefni ríkisstjórnarinnar eiga í hlut. Verslunareigendur í nýja Hagkaupshúsinu fá þær góðu fréttir í þessu frv. að varið verði 40 millj. kr. í nýtt útibú áfengisverslunar þar á staðnum, að sjálfsögðu til að auka aðsóknina í húsið. Og flugstöðin fær 500 millj. kr. Hins vegar er efni frv. vond tíðindi fyrir sveitarfélögin sem svipt eru 300 millj. kr. tekjum, vond tíðindi fyrir landsbyggðina almennt, vond tíðindi fyrir bændur vegna enn rýrnandi niðurgreiðslna og 30% boðaðrar hækkunar á áburðarverði næsta vor, vond tíðindi fyrir námsmenn, bæði hvað varðar Lánasjóðinn og dreifbýlisstyrki til framhaldsskólanema, vond tíðindi fyrir húsbyggjendur með 300 millj. kr. lækkun framlags til byggingarsjóða, vond tíðindi fyrir alla þá sem leggja áherslu á jafnréttismál og félagsleg verkefni, t.d. vegna helmings niðurskurðar á framlögum til leikskóla og dagheimila. Ef nefna ætti eitt orð sem lýsir þessu frv. er það að stefna þess er andfélagsleg. Við skulum líta nánar á þessa hlið frv.

Í frv. er boðað að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lækkað, að lögbundnar tekjur sjóðsins verði skornar niður sem nemur 300 millj. kr. og þær fluttar í ríkissjóð. Ég leyfi mér að fullyrða að þótt ríkisstjórnir fyrr og síðar hafi haft uppi ýmiss konar sparnaðarviðleitni hefur engin sýnt af sér fyrr þá ósvífni að skerða þennan tekjustofn sveitarfélaganna sem er lögbundinn tekjustofn þeirra og á ekki að snerta ríkissjóð með einum eða neinum hætti öðrum en þeim að þessar tekjur eiga að koma við hjá ríkissjóði, koma inn í sjóðinn og eru greiddar þaðan út aftur.

Jafnframt er í frv. boðað að sveitarfélögin eigi að fá aukið frelsi til að leggja á útsvar, hækka það ef þeim sýnist svo. Það er því ljóst að á móti þessari boðuðu tekjuskattslækkun upp á 300 millj. kr., sem er gervilækkun eins og ég lýsti áðan vegna þess að það er í raun áframhaldandi 600 millj. kr. hækkun á

þessu ári, gætu skattar ríkis og sveitarfélaga sameiginlega átt eftir að hækka vegna þess að sveitarfélögin hljóta að bæta sér upp skerðinguna á greiðslunum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með hækkun útsvars.

Þennan niðurskurð á framlaginu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga má skoða líka í öðru ljósi. Ríkisstjórnin hælir sér af því með þessu frv. að nokkur hækkun hafi orðið á framlögum til grunnskóla, sjúkrahúsa og hafna. Það er rétt út af fyrir sig þó að hækkunin sé að vísu engan veginn til að bæta upp þá skerðingu sem átt hefur sér stað á liðnum árum. Þar var orðið um helmings niðurskurð að ræða og hækkunin sem nú fæst gerir engan veginn að bæta það upp. Framlög til flugvalla eru hins vegar óbreytt og lækka því hlutfallslega og framlög til dagvistarstofnana lækka um helming eða rúmlega það ef tekið er tillit til verðlagsbreytinga. Það má því í raun og veru segja að fjmrh. útvegi sér fjármagn til hækkunar á framlögum til sveitarfélaga með því einu að taka af þeim nokkurn veginn jafnháa upphæð í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Auðvitað breytir engu í hvaða ljósi við skoðum þessar tölur. Þarna er um að ræða reikningskúnstir sem eru ætlaðar til þess eins að villa mönnum sýn, telja fólki trú um að nú fáist aukið fjármagn til sveitarfélaganna þegar raunverulega er um hið gagnstæða að ræða þegar skerðingin á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er tekin með í reikninginn, telja fólki trú um að verið sé að lækka skatta þegar raunverulega er verið að hækka skatta.

Í frv. er boðað að Byggðastofnun skuli fá 80 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Það er sama upphæð og var í fyrra og því er þar um raunlækkun að ræða og er það satt að segja með ólíkindum hvað þessi ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur leyft sér að skerða framlög til Byggðasjóðs mikið í sinni stjórnartíð.

Í fjárlögunum má lesa að Pósti og síma er ætlað að skila í ríkissjóð 200 millj. kr. Hér er um að ræða einhverja furðulegustu skattlagningu sem lögð hefur verið á þjóðina á seinni árum því að þessi símaskattur verður að gerast með því að Póstur og sími hækki gjaldskrá sína sem þessum skatti nemur. Það er halli á Pósti og síma um þessar mundir. Það er enginn afgangur og því ljóst að framlagið til ríkissjóðs verður að innheimta með sérstakri hækkun gjaldskrár.

Ég vil hins vegar bæta því við að ef einhver afgangur væri í raun og veru hjá Pósti og síma væri að sjálfsögðu sanngjarnara og eðlilegra að nota það fjármagn til að jafna símgjöld í landinu. Við Alþýðubandalagsmenn höfum einmitt flutt tillögu í þinginu um jöfnun símgjalda. Það er sanngirnismál. Það er réttlætismál. En þessi símaskattur er aftur á móti eitthvert versta uppátækið gagnvart landshlutum fjarri Faxaflóasvæðinu sem þessi ríkisstjórn hefur fundið upp á og er þá mikið sagt.

Í frv. er greinilega gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á húshitun fari lækkandi. Þetta bætist við hitt að verðjöfnunargjald var fellt niður á þessu ári og því er sannarlega ástæða til að óttast að veruleg hækkun verði á rafmagnstöxtum umfram verðlagsbreytingar á komandi ári ef ekkert verður að gert. Hér eru mál öll í þoku og sannarlega er ekki á mínu færi að spá neinu um það hversu mikil raunhækkun verður þarna á ferðinni, en það er ástæða til að vara við. Það er ástæða til að óttast að hækkun gæti orðið.

Enn eitt dæmið um þá andfélagslegu stefnu sem einkennir fjárlagafrv. er meðferðin á Ríkisútvarpinu. Hún er alþekkt úr umræðum liðinna daga. Ríkisútvarpið veitir samfélagslega þjónustu sem er sannarlega mjög mikilvæg fyrir alla landsmenn og þá ekki síst fólkið í hinum dreifðu byggðum landsins. Í nýjum útvarpslögum var gert ráð fyrir sérstökum tekjustofnum í þágu Ríkisútvarpsins vegna þess að sýnt þótti að nýjar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hlytu að skerða tekjur Ríkisútvarpsins frá því sem nú er. En í fjárlagafrv. er Ríkisútvarpið svipt þessum tekjum og svo er því jafnhliða áframhaldandi haldið í spennitreyju lítt breyttrar gjaldskrár þannig að stórfelldir rekstrarerfiðleikar blasa við á þeim bæ. Og fjmrh. hikar svo ekki við á sama tíma að boða það opinberlega að selja eigi utan af Ríkisútvarpinu flíkurnar, t.d. Rás 2 í hljóðvarpinu, og bætir svo gráu ofan á svart með því að gefa úr ríkissjóði á nákvæmlega sama tíma 45 millj. kr. með tollalækkunum á svonefndum „afruglurum“ til að auðvelda einkaaðilum að ná sem mestum tekjum frá Ríkisútvarpinu.

Ég lít svo á og segi það í fullri alvöru og hreinskilni að þessi árás á Ríkisútvarpið sé árás á fólkið í dreifðum byggðum landsins, alveg sérstaklega þar sem sjónvarp sést ekki enn þann dag í dag, það er þó hér og hvar um landið, og þar sem útvarp heyrist illa sem einnig er víða um land, FM heyrist alls ekki og langbylgja illa.

Enn eitt dæmi um andfélagslega stefnu þessa frv. eru framlögin til jöfnunar námskostnaðar. Enn er upphæðin 20 millj. kr. á árinu 1987. Og hvernig skyldi þróun þessara framlaga til dreifbýlisstyrkja í þágu framhaldsskólanema hafa verið á liðnum árum? Árið 1987 20 millj., á árinu sem er að líða, 1986, sama upphæð, 20 millj., á árinu þar á undan, 1985, sama upphæð, 20 millj., á árinu þar á undan, 1984, nokkurn veginn sama fjárhæð, 18 millj. Sem sagt: í tíð þessarar stjórnar verður nákvæmlega engin hækkun, 2 millj., úr 18 í 20 millj., á sama tíma og verðlag hefur breyst um meira en 80%. Þetta er sú kveðja sem unga fólkið úr dreifbýlinu, sem stundar nám í framhaldsskólum víðs vegar um land, fær frá þessari ríkisstjórn.

Sama gildir um unga fólkið sem verður að leita til Lánasjóðs ísl. námsmanna til að tryggja sér jafnrétti til náms á við þá sem betur eru settir fjárhagslega. Lánasjóður ísl. námsmanna fær á næsta ári lægri fjárhæð í beinu framlagi en á árinu 1986, er að vísu ætlað að bæta sér þetta upp með mjög verulega hækkuðum lántökum, en þar sem vitað er að lánin eru vaxtalaus sem veitt eru en með talsverðum vöxtum sem tekin eru sjá allir að þarna hlýtur að vera stefnt í alvarlegar fjárhagsþrengingar sjóðsins.

Þar við bætast boðaðar breytingar á útlánareglum sem svo sannarlega verða ekki kallaðar neitt annað en andfélagslegar ráðstafanir.

Sama er uppi á teningnum ef við snúum okkur að Framkvæmdasjóði fatlaðra. Honum er ætlað að fá á næsta ári 52 millj. kr. auk tekna af erfðafjárskatti sem nema 48 millj. kr. Það þarf vonandi ekki að segja mörgum þau tíðindi að í tíð þessarar stjórnar er um stórfellda lækkun á þessum framlögum að ræða. Á árunum 1981–1983 voru framlögin til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra að jafnaði frá 100 millj. upp í 117 millj. miðað við raungildi fjárveitinga á árinu 1986. En eftir að þessi stjórn hefur tekið við er raungildi fjárveitinga á bilinu milli 55 og 66 millj. seinustu þrjú árin og á greinilega að lækka enn frekar á næsta ári. Hér er um álíka breytingu að ræða, þ.e. helmings lækkun, og er að eiga sér stað í sambandi við framlögin til dagheimila og leikskóla og átt hefur sér stað á þessu kjörtímabili varðandi ýmiss konar nauðsynleg framlög til byggginga sveitarfélaga.

Svo að bætt sé við enn einu félagslegu verkefni og í þessu tilviki verkefni í samfélagi þjóðanna, þá er ljóst að þróunaraðstoðin til fátækra þjóða á enn að lækka á þessu ári, hefur farið hríðlækkandi í tíð þessarar stjórnar þveröfugt við samþykkt Alþingis frá árinu 1985 þar sem gert var ráð fyrir því að stefnt yrði að því að 0,7% af þjóðarframleiðslu rynnu til þessa málaflokks. Á árinu 1985 nam hins vegar prósentutalan 0,087. Hún fór niður í 0,063% árinu seinna, 1986, og hún á að fara niður í 0,05% á árinu 1987. Það er sem sagt ekki aðeins að hin félagslegu viðfangsefni innanlands séu stórlega skert heldur líka þetta sjálfsagða sanngirnismál, þetta félagslega verkefni í samfélagi þjóðanna.

Svo litið sé á aðrar hliðar frv. má minna á að það er sameiginlegt hagsmunamál neytenda og bænda að verðlag á landbúnaðarafurðum sé sem lægst. Niðurgreiðslur fara hins vegar ört minnkandi nú um stundir og gert er ráð fyrir að þær verði óbreytt krónutala á næsta ári miðað við það ár sem er að líða. Það er því ljóst að niðurgreiðslurnar eru smám saman að hverfa út úr myndinni og eru nú aðeins brot af því sem áður var. Þetta á sinn þátt í því að auka framfærslukostnað heimilanna, sérstaklega hinna fátækari þar sem matvælin vega þyngra, og um leið veldur þetta auknum erfiðleikum í landbúnaði vegna þess að neysla dregst saman.

Í fjárlagafrv. er boðað að lagður verði á virðisaukaskattur senn hvað líður. Það mál er náskylt vegna þess að ef hann er lagður á með þeim hætti sem ríkisstjórnin lagði til á s.l. ári munu landbúnaðarvörur hækka enn frekar í verði, bæði til tjóns fyrir neytendur og fyrir landbúnaðinn. Auðvitað liggur ekkert fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst haga álagningu þessa skatts. Löngum hefur verið sagt að erfitt væri að gera þar nokkrar undantekningar. Auðvitað er þetta stærsti ágallinn á skattinum ef svo fer að hann leggst með fullum þunga á afurðir landbúnaðarins.

Það eru fáir dagar síðan þau óvæntu tíðindi gerðust að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, þ.e. núv. fjmrh., lentu heldur betur í hár saman í fréttatímum sjónvarps. Vinnuveitendasambandið hélt því nefnilega fram að það væri bersýnilega um að ræða raungildishækkun skatta frá árinu 1985 til 1986, að hækkunin væri miðað við byggingarvísitölu 5,6% og miðað við framfærsluvísitölu 8,2% og að beinir skattar mundu greinilega hækka um 3% á næsta ári.

Margir munu hafa tekið eftir því að núv. fjmrh. brást ókvæða við þegar eftirmaður hans í starfi hjá vinnuveitendum kom með þessar ábendingar. Og Þorsteinn var ekkert að tvínóna við það í reiði sinni að fordæma slíkar reikningskúnstir sem hann kenndi við blekkingar. Hvor skyldi nú hafa haft rétt fyrir sér í þessu máli, fyrrv. eða núv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins? Auðvitað er það í þessu tilviki eins og oft þegar menn deila um tölur að báðir höfðu nokkuð til síns máls. Munurinn lá fyrst og fremst í því að Vinnuveitendasambandið reiknaði út frá verðlagsbreytingum milli ára, en hæstv. fjmrh. notaði alveg sömu tölur en miðaði við breytingar á landsframleiðslu milli ára. Þessar breyttu viðmiðanir gerðu þennan stóra mun á tölulegum staðreyndum hvors aðilans fyrir sig.

En hvort skyldi vera sanngjarnara og eðlilegra að miða við verðlagsbreytingar og tekjubreytingar eða miða við aukningu landsframleiðslu? Ég leyfi mér að minna á að þjóðartekjur hafa verið að stóraukast seinasta árið. Ástæðan er sú að afli hefur mjög aukist, verðlag á afurðum okkar hefur mjög hækkað og jafnhliða hefur verðlag á olíuvörum lækkað, viðskiptajöfnuður orðið skárri en áður og reyndar miklu betri. En hefur hinn almenni skattgreiðandi notið þessa? Hefur hann notið þessara breytinga í launum sínum og lífskjörum? Því miður er svo ekki. Því miður hefur ekki orðið nein stórfelld breyting á vísitölu kauptaxta. Auðvitað er til lítils að benda á að landsframleiðsla hafi verulega aukist þegar ekki verður samsvarandi aukning á tekjum, hækkar ekki samsvarandi í buddu launamannsins.

Staðreyndin er sú, eins og ég vék að í upphafi, að hæstv. fjmrh. hefur stuðlað að talsverðri hækkun tekjuskatts þvert ofan í margendurteknar yfirlýsingar hans og ríkisstjórnarinnar um að stefnt væri að afnámi tekjuskatts. Þetta gerðist á s.l. sumri með þeim hætti að skattvísitala var ekki hækkuð í takt við tekjubreytingar milli áranna 1984 og 1985 og þessi hækkun nam 600 millj. kr. En það eru ekki alveg allir sem átta sig á því að skattahækkunin, sem kom fram í fyrra, heldur áfram á næsta ári og því þar næsta nema leiðrétting fáist. Sú leiðrétting hefur alls ekki verið gerð. Þvert á móti er áframhaldandi miðað við grunninn sem hækkaði verulega á árinu 1986 og aðeins verður skilað 300 millj. kr. aftur af hækkuninni. Síðan er ætlunin að sveitarfélögin innheimti þessar 300 millj. kr. með hækkuðu útsvari og þannig munu tekjuskattar bersýnilega hækka.

Þar til viðbótar mun svo verðlag á olíuvörum hækka um 600 millj. kr. Það er mál út af fyrir sig. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að samfélagið reyni að hagnýta sér á sem skynsamlegastan hátt þá verulegu lækkun á olíuvörum sem átt hefur sér stað, en hins vegar er ekki hægt að skella skollaeyrum við ábendingum sjómanna um að tekjur þeirra voru verulega rýrðar í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar vegna mikilla hækkana á olíuvörum. Það er því ljóst að samfélagið skuldar þeim uppbót nú þegar olíuvörur lækka á nýjan leik. Auk þess hefði mörgum manninum fundist eðlilegast, miðað við að ekki hefur verið staðið við langtímaáætlun í vegagerð, að þessi tekjuauki rynni að verulegu leyti til að reyna að standa við þau áform sem menn settu sér fyrir nokkrum árum í vegamálum.

Nei, auðvitað er þarna um verulegar skattahækkanir að ræða, en því miður er það sorgleg staðreynd að þetta dugar ekki til að koma jöfnuði á hjá ríkissjóði. Ástæðan er sú að það eru svo margir aðilar sem sleppa við að borga eðlilegan skatt af tekjum sínum eins og úr þessum ræðustól hefur oft áður verið rakið.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram áðan að halli ríkissjóðs stafaði fyrst og fremst af því að ákvarðanir hefðu verið teknar um útgjaldaauka í kjarasamningunum á s.l. ári. Þó viðurkenndi hann að sú skýring dygði engan veginn. Viðbótarskýringin, sem átti að duga, var sú að laun hefðu hækkað meira en áformað hefði verið. Ég hef margoft áður bent á að þetta eru falsrök og það þekkja allir sem komið hafa nálægt rekstri ríkissjóðs að þannig ganga málin ekki fyrir sig. Ef ríkissjóður lætur út 1500 millj. kr. með tollalækkunum eða með öðrum hætti er ljóst að ráðstöfunarfé almennings eykst að sama skapi og þá koma þessir peningar að talsverðu leyti til baka aftur í auknum tekjum ríkissjóðs þannig að það er engan veginn hægt að taka upphæðina alla og segja: Þetta hefur ríkissjóður misst. Hann hefur örugglega ekki misst nema helminginn af upphæðinni, kannske miklu minna vegna þess að veltan eykst og skilar þar af leiðandi auknum tekjum.

Nákvæmlega það sama gildir um launahækkanirnar. Þar er um enn sjálfvirkara lögmál að ræða. Það er nokkurn veginn gefin staðreynd í þjóðfélaginu að ef launahækkanir eru almennar sem nemur 5% aukast tekjur ríkissjóðs mjög fljótlega um sömu 5%. Kannske er þar ekki um nema 4% aukningu að ræða vegna þess að veltuskattarnir eru um 80% af ríkistekjunum, en 1% skilar sér fljótlega í kjölfarið með hækkuðum tekjuskatti. Þessi rök Þorsteins Pálssonar, sem eiga að útskýra þennan gífurlega hallarekstur ríkissjóðs, eru því falsrök. Jafnvel þótt þetta hefði ekki gerst, jafnvel þótt kjarasamningar hefðu aldrei verið gerðir og jafnvel þótt þessar launahækkanir hefðu ekki átt sér stað er ljóst af þeim tölum sem við blasa að það hefði verið mjög stórfelldur halli á ríkissjóði, í öllu falli eitthvað á annað þúsund milljónir.

Það er eftirtektarvert að skoða afkomu ríkissjóðs seinustu 17 árin. Ég hef fengið upplýsingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun um tekjur og gjöld ríkissjóðs á liðnum 17 árum og ég hef látið dreifa þessum upplýsingum á borð allra þm.

Ég hef líka látið teikna línurit, sem fylgir þessum upplýsingum, þar sem fram kemur rekstrarafkoma ríkissjóðs sem hundraðshluti af útgjöldum. Ef menn skoða þetta línurit, eða súlurit eins og það mun kallað, sjá menn að halli hefur verið á ríkissjóði 11 sinnum þessi 17 ár, en 6 sinnum hefur verið afgangur. Ef nánar er skoðað og menn velta því fyrir sér hverjir hafa helst verið í stjórn á þeim tímum sem þessi halli hefur verið blasir svarið við. Það eru fyrst og fremst árin sem Sjálfstfl. hefur haft fjmrh. að þessi halli hefur verið hvað mestur. Ég læt hv. þm. eftir að lesa þetta úr súluritinu. Það blasir við svo berlega sem nokkuð getur verið. Það er sem sagt ljóst að það virðist vera fylgifiskur íhaldsstjórna að reka ríkissjóð með gífurlegum halla. Á þremur árum, þ.e. árinu sem er að líða, árinu í fyrra og næsta ári, safnar ríkissjóður samanlagt 6000 millj. kr. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir hve rosalega há þessi fjárhæð er, en ef við ættum að finna einhvern samanburð mætti benda á að ef við ætluðum á næsta ári að ná þessari skuldasúpu núv. ríkisstjórnar inn á einu ári með hækkun á tekjuskatti einstaklinga þyrfti að þrefalda tekjuskattinn til að ná inn og fylla í það gat sem þessi ríkisstjórn skilur eftir sig. Ja, öðruvísi mér áður brá, mundi margur íhaldsmaðurinn segja og verða hugsað til ágæts forustumanns íhaldsmanna fyrr á öldinni, Jóns Þorlákssonar, sem sannarlega var fastur fyrir í ríkisfjármálum og kunni lagið á að láta þar ekki gerast mikil skakkaföll. En það eru breyttir tímar og aðrir menn í forustu Sjálfstfl. og þeir ætla að temja sér það, ekki bara seinast þegar þeir voru í stjórn og höfðu Matthías Á. Mathiesen sem fjmrh. heldur líka í þessari stjórn, að skilja eftir sig stærri og rosalegri skuldahala sem aðrir eiga síðan að reyna að rekja upp hvernig svo sem til tekst um það.

Ég vek á því athygli að sennilega er hallinn miklu meiri á árinu 1987 en fjárlagafrv. segir til um vegna þess að þegar fjárlagafrv. í fyrra kom fram var gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á 123 millj. sem breyttist í halla upp á 2200 millj. Og hvað skyldi hallinn vera orðinn mikill í árslok 1987 úr því að nýja fjárlagafrv. gerir ráð fyrr því í upphafi að hallinn sé 1500 millj. kr.? Þar gæti orðið um allrosalega fjárhæð að ræða.

Þar að auki er óhjákvæmilegt að benda á að þarna er um mjög háskalegan vítahring að ræða því að hallann verður að sjálfsögðu að brúa með óreiðuvíxlum, lántökum, bæði innlendum og erlendum, og það þarf að greiða vexti af þessum lánum. Ég vek á því athygli að sennilega er um mjög mikla vanáætlun að ræða í lánsfjárlagafrv. og fjárlögum um erlendar lántökur. Þær prósentutölur sem ríkisstjórnin er að státa af um þessar mundir eru mjög villandi. Hún stærir sig af því að hlutfall erlendra skulda af þjóðartekjum fari lækkandi. Þá halda þeir sem það heyra að það hljóti að stafa af því að lántökur fari

minnkandi. Auðvitað er ástæðan sú ein að það er deilitalan, talan sem er fyrir neðan strik í þessu prósentudæmi, sem á að fara hækkandi, þ.e. þjóðarframleiðslan. Það er þess vegna sem prósentutalan fer lækkandi en ekki vegna þess að skuldastaðan sé neitt betri en áður.

Nákvæmlega sama gildir um prósentutölu greiðslubyrði af erlendum lánum. Þar fer prósentutalan lækkandi, í fyrsta lagi vegna þess að rétt í svipinn hafa vextir lækkað á erlendum lánsfjármörkuðum og í öðru lagi vegna þess að deilitalan, þ.e. útflutningsafurðirnar, hafa farið vaxandi. Magn þeirra hefur vaxið og gjaldeyristekjurnar aukist og því lækkar hundraðshlutinn sem því nemur. En það er ekki vegna þess að við stöndum neitt betur að vígi til að greiða þessar skuldir þegar til lengri tíma er litið vegna þess að þær aðstæður sem nú hafa breyst til batnaðar gætu allt eins orðið aftur lakari ef breytingar verða t.d. á verðlagi olíuvara úti í hinum stóra heimi eins og margir spá að verði.

Ég segi að lokum: Það blasir við hverjum manni að í ríkisfjármálum hefur orðið mikið skipbrot og þetta skipbrot skapar mikinn háska. Það er stórfelldur vandi sem fer vaxandi nú með hverju árinu og verður býsna erfiður viðureignar fyrir komandi ríkisstjórnir að leysa. Ég lít svo á að útkoman í ríkisfjármálunum sé ein og sér næg ástæða fyrir ríkisstjórnina til að segja tafarlaust af sér og í raun og veru lít ég svo á að það sé pólitískt siðleysi af núv. ríkisstjórn að ætla sér að sitja fram yfir kosningar með ríkisfjármálin í slíku óefni sem raun ber vitni í stað þess að láta kjósa á þessu hausti og lofa svo öðrum að bæta úr.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Frv. það til fjárlaga fyrir árið 1987 sem hér er nú til umræðu í sameinuðu Alþingi er að þessu sinni lagt fram með umtalsverðum rekstrarhalla, rekstrarhalla upp á samtals 1 milljarð 583 millj. kr. Sjálfsagt geta allir verið sammála um að óæskilegt er að reka ríkisbúskapinn með umtalsverðum halla, eins og hér er gert ráð fyrir. Slíkt á auðvitað ekki eingöngu við um ríkisbúskap heldur að sjálfsögðu einnig um öll fyrirtæki, stofnanir, sjóði og síðast en ekki síst um rekstur heimilanna. Öll verðum við að setja okkur það sem meginmarkmið að við eyðum ekki meiru en við öflum. Slíkt er aðeins réttlætanlegt við sérstakar aðstæður og þær aðstæður sem hér hafa skapast eiga sínar skýringar.

Meginorsökina má rekja til þess er ríkisvaldið tók þátt í kjarasamningum á s.l. vetri og lagði þar verulega af mörkum með því annars vegar að fella niður tekjur, einkum í formi lækkaðra tolla og aðflutningsgjalda, og hins vegar með því að auka útgjöld svo takast mætti að ná samningum á vinnumarkaðnum. Ég hygg að flestir séu sammála um að þeir samningar hafi verið mikilvægir, þar hafi verið brotið í blað og sú samningagerð hafi haft veruleg áhrif á framvindu og þróun efnahagsmála þessarar þjóðar. Sú þróun hefði ekki orðið í þá veru sem raun ber vitni ef ríkisvaldið hefði ekki tekið þátt í samningunum með þessu móti.

Þetta leiddi hins vegar til þess að verulegur halli er nú fyrirsjáanlegur á ríkisfjármálum yfirstandandi árs og ljóst að útilokað var að snúa algjörlega við blaði og leggja að þessu sinni fram hallalaust fjárlagafrumvarp. Til þess þarf lengri tíma, aðlögun einhverra ára, en vissulega er hér reynt að snúa þróuninni við og áætlaður halli næsta árs er verulega lægri en fyrirsjáanlegt er að verður á þessu ári.

Tekjuhlið frv. upp á 40 milljarða kr. skiptist í þrjá meginflokka, beina skatta, en þar er stærsti liðurinn tekjuskattur upp á 4,8 milljarða eða rúmlega 12% af heildartekjum ríkissjóðs, óbeina skatta upp á 31,3 milljarða, en þar er stærsti liðurinn sölugjaldið sem áætlað er að gefi nettó 15,5 milljarða kr. eða tæplega 40% af heildartekjum ríkissjóðs, og svo fjármunatekjurnar sem eru vaxtagreiðslur og arðgreiðslur af fyrirtækjum eða stofnunum ríkisins upp á 2,7 milljarða kr.

Varðandi skattamálin almennt vil ég setja fram það álit mitt eða þá skoðun að það skattakerfi sem við nú búum við sé bæði götótt og óréttlátt og þarfnist verulegra breytinga og endurskipulagningar. Öllum er ljóst í raun og viðurkenna það, a.m.k. undir niðri, að veruleg skattsvik viðgangist í þessu þjóðfélagi og það er brýnt að stjórnvöld takist á við þann vanda. Undan því verður ekki lengur ekist og hefði gjarnan mátt sýna viðbrögð við þessu máli fyrr og af meiri festu en gert hefur verið. Reyndar er það ekki ný saga að slælega sé staðið að þessum málum því að þeir fjármálaráðherrar sem ég hef átt samstarf við hafa sýnt þessu máli lítinn skilning eða lítið beitt sér varðandi það að herða innheimtuaðgerðir og efla innheimtu skatta sem eiga að renna til ríkissjóðs. Nú er svo komið að ekki verður lengur við unað. Það má e.t.v. segja að hv. þm. Albert Guðmundsson hafi í fjármálaráðherratíð sinni sýnt tilburði í þá átt að efla innheimtu skatta með auglýsingaherferð og fjölgun starfsfólks á skattstofum, en ég minnist ekki einnar einustu tillögu í þá átt úr fjármálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds. Það þarf að taka á þessum skattsvikum og það þarf að herða til muna allar refsiaðgerðir. Það á að svipta þá menn atvinnuleyfum sem gerast brotlegir við skattalögin og beita öllum þeim ráðum öðrum tiltækum sem leitt gætu til bættrar skattinnheimtu og leitt geta til þess að menn skili ríkissjóði þeim gjöldum sem þeim ber og í réttu hlutfalli við tekjur þeirra eða afkomu fyrirtækja þeirra sem því miður virðist þó vera verulegur misbrestur á.

Varðandi tekjuskattinn sérstaklega vil ég einnig láta það álit mitt koma fram að mér finnst hann á undanförnum árum hafa orðið óréttlát og ósanngjörn skattlagning í þeirri mynd sem hann nú er. Við horfum á fjöldann allan af þjóðfélagsþegnum sem virðast hafa ærið nóg að bíta og brenna en taka lítinn þátt í rekstri samfélagsins. Einhverra hluta vegna hefur þeim tekist að koma sér upp slíku kerfi að þeir komast hjá því að greiða þau gjöld sem þeim ber

miðað við þann lífsmáta eða þá lifnaðarháttu sem þeir hafa tamið sér.

Tekjuskatturinn á í eðli sínu að vera jöfnunartæki stjórnvalda til þess að jafna á milli þeirra sem mikið bera úr býtum og hinna sem minna mega sín en því miður virðist mér þróunin hafa orðið sú að undanförnu að hann hefur þvert á móti leitt til þess að auka ójöfnuð í þjóðfélaginu. Sjálfsagt má segja að það sé uppgjöf stjórnvalda að takast ekki á við þessi mál og láta skattinn á ný gegna því hlutverki, jöfnunarhlutverki, sem hann á að gegna en miðað við óbreytt ástand stefnir hugur minn miklu fremur til þess að tekjuskattur verði lagður niður í núverandi mynd og fundið upp nýtt skattaform sem betur þjóni sínum tilgangi og þá þarf að fara aðrar leiðir til þess að jafna lífskjörin. Það ættum við fremur að gera í gegnum tryggingakerfið en skattakerfið. Geti menn hins vegar bent á leiðir sem renna á ný styrkum stoðum undir tekjuskattskerfið og nái menn saman um að fara þær leiðir er ég tilbúinn til að endurskoða afstöðu mína.

Varðandi söluskattinn má segja svipaða sögu. Söluskatturinn hefur á undanförnum árum þróast þannig að auðvelt virðist vera fyrir ýmsa aðila, sem á annað borð eru þannig hugsandi, að skjóta honum undan, gera ekki rétt skil til ríkissjóðs, jafnvel þó svo að þeir hafi innheimt þennan skatt af skattgreiðendum en stungið honum síðan í eigin vasa. Einnig vitum við að brögð eru að því að menn geri samninga sín á milli um að söluskattur skuli ekki lagður á og þannig skila sér ekki til ríkissjóðs þær tekjur sem þó er gert ráð fyrir að eigi að greiðast af viðkomandi vörum eða þjónustu. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi.

Ég hef átt viðræður við menn sem mikið hafa fjallað um skattamál á undanförnum árum og þeir hafa látið það álit sitt í ljós að e.t.v. sé nauðsynlegt að taka upp nýtt gjörbreytt skattkerfi. Það þurfi kerfisbreytingu. Nú má segja að það hafi aldrei þótt góð latína að framkvæma breytingar aðeins breytinganna vegna, en í þessu tilfelli kann það að reynast nauðsynlegt og þessir skattfróðu menn, sem ég hef rætt við, hafa einmitt bent á það að með tíð og tíma verði skattalög úrelt, bæði götótt og óréttlát einkum af tveimur ástæðum. Önnur ástæðan er sú að smám saman læra menn á viðkomandi skattkerfi, finna í því smugur og finna aðferðir til þess að komast undan að greiða það sen þeim ber. Hin ástæðan er sú að í tímans rás freistast stjórnvöld einnig til þess að samþykkja alls konar undanþágur og breytingar á skattalögum, ýmiss konar smugur sem verða síðan þess valdandi að þeir sem lag hafa á og vilja til geta einnig komið sér undan að greiða réttmæt gjöld eða þau gjöld sem þeim ber með því að nota sér þessi göt sem stjórnvöld hafa búið til.

Þetta er það sem hugsanlega réttlætir kerfisbreytingu breytingarinnar vegna og jafnvel má færa að því rök að slíka kerfisbreytingu þyrfti að gera með vissu árabili, e.t.v. 10, 15 eða 20 ára bili, þá þyrfti að taka upp nýtt skattkerfi og hverfa frá því sem menn hafa áður búið við sem þá er trúlega orðið hriplekt. Þetta kann að þykja nokkuð harður dómur en svona horfir þetta mál við mér og þó nú sé ekki tími til þess að ræða frekar um þær leiðir eða þær aðferðir sem ég teldi skynsamlegt að viðhafa er nauðsynlegt að menn geri það, og það fyrr en síðar, því að óviðunandi er að sætta sig við það ástand sem nú ríkir.

Í frv. er gert ráð fyrir sérstöku innflutningsgjaldi af olíu og bensíni sem áformað er að skili ríkissjóði 600 millj. kr. á árinu 1987. Nauðsynlegt er að styrkja fjárhag ríkissjóðs og hafa ýmsar þjóðir Vestur-Evrópu notað lækkun olíuverðs á heimsmarkaði til að styrkja fjárhag ríkjanna og lækka erlendar skuldir. Hér hefur allur hagur hins lækkaða olíuverðs á síðastliðnum mánuðum komið í hlut fyrirtækja og einstaklinga og í sjálfu sér er ekki nema gott eitt um það að segja. Ekki hefur enn verið endanlega ákveðið hvernig að þessu máli skuli staðið og er þessi skattlagning því enn í athugun hjá ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Ég hef sett fram þá skoðun mína og geri það einnig hér að leggja beri orkuskatt á alla orku, jafnt innlenda sem innflutta, og afla með því ríkissjóði tekna og jafna um leið þann gífurlega og óréttláta mismun sem er á orkuverði í landinu. Það má t.d. gera með því að skatturinn sé jafnhá upphæð í aurum eða krónum á orkueiningu og verði síðan felldur niður eða endurgreiddur hjá þeim orkukaupendum sem nú þegar kaupa orkuna yfir einhverju ákveðnu verði. Þetta yrði þá um leið eitt skref í þá átt að jafna búsetuskilyrðin í landinu.

Útgjaldahlið fjárlagafrv. er samtals upp á 41 milljarð 584 millj. kr. og er því rekstrarhalli upp á tæplega 1,6 milljarða svo sem áður hefur komið fram.

Gjaldahliðin skiptist í meginatriðum í fimm flokka. Þar má fyrst nefna rekstrarliði sem eru laun og önnur rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana upp á samtals 16,8 milljarða kr. Þar af er launaliðurinn einn upp á 13,4 milljarða eða rúmlega 32% af heildarútgjöldunum.

Annar flokkurinn er svokallaðar neyslu- og rekstrartilfærslur upp á 15 milljarða rúma. Þar eru liðir eins og almannatryggingar, niðurgreiðslur á vöruverði, útflutningsuppbætur, framlög til sjóða, svo sem Lánasjóðs íslenskra námsmanna, endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi og fleira. Stærsti liðurinn er almannatryggingar upp á 9,7 milljarða eða tæpan fjórðung heildarrekstrarútgjalda ríkissjóðs.

Þriðji liðurinn er síðan vaxtagjöld en í þau er áætlað að verja á næsta ári 3,4 milljörðum kr. sem er því betur nokkur lækkun frá áætluðum vaxtagreiðslum ríkissjóðs á þessu ári. Auðvitað er hart að þurfa að sjá eftir svo háum fjárhæðum í vaxtaútgjöld eða vaxtagreiðslur, en það stafar að sjálfsögðu af því að á undanförnum árum höfum við verið að framkvæma og vinna að ýmsum mikilvægum verkefnum sem við höfum ekki getað gert án þess að taka til

þess lán sem síðan leiða af sér að við verðum auðvitað að horfa á eftir allháum upphæðum til vaxtagreiðslna.

Fjórði liðurinn er viðhaldsliður upp á 1,1 milljarð kr. og hækkar hann nokkuð umfram verðlagsforsendur frv. Meiri hluti upphæðarinnar er til viðhalds þjóðvegakerfisins eða 878 millj. kr., en þær 225 millj. sem þá eru eftir eru um það bil 50% hærri fjárhæð en var á síðasta ári varið til viðhalds á fasteignum ríkisins og var sannarlega ekki vanþörf á. Víða er svo komið að húseignir hins opinbera eru mjög illa farnar og þarfnast mikilla endurbóta. Það er óskynsamlegt að fara svo með opinberar eignir og þess vegna nauðsynlegt að verja nú hærri upphæðum en áður til þessa viðhaldsverkefnis.

Fimmti og síðasti flokkurinn, sem ég nefni, eru fjárfestingarnar. Þessi liður hækkar einnig nokkuð umfram verðlagsforsendur frv. og er samtals upp á 5,2 milljarða kr. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld gengið mjög á þessa fjárfestingarliði. Opinber fjárfesting hefur dregist saman og minnkað hlutfallslega miðað við heildarútgjöld ríkisins, en nú er reynt að snúa hokkuð við á þeirri braut. Það er að sjálfsögðu bæði auðvelt og einnig mjög freistandi að vera með yfirboð hvað varðar framlög til fjárfestinga og stofnkostnaðargreiðslna af hálfu ríkisins og ýmsir þm. hafa einmitt fallið í þá freistni. Þó að framlög til hafnaframkvæmda, svo eitthvert dæmi sé tekið, hækki úr 74 millj. kr. í 160 millj., um 86 millj. kr. eða 116%, er vissulega auðvelt að segja að hér sé um allt of lítið fjármagn að ræða. Það hefði þurft að vera miklu hærra. Og mér er það auðvitað vel ljóst ekki síður en öðrum hv. þm. að kröfur og óskir um fjárveitingar til hafnamála og allra annarra opinberra fjárfestinga eru miklar, svo miklar að þær upphæðir sem tilgreindar eru hér í þessu frv. duga hvergi nándar nærri.

Ef ég tek t.d. dæmi úr mínu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, gerir áætlun Vita- og hafnamálastofnunarinnar ráð fyrir því að brýnar framkvæmdir í því kjördæmi séu upp á 130–140 millj. kr. og er þó sjálfsagt ekki allt talið. Það mætti því segja með nokkrum sanni og með fullum rökstuðningi að ekki veitti af þessum 160 millj. kr. sem áætlaðar eru í framkvæmdirnar í þetta eina kjördæmi en ég býst einnig við að svipaða sögu megi segja um mörg önnur kjördæmi. Þeim veitti ekki af tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna til þess að fullnægja óskum og því sem talið er brýnustu þarfir við framkvæmdir í höfnum á viðkomandi stöðum.

Varðandi hafnarmannvirkin langar mig að nefna eitt mál sem ég tel hafa mikla sérstöðu. Hluti af samgöngumálum Hríseyinga er ferja sem gengur milli eyjarinnar og hafnar á Árskógssandi en þar eru svo mikil þrengsli orðin í höfn, m.a. vegna vaxandi og öflugrar útgerðar, að ferja Hríseyinga hefur nánast enga aðstöðu til að leggjast að og athafna sig. Þetta er orðið algjört ófremdarástand. Fólksflutningar með ferjunni eru stöðugt vaxandi og verður vart lengur ekist undan því að taka á þessu máli. Tillaga Vita- og hafnamálastofnunarinnar er að þar verði byggð sérstök ferjubryggja og er það auðvitað dýrt mannvirki, áætlað að kosti um 12 millj. kr. Ekki er líklegt að hafnarsjóður Árskógshrepps telji sig skuldbundinn til að leggja fram hlut á móti ríki í þessari framkvæmd og Hríseyingar eiga að sjálfsögðu nóg með sína höfn. Á þessu verður því að taka með sérstökum hætti enda er hér um samgöngumál að ræða, nánast hluta af vegakerfi Hríseyinga sem verður að leysa.

Um fjárveitingar til skólamannvirkja má segja svipaða sögu og um framlög til hafna þrátt fyrir umtalsverða hækkun frá fjárlögum til frv. Þar er einnig ljóst að um allt of lága upphæð er að ræða til þess að fullnægja óskum. Og á undanförnum árum hefur þar að auki skapast sú staða milli ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar að mörg sveitarfélög, sem virðast hafa rúman fjárhag, hafa lagt í framkvæmdir, byggt skóla, sundlaugar, íþróttahús eða einhver önnur mannvirki, sem ríkið á að taka þátt í samkvæmt lögum, án þess að framlög frá ríki hafi verið fyrir hendi. Við þetta hafa myndast verulegar skuldakröfur af hálfu sveitarfélaganna á hendur ríkissjóði og í sumum sveitarfélögum eru þessar upphæðir farnar að skipta milljónatugum.

Ég tel því mjög brýnt að skoða hvernig hægt sé að standa að uppgjöri við þessi sveitarfélög. Það er í raun hreinn skrípaleikur að vera að úthluta einhverjum hundruðum þúsunda eða í besta falli tveimur, þremur, e.t.v. fjórum millj. kr. til sveitarfélaga sem telja sig eiga inni tugi milljóna króna hjá hinu opinbera. Menn verða að átta sig á hvernig standa eigi að þessum uppgjörsmálum og reyna síðan að koma á áætlanagerð fyrir áframhaldandi framkvæmdir á þessu sviði og gott væri að koma á slíkri áætlanagerð varðandi flestar eða allar framkvæmdir hins opinbera.

Þessi aðferð hefur gefist vel hvað varðar vegaframkvæmdir. Þar hefur um langt árabil verið unnið samkvæmt svokallaðri fjögurra ára áætlun og þó að hún standist e.t.v. ekki alltaf hygg ég þó að slík vinnubrögð séu gott fordæmi fyrir stjórnvöld til þess að taka upp svipaða langtímaáætlanagerð varðandi aðrar opinberar framkvæmdir.

Þessari hugmynd hef ég reyndar hreyft oft áður bæði hér í fjárlagaumræðu og á öðrum vettvangi og vil enn ítreka það að ég tel að hér þurfi að taka til hendi og e.t.v. er staðan í skólamálunum einmitt hvatning eða það sem rekur á eftir að í þetta verkefni verði nú gengið án frekari tafar eða umhugsunar.

Framlög til að styrkja sveitarfélög við vatnsveituframkvæmdir eru í frv. áætluð 10 millj. kr. Fjölmörg smærri sveitarfélög eru nú að undirbúa eða vinna að mjög dýrum vatnsveituframkvæmdum sem sumar hverjar kosta tugi milljóna króna. Það er því ljóst að upphæð sú sem gert er ráð fyrir í frv. dugar skammt til að aðstoða þau sveitarfélög sem hér eiga hlut að máli.

Ég ætla ekki að fjalla frekar eða ítarlegar um

tekju- eða gjaldahlið fjárlagafrv. né heldur þær forsendur sem frv. byggir á. Það hefur hæstv. fjmrh. gert í framsöguræðu sinni við þessa umræðu.

Hæstv. fjmrh. fjallaði m.a. um það í framsöguræðu sinni áðan að sérstök stefna núv. stjórnvalda væri að selja ríkisstofnanir. Varðandi þann hluta ræðu hans vil ég taka fram að sjálfsagt er að skoða það, vega og meta í hverju einstöku tilfelli, hvort rétt sé að selja eignarhlut ríkisins í félögum eða fyrirtækjum. Ég get hins vegar ekki tekið undir að það sé stefna stjórnvalda að selja öll ríkisfyrirtæki. Það verða menn að meta hverju sinni. Ríkið hefur oft aðstoðað við að koma á nauðsynlegri atvinnustarfsemi eða hlaupið undir bagga þegar erfiðlega hefur gengið hjá aðilum með starfsemi sem talin hefur verið nauðsynleg. Það þarf ekki að tákna það að ríkið eigi um alla framtíð að vera þátttakandi í starfseminni. Aðstæður geta breyst og þá er sjálfsagt og eðlilegt að meta það hverju sinni.

Mig langar nú til þess að fara örfáum orðum um nokkra þætti og einstök atriði frv.

Þegar þingflokkur framsóknarmanna fjallaði um drög að fjárlagafrv. á fundi sínum í september s.l. var m.a. eftirfarandi bókað:

1. Eftirlit með framkvæmd skattalaganna verði stórhert. Vísar þingflokkurinn í því sambandi til tillagna í skýrslu fjmrh. um skattsvik. Er þingflokkurinn reiðubúinn til að taka þátt í þeirri vinnu.
2. Athuguð verði hækkun skatta á stóreignir, m.a. fjármagnseign.
3. Áfengi og tóbak verði hækkað umfram verðlag og fjárfesting ÁTVR þannig fjármögnuð.
4. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum verði ekki lægri í krónutölu en þær urðu eftir febrúarsamningana.
5. Gert verði ráð fyrir tilfærslu verkefna til sveitarfélaga. Þessi tilfærsla verði ákveðin í samráði við sveitarfélögin og þess gætt að alls ekki verði dregið úr jöfnuði með sveitarfélögum og að flutningurinn leiði til þess að fjármögnun og framkvæmd fari sem mest saman. Tillögum varðandi akstur skólabarna, gæslu og mötuneytiskostnað er hafnað án slíks samráðs.

Þetta eru nokkur af þeim atriðum, sem rætt var um og komu til bókunar á þingflokksfundi framsóknarmanna á haustdögum þegar fjallað var um undirbúning fjárlagagerðarinnar.

Ég hef hér á undan rætt nokkuð um framkvæmd skattalaga og hert skatteftirlit og einnig sett fram nokkrar athugasemdir varðandi það skattkerfi sem nú ríkir og álit mitt á nauðsyn þess að taka það rækilega til endurskoðunar. Ég ætla því ekki að eyða fleiri orðum að þessum þætti að sinni og hvað varðar bókun okkar um hugsanlegan skatt á stóreignir, þá er jú vitað að um það er ekki samstaða meðal stjórnarflokkanna og því má telja ólíklegt að sú leið verði farin til að auka tekjur ríkissjóðs og bæta stöðu hans á meðan þetta stjórnarsamstarf varir.

Hins vegar vil ég fjalla lítils háttar um tilfærslur verkefna til sveitarfélaganna og margumræddan skólakostnað.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta og í samvinnu við sveitarfélögin er nú unnið að endurskoðun á skipan og kostnaðarskiptum sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Nú liggur ekki fyrir hvaða verkefni og útgjaldaþættir muni færast til sveitarfélaganna, en menntamálaráðherra hefur lagt til að akstur skólabarna á grunnskólastigi og ýmis annar kostnaður, er tengist starfi grunnskólanna, færist til sveitarfélaganna. Í þessu frv. er að svo komnu máli áætlað fyrir þeim útgjaldaþáttum grunnskólanna sem kemur til álita að flytja. Aftur á móti hafa skil ríkissjóðs á söluskattstekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verið lækkuð sérstaklega um 130 millj. kr. Náist samkomulag um tilfærslu verkefna verða fjármál Jöfnunarsjóðsins endurskoðuð."

Á öðrum stað í grg. með frv. er fjallað um sérstaka skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðsins en þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjórða og síðasta lagi er þess að geta að skil ríkissjóðs á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru lækkuð sérstaklega um 130 millj. kr. til viðbótar 177 millj. kr. skerðingu lögbundinna skila, en sambærileg skerðing hefur gilt um tveggja ára skeið. Viðbótarlækkun þessi er til bráðabirgða og mun standa þar til stjórnvöld og samtök sveitarfélaga hafa tekið ákvörðun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú eru starfandi nefndir sem um þetta fjalla og er þess vænst að þær skili áliti á næstu vikum þannig að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 verði ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu."

Í þessum tilvitnuðu athugasemdum við fjárlagafrv. svo og með vísan til bókunar þingflokks framsóknarmanna lít ég svo á að ekkert geti orðið af þessum verkefnatilfærslum öðruvísi en samkomulag náist um það milli beggja aðila, þ.e. ríkisvaldsins og samtaka sveitarfélaganna. Náist nú ekkert slíkt samkomulag fyrir afgreiðslu fjárlaga verður að áætla aftur fyrir þessum 130 millj. kr. sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var sérstaklega skertur um með vísan til þessarar verkefnatilfærslu. Málefni Jöfnunarsjóðsins þyrfti svo að taka til sérstakrar athugunar ef af verkefnatilfærslum yrði og breyta úthlutunarreglum hans í þá átt að hann geti raunverulega staðið undir nafni.

Bókun okkar framsóknarmanna um málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er tilkomin vegna þess að okkur fannst óheyrilega há þau fjárfestingaráform sem fyrirhuguð voru, samtals að upphæð 95 millj. kr. við að reisa og innrétta tvær áfengis- og tóbaksverslanir hér í Reykjavík. Það mundi leiða til mikillar þenslu sem nauðsynlegt væri að reyna að draga úr. Okkur var hins vegar sagt að um báðar þessar byggingar væri búið að gera sérstaka bindandi samninga og algjörlega óumflýjanlegt að ráðast í þessar framkvæmdir samtímis. Við settum því fram þá hugmynd að verð á áfengi og

tóbaki yrði hækkað umfram verðlag til þess að standa undir þessari miklu fjárfestingu.

Í grg. fjárlagafrv. er sagt frá því að árið 1977 hafi ÁTVR gerst aðili að sameiginlegri byggingu í Mjóddinni í Breiðholtshverfi og nú á s.l. hausti hafi verið ákveðið að bjóða út uppsteypu og utanhússfrágang á þessu umrædda húsnæði og áformað að verja til þess 55 millj. kr. Einnig er greint frá því að ÁTVR hafi fest kaup á húsnæði í Kringlunni við Kringlumýrarbraut. Þar sé ráðgert að opna nýja verslun í ágúst á næsta ári og kostnaður við innréttingar og frágang á því húsnæði sé áætlaður um 40 millj. kr.

Nú hafa hins vegar heyrst hugmyndir frá hæstv. fjmrh. um að fresta einhverju af þessum framkvæmdum. Þykir mér einsýnt að þar sem samningar um framkvæmdir í Mjóddinni eru í raun tilkomnir miklu fyrr en kaup á verslunarhúsnæði í Kringlunni, eða árið 1977, hljóti að vera óhjákvæmilegt að halda þeim framkvæmdum áfram og komi nú til greina að fresta einhverjum framkvæmdum hljóti það að verða við verslunina í Kringlunni svokölluðu. Auðvitað getum við framsóknarmenn fallist á að fresta báðum þessum framkvæmdum ef hæstv. fjmrh. er sammála okkur um að hér sé í of mikið ráðist og framkvæmdir upp á tæplega 100 millj. kr. á þessu svæði kunni að leiða til óeðlilegra útgjalda og of mikillar þenslu fyrir tilstuðlan ríkissjóðs. Það er í fullkomnu samræmi við álit okkar og tillögur frá því í sumar. Heyrst hafa þær athugasemdir að e.t.v. sé hugmyndin að frestun á framkvæmdum við verslunina í Mjóddinni í Breiðholtshverfi tilkomin vegna nýlegra eigendaskipta á öðru verslunarhúsnæði á því svæði. Bágt á ég með að trúa slíkum aðdróttunum í garð hæstv. fjmrh. og trúi alls ekki að óreyndu að slíkt geti ráðið ákvörðunum hans.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum voru auknar nokkuð í kjölfar febrúarsamninganna svokölluðu á s.l. vetri. Munum við framsóknarmenn leggja áherslu á að þeim niðurgreiðslum verði haldið áfram á næsta ári og er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að um óbreytta krónutölu verði að ræða svo sem lagt er til í bókun þingflokks framsóknarmanna sem ég hef áður vísað til.

Hv. alþm. Ragnar Arnalds taldi þetta frv. m.a. óvinveitt bændum. Hv. þm. neitar að viðurkenna að frv. ráðgerir verulegar greiðslur til bænda í formi útflutningsuppbóta eða samtals 480 millj. kr. og það sem ég tel þó enn mikilvægara, 240 millj. kr. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til að aðstoða bændur við nauðsynlegar búháttabreytingar. Það er lítilfjörlegt af hv. þm. að viðurkenna ekki þann vanda sem við er að glíma í markaðsmálum landbúnaðarins og reyna að gera lítið úr þeim aðgerðum sem stjórnvöld grípa nú til til þess að koma lagi á þessi mál og treysta landbúnað til frambúðar.

Þá eru enn í frv. nokkur atriði sem ég vil nefna og verð ég reyndar að játa að sum þessara atriða hafa komið mér og okkur framsóknarmönnum nokkuð á óvart. Vil ég þar fyrst nefna hugmyndir sem fram eru settar um breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Gert er ráð fyrir að lögum verði breytt þannig að aðflutningsgjaldatekjur, sem Framkvæmdasjóðnum ber af innfluttum sjónvarps- og útvarpstækjum, skuli renna í ríkissjóð. Ráðstöfunarfé sjóðsins skerðist samkvæmt því um 50 millj. kr. í ár og um áætlaðar 50 millj. kr. á næsta ári eða samtals um 100 millj. kr. Reyndar segir í grg. frv. að fjármál Ríkisútvarpsins, þar með talið Framkvæmdasjóðs, þarfnist nánari umfjöllunar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Undir þetta skal vissulega tekið enda er mér ekki kunnugt um að þessi hugmynd hafi nokkurn tíma verið rædd í þingflokki framsóknarmanna og ég tel ekki líklegt að hún verði samþykkt þar.

Sjálfsagt er að ræða við hæstv. fjmrh. um að draga úr áætluðum framkvæmdum Ríkisútvarpsins hér á þessu svæði á svipaðan hátt og hugmyndir hans virðast vera hvað varðar málefni ÁTVR, en þá er einnig hugsanleg meðferð á Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins svipað og gert er ráð fyrir að fara með markaðar tekjur til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar. Þar er ráðgert að þó innheimta sérstaks eignarskatts, sem renna skal óskiptur til byggingar Þjóðarbókhlöðu, nemi 95 millj. kr. eigi ekki að framkvæma nema fyrir 45 millj. en geyma sérstaklega merktar Þjóðarbókhlöðunni þær 50 millj. kr. sem þarna eru í mismun. Mér sýnist ekki útilokað að fara svipaða leið hvað varðar málefni Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins ef hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. telja ekki þörf á að verja öllu þessu fjármagni Framkvæmdasjóðsins til framkvæmda á vegum útvarpsins.

Ég vil þó geta þess hér að ég tel og þykist vita að Ríkisútvarpið eigi enn eftir að styrkja sitt dreifikerfi verulega. M.a. er brýn þörf á enduruppbyggingu langbylgjusendanna og Rás 2 hefur ekki enn náð til allra landsmanna. Úr því er brýnt að bæta hið fyrsta, enda ekki annað sæmandi en að allir þegnar sitji við sama borð hvað þetta varðar. Einnig tel ég að Ríkisútvarpið þurfi að bæta útsendingar Rásar 2 og sjónvarpssendingar til sjómanna á fiskimiðum í kringum landið. Ég hef heyrt marga þeirra kvarta yfir því og láta í ljósi óánægju sína með að ná ekki betur útsendingum útvarpsins. Jafnframt hafa þeir sagt mér að slíkt sé hægt að lagfæra, a.m.k. á mörgum stöðum, þó mér sé ljóst að sjálfsagt verði seint hægt að koma útsendingu útvarpsins á öll hefðbundin fiskimið. Í harðnandi samkeppni Ríkisútvarpsins við nýjar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hljótum við að gera þá kröfu að svo sé að Ríkisútvarpinu búið að það geti gegnt því hlutverki sínu að þjóna öllum landsmönnum. Því er síst tími til þess nú að ráðast á tekjustofna, veikja með því undirstöðurnar og draga úr möguleikum Ríkisútvarpsins að gegna sínu mikilvæga hlutverki.

Í athugasemdum við fjárveitingar til Hótel- og veitingaskóla Íslands er greint frá áætluðu 950 þús. kr. framlagi vegna fyrirhugaðs flutnings skólans að Laugarvatni. Hér er sett fram hugmynd sem þarf

nánari athugunar við. Þó ekki séu í grg. frv. settar fram neinar skýringar um þennan fyrirhugaða flutning hefur heyrst að ráðgert sé að nýta fyrir þennan skóla húsnæði Hússtjórnarskólans á Laugarvatni. Það hús er nú lítið notað m.a. vegna einhliða ákvörðunar hæstv. menntmrh. um að leggja niður starfsemi nokkurra hússtjórnarskóla og mætti að sjálfsögðu ræða nokkuð um þá ákvörðun út af fyrir sig. Ég veit að nauðsynlegt er að endurskoða starfsemi og hlutverk hússtjórnarskólanna. Ræða þarf við þau félagasamtök sem aðild hafa átt að rekstri skólanna og eru jafnvel meðeigendur ríkisins að viðkomandi fasteignum.

Á Laugarvatni er einnig rekinn Íþróttakennaraskóli Íslands og er hann á hrakhólum með bæði kennslu- og heimavistarhúsnæði. Ég tel mjög eðlilegt að málefni þess skóla verði höfð í huga þegar rætt er um framtíðarskipulag skólamála á Laugarvatni sem mér virðist nauðsynlegt að gera og það sem allra fyrst.

Svipaða sögu má reyndar segja um skipan skólamála að Laugum í Þingeyjarsýslu. Þar er málum ekki ólíkt háttað og á Laugarvatni og engum blandast hugur um að þessi skólasetur og framtíð þeirra hafa grundvallarþýðingu fyrir þróun byggðar í viðkomandi héruðum.

Enn verð ég að nefna eitt sem kemur mér nokkuð á óvart við yfirlestur frv. Undir utanrrn. er komið nýtt viðfangsefni sem nefnt er Ratsjárstöðvar, rekstur. Hér er átt við ratsjárstöðvarnar sem Bandaríkjamönnum var heimilað að reisa á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Eg hélt að hér væri um að ræða mannvirki og rekstur sem svipað háttaði til með og önnur mannvirki Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli, enda kemur fram í greinargerðinni að þeir greiða allan kostnað við þennan rekstur. Megum við kannske búast við því að á næsta ári verði málningarverkstæði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli, þar sem starfa nokkrir íslenskir málarar, sérstakt viðfangsefni á fjárlögum íslenska ríkisins, svo eitthvert dæmi sé nefnt.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni gert nokkrar athugasemdir við einstaka liði fjárlagafrv. sem gætu bent til þess að ég sé ekki ánægður með allt sem þar stendur og vissulega finnst mér að sumt mætti betur fara. Ég vil þó að sjálfsögðu að lokum lýsa ánægju minni með meginmarkmið frv. svo sem að viðhalda efnahagslegu jafnvægi í landinu. Ekki er gert ráð fyrir samdrætti í framlögum til velferðar- og menntamála. Við verðum að standa vörð um það velferðarþjóðfélag sem við höfum á undanförnum árum verið að byggja upp og eigum að vera óhrædd við að afla ríkinu þeirra tekna sem nauðsynlegar eru til að halda því uppi með fullri sæmd. Frv. samræmist því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná sem næst jöfnuði við útlönd á næsta ári. Áformað er að halda áfram á þeirri braut að draga úr erlendum lántökum opinberra aðila. Nokkuð er reynt að auka við ýmsa fjárfestingarliði frv. þó vissulega sé þörf fyrir hærri upphæðir en svigrúmið er ekki fyrir hendi svo sem niðurstöðutölur frv. sýna best. Beitt er aðhaldi varðandi rekstrarútgjöld en þess þó gætt að rekstrarfé til starfsemi ráðuneyta og stofnana sé í samræmi við raunverulegt umfang. Hefur á undanförnum árum verið leitast við að fylgja þeirri stefnu og í frv. þessu eru leiðrétt framlög til nokkurra stofnana sem vitað var að ekki bjuggu við raunhæfa áætlanagerð.

Full ástæða er því til að álíta að frv. sé nú nær því en nokkru sinni fyrr að áætla rétt til um umsvif ríkisins, ráðuneyta þess og stofnana á næsta ári. Grg. frv. svo og allar þær upplýsingar sem því fylgja að þessu sinni eru fullkomnari og betri nú en nokkru sinni fyrr og ber að þakka hæstv. fjmrh. og starfsmönnum hans undir stjórn hagsýslustjóra, Magnúsar Péturssonar, fyrir vönduð vinnubrögð hvað þessu viðvíkur.

Fjvn., sem samkvæmt venju hefur þegar hafið störf, mun svo á næstu vikum takast á við það erfiða verkefni að yfirfara frv., gera á því nauðsynlegar lagfæringar og gera tillögur um skiptingu einstakra frammkvæmdaliða svo sem ætlast er til af henni. Vænti ég góðs samstarfs við meðnefndarmenn mína og reyndar hv. alþm. alla hvað þetta vandasama verkefni varðar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Nú þykir mér týra á tíkarskottinu, eins og sagt er, þegar varaformaður fjvn. kemur hér og lýsir megnustu óánægju með marga liði og mörg efnisatriði fjárlaganna. Mér sýnist svo sannarlega að stjórnarflokkarnir þurfi að samræma eitt og annnað áður en afgreiðslu þessara fjárlaga lýkur. Ég heyrði ekki betur en hv. 6. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, væri afar óánægður með ýmsa hluti í frv. og hann sagði raunar berum orðum og beint að framsóknarmenn mundu ekki samþykkja ákveðin atriði eins og t.d. að því er varðar Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Þetta sagði hann berum orðum og ég verð að segja að ég fagna þeirri yfirlýsingu hans. Hv. þm., síðasti ræðumaður, var hins vegar ánægður með eitt atriði og það var það að frv. stefndi að efnahagslegu jafnvægi. Hann er sæll í sinni trú.

Ég held hins vegar að þetta sé ekki rétt, að þetta frv. stefni hreint ekki að efnahagslegu jafnvægi eins og hæstv. fjmrh. vill vera láta og eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði í upphafi ræðu sinnar og mun ég koma að því síðar í mínu máli. En við þessa 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1987 gefst tækifæri til að fara almennum orðum um stefnu þessarar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum, í hinum mikilsverðustu málum er varða alla þegna þjóðfélagsins og ekki aðeins afkomu þjóðarbúsins heldur og afkomu þegnanna, afkomu heimilanna í landinu.

Ég mun hér á eftir ræða um meginstefnu í fjárlagagerðinni að því er varðar tekjur ríkissjóðs og gjöld og ég mun benda á ýmis þau atriði sem við Alþýðuflokksmenn teljum að aflaga fari og þá með hverjum hætti og hvaða leiðum þar megi breyta og verði að breyta. Auðvitað eru fjölmörg einstök atriði, kannske smáatriði að sumra mati, sem er að

finna í frv. og sem einhverjir teldu að sérstök ástæða væri til að gera að umtalsefni en það verður þó ekki gert í þessari lotu eða á þessu stigi nema að tiltölulega litlu og takmörkuðu leyti.

Í upphafi rökstuðnings og réttlætingar sem fylgir þessu frv. segir orðrétt, með leyfi forseta, að „fjárlagafrv. það, sem nú er lagt fram, einkennist um margt af almennu efnahagsástandi í landinu". Vel má þetta rétt vera, en það ber hins vegar að hafa í huga og leggja á það ríka áherslu, enda skiptir það höfuðmáli, að þetta fjárlagafrv. boðar ekki neina nýja stefnu. Það markar enga nýja stefnu til framfara eða til þess að búa í haginn fyrir komandi ár og þá kjarasamninga sem í vændum eru og það mótar ekki efnahagshorfurnar eða efnahagsstefnuna að einu eða neinu leyti. Þessi staðreynd, og þetta er meginstaðreynd, ég vek sérstaka athygli á því, sem ekki verður mótmælt, hlýtur að vera mörgum stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar og þá einkanlega stuðningsmönnum Sjálfstfl. bæði bitur vonbrigði og sár, ekki síst þar sem um er að ræða fyrsta fjárlagafrv. sem formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., leggur fyrir Alþingi og undirbýr.

Hæstv. ráðherrann sker sig í engu úr frá fyrirrennurum sínum. Hér bólar ekki á neinu nýju. Þvert á móti hefur hann farið í fötin fyrirrennara sinna og gengur í þeirra spor. Það er ekkert breytt, það er ekkert nýtt. Jafnvel er það svo að þeim árangri sem hefur náðst í margumræddri viðureign við verðbólguna kann nú að vera stefnt í hættu, árangri sem í fyrsta lagi náðist vegna fórna almennings þegar kaupgetan var skert svo um munaði og heimilin í landinu fengu skell, árangri sem náðist vegna þess að raunsæi og skynsemi réðu ferðinni hjá þeim sem stýrðu samningastefnu verkalýðsfélaganna í síðustu kjarasamningum, árangri sem náðist vegna þess hve viðskiptakjör okkar bötnuðu feiknarlega mikið með lækkuðu olíuverði og hækkandi afurðaverði erlendis. Það hefur verið bent á að þessum árangri kunni nú að vera stefnt í hættu og ég hygg að þeir sem hafa gert það hafi stutt það rökum.

Annars var það svo að í ræðu sinni áðan virtist mér sem hæstv. fjmrh. þakkaði ríkisstjórninni allt það góða sem gerst hefði og þá sérstaklega kjarasamningana. Ég held hins vegar að þar hafi hann gengið heldur langt. Ég held að ef ríkisstjórninni er eitthvað að þakka í þessum efnum sé það að hún skuli ekki hafa eyðilagt þann árangur sem náðist vegna þess að þessi árangur er ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, hann er kannske frekar þrátt fyrir hana.

Það hafa margir bent á að þessum árangri kunni að vera stefnt í hættu nú með þessu fjárlagafrv. hæstv. ráðh. Ég nefni þar prófessor Þorvald Gylfason sem á ráðstefnu Félags viðskipta- og hagfræðinga lét svo ummælt að þegar allt væri skoðað, og hér vitna ég til frásagnar í Morgunblaðinu laugardaginn 18. þ.m., þá virtist sér auðséð að frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga gætu valdið þenslu í þjóðarbúskapnum, þar með vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla á næsta ári, ef ekki yrði gripið í taumana. Prófessor Þorvaldur tók í fyrirlestri sínum saman A- og B-hluta fjárlaganna og bætir raunar við því sem hann nefnir C-hluta, en þar eru ýmis hálfopinber fyrirtæki og sjóðir. Þegar hann gerir þetta dæmi upp í heild er niðurstaðan sú að eftir standi um 3500 millj. kr. sem hann nefnir þensluhalla í þessu ríkisbúskapardæmi. Hann telur sömuleiðis hætt við að þessi þensluhalli verði í rauninni miklu meiri því eins og við öll vitum hér hv. þm. lækka fjárlögin ekki í meðförum þingsins heldur hækka þau, mismikið að vísu en ævinlega nokkuð. Við bætist svo að fjárlög hafa tilhneigingu, þegar þau eru komin í framkvæmd, til að standast ekki. Það vantaði ekki t.d. að dæmið liti bærilega út í fyrra, en hin raunverulega útkoma sem nú blasir við er dregur að lokum árs og uppgjöri er vissulega allt önnur eins og við vitum.

„Fjármálastefna þessarar ríkisstjórnar er líkleg til að stuðla að vaxandi þenslu og verðbólgu á næsta ári ef ekki verður gripið í taumana" er haft eftir prófessor Þorvaldi í lok þessarar frásagnar Morgunblaðsins s.l. laugardag.

En er hann einn um þessa skoðun? Hann er það ekki. Það veit þjóðin. Vinnuveitendasamband Íslands, hið forna vígi hæstv. fjmrh. þar sem hann var í eina tíð hæstráðandi til sjós og lands að því sagt er, hefur um þetta sitt að segja og hefur af því sprottið hin furðulegasta deila milli fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, sem nú er hæstv. fjmrh., og núv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, deila sem þjóðin hefur fylgst með á síðum dagblaða og hlustað á í útvarpi og sjónvarpi.

Vinnuveitendasambandið segir: Skatttekjur ríkissjóðs munu að líkindum verða hærri að raungildi í ár en í fyrra. Fjárlagafrv. gengur út frá hækkun beinna skatta um nálega 3% og hækkun á raungildi óbeinna skatta um nálægt 2%. Vinnuveitendasambandið segir enn fremur: „Óneitanlega er teflt á tæpasta vað í áætlunum ríkisstjórnarinnar." Líka segir þar: „Hallinn á ríkissjóði á þessu ári verður ekki rakinn til tekjuafsals ríkissjóðs á fyrri hluta þessa árs. Hann verður", segir framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, „einungis rakinn til útgjaldaauka sem virðist hafa orðið á árinu 1985, en enn virðist ekki hafa tekist að ná því samræmi milli tekna og útgjalda ríkissjóðs sem nauðsynlegt er."

Það er hins vegar kapítuli út af fyrir sig að á sömu blaðsíðu Morgunblaðsins og er að finna þessi ummæli framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins er líka að finna sérstakt viðtal við hæstv. fjmrh. þar sem hann segir og meira að segja í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Vinnuveitendasambandið dregur í land með staðhæfingar sínar." Ég fæ nú raunar ekki séð að Vinnuveitendasambandið hafi dregið í land í þessu máli með eitt eða neitt, en það er mál þeirra félaga, fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjóra, að útkljá þessa deilu. En allt er þetta mál hið einkennilegasta svo að ekki sé meira sagt.

En víkjum aftur að forsendum fjárlagafrv. og

þeirri stefnu sem menn segjast vera að móta og látið er liggja að að í frv. felist. Enn vitna ég til inngangsins og aðfaraorða í athugasemdum. Þar segir:

„Það mikilvægasta við niðurstöður þessa frv. er að þær samræmast því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári.“

Um þetta má segja að ríkisfjármálin virðast alls ekki vera veigamikill þáttur í því að koma á eða viðhalda efnahagslegu jafnvægi í landinu, eins og ráðherra heldur fram. Það verður að líta á þessar athugasemdir í inngangi frv. sem eigin orð fjmrh. Það er hins vegar ljóst að ýmislegt í frv. er hreint ekki eins og hér er lýst. Margt í frv. er með losarabrag og lausgirt svo sem oft áður, lausatök á mörgum málum svo sem ég mun síðar víkja að. Þetta er ekki til þess fallið að skapa þá festu og það traust í stjórn efnahagsmála sem er forsenda þess að efnahagslegt jafnvægi geti ríkt í landinu.

Enn er rétt að vitna til áðurgreindra orðaskipta hæstv. fjmrh. og Vinnuveitendasambandsins sem heldur því sannarlega fram, svo sem ég hef áður talið mig gera grein fyrir, að ríkisfjármálin valdi þenslu og stofni efnahagslegu jafnvægi í hættu. Einhvers staðar segir: „Vinur er sá er til vamms segir.“ Það skyldi þó aldrei vera að í þessu tilviki væri Vinnuveitendasambandið sá vinur hæstv. fjmrh. sem til vamms segir.

Ég held að það verði ekki um það deilt að við þær aðstæður sem nú ríkja þarf að beita ríkisfjármálum í aðhaldsátt. Við höfum oftlega bent á það, Alþýðuflokksmenn, og gerum enn, en í frv. sem hér er um að ræða er ríkisfjármálunum ekki beitt í aðhaldsátt og því skal endurtekið að það kann að stefna í hættu þeim árangri sem náðst hefur og verður aldrei lögð of mikil áhersla á það.

Það er rétt að víkja aðeins að erlendum lántökum sem hæstv. ráðh. gerði að sérstöku umtalsefni í ræðu sinni áðan og gumaði raunar mjög af. Hann talaði um það sem meiri háttar áfanga í hinni blómlegu fjármálastjórn íslenska ríkisins og sína helstu skrautfjöður að nú skuli dregið úr erlendum skuldum umfram það sem áður hefur verið. Við Alþýðuflokksmenn höfum um langt árabil gagnrýnt hóflausa erlenda skuldasöfnun og bent á hvern vanda það mundi skapa og því miður hafa þau aðvörunarorð reynst rétt. Það var ekki tekið tillit til þeirra né hlustað á þau á sínum tíma. Það er ekki nýtt að við bendum á þetta. En nú notar hæstv. fjmrh. það sem helstu skrautfjöður í sinn fjármálahatt að dregið verði úr erlendum lántökum hins opinbera og erlendar skuldir ríkisins muni lækka á næsta ári. En ef skoðuð er tafla nr. 18 á bls. 345 í þeirri þykku bók sem liggur á borðum okkar þm., þar er fjallað um heildarlántökur innlendar og erlendar á næsta ári, er þar vissulega gert ráð fyrir að opinberir aðilar lækki nokkuð skuldir sínar á næsta ári eða um 380 millj. kr. Það er að vísu ekki há tala en það er tala samt. En er þetta öll sagan? Aldeilis ekki. Það er nefnilega svo, hæstv. ráðh., að þegar betur er að gáð koma þarna á móti erlendar lántökur lánastofnana að upphæð 1510 millj. kr. sem er álíka há upphæð og ríkið hyggst fá að láni hjá bönkunum á næsta ári. Sé þetta mál hugsað eilítið lengra, hvert leiðir þá hugsunin og hvert leiða þá staðreyndirnar okkur? Annað af tvennu mun gerast, hæstv. ráðh.: Hæstv. ráðh. mun nota ríkissjóð Íslands til að ýta atvinnuvegunum út af innlenda lánamarkaðnum eða ýta bönkunum út í erlendar lántökur. Er þetta ekki rétt, hæstv. ráðh.? Ég hygg að annað af þessu tvennu muni gerast. Ráðherrann svarar því hér á eftir ef hann kemur auga á fleiri möguleika. En ég hygg að ef þessi mál eru metin raunsætt, hvað muni gerast þegar ríkissjóður tekur 1500 millj. að láni hjá bönkunum, muni annaðhvort atvinnuvegunum verða ýtt til hliðar eða bankarnir auka lántökur sínar erlendis. Það gefur auga leið. Ef hæstv. fjmrh. hefur einhverja þriðju töfraleiðina væri ánægjulegt að hann skýrði þingheimi frá því. (**EKJ:** Lækka bindiskylduna, maður.) Já, það kannske leysir sum vandamál, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, en ég efast um að það leysi öll vandamál eins og stundum er haldið fram.

Ég vitna enn á ný til þeirrar ráðstefnu sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hélt á dögunum þar sem margir urðu til þess að halda því fram að ríkissjóður Íslands sé og muni áfram verða þensluvaldur í hagkerfinu. Það er þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að ætla sér að afgreiða þær röksemdir sem fram voru settar á ráðstefnu hagfræðinga og viðskiptafræðinga eins og honum hættir stundum til að gera, t.d. í útvarpi og sjónvarpi um málflutning þeirra sem honum eru ósammála, með því að segja að þetta séu bara blekkingar eða ósannindi eða rakalaus þvættingur. Ég held að hæstv. ráðh. geti ekki leyft sér slíkan málflutning. Hann er honum ekki samboðinn og hann er heldur ekki boðlegur í eyru skynsams og hugsandi fólks. Það vill fá röksemdir, ekki sleggjudóma um rakalausar fullyrðingar og ósannindi.

Rök og staðreyndir hníga að því að fjárlagahallinn á þessu ári verði frekar meiri en minni en 2200 millj. kr. Þess vegna hlýtur það að vera krafa okkar, og þá kröfu set ég fram fyrir hönd þingflokks Alþfl., að fjmrh. skýri það nú fyrir þingheimi, vegna þess að hann gerði það ekki í ræðu sinni áðan og það er ekki gert í þessu fyrsta frv. hans, hvernig fjárlagafrv. ársins 1987 á að stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum, hvernig þetta frv. á að stuðla að því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur og að hæstv. ráðh. rökstyðji að þetta sé ekki þenslufrumvarp sem stefni stöðugleika efnahagslífsins og atvinnulífsins í hættu. Sannleikurinn er sá og það væri sæmst að viðurkenna refjalaust að þetta frv. stuðlar ekki að betra jafnvægi í efnahagsmálum og því hef ég leitt rök að. Þar að auki er þetta frv. að mjög mörgu leyti opið, óljóst, þokukennt, ófrágengið og endasleppt í veigamiklum málum og mun ég nánar víkja að því hér á eftir.

Varðandi tekjuhlið frv. ber allt að sama brunni. Það er athyglisvert, réttara væri kannske að segja að það væri ámælisvert, að tekjuhlið þessa fjárlagafrv., hæstv. fjmrh., er í mjög veigamiklum atriðum byggð á lagabreytingum sem á þessu stigi eru aðeins ráðgerðar og sem þingheimur veit ekkert um á þessu stigi máls, sem Alþingi hefur ekki haft nokkra minnstu möguleika til að kynna sér, hvorki í frumvarpsformi né á annan hátt. Hér er sannarlega auðvelt að nefna dæmi. Ég átti von á því að hæstv. fjmrh. skýrði þessi mál eitthvað frekar í framsöguræðu sinni með frv., þau frv. sem tekjuhlið fjárlagafrv. á að hvíla á. Hann gerði það ekki. Skýringin hlýtur að vera sú að þessi frv. eru ekki til, hæstv. ráðh.

Við skulum nefna dæmi: Það er reiknað með því að það verði lagt gjald á innfluttar olíuvörur er skili 600 millj. kr. á næsta ári. Nú hefur olíuverð lækkað og almenningur nýtur hagsbóta af því. „Neyttu nú meðan á nefinu stendur", sagði í þjóðsögunni, og þá reiðir fjmrh. til höggs og skattleggur bensín og olíuvörur eða tilkynnir að hann ætli að gera það. (**ÓÞÞ:** Hvert var framhaldið í þjóðsögunni?) Vill ekki hv. þm. Ólafur Þórðarson greina frá því þegar hann kemur í ræðustól. Hann gæti sagt margt vitlausara, held ég. — En hæstv. fjmrh. notar það að almenningur nýtur hagsbóta af lækkun olíuverðs til að auka skatttekjur ríkissjóðs. Þar kemur stóri bróðir, Sjálfstfl., til skjalanna þegar bensín og olíuvörur lækka og eykur skattheimtuna. Á þessari stundu er ekkert vitað um gjaldstofn þessa nýja gjalds eða hvaða verðlagsáhrif það hefur í för með sér. Sé það ætlun ríkisstjórnarinnar að afla ríkissjóði svo mikilla tekna sem hér er talað um hlýtur það að vera lágmarkskrafa — og ég endurtek að það hlýtur að vera lágmarkskrafa — að ráðherra geri þinginu ítarlega grein fyrir þessum áformum. Hann ætti raunar að vera búinn að því. Ég sé ekki að hann hyggist gera það við þessa umræðu fjárlaga. Þó má vera að hann geri það í lokasvarræðu sinni. Auðvitað á þingið kröfu á því að fá upplýsingar um þessa tekjuöflun.

Í öðru lagi er talað um að tekjuskattur verði lækkaður um 300 millj. kr. Það er ekkert um það vitað frá hvaða stigi þessi lækkun verður reiknuð né með hvaða hætti hún verður framkvæmd. Um það er ekkert vitað og það er ósköp eðlilegt að fólk sé tortryggið á yfirlýsingar hæstv. fjmrh. eftir skattaævintýri hans og þeirra ríkisstjórnarfélaganna frá því í sumar sem er svo sem óþarft að rifja upp. Það er öllum í fersku minni þegar tekjuskatturinn hækkaði upp úr öllu valdi þrátt fyrir hin gefnu loforð. Menn muna þetta mætavel.

Í þriðja lagi má nefna það til sögunnar í sambandi við tekjuhlið þessa frv. að rætt er um breytingu á tollskrá og álagningu vörugjalds sem væntanlega mun hafa margvísleg áhrif á næsta ári. Um þetta er ekkert vitað, um þetta hefur ekkert verið sýnt. Við rennum blint í sjóinn og enn ber allt að sama brunni. Tekjuáætlun fjárlaganna hvílir á frv. sem við höfum ekki séð. Þetta er allt meira og minna út í loftið.

Í fjórða og fimmta lagi minni ég á að það er snýr að tekjuhlið þessa frv. hefur verið rætt um virðisaukaskatt og staðgreiðslukerfi skatta. Um hvorugt þessara mála verður með sanni sagt að þau séu ný. Ætli það sé ekki í 15. skipti sem þessir gömlu kunningjar fylgja í ummælum ráðherra með fjárlagafrv. Þetta eru vissulega góð mál eða geta vissulega verið góð mál, en það veldur hver á heldur. Það er sannarlega til lítils að nefna þessi mál enn einu sinni, eins og ég sagði, sjálfsagt 15. árið í röð. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hæstv. fjmrh. tók ekki sterkar til orða en svo þegar hann var að tala um staðgreiðslukerfið að hann sagði „að stefnt væri að því". Ekki var það sterk eða meiningarmikil yfirlýsing.

Í frv. vantar alla heildarstefnu í skattamálum. Hún er ekki til. Þó er ljóst að gert er ráð fyrir lítt eða ekki breyttu hlutfalli skatta af þjóðarframleiðslu á næsta ári eða hækkuðu hlutfalli kannske eins og Vinnuveitendasambandið heldur fram. Þetta er athyglisvert með tilliti til margítrekaðra yfirlýsinga sjálfstæðismanna um skattalækkunarstefnu Sjálfstfl., sbr. t.d., og er sá hv. þm. nú illa fjarri góðu gamni, 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram, endurteknar greinar hans í Morgunblaðinu sem allar fjalla um sama efni, allar fjalla um skattalækkanir sem engar hafa orðið. Mundi kannske einhver segja að sá hv. þm. hefði senn sagt og skrifað nóg í þeim efnum með hliðsjón af efndum flokksbræðra hans í ríkisstjórn.

Þá mun ég, herra forseti, víkja fáeinum orðum að gjaldahlið frv. Ég ætla ekki að vera margorður um gjaldahliðina, sagði hæstv. fjmrh. áðan. Ég veit ekki hvort ég get lofað alveg því sama. Það er eitt og annað sem mig langar til að nefna þar almennum orðum.

Það kemur fram í frv. fjmrh. að það er reiknað með 1,7% aukningu útgjalda ríkisins til samneyslu, en um 6% aukningu til opinberra framkvæmda. Á sama tíma kemur það fram að það sé skoðun ríkisstjórnarinnar að hæfileg aukning einkaneyslu sé u.þ.b. 1½%. Hér kemur beinlínis fram að ríkið ætlar sér stærri hlut og meiri en heimilunum og fyrirtækjum úr þjóðartekjum næsta árs. Þetta getur auðvitað verið réttlætanlegt, en þetta þarfnast hins vegar skýringar, hæstv. fjmrh., og þá skýringu hef ég hvergi fundið í þessu þykka frv. Ég sakna hennar og spyr: Hvar er þessa skýringu að finna?

Þetta frv. er því miður ekki það aðhaldsfrv. sem þyrfti til að viðhalda og bæta þann árangur sem náðst hefur. Þetta er því miður heldur ekki frv. þar sem verkefnum er raðað í forgangsröð þannig að hægt sé að segja að brýnustu verkefnin sitji í fyrirrúmi. Enn er hér lagt til að verja hundruðum milljóna til að styrkja útflutning landbúnaðarvara og niðurgreiða landbúnaðarvörur á innanlandsmarkaði. Málefni landbúnaðarins eru enn sem fyrr í óefni vegna þess að það er ekki tekið á vandanum. Bændur og neytendur bera þar skarðan hlut frá

borði meðan milliliðirnir hafa allt sitt á hreinu. Um það blasa dæmin við.

Og það vantar sannarlega ekki að það er margt í gjaldahlið þessa frv. sem svífur óljóst og er í þoku og það ber þess ýmis merki þetta frv., þrátt fyrir það sem hæstv. ráh. sagði áðan, að það eru kosningar í vændum. Auðvitað ber fjárlagafrv. þess merki. Því neitar enginn sem það les.

Það er hægt að nefna óteljandi dæmi um hluti sem vantar í þetta frv., atriði sem munu gera það að verkum að þetta frv. hækkar mjög verulega frá því sem nú er, atriði sem ríkisstjórnin hefur ekki viljað taka á enn sem komið er. Hækka framlög til grunnskóla, sagði hæstv. ráðh., til grunnskólabygginga. Það er rétt. Þau voru skorin niður við trog gjörsamlega í fyrra og hækka nokkuð núna. Það er ástæðulaust að gera lítið úr því. Þetta er allt rétt. Hins vegar er til lítils að byggja grunnskóla ef svo illa er búið launalega að kennurum að það fæst ekki fólk til að kenna. Það er til lítils, hæstv. ráðh., og það heyrðu menn á haustdögum þegar hver bekkurinn á fætur öðrum í höfuðborginni varð að sitja heima vegna þess að það fékkst ekki fólk til að kenna. Síðan hefur sjálfsagt verið fólk ráðið þar sem enga reynslu hefur haft af því að kenna, en það er dýrt spaug þegar til lengdar lætur, hæstv. ráðh.

Eitt dæmi um óleystan vanda í frv., og ég ætla að nefna nokkur önnur, er Áburðarverksmiðja ríkisins. Þar eru menn árum saman búnir að velta vandanum á undan sér vegna þess að framleiðsla fyrirtækisins hefur aldrei verið seld á því verði sem kostar að framleiða hana. Áburðurinn hefur aldrei verið seldur á því verði sem hann kostar. Nú er gert ráð fyrir að áburður hækki um 30%. Þess vegna er rétt að spyrja hæstv. fjmrh. og kannske landbrh. hæstv. líka: Á landbúnaðurinn að taka á sig þessa hækkun eða ætlar ríkissjóður að greiða hana niður eins og venjulega hefur verið gert? Ef ríkissjóður ætlar að greiða þessa hækkun niður sér þess engan stað í frv. Og það eru ekki smáar upphæðir sem þarna er um að tefla.

Annað dæmi: Póst- og símamálastofnun er ætlað að skila 200 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári. En hvað segir um þá stofnun á bls. 304 í fjárlagafrv., með leyfi forseta:

„*Fjárhagsstaða fyrirtækisins er því erfið um þessar* mundir. Það hefur hvorki getað staðið í skilum með arðgreiðslur til ríkissjóðs né flýtigreiðslur af lánum hjá ríkissjóði, samtals 288 millj. kr. Til viðbótar þessu stefnir í verulegan greiðsluhalla hjá fyrirtækinu í árslok 1986.“

Í þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að Póstur og sími skili 200 millj. í ríkissjóð á árinu 1987. En ekki bara það. Á næsta ári er gert ráð fyrir að Póstur og sími inni af höndum eins og venjulega margvíslega þjónustu í sambandi við alþjóðaflugþjónustuna á Íslandi, þ.e. þjónustu við Atlantshafsflugið sem fer hér um háloftin. Það er áætlað að þessi þjónusta kosti 110 millj. kr. Ríkissjóður, hæstv. fjmrh., innheimtir þennan kostnað hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni og hann er sjálfsagt borgaður í beinhörðum gjaldeyri, grænum dollurum, 110 millj. kr. Þetta innheimtir ríkissjóður hjá ICAO. En hvað gerir ríkissjóður? Endurgreiðir hann Pósti og síma þessa upphæð fyrir þá þjónustu sem stofnunin hefur innt af hendi? Nei. Og hvað þýðir það, hæstv. fjmrh.? Það þýðir að íslenskir símnotendur verða látnir greiða kostnaðinn við Alþjóðaflugþjónustuna. Þessum 110 millj. kr. verður jafnað niður á íslenska símnotendur. Hvað er það há upphæð sem er gert ráð fyrir að Póstur og sími leggi til ríkissjóðs á næsta ári? Það er hærri upphæð en öll afnotagjöld af símum á Íslandi. Hafa menn gert sér þetta ljóst? Það er ekki sagt berum orðum í frv. að þetta eigi að vera svona, en þetta stendur í frv. samt.

Það er ekki reiknað með neinni gjaldskrárhækkun hjá Pósti og síma. Það er ekki sagt hvernig fjármagna skuli útgjöld. Það er fyrirsjáanlegt að það verður að skera niður margvíslegar framkvæmdir. En ég held, hæstv. fjmrh., nema hann hafi fundið þriðju töfraleiðina í þessu máli, að það sé ekki nema tvennt til. Annaðhvort verður að hækka verðið á þjónustunni eða það verður að taka lán til að standa undir henni. Það er fróðlegt að heyra hvort hæstv. fjmrh. ætlar að svara því á eftir hvort íslenskum símnotendum sé ætlað að greiða þessar 110 millj. sem ríkissjóður tekur til sín vegna þeirrar þjónustu sem ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunin, greiðir fyrir.

Hæstv. ráðh. verður að skýra betur en hann hefur gert horfur um verðskrá og fjárhag margvíslegra opinberra fyrirtækja. Er þetta raunsæi eins og gengið er frá Póst- og símamálastofnun í fjárlagafrv. hæstv. ráðh.? Það er ekki raunsæi. Þetta er bara rugl, hæstv. ráðh. Því miður. Eru hérna farnar einhverjar nýjar leiðir? Síður en svo.

Þriðja dæmið sem mætti nefna: Samkvæmt nýjum útvarpslögum á Ríkisútvarpið að hafa tekjur af aðflutningsgjöldum. Það var ákveðið fyrir skömmu á hinu háa Alþingi til að treysta stöðu Ríkisútvarpsins að það hefði tekjur af aðflutningsgjöldum útvarps- og sjónvarpstækja. Mér skilst að þetta gjald geti numið allt að því 120 millj. kr. á þessu ári, þ.e. að það hafi numið einum 64 millj. kr. á fyrri helmingi þessa árs. Þetta fé er auðvitað forsenda þess að það sé hægt að búa útvarpshúsið nýja tækjum og það er líka forsenda þess að það verði hægt að leggja fé fyrir til að reisa nýja langbylgjustöð sem er meiri háttar og dýrt verkefni sem blasir við Ríkisútvarpinu áður en langt um líður. Vonandi lafa þessi gömlu möstur hér á Vatnsenda enn um hríð, gæfan verði okkur, guð og gott veður svo hliðholl að þau lafi og hangi uppi. Hrynji þau er langbylgjukerfið úr sögunni og það verður ekki lagfært í einni svipan. Þess vegna verður að reisa nýja langbylgjustöð eins og búið er að tala um.

En hvað gerist í þessu fjárlagafrv.? Ríkisútvarpið er svipt þessum tekjustofni. Talsmaður Framsfl. hefur þegar lýst því yfir við þessa umræðu og fulltrúi hans í fjvn. að Framsfl. muni ekki samþykkja þetta.

Það verður fróðlegt að sjá þegar þar að kemur. E.t.v. verður hæstv. ráðh. að láta í minni pokann fyrir samstarfsflokki sínum.

En hvernig er frá þessu máli gengið í frv.? Hvernig er málið afgreitt? Þar segir, með leyfi forseta: „Fjármál Ríkisútvarpsins, þar með framkvæmdasjóðs, þarfnast nánari umfjöllunar fyrir afgreiðslu fjárlaga.“ Sem sagt: Málið er óljóst, óklárt og engin ákvörðun önnur en að skera niður þessar tekjur.

Mér finnst þetta ekki burðugt. Þetta er enn eitt þokudæmið. Þetta er enn eitt vandamálið sem skotið hefur verið á frest. Þetta frv. er hreint ekki eins fullkomið og hæstv. ráðh. hefur látið hér liggja að. Þjóðin er búin að fá að kynnast því — ja, ég undanskil Framsfl. núna eftir ummæli hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar áðan — og sérstaklega fólkið sem býr úti á landi hvern hug Sjálfstfl. ber til þeirrar menningarstofnunar og þeirrar miklu öryggisstofnunar sem Ríkisútvarpið er.

Fjmrh. hefur, svo að ég segi ekki meira en hann hefur sagt, lýst því yfir að hann vilji íhuga og það komi til greina að íhuga sölu á annarri útvarpsdagskránni, en hann hefur ekki enn þá skýrt hvað hann vill selja nákvæmlega. Það er kominn tími til að hann geri það. Ætlar hann að selja húsnæðið í nýja útvarpshúsinu? Ætlar hann að selja nafnið Rás 2? Ætlar hann að selja dreifikerfið sem að hluta til er notað til að flytja sjónvarpsefni um landið? Ætlar hann að selja þekkingu og kunnáttu starfsfólksins? Það er kominn tími til þess að hæstv. ráðh. skýri fyrir þjóðinni hvað hann á við þegar hann er að tala um þetta.

Fólk sem býr úti um land og nýtur þjónustu Ríkisútvarpsins og þeirra tveggja dagskráa sem það sendir í hljóðvarpi og þeirrar þriðju í sjónvarpi á kröfu á því að hæstv. ráðh. sé ekki með svona ummæli út í loftið heldur segi skýrt og skorinort hvað hann á við. Við vitum það öll að útvarp, afþreyingarútvarp eins og Rás 2 er, verður aldrei rekið af einkaaðilum á landsbyggðinni af því að þeir geta ekki grætt á því. Það verður gert hérna í Reykjavík. Það verður gert hérna við Faxaflóann. Það verður aldrei gert á minni stöðum úti á landi vegna þess að það er enginn grundvöllur fyrir því. Einkaaðilar eru í þessu til að græða peninga, hæstv. ráðh. Þeir eru ekki í því til að þjóna landsbyggðinni. Ég held að landsbyggðarfólk eigi að íhuga vel þá stefnubreytingu sem hefur orðið hjá Sjálfstfl. í þessu mikils verða máli. Ég segi alveg eins og er að ég gef nákvæmlega ekkert fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðh. sem koma hér og segja að þeir vilji Ríkisútvarpinu allt gott meðan þessar yfirlýsingar formanns Sjálfstfl. standa óhaggaðar, meðan fjárlagafrv. er eins og það er og meðan hæstv. ráðh. fullyrðir að öll ríkisstjórnin standi að þessu fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir.

Ég hef áður minnt á það líka hversu ljóst það er hvern hug Sjálfstfl. hefur í þessu máli. Það var enginn ágreiningur um það hér að það bæri að afnema einokun Ríkisútvarpsins og þegar hæstv. ráðh. reynir að afflytja málflutning okkar Alþýðuflokksmanna í umræðum um útvarpslögin er það ekki mjög heiðarlegur málflutningur af hans hálfu, verð ég að segja, og hefur satt að segja komið mér svolítið á óvart. Við bentum á ýmsa vankanta á þessum málum og ýmsar hættur sem í leyni leyndust og ýmislegt af því sem við töluðum um hefur reynst vera rétt.

Hve umhugað Sjálfstfl. er að styðja þennan rekstur kemur best í ljós af því hvernig hæstv. ráðh. hefur veitt nýrri sjónvarpsstöð t.d. heimild til að flytja inn tollfrjálst svokallaða afruglara, en fyrir því var engin heimild í fjárlögum. Fyrir því er engin heimild í fjárlögum yfirstandandi árs. Það eru alveg hreinar línur. Hæstv. ráðh. átti um tvennt að velja. Hann gat gefið út brbl. til að gera þetta og hann gat óskað heimildar Alþingis. Hann gerði hvorugt. Hann kaus að bera fyrir sig orðalag í fjárlögunum, sem ég hygg að enginn lögfræðingur mundi treysta sér til, að nota og kalla þessa afruglara sem hluta af dreifikerfi útvarps. Það er aldeilis með ólíkindum og hér held ég að ráðherra hafi gerst offari. Hann hafði ekki heimild til að gera þetta að mínu mati, en hann gerði það samt. Hann hafði tvær aðrar leiðir, sem voru fullkomlega réttmætar, að gefa út brbl. eða leita heimildar Alþingis. Hann gerði hvorugt. Þetta finnst mér ekki til fyrirmyndar. Og ég veit ekki betur en sami hæstv. fjmrh. hafi beitt sér fyrir því í fyrra að felld var till. frá þm. úr fimm flokkum um að fella niður aðflutningsgjöld af nýjum upptökubíl sjónvarpsins, að fella niður þessi gjöld. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðh. hafi beitt sér fyrir því að öll gjöld af tækjum til nýju sjónvarpsstöðvarinnar hafi verið felld niður. Felld var till. í fyrra um að fella gjöld niður af upptökubíl sjónvarpsins. Hún var felld við afgreiðslu fjárlaga. Sjálfsagt verður þetta fellt niður núna vegna þess að annað er auðvitað ekki hægt. En mér skilst, og hæstv. fjmrh. leiðréttir það fari ég með rangt mál, að hann hafi fellt niður aðflutningsgjöld af öllum tækjum til nýju sjónvarpsstöðvarinnar. Ég er ekki að leggja mat á hvort það var rétt eða rangt. Það hefði ekki verið óeðlilegt að þessi stöð sæti við sama borð og Ríkisútvarpið sem hefur borgað tolla og aðflutningsgjöld t.d. af þessum sjónvarpsbíl. En þetta sýnir stefnu Sjálfstfl. gagnvart þessari menningarstofnun. Auðvitað eiga menn að fá að reka útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar skv. þessum nýju lögum, um það er enginn ágreiningur, en það er hins vegar ágreiningur um hvort ríkið og ríkissjóður eigi að leggja sig í framkróka um að lyfta þessu en þrýsta útvarpinu niður. Hér er um að ræða grundvallaratriði að því er lífsskoðun manna varðar, hæstv. ráðh. Ég held að hæstv. ráðh. hafi ekki umboð til að afsala ríkissjóði tekjum í þeim mæli sem hann hefur gert að því er þetta varðar. Ég held að hann þurfi að leita heimildar Alþingis til þess. Hann hefur ekki gert það.

Ég gæti sagt ýmislegt fleira um þessi mál, en ítreka það og legg áherslu á að hér er Sjálfstfl. að vega að

landsbyggðinni. Það er verið að vega að því menningartæki sem Ríkisútvarpið er og því öryggistæki og auðvitað endar þetta allt með því að fólkið úti á landsbyggðinni verður látið greiða hærri afnotagjöld til að halda uppi stöðvum hér í þéttbýlinu. Þannig mun þetta enda, því miður.

En það er fleira sem er sleppt í þessu frv. Ég sé ekki að það sé minnst á hitaveiturnar, t.d. á Akureyri, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, sem eiga við gífurlega fjárhagsörðugleika að etja. Þessar hitaveitur voru byggðar á sínum tíma m.a. fyrir hvatningu ríkisvaldsins. Öllum lánum, sem tekin voru til þeirra, var breytt í dollara sem reyndist mjög óhagstætt. Það þarf að rétta þessi fyrirtæki við með einhverjum hætti. Það er alveg ljóst. Það getur ekki gengið svo lengur að fólk sem býr á þessu svæðum borgi margfalt hærri orkugjöld en búar annars staðar á landinu.

Fleira langar mig til að minnast á sem vantar í frv. Frystihúsin, vandamálafrystihúsin sem stundum eru svo nefnd, þurfa einhverja fyrirgreiðslu ef ekki á að láta þau deyja drottni sínum og atvinnulíf á ýmsum stöðum þar með. Hvað á að gera í þeim efnum, hæstv. ráðh.? Og það er enn fleira. Innlendan skipasmíðaiðnað mætti nefna hér til sögunnar. Hvað verður þar? Það er ekkert sagt um það, ekki orð. Á að leggja þann iðnað niður? Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til ályktunar frá aðalfundi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja sem okkur þm. barst í dag. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þetta óskiljanlega stefnuleysi og flumbrugangur í uppbyggingu flotans hefur haft skelfilegar afleiðingar fyrir skipasmíðaiðnaðinn og að sjálfsögðu einnig bitnað illa á útgerðinni og öllu efnahagslífi þjóðarinnar. Undanfarin þrjú ár hefur nánast engin nýsmíði fiskiskipa verið stunduð hér á landi og bannað hefur verið að flytja inn fiskiskip. Endurnýjun fiskiskipastólsins hefur síðustu árin nánast öll verið í formi endurbóta á gömlum fiskiskipum."

Hvað ætlar ríkisstjórnin, hæstv. ráðh., að gera varðandi innlenda skipasmíðaiðnaðinn?

Við getum nefnt fleira. Hæstv. ráðh. vék að Lánasjóði ísl. námsmanna. Tölurnar þar eru óbreyttar. Hvað þýðir það? Það þýðir skerðingu til námsmanna að öllu óbreyttu. Þessar tölur hljóta að hækka í meðförum þingsins. Það hefur engin stefna verið mótuð í þessum málum enn. Óljós fjárþörf lánasjóðsins, sagði hæstv. ráðh. í ræðu sinni áðan.

Þetta sem ég hef nú nefnt, herra forseti, eru bara nokkur dæmi um hversu gloppótt og götótt þetta fjárlagafrv. í rauninni er og hve óljósa mynd það gefur og hversu margt vantar í það.

Ég ætla að víkja aðeins að skattamálum. Við Alþýðuflokksmenn höfum gagnrýnt núverandi skattkerfi. Það er ekki aðeins flókið heldur er það orðið ónýtt. Það vita allir um söluskattskerfið, hversu hriplekt og handónýtt það er orðið fyrir löngu. Á flokksþingi Alþfl., sem haldið var fyrstu helgi októbermánaðar, var gerð ályktun um að taka beri upp virðisaukaskatt, en að sú breyting hafi ekki í för með sér hækkun á framfærslukostnaði heimilanna. Það er auðvitað meginatriði. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að einfalda þetta skattkerfi okkar mjög verulega og langar mig til að víkja að því frekar nokkrum orðum. Það er löngu, löngu orðið tímabært, og raunar hefur hjá ráðumönnum hér í dag verið minnst á það, að taka til við heildarendurskoðun skattkerfisins. Það verður að segja þeim ójöfnuði sem ríkir stríð á hendur og það ástand að efnaðasti hluti þjóðarinnar skuli bæði á löglegan og ólöglegan hátt geta komist hjá því að greiða skatta er auðvitað gersamlega óþolandi. Verkefni okkar hlýtur að vera að einfalda skattkerfið og við erum tilbúnir með tillögur um það sem lagðar munu verða fram á sínum tíma. Við viljum einfalda skattkerfið og gera það auðskilið. Það á að afnema ívilnanir og undanþágur. Þetta kerfi verður að vera þannig að framkvæmd þess og eftirlit verði sem auðveldast svo skattundandráttur verði sem torveldastur. Mikilvægast er auðvitað að þetta kerfi mismuni ekki þegnunum, launamönnum, atvinnurekendum, atvinnustéttum eða rekstrarformum.

Eitt af stærri götunum að því er varðar framtaldar tekjur í þessu skattkerfi okkar eru vaxtatekjurnar og hér er ekki bara átt við skattfrelsi ákveðinnar tegundar sparifjár, sem menn telja almennt ekki fram, heldur tekjurnar af verðbréfaviðskiptum sem eru ekki litlar og færast mjög í vöxt eins og öllum er kunnugt. Mjög lítill hluti þessara tekna, leyfi ég mér að fullyrða, kemur fram á skattframtölum. Eina leiðin til að koma því fram að það sé greiddur skattur af þessum fjármunum er að leyfa ekki að þetta sé dregið frá skatti. Það er líka öruggasta leiðin til að tryggja að ríkissjóður hafi tekjur af þessum fjármagnsviðskiptum og hefur í för með sér minni eftirspurn eftir fjármagni og lægri vexti.

Það er alveg ljóst að okkar mati að það dugar ekkert annað en alger umbylting á skattkerfinu ef almenningur á að fá trú á þessu kerfi. Við vitum það öll. Almenningur hefur enga trú á íslensku skattkerfi. Hann veit hvernig það er, hversu ranglátt, hriplekt og gersamlega hrunið það er.

Við erum þeirrar skoðunar að nýtt skattkerfi verði að uppfylla m.a. eftirtalin atriði:

Það verði ekki lagður tekjuskattur á nauðsynlegan framfærslulífeyri og þeir tekjuhærri greiði hlutfallslega hærri skatt en þeir tekjulægri. Allar tekjur verði skattlagðar, en aðeins skattlagðar einu sinni og eins nálægt upprunanum og mögulegt er og allar tekjur verði skattlagðar með sömu prósentutölu. Enn fremur að skattframtal verði svo einfalt og auðskilið að menn geti talið sjálfir fram og þurfi ekki að kaupa til þess dýra aðstoð.

Við höfum haft frumkvæði um að taka á skattsvikamálum. Fjmrh. birti skýrslu eftir samþykkt tillagna okkar, mjög athyglisverða, sem sýnir hvernig ástandið er í þessu máli.

Ég minntist áðan á virðisaukaskattinn og vara við því að þegar hann verður tekinn upp hafi stjórnvöld ríkt aðhald þegar prósentan verði lækkuð og sjái um

að hún verði í rauninni lækkuð nægilega mikið og freistingin ekki notuð til að auka skattheimtuna verulega. Við erum þeirrar skoðunar að virðisaukaskatturinn geti bætt úr megingöllum söluskattskerfisins. Það hafa komið fram margvíslegar mótbárur gegn virðisaukaskatti. Það neikvæða mætti segja er að hann krefst mikillar vinnu, ekki aðeins af atvinnurekstrinum heldur líka af hinu opinbera. Hins vegar er það umhugsunarefni að meðan athafnamenn fara í ferðalög til útlanda til að kynna sér hvernig þessi skattur er lagður á, hvernig hann kemur út, er ekki hugsað fyrir því að alþm. hafi tækifæri til að kynna sér þessa skattheimtu sem þeir eiga að fara að samþykkja. Þeirri hugmynd hefur í raun og veru verið hreyft, að ég held, að fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda ættu að fara til nágrannalandanna og kynna sér hvernig þessi virðisaukaskattur er í framkvæmd, kynna sér hvort þetta er eins mikil skriffinnska. Ég held að þm. beri skylda til þess, ekki að gleypa bara það sem þeim er rétt hrátt ofan úr fjmrn. Ég held að þetta sé mjög brýnt mál.

Við afgreiðslu fjárlaganna í fyrra lögðum við Alþýðuflokksmenn fram fjölmargar tillögur. Að hverju beindust þær? Þær beindust m.a. að því að draga úr erlendri skuldasöfnun. Þær beindust að því að hrista upp í þessu staðnaða kerfi. Þær beindust að því að auka sjálfstæði ýmissa stofnana ríkisins, láta þær standa undir sér með því að láta þá sem greiða fyrir þjónustuna greiða það sem þjónustan kostar. Þessar tillögur okkar beindust enn fremur að því að vinna gegn síþenslu og sjálfvirkni þessa kerfis á ótal sviðum og þær beindust m.a. gegn velferðarkerfi fyrirtækjanna sem Sjálfstfl. hefur verið afar duglegur að koma upp og sem m.a. er fjallað um í grein eftir dr. Finn Geirsson um fjárlagafrv. 1986. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar hér er komið sögu er eftir að gera grein fyrir tæplega 11 milljörðum kr. eða þriðjungi af fyrirhuguðum ríkisútgjöldum. Mest af þessu fé er ráðstafað af atvinnuvegaráðuneytunum til að styrkja hina og þessa hópa. Þetta gerist í formi beinna framlaga, niðurgreiðslna á vöruverði og lánum, ríkisábyrgð á lánum sem skuldari stendur ekki undir og vaxta af erlendum lánum vegna fjárfestinga sem oft hafa að skila nægilegum arði til að standa sjálfar undir þeim."

Í tillögum okkar voru að ýmsu leyti farnar nýjar leiðir. Kannske að skera svolítið af bákninu. „Bákn-ið burt", sögðu einhverjir menn einhvern tíma, en ég sé ekki betur en þeir sem eru í ríkisstjórninni núna segi aðallega: Báknið „kjurt". A.m.k. vottar lítið fyrir öðru. Ég get tekið undir eitt og annað af því sem hæstv. ráðh. sagði um ríkið. Af hverju á ríkið t.d. að reka grasköglaverksmiðju? Ég sé það ekki. En ég get hins vegar ekki tekið undir með honum þegar hann talar um að það beri að selja þau ríkisfyrirtæki sem skila hagnaði. Af hverju má ríkið ekki græða peninga á slíkum rekstri? Þetta er þessi margfræga sósíalismi myrkrahöfðingjans, andskotans, sem Sjálfstfl. hefur tileinkað sér svo rækilega að það ber að þjóðnýta tapið, en gróðann skulu einstaklingarnir fá að hirða þegar um hann er að ræða.

Við munum flytja ýmsar brtt. við þetta frv. í sama anda og við gerðum áður, þ.e. tillögur sem miða að raunverulegum breytingum. Okkur er ljóst að tillögur um að leggja niður stofnanir eða flytja til starfsemi þurfa meiri aðdraganda en þá tvo mánuði sem nú eru til áramóta. Við leggjum þess vegna áherslu á að fjárlagavinnan sé unnin miklu lengra fram í tímann og reynt að gera áætlanir í víðara samhengi. Eins og lagaskylda býður er að finna reyndar í fjárlagafrv. kafla um horfur í ríkisfjármálum 1988–1990, en hann er heldur rýr og magur, verður að segjast eins og er, ekkert nýtt, engar breytingar því að ekki verður hæstv. fjmrh. sakaður um sérstaka nýjungagirni í þessu frv. a.m.k. Þetta frv. gæti svo sem verið frá hvaða fyrirrennara hans sem væri, svona næstum því. Það vottar hvergi fyrir nýjum hugmyndum. En þessi kafli frv. eða athugasemdanna, sem fjallar um þau ár sem fram undan eru, gæti verið allt öðruvísi, hæstv. fjmrh., ef það vottaði fyrir nýjum hugsunum þarna. Það mætti t.d. hugsa sér að taka einstaka og mikilvæga þætti ríkisfjármálanna og gera þeim skil svo sem hægt er nokkur ár fram í tímann og þá með það að sjónarmiði að gera ríkisrekstrinn hagkvæmari og bæta þjónustuna við þegna íslenska ríkisins. Það mætti t.d. hugsa sér að líta þannig á í þessu sambandi skattakerfið, eins og ég hef vikið að, fyrirtæki hins opinbera, opinber þjónustufyrirtæki sem þjóna atvinnuvegunum, landbúnaðarkerfið, og þá á ég ekki síst við fjármálaþætti kerfisins, fármögnun almannatrygginga og sjúkratryggingar.

Herra forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu. Það eru margir sem hafa bent á að þetta fjárlagafrv. kunni að vera hættulegt þenslufrv. sem stefni árangri í hættu. Þetta frv. er mjög ófullkomið. Það vantar ótal margt í það eins og ég þykist hafa bent á. Það er gloppótt og götótt að því er varðar gjaldahliðina. Niðurstöðutölur frv. tekna- og gjaldamegin eins og það liggur nú fyrir eru hrein markleysa og þær eiga eftir að taka miklum breytingum. Ég minni á að íslenskur almenningur hefur misst trúna á skattkerfinu. Það er ranglátt og það er ónothæft. Ég hef gert grein fyrir afstöðu okkar til þess í sambandi við nýtt, réttlátara og einfaldara skattkerfi. Það hlýtur að vera meginverkefni næstu ríkisstjórnar að beita sér fyrir slíkum umbótum og við Alþýðuflokksmenn höfum ákveðnar, raunhæfar tillögur að gera í þeim efnum. Þetta er kannske það mál sem kosið verður um næst. Svo segir mér hugur um. Það er að umbylta skattkerfinu og auka réttlætið í þessu þjóðfélagi.

En þó að þetta frv. sé þenslufrv. og kannske hættulegt og allt annars eðlis en hæstv. fjmrh. lætur í veðri vaka er þetta líka íhaldsfrv. vegna þess að það vottar ekki fyrir neinum nýjum hugmyndum. Enda þótt hæstv. fjmrh. sé ungur maður ber frv. þess ekki

merki nema síður sé. Þar er ekkert nýtt að finna.

Hverjar eru t.d. hugmyndir Sjálfstfl. um breytingar á skattkerfinu? Þær er ekki að finna í þessu frv.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umræðu frekar. Ég þykist hafa bent á ýmsa ágalla þessa frv. án þess að fara um of niður í einstök smáatriði. Það væri vissulega fróðlegt að gera að umtalsefni hér ýmsar aukafjárveitingar á þeim langa lista sem fylgir frv., það munu væntanlega aðrir gera það á eftir, og þær fullyrðingar hæstv. ráðh. að það séu kjarasamningarnir sem skapað hafa greiðsluhallann. Áttu aukafjárveitingarnar engan þátt í því, alls engan? Því er vísað á bug að kjarasamningarnir hafi verið meginástæða þess að það er greiðsluhalli á ríkissjóði. Það er bara yfirskinsástæða sem hæstv. fjmrh. lætur sér sæma að slá fram í þessum umræðum.

Ég hef, herra forseti, freistað þess að ræða um meginefni þessa frv. að svo miklu leyti sem það er til staðar, en ég legg áherslu á að þetta frv. er allt öðruvísi og það er allt annars eðlis og innihald þess er í rauninni allt annað en hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni í dag og ég þykist hafa leitt rök að því máli mínu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í umræðum um stefnuræðu forsrh. fyrir tveimur vikum vék ég að nokkrum atriðum í fjárlagafrv. sem þá var nýkomið í hendur okkar og svo gerðu raunar fleiri í þeirri umræðu. Er það síst að undra þar sem það er fyrst og fremst í fjárlögum sem stefna hverrar ríkisstjórnar birtist í reynd. Peningar eru því miður svo oft afl þeirra hluta sem gera skal og það nægir ekki að lýsa stefnunni með orðum. Það er framkvæmdin sem máli skiptir.

Þetta frv. til fjárlaga er nú til 1. umr. hér í þinginu, en utan þings hefur það fengið mikla umfjöllun, kannske meiri en oft áður. Sú umfjöllun minnir okkur rækilega á þá staðreynd að sínum augum lítur hver á silfrið eins og máltækið segir. Í þessu tilviki er það fjárlagasilfrið.

Deilur hæstv. fjmrh. og framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins hafa kannske vakið mesta athygli, sérstaklega harkaleg viðbrögð ráðherrans. Vitaskuld þykir honum óþægilegt þegar dregið er svo rækilega fram í dagsljósið hvernig stefna hans og ríkisstjórnarinnar hefur verið í reynd og verst er auðvitað að fá þessar einkunnir frá samherjunum í Vinnuveitendasambandinu. Stjórnarandstæðinga og verkalýðsleiðtoga má alltaf afgreiða með því að ekkert mark sé á þeim takandi, þeir þurfi hvort eð er alltaf að finna að öllu. En samherjana í VSÍ er ekki hægt að afgreiða á þann hátt. Þess vegna bregst hæstv. fjmrh. við hart og talar um barnaskap eða vísvitandi blekkingar. Auðvitað er alveg jafnrétt að bera hækkun skatttekna ríkissjóðs saman við hækkun framfærsluvísitölu eða byggingarvísitölu og að miða við þróun launatekna. Menn verða aðeins að hafa það á hreinu við hvað er miðað.

Ég er ansi hrædd um að almenningi þyki þessar deilur heldur fáfengilegar og koma sér harla lítið við. Það sem skiptir skattgreiðendur máli er að finna það hjá sjálfum sér að hagur þeirra hafi batnað og þeir vilja sjá þess glöggan vott að vel sé með fé þeirra farið.

Fyrir rúmri viku hélt starfsmannafélag Straumsvíkur hressilegan fund um skattamál með fulltrúum stjórnmálaflokkanna. Ekki var á fundarmönnum þar að heyra að þeir hefðu orðið varir við hækkaðan kaupmátt atvinnutekna og ráðstöfunartekna heimilanna, eins og það er orðað, hvað þá að tekjuskattslækkunin margrómaða hefði komið þeim til góða. Hvorki talnarunur né hagfræðihugtök geta sannfært þá um að þeir séu betur settir nú en fyrir þremur árum. Þeim finnst eins og svo mörgum öðrum sem góðærið hafi farið fram hjá þeirra garði og skiptir þá engu máli hvort stuðst er við útlistanir Vinnuveitendasambandsins, hæstv. fjmrh. eða einhverra annarra. Þessir menn og annað almennt launafólk gerir þá kröfu til stjórnenda landsins að þeir reyni að reka þjóðarbúið af einhverju viti, af ábyrgð og samgirni.

Vonbrigði þess eru margvísleg og er því þó hreint ekki alltaf kunnugt um allar þær raunir sem skattpening þess hendir, enda erfitt fyrir Pétur og Pál að fylgjast með því. Það er t.d. ekkert auðvelt að finna út úr því í hvað aukafjárveitingar hafa farið það sem af er þessu ári eða öllu heldur fyrstu níu mánuði ársins. Að vísu hefur það verið stefna hæstv. fjmrh. síðustu þrjú árin að semja og samþykkja raunhæf fjárlög og helst afnema aukafjárveitingar. Þær eru nú orðnar í ár einn milljarður og 600 millj. kr. svo erfiðlega gengur með þá merku stefnu.

Á bls. 362–368 í frv. er listi yfir aukafjárveitingar frá upphafi árs til septemberloka og með nógu mikilli þolinmæði og flettingum fram og til baka má komast að ýmsu forvitnilegu. T.d. má finna á bls. 364 að veittar hafa verið 9 millj. 100 þús. kr. í iðnaðarrannsóknir en með lestri skýringa á bls. 367 upplýsist að þessar iðnaðarrannsóknir eru reyndar samningamakkið við Rio Tinto Zink. Það hefur sem sagt kostað okkur 9 millj. 100 þús. kr. á þessu ári eða svipaða upphæð og ætluð er til þróunarverkefna og iðnráðgjafa í landinu á næsta ári.

Við sjáum líka í þessum lista að Handknattleikssambandið hefur fengið 2,5 millj. í aukafjárveitingu vegna heimsmeistaramótsins, til viðbótar við sérstakt framlag á fjárlögum og til viðbótar við aukafjárveitingar á s.l. ári. Við sjáum að jarðabætur umfram fjárlagaáætlun hafa kostað okkur 35 millj. kr. Við sjáum að innréttingar á nýju húsnæði félmrn. og húsgögn í það hafa kostað ríkissjóð 11,4 millj. kr. Við sjáum að bókaútgáfan Skálholt hefur fengið tæpar 7 millj. kr. Eitt stykki ráðherrabíll hefur verið keyptur á rúmlega 1 millj. kr. og verður ekki séð hvort eldri bíll hefur verið látinn ganga upp í. Og svona mætti áfram telja.

Að sjálfsögðu eru margar aukafjárveitingar fyllilega réttlætanlegar og óhjákvæmilegar en oft orka þær tvímælis og reynslan undanfarin ár sýnir að allt talið um raunhæf fjárlög og litlar, helst engar

aukafjárveitingar hefur reynst marklítið.

Við afgreiðslu fjárlaga í desember s.l. var allt kapp lagt á að sýna tekjuafgang og öllum er nú kunnugt hvernig þær tölur hafa sveiflast til. Samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu er reiknað með hálfum öðrum milljarði í halla á næsta ári og er þá deginum ljósara að sá halli er vanáætlaður bæði hvað varðar launaliði og ýmsa aðra liði. Þrátt fyrir þetta allt saman sér ríkisstjórnin engin ráð til að afla tekna á móti eða auka tekjur sínar yfirleitt nema það eitt að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Er það réttlætt með því að ríkissjóður hafi í engu notið lækkunar olíuverðs á undanförnum mánuðum og sé nú röðin komin að honum að njóta góðærisins af þessum sökum. Slík fullyrðing er að sjálfsögðu röng. Ríkissjóður hefur sparað umtalsverðar fjárhæðir á lækkun olíu- og bensínverðs sem hefur skilað sér í lægri kostnaði við rekstur bíla á vegum ríkisins, rekstur flugvalla um allt land, skiparekstur ríkisins og fleira. Ríkissjóður hefur því sannarlega hagnast á olíuverðslækkuninni eins og aðrir aðilar.

Ég tel þessa álagningu varhugaverða, að ekki sé meira sagt, þar sem hér er ráðist að einni af mikilvægustu forsendunum fyrir því góðæri sem um er rætt, og sumir hafa reyndar orðið meira varir við en aðrir. Þetta er vitanlega ein meginástæðan, ásamt góðum sjávarafla og lækkun vaxta, fyrir því að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verulega bætt sinn hag. Nú á að stefna þeim árangri í voða og virðast ráðherrar ekki sjá neitt rangt við það. Hins vegar mega þeir ekki heyra minnst á skattlagningu stóreigna, arðs af verðbréfum, né að íþyngja megi bönkum og verslunarfyrirtækjum sem mest og best hafa notið góðærisins og stefnu ríkisstjórnarinnar frá upphafi. Þeir halda að sjálfsögðu áfram að bruðla með fé í flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli og vafasamar fjárfestingar í húsbyggingum, innréttingum og öðrum framkvæmdum og þeir hafa gefist upp við að halda rekstrarútgjöldum ríkisins í skefjum.

Þetta er sú mynd sem við blasir í góðærinu og menn skulu ekki gleyma því að við erum ekki aðeins að vísa hallanum í ár til framtíðarlausnar heldur er hann til viðbótar við halla undanfarinna ára svo að nú er það dæmi komið í um 6 milljarða í mínus. Það er heldur ófögur mynd og ófagur vitnisburður um störf og stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Það sem fyrst og fremst vekur athygli og stingur í augu við lestur athugasemda við 4. gr. fjárlagafrv. er sú hækkun sem víðast verður á yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana. Skýringarnar, sem gefnar eru, hljóða víða á þann veg að hækkunin sé „vegna aukinnar starfsemi og fjölgunar starfsmanna". „Hækkunin skýrist af aukinni yfirvinnu". Áætlað sé fyrir „aukningu yfirvinnu í samræmi við reynslu undanfarinna ára". „Yfirvinna hefur reynst meiri en gert hefur verið ráð fyrir". „Yfirvinna hefur verið vanáætluð undanfarin ár" o.s.frv., o.s.frv. Í því tilviki sem síðasta tilvitnunin á við er um 141% hækkun yfirvinnu að ræða. Af þessu mætti draga þá ályktun að um mjög svo aukin umsvif væri að ræða í starfsemi ráðuneyta og ríkisstofnana. Og vissulega er um aukna starfsemi að ræða í sumum tilvikum og víða óhjákvæmilega, þótt önnur tilvik stingi í augu, t.d. stórkostleg útþensla í starfsemi ríkislögmanns, sem Alþingi var þó fullvissað um að væri eingöngu tilfærslumál, þegar lögin um embættið voru samþykkt árið 1985. En að drjúgum hluta er hér í raun og veru um viðurkenningu staðreynda að ræða, þeirra raunalegu staðreynda að sparnaðurinn sem átti að nást á þessu ári með aðhaldi í mannaráðningum og yfirvinnu ríkisstarfsmanna, svo og með lækkun ferða- og risnukostnaðar, náðist alls ekki og raunar er mér til efs að hæstv. fjmrh. og starfsmenn hans hafi trúað því sjálfir að svo yrði. Þessar áætlanir voru settar fram í fjárlagafrv. á síðasta ári og staðfestar í fjárlögum til þess eins, að mínu viti, að fá snyrtilegri niðurstöðutölur.

Við minnumst þess að í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir 130 millj. kr. sparnaði með þessum hætti, þ.e. samdrætti í mannahaldi og minnkun yfirvinnu og enn fremur 120 millj. kr. niðurskurði á ferða- og risnukostnaði. Ég spurðist fyrir um framkvæmd þessara áætlana á þinginu í apríl s.l. og var augljóst af svörum hæstv. fjmrh. að grunur minn var réttur. Þessar áætlanir voru sýndarmennska til þess að fá fram hagstæðari útkomu. Þetta voru svo engan veginn einu brögðin sem beitt var til þess að fá hugnanlegri niðurstöðutölur. Það átti líka að spara 150 millj. kr. í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, en engin svör fengust við spurningum um hvernig menn hygðust ná því marki. Var þó ríkt eftir því gengið, enda óttuðust margir að nú ætti að ganga í vasa sjúkra, öryrkja og aldraðra. Svörin fengust aldrei og að öllum líkindum hefur verið hætt við áform í þessa veru eftir samningana í febrúar og ráðstafanirnar í kjölfar þeirra. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að ná fram sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunarinnar með hækkun þjónustugjalda en annað mál er hvort ekki mætti spara umtalsverðar upphæðir í lyfjakostnaði, sem er gríðarlega stór liður í útgjöldum ríkisins.

Í svari hæstv. fjmrh. við fsp. minni í Sþ. 15. apríl s.l. kom fram að starfshópur innan heilbr.- og trmrn. ynni að athugun á lyfjakostnaði og mótun tillagna til að ná þeim kostnaði niður og er ástæða til að spyrja hvað því starfi líður. Ég beini því þeirri fsp. til hæstv. ráðherra hvað líði vinnu og tillögugerð þess starfshóps sem skipaður var til að vinna þetta verk.

Þá minnumst við þess að rétt eina ferðina var Lánasjóði ísl. námsmanna skammtaður þröngur kostur á fjárlögum þessa árs og gat sú fjárhæð engan veginn staðist nema ætlunin væri að skera lánveitingar til námsmanna niður um 30%, sem reyndar var víst ætlunin, en góðu heilli var komið í veg fyrir.

Ég rifja þetta hér upp vegna þess að hæstv. fjmrh. og aðrir stjórnarliðar tala gjarnan um halla ríkissjóðs á þessu ári eins og eitthvert furðuverk, sem

hafi komið þeim á óvart, og reyna að láta sem svo að þessi greiðsluhalli sé fyrst og fremst tilkominn vegna þeirra ráðstafana sem fylgdu í kjölfar samninganna í febrúar. Stór hluti þessa halla var í raun og veru fyrirsjáanlegur við afgreiðslu fjárlaga í desember s.l.

Fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar vöruðu eindregið við samþykkt þeirra laga eins og þau lágu þá fyrir. Það var mat okkar að samþykkt þeirra væri fullkomið ábyrgðarleysi og við lýstum okkur fús til samstarfs um algjöra endurskoðun þess dæmis. Við bentum á ýmsa enda sem óhnýttir voru og á nokkra þeirra hef ég nú minnt. Niðurstöðutölur þessara laga fengu engan veginn staðist og var það stutt margvíslegum rökum í umræðum hér í þingsölum. Á það vildu stjórnarliðar vitanlega ekki hlusta og svo mikil var nú vandvirknin að t.d. launaliður Ríkisspítalanna misreiknaðist um heilar 50 millj. kr. og er þá naumast að undra þótt sá grunur læðist að að ekki sé alltaf rétt reiknað, stundum vísvitandi, stundum óvart.

Eitt er það sem vekur athygli í skýringum vegna hækkunar á rekstrarkostnaði ráðuneyta og ríkisstofnana og það er að víða er talað um aukinn kostnað vegna tölvuvæðingar. Er þá ekki nóg með að vitanlega er stofnkostnaður töluverður, heldur virðist tölvuvæðingin ekki leiða til þeirrar hagræðingar í rekstri og sparnaðar í mannahaldi sem mátt hefði vænta. Nú má ekki skilja orð mín svo að ég sé andvíg því að ráðuneyti og ríkisstofnanir taki tölvutæknina í þjónustu sína, enda hljótum við að vonast til þess að hún verði til þess að létta störfin og bæta þjónustu við almenning. En ég hef grun um að almennt haldi menn að aukin tölvunotkun hljóti að leiða til aukinna afkasta og meiri framleiðni á hvern starfsmann. Sú virðist alls ekki raunin og áreiðanlega er oft um að kenna ónógum undirbúningi og því að tölvuvæðingin hefur verið gerð að markmiði í stað þess að hún hafi verið notuð til þess að ná settu markmiði.

Í 6. tölublaði tímaritsins Tölvumál, sem kom út í september s.l., er fjallað um þessi mál og m.a. skýrt frá bandarískri könnun sem leiddi það í ljós að framleiðni skrifstofumanna í Bandaríkjunum hefði ekkert aukist í tvo áratugi þrátt fyrir fjárfestingu bandarískra fyrirtækja í tölvum og tölvukerfum fyrir þúsundir milljarða króna. Og fátt bendir til að íslensk fyrirtæki geti státað af betri árangri, varla ríkisstofnanir heldur. Ýmsar ástæður eru tilgreindar sem séu þessa valdandi og m.a. sú að óarðbær vinna hafi aukist, m.a. ýmiss konar skýrslugerð. Niðurlag greinarinnar í Tölvumálum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur tölvuvæðing hér á landi gengið yfir eins og um tískufyrirbæri væri að ræða. Umræða um tölvur, tölvutækni og upplýsingar hefur verið afar einhliða. Hún hefur einskorðast við lofsöng um hina nýja tækni og þá ótæmandi möguleika sem menn telja blasa við okkur á þessu sviði. Það er löngu tímabært að breyta umræðunni og horfast í augu við raunveruleikann. Ástæða er til að ætla að fjárfesting okkar í tölvum hafi ekki skilað meiri árangri en gerst hefur í Bandaríkjunum og hér hefur verið lýst. Á síðustu misserum hafa mörg fyrirtæki hér á landi orðið gjaldþrota. Flest þeirra hafa þó verið sæmilega tölvuvædd á okkar mælikvarða. Mörg önnur hafa lent í hinum mestu erfiðleikum með að laga rekstur sinn að breyttum efnahagsforsendum. Hröð og góð upplýsingamiðlun, stuttar boðleiðir og sveigjanleg stjórnun eru kostir tölvutækninnar eins og fyrr segir. Þeir hefðu átt að auðvelda fyrirtækjunum þá aðlögun sem var nauðsynleg þegar rekstrarforsendur breyttust. Einhver misbrestur hefur orðið á því. Allur dýrðaróður um dásemdir tölvutækninnar hefur því falskan tón þar til menn hafa lært að nota hana á réttan hátt. Tölvan er í raun oft einungis notuð eins og um nýmóðins leikfang sé að ræða sem forráðamenn fyrirtækja stilla upp á skrifstofum sínum meira til skrauts en gagns."

Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að benda á þessa grein og beina því til forráðamanna ráðuneyta og ríkisstofnana að fara sér ekki óðslega í þessum efnum. Það kostar umtalsverða fjármuni að taka þessa tækni í þjónustu sína og ef menn gera það ekki með ákveðin markmið í huga er hér um hreina sóun að ræða.

Það eru reyndar fjölmargir aðrir liðir í ríkisbúskapnum sem áreiðanlega eru þjóðinni miklu dýrari en þeir þyrftu að vera. Vil ég t.d. nefna mannvirkjagerð af ýmsu tagi. Manni blöskrar oft vitleysan og sóunin sem veður uppi í byggingum hins opinbera og stundum er eins og um náttúrulögmál sé að ræða sem enginn þykist geta ráðið við. Er því ekki að neita að nöfn arkitekta vekja misjafnlega alúðleg viðbrögð meðal manna í fjvn. eftir að hafa ferðast um landið og séð minnismerkin sem sumir þeirra reisa sér á kostnað skattborgaranna og standa svo þversum í veginum fyrir endurbótum á hriplekum húsum eða stórskemmdum af því að ekki hefur mátt verja þau fyrir veðrun. Auk þess blöskrar manni ábyrgðarleysið í ráðuneytunum að hleypa fámennum sveitarfélögum af stað með framkvæmdir sem augljóslega eru þeim ofviða. Almennir húsbyggjendur hafa verið sakaðir um að hafa ekki áttað sig nógu fljótt á breyttum aðstæðum og haldið áfram að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir í þeirri trú að skuldirnar mundu eyðast af sjálfu sér, en það er engu líkara en sama villan hafi orðið innlyksa í ráðuneytunum. Á þessu sviði er mikið verk óunnið og mætti fara miklu betur með almenningsfé heldur en gert hefur verið, vanda betur til undirbúnings og sjá fyrir endann áður en hafist er handa.

Herra forseti. Liðirnir í 4. gr. frv. eru mjög margir og vissulega ástæða til að fjalla um þá flesta. Til þess er varla tími nú en ég ætla að fara nokkrum orðum um fáeina þeirra.

Er þá fyrst að nefna lið 803 undir menntmrn., dagvistarheimili, stofnkostnaður. Í athugasemdum á bls. 235 segir aðeins, með leyfi forseta: „Framlag er 20 millj. kr. en var 39,2 millj. kr. í fjárlögum 1986."

Og ekki orð um það meira. Við fengum hins vegar staðfestingu á skoðunum hæstv. fjmrh. í ræðu hans hér áðan. Má ég bara rétt vekja athygli hv. þm. á einum lið til samanburðar, ef það mætti verða til að opna augu einhverra fyrir fáránleika þessa máls. Í lið 252 undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti er Bifreiðaeftirlit ríkisins. Það fær í stofnkostnað 20 millj. 280 þús. kr., eða 280 þús. kr. meira en ætlaðar eru sem framlag ríkisins til bygginga dagvistarheimila á öllu landinu, og af þessari upphæð eru tæpar 18 millj. kr. ætlaðar til innréttinga og tækjakaupa í einu húsi, þ.e. í leiguhúsnæði í Bíldshöfða 8.

Fleira mætti nefna til viðmiðunar, svo sem 95 millj. kr. stofnkostnað Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Er það ekki sísta dæmið um fáránleika þessarar forgangsröðunar.

Ég veit eiginlega ekki hvaða orð á að hafa um svona lagað. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Menn geta vitanlega haft þá skoðun að sveitarfélögin eigi að sjá um byggingar dagvistarheimila eins og hæstv. fjmrh. talaði um hér áðan. En slíkt fyrirkomulag kemst ekki á með því að skera fyrirvaralaust niður framlög á þennan hátt, á sama tíma og klipið er af tekjum sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sviptur tekjum rétt eina ferðina, að þessu sinni rúmlega 300 millj. kr. Þessi liður á fjárlögum, þ.e. stofnkostnaður dagheimila, hefur verið sveltur í mörg ár þótt nú taki fyrst steininn úr. Þetta hefur nú gerst þrátt fyrir fyrirheit þáverandi ríkisstjórnar um markvissa uppbyggingu í dagvistarmálum, sem var liður í samningum við verkalýðshreyfinguna árið 1980. Var því þá heitið að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna yrði fullnægt á næstu 10 árum og áætlun gerð um þá uppbyggingu og er þessi tala, 20 millj. kr., u.þ.b. 1/10 af þeirri upphæð sem þyrfti til þess að mæta þeirri þörf.

Kvennalistinn hefur ítrekað reynt að koma vitinu fyrir ríkisvaldið með tillögum um hækkað framlag þess til byggingar dagvistarheimila og m.a. lagði hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fram frv. á 107. löggjafarþingi um átak í dagvistarmálum þar sem lagt var til að lögbinda framlag til þessara mála við tiltekið hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga. Þetta vildu hv. þm. í Ed. ekki samþykkja, þótt þeir hefðu vissulega fögur orð um nauðsyn úrbóta, og vísuðu frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún mundi sjá svo um að þessum málaflokki væri sómasamlega sinnt. Hún hefur nú sýnt það rækilega að hún var ekki traustsins verð í þessu frekar en ýmsu öðru.

Ræða hv. 6. þm. Norðurl. e. hér áðan sætti vissulega tíðindum og vakti vonir um að meiri hluti Alþingis mundi sannarlega standa vörð um ýmsa félagslega þætti þessa frv., svo sem eins og þennan lið sem ég hef nú gert að umtalsefni. Og því verður ekki trúað að meiri hluti Alþingis samþykki þennan fáránlega og ósanngjarna niðurskurð þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. hér áðan.

Næst vil ég nefna Lánasjóð ísl. námsmanna sem fær í frv. 865 millj. kr. beint framlag úr ríkissjóði en auk þess heimild til 750 millj. kr. lántöku. Þar sem málefni Lánasjóðsins hafa margsinnis verið rædd ítarlega hér í þingsölum og útlit fyrir að fleiri tilefni séu fram undan ætla ég ekki að fara mörgum orðum um þennan lið, en hv. þm. hlýtur að vera það ljóst að með þessu er verið að leggja slíkar vaxtabyrðar á sjóðinn að engu tali tekur. Núverandi ríkisstjórn hefur alla sína tíð grafið undan sjóðnum og unnið slíkt skemmdarverk á fjárhagsgrundvelli hans að illmögulegt verður að rétta hann af. Vaxtagreiðslur sjóðsins skipta orðið hundruðum milljóna árlega og eru sívaxandi orsök þess hve sjóðnum gengur hægt að ná því marki að standa undir sér sjálfur að 80–85% eins og stefnt var að í upphafi.

Þá skulum við aðeins líta á hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa við loforð sín gagnvart byggingarsjóðunum. Í samkomulaginu sem gert var í tengslum við samninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar s.l. lofaði ríkisstjórnin að auka framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári um 200 millj. kr., þ.e. úr 300 millj. kr. í 500 millj. kr. Við þetta mun ekki enn hafa verið staðið. En tækifæri gefst til að fjalla um það síðar þegar hæstv. félmrh. svarar fsp. minni varðandi það mál. Og í frv. því sem hér er til umræðu er framlag ríkis eftir sem áður miðað við 300 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef verður ekki einu sinni hægt að standa við þegar veittar heimildir, hvað þá að veita nýjar og hvað þá að hægt verði að veita nokkrum sköpuðum hlut í uppbyggingu leiguíbúða eins og lögð hefur verið áhersla á af verkalýðshreyfingunni.

Þetta eru nú efndirnar. Auk þess eru undarlegar reikningskúnstir viðhafðar hvað varðar framlag sveitarfélaga, sem áætlað er að leggi fram 140 millj. kr. til verkamannabústaðakerfisins, en samkvæmt lögum og reglum á framlag sveitarfélaganna að vera 10% af heildarlánveitingum og ætti því samkvæmt niðurstöðutölum í töflu 21 á bls. 347 að reikna með 80 millj. kr. framlagi sveitarfélaganna í stað 140 eins og þar stendur.

Hvað beint framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins varðar, þá lækkar það nú úr 1300 millj. kr. í ár í 1000 millj. kr. skv. frv. Að sjálfsögðu er það rétt að heildarráðstöfunarfé sjóðsins hækkar, en vandinn er langt frá því úr sögunni. Ríkisvaldið er einfaldlega að ýta honum á undan sér eins og í fleiri greinum. Nú þegar liggja fyrir um 3000 óafgreiddar umsóknir hjá byggingarsjóðnum og má reikna með að helmingur umsækjenda sé að sækja um til byggingar í fyrsta sinn. Má því áætla að a.m.k. 2 milljarða þurfi til að mæta aðeins þeim umsóknum og er þá algjörlega eftir að fullnægja þörfinni fyrir áframhaldandi lán til þeirra sem þegar eru komnir af stað og inn í kerfið, svo og þeirra sem eru að skipta eða stækka við sig. Þetta þýðir einfaldlega langar biðraðir við dyr Húsnæðisstofnunar ríkisins eins og margir óttuðust þegar nýju lögin voru til afgreiðslu hér í vor.

Herra forseti. Eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni væri sannarlega ástæða til að fjalla nánar um

fjölmarga liði í þessu frv. Það væri t.d. ástæða til að ræða framlög ríkisins til þróunaraðstoðar sem er óravegu frá því markmiði sem stefnt var að í samþykkt Alþingis fyrir hálfu öðru ári. Það væri svo sannarlega líka ástæða til að fjalla ítarlega um frammistöðu stjórnvalda í uppbyggingu Háskólans, svelti Námsgagnastofnunar, atlöguna að Ríkisútvarpinu, en hvað þá stofnun varðar er nú smám saman að koma í ljós allt það sem við Kvennalistakonur óttuðumst að fylgja mundi í kjölfar nýju útvarpslaganna. Tillögum okkar á sínum tíma til eflingar Ríkisútvarpinu voru valdar hinar háðulegustu athugasemdir, en það er nú sem sagt að koma í ljós að ótti okkar við afleiðingar nýju útvarpslaganna reyndist réttur.

Það væri ástæða til að fjalla um svelti Þjóðleikhússins og aumlegt framlag ríkissjóðs til menningarmála almennt að frátöldum Kvikmyndasjóði sem þó fær nú ekki fullt framlag lögum samkvæmt. Hann er þó ólíkt betur settur en ýmsir aðrir sjóðir sem sviptir eru lögboðnum framlögum. Vil ég þar sérstaklega nefna Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem fær aðeins 52 millj. kr. af þeim 102 millj. sem honum bæri lögum samkvæmt, þrátt fyrir gífurlega þörf í þeim málaflokki.

Enn fremur vil ég nefna ferðamálin, sem fá aðeins 15 millj. kr. af lögboðnu framlagi sem ætti að vera 46 millj. 218 þús. kr. Er bersýnilegt að uppbygging í ferðaþjónustu fær þar litla stoð og lítinn skilning stjórnvalda.

Og loks bera að nefna Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er skorinn niður um rúmar 300 millj. kr. á sama tíma og skera á niður framlög til skólaaksturs, sérkennslu, reksturs mötuneyta í grunnskólum, til uppbyggingar dagvistarheimila o.s.frv., o.s.frv. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart landsbyggðinni og það vakti töluverða athygli hér áðan, ræða hv. 6. þm. Norðurl. e., að svo virðist sem annar stjórnarflokkanna hafi ekki vitað um allt sem hér hefur birst í þessu frv. en það er þá kannske þeim mun meiri von til þess að þeir muni standa gegn því með okkur hinum.

Það væri líka ástæða til þess að ræða stefnuna í heilbrigðis- og tryggingamálum, þar sem enn er allt of lítil áhersla lögð á forvarnarstarfið, en aukin áhersla í því efni mundi skila sér margfalt aftur í sparnaði við dýra viðgerðarþjónustu á sjúkrahúsum og í lyfjakostnaði. En hér mun ég nú láta staðar numið í þessari upptalningu.

Herra forseti. „Horfur eru bjartar", sagði hæstv. fjmrh. í upphafsorðum sínum hér í dag og vísar þar með til þjóðhagsáætlunar sem sannarlega er með óvenjulega björtu yfirbragði að þessu sinni. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að spámenn ríkisstjórnarinnar eru alla jafna varkárir og forðast að gera of mikið úr vísbendingum um bættan hag. Óvarlegt er þó að treysta því að þeir séu jafnlélegir spámenn og fyrir tæpu ári þegar þeir spáðu miklu minni hagvexti og lakari viðskiptakjörum en raunin hefur orðið. En óhætt er þó að gera því skóna að þeir séu a.m.k. ekki of jákvæðir nú frekar en endranær og því hægt að reikna með því sem þeirra bjargföstu skoðun að enn fari aðstæður batnandi í íslenskum þjóðarbúskap. Því er þeim mun meiri ástæða til að undrast það og andmæla því að ríkisstjórnin skuli ekki sjá efni til þess að auka kaupmátt launa svo nokkru nemi á næsta ári. Þeim mun meiri ástæða er til að vekja enn og aftur athygli á hrikalegum hallarekstri á A-hluta ríkissjóðs og þungbærum vaxtagjöldum sem væru þó enn þungbærari ef ekki nyti við þeirrar vaxtalækkunar sem orðið hefur á erlendum lánum. Enn mega þeir sem landið erfa horfa fram á þungbæra skuldadaga.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að gera veigamiklar athugasemdir við þær ræður sem hafa verið fluttar við umræðuna. Þær gefa ekki tilefni til langrar svarræðu af minni hálfu. Ég lét þess getið í lok framsöguræðu minnar fyrir frv. að ég mundi láta talsmönnum stjórnarandstöðunnar ábyrgðarleysið eftir og það hefur sannarlega komið í ljós í þeim umræðum sem hér hafa farið fram ef ég undanskil ræðu hv. 7. landsk. þm. sem í alla staði var málefnaleg þó ég sé ekki sammála öllum þeim athugasemdum er þar komu fram.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti ágæta ræðu sem lýsir vel því ábyrgðarleysi sem flokkur hans boðar og ekki síst í ríkisfjármálum. Ræða hans var, ef henni er lýst með hæfilegri einföldun, áhyggjur yfir því að halli skyldi vera á ríkissjóði en síðan upptalning á öllum þeim útgjöldum sem vantar í frv. Með öðrum orðum, niðurstaðan var sú að hann vildi í reynd hafa hallann miklu meiri. Sem dæmi um ábyrgðarleysið í málflutningnum var sú yfirlýsing í upphafi ræðunnar að stefnan í þessu frv. væri andfélagsleg eins og hann orðaði það. Síðan voru tiltekin nokkur dæmi, tekin af handahófi úr fjárlagafrv., og auðvitað er það svo að í hverju fjárlagafrv. eru liðir ýmist að hækka eða lækka. Og það má auðvitað finna liði sem teljast til félagsmála sem hafa lækkað í þessu frv. Auðvitað er það svo eins og jafnan þegar fjárlagafrv. er lagt fram. En ef menn ætla að draga ályktanir og fullyrða í þessu efni verða menn að horfa á fjárlagafrv. í heild og útgjöld þess og stefnumörkun til þessara málaflokka. Það gerði hv. þm. ekki, hann vék sér undan því, enda alveg ljóst að ef menn gera það þá hrinur fullyrðingin. Við skulum horfa á hlutdeild menntaog menningarmála í heildarútgjöldum ríkisins. Það kemur fram í athugasemdum með frv. sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefði getað lesið en hefur að öllum líkindum ekki gert. Hlutdeild mennta- og menningarmála í heildarútgjöldum ríkissjóðs á þessu ári er talin vera 15% en með frv. hækkar hún í 16,1%. Ef við horfum á hlutdeild heilbrigðis- og tryggingamála í útgjöldum ríkisins á þessu ári, þá eru þau talin vera 37,3% en þau verða rétt rúmlega 40% skv. tillögunum í frv. Og svo kemur hv. þm. og segir: Stefnan er andfélagsleg. Það er sko aldeilis alveg augljóst að annaðhvort er hann vísvitandi að blekkja menn með

því að tína til einstök dæmi sem gefa enga heildarmynd af stefnumörkuninni í þessum efnum eða hv. þm. hefur hreinlega ekki lesið frv. og ég ætla að vona hans vegna að það sé heldur skýringin á þessu máli.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék nokkuð að skattamálum. Í fyrsta lagi hélt hann því fram að aðeins væri skilað að hálfu þeirri skattahækkun sem hann fullyrti að hefði orðið á þessu ári með áformum um 300 millj. kr. lækkun tekjuskatts. Hann gleymir því alveg að það voru birtar nákvæmar upplýsingar um það hvernig tekjuaukningin sundurliðaðist vegna meiri tekna af tekjuskatti í ár en áætlað hafði verið. Hann gleymir því að stærsti hluti þeirrar tekjuaukningar stafaði af því að skattstjórar gengu lengra fram í að áætla þeim tekjur sem ekki hafa skilað inn skattskýrslum, þeim sem ekki fóru að skv. lögum og skiluðu skattskýrslunum á réttum tíma. Og hann gleymir því að annar hluti þessa tekjuauka stafar af því að reiknaðar tekjur atvinnurekenda voru vegna nýrra viðmiðunarreglna mun hærri en ráð var fyrir gert. Menn voru að ná auknum skatttekjum af þeim hópum sem menn hafa helst horft til að greiddu ekki til ríkisins það sem þeim ber. Þetta var annar stærsti hluti útgjaldaaukningarinnar. Þriðji hlutinn stafaði af því að tekjur höfðu í raun hækkað á árinu áður og skv. eðli skattkerfisins leiðir það til þess að ríkið fær fleiri krónur í sinn hlut. En það hefur engin áhrif að sjálfsögðu á skattbyrðina, engin áhrif. Nokkur hluti, eða um 100 millj. kr., ef ég man rétt, var tilkominn vegna þess að skattvísitalan var ekki nákvæm þegar hún var ákveðin vegna ófullnægjandi upplýsinga. En það stendur ekki á hv. þm. að fara með rangt mál. Þó hefur hann allar þessar upplýsingar undir höndum.

Það stóð heldur ekki á þingflokki Alþfl. í sumar sem leið að senda mér skeyti og heimta að ég endurgreiddi tekjuaukann sem fékkst vegna þess að reiknaðar tekjur atvinnurekenda voru hærri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, vegna þess að viðmiðunarreglur voru virtar. Þeir sendu mér skeyti norður á Sauðárkrók, þingflokkur Alþfl., til þess að heimta að þetta yrði endurgreitt. Svo koma þeir og flytja langar ræður um það að þeir vilji og séu nú allra manna viljugastir til þess að draga úr skattsvikum og sækja fé í raðir þeirra sem minnst hafa greitt fram til þessa í hlutfalli við tekjur. Það er mikið samræmi í þessum málflutningi. Ég á þetta skeyti og geymi það vel.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék einnig að þeim umræðum sem fram hafa farið að undanförnu um raungildi tekna ríkissjóðs. Því var haldið fram fyrir fáum dögum að raungildi tekna ríkissjóðs hefði aukist um allt að 8% á þessu ári og er það býsna mikið ef satt væri. Og hv. þm. taldi að það væri rétt viðmiðun sem þar væri stuðst við. Það væri rétt að miða raungildi ríkissjóðsteknanna við framfærsluvísitölu eða byggingarvísitölu. Hann veit þó allra manna best, hafandi verið fjmrh., að tekjur ríkissjóðs eru ekki leiddar af kostnaði í þjóðfélaginu, ekki kostnaði heimilanna, ekki kostnaði atvinnufyrirtækjanna. Þær eru leiddar af tekjum bæði að því er varðar beina og óbeina skatta. Og ef menn ætla að miða raungildi skatta við einhverja stærð hlýtur sú viðmiðun að byggjast á viðmiðun við tekjuþróun en ekki kostnaðarþróun. Það liggur í augum uppi. Auðvitað eru þetta réttir útreikningar ef miðað er við framfærsluvísitölu. Spurningin er bara sú, er það rétt viðmiðun? Ég hef bent á að það væri nær lagi að reikna þessa viðmiðun út við hæðina á Morgunblaðshúsinu, m.a. vegna þess að Morgunblaðshúsið er þó föst stærð. En ríkisvaldið var á þessu ári að greiða niður framfærsluvísitöluna. Það var með auknum útgjöldum að lækka þá viðmiðun sem þarna er stuðst við. Þannig að með því að fara þannig að því að mæla raungildi skatttekna ríkissjóðs eru menn að svindla tvisvar sinnum. Og það var sérstaklega athyglisvert að hv. 3. þm. Norðurl. v. skyldi taka undir útreikning af þessu tagi.

Ég minnist þess að þegar ég var í starfi sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins vorum við stundum að hjálpa þeirri ríkisstjórn sem þá sat við völd, og ekki veitti af. Allt gekk þá á afturfótunum, sundurlyndið svo mikið að ekki veitti af að hún fengi stuðning úti í þjóðfélaginu. Ég minnist þess að einhverju sinni lét ég hafa eftir mér, þegar hæstv. þáv. fjmrh. hafði sagt eitthvað sem ástæða var til að taka undir, að orð hans væru eins og töluð út úr mínu hjarta. Þessi yfirlýsing vart birt í Morgunblaðinu og ég held að það hafi tekið hæstv. þáv. fjmrh. einar þrjár vikur að skrifa sig frá þessari ástarjátningu og var þetta þó allt í góðri meiningu sagt. Honum þótti eitthvað óþægilegt að halla sér upp að Vinnuveitendasambandinu. Nú er Vinnuveitendasambandið þekkt fyrir vandaðan og góðan málflutning og nú gerist það einu sinni, í fyrsta skipti sem ég man eftir, að þeim verður fótaskortur í því efni, en þá kemur hv. 3. þm. Norðurl. v. og leggur höfuð sitt í kjöltu þeirra, þá fyrst. Það er einkar athyglisvert.

Sannleikurinn er sá að tekjur ríkisins hafa haldist í hendur við tekjuaukninguna í þjóðfélaginu á þessu ári, enda eru tekjurnar leiddar af tekjunum og þess vegna eðlileg viðmiðun. Þær tölur sýna að engin raungildisaukning hefur orðið. Þessi viðmiðun við tekjuþróunina í þjóðfélaginu er ein viðmiðun sem við getum stuðst við í þessu efni. Önnur, sem er mjög hefðbundin, er að miða við landsframleiðslu. Það er hin almennt viðurkennda viðmiðun og þá kemur auðvitað hið sama í ljós. Og á næsta ári er að því stefnt, með þessu fjárlagafrv., að útgjöldin lækki heldur í hlutfalli af landsframleiðslu en tekjurnar standi í stað. Þessar fullyrðingar hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék einnig að skuldahala. Þó er það staðreynd að þetta frv. miðar að því að lækka ríkissjóðshallann um þriðjung. Hv. þm. hefði frekar átt að rifja upp erlendu skuldasöfnunina sem sú ríkisstjórn stóð fyrir sem hann átti sæti í og hann sjálfur bar auðvitað mesta ábyrgð á. Það hefði verið

nær að rifja það upp.

Hér eru menn að ná þeim árangri að erlendar skuldir opinberra aðila eru í fyrsta skipti í áraraðir að dragast saman, að minnka, menn eru að grynnka á skuldunum. Ég held að hv. þm. hefði fremur átt að rifja upp eigin sögu í þessu efni. Hann hélt því fram að verið væri að skilja eftir vanda handa þeim sem við ættu að taka. Ég get fullyrt það hér og nú að ekki eru miklar líkurnar á því að honum verði treyst til að taka við þeim verkefnum á nýjan leik eins og reynslan hefur dæmt verk hans og félaga hans í fyrri ríkisstjórn og eins og flokkur hans er nú kominn. Þar er hver höndin upp á móti annarri og verið að þrýsta þeim út af þingi sem hafa helst mælt af raunsæi í þeim þingflokki á undangengnum árum. Upplausnarmennirnir eiga að sitja áfram og vera í framboði en þeim einum sem talað hafa af raunsæi og skynsemi er verið að þrýsta út úr hverju kjördæminu á fætur öðru. Og ekki eru miklar líkurnar á því að sá draumur rætist að þessi ábyrgð falli hv. 3. þm. Norðurl. v. aftur í skaut.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék í ræðu sinni að nokkrum atriðum sem hann persónulega gerði fyrirvara um að því er varðaði stuðning af hans hálfu og hugsanlega Framsfl. sem er forustuflokkur ríkisstjórnarinnar, leiðir ríkisstjórnina. Í því sambandi vil ég aðeins minna á það að full samstaða hefur verið um gerð þessa fjárlagafrv., það hefur verið full samstaða milli stjórnarflokkanna að ganga ekki lengra í því að reka ríkissjóð á næsta ári með halla. Þar voru stjórnarflokkarnir sammála um að finna eðlilegt jafnvægi, ná niður halla þessa árs verulega án þess að ganga of nærri skattgreiðendum eða þeim sem opinberrar þjónustu njóta með niðurskurði. Ég þykist þess fullviss að samstarfsflokkur sjálfstæðismanna í ríkisstjórn muni standa við þessa stefnu og ekki standa að útgjaldatillögum sem auka á þennan halla þegar að lokaafgreiðslu frv. kemur.

Nokkuð hefur verið rætt í þessari umræðu um aðgerðir til þess að stemma stigu við skattsvikum. Af hálfu þessarar ríkisstjórnar hefur ýmislegt verið gert í því efni m.a. til þess að styrkja skattstofur í því hlutverki með sérstökum aðgerðum og heimildum til þess að ráða viðbótarmannafla í því skyni. Samin var sérstök skýrsla um umfang skattsvika hér á landi. Hún sýndi að þau eru of mikil en þó kom fram í þeirri skýrslu að skattsvik eru síst meiri hér á landi en í öðrum Evrópulöndum og reyndar bendir flest til þess skv. þessari skýrslu að við stöndum okkur jafnvel og þær þjóðir sem best standa sig í því að innheimta skatta og koma í veg fyrir að neðanjarðarhagkerfi geti grafið um sig. Í þessari skýrslu voru nokkrar ábendingar um aðgerðir til þess að stemma stigu við skattsvikum. Þar var bent á að athuga þyrfti með refsiákvæði vegna skattsvika og af hálfu fjmrn. hefur verið óskað eftir því að dómsmrn. vinni að tillögugerð í samræmi við þetta. Bent var á nauðsyn þess að breyta einstökum ákvæðum í bókhaldslögum og af hálfu ríkisskattstjóra er verið að kanna það mál. Bent var á að hugsanlega gætu skipulagsbreytingar í skattkerfinu stuðlað að bættri innheimtu. Um það eru hins vegar skiptar skoðanir en rétt er að hafa það í huga eigi að síður. Og það sem kannske var mikilsverðast í ábendingum nefndarinnar var að það væri býsna mikilvægt í baráttunni gegn skattsvikum að fækka undanþágum í skattkerfinu. Og einmitt sú ákvörðun að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts byggir á því að fækka undanþágum stórlega og verður veigamikið skref í þessu efni. Þannig er í flestum atriðum verið að vinna í samræmi við þessar ábendingar.

Ég minni líka á eins og ég hef þegar tekið fram að þegar á þessu ári skilaði það árangri að herða viðmiðunarreglur varðandi reiknaðar tekjur atvinnurekenda og það skilaði auknum tekjum umfram það sem áætlað var. Og ég hygg að það hafi verið meira fyrir mistök að Alþfl. sendi skeyti um það að þetta ætti nú allt að endurgreiða. Ég hygg að það hafi á þeim tíma stafað af upplýsingaskorti en úr honum hefur verið bætt.

Hv. 5. landsk. þm. fór um það ýmsum orðum að frv. sem nú liggur fyrir móti enga meginstefnu að því er varðar þróun efnahagsmála eða áhrif á efnahagslífið í landinu almennt. Hann gleymdi því auðvitað þegar sú fullyrðing var sett fram að þetta frv. markar þau þáttaskil að erlendar skuldir opinberra aðila eru nú í fyrsta skipti að minnka. Hann gleymdi því auðvitað að með þessu frv. er verið að minnka ríkissjóðshallann um þriðjung. Og hann gleymdi því auðvitað að það er álit Þjóðhagsstofnunar að með þessu frv., og ef önnur útgjaldaáform Þjóðhagsstofnunar ganga upp, stefnir í viðskiptajöfnuð eða því sem næst á næsta ári. Auðvitað eru þetta mikilvæg atriði sem öll hafa áhrif á efnahagslífið í heild.

Hv. þm. minntist á ráðstefnu sem félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hélt um ríkisfjármálin og áhrif þeirra á þjóðarbúskapinn og ræðu prófessors Þorvaldar Gylfasonar sem þar var flutt. Það er alkunna að hann hefur talið að ríkisfjármálin hafi verið þensluvaldandi á undanförnum árum. Hann setti þá skoðun einnig fram í fyrra þegar fjárlög voru til umræðu en það eru auðvitað ekki allir á einu máli í þessu efni. Á þessari ráðstefnu talaði til að mynda aðstoðarforstjóri Þjóðhagsstofnunar og með leyfi forseta vil ég lesa upp úr niðurlagi erindis aðstoðarforstjórans, en það fjallaði einmitt um áhrif fjárlaga á efnahagslífið. Þar segir:

„Niðurstaðan af þessari umfjöllun um áhrif hallabúskapar hins opinbera á efnahagslífið almennt er því sú að á undanförnum árum hafi hann fremur aukið þenslu í þjóðarbúskapnum en dregið úr henni. Þessi þróun hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þeirra þrálátu vandamála sem einkennt hafa íslensk efnahagsmál þetta tímabil, verðbólgu, viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar. Aftur á móti er rétt að taka fram að síðustu áætlanir benda til þess að verulega muni draga úr lánsfjárþörf hins opinbera á þessu ári. Gildir þá einu hvort litið er á þrönga skilgreiningu þess eða í víðara

samhengi, þ.e. að meðtöldum opinberum fyrirtækjum og sjóðum. Þannig virðast í fyrsta sinn um alllangt skeið allgóðar líkur á að ríkisfjármálin færist nær því marki að stuðla að bættu jafnvægi í efnahagsmálum. Þetta yrði mikilsverður árangur ekki síst þegar þess er gætt að nú stefnir í verulegan hallarekstur á ríkissjóði vegna kostnaðarauka í tengslum við kjarasamninga fyrr á árinu."

Þetta voru ummæli aðstoðarforstjóra Þjóðhagsstofnunar. Nú er það svo að Alþfl. hefur ekki, að minnsta kosti ekki upp á síðkastið, sýnt þeirri stofnun óvirðingu. Þvert á móti hefur hann nú sett svo mikið traust sitt á Þjóðhagsstofnun að hann hefur ákveðið að kalla forstjóra þeirrar stofnunar til þess að leiða kosningabaráttuna. Flokkurinn virðist ekki treysta formanni flokksins til þess að leiða kosningabaráttuna hér í Reykjavík og hefur kallað aðalefnahagssérfræðing og aðstoðarmann ríkisstjórnarinnar í þeim efnum til þess að leiða kosningabaráttuna. (**ÓÞÞ:** Nema hann ætli að reka hana.) Og það var aðstoðarforstjóri þessarar stofnunar sem komst að þessari niðurstöðu á þeirri sömu ráðstefnu og prófessor Þorvaldur Gylfason lét ummæli falla.

Auðvitað má um þessi efni deila og öllum ljóst að ríkissjóður er rekinn með halla. Spurningin er auðvitað sú hversu stórt skref er hægt að stíga á næsta ári til þess að stefna í átt að jöfnuði án þess að skera svo niður þjónustu ríkisins í einu vetfangi að það komi alvarlega niður á þeim sem þeirrar þjónustu njóta eða leggja meiri skatta á borgarana í landinu. Og við höfum fundið þessa leið. Við náum hallanum niður um þriðjung. Við komumst hjá því að hækka skatta sem hlutfall af landsframleiðslu. Við komumst að því marki að lækka útgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu. Við náum því marki að erlendar skuldir eru ekki að aukast heldur eru þær að minnka. Og það er mat Þjóðhagsstofnunar að ef önnur útgjaldaáform á næsta ári standast skv. þjóðhagsáætlun eigi að vera mögulegt að ná viðskiptajöfnuði.

Á þessu er byggt og engum dylst að auðvitað er teflt á tæpasta vað. En hér er um talsverðan árangur að ræða og ef okkur tekst á öðrum sviðum efnahagslífsins að halda útgjöldum í hófi og auka sparnað mun þetta takast, það liggur fyrir. Spurningin er auðvitað hins vegar sú hjá þeim sem gagnrýna þessa niðurstöðu: Hvaða leið vildu þeir fara? Hvar eru skattahækkanirnar sem þeir vildu leggja á til þess að ná meiri jöfnuði? Eða hvar er niðurskurðurinn sem þeir vildu beita til þess að ná jöfnuði? Það er rétt og skylt að lýsa eftir því þegar þessi gagnrýni er fram borin. En ótvírætt má fullyrða að með þessu frv. er stefnt að því að ríkisfjármálin verði virkari þáttur í því að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum en áður hefur verið.

Hv. 5. landsk. þm. vék einnig að því að fjárlagafrv. fylgja eins og oft áður ýmis önnur frv. sem mæla fyrir um tekjur og gjöld. Sum þessara frv. eru þegar komin fram og önnur koma innan skamms tíma en efni þeirra hefur í meginatriðum verið lýst og þess vegna er unnt að ræða þessi efni hér á þeim grundvelli sem fyrir liggur. Alveg á næstu dögum mun frv. um breytingar á skattalögum, tekjuskattslögum, koma fram og enn fremur frv. sem lýtur að aukinni tekjuöflun vegna álags á innflutt eldsneyti. Síðan eru, eins og lýst hefur verið, að koma fram tillögur um nýtt kerfi til innheimtu á óbeinum sköttum, virðisaukaskattur í stað söluskatts. En eins og menn vita tekur allnokkurn tíma að koma þeim breytingum í framkvæmd eftir að lög hafa verið samþykkt, þannig að ekki er ráðgert að sú breyting taki gildi fyrr en í byrjun árs 1988. Hins vegar er að því stefnt að á næsta ári taki ný tollskrá gildi og svo mun væntanlega verða. Og fljótlega verður hægt að leggja fram tillögur í því efni. Rétt er að taka fram að þær tillögur miða við óbreyttar tekjur frá því sem þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir varðandi tolltekjur og vörugjaldstekjur.

Hv. þm. fullyrti að ríkið ætlaði sér með þessu frv. stærri hlut þjóðartekna en áður. Þetta er alrangt. Það kemur skýrlega fram í athugasemdum með frv. að útgjöld ríkisins í hlutfalli af landsframleiðslu eru að minnka úr 27,4% niður í 27% þannig að fullyrðingin hefur við engin rök að styðjast. Menn geta kannske talað svona á lokuðum fundum hjá Alþfl. og látið klappa fyrir sér fyrir vikið en það þýðir ekki að koma með svona málflutning inn á hið háa Alþingi þegar menn hafa fjárlagafrv. með öllum þessum upplýsingum undir höndum.

Hv. 5. landsk. þm. vék einnig að því að til lítils væri að auka framlög til skólabygginga þegar fólk fengist ekki til þess að kenna í skólunum. Mér skildist helst að hann væri að taka undir þann áróður að fólk væri að flýja út úr skólunum í stórum stíl. Ef horft er á tölur um fjölda opinberra starfsmanna kemur í ljós að opinberum starfsmönnum innan BSRB hefur ekkert fjölgað frá síðasta ári. Þeir voru 9728 á síðasta ári og eru það enn á þessu ári. Hins vegar hefur orðið nokkur fjölgun háskólamenntaðra manna. Þeim hefur fjölgað úr 2639 í 2678. Ef við horfum hins vegar á kennarana, sem hv. þm. sagði að fengjust nú ekki til þess að starfa í skólunum sem er verið að byggja, er rétt að minna á að háskólamenntaðir kennarar í framhaldsskólum voru 641 1984, eru 736 núna. Í grunnskólunum voru þeir 177 1984 en eru 254 núna. Og innan Kennarasambandsins voru þeir í grunnskólum 2392 1984 en eru núna 2443 og í framhaldsskólum voru kennarar innan Kennarasambandsins 238 en eru nú 255 þannig að þessi fullyrðing um að kennarar séu að hlaupa út úr skólunum fær auðvitað ekki staðist frekar en flest annað sem hv. þm. minntist á í ræðu sinni.

Ég get hins vegar tekið undir að því er varðar áhyggjur hans af fjármálum Pósts og síma að þau eru auðvitað erfið. Það kemur fram í athugasemdum með frv. Eigi að síður þótti rétt að miða við að ríkissjóður fengi eins og fjárlagafrv. þessa árs gerði ráð fyrir nokkrar tekjur af þeirri starfsemi. Auðvitað má setja á langar ræður um það álitaefni hvort

opinber fyrirtæki eigi að skila ríkissjóði einhverjum hagnaði. Það ætla ég ekki að gera að þessu sinni en mér er ljóst að Póstur og sími á við nokkurn fjárhagsvanda að etja sem ekki verður komist hjá að horfa á.

Hitt er annað með útvarpið. Það hefur farið nokkuð hraðar í framkvæmdum en lánsfjárlög hafa gert ráð fyrir og hefur verið að byggja mikla höll hér í Reykjavík. Ekki veit ég hvort sú mikla hallarbygging þjónar sérstaklega hagsmunum landsbyggðarinnar. Ég hef ekki orðið var við það. Mér er tjáð af fróðum mönnum til að mynda að það offors sem sumir stjórnenda Ríkisútvarpsins beittu þegar samkeppnin fór í gang og hv. 5. landsk. þm. var aðalforustumaður fyrir með því að breyta fréttatímum og þar fram eftir götunum hafi leitt til þess að Ríkisútvarpið hafi misst verulegar auglýsingatekjur. Þegar ríkissjónvarpið fór að sjónvarpa fréttum á aðalauglýsingatíma hljóðvarpsins á kvöldin missti hljóðvarpið auðvitað auglýsingatekjur. Mér er tjáð að þetta hafi einnig haft áhrif á auglýsingatekjur sjónvarpsins í kvölddagskrá. Þarna geta þeir sjálfum sér um kennt sem fóru fram með mestu offorsi vegna nýrrar samkeppni. Það þarf ekki að vera að skella þeirri skuld á aðra.

Hv. þm. vék einnig að þeirri ákvörðun að fella niður gjöld af svokölluðum afruglurum sem nýja sjónvarpsstöðin byggist raunverulega á. Það var álit kunnugra manna að sú heimild sem er í fjárlögum á þessu ári til þess að fella niður gjöld af dreifikerfi taki til þessa atriðis einnig og á því var ákvörðunin byggð. Hún hefði auðvitað ekki verið tekin ef menn hefðu ekki talið og túlkað ákvæðið á þann veg að lagaheimildin væri fyrir hendi með þessum hætti.

Ég ætla ekki að fara að setja á langar umræður um útvarpsmál þó að hv. 5. landsk. þm. komi þeim að í nánast öllum ræðum sem hann flytur burtséð frá því hvert umræðuefnið er. Hann er hins vegar ákaflega sár yfir því að það er stundum minnt á andstöðu Alþfl. við frjálst útvarp. Hún var ekki svo lítil hér á hinu háa Alþingi á sínum tíma. Þjóðin fagnar þessari breytingu og ég skil að það er ósköp erfitt fyrir Alþfl., sem stundum er að tala um að hann sé ekki kerfisflokkur, að sitja uppi með það að hafa þvælst fyrir því að þessi réttarbót náði fram að ganga. Og þingtíðindin bera það ótvírætt með sér. Það vill svo til að það var nafnakall þegar frv. var borið undir atkvæði í Ed. og þingtíðindin bera það ótvírætt með sér að hv. 5. landsk. þm. greiddi atkv. gegn frv. Hann getur talað um það að hann sé í hjarta sínu með frjálsu útvarpi en það eru athafnirnar sem skipta máli. (Gripið fram í.) Hv. þm. var ekki að sitja hjá af því að hann væri óánægður með tæknileg atriði frv. eins og kannske hefði verið eðlilegt ef einhver útfærsluatriði eða tæknileg atriði í frv. hefðu ekki fallið honum í geð. Þá hefði kannske verið eðlilegt að sitja hjá. En þeir einir greiða atkvæði gegn svona frv., hvað sem þeir segja í útskýringum, sem í hjarta sínu vilja koma í veg fyrir að útvarpið yrði frjálst og það gerði hv. þm. mjög ræki lega og reri að því auðvitað öllum árum að frv. næði ekki fram að ganga og varð hinn reiðasti við þegar það varð. Og auðvitað væri ekkert frjálst útvarp í dag ef fyrir það hefði verið brugðið fæti hér á hinu háa Alþingi og það munaði ekki miklu að það tækist. En neiið sem hv. þm. sagði við afgreiðsluna er staðfest í þingtíðindum og hann getur ekki undan því hlaupist þó að ég skilji að það sé ósköp erfitt þegar flokkur eins og Alþfl. er að ganga til kosninga að þurfa að sitja uppi með það að hafa barist gegn þessu.

Hv. 5. landsk. þm. vék einnig að, og það kom mér verulega á óvart, svokölluðum tillögum Alþfl. við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Þeir hafa mikið fjallað um þessar tillögur, haldið um þær langar ræður hér á Alþingi. Ég held að forustumennirnir hafi gert víðreist um landið til þess að segja frá þessum miklu tillögum og skýra þjóðinni frá því hvernig væri nú komið í þjóðfélaginu ef Alþingi hefði samþykkt þessar tillögur. Þá væri nú allt annað uppi á teningnum. Þá væri ekki hallarekstur á ríkissjóði, þá hefði nú aldeilis verið hægt að auka tryggingabæturnar, auka framlögin til húsnæðismálanna og þá væri nú skattakerfið réttlátara og allt þetta. Allir þekkja þessar ræður. Niðurstaðan úr þeim öllum hefur verið þessi: Þá væri ekki halli á ríkissjóði, þá væri ríkissjóður virkilegur þátttakandi í því að ná jöfnuði í efnahagslífinu. Það hefur verið lokastefið í öllum þessum ræðum.

Hvað segir úttekt á þessum tillögum? Niðurstaðan er sú, þegar allt er dregið saman, að hallinn væri 478 millj. kr. meiri ef þetta hefði allt verið samþykkt. Þeir ætluðu að auka tekjur ríkisins af söluskatti um 2800 millj. kr. rúmar. 2800 millj. átti að taka inn í auknum söluskattstekjum. Það voru tillögur Alþfl. Það var fyrsta upphafskerfisbreytingin. Þeir ætluðu m.a. að gera það með því að fækka undanþágum í þessu kerfi sem hefði leitt til enn verri uppsöfnunarvandamála en söluskatturinn gefur þó í dag. Það hefði leitt til meiri mismununar á milli atvinnugreina og auðvitað hækkunar á vöruverði. Svo ætluðu þeir að stórhækka eignarskattana sem er uppáhaldsviðkvæði þeirra, einkanlega þó á atvinnufyrirtækjum. Þeir töldu að atvinnureksturinn byggi við þær aðstæður að það væri sérstaklega auðvelt að hækka eignarskatt á atvinnufyrirtækjum, sennilega sérstaklega á fiskvinnslufyrirtækjum. Þeir ætluðu að hækka launaskattinn og svo mætti lengi telja. Sumt ætluðu þeir að lækka. Þeir ætluðu að lækka tekjuskattinn um 930 millj. kr. og vörugjaldið um 330, en í heild ætluðu þeir að auka tekjur ríkisins um 2300 millj. kr. rúmar. 2300 millj. var ný heildarskattheimta í tillögum Alþfl.

Síðan ætluðu þeir að halda veislu. Þeir ætluðu að auka lífeyristryggingarnar um 2200 millj., sjúkratryggingarnar um tæpar 800 millj. Þeir ætluðu að auka framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um 950 millj. og Lánasjóðs ísl. námsmanna um 225 og þannig mætti lengi telja. Þeir ætluðu að afnema niðurgreiðslur, 978 millj., bara afnema það á einu bretti og hækka þar með vöru-

verð að sama skapi á brýnustu neysluvörum almennings. Það var ein höfuðtillagan. Niðurstaðan er sú að gjöldin áttu að aukast um 2805 millj. skv. þessum tillögum en tekjurnar um 2327 og niðurstaðan aukinn halli upp á 478 millj. kr. Nú skora ég á forustumenn Alþfl., formann flokksins sérstaklega, að fara nú í fundaherferð um allt landið í vetur og segja þjóðinni sannleikann um þessar miklu kerfisbreytingartillögur, segja þjóðinni satt og rétt frá því hvað í þessum tillögum fólst. Það væri athyglisvert. Svo gæti hv. þm. pantað skoðanakönnun í Helgarpóstinum á eftir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um ræður hv. stjórnarandstæðinga sem hafa talað eða gera að svo stöddu fleiri athugasemdir við þann málflutning sem þeir hafa fært fram.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það er að vísu mjög skiljanlegt að hæstv. fjmrh. skuli standa hér í ræðustól á þeim degi sem hann hefur framsögu fyrir fjárlögum sínum og auglýsa eftir tillögum um betri hugmyndir. Það er skiljanlegt þegar jafnhugmyndasnauður pappír liggur á borðum okkar og þessi fjárlög eru. En vegna síðustu orða hæstv. fjmrh. leyfi ég mér að gera smáathugasemd.

Fjmrh. segir: Alþfl. vill hafa hallann miklu meiri. Alþfl. lagði fram tillögur í fyrra sem hefðu þýtt aukningu á rekstrarhalla um 478 millj. kr. Um þetta er það að segja að það er leiðinlegt að sjá og heyra virðulegan hæstv. ráðh. standa í ræðustól og segja ósatt bæði frammi fyrir þingheimi og frammi fyrir þeim hluta þjóðarinnar sem hlustar á eða les þær umræður sem hérna fara fram. Fjmrh. styðst við plagg frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun þar sem sagt er að um sé að ræða athugun á áhrifum breytingartillagna Alþfl. við 3. umr. um fjárlagafrv. 1986 á rekstrarhalla ríkissjóðs 1987. Fölsunin liggur í því að tillögur sem Alþfl. flytur haustið 1986 eru teknar og bornar saman við frv. til fjárl. ársins 1987 eins og ekkert hefði gerst þar á milli. Sem dæmi um það hvað þessi fölsun hefur í för með sér er hægt að benda á að þar er talað um tillögur Alþfl. um framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og þá er gert ráð fyrir því að menn horfi algjörlega fram hjá þeim breytingum á grundvelli fjármögnunar byggingarsjóðanna sem orðið hafa á þessu ári. (**Fjmrh.:** Það gerði Alþfl. í umræðum um lánsfjárlögin í Ed.) Með leyfi, hvenær við lánsfjárlögin? (**Fjmrh.:** Þegar þau voru til umræðu í Ed.) Núna? (**Fjmrh.:** Núna, já.) Nei, Alþfl. horfði ekkert fram hjá þeirri breytingu sem orðið hafði á fjármögnun sjóðanna í umræðum um lánsfjárlög. Það er líka út í hött. Enda erum við að tala um tillögurnar sem gerðar voru við fjárlög 1986 og verið er að bera saman við fjárlög núna.

Með þessu móti, einföldum fölsunum og ósannindum, er auðvitað hægt að framleiða hverja þá niðurstöðu sem menn vilja. Það breytir því ekki að þegar þessar tillögur voru lagðar fram var fengið mat á þeim hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og niðurstaða þess mats sýndi þá miðað við þáv. frv. til fjárl. og miðað við þáv. tillögur Alþfl. og miðað við þáv. verðlagsforsendur að rekstrarafgangur ríkissjóðs yrði um 1,2 milljarðar kr.

Síðan til þess að styðja mál sitt og röksemdafærslu sína um hugmyndasnauðan málflutning stjórnarandstöðu heldur fjmrh. áfram að kalla á tillöguflutning stjórnarandstöðunnar, en staðreynd er að þessi málflutningur hans sýnir náttúrlega mjög glögglega að hann hefur engan áhuga á þeim tillöguflutningi frekar en hann hefur nokkurn áhuga á tillöguflutningi annarra manna, jafnvel þeirra sem standa honum miklu nærri og þá á ég við tillögu t.d. ungra sjálfstæðismanna um ráðdeild í ríkisrekstri sem honum eru fullkunnugar en hann hefur að því er ég best veit lítið tillit tekið til. En ég kem að því síðar.

Til þess að sýna félagslega góðvild þessarar ríkisstj. segir fjmrh. að hlutur menntamála hafi vaxið úr 15% í 16,1% milli fjárlagagerða. Þetta er mikil rausn þegar hugsað er til þess að skv. málflutningi Finns Geirssonar, eins af stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar, kemur fram að hlutur velferðarkerfis atvinnufyrirtækjanna mun vera um 30%, mældur á sömu mælistiku og beri menn það þá saman við þennan hlut menntamála sem fjmrh. er að stæra sig af. Eitthvað kom það við kaunin á hæstv. fjmrh. að hafa fengið skeyti frá Alþfl. vegna þess að hafa ekki staðið við sín fyrirheit um lækkun tekjuskatts og hann reyndi að kasta ábyrgðinni af þessari óhóflegu skattheimtu sinni yfir á skattstjóra og embættismenn eins og þeir réðu því hver skattvísitalan væri og eins og þeir réðu yfir höfuð ákvörðunum og framkvæmdum ríkisstjórnar. Auðvitað var fjmrh. í lófa lagið að breyta skattvísitölunni þegar sýnt var að hún mundi skila miklu meiri tekjum en menn höfðu upprunalega gert ráð fyrir. Hæstv. fjmrh. getur ekki snúið sig út úr þeirri staðreynd að hann hafði öll tök til þess. Og af því að hann ekki vildi það, vegna þess að hæstv. fjmrh. er eftir allt saman enn einn ríkisrekstrarpostulinn sem stendur við að stjórna þessu landi, hefur hann einfaldlega gengið á bak þeirra orða þar sem hann hafði lofað kjósendum því að draga úr tekjuskattsinnheimtu og efndi það einfaldlega með því að stórauka hana.

Hæstv. fjmrh. finnur líka mikla þörf fyrir að reyna að réttlæta sig og gerðir sínar og orð vegna ummæla Vinnuveitendasambandsins og fullyrðir hér að Vinnuveitendasambandið sé í fyrsta sinn á löngum ferli að segja ósatt eða fara með rangt mál og það verður vonandi í síðasta sinn. Ég held að það dyljist engum, sem hefur hlustað á þessa umræðu og röksemdafærslu beggja aðila, að Vinnuveitendasambandið fer þarna algerlega með rétt mál. Auðvitað er um útgjaldavanda að ræða en ekki tekjuvanda, eins og hæstv. fjmrh. er að reyna að telja þjóðinni trú um til að reyna að draga úr þeirri stöðu, sem hann er kominn í, að vera hreinlega lentur úti á köldum klaka með þennan ríkisrekstur

sinn. Auðvitað er staðreyndin sú að ríkisstjórnin hleypti launaskriðinu inn í ríkisbúskapinn gersamlega án þess að setja því nokkrar hömlur, algerlega án þess að sýna þá ráðdeild sem þeir sífellt hafa verið að stæra sig af og sífellt að lofa fólki. Og við spyrjum bara: Ráðdeild? Hvenær og hvernig?

Það duldist engum þegar samningarnir voru gerðir í vetur að þeir aðilar sem að þeim stóðu utan ríkisstjórnar, þá á ég við aðila vinnumarkaðarins, gengu út frá því sem gefnu að þeir sem færu með ríkisfjármálin sýndu aðhald og ráðdeild í rekstri á móts við þær fórnir sem þeir voru að færa. Staðreynd er að ríkið gerði það ekki. Staðreynd er að ríkið hélt áfram að pusa út peningum og fjármunum aðhaldslaust eins og það gerir. Þess vegna er þetta ekki tekjuvandamál, eins og hæstv. fjmrh. vill halda fram, heldur útgjaldavandamál. Ástæðan fyrir því að hann neitar því að þetta sé útgjaldavandamál er sú að þá ber hann ábyrgð á því, en með því að kalla það tekjuvandamál er hægt að reyna að kasta því ryki í augu fólks að það séu einhverjir aðrir sem beri ábyrgð á því.

Síðan segir hæstv. fjmrh.: Menn eru að grynnka á skuldunum. Ég vildi skilja hann þannig að með því væri hann að halda því fram að hann væri og þessi ríkisstjórn að grynnka á skuldunum. Í þjóðhagsáætlun á bls. 30 eru tvær litlar töflur þar sem spáð er um árlega aukningu landsframleiðslu og erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu til næstu ára, þ.e. árin 1988, 1989, 1990 og 1991. Með því að árleg aukning landsframleiðslu verði um 2,6% á ári hverju næstu fjögur ár eftir komandi ár má reikna með því að viðskiptajöfnuður verði 0–0,1% af landsframleiðslu, að erlendar skuldir minnki á þessum fjórum árum úr 45% af landsframleiðslu niður í 38% og að greiðslubyrði sem hundraðshlutatala af útflutningstekjum lækki úr 17,3 niður í 14,8%. Þetta allt saman gerist ef ytri skilyrði halda sér eins og þau eru í dag, þ.e. við hagstæðustu ytri skilyrði. Ef þau skilyrði breytast með einhverjum hætti til hins verra, ef árleg aukning landsframleiðslu er mismunandi milli áranna næstu fjögur árin, ýmist neikvæð eða jákvæð, má alveg eins gera ráð fyrir því að greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum verði meiri 1990–1991 en hún er í ár, að viðskiptajöfnuðurinn geti jafnvel farið niður í -6% af landsframleiðslu og að erlendar skuldir vaxi úr 46% af landsframleiðslu upp í 57.

Það sem þessar tvær litlu töflur segja okkur er það að þeir sem hér eru að spá reikna með því að við stjórnvölinn sitji sömu hugmyndasnauðu stjórnvöldin og sitja núna, þ.e. þeir gera aldrei neitt og þeir gera ekki neitt til að breyta stöðu ríkisins. Ef þeir ekki gera neitt hafa ytri skilyrði svo gífurlega mikil áhrif á afkomu okkar. Ef hægt er að finna einhvern rökstuðning fyrir því að það þurfi að taka rækilega til í stjórnkerfinu og það þurfi þá sérstaklega að taka til í þeim hluta sem snýr að fjárlögunum, þ.e. að breyta fjárlagagerðinni gersamlega, breyta markmiðasetningunni, breyta vinnubrögðunum og flytja ákvarðanavald og ábyrgð á fjárlögunum til í þessu þjóðfélagi þannig að þau séu ekki öll á einni hendi, ef hægt er að finna dæmigerðari rökstuðning fyrir því annan en þennan hugsa ég að það sé vandleitað því að þessar tvær litlu töflur segja í raun og veru: Við verðum að breyta því hvernig við stjórnum því ef við ekki breytum því erum við algerlega háð veðri, vindum, hita sjávar og þar fram eftir götunum og þá skiptir ekki nokkru máli hvaða stjórnvöld sitja hér. Ef við hegðum okkur næstu fjögur, fimm árin eins og við höfum gert, ef við breytum ekkert til, getum við verið komin með landið á kaf, botnlaust, í skuldir eftir fjögur ár eða við getum hugsanlega verið að upplifa gullið góðæri. En það er þá bara vegna þess hvernig ytri skilyrði hafa verið.

Sem dæmi um hvað lítið mark er takandi á því plaggi sem við erum að tala um hérna er t.d. það að hæstv. fjmrh. segir: Ný tollskrá tekur gildi á næsta ári. Ég var ekki alveg viss um hvort ég hafði heyrt rétt, en tollskrá er lög sem verður að samþykkja hér á þingi og tollskráin er líklega einhver viðamestu og flóknustu lög sem við fáum upp í hendurnar einfaldlega vegna þess hversu þetta er umfangsmikið verk. Og að mörgu þarf að gæta og að mörgu þarf að huga þegar farið er í gegnum þessi lög. Ég get nefnt sem dæmi að það eru um tvö ár síðan frv. til umferðarlaga, sem er snöggt um minni bálkur, var lagt fyrir þingi og það er enn þá í meðhöndlun þingsins og allsendis óvíst hvort það verður afgreitt á þessu ári. Að fullyrða að ný tollskrá taki gildi hér á næsta ári er hreint og beint eins og að segja að hæstv. fjmrh. ætli einfaldlega að rúlla yfir þingið þessum lögum algerlega án tillits til þess hvaða skoðanir þingið hefur á þeim.

Þetta er því miður enn þá og enn og aftur aðaleinkennið á frv. af því tagi sem við erum nú að fjalla um, þ.e. fjárlögunum. Þau eru í raun og veru ekkert annað en loðin stefnumörkun. Þau tengjast og eiga tilveru sína í flutningi fjölda annarra lagafrv. sem ekki eru komin fram þegar fjárlögin sjálf eru rædd. Ég held að það sé vel hægt að taka undir við Vilhjálm Egilsson sem tók fjárlögin fyrir, en Vilhjálmur Egilsson er, eins og menn vita, ungur og upprennandi maður í sama flokki og fjármálaráðherra og vegna þess að menn óttuðust að hann væri of mikið upprennandi sameinuðust menn um að sjá til þess að hann kæmist ekki í framboð í Reykjavík og eru jafnvel að hugsa um að flytja hann í útlegð norður á land. Hann metur fjárlögin þannig að þau séu nánast marklaust plagg því að í þeim séu svo gífurlega margir óvissuþættir að ekki sé hægt að líta á fjárlögin öðruvísi en sem veika viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Í fyrsta lagi bendir hann á að allar áætlanir manna um áhrif skatta á tekjur ríkisins standist yfirleitt aldrei. Annars vegar bendir hann á að útgjöld séu alltaf vanáætluð og það þrátt fyrir þá miklu endurbót sem orðið hefur í vinnubrögðum, á framsetningu og undirbúningi fjárlaga. Auðvitað liggur gallinn í

vanaáætlununum. Hann liggur ekki í störfum þeirra einstaklinga, og þá á ég við embættismanna, sem að þessu plaggi vinna. Hann liggur í því að menn leita ekki réttra upplýsinga. Hann liggur í því að menn eiga þarna eins og svo oft áður við stjórnmálamenn að eiga, stjórnmálamenn sem helst ekki vilja láta binda sig um of og leyfa sér að fara út fyrir alla þá ramma sem þeir sjálfir hafa sett sér. Síðan segir hann að þriðji veiki hlekkurinn séu einfaldlega þær efnahagslegu forsendur sem menn gefi sér sem yfirleitt byggist á pólitískri bjartsýni.

Enn fremur segir sami maður, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt er næsta öruggt. Útkoma á ríkissjóði verður ekki eins og sagt er í fjárlagafrv. Við skulum skoða nokkrar tölur", segir hann, „sem ættu að færa okkur heim sanninn um það. Þessar tölur sýna fyrir A-hluta ríkissjóðs fyrir 1984 niðurstöðutölur fjárlagafrv., haustáætlun og útkomu á greiðslugrunni og svo niðurstöðutölur rekstrarjafnaðar á ríkisreikningnum. Fyrir árið 1985 sjáum við svo niðurstöðutölur fjárlagafrv. og haustáætlun.

Lítum fyrst á áætlun 1983. Þá er lagt upp með 82 milljónir í plús í fjárlagafrv. Haustáætlun um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni er upp á 978 milljónir í mínus og útkoman á greiðslugrunni er 1498 milljónir í mínus. Niðurstaða rekstrarjafnaðar á rekstrargrunni í ríkisreikningi er 1435 milljónir í mínus.

Á árinu 1984 er lagt upp með 9 milljónir í plús í fjárlagafrv., haustáætlunin er 70 milljónir í plús og útkoman á greiðslugrunni er 783 milljónir í plús. Niðurstaða á rekstrargrunni er svo 1614 milljónir í plús.

Fyrir árið 1985 er lagt upp með 532 milljónir í mínus, sem er orðið 1859 milljónir í mínus á haustáætlun, og fyrir 1986 er byrjað með 122 milljónir í plús.

Þessar tölur sýna", segir þessi maður, og ég minni menn á að hér er ekki maður úr Alþfl. að tala heldur gallharður sjálfstæðismaður, „að margt á eftir að breytast áður en yfir lýkur fyrir árið 1986. Á hvorn veginn þessar breytingar verða er ekki hægt að segja um á þessari stundu."

Þessi maður, sem hér er verið að vitna í, átti mjög ríkan þátt í gerð samninganna í vetur og það verður að viðurkennast að hann sýndi þar mjög mikla bjartsýni miðað við það mikla raunsæi sem hann sýnir í þessu erindi sínu. En það er líka mjög greinilegt að bjartsýni hans stóðst ekki. Hann trúði eða bara vonaði að hæstv. fjmrh., þessi nýi fjmrh. sem við fengum í fyrra og allir bjuggust við svo miklu af, mundi sýna þá ráðdeild í ríkisrekstri sem fyrrverandi fjmrh. ekki sýndi. Fyrrverandi fjmrh., sem bar ábyrgð á fjárlögum ársins 1984 og 1985, sýndi ekki ýkjamikla ráðdeild í ríkisrekstri og enga hugkvæmni í framsetningu fjárlaga, hvað þá að hægt væri að væna hann um kerfisbreytingar, en þessi nýi fjármálaráðherra tók sig til og bætti um betur eins og sagt er. Sú stóra breyting sem hann stóð að er ekki kerfisbreyting í meðferð ríkisfjármála. Nei, hún er sú að skapa halla, áður óþekktan halla um nokkurra ára skeið, í ríkisrekstri, halla sem virtir menn, virtir sérfræðingar á þessu sviði hafa kallað þensluhalla og segja: Þessi fjárlög eru verðbólgufjárlög. Hvers vegna? Ef við göngum út frá því að þessi halli sem gerist umfram þá lánsfjárþörf sem gera verður ráð fyrir vegna lántöku, ef við segjum að þessi þensluhalli, þessi umframlántaka sé 3,5 milljarðar kr., eins og Þorvaldur Gylfason hagfræðingur heldur fram, og ef við berum það svo saman við þær staðreyndir sem hinn hagfræðingurinn, Vilhjálmur Egilsson, bendir á, þá getum við notað röksemdafærslu Vilhjálms þar sem hann segir: Eitt er næsta öruggt. Útkoman á ríkissjóði verður ekki eins og sagt er í fjárlagafrv. Það þýðir að þessi tala, þessi 3,5 milljarða lántaka umfram það sem nauðsynlegt var, á örugglega eftir að hækka verulega. Ég yrði ekkert mjög hissa þó hún hækkaði um 50% og ég yrði jafnvel ekkert hissa þó hún hækkaði um 100% því það er greinilegt að þessir peningar eru þannig til komnir að menn ætla sér að nota þá í það sem almennt er kallað gæluverkefni ríkisins, gæluverkefni stjórnmálamanna.

Það sem er þó kannske sorglegast þegar þetta er skoðað, og þá á ég við fjárlög, lánsfjárlög og öll góðu áformin sem þessi ríkisstjórn, eins og kannske flestar aðrar, lýsir yfir á tyllidögum og í ræðum hér á þingi, er að þau lýsa kannske mest mjög mikilli vanvirðu á löggjöf. Það lýsir þar af leiðandi líka mikilli vanvirðu á því starfi sem hér fer fram og því kannske engin furða að menn kvarti undan því að Alþingi hafi sett niður í hugum fólks. Þegar ríkisstjórnin virðir ekki þau lög sem samþykkt eru hér á Alþingi, og þá á ég við þegar hún ekki stendur við lögin, þegar menn fara út úr og fram úr þessum lögum eins og um bráðabirgðaáætlanir væri að ræða, er það vanvirða við lög.

Það var greinilegt á málflutningi hæstv. fjmrh. að mjög höfðu farið í taugarnar á honum tillögur Alþfl. frá í fyrra við fjárlög, brtt. eða þær yfir 70 till. sem lagðar voru fram sem brtt. við fjárlögin og mátti í raun og veru líta á sem nokkurs konar fjárlög til að hafa áhrif á það kerfi sem menn höfðu unnið eftir og vinna enn eftir og greinilega hafa ekki nokkurn áhuga á að breyta. Þessi tilraun til kerfisbreytingar virðist fara fádæma mikið í taugarnar á hæstv. fjmrh. Og maður spyr hvað það er sem ýfir svona á honum hárin.

Ef maður hefur fyrir því að lesa Morgunblaðið t.d. frá miðvikudegi 4. desember 1985 á maður nokkuð auðvelt með að átta sig á hvað það er sem var svo óþægilegt í till. Alþfl., svo óþægilegt að ráðherrann kinokar sér ekki við að koma hér í stól og snúa út úr þessum till. með hreinum og beinum strákslegum útúrsnúningi. Ástæðan fyrir því að þetta fer svona mikið í taugarnar á honum er að það er verið að minna hann á hvaðan hann kemur. Það er verið að minna hann á að bak við hann standa dyggir stuðningsmenn, ungir sjálfstæðismenn, og

bíða með brostin augu eftir því að hann fari að gera eitthvað af því sem hann hefur svo ótal, ótal sinnum gefið undir fótinn með að hann ætli að gera í þessum ríkisrekstri.

Það væri, herra forseti, of langt mál að lesa þessar tillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna um ráðdeild í ríkisrekstri. Ég læt mér nægja, með leyfi hæstv. forseta, að tæpa á nokkrum atriðum í þessum tillögum. Í fyrsta lagi er spurningin um markmið þeirra. Það er skemmtileg og fersk hugmynd að hugsa sér að leggja fram fjárlög sem hafa eitthvert markmið annað en það endilega að bókhaldið stemmi, sem er ekkert annað en sjálfsagt tæknilegt atriði, heldur að menn setji fram fjárlög með raunverulegum tilgangi og markmiðum. Fyrsta markmiðið er að draga úr ríkisumsvifum. Annað markmiðið er að koma á skýrri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þriðja verkefnið er að auka kostnaðarhlutdeild notenda opinberrar þjónustu. Og loksins að minnka skattaálögur og auka þar með kaupmátt heimilanna í landinu. Síðan koma tillögur upp á nokkrar síður um hvaða breytingar megi gera á fjárlögum 1986, því þetta er skrifað í jólamánuði á síðasta ári, og segir m.a. um þessar tillögur að í fjárlagafrv., sem lagt var fram á síðasta ári, sé reiknað með því að innheimtur tekjuskattur einstaklinga bruttó nemi 3800 millj. kr. á næsta ári. Auðvitað vitum við að það voru tölur sem breyttust mjög mikið. En með því að nýta alla fjárhæðina sem fæst með ráðdeildartillögum ungra sjálfstæðismanna til tekjuskattslækkunar stæðu aðeins um 1200 millj. eftir af innheimtum tekjuskatti. Mundi hann þá einungis leggjast á raunverulegt hátekjufólk.

Þetta er sýnishorn um hvaða áhrif raunverulegar kerfisbreytingar, þ.e. breytingar sem felast í einhvers konar hugsjónalegri markmiðasetningu í framlagningu fjárlaga, geta haft. Og að standa svo hér í stól og snúa út úr og lýsa síðan eftir tillögum eins og engar hafi verið fluttar, það er leiðinlegur viðræðumáti og sýnir ekki að mínu mati mikla reisn í málflutningi hæstv. fjmrh.

Hvar eru t.d. hugmyndir um breytingar á skattheimtu? Eftir því sem hæstv. fjmrh. lýsti áðan eigum við í vændum einhvers konar tillögur um lagfæringar á tekjuskatti. Ég undirstrika orðið „lagfæringar“ því það er ekki um það að ræða að breyta álagningunni, það er ekki um að ræða að taka raunverulega tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á tekjuskattsinnheimtuna heldur er enn eina ferðina verið að reyna að klóra í bakkann, að sauma enn eina bótina á þá götóttu flík sem tekjuskattskerfi okkar er orðið. Síðan eigum við líklega í vændum frv. um virðisaukaskatt, en að tala um það frv. á þessu þingi vitum við vel að er sýndarmennskan ein einfaldlega vegna þess að það er eitt af þessum frv. sem grundvallarumræða þarf að fara fram um. Það er eitt af þessum frv. sem allir stjórnmálaflokkar verða að skoða mjög vandlega. Hæstv. fjmrh. veit alveg eins vel og ég og alveg eins vel og hvert mannsbarn að menn gefa sér ekki tíma til þess á þessum kosningavetri. Öll loforð um frv. sem hugsanlega verði að lögum og hafi einhverjar breytingar í för með sér fyrir landsins þegna eru því loforð upp í ermina á sér. Hæstv. fjmrh. veit að hann á ekki eftir að sitja nema visst marga daga enn þá í sínu ráðuneyti. Hann situr ekki nema fram á hálft næsta ár. Hann þarf ekkert að standa við þessi loforð, hvað þá heldur að framkvæma nema lítinn hluta af þeim loðnu hugmyndum sem fram koma í fjárlögunum.

Menn hafa, t.d. í Alþfl., stungið upp á því, og það var reyndar samþykkt um það tillaga á síðasta flokksþingi Alþfl., að breyta tekjuskattsinnheimtu í grundvallaratriðum þannig að hætt verði við alla frádrætti sem nú tíðkast. Það er til þess að gera mönnum samhengið milli skattanna og teknanna gegnsætt þannig að menn viti einfaldlega hvar þeir standa og aðrir standa. Þá verði skatturinn sem á verði lagður bara ein prósenta á allar tekjur manna sem náð hafa ákveðnu tekjulágmarki. Þá er náttúrlega miðað við að þetta tekjulágmark miðist við framfærslu eða lífeyri og þessi eina prósenta verði líka um leið bara eitt gjald á laun manna og í þessu gjaldi séu þá líka fólgin öll þau réttindi sem menn ávinna sér núna með því að greiða allt að 15 gjöld tengd launum sem skapa þeim réttindi til orlofs og alls kyns þjónustu hins opinbera.

Nú eru þetta í sjálfu sér ekki nýjar hugmyndir því að hliðstæð skattheimta er stunduð annars staðar í veröldinni. Það sem þessi tegund skattheimtu hefur í sér fólgið er hvað hún er sáraeinföld, hún er réttlát vegna þess að menn hafa yfirsýn yfir hana og vegna þess að hún ákveður þeim mönnum sem hæstar hafa tekjurnar þyngstar byrðar og þeim sem lægstar hafa tekjurnar léttastar byrðar, öfugt við það, sem við upplifum í dag, að í sumum bæjarfélögum sem ég þekki til úti á landi — það er kannske ekki eins áberandi í Reykjavík eins og sums staðar annars staðar — greiða nánast engir skatta nema opinberir starfsmenn og þá ekki nema þá hafi skort þá hugkvæmni að koma sér jafnframt fyrir í einhvers konar sjálfstæðum atvinnurekstri til að sleppa undan skattheimtu. Menn sjá þetta kannske ekki eins vel í stórum bæjarfélögum eins og hér í Reykjavík, en úti á landi verður þetta mjög áberandi.

Til að menn hafi lauslegar hugmyndir um hvað ég er að ræða um mundi t.d. 20% skattur leggjast á segjum við allar tekjur sem hærri væru en 300 þús. kr. Það þýðir að ef maður hefði 600 þúsund kr. tekjur væri skattstofn hans 300 þús. kr. og skattur 60 þús. kr. Ef maður hefði 1200 þús. kr. í tekjur væri skattstofn hans 900 þús., skattgreiðslur 180 þús. Skattbyrði þess sem hafði hærri tekjurnar væri 15% af tekjum hans og skattbyrði þess sem hafði lægri tekjurnar yrði 10% af tekjum hans. Maður sem hefði 300 þús. kr. tekjur hefði engan skattstofn, hann greiddi engan skatt og þar af leiðandi bæri hann enga skattbyrði.

Sams konar vinnubrögð er hægt að nota við skattlagningu fyrirtækja. Það eina sem menn þyrftu að gera sér ljóst og lýsa yfir er hver áform þeirra eru

með því að innheimta skatta, þ.e. hvaða tekjum ætla þeir að ná í upphæðum og hver er tilgangur þeirra með því að taka þessar tekjur. Það er akkúrat þetta grundvallaratriði sem vantar í þessi fjárlög sem við höfum hérna fyrir okkur. Menn setja einhverjar tölur á blað en við vitum að þær standast ekki, þ.e. við vitum að það verður ekki þessi tala sem menn taka í tekjur. Og við vitum líka að það verður ekki þessi tala, sem sýnd er hér í fjárlögum, sem menn leggja út. Og við vitum líka að það verður ekki þessi tala sem tekin verður að láni. Og það er þetta sem fyrst og fremst ber að gagnrýna við gerð þessara fjárlaga.

Það liggur eiginlega beinast við að segja við hæstv. fjmrh. að koma aftur og vera búinn að gera sér grein fyrir því hvað hann raunverulega er að fara fram á að við samþykkjum. Hvaða peninga ætlar hann að taka af þegnunum? Af hvaða þegnum? Og hverjum ætlar hann að skila þessum peningum aftur? Og með hvaða hætti? Eins að menn segi, ég ætla að taka þetta að láni, og taki ekki krónu meira. Þetta eru grundvallaratriði til þess að yfir höfuð sé hægt að ræða um einstaka liði þessara fjárlaga. Þessir einstöku liðir segja í sjálfu sér ekki nema mjög takmarkað vegna þess að við vitum að þeir eru álíka mikið breytingum háðir og öll fjárlögin í heild.

Þess vegna, herra forseti, hef ég ekki beint augum mínum að einstökum fjárlagaliðum, einfaldlega vegna þess að það er einmitt að færa umræðuna yfir á þann vettvang, sem fjmrh. helst og gjarnan vildi að þessi umræða færi fram, vegna þess að þar getur hann beitt hæfileikum sínum til þess að snúa út úr bæði tölum og orðum manna. Þar getur hann drekkt bæði viðmælendum sínum og sjálfum sér í umræðum um keisarans skegg. Þar getur hann líka dregið athygli manna frá þeim himinháu vanefndum sem þessi fjárlög eru vitnisburður um. Vanefndum sem einkennast af því einfaldlega að þessi fjmrh. hefur ekki og mun ekki sýna neina þá ráðdeild í ríkisrekstri sem flokksmenn hans, sem landsmenn og sem jafnvel sumir hérna inni áttu von á að hann mundi sýna þegar hann settist í ráðherrastólinn fyrir ári síðan.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til að gera athugasemdir við ýmislegt af því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Ég ætla að láta það bíða betri tíma. Vegna þess að þá hygg ég að þetta frv. hans hafi tekið á sig skýrari mynd, það verði fleira ljóst um þau tekjufrumvörp óséðu sem frv. byggir á, og það verði búið að fjalla um fjárhagsvanda ýmissa þeirra stofnana sem ég minntist á hér áðan. En ég hafði í rauninni alls ekki ætlað mér að kveðja mér hljóðs hér að nýju, en það var eitt atriði sem gerir það að ég finn mig knúinn til þess. Það var hvernig hæstv. fjmrh. fann sig í því að snúa út úr og rangtúlka afstöðu mína í atkvæðagreiðslu um útvarpslög.

Satt best að segja hefur hæstv. fjmrh. hæfileika til að koma mér á óvart. Ég verð að játa það. Og vegna þess hversu mikla áherslu hann lagði á það, hvílíka ofuráherslu hann lagði á það að ég hefði sagt nei við nafnakall um útvarpslögin, þá ætla ég, með leyfi forseta, að lesa hvernig ég gerði grein fyrir atkvæði mínu við þessa atkvæðagreiðslu, þannig að ekkert fari nú á milli mála. Ég sagði, með leyfi forseta:

„Ég hugsa að vinnubrögðin í kringum allt þetta mál verði lengi í minnum höfð. Í fyrsta lagi tel ég að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í nefnd í Nd. muni verða í minnum höfð um það hvernig eigi ekki að starfa að málum eða hvernig eigi að starfa að málum til að skapa sem mestan glundroða í kringum þau. Nú er nærfellt víst að þetta mál verður afgreitt frá Alþingi, það horfir a.m.k. í það, með minni hluta atkvæða þannig að þessi útvarpslög, sem á að fara að samþykkja, njóti ekki stuðnings meiri hluta þingsins. Mér sýnist allt stefna í það. Það er afar óheppilegt og það er afar slæmt. Ég er fylgjandi því frelsi sem þessi lög gera ráð fyrir að verði aukið frá því sem var þegar ríkisútvarp og sjónvarp hafði eitt rétt til að útvarpa og sjónvarpa. Ég er fylgjandi því að þannig skuli að því staðið. En þessi lög, sem nú er verið að samþykkja, eru þannig úr garði gerð, ég hef áður bent á það hér, að mörg ákvæði þeirra eða sum fá ekki staðist. Gildistökuákvæðin eru út í hött og rugl. Þess vegna er ekki hægt að segja já. Samviska manns segir að ef Alþingi lætur lög þessi fara frá sér með þeim hætti sem nú gerist sé það því til ævarandi háðungar. Þess vegna, herra forseti, ekki vegna þess að ég sé á móti því frelsi, síður en svo, sem lögin gera ráð fyrir, heldur vegna þess hvernig þessi lög eru tæknilega úr garði gerð, þá segi ég nei."

Satt best að segja, herra forseti, ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta. En það verð ég að segja um málflutning hæstv. fjmrh. að ég hélt satt að segja að menn töluðu ekki svona í íslenskri pólitík lengur. Mér fannst þessi útúrsnúningur ráðherrans færa hina pólitísku umræðu mjög langt aftur í tímann og mér fannst hann satt að segja færa umræðuna og hæstv. ráðh. niður á ævintýralega lágt plan.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Fjárlög eru áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs. Fjárlög eru stundum kölluð hagstjórnartæki, tæki til þess að hafa áhrif á aðrar þjóðhagsstærðir, verðlag, neyslu, tekjuskiptingu svo að nefnd séu dæmi. Fjárlög eru ekki bara þskj. nr. 1, þau eru af mörgum talin þýðingarmesta stefnuskjal hverrar ríkisstjórnar. Í fjárlög eru ekki bara skráð markmið heldur eru þau líka helsta tækið til þess að ná þessum markmiðum.

Þegar nýr fjmrh. tekur við og leggur fram fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv., þótt það sé á kosningaári og við útgönguvers ríkisstjórnar, þá verðskuldar það út af fyrir sig almennilega rökræðu um grundvallarþætti stjórnmála, um markmið og leiðir. Það sem dregur úr gildi þessarar umræðu er fyrst og fremst það að þetta þýðingarmikla tæki, fjárlögin, er að flestra dómi, ef ekki ónýtt, þá svo gersamlega úr

lagi fært að jafnvel þótt menn setji sér hin loflegustu markmið og jafnvel þótt veruleg samstaða kunni að vera um æskileg markmið, þá kennir reynslan okkur að þessi markmið nást ekki. Í þeim skilningi hefur það komið rækilega fram í þessari umræðu að þessi fjárlög, eins og öll önnur fjárlög á undanförnum árum, eru marklaus. Það er leiðinlegt til þess að vita ef ungur fjmrh. lokar eyrunum fyrir umræðu af þessu tagi, lætur eins og hann sé með áhrifamikið tæki í höndunum sem muni skila árangri og skellir skollaeyrum við dómi reynslunnar um það að tækið er bilað. Það er mjög leiðinlegt til þess að vita ef ungur fjmrh. lætur af pólitískum hagsmunaástæðum eins og hann þekki ekki til þeirrar umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu, og þá sérstaklega í hópi sérfróðra manna, hver dómur reynslunnar um fjárlögin hafi verið.

Í þessum umræðum hafa dæmin verið nefnd og ég skal ekki nema aðeins rifja þau upp. Ef við lítum á fjárlagafrv. sem lögð hafa verið fram s.l. 6 ár og spyrjum: Hver var dómur reynslunnar um niðurstöðutölur? — þ.e. rekstrarjöfnuð eða rekstrarhalla sem veldur miklu um það hvernig tækið dugar sem hagstjórnartæki — þá er niðurstaðan mjög einföld. Þessar niðurstöður hafa aldrei staðist. Og það hefur ekki numið bara einhverjum tugum milljóna og ekki bara hundruðum milljóna. Það hefur skakkað milljörðum frá því sem var hin upphaflega áætlun og hver var síðan niðurstaðan. Þegar dómur reynslunnar er þessi, þá er niðurstaðan sú að fjárlögin eru ekki það hagstjórnartæki sem menn ætla og það er ekki hægt að taka trúanlega áætlunina ef ekki er hægt að sýna fram á að allri gerð fjárlaganna hafi verið breytt á róttækan hátt í grundvallaratriðum. Ella kennir reynslan okkur það að þetta er líklegt að haldi áfram, að fjárlögin verði marklaus.

Lítum á aðra meginstærð, þ.e. útgjaldahlið fjárlaga. Hversu oft höfum við ekki heyrt hæstv. fjmrh. hér á undanförnum árum fara með rórillið sitt um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum og gera grein fyrir því að það verði að spretta upp fjárlögum jafnvel eftir að þau hafa verið sett, á miðju ári? Og það er verið að setja einhverjar almennar reglur um svo sem eins og 5% niðurskurð í rekstri. Hver er dómur reynslunnar? Dómur reynslunnar er sá að þetta hefur allt saman verið fimbulfamb, allt saman verið sýndarmennska, árangurinn lítill sem enginn. Niðurstöðutölurnar um útgjaldaáætlanir fjárlaga, ekki bara nú heldur áður, eru þær að hér er venja orðin að fegra frv. í skjóli vanáætlana á raunverulegum útgjöldum sem staðfestir síðan að þetta hefur reynst allt á sandi byggt.

Hér hafa verið nefnd dæmi um stórkostleg göt og ég nefni dæmi bæði að því er varðar fjárlög og lánsfjárlög. Dæmi hafa verið nefnd t.d. um furðurekstur á vegum ríkisins sem heitir Áburðarverksmiðja. Dæmi hafa verið nefnd um stofnun eins og Póst og síma. Dæmi hafa verið nefnd að því er varðar bæði fjárlög og lánsfjárlög, stöðu hafnamála. Dæmi hafa verið nefnd um vanda hitaveitna. Dæmi hafa verið nefnd um vanda gjörgæslufyrirtækja í frystiiðnaði. Dæmi hafa verið nefnd um stöðu skipasmíðaiðnaðar. Dæmi hafa verið nefnd um stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Þetta eru bara örfá dæmi af ótal mörgum um það að fyrirsjáanlegur útgjaldavandi er leystur á þann hagkvæma hátt að loka augunum. Hverjar verða afleiðingarnar? Afleiðingarnar eru þær að útgjaldaáætlunin stenst ekki og afleiðingarnar verða þær að einhvern tímann seinna sjá menn lista yfir aukafjárveitingar sem nemur ekki tugum milljóna, ekki bara hundruðum milljóna heldur er hann farinn að hlaupa á milljörðum og nema hrikalega háu hlutfalli af niðurstöðutölum fjárlaga.

Þriðja dæmið: Hér er enn einu sinni, alveg eins og í fyrra, lýst því yfir að stefnt sé að því að stöðva erlendar lántökur og jafnvel stíga fyrsta skrefið til þess að afborganir og vextir af erlendum lánum verði hærri en nýtekin lán. Ég heyrði þetta í fyrra líka. Og í hitteðfyrra. Í fyrra var þetta eitt meginmarkmiðið. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er auðvitað sú að þetta tókst ekki. Niðurstaðan er sú að í góðærinu á yfirstandandi ári hafa erlendar lántökur aukist. Og það er borðleggjandi, ef litið er á lánsfjárlög, að sama mun gerast nú.

Að því er varðar ábendingar prófessors Þorvaldar Gylfasonar, þá er aðalatriðið í þeim þetta: Það er út í hött að vera að ræða um áhrif fjárlaga sem hagstjórnartækis með því að líta bara á einn lítinn part af ríkisbúskapnum sem heitir A-hluti fjárlaga. Auðvitað ber að líta á ríkisbúskapinn sem heild. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að þau rök prófessors Þorvaldar Gylfasonar eru rétt, að ef litið er á ríkisbúskapinn í heild, þá er enn um að ræða skuldasöfnun í góðæri. Það er um að ræða vaxandi lántökuþörf og heildarniðurstaðan af því er aftur sú að fjárlögin, sem hagstjórnartæki til þess að ná settum markmiðum, eru ónýt.

Af því að hæstv. fjmrh. leyfði sér hér á fremur strákslegan hátt að fara niðrandi orðum um tillögugerð okkar Alþýðuflokksmanna við seinustu fjárlög, þá er ástæða til að segja í þessu samhengi: Hann hefur sjálfur ekki úr ákaflega háum söðli að detta, hæstv. fjmrh. Hann er að leggja hér fram hefðbundið fjárlagafrv. þar sem hann hefur ekki grafist fyrir rætur neins þess vanda sem reynslan hefur kennt okkur að er undirrót þenslu sem leiða má beint til ríkisbúskaparins. Hann er að leggja hér fram marklaust fjárlagafrv.

En hvað vorum við að gera þegar við fluttum okkar tillögur? Við vorum í fyrsta lagi að lýsa markmiðum og um þau er áreiðanlega enginn ágreiningur milli okkar og hæstv. fjmrh. og flokksbræðra hans. Markmiðin voru að tryggja í verki hallalausan ríkisbúskap. Það tókst hæstv. fjmrh. ekki. Markmiðin voru að tryggja í verki lækkun erlendra skulda. Það hefur hæstv. fjmrh. ekki tekist. Um hvað snerust þá brtt. okkar? Þær snerust um það að breyta tekjuöflunartæki ríkissjóðs. Hvernig? Jú, með því fyrst og fremst að líta á söluskattstækið,

áhrifamesta tækið og segja: Við verðum að reyna að koma í veg fyrir viðurkenndan og verulegan skattundandrátt að því er varðar söluskattsskil og við gerum það með því að fækka undanþágum. Er ágreiningur um þetta, hæstv. fjmrh.? Ekki heyrðist mér það.

Við lögðum fram tillögur um aukna tekjuöflun í formi stigbreytilegs eignarskattsauka, einkum og sér í lagi á félög sem fól þó í sér lækkun á eignarskatti venjulegra launþegafjölskyldna. Þetta er auðvitað umdeilanleg tillaga. En hún styðst við rök með vísan til þess subbuskapar sem ríkti í efnahagsmálum á liðinni tíð þegar eignamyndun var veruleg fyrir það að skjólstæðingar kerfis þurftu ekki að greiða lán sín til baka. Og þetta er ekki af okkar hálfu hugsað sem endanlegur skattur, heldur sem nánast eins konar tekjujöfnunartæki milli kynslóða sem búið hafa við mjög ólíkan hlut í þessu þjóðfélagi.

Í þriðja lagi vörðuðu tillögur okkar útgjaldaáform ríkissjóðs, tilraunir til þess að stemma stigu við síþenslu, sjálfvirkni og sívaxandi tilhneigingu til þess að sprengja af sér áætlunarramma útgjalda.

Í fjórða lagi fólu tillögur okkar í sér ábendingar um nauðsyn kerfisbreytingar í opinberum rekstri. Hvað eigum við við? Stundum er þetta skammstafað á þann veg að menn tala um velferðarkerfi fyrirtækjanna. Í ágætri grein um fjárlagafrv. síðasta árs færði dr. Finnur Geirsson rök að því að það væri einkenni fyrir íslenskan ríkisbúskap að fast að þriðjungur í útgjöldum ríkissjóðs væri millifærslur af skattpeningi almennings til atvinnuvega og fyrirtækja, ýmist beint eða óbeint. En aðeins um helmingur væri raunverulega tilheyrandi hinu svokallaða velferðarmillifærslukerfi, þ.e. heilbrigðismálum, skólamálum o.s.frv. Okkar tillögur um kerfisbreytingar í ríkisrekstri fólu það í sér að við erum að taka undir þá skoðun að ekki sé réttlætanlegt að skattleggja þann hluta almennings sem greiðir skatta til þess að reiða síðan fram þá 11 milljarða, nú tæpan þriðjung af heildarútgjöldum ríkissjóðs, til atvinnulífs og atvinnurekenda. Að svo miklu leyti sem ríkið þjónustar þessa atvinnuvegi, þá beri að gera það helst þannig að þessar stofnanir séu sjálfseignarstofnanir og í annan stað að sú grundvallarregla verði viðhöfð að þessar þjónustustofnanir selji þjónustu sína á kostnaðarverði. Ætli það væri ágreiningur um þessar tillögur?

Heildarniðurstaðan varð síðan sú að við vildum breyta forgangsröðun verkefna í fjárlögum. Við vildum m.ö.o. draga úr þeim hlut sem fer í beinan rekstur en auka þá afgangsstærð sem hægt er að verja til nýfjárfestingar og verklegra framkvæmda í landinu. Heildarniðurstöður af þessum tillögum voru þær að samkvæmt okkar tillögum hefði rekstrarafgangur þá orðið um 1200 millj. í staðinn fyrir 122, ef ég man rétt, og okkur hefði með samsvarandi tillögum á lánsfjárlögum tekist að lækka ný erlend lán um rúmar 1600 millj. Hvað er það sem hæstv. fjmrh. er að setja út á? Ekki markmiðin. Um þau erum við væntanlega sammála. Er hann að setja út á aðferðirnar? Vera má. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að það megi ekki setja út á þessar tillögur, deila um þær. Það er líka hægt að segja með ærnum rökum að það væri æskilegt að þessar tillögur hefðu komið fram ári áður. En þær komu fram núna í fyrra og þá hefði ég vænst þess, ef það væri samstaða um þær, að hæstv. fjmrh., ef hann er sammála markmiðunum og leiðunum, hefði flutt tillögur sem ganga í svipaða átt nú. Látum vera. En allra leiðinlegast er þó þegar hæstv. fjmrh. eins og komist var að orði dregur umræðuna niður á plan sem ekki er honum samboðið.

Hann veifar hér plaggi frá embættismönnum sínum, dags. 23. okt. og þetta plagg á að sanna að tillögur Alþfl. við fjárlagafrv. árið 1986 hefðu leitt til þess, ef þær væru fluttar nú á breyttum verðforsendum, að fjárlagafrv. ársins 1987, sem hann nú er að flytja, hefði verið með meiri halla, þ.e. tæplega 500 millj. kr. halla.

Þegar hæstv. fjmrh. svaraði gagnrýni vinnuveitenda greip hann til þeirrar líkingar að það væri alveg jafngáfulegt að nota viðmiðun vinnuveitenda að því er varðar skattbyrði og þjóðarframleiðslu eins og að bera saman annars vegar skattbyrði og hæðina á Morgunblaðshúsinu. M.ö.o. að það væri verið að bera saman ósambærilega hluti. Síðan bregður hann á það ráð í stráksskap sínum að birta þingheimi jafnómerkilegt plagg. Auðvitað eiga menn að reyna að forðast að bera saman ósambærilega hluti. Það sem er sambærilegt er: Tillögur Alþfl. fluttar í des. 1986 við þá framlagt frv. til fjárlaga á sömu verðlagsforsendum, útreikningar allir staðfestir af starfsmönnum fjmrn. leiddu til þessarar niðurstöðu. Bera þetta síðan saman við allt annað frv. á öðrum verðlagsforsendum og gefa sér uppdiktaðar forsendur eins og t.d. þessar tvær:

Fyrsta. Að gera ráð fyrir því að ákvarðanir stjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga 1986 og í febr. 1986, t.d. þær ákvarðanir að lækka tekjuöflun ríkissjóðs um tæplega 1500 millj. vegna kjarasamninga sem gerast mörgum mánuðum seinna, eða í öðru lagi að gera ráð fyrir því að við mundum enn flytja sömu tillögur þrátt fyrir það að til er komið nýtt húsnæðislánakerfi, þ.e. við mundum flytja tillögur um stóraukin framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna þrátt fyrir það að þau mál hafi fengið allt aðra lausn, þetta eru svo fráleit vinnubrögð að í raun og veru ætti hæstv. fjmrh. að biðja viðkomandi afsökunar og leiðinlegt til þess að vita að hann er að tefja tíma starfsmanna sinna eða neyða þá til þess að búa til svona ómerkilegt plagg á uppdiktuðum forsendum og fráleitum.

Það sem hæstv. fjmrh. hefði auðvitað átt að gera var að taka efnislega afstöðu til tillagnanna. Við erum hér í 1. umr. fjárlaga um stefnumótun. Er hæstv. fjmrh. ósammála okkur um markmiðin? Ég þarf ekki að spyrja. Það hlýtur að liggja alveg ljóst fyrir. Hann vill stefna að hallalausum ríkisbúskap. Hann vill stefna að lækkun erlendra skulda. Er hæstv. fjmrh. sammála okkur eða ósammála um

nauðsyn þess að stöðva síþenslu og sjálfvirkni í ríkisbúskapnum? Vill hæstv. fjmrh. koma fram einhverjum kerfisbreytingum í ríkisrekstrinum? Vill hæstv. fjmrh. taka undir með eða sýna sjálfur einhverjar tillögur um það hvernig hann ætlar að koma í veg fyrir síþenslu ríkisútgjalda, m.ö.o. hvernig hann vill gera fjárlagafrv. og fjárlögin að nothæfu tæki til þess að hafa áhrif á þýðingarmestu stærð efnahagsmála? Þetta er kjarni málsins.

Mér finnst ákaflega leiðinlegt að hæstv. fjmrh., ungur sem hann er þegar hann er að leggja fram sitt fyrsta frv., skuli hvika frá rökræðum, bera fyrir sig aukaatriði, láta mál sitt snúast um óveruleg aukaatriði, útúrsnúninga, en kveinka sér við viti borinni og skynsamlegri rökræðu.

Ég get að vísu ósköp vel skilið það að pólitíkusinn Þorsteinn Pálsson, í þeirri stöðu sem hann er, kunni að falla í þá freistingu að grípa til slíkra leikbragða, en það er fjmrh. ósæmandi. Tökum dæmi. Hæstv. fjmrh., sem fer þessum óvirðingarorðum og fer með þennan skæting um tillögur andstæðinga, hvaða kröfur gerir hann til sjálfs sín? Lítum á skattakerfið og tekjuöflunarhlut ríkissjóðs.

Það er alkunna að s.l. fjögur ár hefur Alþfl. öðrum flokkum fremur beitt sér fyrir umræðu bæði hér á hinu háa Alþingi og í þjóðfélaginu í heild um skattsvik. Niðurstaða af till. sem hér fékkst samþykkt fyrir forgöngu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var sú að sett var nefnd sem skilaði skýrslu um skattsvik. Það hefur alltaf undrað mig að hæstv. fjmrh. hefur hagað orðum sínum um þetta á þann veg að hann hefur svona sagt eitthvað á þá leið, að þetta umfang skattsvika hafi reynst þrátt fyrir allt minna en hann hafi átt von á eða eins og hann orðaði það núna, síst meira en í nágrannalöndunum. Látum vera. En spurningin er auðvitað um aðgerðir því að það er orðið langt síðan þessi skýrsla var lögð fram.

Hvað sagði hæstv. fjmrh. um aðgerðir? Jú, hann sagði að bent hefði verið á að herða refsiákvæði og þess hefði verið óskað við dómsmrn. að það væri athugað. Hann sagði að fram hefðu komið ábendingar um breytingar á bókhaldslögum og það væri nú í könnun. Hann sagði að fram hefðu komið tillögur um breytt skipulag á skattakerfinu, en það væru skiptar skoðanir um það og ekki var heyrandi á máli hans hvar það mál væri statt. Hann sagði að fram hefðu komið ábendingar um nauðsyn þess að fækka undanþágum, frádráttarliðum og götum í skattakerfinu. Jú, hann sagði að að því væri stefnt að leggja hér fram frv. um virðisaukaskatt, 15. árið í röð sem við heyrum þetta loforð.

Þetta eru náttúrlega ekki snöfurlegar aðgerðir í máli, sem er stærsta þjóðfélagsvandamálið á Íslandi í þeim skilningi að það er stærsta réttlætismálið í landinu, ónýt skattalög. Og um það er enginn ágreiningur. Um það eru allir sammála sem á annað borð þekkja til. En ég spyr. Hæstv. fjmrh. lætur sér nægja svör af þessu tagi, lætur sér nægja að leggja fram fjárlagafrv. sem er eins og við erum búnir að lýsa, lætur sér nægja að byggja það í veigamiklum atriðum á frumvörpum sem hann talaði um í fyrra en eru enn ekki fram komin, eins og t.d. frv. um breytingar á tekjuskatti, tollskrá, vörugjaldi, og þetta orðakonfekt 15. árið í röð, um virðisaukaskatt og staðgreiðslu. Þetta eru ekki góð vinnubrögð. Þetta er ekki til þess að bæta gæði hagstjórnartækisins. Og þetta er ekki málflutningur af því tagi sem bendir til þess að hæstv. fjmrh. geri meiri kröfur til sjálfs sín en til svokallaðra andstæðinga sinna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Niðurstaðan er þessi: Það er sestur á stól fjmrh. ungur maður, leiðtogi Sjálfstfl. Sjálfstfl. boðar þegar það á við ákveðna stefnu, ekki hvað síst í ríkisfjármálum. Stefnan á að vera sú að draga úr ríkisumsvifum. Stefnan á að vera sú að boða kerfisbreytingu í ríkisrekstri. Stefnan á að vera sú að koma með tillögur sem mundu stemma stigu við Parkinsonsveikinni, draga úr síþenslu ríkisútgjalda af því að það er forsendan fyrir hinum meginpósti stefnunnar sem er sú að boða skattalækkanir. Stefnan á að vera sú að boða ráðdeild í ríkisrekstri. Stefnan á að vera sú að koma með tillögur sem svara spurningum eins og þessum: Hvað á ríkið að vera að reka og hvað ekki?

Nú bregður svo við að formaður flokksins og hinn ungi fjmrh. leggur hér fram fjárlagafrv., að vísu á kosningaári, hefði átt að gera það í fyrra, sem er af því tagi að ginnungagapið milli hinnar yfirlýstu stefnu og veruleikans er orðið óþægilega breitt. Vonbrigðin eru alveg tvímælalaust sár, en þau eru auðvitað fyrst og fremst sár í röðum flokksmanna, í röðum ungra sjálfstæðismanna. Í röðum þeirra sjálfstæðismanna er það dálítið alvörumál að sjálfstæðisstefnan sé ekki höfð að háði og spotti, að menn snúi ekki baki við henni um leið og þeir koma inn í þingsalina. Og síst af öllu er það við hæfi, þó að það sé skiljanlegt, mannlegt en ekki stórmannlegt, að hæstv. fjmrh. bregðist við alltaf eins og stunginn grís þegar honum er boðið upp á málefnalega umræðu, þegar lagðar eru fram vandaðar tillögur, sem við gerum enn. Við boðum það. Við munum enn á ný leggja fram vandaðar tillögur, ekki bara um markmið, heldur um það hvernig eigi að ná þeim markmiðum: Að gera fjárlögin marktækari, að draga úr síþenslu ríkisútgjalda, að fækka þeim ríkisstofnunum sem við mundum flokka undir velferðarkerfi fyrirtækja eða gæluverkefni framsóknarkerfisins. Af því að þetta er forsenda fyrir þeim tillögum okkar, að boða og helst að reyna að ná samstöðu, m.a. með sjálfstæðismönnum, um nýtt skattakerfi, sem væri einfalt, auðskilið og réttlátt.

Það er leiðinlegt, herra forseti, að þegar hæstv. fjmrh. er boðið upp á slíka umræðu þá skuli hann bregðast við eins og hann væri enn í stuttbuxnadeild Heimdallar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

8. fundur, mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Íslands sem vinna á farskipum er til staðfestingar á bráðabirgðalögum um sama efni sem gefin voru út 9. maí í vor. Ástæðan til þess að bráðabirgðalögin voru sett var sú að Skipstjórafélag Íslands hafði beitt vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á skipum farskipaútgerða 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí. Jafnframt stóð þá yfir ótímabundin vinnustöðvun Sjómannafélags Reykjavíkur vegna félagsmanna á farskipum frá og með 30. apríl. Allar sáttatilraunir höfðu reynst árangurslausar og engar líkur voru taldar á því að deilurnar leystust í bráð.

Verkfall hafði þá þegar valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna og var óttast að varanlega yrði spillt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja bæði vestan hafs og austan.

Í grg. með bráðabirgðalögunum segir enn fremur m.a.: „S.l. vetur náði ríkisstjórnin víðtæku samkomulagi við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Ríkisstjórnin telur það skyldu sína að gera það sem í hennar valdi stendur til að halda þetta samkomulag og tryggja þannig framgang þeirrar meginstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem í samkomulaginu felst."

Í maílok var svo skipaður þriggja manna gerðardómur skv. lögunum, en dómendur voru tilnefndir af Hæstarétti. Í dómnum voru Friðgeir Björnsson borgardómari, sem jafnframt var formaður, Atli Hauksson löggiltur endurskoðandi og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður.

Úrskurður gerðardóms var kveðinn upp 9. ágúst og gildir til n.k. áramóta nema nýir samningar hafi áður verið gerðir á milli aðila.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Alþt. 1986. B. (109. löggjafarþing).

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 120.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa, en frv. þetta er samið samkvæmt tillögum nefndar til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Fullt samkomulag var í þeirri nefnd um efni frv. Þar áttu sæti fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna, fiskvinnslu og fjögurra stærstu þingflokkanna á Alþingi.

Frv. er flutt til að laga ákvæði um Stofnfjársjóð að hinni nýju skipan um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sem tekin var upp s.l. vor með lögum nr. 24/1986, um greiðslumiðlun og skiptaverðmæti innan sjávarútvegsins. Megintilgangur þess er að auðvelda eigendum skipa, sem eru skuldlausir eða standa í skilum við Fiskveiðasjóð Íslands, að fá endurgreitt sem fyrst það fé sem berst gegnum greiðslumiðlunarkerfið inn á reikning þeirra við Stofnfjársjóð. Í mörgum greinum er frv. efnislega samhljóða núgildandi lögum um Stofnfjársjóð fiskiskipa frá 1976, með áorðnum breytingum.

Helstu nýmæli eru einkum þrjú, en þau eru eftirfarandi:

1. Hvíli ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði er Stofnfjársjóði skylt að greiða til skipseiganda innstæðu á reikningi þess án þess að sérstaklega sé óskað eftir því. Í þessu felst m.a. að sé skip með öllu skuldlaust við Fiskveiðasjóð skuli Stofnfjársjóður ekki hlutast til um að greiða gjaldfallnar afborganir af stofnlánum skips hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun. Þetta er önnur regla en gildir skv. frv. í þeim tilvikum sem skip er í skuld við Fiskveiðasjóð. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að halda megi eftir innstæðu skips til greiðslu skuldar við Byggðasjóð og Ríkisábyrgðasjóð. Þetta er samkvæmt tillögum nefndarinnar, en draga má í efa að sjálfsögðu hvort sé rökrétt að gera það á þennan hátt. Það má taka til nánari athugunar í nefndinni. Komið hafa fram athugasemdir um það.

2. Sé skip með áhvílandi lán hjá Fiskveiðasjóði, Ríkisábyrgðasjóði eða Byggðastofnun, þó ekki í vanskilum, getur skipseigandi með sérstakri beiðni fengið endurgreitt fé af stofnfjársjóðsreikningi sínum. Fiskveiðasjóði er þá heimilt að halda eftir ákveðnum hluta fjárins til greiðslu á næsta gjalddaga eftir ákveðinni hlutfallsreglu miðað við tíma frá síðasta gjalddaga.

3. Innstæða á reikningi skips við Stofnfjársjóð skal njóta vaxta. Ávallt frá stofnun sjóðsins hefur verið ákveði um að væri fé lengur en einn mánuð á reikningi skips skyldi greiða vexti. Í athugasemdum við 7. gr. segir að það hafi fyrst verið lögbundið með lögum nr. 24/1986. Þarna hefur líklega fallið niður lína við prentun því hið rétta er að það hefur verið venja um langan tíma hjá Fiskveiðasjóði að greiða vexti af innstæðu væri hún lengur en hálfan mánuð en ekki einn mánuð á reikningi skips.

Það var sú venja sem var lögfest með lögum nr.

24/1986 er gerð var sú breyting á lögum um Stofnfjársjóð að væri innstæða lengur en hálfan mánuð á reikningi skips skyldi færa til tekna vexti sem væru jafnháir hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum. Með þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að vextir skuli ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum sem teknir eru af skuldum sem á skipi hvíla. Þykir eðlilegt að hafa þennan hátt á því Fiskveiðasjóði reynist erfitt að ná sambærilegri ávöxtun og fasteignalánavextir gefa. Vissulega getur reynst erfitt að miða vexti af innstæðum nákvæmlega við þá vexti sem teknir eru af lánum einstakra skipa, en 7. gr. kveður á um að hliðsjón skuli höfð af þessum vöxtum og ætti það að veita nægilegt svigrúm til þeirrar ákvörðunar.

Ég vil að lokum benda á að það er ein prentvilla í athugasemdum við 7. gr. Þar stendur „með lögum nr. 24/1976“, en á að vera með lögum nr. 24/1986.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

8. fundur, mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. KP o.fl., 86. mál (aukið afla- og sóknarmark). — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Skógrækt, frh. 1. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 104.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá framhald umræðu um skógrækt. um frv. um skógvernd og skógrækt á þskj. 104, en hæstv. landbrh. mælti fyrir þessu frv. í síðustu viku. Ég óskaði þá eftir að umræðu lyki ekki þannig að kostur gæfist á að kynna sér aðeins betur þetta mál. Frv. er að vísu ekki alveg óþekkt hér í hv. deild því að það var flutt á síðasta þingi og var því þá vísað til nefndar af hv. deild. Ég talaði þá lítillega um efni þess en var vanbúinn nokkuð umræðunni að því sinni og vildi því aðeins fá að kynna mér þetta mál frekar áður en það færi til nefndar.

Nú er hæstv. ráðherra ekki hér á fundi. Ég hygg að hann sé ekki viðlátinn. (**Forseti:** Hann mun ekki vera viðlátinn.) Ég er ekki að gera kröfu til þess að umræðu um þetta mál verði frestað þangað til hæstv. ráðherra kemur til þingstarfa á ný en vil koma fram með nokkrar ábendingar varðandi þetta mál sem er mjög mikilsvert, ekki síst í ljósi þess sem er að gerast í sveitum landsins og þeim möguleikum sem ættu að vera til þess að hagnýta skógræktarmálefni og skógverndarmál til hagsbóta fyrir landið allt og íbúa dreifbýlisins sérstaklega. Ég tel því að það þurfi að gaumgæfa vel þetta frv. á vegum þingsins og leggja áherslu á að ljúka endurskoðun laga um skógvernd og skógrækt á þessu þingi því það er óheppilegt að mál af þessu tagi sem skiptir miklu að finna nýjar áherslur í sé lengi að velkjast í þinginu í óvissu um hvaða stefnu löggjafinn vill marka í sambandi við skógræktar- og skógverndarmálefni.

Ég hygg að það sé sitthvað sem megi segja að horfi til bóta í þessu frv. umfram gildandi lög, þó að upp komi ýmsar spurningar í sambandi við frv. af þessu tagi. Það er þá kannske meira það sem maður saknar í frv. en hitt sem í því stendur. Ég hefði viljað sjá mun skýrari áherslur af hálfu ríkisstjórnar í tengslum við frv. um að hverju beri að stefna í skógarmálefnum í landinu, en það er ekki að finna neinar vegvísandi áherslur af hálfu ríkisstjórnar sem leggur mál þetta fyrir, því miður.

Menn geta sagt að það geti komið seinna og skipti þar mestu fjárveitingar og rétt er það. Ekki þarf allt að standa í lögum. En auðvitað hefði verið æskilegt að fram kæmu með allt öðrum og skilmerkilegri hætti stefnumarkandi viðhorf af hálfu stjórnvalda.

Nú þegar talað er um nauðsyn breytinga á búháttum í sveitum er það auðvitað afar brýnt að sveitafólkið fái vitneskju um það af hálfu löggjafar- og framkvæmdavalds hvaða nýjungar það séu sem stjórnvöld vilja styðja við og með hvaða hætti gert sé ráð fyrir að taka þar á með nýjum hætti. Skógarmálefnin eru ein af þessum nýju áherslum sem menn tala nokkuð um í orði en ákaflega lítið hefur gerst í þeim efnum þannig að til einhverra verulegra breytinga eða tíðinda gæti talist og það er það sem maður saknar úr máli hæstv. ráðherra sem mælti fyrir þessu efni og ekkert er að finna um það í fylgigögnum eða öðru sem lýtur að þessu frv. sérstaklega.

Í fáum efnum er mikilvægara að tekið sé skipulega á en í hugsanlegum ræktunarbúskap í sambandi við skógrækt. Það varðar eignar- og umráðarétt lands og það varðar auðvitað vitneskju um það hvar helst er von til þess að stunda slíkan ræktunarbúskap, hvar á landinu, og hvað framkvæmdavald og löggjafarvald eru reiðubúin að leggja á sig til þess að það megi takast.

Það var alveg réttmætt, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni við umræðuna í síðustu viku um þetta mál, að girðingarkostnaður hefur verið þröskuldur í sambandi við skógarbúskap og friðun lands. Því varðar það auðvitað miklu að hægt sé að taka undir allstór svæði hverju sinni til friðunar og

uppgræðslu og til skógræktar þar sem aðstæður benda til að vænta megi góðrar uppskeru, þótt það taki áratugi að það fari að skila sér. Þess vegna er það mjög knýjandi að tekið sé á málunum af framsýni í þessum efnum og virkilega gert átak af hálfu framkvæmdavaldsins til þess að hjálpa bændum og hvetja bændur, sem eru við búskap á slíkum svæðum, til þess að breyta til eða taka upp nýjar áherslur í sínum búskap þannig að eitthvað verði úr hugsjónunum sem margir tala um í orði og eiga sjálfsagt eitthvað við á borði, en þó saknar maður þess að það fylgi eitthvað með sem þarf til framkvæmda.

Skógarmálefni að því er okkar land snertir eru má segja þríþætt og öll þau markmið sem þau snertir eru mjög gild. Ég nefni lauslega: Það er ræktun skóga til yndisauka og útivistar, mjög þýðingarmikið og gott mál. Það er friðun skóglenda eða friðun lands til þess að þar geti komið upp náttúrulegur gróður, þar á meðal skógarkjarr, til þess að vernda jarðveg og þá auðlind sem felst í gróðurríki landsins, hugsanlega til nytja síðar meir, jafnvel beitarnytja eftir að skógur væri upp vaxinn og síðan í þriðja lagi ræktun nytjaskóga til timburframleiðslu. Öll þessi markmið eru gild og góðra gjalda verð. Þeim hefur hins vegar verið um of blandað saman á liðinni tíð og starfið því ekki verið eins markvisst og skyldi.

Það er vikið að þessu í upphafsgrein frv., um verndunargildið, ræktun nýrra skóga og síðan fræðslu um meðferð og ræktun skóga. Ég hefði viljað sjá þetta skilgreint með dálítið öðrum hætti og í þá veru í aðalatriðum sem ég hér hef nefnt. Skógar til útivistar, til jarðvegsverndar og verndar gróðri og til ræktunar nytjaskóga og timburframleiðslu.

Í frv., herra forseti, eru mörg atriði sem hægt er að setja spurningamerki við hvernig takast muni í framkvæmd. Það er m.a. í III. kaflanum varðandi skógvernd og friðun, sambýli beitarbúskapar, skógverndar og skógræktar. Það er vel ef hægt er að koma við þeim ákvæðum sem er að finna í ýmsum greinum frv. eins og 8., 10. og 12. gr. frv. og einnig í IV. kafla um meðferð skóglendis, 13. gr. m.a., en ég set svolítið spurningarmerki við það í ljósi fenginnar reynslu. Það má vel vera að með góðum vilja megi þarna kippa í liðinn með skýrari ákvæðum í lögum. Það er auðvitað nauðsynlegt að gera búfjáreigendur ábyrga fyrir sínum bústofni og eina vonin til að hægt sé að ná einhverjum verulegum árangri í friðun og verndun skóglendis og skógrækt er það að skipting ábyrgðar sé með eðlilegum og skýrum hætti og sambýli þessara aðila sem nytja landið til beitar og hins vegar til uppgræðslu og ræktunar í formi skógræktar þarf að vera sem best. Það þarf að stuðla að því af hálfu löggjafans.

Þetta eru nokkrar almennar ábendingar af minni hálfu, herra forseti. Þegar þetta mál var rætt á síðasta þingi vék ég að starfi nefndar sem þá var starfandi að nafninu til en hafði ekki komið saman alllengi og ríkisstjórnin hafði hlutast til um að skipuð var í tilefni 40 ára afmælis íslenska lýðveldisins. Ég vakti máls á áhyggjum mínum út af því að þessi nefnd hafði ekki komið saman þá í eitt ár eða svo og bað hæstv. landbúnaðarráðherra að hlutast til um það af því að forsætisráðherra sem skipaði nefndina var þá fjarri eins og reyndar nú. Ekki varð það samt til þess að ýta við starfi þessarar nefndar sem skipuð var til að minnast 40 ára afmælis lýðveldisins og kölluð var Framkvæmdanefnd til þess að stuðla að þjóðarátaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli, hvorki meira né minna. Ég tók um það ákvörðun í samráði við minn þingflokk á síðasta sumri að segja mig úr þessari nefnd eftir að árangurslaust hafði verið reynt að ýta við störfum hennar og gerði það bréflega með erindi til hæstv. forsrh. um leið og ég mótmælti þeim vinnubrögðum sem þarna hefðu átt sér stað. Hæstv. forsrh. svaraði erindi mínu með bréfi 15. sept. og ég tel rétt vegna þessarar umræðu að fram komi það sem í því bréfi stendur með leyfi forseta. Þar segir:

„Með tilvísun til bréfs þíns dags. 26. ágúst 1986 skil ég vel vonbrigði þín með nefnd þá sem skipuð var til þess að stuðla að þjóðarátaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli. Það á þó sínar skýringar. Skipun nefndarinnar var byggð á þáltill. sem Gunnar Schram flutti en fékkst ekki afgreidd á þingi. Mér var þá tjáð að engin fjárveiting yrði nauðsynleg því eingöngu yrði um það að ræða að samræma átak hinna fjölmörgu aðila sem á sviði skógræktar starfa. Fljótlega kom þó í ljós að svo var ekki. Þótti mér það ekki óeðlilegt. Um fjárveitingu var sótt eins og þér er kunnugt en fjárveitinganefnd hafnaði þeirri beiðni.

Um framtíð þessa starfs hefur síðan nokkuð verið rætt. Niðurstaðan varð sú að ég ræddi við fjmrh. sem samþykkti að gera ráð fyrir greiðslu úr ríkissjóði fyrir ⅔ hlutum af launum og kostnaði við starfsmann sem yrði hjá Skógræktarfélagi Íslands. Þeir sem enn sitja í nefndinni hafa síðan fjallað um þetta og mæla með ráðningu slíks manns. Sjálfum finnst mér þessi lausn stórum betri en fjölmenn nefnd. Skógræktarfélag Íslands á að hafa það hlutverk að samræma og efla skógrækt og skógræktaráhuga í landinu. Það hefur ekki talið sig geta sinnt því verkefni án þess að fá starfsmann sem nú virðist í augsýn."

Þetta varð niðurstaðan af athugun mála hjá hæstv. forsrh. eftir að ég hafði sagt mig úr þessari starfslausu nefnd og það má auðvitað ýmislegt um það segja. Hæstv. ráðherra hafði haldið að ekki þyrfti neitt fjármagn. Síðan reynir hann að beita sér fyrir fjárveitingu og er hafnað og síðan gerist það eftir að ég hef vakið athygi hans á stöðu mála og sagt mig úr nefndinni koma menn sér þó saman um að gera eitthvað, hverfa að vísu frá samþykkt ríkisstjórnarinnar í minningu 40 ára afmælis lýðveldisins og ákveða að setja niður starfsmann hjá Skógræktarfélagi Íslands til að sinna þeim málum sem fyrirhugað hafði verið að nefnd þessi tæki á. Og ég verð að segja það, það er betra en ekki að þessi hefur þó orðið niðurstaðan frekar en að menn gleymdu þessu alveg. Ég get út af fyrir sig lýst ánægju með það. Ég sé að að þessu er vikið í athugasemdum með

fjárlagafrv. þar sem fjallað er um málefni Skógræktar ríkisins og gert ráð fyrir ákveðinni upphæð, milli 500–600 þús. kr. til þessa starfsmanns eins og raunar kemur fram í ákveðinni grein í þessu frv. sem er til umræðu, að heimild sé til að ráða menn hjá Skógræktarfélagi Íslands í tilteknu augnamiði. Ég vildi geta þessa, herra forseti, þannig að það lægi fyrir hver væri forsaga þessarar tilbreytni.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, vekja athygli á því hver þróun hefur orðið á framlögum til Skógræktar ríkisins og þessara málefna sem eru til umræðu í tengslum við þetta frv. Þar blasir engan veginn við sú mynd sem maður vildi sjá í þessum efnum ef litið er til fjárveitingar til Skógræktar ríkisins á undanförnum árum. Ég óskaði eftir því við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að hún reiknaði út hvernig þessi framlög hafa þróast síðan 1982. Þá kemur í ljós það sem ég nú rek varðandi framlög ríkisins reiknað til áætlaðs verðlags í des. 1986. 1982 var framlag ríkisins 55,9 millj. kr. rúmar, 1983 43,4 millj. tæpar, 1984 40,6 millj., enn lækkandi, 1985 39,8 millj., 1986 32,6 millj. tæpar og 1987 er gert ráð fyrir að framlagið verði 36,5 millj. kr. Allar þessar tölur sem ég nefndi eru reiknaðar til verðlags í des. 1986 og það kemur í ljós að framlag ríkisins til skógræktarinnar hefur lækkað um hvorki meira né minna en 20 millj. kr., rétt um það bil 20 millj. kr., á þessu árabili frá 1982 til fjárlaga þessa árs og fóru reyndar enn neðar á síðasta ári eða niður í 32,5 millj. kr. Það sem vekur athygli eru sértekjurnar sem hafa hækkað á þessu tímabili, það sem skógræktin aflar. Þar kemur í ljós eftirfarandi varðandi sértekjur: 1982 27,3 millj., 1983 29,3, 1984 29,6, 1985 33,5 millj., 1986 12,5 millj. en síðan er á næsta ári gert ráð fyrir að sértekjurnar nemi hvorki meira né minna en 33 millj. kr. eða fari langt í að þrefaldast frá yfirstandandi ári. Ég átta mig ekki á því, herra forseti, hvernig þetta getur talist raunhæft að ná slíkum árangri af hálfu skógræktarinnar á næsta ári og það sem þó aðallega blasir við er þessi lækkun á heildarframlagi ríkisins á þessum árum. Á sama tíma og menn tala fagurlega um nauðsyn skógræktar og átaks í þessum efnum hríðlækkar framlagið til Skógræktar ríkisins af hálfu ríkisins frá ári til árs frá 1982 að telja með þó smávegis yfirbót á komandi kosningaári, ef marka má fjárlagafrv. Þetta er auðvitað mjög alvarleg staða.

Ég veit að það hefur verið farið yfir málefni og möguleika skógræktar í landinu m.a. á vegum 39 manna nefndar forsrh. um framtíðarkönnun, þar sem hann er að lýsa inn á nýja öld. Ég hef kynnt mér svolitið hvað þar hefur verið til umræðu og það eru vissulega mjög athyglisverðir hlutir sem þar eru á dagskrá í sambandi við möguleika nytjaskógræktar í landinu. En þeir draumar ná ekki að rætast ef menn ekki fást til að fjárfesta í skógrækt, þeir byggjast á því. Það eru að vísu engar stjarnháar tölur sem nefndar eru í þeim gögnum sem ég hef séð frá þessari nefnd varðandi skógræktarmál og ekki heldur nein stærðar landsvæði sem taka þyrfti undir til þess að fullnægja að verulegu leyti timburþörf landsmanna. Það er eitthvað um 400 km^2 lands sem gert er ráð fyrir að þyrfti að koma til og þyrfti að planta í á vissu árabili til þess að fá afrakstur síðar meir til timburframleiðslu. Og það fjármagn sem gert er ráð fyrir að þyrfti að leggja til plöntunar o.fl. í þessu samhengi er ekki nema sem svarar 70 millj. kr. á núverandi verðlagi eða þar um bil á ákveðnu árabili svo að möguleikarnir eru þarna. En þá þarf auðvitað skilningur löggjafar- og fjárveitingarvalds á Alþingi að gjörbreytast og tök þessara mála ef menn ætla að gera þarna eitthvert átak í reynd. En það er bara allt önnur mynd sem blasir hér við frá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum eins og í fleiri málum sem snerta nýja möguleika. Þar er bara talað en framkvæmdirnar eru í öfugu hlutfalli við orðin og orðskrúðið. Það er hin nöturlega staðreynd sem við blasir og það er það sem mestu máli skiptir þegar rætt er um þessi efni hér á Alþingi í tengslum við frv. til nýrra laga um þessi mál að menn geri það upp við sig og gefi þjóðinni til kynna hvort menn í reynd vilja standa fyrir nýjum áherslum í þessu efni og tryggja það sem við á að éta í þeim efnum.

Varðandi frv. sjálft tel ég að mörg atriði þar þurfi að gaumgæfa og treysti hv. nefnd til að fjalla um þetta efni og ráða þar á bót í ýmsum greinum, sem ég tel að þyrfti að koma til í sambandi við þetta frv., en alveg sérstaklega hvet ég til þess að menn kynni sér þær álitsgerðir sem fyrir liggja og láti til sín heyra um þessi efni. Það verður auðvitað verkefni nýrrar ríkisstjórnar á þessu sviði sem öðrum að reyna að breyta til og snúa við þeirri öfugþróun sem núv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir í þessum efnum sem flestum öðrum.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til l. um skógvernd og skógrækt langar mig sem áhugamann um þessi efni að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við þetta frv.

Markmiði frv. er lýst í 1. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir þar sem það er talið hagkvæmt,
3. að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.“

Þetta eru nokkuð háleit markmið og við lestur þessa frv. hlýtur maður því að spyrja: Er tryggt að þessum markmiðum verði náð í því skipulagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir að verði á þessum málaflokki?

Sannleikurinn er sá að hér þarf mjög rækilega að taka til hendi. Nýlega kom út allmikið rit sem heitir Landnýting á Íslandi og er gefið út af landbrn. Þetta álit er samið af nefnd um landnýtingaráætlun sem í áttu sæti sérfróðir menn á þessu sviði. En í þessari skýrslu er sérstakur kafli um skógvernd og skógrækt sem mig langar að vitna í, með leyfi hæstv. forseta.

Þar segir:

„Röskur fjórðungur alls skóglendisins er í afturför, tæpur þriðjungur í framför og stöðnun er talin ríkja á um 40% skóglendis. Sennilegt er að skóglendi í afturför sé fremur vanmetið en ofmetið. Á nokkrum stöðum gætu skógar eyðst á næstu árum ef ekkert verður gert. Eyðing skóga stafar nú svo til eingöngu af beit og traðki húsdýra. Erfiðlega hefur gengið að stemma stigu við skógarskemmdum, ekki síður á landi sem er í ríkiseign. Eyðing og áframhaldandi skemmdir verða því aðeins stöðvaðar að fylgt verði eftir lögum og reglugerðum um meðferð gróðurs, bæði lögum um skógrækt og landgræðslu.

Ná má miklum og skjótum árangri ná með alfriðun. Víða batnar skóglendi tiltölulega fljótt með friðun, en ekki er raunhæft að varðveita allar birkileifar með friðun kostnaðar vegna. Með því að draga úr beitarálagi má hins vegar varðveita og efla þann birkigróður sem eftir er í landinu.

Það er hafið yfir allan vafa að við núverandi loftslagsskilyrði myndu birkiskógar eiga að skipa stóran sess í náttúrlegu gróðurfari landsins upp að 300–400 m hæð yfir sjávarmáli. Hins vegar er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að endurheimta fyrri birkiskóga að fullu og öllu því að nútímabúskapur og ýmis önnur landnýting gerir kröfur til skóglausra svæða. Engu að síður hljóta birkiskógar að verða snar þáttur í framtíðargróðri landsins.

Birkiskógar eiga ekki að takmarkast við útivistarsvæði, þjóðgarða og náttúruverndarsvæði. Eitt mikilvægasta hlutverk þeirra verður eins og áður fyrr að vernda landið gegn eyðingu af völdum vatns og vinda. Þess vegna er e.t.v. mikilvægast af öllu að stuðla að skóggræðslu með birki, víði og fleiri tegundum á viðkvæmum stöðum þar sem annar gróður megnar ekki að hamla gegn eyðingaröflunum, svo sem í brattlendi og á svæðum þar sem jarðvegur er fokgjarn.

Búfjárbeit og skógrækt eru ekki ósamrýmanlegar andstæður ef rétt er á málum haldið. Land sem á að klæða birkiskógi þarf að friða í 20–40 ár. Að þeim tíma liðnum er það orðið mun betra beitiland en hinn skóglausi úthagi.

Með góðri skipulagningu á að vera hægt að koma upp að nýju skógiklæddum beitilöndum í áföngum án þess að leggja niður sauðfjárrækt á meðan. Skilyrði til að hlífa skógum og kjarri hafa batnað verulega með þeim breytingum sem orðið hafa á beitarháttum, sérstaklega vegna þess hve mikið hefur dregið úr vetrarbeit sauðfjár.

Gera þarf áætlun um slíka skógvæðingu landsins sem að því er birki og víði áhrærir hlýtur að miklu leyti að byggjast á sjálfgræðslu og sjálfsáningu fræs. Leggja þarf mun meiri áherslu en hingað til á að bjarga þeim skógarleifum sem enn eru í landinu og marka um það skýrari stefnu sem einnig nái til útbreiðslu skóglendis. Með heildaráætlun væri unnt að vinna mun markvísara að þessum málum en gert hefur verið til þessa. Lögum gæti þurft að breyta til að unnt verði að fylgja fram þeirri stefnu sem mörkuð er."

Þetta var tilvitnun í kafla um skógvernd og skógrækt í skýrslu landnýtingarnefndar sem landbrn. gaf út fyrr á þessu ári. Þessi skýrsla ber það með sér að ástand skóglendis á landinu er víða mjög slæmt og í allt of miklum mæli í afturför.

Mér finnst að það frv. sem hér liggur fyrir taki ekki nægilega vel á þessu vandamáli. Það eru að vísu greinar í frv. sem mætti beita í þessu skyni. Ég nefni t.d. sérstaklega 13. gr., sem er nýmæli í lögum um skógrækt, þar sem segir að skylt sé eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Þarna er sem sagt lögð sú skylda á eiganda að takmarka notkun þess þannig að það rýrni ekki. Það er enn fremur ákvæði í 11. gr. um að skógræktarstjóra sé heimilt að banna alla beit í skóglendum frá 1. nóv. til 1. júní ár hvert og enn fremur í 12. gr. að skógræktarstjóra sé heimilt að friða skóglendi ef hætta er á að það eyðist og alger friðun sé nauðsyn að mati skógræktarstjóra til að bjarga því sem bjargað verður.

En mér finnst að engu að síður vanti að nægileg áhersla sé lögð á þann þátt að stöðva þessa miklu eyðingu sem er á skóglendi hér á landi og beini því til hv. landbn. þessarar deildar að hún taki þennan þátt málsins sérstaklega fyrir.

Varðandi aðra þætti þessa frv. er í V. kafla fjallað sérstaklega um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Í 18. gr. segir að í þeim héruðum landsins þar sem skógræktarskilyrði séu vænleg styrki ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeigenda.

Þetta er góðra gjalda vert. Hins vegar finnst mér að þarna sé nokkur takmörkun sett því að skógræktin verður að vera þáttur í búskap bænda og jarðeigenda. Ég tel það mjög æskilegt að í þeim breytingum sem nú eru að verða á búskaparháttum landsmanna eigi bændur þess kost að rækta skóg til nytja, en það eru hins vegar ýmis önnur svæði á landinu, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, þar sem nú fer fram ræktun nytjaskógar. Mér finnst vanta að kveða skýrar á hver raunverulega eigi að vera stefna hér á landi varðandi ræktun nytjaskóga.

Ég sakna þess líka í frv. að ekki er fjallað nægilega um skógrækt í þéttbýli. Mér finnst alveg vanta í þetta frv. ákvæði um samskipti við sveitarstjórnir á þessu sviði. Það er vitað mál að sveitarstjórnir, bæði í þéttbýli og reyndar strjálbýli líka, hafa víða unnið að því að gera mikið átak í skógrækt. Ég nefni t.d. borgarstjórn Reykjavíkur varðandi Heiðmörk. Ég nefni líka skógrækt og trjárækt á Akureyri. Þannig mætti nefna fleiri sveitarfélög. En mér finnst vanta í frv. að kveða á um samskipti við sveitarstjórnirnar. Einnig vantar ítarlegri ákvæði um skógræktarfélögin sem eru félög áhugafólks, en í rauninni er ekki fjallað um þessi félög í frv. nema nánast sem styrkþega. Í VIII. kafla, um Skógræktarfélag Íslands, er nánast eina ákvæðið í 34. gr. um skóg-

ræktarfélögin þar sem segir að styrkur sá sem veittur sé í fjárlögum skógræktarfélaga sé bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands. Hins vegar er ekkert kveðið á um það í frv. hver séu réttindi og hverjar eigi að vera skyldur slíkra frjálsra félaga sem mörg hver hafa unnið stórvirki á sviði skógræktar.

Ég vil enn fremur að lokum, herra forseti, drepa á 5. gr. frv. sem mér finnst nokkuð sérkennileg. Þar segir:

„Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins". Sú skipun á að gilda til sex ára í senn.

Ég minnist þess ekki í lögum að þar sé ákveðið að forustumenn eða forstjóra ákveðinna stofnana eigi ávallt að ráða úr hópi fastra starfsmanna viðkomandi stofnana. Ég gæti vel ímyndað mér að ýmsar ríkisstofnanir vildu gjarnan fá slík ákvæði í lög, hvort sem það væri vegagerð eða vita- og hafnastofnunin svo dæmi séu nefnd. Ég bið hv. nefnd að taka þetta ákvæði sérstaklega til athugunar og bera saman við önnur ákvæði hjá öðrum ríkisstofnunum, en sjálfum finnst mér óeðlilegt að takmarka svo ráðningu skógræktarstjóra.

Ég vildi, eins og ég gat í upphafi, herra forseti, koma fram með þessar athugasemdir á þessu stigi málsins og einkum og sér í lagi vildi ég ítreka það, sem ég gat um í upphafi míns máls, hversu alvarlegt ástand virðist ríkja samkvæmt skýrslu landnýtingarnefndar um mörg svæði sem flokkast undir að vera skóglendi, að þau eru í hraðri afturför.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég hygg að hér sé um nauðsynlega lagasetningu að ræða, þ.e. svið þar sem nauðsynlegt er að lagarammi sé sniðinn að nýju, og að því leyti til er hér hreyft þörfu og merkilegu máli. Margt í þessu frv., af þeim nýmælum sem þar eru, er góðra gjalda vert, en sumt mætti betur fara.

Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni varðandi samstarf við sveitarfélögin, sem er mjög nauðsynlegt að leggja aukna áherslu á, og enn fremur varðandi styrk við áhugamannastarf. Skógrækt á Íslandi hefur fyrst og fremst verið borin uppi af fórnfúsu áhugamannastarfi og það ber að viðurkenna í verki við lagasetningu en ekki eingöngu skorða þetta við sjónarhorn Skógræktar ríkisins þó að hún sé að sjálfsögðu góðra gjalda verð líka.

Ég vek athygli á því að í þessu frv. eru töluverðar kvaðir lagðar á búfjáreigendur. Ég vitna til niðurlags 8. gr.:

„Komist búfé inn í skógræktargirðingu utan heimalands jarða er ráðherra heimilt samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra að fyrirskipa að þau sveitarfélög, sem líklegast er að eigi búfé innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað."

Í 9. gr. segir:

„Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965."

Í girðingarlögum og í þessu frv. er talað um svokallaða löggirðingu. Það mun vera girðing sem hefur verið löglega upp sett. Hins vegar er hvergi að finna í þessu frv. og við fljótan yfirlestur ekki í girðingarlögum heldur ákvæði um viðhaldsskyldu á girðingum. Þó að girðing sé vel upp sett og lögum samkvæmt getur hún raskast. Staurar lyftast í frosti og runnið getur undan girðingu og hún sligast af snjó o.s.frv. Ég hygg því að það þurfi að gera þá kröfu að þarna sé um fjárhelda girðingu að ræða.

Í 10. gr. er fjallað um búfé sem sækir í skógræktarsvæði og mig langar til að lesa þessa grein, með leyfi forseta:

„Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð ef búfé þeirra er tekið í gæslu og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað ákveður hreppstjóri hvar því skuli sleppt."

Þetta er gott og blessað, en síðan kemur atriði sem mér finnst ástæða til að velta aðeins vöngum yfir:

„Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun, svo og uslagjald samkvæmt mati tveggja manna er hreppstjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa getur umsjónarmaður krafist þess að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði, að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo að hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á gripum sínum og halda þeim frá þessum svæðum uns girðing telst gripheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart ef þeir verða þess varir að skógargirðing sé ótrygg vörn."

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir svo um 10. gr. að hér sé um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í núgildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði sem fer inn á girt skógræktarsvæði, a.m.k. í tvígang, vitji eigandi þess ekki og greiði smölunargjald og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla á skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Nú er ég ekki að mæla því búfé bót sem sækir í skógræktarsvæði og virðir ekki girðingar Skógræktarinnar, en ég hygg að það sé ástæða til að velta aðeins vöngum yfir því hvort þarna sé ekki farið nokkuð frjálslega að ráði sínu.

Ég ætla líka að vekja athygli á ákvæðum 12. gr.

Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra, en eigendur eða notendur landsins treystast ekki til að standa straum af friðun þess. Skógræktarstjóra er þá heimilt, með samþykki ráðherra, að kosta girðingu um landið gegn því að eigendur eða notendur ábyrgist um ákveðið árabil umsjón og viðhald girðingar, svo og friðun fyrir ágangi búfjár. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands."

Þessu er ég hjartanlega sammála, en síðan segir enn í greininni:

„Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann sem orðið hefur og ber landeiganda að greiða matsverð til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun ásamt kostnaðaráætlun."

Þarna finnst mér ástæða til að velta því fyrir sér hvort ekki sé farið nokkuð frjálslega með eignarréttinn. Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa tæki til að koma í veg fyrir það að skóglendi sé eyðilagt af draslarahætti eða trassaskap eða vankunnáttu landeiganda, en ég tel að þarna séu skógræktarstjóra eða Skógrækt ríkisins gefnar ansi frjálsar hendur þar sem Skógræktin getur tekið skóglendi til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur ef þörf krefur. Mér fyndist að það væri það minnsta að ráðherra samþykkti þennan gerning. Skógræktinni er með þessu falið ansi víðtækt vald.

Ég vonast til þess að landbn. hugleiði þau atriði sem ég hef hér komið inn á. Eðlilegt væri að búnaðarþingi gæfist einnig kostur á að fjalla um þetta mál. Ég held að það fari best á því að setja svona lög með víðtækri samstöðu allra aðila. Þetta frv. til l. um skógvernd og skógrækt er fyrst og fremst frv. til l. um skógvernd og Skógrækt ríkisins í mörgum greinum.

Hv. 4. þm. Reykv. vakti athygli á því að í 5. gr. er ákvæði um að skógræktarstjóra skyldi skipa úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins. Þetta kemur mér ekki á óvart í samanburði við annað í frv. því mér sýnist að þetta frv. sé samið af Skógrækt ríkisins.

Magdalena Margrét Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að lagt skuli hafa verið fram frv. til l. um skógvernd og skógrækt. Eldri lögin voru frá 1955, að mig minnir, og miklar breytingar hafa orðið á viðhorfi til skógræktar í landinu á þessum tíma.

Í I. kafla 1. gr. er kveðið á um markmið laganna og er ekkert nema gott eitt um það að segja, en mér finnst ekki koma nógu skýrt fram í þessum lögum hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Þó markmiðin séu góð fer lítið fyrir þeim ef þau eru ekki framkvæmd á þann besta máta sem hægt er.

Í 4. gr. lagafrv. segir að Skógrækt ríkisins annist rekstur skóglenda, gróðrarstöðva, skógjarða í eigu ríkisins og leigulanda samkvæmt sérstökum samningum. Hvernig á að framkvæma þetta er ekki kveðið neitt á um.

Hvað er átt við með skóglendi? Í 2. gr. segir: „Skóglendi telst samkvæmt lögum þessum land sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri."

Ég verð að segja að það er tilhlökkunarefni fyrir okkur Vestfirðinga ef við fáum starfsmenn til að annast allt það skóglendi sem þar er að finna því það er 21% af skóglendi alls landsins og vona ég að sú verði túlkun ráðamanna Skógræktar ríkisins á frv. ef að lögum verður.

Í 15. gr. frv. er talað um auknar skyldur gróðurverndarnefnda sem starfandi eiga að vera í sýslum landsins. Æskilegt væri að skógræktarfélög á viðkomandi svæðum ættu fulltrúa í þessum gróðurverndarnefndum. Þá væri nokkurn veginn tryggt að þar sæti alla vega einn áhugamaður um gróðurvernd og skógvernd.

Einn kafli er sérstaklega um Skógræktarfélag Íslands, þ.e. VIII. kaflinn, og fagna ég þeirri grein, sem þar er komin til viðbótar, að ríkissjóði sé heimilt að greiða laun og ferðakostnað vegna sérfróðs starfsmanns í skógrækt sem Skógræktarfélag Íslands kann að ráða til fræðslu- og ráðgjafarstarfs í skógvernd og skógrækt á vegum félagsins. Þetta er mér mikið fagnaðarefni því þetta er búið að vera baráttumál skógræktarfélaga um landið í nokkuð mörg undanfarin ár og vona ég sannarlega að þessi heimild verði að raunveruleika.

En ég sakna þess að það er ekki meira í þessum lögum um skógrækt í þéttbýli og á hvern hátt Skógrækt ríkisins gæti stuðlað að aukinni starfsemi á þéttbýlissvæðum. Þar sem við sjáum aukinn gróður nærri okkur og sjáum þann möguleika sem skógrækt gefur eykst áhugi okkar á skógrækt í stærri mynd en ella.

Varðandi skógræktarfélögin vil ég bæta því við að í stórum landshlutum eru einu tilraunaræktanir sem fram hafa farið þær ræktanir sem skógræktarfélögin hafa gert. Á Vestfjörðum er svo lítil starfsemi frá Skógrækt ríkisins að skógarvörðurinn, sem með það svæði hefur að gera, hefur starfssvæði alla leið frá Hvítá í Borgarfirði, um Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu, Dali, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslurnar, Ísafjarðarkaupstað og Strandasýslu. Hann hefur aðalaðsetur sitt í Norðtungu í Borgarfirði. Ég tel að hámarkstíminn sem hann ver til starfa vestur á fjörðum sé vika að ferðatíma meðtöldum. Þess vegna er það ákaflega mikilvægt að starfsemi Skógræktar ríkisins sé dreifð um allar byggðir landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KSK, 70. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 70.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Þetta er 70. mál þingsins og er að finna á þskj. 70.

Það kom fram við umræður um þetta frv., sem nú er endurflutt, á 108. löggjafarþingi að áður hefur komið fram tillaga sem gerir ráð fyrir að ráðherrar láti af þingmennsku þann tíma sem þeir gegna ráðherraembætti. Þessi þáltill. var á sínum tíma eða 1972 flutt af Sigurði Blöndal og Helga Seljan og fjallaði um það að alþm. gegndu ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu á meðan á þingmennskunni stæði. Þar segir m.a., eftir að raktar hafa verið helstu breytingar sem orðið hafa síðan starf þm. varð fullt starf og nokkur atriði um að menn gegni ekki öðrum launuðum störfum meðfram, með leyfi herra forseta:

„Í nánum tengslum við þetta mál er staða ráðherra sem jafnframt eru alþingismenn. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna taka þeir ekki þátt í nefndarstörfum á Alþingi sem er vissulega gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flm. að Íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem hafður er á í Noregi, að ráðherrar víki úr þingsæti er varamaður taki sæti, en varamaður taki sætið meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðherra eftir sem áður að hafa rétt til að sitja þingfundi og taka þátt í umræðum eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launakjörum ráðherra sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til."

Svo mörg voru þau orð úr þessari þáltill. sem flutt var árið 1972. Það er gott til þess að vita að þessu máli skuli hafa verið hreyft hér áður og gengið í gegnum umræður í þinginu vegna þess að þær eru oft upphafið að öðru meira.

Það er nauðsynlegt að skilja með skýrum hætti á milli starfa þm., sem vinnur að löggjafarstörfum, og þess sem vinnur að framkvæmdavaldsstörfum sem handhafi þess í formi ráðherraembættis vegna þess að með því verður löggjafarstarfsemi þingsins styrkt og sjálfstæði þess aukið. Það gerist af sjálfu sér með því að þm. sinni ekki jafnframt ráðherrastörfum eða öfugt, að ráðherrar sinni ekki jafnframt þingmennsku. Ekki veitir þeim af öllum kröftum sem þeir ráða yfir til að gegna þeim skyldum sem ráðherraembættinu fylgja og vart þurfa þeir að efast um að sá varamaður sem tekur við þingsæti þeirra muni ekki gegna þeim skyldum sem þingmennskunni fylgja af bestu samvisku. Auðvitað er í þessu falið að ef ráðherra lætur af embætti á kjörtímabilinu og hættir sem ráðherra tekur hann sitt sæti aftur og varamaður hverfur af þingi.

Að mörgu leyti má segja að þetta frv. fjalli um stöðu þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Það leiðir af sjálfu sér að menn væru þá ekki jafnbundnir af því frumkvæði sem nú tíðkast af hálfu framkvæmdavaldsins í sjálfum þingstörfunum og af leiddi að um yrði að ræða mun virkara og ábyrgara frumkvæði í lagasetningu af hálfu þingsins en tíðkast hefur síðustu áratugi sem meðfram hefur stafað af að þingið hefur að nokkru leyti orðið að sjálfvirkri afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið.

Hv. þingdeildarmönnum er auðvitað kunnugt um að tillögur stjórnarskrárnefndar fela í sér að við búum áfram við óbreytt ástand, þ.e. að ráðherrar gegni jafnframt þingmennsku. Mér er satt að segja í raun óskiljanlegt að þeir núv. hæstv. ráðherrar og fyrrv. ráðherrar sem eiga sæti á þingi skuli ekki sjá í hendi sér að auðvitað gegna þeir í raun og veru ekki þingmennsku meðfram. Það getur ekki verið vegna þess að ef svo væri veit ég ekki hvað það er sem við erum að gera hin sem eigum að heita þingmenn. Að vissu leyti má leiða að því rök að með því að gegna ráðherraembætti jafnframt þingmennsku sýni menn starfi þingmanna lítilsvirðingu. Ég veit ekki hvernig menn ætla sér að fara að því að skilgreina að það sé hægt að sinna þingmennsku meðfram svo veigamiklu starfi sem starf ráðherra er.

Herra forseti. Ég sagði frá því við umræðurnar í fyrra og tel rétt að árétta það nú að ég minntist þess að hafa þá nýlega heyrt einn af ráðherrum þessarar ríkisstjórnar geta um það í útvarpsviðtali, sem átt var við hann, að hann gæti ekki af eðlilegum orsökum sinnt þingmannsstarfi sínu sem skyldi og í raun og veru engan veginn. Það kom einnig fram í viðtalinu að hann vonaðist til þess að kjósendur hans fyrirgæfu honum. Þarna erum við aftur komin að kjarna málsins. Ráðherra á auðvitað ekkert að þurfa að vonast til þess að kjósendur hans fyrirgefi honum. Hann er að sinna mjög merku og mikilvægu starfi og hann á ekki að þurfa að hafa af því áhyggjur að eiginlega eigi hann að gegna öðru starfi meðfram, starfi sem er fullt starf. Ég hef ekki heyrt að neinn hér inni, sem gegnir þingmennsku, tali um annað en að það sé fullt starf og launin auðvitað í samræmi við það.

Það er óviðunandi að ráðherrar skuli þurfa að vera upp á náð kjósenda sinna komnir vegna þess að þeir séu að sinna öðru starfi meðfram þingmennskunni, sem er ráðherradómur.

Ráðherrar eru og eiga að vera æðstu menn framkvæmdavaldsins og þess vegna er ekkert eðlilegra en að þeir eigi sæti á Alþingi. Það verður að gera ráð fyrir því að eðlileg tengsl skapist á milli löggjafans og framkvæmdavaldsins, en ég tel það vera að sama skapi óeðlilegt og óæskilegt að þeir hafi þar áhrif á gang mála með atkvæði sínu. Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir aðild ráðherranna að

öllu leyti nema að því er tekur til atkvæðagreiðslunnar.

Frv. snertir því mjög starfshætti þingsins. Þessi breyting, yrði hún samþykkt, mundi án alls efa styrkja að miklum mun löggjafarstarfsemi þingsins og ekki hvað minnst auka á sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdavaldinu. Ég er þess einnig nánast fullviss að sú þverrandi virðing, sem vart hefur orðið á síðari árum í garð Alþingis og að mörgu leyti verðskulduð, gæti farið vaxandi. Þessi skipan, sem hér er lögð til, mundi án alls efa auka á virðingu Alþingis. *Alþingi hefði á þann hátt raunhæfan* möguleika á því að öðlast að nýju það traust og þá virðingu sem slíkum valdþætti ber. Alþingi á að vera traustvekjandi stofnun í þjóðfélaginu. Það hlýtur þess vegna að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að virðingu þessarar stofnunar sé í sem fæstu og helst engu ábótavant.

Það er m.a. samband þessara tveggja valdþátta sem þetta frv. tekur til, sambandið milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, sem orðið hefur til þess að stuðla að þverrandi virðingu löggjafans. Með frv. er lagt til að um þessi tengsl verði losað. Það er lagt til að það verði bundið í stjórnarskrá að gerist alþingismenn ráðherrar gegni þeir ekki þingmennskunni samtímis. Ráðherrar geta auðvitað aldrei stöðu sinnar vegna gegnt stöðu þingmanna svo fullnægjandi geti talist meðfram embætti sínu. Í því sambandi er nægilegt að benda á störf fastanefnda þingsins. Eins og nú er eiga ráðherrar ekki sæti þar og ég spyr: Af hverju er það? Jú, það er vegna þess að það er alls ekki gert ráð fyrir að þeir hafi möguleika á því að sinna þeim störfum sem þar fara fram, enda þótt þau störf sem þar fara fram séu afskaplega mikilvægur og tímafrekur þáttur í störfum þingmannsins. Ég hef ekki heyrt neinn andmæla því að þessi störf séu mikilvægur hlekkur í störfum þingsins og jafnvel mikilvægasti hlekkurinn. Ég hef heldur ekki heyrt neinn þingmann geta um að hann hafi yfrið nægan tíma til að sinna störfum sínum. Það er frekar hitt að maður heyri því fleygt að sólarhringurinn nægi ekki til þeirra starfa sem honum eru ætluð. Þess vegna tel ég það vera rökrétta ályktun að ekki sé á bætandi þó að störf og skyldur ráðherra bætist ekki við í ofanálag.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins segja þetta: Það er trú mín að breyting sem þessi yrði til þess að styrkja starfsemi löggjafarþingsins og að virðing þess og ábyrgð yrði augljósari.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég tek til máls til að segja nokkur orð um það frv. sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, um breytingu á 51. gr. Í henni felst, eins og flm. hefur ágætlega lýst í sinni framsöguræðu, að ráðherrar skuli eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

Hér er hreyft máli sem áður hefur verið flutt í þingsölum og er að mörgu leyti athyglisvert mál. Þetta er atriði sem má segja að mörgum rökum og stoðum megi undir renna, að ráðherrar skuli ekki gegna störfum sem þm. í raun, því að það er raunverulega það sem í þessu frv. felst, heldur skuli þá koma inn varamenn fyrir þá alþm. sem taka að sér ráðherraembætti. Það er sá siður sem tíðkast í Noregi og hefur þar um langa hríð verið viðhafður og er þar stjórnarskrárbundinn.

Ég hef haft tækifæri til að kynna mér lítillega hvernig þetta fyrirkomulag hefur reynst í Noregi og jafnframt ýmis önnur þau stjórnskipunarákvæði sem ólík eru íslenskum stjórnlögum. Þar er þó efst á blaði, og sem mesta athygli okkar Íslendinga hlýtur að vekja, það ákvæði norsku stjórnarskrárinnar að ekki sé unnt að rjúfa þing. Í Noregi ríkir enginn þingrofsréttur.

Ég spurðist fyrir um bæði þessi atriði í kynnisför sem ég og þáverandi formaður stjórnarskrárnefndar, Gunnar heitinn Thoroddsen, fórum fyrir nokkrum árum til norska Stórþingsins til að fjalla um þessi mál og afla upplýsinga. Fyrir svörum varð þáverandi forseti Stórþingsins, Guttorm Hansen. Mér er það minnisstætt og vildi minnast á það í þessari umræðu að hann gat þess sem svar við spurningum okkar um bæði þessi atriði að Norðmenn væru mjög ánægðir með þessa skipan mála, með það fyrirkomulag í stjórnarskrá Noregs sem mælir svo fyrir að ekki skuli vera um neinn þingrofsrétt að ræða. Það mál er vitanlega ekki á dagskrá hér, en einnig hitt nefndi hann að það reyndist vel að ráðherrar hefðu ekki atkvæðisrétt, þ.e. varamenn tækju sæti þingmanna þegar þeir gerðust ráðherrar. Rökin fyrir því fyrirkomulagi eru þau, sem í sjálfu sér koma fram í þeirri skipan sem við búum við hér, að ráðherrar taka ekki sæti í nefndum, að ráðherrastarfið er svo erilsamt, svo annasamt og svo umfangsmikið að í raun er verið að létta störfum af ráðherrum þannig að þeir geti heilir og óskiptir annast hin mikilvægustu stjórnsýslustörf sem þeir fara með í þjóðfélaginu. Jafnframt hljóta þeir embættisstöðu sinnar vegna sem æðstu handhafar framkvæmdavaldsins að eiga sæti á Alþingi sem þm. og svara þá fyrir gerðir sínar einnig ef því er að skipta án þess að eiga þar atkvæðisrétt.

Segja má að það sé ofmælt í grg. þar sem sagt er að ráðherrar geti á engan hátt gegnt þingmennsku þannig að fullnægjandi sé. Ráðherrar okkar hafa sýnt fram til þessa að þeir geta gegnt þingmennsku. Það er kannske nokkuð djúpt í árinni tekið að þeir geri það ekki svo fullnægjandi sé. Spurningin er miklu fremur sú hvort ástæða er til að bæta úr í þessum efnum og gera þeim auðveldara að rækja ráðherrastarfið þannig að þeir geti í þeim efnum um frjálsara höfuð strokið. Það er því hreyft hér athyglisverðri hugmynd sem á vel við á kosningaþingi vegna þess að ef Alþingi samþykkir breytingar á stjórnarskipunarlögunum er það stjórnskipunar-

regla og óhjákvæmilegt skilyrði að rjúfa verður þing og efna til nýrra kosninga. Það er þess vegna sem breytingar á stjórnarskipunarlögum eru jafnan bornar upp á síðasta þingi fyrir kosningar þegar unnt er og eðlilegt að beita þingrofi í lok þings. Þetta frv. er því lagt fram alveg á réttum tíma.

Ég mun ekki á þessu stigi kveða upp efnislegan dóm eða mæla með því að frv. verði samþykkt, en nauðsynlegt er að það fái vandlega athugun í nefnd. Þar að auki vildi ég sérstaklega minnast á að starfandi er hér nefnd sem Alþingi kom á laggirnar 1978 og nefnist stjórnarskrárnefnd. Um hana hefur nokkuð verið spurt á síðustu vikum hér á Alþingi. Þetta er vitanlega mál sem heyrir beint undir þá nefnd. Ég upplýsi að þetta atriði, sem hv. flm. hefur nefnt hér og lagt fram frv. um, hefur verið rætt í stjórnarskrárnefnd Alþingis og fengið þar þó nokkra umfjöllun. Í sjálfu sér hefur því nokkuð verið unnið í málinu nú þegar, en mér sýnist einborið að þegar þetta frv. er komið á dagskrá þingsins nú í dag til 1. umr. í Nd. komi það einnig til umræðu í stjórnarskrárnefnd sem fjalli um það og fái fram niðurstöðu um það innan sinna veggja.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa vissum efasemdum í sambandi við frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 70. Ég get efnislega verið sammála því að ráðherrar gegni ekki þingmannsstörfum, en þá held ég að sú spurning hljóti líka að vakna hvort þingmenn eigi almennt að gegna öðrum störfum en þingmannsstörfum. Hér gegna menn alls kyns embættum samfara þingmannsstörfum og við vitum það öll sem hér sitjum að það bitnar mjög á störfum manna í þinginu. Við höfum rætt það nær á hverju einasta ári hversu störf þingnefnda gangi hægt og illa fyrir sig og þekkjum öll hvernig það gengur fyrir sig á ári hverju að nefndastörf hefjast í raun og veru tæpast fyrr en líður að þinglokum og í besta falli rétt fyrir þinghlé vegna þess að ríkisstjórnir þurfa að koma einhverjum málum af sér fyrir áramót.

Það er enginn vafi á því að umfangsmikil störf manna úti í þjóðfélaginu eru á engan hátt samrýmanleg þingstörfum ef vel á að vera. Um leið og ég tek undir að um þetta mál verði fjallað af mikilli alvöru, því ég tel að þetta sé mál sem vissulega er vert að ræða og vert að bera fram, vona ég að þá verði litið til þess til hvers sé ætlast af þingmönnum almennt. Þá vil ég líka benda mönnum á að rætt verði um leið hvernig beri að launa þingstörf því að það er alveg ljóst að hátekjumenn sem eru kjörnir á þing stórtapa fé við það. Það vita allir þeir sem hér hafa setið. Þannig held ég að verði að skoða þessi mál í heild og þá einnig hvort menn vilji þá virkilega gera þær kröfur til þingmanna að þeir gegni engum öðrum störfum. Þróunin hefur vissulega verið í þá átt meira en áður var, enda orðin nokkur bót á kjörum þingmanna, en ég held að samt séu þó nokkrir þingmenn sem gegna umsvifamiklum störfum úti í þjóðfélaginu og mér sýnist allt benda til þess að ekki minnki það eftir næstu kosningar ef svo fer sem horfir. Þess vegna bið ég hæstv. forseta að beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem um þetta mál kemur til með að fjalla, að litið verði til aukastafa þm. í heild en ekki einungis talað um hvort þm. megi vera ráðherrar jafnframt þingstörfum.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Ég vil einungis þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið og harma jafnframt að það skuli ekki hafa verið neinn ráðherra né fyrrv. ráðherra, að vísu gengur einn þeirra í salinn núna, viðstaddur umræðuna vegna þess að það hefði verið gott að heyra álit þeirra á frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dagvistarheimili fyrir börn, 1. umr.

Frv. KSK o.fl., 71. mál (uppeldisáætlun og fósturliðar). -- Þskj. 71.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er að finna á þskj. 71 og það fjallar um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112 1976, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Hér er um að ræða endurflutning, en þetta mál er flutt óbreytt frá 108. löggjafarþingi en þá hlaut málið ekki afgreiðslu.

Það fer ekki á milli mála að framsýni hefur virkilega verið höfð í fyrirrúmi við gerð laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila árið 1976. Lögin rúma flesta þá þætti sem hefur þurft að taka tillit til við byggingu og rekstur dagvistarheimila, en í tímanna rás hlýtur það að vera svo að þar sem þjóðfélagið þróast er eðlilegt að í ljós komi að eitt og annað vanti upp á slíka lagasetningu, enda er því þannig varið um þessi lög sem svo mörg önnur. Það hafa komið í ljós ýmsir vankantar á lögunum og þeir sem á dagvistarheimilunum starfa hafa gert ráð fyrir þessum vanköntum. Þeir leitast við að fylla í skörðin og færa það mikilvæga uppeldisstarf sem þar hefur verið unnið fram á við og aðlaga það aðstæðum og umhverfi skjólstæðinga sinna hverju sinni.

Meðfram vegna þess sem upp á hefur vantað var það að hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti árið 1981 frv. sem gerði ráð fyrir að gera skyldi starfsáætlun á vegum menntmrn. þar sem kveðið yrði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila sem að uppeldis- og skólamálum vinna. Þetta frv. varð að lögum nr. 40 1981 og það var svo í júlí árið eftir, 1982, að menntmrh. skipaði nefnd til að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum í samræmi við lög nr. 40 1981. Jafnframt réð menntmrh. frú

Valborgu Sigurðardóttur, þáverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, til að vinna á vegum ráðuneytisins að þessu verkefni í samráði við nefndina.

Þegar þessi merka uppeldisáætlun hefur litið dagsins ljós er greinilegt að það þarf að tryggja henni stoð í lögum. Það er m.a. það sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvert er markmiðið með þessari uppeldisáætlun og að tryggt verði að gengið verði út frá meginmarkmiðum hennar við uppbyggingu starfsins almennt á dagvistarheimilunum, enda má með sanni segja að markmiðið með starfsemi dagvistarheimila eins og það er skilgreint í núgildandi lögum sé vægast sagt heldur rýrt. Þar er t.d. aðeins kveðið á um að persónulegur og félagsþroski barnanna skuli efldur. Og ég spyr: Hvað með hina þroskaþættina? Það er einnig augljóst að uppeldismarkmiðin eins og þau eru sett fram í núgildandi lögum eru ákaflega almenns eðlis og oft og tíðum erfitt að gera sér grein fyrir því hvað um er að ræða í raun og veru og sérstaklega er lýtur að því hvaða kröfur má gera til starfseminnar. En í uppeldisáætluninni á bls. 15 segir svo, með leyfi herra forseta:

„Í reyndinni eru uppeldisstörfin falin forsjá fóstrunnar og treyst á menntun hennar."

Þess vegna tel ég að líta megi svo á að þetta sé traustsyfirlýsing á fóstrumenntunina og er það vel. En síðan segir, með leyfi herra forseta:

„Frá upphafi hefur fóstrumenntunin hér á landi verið byggð á þeirri forsendu að efling alhliða þroska barnsins væri grundvöllurinn að uppeldisstarfi fóstrunnar."

Með þessu má ljós vera þörfin fyrir lagfæringu þessa lagatexta. Seinna kemur fram breyting í þessu frv. hvað varðar þessa alhliða starfsemi dagvistarheimilanna og hljóðar greinin í frv. svo, með leyfi herra forseta:

„Starfsemi dagvistarheimilanna skal miða að því að veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. Þau skulu vera fjölskyldum eða foreldrum til stuðnings sem sjálfsögð viðbót við uppeldi barna. Dagvistarheimili skulu stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og skýr markmið skulu tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust. Uppeldisstarf dagvistarheimila skal taka mið af markmiðum og leiðum í uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili sem unnin hefur verið og gefin út á vegum menntmrn., sbr. lög nr. 40 1981."

Þetta var um 1. gr. frv. og má segja að öll hin sömu rök, sem ég hef að framan talið, gildi einnig um 4. gr., en þar er lagt til að samvinna milli skóla og dagvistarheimila verði bundin í lögum. Þessi samvinna hefur tíðkast í flestum tilfellum sem sjálfsögð, er börnin eru á leiðinni að yfirgefa dagvistarheimili og byrja skólagöngu. Þau eru þar búin undir þessa miklu breytingu, sem verða mun á lífi þeirra, svo vel sem kostur er. En betur má ef duga skal og er sjálfsagt og eðlilegt að styrkja þetta samstarf svo vel sem nokkur kostur er og ef það mætti verða til þess að samfella skapaðist í uppeldi og menntun barna. Það segir sig sjálft að það þarf að styrkja þennan þátt æ betur vegna þess að hingað til hefur hann yfirleitt verið mjög vel undirbúinn af hendi foreldra, en nú síðustu ár hafa skapast þær aðstæður að foreldrar eru mun skemmri tíma með börnum sínum vegna vinnu utan heimilis og gefst þess vegna mun minni tími og verri aðstæður eru til að undirbúa þennan mikilvæga þátt. Það er þess vegna sem þetta er sjálfsagður og eðlilegur þáttur í starfi dagvistarheimilanna.

Í 2. gr. frv. er gerð tillaga um að felld verði niður 5. mgr. 14. gr. laganna. Sú grein laganna gerir ráð fyrir að ef framkvæmdaraðili við byggingu dagvistarheimilis getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt sé heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðsluhluta ríkissjóðs. Lagt er til að þessi mgr. falli út vegna þess að í öðrum lögum, nr. 60 frá 1984, sem reyndar voru samþykkt samhljóða frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti, er kveðið á um að aðilar sem standa vilja að byggingu dagvistarheimila geti fengið til þess lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Flm. telja því þetta ákvæði laganna óþarft og leggja til að það verði fellt út.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að í 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila komi ákvæði um að heimilt verði að mennta og þjálfa fósturliða. Þar er skýrt tekið fram, eins og frumvarpstextinn er orðaður, að ef ekki reynist unnt að fá fósturmenntað fólk til starfa sé heimilt að ráða fósturliða í þær stöður til skemmri tíma en að alltaf sé það á hreinu að þær stöður sem eru ætlaðar fóstrum séu ætlaðar fóstrum og að ekkert annað jafnist til fulls á við að börnin, sem dveljast á dagvistarheimili, geti fengið að njóta umönnunar sérmenntaðs fólks.

Í þessari grein er einnig kveðið á um að heimilt sé að þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Þetta er algjört nýmæli og hefur oftlega verið til umræðu meðal þeirra aðila sem sjá um byggingu og rekstur dagvistarheimila ásamt og meðal fóstra. Með þessum aðilum hafa eðlilega verið skiptar skoðanir sem þróast hafa með árunum. Það sem skiptir þó höfuðmáli í þessu sambandi er að það heyrast æ háværari og fleiri raddir um að koma þurfi af stað mjög víðtækri og öflugri uppbyggingu dagvistarheimila. Þörfin verður æ meiri eftir því sem árin líða og eftir því sem ríkisvaldið gerir æ ríkari kröfur til beggja foreldra um þátttöku í atvinnulífinu. Þess vegna verður auðvitað ekki hjá því komist að gera um leið þær kröfur til þess sama ríkisvalds að foreldrar geti verið öruggir um börnin sín á meðan á þessari útivinnu stendur og að þeir geti verið öruggir í þeirri vissu að börnin þeirra hljóti gott og þroskandi uppeldi undir handleiðslu fólks sem til þess er menntað að sjá um þennan mikilvæga þátt, auk þess sem slík vera barna á dagvistarheimilum getur einungis orðið þeim til góða og orðið til að jafna aðstöðu allra barna til undirbúnings áframhaldandi menntunar.

Þeir sem gera kröfur til þess að foreldrarnir vinni

báðir utan heimilis þannig að unnt reynist að framfleyta því verða jafnframt að gera sér grein fyrir hvað á að verða um börn þessa fólks. Það verður ekki liðið að aukins vinnuframlags sé krafist af foreldrunum vegna þess hvernig árar í þjóðfélaginu án þess að til komi krafan um að til verði næg og góð dagvistarheimili fyrir börnin. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að hraða uppbyggingu dagvistarheimila fyrir alla aldurshópa, en svo sem kunnugt er hefur nú síðustu árin dregið verulega úr uppbyggingu dagvistarheimila og sérstaklega fyrir yngstu börnin.

En um leið og gerðar eru þessar kröfur um stóraukna uppbyggingu dagvistarheimilanna er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig staðan á dagvistarheimilunum er nú. Þar ríkir vægast sagt ófremdarástand. Það ófremdarástand skapast m.a. vegna þess að það er nær útilokað að fá fólk til starfa með þá menntun sem krafist er af þeim sem þar eiga að vera. Þar spilar margt inn í, þ.e. launin eru lág, starfsskilyrðin oft og tíðum léleg, langur vinnudagur og enginn möguleiki á að verða sér úti um yfirvinnutíma eða aukagreiðslur vegna álags. Þó má segja að taki út yfir allt sem boðlegt er hvað varðar stöðugleika þess fólks í starfi sem sinnir aðstoðarstörfum á dagvistarheimilum. Það fólk stoppar nánast ekki við og það af sömu ástæðu og á við um hið fósturmenntaða starfsfólk, lág laun og léleg starfsaðstaða. Ástandið hefur þó farið hríðversnandi nú hin síðustu ár og er það orðið svo nú að fólk ræður sig að vísu í þessi aðstoðarstörf en um leið og það sér hvað stendur á seðlinum við útborgun launa, þá segir það upp störfum.

Þessu ástandi, sem skapast hefur nú síðustu ár, hefur réttilega verið líkt við járnbrautarstöð. Þar kemur og fer fólk alveg gegndarlaust og það virðist ekkert lát vera þar á. Það er virkilegt neyðarástand sem ríkir á þessum heimilum og það er ekki hægt að kalla það neinu öðru nafni þegar börnin sem dveljast á dagvistarheimilunum þurfa að undirgangast það erfiða álag sem því fylgir að þurfa stöðugt að skipta um uppalendur. Þannig virðist svo sem þetta mikilvæga uppeldisstarf, sem reyndar skiptir sköpum um það hvernig framtíðarþjóðfélag við byggjum, sé ekki á neinn hátt virt að verðleikum og þess vegna veldur það því að fólk helst ekki við.

Hér í hittiðfyrra, þegar mikil umræða skapaðist um þetta margumtalaða neyðarástand, þá var það að ein virtasta fóstra landsins, Gyða Sigvaldadóttir, orðaði það svo að undirmálsfólk væri orðið áberandi í röðum þess fólk sem væri umsækjendur um stöður aðstoðarfólks á dagvistarheimilum. Þetta eru alvarleg ummæli en því miður sönn og þess vegna hlýtur það fyrst og fremst að vera markmið yfirvalda að koma í veg fyrir að svo verði komið fyrir þessari starfsemi að þau börn sem þar dvelja líði fyrir það að vera þar vegna skorts á sérþjálfuðu starfsfólki. Það er þetta neyðarástand, sem skapaðist um vorið í hittiðfyrra, sem ég vil taka til umræðu í sambandi við þá grein frv. sem lýtur að menntun og þjálfun fósturliða.

Ef reyndin er að verulegt átak eigi að gera til að rétta úr kútnum hvað varðar vöntun á dagvistarrýmum, hverjir eiga þá að vinna þar? Nú þegar er vöntunin á menntuðu fólki til starfa á þeim heimilum, sem fyrir hendi eru, svo mikil að þótt allar fóstrur, sem nú þegar eru útskrifaðar, og allar fóstrur, sem útskrifuðust fram til aldamóta, kæmu fram á sjónarsviðið og færu að vinna á dagvistarheimilunum, þá dygði það ekki til. Þess vegna tel ég að fram þurfi að koma starfsstétt, ný starfsstétt sem gæti orðið til að brúa það bil eða öllu heldur þá gjá sem skapast hefur við það hve mikill skortur hefur orðið á menntuðu starfsfólki til starfa á dagvistarheimilum. Þessi skortur hefur fyrst og fremst komið niður á þeim börnum sem þar dvelja og það er ekki hægt að líða öllu lengur, það er hreint ófyrirgefanlegt. Það verður á einhvern máta að koma til móts við þann alvarlega fóstruskort sem nú ríkir. Við vitum að hann er ekkert nýr af nálinni og annað hitt að hann virðist bara verða verri og verri með árunum og með fjölgun dagvistarheimila og ekki hvað síst með lélegri kjörum. Þess vegna er nú svo komið að hann er orðinn svo greinilegur og áþreifanlegur að hann er farinn að hamla verulega starfsemi dagvistarheimilanna.

Þegar rætt er um þá frvgr., er lýtur að menntun og þjálfun fósturliða, sem hér er til umræðu, er óhjákvæmilegt að taka til samlíkingar sjúkraliðanám vegna þess að hér er að mörgu leyti um að ræða sambærilegan vanda, þ.e. nú á dagvistarheimilunum, og þann sem upphaflega hreyfði við umræðunni þegar til sjúkraliðanáms var stofnað á sínum tíma. En þá var hér svo mikill og alvarlegur hjúkrunarkvennaskortur að til verulegra vandræða horfði. Markmiðið með stofnun sjúkraliðaskólans fyrir 10 árum var að mennta starfsstétt sem hefði hæfni og leikni til ákveðinna starfa í þjóðfélaginu og sem þjóðfélagið hefði þörf fyrir. Nú 10 árum síðar er markmiðið enn þá það sama og virðist hvergi sjá högg á vatni þrátt fyrir að yfir þúsund sjúkraliðar hafi útskrifast til dagsins í dag. Sjúkraliðastéttin hefur þannig fyrir löngu sannað tilverurétt sinn og sýnir það sig e.t.v. einna best í því að í fyrra voru samþykkt héðan frá hv. Alþingi hin eiginlegu fyrstu lög um sjúkraliða, þ.e. sérlög. Fram að því eða í nærfellt 20 ár voru þeir menntaðir og þjálfaðir skv. nokkrum orðum í 8. gr. hjúkrunarlaga.

Markmiðið með rekstri dagvistarheimila verður með samþykkt þessarar greinar frv. að mati flm. auðveldara í framkvæmd. Með tilkomu fósturliða skapast aukið svigrúm til að ná fram fyrir fram settu markmiði, sem er áfram það sama, að veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. Eins og ástandið er í dag hvað varðar mannahald á dagvistarheimilum eru hverfandi möguleikar á því að ná fram þessum markmiðum. Stöðug skipti á starfsfólki gera það að verkum að mestallur tíminn fer í að kenna nýju starfsfólki frumatriðin í umönnun barna og þess vegna alls ekki hægt um vik fyrir til þess menntað starfsfólk að snúa

sér að því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er. Starfsemin ætti með þessu móti öll að geta orðið fyllri og betri. Það yrðu fóstrur sem mundu sjá um að leiðbeina og kenna fósturliðum, kenna þeim og sjá til þess að þeir ynnu störf sín á þann hátt að það fullnægði þeim kröfum sem til þeirra yrðu gerðar. Með því móti yrði þessi nýja starfsstétt að samherjum fóstra, samherjum sem gegndu því hlutverki ásamt fóstrum að sjá um að færa þessa þjóðfélagsþegna fram á veg þannig að skapa mætti börnunum sem dveljast á dagvistarheimilum sem bestan og fyllstan aðbúnað.

Það verður að koma skýrt fram vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað um þetta frv. í fyrra að það er augljóst af frumvarpsgreinunum að fyrst og fremst er gert ráð fyrir að verið sé að mennta starfsfólk til aðstoðar fóstrum á dagvistarheimilum en ekki í stað fóstra í afleysingastörf. En þegar ekki fæst starfsfólk með framangreinda menntun, sem tekin er til í frv., þá sé auðvitað heimilt að ráða fólk með fósturliðamenntun til starfa. Það teljum við flm. vera spor fram á við að ráðið verði fólk með menntun, þ.e. fullgilda fósturliðamenntun, til aðstoðar fóstrum í stað þess að þar sé alfarið ófaglært starfsfólk eins og nú er heimilt.

Það var einnig við umræðurnar í fyrra að fram kom að um yrði að ræða annars flokks starfsstétt eða stéttaskiptingu á dagvistarheimilunum. Ég vil ítreka enn og aftur að hér verður ekki um neitt slíkt að ræða, og eins og fram kom í umræðunum í fyrra af hálfu hv. þm. Kvennalistans, hér verður ekki um að ræða óæðri starfsstétt eða annars flokks starfsstétt, en, með leyfi herra forseta, sagði hv. 7. landsk. þm. svo orðrétt:

„Mér vitanlega hefur þó engum dottið í hug að lagfæra ástandið til bráðabirgða með því að búa til nýja stétt, þ.e. kennaraliða, eins konar annars flokks kennara.“ Svo mörg voru þau orð.

Herra forseti. Við, hv. flm. þessa frv., erum að tala um að koma á fót nýrri starfsstétt sem mundi hafa með sér sitt eigið stéttarfélag að sjálfsögðu og verða fyrsta flokks stétt, fósturliðar. Við erum hins vegar ekki að tala um að mennta annars flokks fóstrur. Þetta verður að koma skýrt fram. Við höfum fósturskóla í dag sem nýtur mikils álits og sá skóli mun sjálfsagt halda áfram að útskrifa fóstrur og vonandi sem flestar, en hér yrði til önnur starfsstétt út úr öðrum skóla sem væri fyrsta flokks á allan hátt.

Hv. 7. landsk. þm. sagði einnig í ræðu sinni, með leyfi herra forseta: „Að okkar mati er þetta uppgjöf. Óttast flm. ekki að það verði erfiðara eftir en áður að hefja fósturstarfið til vegs og virðingar og þar með vonandi til réttmætari launa, ef búið væri að lögleiða minni og lakari menntun til fósturstarfa.“

Að sjálfsögðu verður þetta minni menntun en fósturmenntunin. Það er gert ráð fyrir að hún fari fram á einu ári en fósturnám tekur þrjú ár, rétt eins og — og ég bið hv. þingdeild að taka eftir orðum mínum — alveg eins og sjúkraliðanám er eitt ár á meðan hjúkrunarfræðinganám er margra ára nám. Það er enginn að bera þetta saman eða tala um minni og lakari menntun en hjúkrunarnámið þegar verið er að tala um sjúkraliðanám. Það er verið að tala um fullgilt sjúkraliðanám þegar verið er að tala um sjúkraliðanám. Og það talar enginn um annars flokks hjúkrunarfræðinga þegar átt er við sjúkraliða. Það er þetta sem verður að koma skýrt fram og vera alveg á hreinu, að við flm. erum ekki að tala um annars flokks stétt eða starfsstétt. Við erum að tala um fyrsta flokks starfsstétt sem sinna mun störfum sínum fyrsta flokks. Þetta er sá reginmisskilningur sem greinilega varð þess valdandi að Kvennalistakonur í þröngsýni sinni fóru út á þá braut að vera ekki meðflm. að þessu frv. eins og þeim bauðst og þær fóru út á þá hálu braut að koma þessari rökleysu á framfæri hér.

Ég verð enn og einu sinni, herra forseti, að vitna í orð hv. 7. landsk. þm., Kristínar Halldórsdóttur, frá því í fyrra þar sem hún ræðir um þetta frv. Það geri ég til þess endanlega að bægja öllum misskilningi frá og, með leyfi herra forseta, örstutt: „Að búa til og löggilda nýja annars flokks starfsstétt væri spor aftur á bak í baráttunni fyrir betri kjörum fóstra og viðurkenningu samfélagsins á mikilvægi starfs þeirra.“

Enn og einu sinni kemur fram misskilningurinn. Það er verið að tala um starf þeirra, fóstranna, þegar ég og flm. þessa frv. erum eingöngu og einvörðungu að tala um fósturliðana. Við erum að tala um starf fósturliðanna sem fyrsta flokks starfsstétt og við teljum að það verði spor fram á við hvað varðar aðstoðarfólk á dagvistarheimilum, að það verði hæfara og betur í stakk búið til að vinna það starf sem því er ætlað.

Að endingu vil ég geta um það að margar fóstrur víðs vegar um landið hafa hringt og ég hef átt viðræður við þær um þetta frv. eftir og einnig áður en ég lagði frv. fram í fyrra, en þá fór ég á fjölmennan fund hjá Fóstrufélaginu þar sem enginn — ég endurtek: enginn andæfði eða hafði neitt á móti þessu frv. Þar komu margar í ræðustól og tjáðu sig um frumvarpsdrögin og eingöngu jákvætt. Og það er rétt að taka fram að þetta voru forsvarsmenn hópa sem komu í ræðustól til þess að tjá sig um þetta. Þess vegna veit ég að það er mjög mikill einhugur um það að þetta mál verði flutt og að það náist fram, enda vita þær fóstrur, sem vinna á dagvistarheimilunum og sækja fundi hjá Fóstrufélaginu og hlustuðu á umræður sem þar urðu, hvernig ástandið er og gera sér grein fyrir að það þarf að bæta úr þessu ófremdarástandi. Og þær telja að þessi frvgr. geti orðið til þess.

Að lokum, herra forseti, tel ég rétt að benda á það stóra atriði sem aldrei má gleymast. Það er það hverjir það eru sem hér um ræðir, hverjir það eru sem eru skjólstæðingar þeirra sem standa að rekstri dagvistarheimila. Það eru börn og í sumum tilfellum ómálga börn og þess vegna er mjög mikils virði að mjög vel til takist. Lengi býr að fyrstu gerð.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í orðum hv. 1. flm., þá skiptumst við á skoðunum um þetta mál þegar það var til umræðu á síðasta þingi og mér til ánægju ætla hér fleiri greinilega að taka til máls því að þetta mál verðskuldar meiri umræðu og raunar fleiri áheyrendur en hér eru núna.

Ég ætla ekki að endurtaka allt sem ég sagði hér í fyrra. Ég vil þó ítreka stuðning okkar Kvennalistakvenna við meginmarkmið þessa frv., sem kemur fram í 1. gr. frv., svo og í 4. gr., og segja það að við tökum heils hugar undir þau markmið og þarf tæpast að styðja það neinum rökum umfram það sem fram kemur í grg. með frv. og fram kom í máli mínu þegar þetta var til umræðu á síðasta þingi.

En ég verð því miður einnig að ítreka andstöðu mína við 3. gr. þessa frv. og þó sérstaklega tvær síðustu línur greinarinnar um það að heimilt sé að mennta og þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og skuli nám þeirra, réttindi og skyldur ákveðið með reglugerð, sem síðan er fjallað nánar um í fskj.

Það verður nú bara að hafa það þótt hv. flm. þyki það þröngsýni. Ég er henni innilega sammála um það að á dagvistarheimilum og leikskólum ríkir nú ófremdarástand vegna fóstruskorts. Og ég held að við hljótum að geta verið sammála um það hvers vegna það ófremdarástand er. Þar er að mínu viti fyrst og fremst um að kenna lökum kjörum fóstra sem stafa af vanmati á gildi fósturstarfsins. Ágreiningur okkar felst einfaldlega í því hvernig leysa beri þetta vandamál.

Hv. flm. vilja leysa það með því að búa til nýja starfsstétt og um það greinir okkur á. Ástandið er víða þannig að það er kannske aðeins ein fóstra á deildinni sem hefur sér til aðstoðar ófaglært starfsfólk. Og dæmi eru um að störfin séu unnin af algerlega ófaglærðu starfsfólki.

Nú var dreift hér í dag á borð þm. svari menntmrh. við fsp. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og Svavars Gestssonar. Ég var að skoða það fyrr í dag og þar er ýmsar athyglisverðar upplýsingar að finna, m.a. að á sumum dagvistarheimilum, einkanlega úti á landsbyggðinni, sem kannske var við að búast, er enginn faglærður starfskraftur og þarf reyndar ekki að fara langt út á land til þess að finna dæmi um slíkt. Þetta er vitanlega algerlega ófullnægjandi og um það erum við vissulega sammála. Það er hins vegar að mínum dómi ekki rétt að leysa þennan vanda með því að búa til nýja starfsstétt og þar með draga úr kröfum um menntun og kjör þeirra sem við treystum til umönnunar og uppeldis barnanna okkar á afar viðkvæmu skeiði ævinnar.

Það var þetta sem ég átti við þegar ég talaði um annars flokks starfskraft sem greinilega hafði sært tilfinningar hv. 1. flm. Með því var ég vitanlega ekki að drótta einu eða neinu að fólki yfirleitt, þ.e. að fólk yrði annars flokks um leið og það væri minna menntað en aðrir í svipuðum störfum, heldur aðeins þetta að minni menntun í starfi hlýtur að gera fólk minni máttar þeim sem menntaðri eru. Og ef við höfum fallist á það að til þess að gegna fósturstarfi þurfi þriggja ára menntun, þá finnst mér það skref aftur á bak ef við drögum úr þessum kröfum. Mér finnst felast í þessu uppgjöf fyrir þessu ófremdarástandi sem leitt hefur af vanmati á störfum fóstra og bágra kjara í framhaldi af því.

Nú er ófaglærðu starfsfólki gefinn kostur á námskeiðum til þess að auka starfshæfni þess og hækka það að einhverju leyti í launum og er í rauninni allt gott um það að segja. Með því er reynt að leysa þennan bráðasta vanda, en vitanlega er eina framtíðarlausnin fólgin í því að virða starf og menntun fóstra að verðleikum. Og ég tel að það sé aldrei góð lausn ef hörgull er á sérmenntuðu starfsfólki að búa þá til nýja starfsstétt sem hafi minni menntun. Og þar eð hér var minnt á sjúkraliðastéttina, þá finnst mér það naumast sambærilegt við það sem hér er verið að leggja til þar sem sjúkraliðum er ekki heimilt að ganga fyllilega í störf hjúkrunarfræðinga, enda töluverður munur á menntun. Í því þingmáli, sem hér er til umræðu, er að vísu talað um, ef ég man rétt, að stjórnandi dagvistarheimila eða deilda verði að vera fóstra, en að öðru leyti sé ég ekki annað en að fósturliðar muni eiga að ganga fyllilega í starf fóstra. Og ég sé vissulega á þessu þá hættu að fósturliðamenntunin muni hreinlega taka við af fósturmenntuninni. Ég hef enga trú á að það sé ætlun flm. en á þessu er vissulega hætta. Og er ekki með þessu í raun og veru verið að segja að fósturmenntunin sé hugsanlega of mikil, minni menntun nægi?

Ég held að við ættum frekar að finna önnur ráð til þess að ná því markmiði að þörfinni fyrir fullgildar fóstrur verði fullnægt. Ég tel þetta ekki réttu leiðina til að leysa þann vanda sem skapast hefur.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég er meðflm. að því frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 71 og vil því koma á framfæri nokkrum athugasemdum, einkum og sér í lagi við athugasemdir hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Ef við lítum raunsætt á ástandið eins og það er núna, þá er meiri hluti starfsfólks dagvistarheimila ófaglært fólk. Eins og kemur fram á þskj. 121 í áðurnefndu svari hæstv. menntmrh. við spurningum okkar hv. þm. Svavars Gestssonar eru t.d. í Reykjavík 334 ófaglærðir en 209 fóstrur á dagvistarheimilum Reykjavíkurborgar. Í Kópavogi er þetta hins vegar öfugt. Þar eru fóstrur 47 en ófaglærðir 30. En víðast hvar annars staðar nema í Borgarnesi sýnist mér er það svo að yfirgnæfandi meiri hluti starfsmanna er ófaglært fólk. Nú er út af fyrir sig ekkert við það að athuga ef nægilega margar fóstrur fengjust til þess að stjórna starfinu á hverri deild, en svo er því miður ekki einu sinni.

En það er alveg ljóst að þetta ástand breytist

ekkert á næstunni og nú sitja færri í Fósturskóla Íslands en um langt skeið. Þetta starf er hreinlega ekki aðlaðandi lengur, fyrst og fremst vegna lélegra launakjara og það sýnir sig t.d. að varla dettur nokkrum karlmanni í hug að fara þá menntunarleið að gerast fóstra. Ég má segja að annaðhvort hafa einn eða tveir piltar útskrifast úr þeim skóla. Hvernig á þá að bregðast við þessu? Ég held að sú leið sem hér er farin sé á engan hátt óeðlileg. Nú er svo komið að fósturnám krefst í raun og veru stúdentsprófs. Það er með undantekningum ef nemandi er tekinn í Fósturskóla Íslands sem ekki hefur lokið stúdentsprófi. Hér er því um verulegt nám að ræða. (Gripið fram í.) Ja, ég bið hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson að leiðrétta mig ef þetta er ekki rétt. (**GJG:** Ég er að því.) Ja, ég bið þá um að fá þá leiðréttingu héðan úr ræðustól, en þegar ég segi stúdentspróf, þá á ég að sjálfsögðu við stúdentspróf frá fjölbrautaskólum og öllum þeim öðrum menntastofnunum sem útskrifa stúdenta. En grunur minn er sá að mikill meiri hluti nemenda hafi lokið slíku námi.

Hér aftur á móti væri um að ræða eins árs nám sem væri mjög svo æskileg endurmenntun, t.d. húsmæðra sem hafa komið börnum sínum af sér og annarra slíkra sem e.t.v. hafa ekki undirbúningsnám að sama skapi og þeir sem teknir eru í Fósturskóla Íslands. Og ég tel það leiða af sjálfu að starfsmaður sem hefur fengið slíka endurmenntun, slíka árs menntun, hljóti að vera betri og æskilegri starfskraftur heldur en sá sem ekkert undirbúningsnám hefur fengið.

Við getum bent á samsvarandi menntunarleiðir sem settar hafa verið á stofn. Af hverju eru menn sendir í Fiskvinnsluskóla? Ég held að öllum beri saman um að það sé mjög til bóta fyrir þá stétt og sama er að segja um sjúkraliða. Og mér er ekki alveg ljóst hvernig sjúkrahúsin væru rekin í dag án sjúkraliðamenntunarinnar. Þannig að ég óttast ekki að hér verði einhver allsherjar breyting á starfsliði dagvistarstofnana í þá átt að fósturmenntunin leggist af. Ég vona að svo slæmt sé málið ekki. En það er alveg staðreynd að fóstrum fer fækkandi og þá verður að koma til móts við börnin á einhvern hátt.

Þau laun sem ófaglærðu fólki er boðið á þessum stofnunum eru svo aum að það er alveg rétt að það er ekki fyrsta flokks starfsfólk í sama mæli og áður sem sækir um slík störf. Ég veit t.d. um barn mér nákomið sem hafði 11 „fóstrur", eins og barnið orðaði það, á einu einasta ári. Og það segir sig alveg sjálft hver áhrif það hefur á lítið barn að vera í stöðugum kvíða út af því að nú komi einhver nýr til þess að gæta þess allan daginn. Ég held þess vegna að það sé gersamlega raunhæft að reyna að girða fyrir það ástand og með ráðstöfunum eins og þessum. Og ég vil leggja á það áherslu að ég held að að sumu leyti gæti þetta verið æskilegt nám fyrir ýmsa þá sem eru að koma út á vinnumarkaðinn eftir að hafa kannske verið árum saman utan vinnumarkaðarins, jafnvel við barnauppeldi og hliðstæð störf.

Ég vildi auk þess vekja athygli á einu í sambandi við þetta frv., sem ég hafði nú ekki tekið eftir fyrr en rétt nýlega og er þá verkefni þeirrar nefndar sem fær þetta frv. til umfjöllunar, en það er að ég sé ekki að hugað sé að því hver réttur fósturliða er óski hann t.d. eftir að fara svo í Fósturskóla og læra til fóstru. Ég held að það væri ástæða til að huga aðeins að því hver sá réttur væri miðað við aðra undirbúningsmenntun og vildi biðja þá hv. þm. sem um málið kunna að fjalla að huga lítillega að því.

En það er hægt að halda langa ræðu þegar þessi mál ber á góma vegna þess að það er alveg ljóst að dagvistarmál eru bókstaflega í hreinni upplausn. Það er t.d. átakanlegt að sjá í svari hæstv. mentmrh. að einungis í fjórum kaupstöðum á landinu fyrirfinnast skóladagheimili, einungis í fjórum. Og það gefur auga leið að víðast hvar annars staðar á landinu vinna báðir foreldrar langan vinnudag utan heimilis. Og maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hvar í ósköpunum eru börnin á meðan foreldrarnir eru að vinna?

Það eru margar aðrar upplýsingar sem koma fram hér í þessu svari hæstv. ráðherra. Fjöldi stórra kauptúna hefur alls engin dagheimilispláss. Og við vitum öll hvernig ástandið er hér í Reykjavík. Og nú hefur framlag ríkisins verið skorið niður um helming úr 40 millj. í 20, enda eru þegar farnar að berast til okkar þm. ályktanir frá hinum og þessum sveitarstjórnum, nú síðast í morgun ályktun frá bæjarstjórn Kópavogs, sem auðvitað óttast eins og þeir segja, með leyfi forseta, örstutt, að: „fari svo fram sem nú er lagt til er augljóst að þessari sjálfsögðu þjónustu muni ekki komið á í smæstu sveitarfélögunum og henni er skorinn mjög þröngur stakkur í hinum stærri". Ég held að menn geri sér ekki alveg grein fyrir hvað verið er að gera með þessum ráðstöfunum. Það er ekki annað að sjá en að það eigi að gefa börn landsins upp á bátinn, senda þau út á guð og gaddinn, því að við lifum ekki lengur í þjóðfélagi þar sem amman er heima eða afinn eða einhver stórfjölskylda sem sér um börnin þegar foreldrarnir eru báðir úti að vinna. Og ég held að því fyrr sem hv. Alþingi gerir sér grein fyrir hversu alvarlegar afleiðingar þetta getur haft fyrir komandi kynslóðir, því betra.

Ég held því að sjálfsagt sé að reyna að koma til móts við það vandræðaástand, sem skapast hefur á dagvistarstofnunum og á eftir að versna, með því að gera lögin sveigjanlegri hvað varðar menntunarkröfur eða öllu heldur má orða það þannig, sem væri e.t.v. réttara, að bjóða upp á styttri menntun en þó menntun sem nýttist mjög vel inni á dagvistarheimilum frekar en að fela þau störf ófaglærðu fólki sem er e.t.v. gjörsamlega ókunnugt þessari starfsemi þangað til það kemur til starfa inni á dagvistarheimilunum. Ég held að það hljóti einungis að vera til bóta.

Ég vil því hvetja hv. þm. til að veita þessu frv. brautargengi í nefnd og gera það að lögum á þessu þingi því að ég held að við svo búið megi ekki standa nema menn vilji gefast upp fyrir þeirri þróun, sem

Hagstofa Íslands spáir, að stórfelld fækkun barnsfæðinga muni eiga sér stað á næstu áratugum og aldurshlutfall landsmanna gjörbreytast og þar með þjóðfélagið allt. Að þessum málum verður að huga af fyllstu alvöru.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

11. fundur, þriðjudaginn 4. nov., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 3. nóv. 1986:

„Jón Helgason, 5. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum fer ég þess á leit með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að varamaður taki sæti mitt á Alþingi meðan ég er fjarverandi. Hvorki 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Böðvar Bragason lögreglustjóri, né 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Guðmundur Búason kaupfélagsstjóri, geta mætt til þings, sbr. bréf frá þeim. Legg ég því til að 3. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðni Ágústsson eftirlitsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Ég vil fara þess á leit við hv. kjörbréfanefnd að hún taki kjörbréf Guðna Ágústssonar til athugunar og yfirlýsingar þær sem hér fylgja með. Fundinum er frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Guðna Ágústssonar sem 3. varaþm. á B-lista í Suðurlandskjördæmi og einnig fært til bókar bréf 1. og 2. varamanns B-listans þar sem þeir lýsa yfir að þeir hafi ekki aðstæður sakir anna til þess að sækja þingfundi að þessu sinni. Nefndin er sammála um að mæla með því að kjörbréf Guðna Ágústssonar verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Guðni Ágústsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Erfðafjárskattur, ein umr.

Fsp. HS, 60. mál. — Þskj. 60.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 60 hef ég leyft mér að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hverjar voru tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1985 umfram þær 25 millj. sem runnu í Framkvæmdasjóð fatlaðra?"

Í 18. gr. frv. til lánsfjárlaga, sem nú liggur fyrir Ed., segir svo, með leyfi hæstv. forseta, eftir að búið er að tíunda skerðingarákvæði til Framkvæmdasjóðs fatlaðra:

„Jafnframt falla niður óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983."

Í sambandi við þetta vil ég taka fram að við hæstv. fjmrh. höfum raunar þegar átt nokkurn orðastað um þetta efni við síðari hluta 1. umr. til lánsfjárlaga í Ed., en þá hafði fsp. þessi verið lögð fram. Ástæða til þess að um þessa upphæð er spurt er sú staðreynd að í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 25 millj. aðeins til Framkvæmdasjóðs fatlaðra af tekjum Erfðafjársjóðs, en skv. lögum eiga tekjur af Erfðafjársjóði að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, en í 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, sem í frv. til lánsfjárlaga er vísað til, er einmitt kveðið skýrt á um þetta.

Ég vísa nú eins og ég gerði áður til ákveðinna samþykkta landsþings Þroskahjálpar um að skila þessum umframtekjum s.l. árs í Framkvæmdasjóðinn, svo og kröfu stjórnarnefndar um málefni fatlaðra sem hefur sent fagráðuneytum þeim sem aðild eiga að þeirri nefnd beina kröfu um greiðslu þessarar upphæðar svo að unnt sé að skipta henni til hinna fjölmörgu þörfu og brýnu verkefna sem í gangi eru og hvergi nærri hafa fengið fullnægjandi afgreiðslu, hvorki nú eða á liðnum árum. Því er enn skorað á hæstv. ráðh., um leið og hann upplýsir hver upphæðin er, sem af Framkvæmdasjóði á að taka eftir á með þessum hætti, að hann beiti sér fyrir, ef ekki að skila þessari upphæð nú, að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái þá hækkað framlag sem þessu nemur á næsta árs fjárlögum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Tekjur af erfðafjárskatti á því ári sem tilgreint er í fsp. voru rúmar 66 millj. kr. og sá mismunur sem að er spurt var 41 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans, en ég hefði gjarnan viljað að hann hefði gefið yfirlýsingu um hvernig með þetta mál skyldi farið. Það er ljóst að hann vill standa við 18. gr. lánsfjárlagafrv. eins og það er, að þessar tekjur verði má segja gerðar upptækar í ríkissjóð, þessar umframtekjur, 41 millj. Það er býsna mikill peningur sem þar er á ferð og í raun og veru meiri peningur en ég átti von á að hefði verið tekinn af þeirri upphæð sem á að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra óskipt að mínu viti og allra þeirra sem um þessi mál hafa fjallað.

Það verður ekki hjá því komist, þó að það sé ekki tími til þess í knöppum fyrirspurnatíma, að minna á það hversu Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið hart leikinn á undanförnum árum. Það er því ekki að ófyrirsynju að svona mál sé tekið upp þegar á að taka af sjóðnum eftir á svo háa upphæð sem svarar uppbyggingu líklega átta sambýla a.m.k., en það er talið að uppbygging hvers sambýlis kosti milli 5 og 6 millj. kr. í byggingu. Það er býsna mikið vegna þess að það er hátt í það jafnhá tala og sambýlin öll eru á landinu í dag.

Ég minni enn á að nýlega er komin fram skýrsla sem unnin var á vegum Þroskahjálpar um þessi mál sem sannar ótrúlega skerðingu síðustu ára þó þessi ósköp, sem hæstv. ráðh. upplýsti núna, kæmu ekki til ofan á allt annað. Ég minni á að 1980–1983, þegar viss skerðing var þó á og mun minni verkefni hvíldu á sambærilegum sjóðum, að raungildisupphæð á ári var 155 millj. á verðlagi 1. des. 1985, en Framkvæmdasjóður fatlaðra 1984–1986, með mun fleiri verkefni og mun hagstæðari lögboðin framlög og hærri ef lög hefðu verið haldin, er með raungildisupphæð á ári síðustu þrjú ár 94 á móti 155 á árunum áður. Ekki á hún að hækka eftir því sem fjárlagafrv. segir til um. Þetta allt veldur því að fólkið í Þroskahjálp, foreldrar hinna þroskaheftu, spyrja eðlilega hvers vegna í ósköpunum svo megi til takast um ótvíræða lagaskyldu, hvers vegna í ósköpunum Alþingi ógildi þannig svo sín eigin lög.

Ég hlýt enn þá að skora á hæstv. ráðh. og samráðherra, sem þessi mál snerta alveg sérstaklega, að leiðrétta nú og bæta í einhverju fyrir fyrri verk. Og eins og ég sagði áðan: Ef það er algerlega útilokað að hæstv. fjmrh. vilji skila þessum peningum á þann stað sem þeir eiga að fara að sjá þá til þess að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði á næsta ári með sambærilega miklu hærra framlag en hann er í frumvarpinu í dag.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það reyndist óhjákvæmilegt á þessu ári eins og oft endranær að takmarka framlög í Framkvæmdasjóðinn miðað við það sem ýtrustu ákvæði laga segja til um. Það er ekki ný saga heldur vel þekkt á hinu háa Alþingi. Það láðist hins vegar að leita lagaheimildar fyrir þeirri ákvörðun sem lá til grundvallar tekju- og útgjaldaákvörðunum þessa árs og þess vegna er þeirrar lagaheimildar leitað nú, eins og áður hefur verið upplýst í umræðum um lánsfjárlög.

Hins vegar hefur það verið boðið fram og það er rétt að skýra frá því hér til lausnar á þessu máli m.a. að vegna skuldbindinga út af Öskjuhlíðarskólanum og vegna þess að sjóðurinn hafði í byrjum þessa árs tekið ákvarðanir um fjárveitingar, sem síðar voru færðar niður vegna verðlagsbreytinga þegar nýjar verðlagsforsendur lágu fyrir í kjölfar kjarasamninga, hefur fjmrn. fyrir sitt leyti lýst því yfir að það sé tilbúið til viðræðna um að veita aukafjárveitingu af þessum sökum að upphæð 10 millj. kr. Ég vænti þess að á þann veg megi ljúka þessu máli.

Auðvitað er það sárt þegar ekki er unnt að standa að fullu og öllu við útgjaldaákvæði, ekki síst þegar um er að ræða málefnaflokka sem flestir eru sammála um að mikilvægir séu, en í þessu efni eins og ýmsum öðrum verða menn að sníða sér stakk eftir vexti og hafa í huga hversu miklar byrðar er unnt að leggja á skattborgarana. Ég vænti þess að með þessum hætti megi ljúka þessu máli.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun, ein umr.

Fsp. KH, 99. mál. — Þskj. 100.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 100 leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun ríkisins. Fsp. er í þremur liðum:

„1. Hve miklu fé er áætlað að lífeyrissjóðirnir verji til kaupa á skuldabréfum af Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu ári?

2. Hvernig verður brugðist við ef lífeyrissjóðirnir óska eftir að kaupa skuldabréf fyrir hærri upphæð af Húsnæðisstofnun en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir árið 1986?

3. Verður hugsanlegri umframfjárhæð varið til útlána á vegum Húsnæðisstofnunar? Ef ekki, hvernig verður henni þá varið?“

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessari fsp. úr hlaði með fleiri orðum. Spurningarnar skýra sig væntanlega sjálfar.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við 1. lið fsp. vil ég taka þetta fram: Áætlað er að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun á árinu 1986 nemi alls 2,1 milljarði kr. Þá er tekið mið af skuldabréfa-

kaupum þeirra til loka októbermánaðar og þeim samningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert við um 65 lífeyrissjóði um skuldabréfakaup þeirra á þessu ári. Til viðbótar framangreindri fjárhæð er ætlað að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af ríkissjóði á þessu ári fyrir 925 millj. kr. og af þeirri fjárhæð er áætlað að Húsnæðisstofnun ríkisins fái 300 millj. kr. endurlánaðar frá ríkissjóði sem ætlaðar eru til lánveitingar þeim húsbyggjendum sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja, sbr. lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum.

Að því er varðar 2. lið fsp. er rétt að taka fram að í lánsfjáráætlun fyrir árið 1986 er heimild fyrir stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að taka lán hjá lífeyrissjóðunum að fjárhæð 1530 millj. kr. Mun verða leitað eftir viðbótarheimild Alþingis fyrir lántökum til handa Húsnæðisstofnun ríkisins að því marki sem þarf til þess að lánveitingar lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar geti numið 55% af ráðstöfunarfé þeirra á árinu 1986, enda verði eftir þeirri heimild leitað af hálfu Húsnæðisstofnunar.

Að því er varðar 3. lið fsp. er rétt að taka fram að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur lagt til við félmrh. að þeir aðilar sem áttu að fá lán samkvæmt eldra lánakerfi frá 1. sept. til áramóta fái afgreiðslu samkvæmt nýja lánakerfinu, enda hafi þeir óskað eftir því. Félmrh. hefur samþykkt þessa tillögu stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Áætlað er að meginhluta þessa umframfjár, sem nú er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun fái frá lífeyrissjóðunum, verði varið í þessu skyni. En að öðru leyti er rétt að leggja á það áherslu að það er stjórn Húsnæðisstofnunar sem tekur ákvörðun um hvernig útlánum er háttað.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og sé raunar ekki ástæðu til að fjalla frekar um þau. Ég er fyllilega ánægð með það sem hér kom fram.

Endurmat á störfum kennara, ein umr.

Fsp. MJL, 105. mál. — Þskj. 108.

Fyrirspyrjandi (María Jóhanna Lárusdóttir):

Herra forseti. Undanfarin 15 ár hef ég haft það starf með höndum að kenna unglingum í gagnfræða- og framhaldsskóla. Mér er það ljóst sem kennara og foreldri að menntakerfi okkar á við margvíslegan vanda að etja sem þarfnast brýnna aðgerða af hálfu þeirra er fara með stjórn menntamála hér á landi. Það eru því margar spurningar sem brenna á vörum mínum til hæstv. menntmrh. Spurningar eins og hvenær megi vænta samfellds skóladags, einsetins skóla, aukinnar fjárveitingar til sérkennslu og myndarlegs átaks í bókasafnsmálum Háskóla Íslands svo að eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu málum er mér liggja á hjarta.

Mér er þó ljóst að þótt hæstv. menntmrh. hefði á reiðum höndum svör og úrlausnir við öllum þessum spurningum, þótt allur sá vandi er ég hef drepið á yrði leystur strax á morgun væri það til lítils ef engir væru kennararnir til að kenna í menntastofnunum þjóðarinnar.

Hvort sem um er að ræða kennslu í grunnskóla eða háskóla og allra skólastiga þar á milli hvílir það fyrst og fremst á hæfni og menntun viðkomandi kennara hvernig til tekst. Flótti menntaðra kennara úr skólum landsins er staðreynd sem allir þekkja er á annað borð láta sig skólamál einhverju varða. Sá flótti er einkum til kominn vegna kjara kennara, óeðlilegs vinnutíma þeirra, bágrar starfsaðstöðu og lélegra launa. Það er því brýnt að störf kennara verði tekin til gagngerrar endurskoðunar. Því leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 108, svohljóðandi:

„Hyggst menntmrh. beita sér fyrir endurmati á störfum kennara í samræmi við niðurstöðu nefndar er Ragnhildur Helgadóttir fyrrverandi menntmrh. skipaði 12. des. 1984 og skilaði áliti í febrúar 1985?“

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Með bréfi dags. 12. des. 1984 skipaði þáverandi menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir nefnd til að vinna að endurmati á störfum kennara. Nefndin var skipuð þrem fulltrúum frá Bandalagi kennarafélaga og þremur fulltrúum frá menntmrn. Nefndin hóf störf þegar og skilaði áliti sínu þann 28. febrúar 1985 eins og til var ætlast.

Eins og flestum mun kunnugt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kennarastarfið hefði breyst mikið á undanförnum einum og hálfum áratug, kröfur til kennara aukist og starf þeirra orðið fjölþættara. Í niðurstöðum nefndarinnar segir m.a. að hún dragi mjög í efa að mat frá 1970 á störfum kennara hafi verið réttmætt. Veigamiklir þættir í kennarastarfinu hafi ljóslega verið vanmetnir, þar á meðal sjálfstæði og frumkvæði, ábyrgð og áreynsla. Enn fremur segir í niðurstöðum að nefndin telji að þær breytingar sem orðið hafi á kennarastarfinu frá 1970 hafi verið mun meiri en hækkun á launum kennara gefi til kynna og virðist breytingarnar á starfinu því ekki hafa skilað sér sérstaklega í launum kennara.

Í ræðu hæstv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar, er hann mælti fyrir frv. til fjárlaga í s.l. viku, kom fram að á þessu ári hafa laun kennara hækkað meira en laun opinberra starfsmanna innan BSRB og BHMR. Ætla má að umrædd endurmatsskýrsla hafi greitt fyrir í þeim efnum. En með leyfi forseta vil ég vitna til ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann segir: „Frá janúar til október á þessu ári hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um rétt 7%. Á sama tíma hafa meðallaun ríkisstarfsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hækkað um 18,6%, um 21,8% hjá háskólamönnum og um 28% hjá kennurum í

Bandalagi kennarafélaga.“ Svo mörg eru þau orð.

Það er álit þeirra sem til þekkja að endurmatsnefndin hafi skilað verki sínu vel og því ekki ástæða til að láta fara fram frekara mat á störfum kennara að sinni.

Fyrirspyrjandi (María Jóhanna Lárusdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans við fsp. minni.

Það er rétt að laun kennara hafa hækkað umfram aðra opinbera starfsmenn um einhver prósentustig. Launin eru samt enn smánarlega lág og má rekja kennaraflóttann að miklu leyti til þeirra. Byrjunarlaun grunnskólakennara, er hefur þriggja ára háskólamenntun að baki, eru nú rúm 31 þúsund. Eftir 15 ára starfsreynslu eru þau rúm 42 þúsund og geta ekki hækkað úr því. Eru því laun kennara, er hafa kennt 15 ár eða lengur, tæpur helmingur launa hv. þm.

Ég beini því til hæstv. menntmrh. að dustað verði rykið af skýrslu endurmatsnefndarinnar og niðurstöður hennar verði lagðar til grundvallar á nýju og raunhæfu mati á störfum kennara áður en óbætanlegt tjón hlýst af í menntamálum þjóðarinnar.

Það er í rauninni hlálegt að stjórnvöld, er láta í veðri vaka að þau hyggist flytja út hugvit og þekkingu landsmanna, skuli búa þannig að kennarastéttinni að hæfir og vel menntaðir kennarar verða að sjá sér farborða með öðrum hætti en kennslu og að menntun barnanna okkar sé að verða þjóðarhneisa eins og kemur fram í útdrætti úr skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um ástand menntamála hér á landi og skýrt var frá í Ríkisútvarpinu hér á dögunum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil nú ekki kalla að skýrsla sem skilað er í febrúar 1985 geti kallast rykfallin og þar við bætist að mér er fullkunnugt um að í allri umræðu um kjör kennara hefur þessi skýrsla verið hið verðmætasta plagg og eins og ég sagði geri ég fyllilega ráð fyrir því að hún hafi haft sitt að segja þegar kjör kennara voru bætt eða laun þeirra hækkuð svo sem raun ber vitni um. Ég var ekki þar með að segja að þau væru viðhlítanleg, kjör kennara og kaup þeirra. Það er öðru nær. Það hefur verið margrætt hér og það er leitað ýmissa leiða. Nýlega, í svari við fsp. frá hv. 5. þm. Austurl., fjölluðum við um þetta mál þar sem menntmrn. vill að sínu leyti leggja málefnum kennarastéttarinnar lið og mun leita til þess ýmissa ráða í samvinnu við kennarasamtökin. Ég minnti að vísu á að beinir samningar um kaup og kjör heyra ekki til míns friðar, en ég mun þó eftir bestu getu reyna að leggja þessum málum lið með vísan til þess að ástand þeirra er fjarri því að geta verið þolanlegt.

Framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll, ein umr.

Fsp. HG, 110. mál. — Þskj. 113.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 113 hef ég borið fram fsp. til hæstv. samgrh. um framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll. Spurt er:

„Hvenær er ráðgert að framkvæmdir hefjist við nýbyggingu Egilsstaðaflugvallar, hvað er áætlað að flugvallargerðin kosti og hver er álitinn æskilegur framkvæmdahraði?“

Hér er innt eftir máli sem er eitt hið mikilsverðasta er snertir samgöngur Austurlands við aðra landshluta og eru þó mörg atriði sem eru ekki komin í viðunandi horf í samgöngum þess landsfjórðungs miðað við það sem gerist annars staðar. Egilsstaðaflugvöllur er aðalflugvöllur Austurlands og geri ég þó ekki lítið úr þýðingu annarra flugvalla í kjördæminu fyrir samgöngur. Í nefnd sem hæstv. samgrh. skipaði fyrir líklega um tveimur árum var lögð áhersla á að framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll yrðu ofarlega á blaði, nánast forgangsverkefni í framkvæmdum við flugvelli hér innanlands og gert var ráð fyrir að nefnd þessi lyki störfum, ef ég man rétt í árslok 1985 án þess að vilja nákvæmlega fullyrða það. Nú vænti ég þess að nefndin hafi skilað sínu starfi og því er ástæða til að inna hæstv. samgrh. eftir því hvað líði áformum um framkvæmdir og annað sem fram kemur í þessari fsp.

Aðstæður við Egilsstaðaflugvöll eins og nú er eru vægast sagt slæmar, einkum á vissum árstímum vegna þess að burðarlag í flugvellinum er ekki þannig að það standist veðurfarsaðstæður, einkum að vori til, og fjölmargt fleira gerir það að verkum að þessi flugvöllur hefur ekki þau skilyrði sem orðið gætu með byggingu nýrrar flugbrautar við hliðina á hinni eldri.

Ég vænti þess að það komi skýrt fram hjá hæstv. ráðh. hver séu áform núverandi ríkisstjórnar um úrlausn í þessu efni.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Með bréfi dags. 6. febrúar 1984 var skipuð sérstök nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum og var nefndinni falið auk slíkrar áætlunargerðar að gera tillögur um tekjustofna og fjárframlög til flugmálaframkvæmda og starfsemi flugmálastjórnar. Í skipunarbréfi nefndarinnar var getið nokkurra verkefna, þar með talinn Egilsstaðaflugvöllur, sem nefndin skyldi athuga sérstaklega. Lokaskýrsla flugmálanefndar hefur nú nýverið borist ráðuneytinu og er þar til athugunar, en áfangaskýrsla um Egilsstaðaflugvöll var send ráðuneytinu í febr. 1985.

Í áfangaskýrslunni eru raktar helstu athuganir og úrbótatillögur sem fram hafa komið vegna flugvallar við Egilsstaði og er nefndin sammála um að einu raunhæfu úrbæturnar felist í flutningi núverandi brautar. Flutningurinn ræðst m.a. af því að ella

þyrfti að skipta um yfirborð flugbrautarinnar sem nú er, en slíkt er afar kostnaðarsamt og lokar vellinum um langan tíma án þess að úrlausn fengist á verulegum blindflugsannmörkum. A.m.k. tvær megintillögur hafa verið á lofti um legu hinnar nýju brautar. Leggur nefndin til að lögð verði braut vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti með það einkum í huga að þannig fáist verulegar flugöryggisúrbætur með sem minnstri röskun fyrir byggðina umhverfis flugvöllinn. Stefnt verði að því að hin nýja braut verði 2000 m og malbikuð. Nefndin lét kanna kostnað við þessa flugbrautargerð og varð niðurstaðan um 150 millj. kr. miðað við verðlag í janúar 1986. Nefndin taldi að hægt yrði að takmarka sig við 1500 m braut í byrjun sem kostaði ca. 115 millj. kr. miðað við verðlag í janúar 1986, en vildi láta útboð ráða hvor leiðin yrði farin. Æskilegur framkvæmdahraði var talinn þrjú ár.

Nefndin velti fyrir sér möguleikum á fjármögnun framkvæmdanna úr Norræna þróunarsjóðnum, en taldi að öðru leyti að varið skyldi fé af fjárlögum til þeirra.

Hv. fyrirspyrjandi spyr hvenær ráðgert sé að framkvæmdir hefjist við nýbygginguna. Það ætti ekki að þurfa að fjölyrða um það hér á Alþingi að ákvarðanir um fjárfestingar í flugmálum eru teknar frá ári til árs við afgreiðslu fjárlaga. Langtímamótun og stefnumörkun hefur ekki náð fram að ganga í þessum þætti samgöngumála líkt og gildir um vegamál. Mætti hér minna á ályktun Alþingis frá 1978, um markmið og leiðir í flugmálaframkvæmdum, sem varð á samri stundu að markleysu vegna fjárskorts.

Í skýrslu flugmálanefndar, sem áður er getið um, er að finna tillögur að frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Frumvarpsdrög þessi eru nú til athugunar hjá ríkisstjórn og er stefnt að því að leggja þau fram á yfirstandandi þingi. Nái frv. þetta fram að ganga er von til þess að kjölfesta náist í uppbyggingu þessa mikilvæga málaflokks, kjölfesta sem leiðir til þess að unnt verði með skipulegum hætti að ganga svo frá flugvöllum og flugleiðsögutækjum að til sóma sé.

Ég vil aðeins bæta því við að ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja fram langtímaáætlun í flugmálum þar sem verði komið inn á varaflugvöll fyrir landið, þar hefur helst komið til greina varaflugvöllur á Sauðárkróki, uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, flugstöðvarbyggingu á Reykjavíkurflugvelli og lagningu bundins slitlags á helstu áætlunarflugvelli á landinu. En hvað sem líður fjáröflun, hvort sem samkomulag næst um það á þessu þingi eða ekki, hef ég mikinn áhuga á því að leggja fram till. um langtímaáætlun í flugmálum á þessu þingi líkt og gert var á sínum tíma í vegamálum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör við mínum fsp. þó að þar kæmi engan veginn fram neitt sem snerti framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll, en hins vegar áætlaðar kostnaðarupplýsingar og **æskilegur framkvæmdahraði. Í ár** mun reiknað með skv. frv. til fjárlaga að verja 60 millj. kr. til framkvæmda í flugmálum og er það heldur lægri upphæð í krónum talið en á síðasta ári. Þessi staðreynd gerir það auðvitað að verkum að menn gera sér litlar eða engar vonir um að tekið verði á brýnu verkefni og stóru eins og endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Hæstv. ráðh. upplýsti að kostnaðurinn næmi á verðlagi í janúar s.l. 150 millj. kr., þ.e. tvisvar og hálfri þeirri upphæð í krónum talið sem er til ráðstöfunar samtals til framkvæmda á þessu sviði. Þetta talar auðvitað sínu máli um það hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur að þessum málaflokki, þessum þætti samgöngumálanna, og er það sannast sagna hreint hörmulegt hversu lítið er gert fyrir þennan þátt samgangna, framkvæmdir í flugmálum innanlands. Þýðing þeirra er æ meiri fyrir landsmenn alla, en auðvitað sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar sem búa við þessar samgöngur og þurfa meira á þeim að halda en höfuðborgarsvæðið.

Það segir sína sögu um áherslur stjórnvalda hvernig staðið hefur verið að uppbyggingu nýrrar flugstöðvar í Keflavík á sama tíma og flugmálin innanlands hafa verið í algeru svelti og fyrir neðan allar hellur. Sú framkvæmd hefur verið keyrð áfram og til hennar varið í ár um 1 milljarði kr. sem er meira en samanlagt til allra verkefna ríkis og sveitarfélaga í landinu, sameiginlegra verkefna þeirra, sem gengur í þessa einu framkvæmd. Hafa menn þó bjargast við það sem er í Keflavík fram undir þetta. Stórveldafundur fór hér fram með mikilli umferð og ekki var sérstaklega að því fundið að menn kæmust ekki í gegn í Keflavík. Tel ég þó út af fyrir sig enga goðgá að hugað sé að slíkri framkvæmd, en hér er ekki staðið rétt að málum.

Það verður sýnilega nýrrar ríkisstjórnar að taka á fjármögnunarþætti flugmálanna. Ég geri ekki lítið úr áhuga hæstv. samgrh. sem fagráðherra þessara mála að þoka þeim fram, en hann orkar greinilega, herra forseti, afar litlu í þessum efnum. Það sýna þær tölur sem menn hafa búið við í framkvæmdum til þessara mála.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þegar á heildina er litið verður ekki sagt að það sé varið litlu fjármagni til flugmála. Bygging flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er auðvitað mikilvægt skref í samgöngumálum þjóðarinnar. Allir farþegar sem koma og fara frá landinu fara um þessa flugstöð og hún er mjög mikils virði. Til hennar hefur miklu fjármagni verið varið og sú flugstöð verður tekin í notkun eftir að fyrsta ársfjórðungi næsta árs er lokið.

Ég vil líka benda hv. fyrirspyrjanda og öðrum á að mikið hefur verið unnið í bæði flugvallargerð og líka við uppbyggingu flugstöðva. Á þeim tíma sem ég hef verið samgrh. hafa verið teknar í notkun flugstöðvar á þó nokkuð mörgum stöðum. Rétt eftir að þessi ríkisstjórn var mynduð var tekin í notkun flugstöð á Hornafirði. Það hefur verið tekin í notkun flugstöð í

Aðaldal við Húsavík, á Þingeyri, Patreksfirði, í Stykkishólmi og töluverðar umbætur á þó nokkrum flugvöllum. Flestar flugstöðvar eru nú komnar í lag, að einum tveimur undanskildum, á aðalflugvöllum sem Flugleiðir eða stærri áætlunarflugfélög fljúga til. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst að nokkuð hafi um þokað í þessum efnum þó að margt sé ógert.

Það hefur einnig verið gert nokkuð í því að binda slitlag á minni flugvelli, en ég hefði kosið að það væri meira. En höfuðatriðið er að fara út í langtímaáætlun um framkvæmdir í flugmálum eins og gert er með starfi þeirrar nefndar sem nýlega hefur lokið störfum. Hún hefur skilað mjög ítarlegu nefndaráliti sem er mikil vinna á bak við og hefur verið unnin af hinum færustu mönnum, bæði starfsmönnum Flugmálastjórnar og öðrum. Svo er það Alþingis hvernig það tekur þeirri tillögu um langtímaáætlun í flugmálum og þá vona ég að þm. taki jákvætt undir þær tillögur þegar þar að kemur.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vil ekki gera lítið úr því litla sem þokað hefur í flugmálum í tíð núv. hæstv. samgrh. Hann taldi upp flugstöðvar og kom með staðhæfingu sem ég tel nauðsynlegt að gera athugasemd við, sagði að það væru komnar nýjar flugstöðvar, ný flugskýli á alla aðalflugvelli sem Flugleiðir flygju til á stærri flugvélum. Þetta er ekki rétt. Ég á oft leið um Norðfjarðarflugvöll. Þar er flugskýli sem er hreysi, ekki mönnum bjóðandi í rauninni, heilsuspillandi hvað þá meira. (**Samgrh.:** Að tveimur undanteknum.) Það er því alveg ljóst að það sem hæstv. ráðh. staðhæfði um úrbætur í þeim efnum er ekki rétt í öllum greinum.

Öryggisfræðsla sjómanna, ein umr.

Fsp. ÁJ, 97. mál. — Þskj. 98.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. um öryggisfræðslu sjómanna.

„1. Hvaða áform eru um framhald öryggisfræðslu sjómanna sem samgrh. fól Slysavarnafélaginu að annast samkvæmt tillögu öryggismálanefndar sjómanna sem stofnsett var á miðjum vetri 1984?

2. Hve margir sjómenn hafa sótt þessi námskeið?

3. Hvernig er áformað að ná til allra sjómanna landsins á sem skemmstum tíma með þá grunnfræðslu sem hér um ræðir?

4. Verða þessi námskeið sjómönnum framvegis að kostnaðarlausu eins og t.d. námskeið fyrir fiskvinnslufólk?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Svar við 1. spurningu:

a. Í áfangaskýrslu öryggismálanefndar sjómanna dags. í okt. 1984 var m.a. lagt til að komið yrði á fót námskeiðum í helstu verstöðvum landsins þar sem kenndar yrðu öryggis-, bruna- og slysavarnir, reykköfun, notkun björgunarbúnaðar og almenn sjómennska. Slysavarnafélag Íslands hófst þegar á árinu 1985 handa um að halda slík námskeið og var fyrsta námskeiðið haldið 29.–31. maí það ár. Áður eða á tímabilinu 1. febr. til 31. mars 1985 voru haldnir 17 fræðslufundir víðs vegar um landið. Alls voru haldin 12 námskeið á 6 stöðum.

b. Í framhaldi af tilvitnaðri tillögu öryggismálanefndarinnar skipaði ég í mars 1985 fjögurra manna nefnd til að fjalla um námskeiðahald um öryggismál sjómanna. Í nál. dags. 11. okt. 1985 var m.a. lagt til að haldið yrði þriggja daga farnámskeið fyrir sjómenn á öllum helstu útgerðarstöðvum á landinu á sama grundvelli og Slysavarnafélag Íslands hafði gert. Fjöldi sjómanna á landinu er nú 6–7 þúsund og taldi nefndin æskilegt að ná til allra íslenskra sjómanna með lágmarksöryggisfræðslu á 3–5 árum. Nefndin kom með ákveðnar tillögur um námsefni sem fylgt hefur verið.

Á þessu ári hafa verið haldin 28 námskeið á 8 stöðum. Námskeiðin úti á landi voru almennt þriggja daga löng en fjögurra daga í Reykjavík. Í þessum mánuði eru fyrirhuguð 6 námskeið og í desember er fyrirhugað almennt námskeið í Reykjavík og fyrir stýrimannaskólanema í Vestmannaeyjum.

c. Á næsta ári, 1987, er áætlað að halda 85 þriggja daga námskeið með 20–25 þátttakendum í hverju. Þau munu því ná samtals til 1700–2225 manna. Námskeiðin verða byggð upp á svipaðan hátt og undanfarin tvö ár. Töluverð reynsla er nú komin á námskeiðahald þetta sem þykir hafa tekist mjög vel. Reiknað er með tveimur kennsluhópum, þ.e. tveimur leiðbeinendum í hvorum hópi og einum til þess að annast skipulagningu og stjórnun. Auk þess mun einn maður annast viðhald og frágang búnaðar o.fl.

2. spurning: Fram til 1. okt. 1986 hafa alls 808 nemendur tekið þátt í námskeiðum og 253 verið veitt viðurkenningarskjöl árið 1985 og 555 árið 1986. Eru þá ótaldir þeir sem aðeins sóttu hluta námskeiðanna. Sóttu fræðslufundina 1985 685 manns og nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík.

3. spurning: Eins og ég sagði áðan er áætlað að fræðsluátak þetta taki 3–5 ár. Það er auðvitað háð fjárveitingu sem til starfsins fæst hvort unnt verður að halda þeirri áætlun og þá hvenær allir íslenskir sjómenn hafa fengið þá öryggisfræðslu sem hér um ræðir. Áætlaður kostnaður 1987 er 16,5 millj. kr. Í lok þessa árs munu 915 sjómenn hafa notið fræðslunnar á námskeiðunum og 2615–3140 í lok næsta árs. Miðað við 6–7 þús. starfandi sjómenn mun námskeiðahaldinu ljúka árið 1989.

4. spurning: Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um fjárveitingar frá Alþingi til námskeiðahalds þessa. Verði aðeins veittur til þess verkefnis hluti af áætlaðri fjárhæð hlýtur að koma til álita að skipta

kostnaði á einhvern hátt milli ríkisins og samtaka útgerðar eða sjómanna sjálfra, en þó auðvitað með frjálsu samkomulagi við þessa aðila.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir markviss svör. Það er ljóst hvernig staðan er í þessum efnum en óljóst hvert framhaldið er. Þarna er búið að sinna grunnfræðslu fyrir nær þúsund sjómenn af 6–7 þúsund í landinu og ef það skipulag sem hefur verið gert gengur fram verða það um það bil 2 þús. á næsta ári o.s.frv. þar til þessu er lokið 1989, eins og hæstv. ráðh. hefur sagt. Það er reiknað með að kostnaður á mann sé um það bil 8 þús. kr. á næsta ári á slíku námskeiði. Það er auðvitað grundvallaratriði að fjármagn sé tryggt til þess að framkvæma þessa neyðarráðstöfun því að fyrst og fremst er þetta neyðarráðstöfun í landi sem hefur miklu meiri tíðni slysa á sjó en önnur nágrannalönd sem við þekkjum til. Það er því grundvallarspurningin hvernig fjármagn verður tryggt til þessarar framkvæmdar. Það væri í rauninni æskilegt að fá aðeins gleggri svör frá hæstv. ráðh. um hvernig á að brúa bilið í þessum 16 millj. og hvort fjárveitingavaldið miðar við að ganga þar til leiks á fullri ferð eða hvort það á að búta eitthvað niður.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og á því eiga sæti eins og menn vita 60 þm. og ég er einn af þeim. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að veita þetta fjármagn að fullu og öllu.

Sjálfvirkt tilkynningakerfi fiskiskipa, ein umr.

Fsp. ÁJ, 98. mál. — Þskj. 99.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. um sjálfvirkt tilkynningakerfi fiskiskipa:

„1. Hvað líður þróun sjálfvirks tilkynningakerfis fyrir fiskiskip sem unnið hefur verið að um árabil við Háskóla Íslands?

2. Hvenær og hvernig er áformað að hrinda í framkvæmd notkun hins nýja búnaðar sem veldur byltingu í þessum þætti öryggismála sjómanna?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Svar við fyrri fsp.: Ráðuneytið hefur á undanförnum árum greitt á fjárlögum framlag til undirbúnings og þróunar sjálfvirks tilkynningakerfis skipa. Umsjón með þessu verki hefur dr. Þorgeir Pálsson verkfræðingur haft í umboði Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. Markmiðið með umbótum þessum á tilkynningakerfinu er tvíþætt. Annars vegar tölvuvæðing núverandi kerfis, sem orðin er mjög aðkallandi vegna mikils álags, og hins vegar að koma upp alsjálfvirku kerfi. Ráðuneytið hefur fengið í hendur tvær greinargerðir, aðra um tölvuvæðingu tilkynningaskyldunnar, sú greinargerð var dags. 15. júní á þessu ári, og hins vegar um þróun sjálfvirks tilkynningakerfis. Sú greinargerð er dags. 15. nóv. 1985. Þar er gerð grein fyrir uppbyggingu kerfis sem mundi hafa í för með sér stórfelldar endurbætur á núverandi starfsemi tilkynningaskyldunnar auk þess að leggja grundvöll að alsjálfvirku tilkynningakerfi.

Síðari spurningin: Á fyrri hluta næsta árs er áætlað að hefja tilraunarekstur á sjálfvirku kerfi sem nái til takmarkaðs svæðis og takmarkaðs fjölda skipa, t.d. 20 skipa. Tilraunareksturinn mun verða í höndum Slysavarnafélagsins og tekur um það bil tvö ár. Jafnframt þessu verður unnið að tölvuvæðingu tilkynningaskyldunnar sem er nauðsynleg vegna hins mikla álags á núverandi kerfi. Að loknum tilraunarekstrinum er áætlað að hefjast handa um að gera stærri hluta rekstursins sjálfvirkan þar til flest skipin verða búin sjálfvirkum tækjum og kerfið nær um alla strandlengjuna. Áætlaður tími til þessa verks er talinn vera um fjögur ár.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans. Það er gott að heyra að þarna er unnið markvisst og ákveðið því þarna er um að ræða byltingu í öryggismálum sjómanna. Það kerfi sem hefur verið hannað hér á Íslandi í Verkfræðistofnun Háskóla Íslands undir stjórn dr. Þorgeirs Pálssonar er nýjung á heimsmarkaði og veldur því að þeir sem hafa eftirlit með öryggisþáttum sjómanna og skipum geta á augabragði séð á skjá hvar skip er statt eða hvar það hefur verið statt ef eitthvað hefur farið úrskeiðis. Þarna er um að ræða stórkostlegan þátt í starfsemi öryggismála sjómanna.

Það er gott að heyra að tilraunakerfið fer í gang á næsta ári og á að standa yfir reynsla á því í ein tvö ár. Þarna eru Íslendingar í fararbroddi og er ástæða til að hvetja til þess að fylgt sé eftir.

Rétt þykir mér að skjóta inn að einn þáttur í öryggismálum sjómanna, sem er brýnn og mikilvægur, er nýjung sem er á íslenskum markaði í dag, farsímar. Það er ástæða til að hvetja hæstv. samgrh. til að setja reglugerð um að skylda farsíma í íslenskum skipum. Í fyrsta lagi auðvelda farsímar mjög á meðan tilraunir standa yfir um sjálfvirka tilkynningarkerfið eftirlit og samskipti við skip svo að öryggið margeykst miðað við það sem nú er. Í öðru lagi er þarna um að ræða félagslegan þátt fyrir sjómenn sem eiga mun auðveldara með að hafa samband við fjölskyldur sínar í landi og aðra, sinna málum frá sjó sem ekki hefur verið hægt hingað til á raunhæfan hátt í gegnum hefðbundið talstöðvarkerfi. Löggilding farsíma um borð í fiskiskipum er því brýn. Það hefur sýnt sig t.d. í togurum landsins að það tæki hefur gerbreytt allri aðstöðu sjómanna um borð þannig að sjómenn eru í mun betri tengslum við land.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Sjálfvirki farsíminn hefur ekki verið í notkun nema í u.þ.b. fjóra nánuði. Eitthvað á þriðja þúsund farsímar eru komnir í notkun. Og ef ég man rétt var farsíminn, fyrir hálfum mánuði þegar ég fékk síðast skýrslu um það frá Póst- og símamálastofnun, kominn í notkun hjá um 220 skipum. Þetta er miklu örari þróun en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að farsíminn er gífurlega mikið öryggistæki og nánast bylting í öryggismálum sjómanna um leið og hann er til mikilla þæginda fyrir sjómenn og fjölskyldur þeirra, að ná beinu sambandi, og sömuleiðis fyrir marga aðra sem þurfa að ferðast á landi bæði í óbyggðum og á heiðum uppi. Ég tel að það sé fullsnemmt að fara að setja á skyldu á meðan við erum ekki búnir að koma upp sjálfvirku kerfi hringinn í kringum landið. Og þar er einnig komið til kasta Alþingis við afgreiðslu fjárlaga að skera ekki niður fjárveitingar í þessum efnum sem öðrum til símans þannig að ekki sé hægt að halda áfram þessum framkvæmdum með þeim hraða sem nauðsynlegt er að gera.

Að öðru leyti, vegna þess sem fyrirspyrjandi nefndi, að það kemur mjög til greina, eftir að komið hefur verið upp hnútastöðvum hringinn í kringum landið, að huga að því að skylda skip til að hafa farasíma en ekki fyrr.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er frumkvöðull að því að þróun farsímakerfisins hefur gengið svo hratt fyrir sig sem raun ber vitni og manna vísastur til að fylgja því eftir. Það er rauhæft að leggja á það höfuðáherslu að slíkt verði lögbundið í fiskiskipum og á togaraflotanum þegar kerfið þolir það á landi. En þess má geta að í gegnum þetta kerfi ganga greiðlega fyrir sig fjarskipti, símtöl við fiskiskip og togara allt að 190 mílur út frá landinu.

SAMEINAÐ ÞING

12. fundur, þriðjudaginn 4. nóv., að loknum 11. fundi.

Fjárlög 1987, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nýting heimavistarhúsnæðis í þágu aldraðra, fyrri umr.

Þáltill. GB og StG, 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. 23 hef ég lagt fram till. til þál. ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni um nýtingu heimavistarhúsnæðis skóla í þágu aldraðra. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. og heilbr.- og trmrh. að láta gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni þess að nýta ónotað heimavistarhúsnæði í grunnskólum, héraðsskólum og húsmæðraskólum sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Jafnframt verði könnuð félagsleg viðhorf til sambýlis barna og unglinga annars vegar og aldraðra hins vegar í heimavistum þessum.“

Eitt af þeim hlutverkum og skyldum sem hvíla á nútímaþjóðfélagi er að sjálfsögðu að sjá öldruðum þegnum þess fyrir viðunandi aðstöðu og aðbúnaði í ellinni og gera ævikvöldið eins þægilegt fyrir þessa þegna sem skilað hafa hlutverki sínu í þágu þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hafa víða risið dvalarheimili fyrir þetta fólk með ýmsu formi, annaðhvort reist á vegum opinberra aðila, þ.e. sveitarfélögin hafa haft forgöngu um framkvæmdir og fengið til þess stuðning eða styrk frá ríki skv. lögum, eða dvalarheimili sem hafa risið á vegum félagasamtaka eða jafnvel einstaklinga.

Það hlýtur að vera hlutverk samfélagsins að reyna að sjá svo til að þetta aldraða fólk eigi einhvers staðar höfði sínu að að halla og njóti öryggis í húsnæðismálum á efri árum.

Fjárfestingar í dvalarheimilum eru að sjálfsögðu kostnaðarsamar. Þetta eru dýrar byggingar. Þær þurfa að vera vandaðar. Þær þurfa að vera þannig útbúnar að aldrað fólk eigi auðvelt með að bera sig um og sinna sínum þörfum í hvívetna. Það þarf að hugsa til þess að þetta fólk hafi aðgang að hvers konar félagslegri þjónustu, ekki síst á heilbrigðisviðinu þar sem oft háttar svo til að heilsan er að gefa sig. Þá þarf að vera mögulegt að ná með skjótum hætti til lækna eða hjúkrunarfólks.

Á síðari árum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra orðið æ brýnni. Og skv. spám mun sú þörf aukast enn að miklum mun á næstu árum. Þó að víða hafi risið upp heimili fyrir aldraða eru biðlistarnir enn langir og margir eiga ekki kost á öðru en að leita dvalar fjarri heimahögum, fjarri ættingjum og vinum, fjarri æskustöðvum. Ef hægt væri að finna leiðir til þess að breyta þarna til, gefa þessu fólki tækifæri til að búa sem næst heimahögum, hygg ég að nokkuð væri til vinnandi. Það er einmitt andi till. sem hér er flutt, að huga að möguleikum sem gætu reynst fyrir hendi án þess að leggja út í miklar og kostnaðarsamar fjárfestingar, reyna frekar að nýta það húsnæði sem kann að vera til í landinu ekki fullnýtt og spara þannig mikil fjárútlát.

Í till. er fyrst og fremst rætt um skólahúsnæði en

vafalaust má huga að öðru húsnæði sem kann að vera fyrir hendi, lítið notað, húsnæði sem einhverju sinni hefur verið reist fyrir starfsemi sem síðar hefur lagst af og gæti í dag hentað til annarra verkefna.

Á undanförnum árum hafa verið byggðar heimavistir við fjölmarga grunnskóla og síðan hefur það gerst að nokkuð af þessu húsnæði er ekki lengur notað í þeim tilgangi. Þessir skólar hafa gjarnan risið til sveita en nú hafa áherslur breyst þannig að börnum og unglingum er ekið til og frá skóla á hverjum degi og skólar í þéttbýli hafa stækkað. Börn eru ekki lengur send úr þéttbýlinu til heimavistarskólanna heldur njóta sinnar menntunar heima fyrir. Þessi þróun á ekki eingöngu við hvað varðar barna- og grunnskóla, heldur má segja svipaða sögu um suma héraðs- og húsmæðraskólana. Þar hafa áherslur einnig breyst og þessir skólar eru því ekki lengur fullnýttir og er nú svo komið að sums staðar standa þeir jafnvel ónotaðir.

Flestir þeir skólar eru heimavistarskólar og mannvirki öll og aðstaða er byggð skv. því. Illa nýtt skólahúsnæði, ekki síst þar sem einnig er um að ræða dýrt og vandað heimavistarhúsnæði með mötuneyti og annarri tilheyrandi aðstöðu, verður óhagkvæmt í rekstri og getur orðið nánast ofviða fámennum og fjárhagslega veikbyggðum sveitarfélögum að standa undir slíkum rekstri. Á þetta ekki síst við þar sem svo háttar til að einstök sveitarfélög, sem áður hafa tekið þátt í samrekstri heimavistarskólanna, hætta þátttöku í rekstrinum og vilja losna úr samstarfinu þegar nemendur úr þeim sveitarfélögum sækja ekki lengur nám við viðkomandi skóla svo sem dæmi eru til um.

Segja má um flesta þessa skóla að þeir séu yfirleitt vel í sveit settir. Víða eru þeir byggðir þar sem jarðhiti er fyrir hendi og upphitunarkostnaður því lítill. Þar eru einnig víða sundlaugar og möguleikar til að koma upp þjálfunar- og endurhæfingaraðstöðu sem vel mundi henta öldruðu fólki. Þá hafa einnig á mörgum stöðum risið upp þéttbýliskjarnar kringum skólana, myndast skólahverfi og þar hefur síðan skapast margvísleg þjónusta sem að sjálfsögðu er nauðsynleg eins og ég fyrr nefndi til að geta þjónað þessu fólki.

Ýmislegt þarf að athuga verði till. þessi samþykkt. Það þarf að sjálfsögðu að gera úttekt á þeim skólum sem helst kæmi til greina að nýta í þessum tilgangi.

Það sem mér dettur í hug að þyrfti að athuga sérstaklega í þeirri úttekt er:

1. Er viðkomandi húsnæði hentugt sem dvalarheimili fyrir aldraða?
2. Er staðsetning þess í héraðinu heppileg fyrir þessa nýju og breyttu þjónustu eða þetta nýja hlutverk?
3. Hverju þarf að breyta og hvað kostar það?
4. Hversu mörg vistrými gæti viðkomandi húsnæði boðið upp á?
5. Hver er þörfin á svæðinu og fyrir hvers konar þjónustu er þörf?

Upptalning þessi er að sjálfsögðu ekki tæmandi, heldur aðeins drepið á nokkur atriði. Í þessari úttekt þarf að skoða rækilega að þessar heimavistarbyggingar eru auðvitað mjög misjafnlega hentugar. Þær eru byggðar á mjög misjöfnum tímum, sumar eru gamlar á mörgum hæðum og henta illa nema með miklum breytingum, lyftubúnaði og öðru slíku. Aðrar eru nýlegar byggingar sem hugsanlegt er að laga að þörfum eldra fólks með tiltölulega litlum breytingum og litlum tilkostnaði.

Þá vil ég einnig ítreka sérstaklega það sem nefnt er í till. sjálfri að jafnframt verði könnuð félagsleg viðhorf til sambýlis ungmenna og hinna öldruðu. Ég tel að það sé ekki sjálfgefið að skipta þurfi algjörlega um hvað varðar nýtingu húsnæðisins, heldur megi vel hugsa sér að aldrað fólk geti einnig búið á heimavistum sem áfram gegni upphaflegu hlutverki sínu að hluta til, að vera vistrými fyrir börn eða unglinga sem þar hafa áður búið.

Mér hefur dottið í hug að hér kynni að vera leið til þess að brúa þetta svokallaða kynslóðabil, sem stundum er nefnt svo, og skapa aftur félagslegt umhverfi þar sem ungir og aldnir búa samvistum og hefur svo mjög dregið úr að undanförnu þegar annars vegar eru byggðar upp dagvistarstofnanir fyrir unga fólkið okkar og hins vegar dvalarheimili fyrir það elsta. Í mínum huga er það ekki rétt stefna og ég er sannfærður um að þarna mætti snúa aftur til betri vegar með breyttum hugsunarhætti og breyttu félagslegu umhverfi.

Ég vil líka í framsögu með þessari þáltill. nefna það að margir heimavistarskólanna eru nú nýttir yfir sumarið til hótelreksturs. Ég vil ekki gera lítið úr því mikilvæga hlutverki. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur rekið Eddu-hótel í mörgum þeirra og á öðrum stöðum hafa heimaaðilar rekið hótel eða nýtt skólann til sumardvalar fyrir ákveðna hópa og haft af því nokkrar tekjur. Þetta tel ég einnig mikilvægt hlutverk fyrir skólana eða þetta húsnæði, enda dettur mér ekki í hug að halda að öllum skólum verði breytt frá því að vera heimavistir fyrir skólafólk í það að verða dvalarheimili. Jafnvel er hægt að ímynda sér að eitthvað af þessu húsnæði geti einnig þjónað sem hótel hluta úr ári þó að þar sé starfrækt dvalarheimili.

Þá má einnig nefna — þó hér sé sérstaklega rætt um að breyta skólahúsnæðinu í dvalarheimili — að huga megi að annars konar nýtingu húsnæðisins ef það nýttist ekki lengur sem heimavistarhúsnæði fyrir börnin. Það kann að vera að það nýtist alls ekki í þessum tilgangi. Staðsetning þess sé slík og þjónusta sú sem þörf er á í sambandi við aldraða fólkið sé alls ekki fyrir hendi. En ljóst er að það er einn af mikilvægustu þáttunum sem þarf að athuga vel. Ég hef rætt þessa hugmynd við menn sem reka dvalarheimili fyrir aldraða og ég hef einnig rætt hana við

Upptalning þessi er að sjálfsögðu ekki tæmandi, heldur aðeins drepið á nokkur atriði. Í þessari úttekt þarf að skoða rækilega að þessar heimavistarbyggingar eru auðvitað mjög misjafnlega hentugar. Þær eru byggðar á mjög misjöfnum tímum, sumar eru gamlar á mörgum hæðum og henta illa nema með miklum breytingum, lyftubúnaði og öðru slíku. Aðrar eru nýlegar byggingar sem hugsanlegt er að laga að þörfum eldra fólks með tiltölulega litlum breytingum og litlum tilkostnaði.

Þá vil ég einnig ítreka sérstaklega það sem nefnt er í till. sjálfri að jafnframt verði könnuð félagsleg viðhorf til sambýlis ungmenna og hinna öldruðu. Ég tel að það sé ekki sjálfgefið að skipta þurfi algjörlega um hvað varðar nýtingu húsnæðisins, heldur megi vel hugsa sér að aldrað fólk geti einnig búið á heimavistum sem áfram gegni upphaflegu hlutverki sínu að hluta til, að vera vistrými fyrir börn eða unglinga sem þar hafa áður búið.

Mér hefur dottið í hug að hér kynni að vera leið til þess að brúa þetta svokallaða kynslóðabil, sem stundum er nefnt svo, og skapa aftur félagslegt umhverfi þar sem ungir og aldnir búa samvistum og hefur svo mjög dregið úr að undanförnu þegar annars vegar eru byggðar upp dagvistarstofnanir fyrir unga fólkið okkar og hins vegar dvalarheimili fyrir það elsta. Í mínum huga er það ekki rétt stefna og ég er sannfærður um að þarna mætti snúa aftur til betri vegar með breyttum hugsunarhætti og breyttu félagslegu umhverfi.

Ég vil líka í framsögu með þessari þáltill. nefna það að margir heimavistarskólanna eru nú nýttir yfir sumarið til hótelreksturs. Ég vil ekki gera lítið úr því mikilvæga hlutverki. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur rekið Eddu-hótel í mörgum þeirra og á öðrum stöðum hafa heimaaðilar rekið hótel eða nýtt skólann til sumardvalar fyrir ákveðna hópa og haft af því nokkrar tekjur. Þetta tel ég einnig mikilvægt hlutverk fyrir skólana eða þetta húsnæði, enda dettur mér ekki í hug að halda að öllum skólum verði breytt frá því að vera heimavistir fyrir skólafólk í það að verða dvalarheimili. Jafnvel er hægt að ímynda sér að eitthvað af þessu húsnæði geti einnig þjónað sem hótel hluta úr ári þó að þar sé starfrækt dvalarheimili.

Þá má einnig nefna — þó hér sé sérstaklega rætt um að breyta skólahúsnæðinu í dvalarheimili — að huga megi að annars konar nýtingu húsnæðisins ef það nýttist ekki lengur sem heimavistarhúsnæði fyrir börnin. Það kann að vera að það nýtist alls ekki í þessum tilgangi. Staðsetning þess sé slík og þjónusta sú sem þörf er á í sambandi við aldraða fólkið sé alls ekki fyrir hendi. En ljóst er að það er einn af mikilvægustu þáttunum sem þarf að athuga vel. Ég hef rætt þessa hugmynd við menn sem reka dvalarheimili fyrir aldraða og ég hef einnig rætt hana við

lækna sem hafa sýnt þessu áhuga en þó bent á að þetta fólk sem fer inn á stofnunina í dag við góða heilsu og getur að verulegu leyti séð um sig sjálft getur á tiltölulega skömmum tíma orðið mjög háð annarri þjónustu og þó einkum þjónustu á heilbrigðissviðinu. Þess vegna þarf að huga vel að því að slíka þjónustu sé hægt að veita eða þá að gera sér grein fyrir því strax í upphafi að íbúar sem fara inn á dvalarheimilin séu undir það búnir að flytjast síðar á önnur heimili þar sem önnur og meiri þjónusta er fyrir hendi en nýir dvalargestir fullfrískir og fullfærir komi þá inn á þessi heimili sem áður voru skólar. Því er nauðsynlegt að þessar nýju dvalarstofnanir séu reknar í samvinnu og samstarfi við aðrar nærliggjandi stofnanir fyrir aldraða þar sem margvísleg fullkomin þjónusta er fyrir hendi og að íbúarnir séu meðvitaðir um það og tilbúnir til þess að flytjast á annan stað sem gæti veitt þeim betri þjónustu ef heilsufar þeirra krefðist þess.

Við flm. að þessari þáltill. teljum vistunarvanda aldraðra svo mikinn að brýn nauðsyn sé á skjótum aðgerðum. Við teljum því tvímælalaust rétt að kanna til hlítar hvort ekki sé í þessari till. bent á leið til úrbóta sem jafnframt muni leiða til betri nýtingar á opinberu húsnæði í stað gífurlegrar viðbótarfjárfestingar sem að öðrum kosti er óhjákvæmileg.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og félmn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa þörfu till. Hér er athyglisvert mál á ferðinni sem kallar á vandlega athugun. Ég held að kostirnir séu ótvíræðir þó að að ýmsu þurfi að gæta eins og hv. fyrri flm. kom inn á í ræðu sinni. Ég held að fáir nýtingarmöguleikar séu farsælli og betri gagnvart þessu húsnæði en þeir sem þarna er einmitt verið að fitja upp á. Og ekki þarf að taka það fram, eins og oft hefur verið tíundað í þessum ræðustól þótt þess sjáist kannske ekki eins mikil merki úti í samfélaginu, að hinir öldruðu eiga sannarlega skilið að allir möguleikar séu nýttir til þess að þeir geti unað sínum hlut sem allra best í ellinni. Og þeirri hugmynd sem hreyft er hér um tengsl við nemendur skólanna hlýt ég að fagna því að allir vita það, sem hafa komið nálægt þessum málum, að einangrunin er kannske einhver erfiðasti vandinn sem aldraðir glíma við.

Ég held hins vegar að við þyrftum að taka okkur nokkuð góða umræðu í það að þótt við höfum gert margt vel á liðnum árum og séum að gera sé margt athugavert við stefnu okkar almennt í málefnum aldraðra. Ég neita því ekki að dvalarheimili séu nauðsyn og stundum eru þau raunar eina óhjákvæmilega lausnin, m.a. alveg sérstaklega þegar heilsubrestur er annars vegar. En ég held að við höfum allt of lítið hugað að því að gera fólki kleift að búa að sínu eða hjá sínum sem allra lengst og inn í það kemur tryggingakerfi okkar á átakanlega fátæklegan hátt. Og í því efni getum við litið bara beint til hinnar hörðu peningahliðar miðað við kostnaðardæmið sem oft er vitnað til og oft litið á og þá fer ekki á milli mála að við höfum gengið allt of skammt í það að greiða umönnun heima fyrir þegar hún er fyrir hendi, þegar fólk er fúst til þess að hafa aldraða heima hjá sér. Ég hef það fyrir satt að ef litið er til kostnaðar á vistun á t.d. dýrustu dvalarheimilum, sem getur orðið margfaldur ofan á fullan lífeyri á hjúkrunardeildum, sé hann himinhrópandi miðað við umönnunargreiðslur sem greiddar eru inn á heimili í dag þó að þær séu í hámarki. Ég hygg jafnvel að þar geti verið um tífaldan mismun að ræða. Ef það er rétt sýnir það auðvitað best að við höfum vanrækt þennan þátt að færa þetta inn í tryggingakerfið í enn ríkara mæli því að ég er ekki búinn að trúa því enn að ekki sé til talsvert af fólki í þessu landi sem vill gjarnan hlúa að sínum heima fyrir ef það fær til þess nauðsynlega aðstoð og þarf þá ekki í staðinn að fara út á hinn almenna vinnumarkað til þess að sjá fyrir sér og sínum að öðru leyti. Svo er auðvitað alveg sér á parti, og þarf auðvitað ekki að taka það fram, hin mannlega hlið í þessu efni, að þetta fólk geti verið sem allra lengst heima eða búið annaðhvort að sínu eða hjá sínum.

Í sambandi við þetta vildi ég svo aðeins minna enn á tillögu sem ég hef gefist upp á að flytja hér á Alþingi. Ég hef oftlega hreyft henni hér. Hún er að vísu nokkuð lík þessari tillögu að hluta til en undirtektir hafa verið sorglega litlar og engin leið að fá hana afgreidda hér. Það er tillaga sem ég fékk í hendur einu sinni frá öldruðu fólki austur á Egilsstöðum, tillaga um nýtingu vel hýstra bújarða í nánd við heilsugæslustöðvar fyrir aldrað fólk sem gæti haft þar ekki aðeins athvarf heldur og ákveðna starfsemi sem veitti því lífsfyllingu og — mætti nú benda á það í sambandi við allan landbúnaðarvandann sem tíundaður er — auðveldaði m.a. öldruðu fólki í sveit að yfirgefa eigin jarðir fyrr en búa engu að síður áfram í svipuðu umhverfi og með tengsl við sína fyrri atvinnu. Ég held einmitt að núna á þessum tíma óvissu um framtíð fjölmargra bújarða í landinu, vel hýstra margra hverra, í nánd við þéttbýli þar sem heilsugæsla er fullnægjandi, væri full ástæða til þess að huga enn að þessari lausn en ég hreinlega nenni ekki núna á mínu síðasta þingi að vera að flytja þessa tillögu enn þá einu sinni svo litla umfjöllun sem hún hefur fengið hér, litlar undirtektir og auðvitað enga afgreiðslu. Ég veit ekki hvort þetta er vegna þess að þetta þykir fjarstæðukennt. Ég held að einmitt það að þessi tillaga er komin frá fólki sem veit og þekkir af eigin raun hvernig það er að flytja á elliheimili og rjúfa öll tengsl við umhverfi og fyrri iðju — þessa tillögu fékk ég á elliheimilinu á Egilsstöðum frá þessu fólki — segi nokkuð um það að þetta sé lausn sem a.m.k. beri að athuga.

Ég hlýt líka að minna á að þetta form hefur verið nýtt. Norðmenn hafa gert talsvert af þessu með mjög góðum árangri og ég veit ekki betur en að hér austur í sveitum hafi merkileg tilraun, sem minnir mjög á þessa úrlausn, heppnast mjög vel og reynst hið besta.

Að öðru leyti styð ég þessa till. heils hugar og vil að hún fái vandlega athugun og vona að hún fái ekki svipuð örlög og þessi tillaga sem ég minntist á áðan að vera svæfð æ ofan í æ án þess að væri einu sinni hugað að því á sama tíma og menn hafa staðið hér á öndinni í ræðustólnum hver á fætur öðrum um nauðsyn þess að gera eitthvað fyrir aldraða.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu máli hér á þingi. Ég held að full þörf sé á því að við veltum fyrir okkur fleiri möguleikum í þeirri brýnu þörf sem nú er á að vista aldrað fólk og líka til að hlúa að öldruðu fólki á sem fjölbreyttastan hátt því að það hentar ekki einum það sem öðrum hentar í þeim efnum frekar en annars staðar í okkar þjóðfélagi.

Mér fannst hv. flm. ekki minnast á þann vanda sem við gætum staðið frammi fyrir þrátt fyrir að við hefðum húsnæði til staðar og jafnvel gamalt fólk sem vildi vera í húsnæðinu. Það er skortur á starfsfólki. Við stöndum frammi fyrir því í dag að starfsfólk í hjúkrunarstörfum segir í stórum stíl upp sínum störfum og það þarf vissulega að huga mjög vel að því að það fáist starfsfólk til að annast það gamla fólk sem færi inn í þetta húsnæði. Því, eins og við vitum, ef gamalt fólk kemur inn á slíkt heimili — gefum okkur að upp verði sett slíkt heimili í einhverjum heimavistarskóla — getur það veikst og það verður ekki flutt beint á sjúkrahús þó að það fái flensu þannig að til staðar þarf að vera hjúkrunarfólk sem getur annast fólkið, getur hugsað um það í sínum veikindum.

Og annað er það að þrátt fyrir að við mundum finna hentugt húsnæði þarf það ekki að vera þar í sveit sett sem þörfin væri mest og þar stæðum við frammi fyrir því að þurfa jafnvel að flytja fólk af þéttbýlisstöðum upp til sveita til þess að koma til móts við þá þörf sem er á dvöl fyrir aldraða þannig að það eru mörg vandamál sem maður sér fyrir sér í þessu máli. Engu að síður er brýnt að gerð verði könnun á því hvar og hvort þetta hentar því að það er líka margt aldrað fólki sem vill vera til sveita og þetta húsnæði er hálfnýtt víðast hvar til sveita.

Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að það er margt fleira hægt að gera eins og í sambandi við þjónustu í heimahúsum. Ég held að við eigum margt óunnið þar í því að þjónusta gamalt fólk sem vill búa heima, hefur þar aðstöðu, en þarf aðeins aðstoð við ýmis þau erfiðu störf sem eru heima fyrir og líka hjúkrun heima fyrir, aðstoð við að fara í bað. Það þykir okkur einfalt mál en það er ekkert einfalt fyrir gamalt fólk. Og líka að athuga hvort það borgi sig ekki fyrir það opinbera að greiða þeim sem hafa gamalt fólk í sínum heimahúsum því að það torveldar útivinnandi fólki — ef það hefur gamalt fólk á sínu framfæri — það er ekki eins frjálst að starfa utan heimilis.

Svo vil ég að lokum aðeins minnast á þá tillögu sem síðasti ræðumaður vék að. Ég sá oft ástæðu til þess á sínum tíma að taka undir þá tillögu og ég vil hvetja hann til þess að endurflytja hana því að ég held að þrátt fyrir að þessi till. sé hér fram borin sé hún ekki til þess fallin að hin ætti að detta niður ómerk því að þarna er um allt aðra þjónustu að ræða. Þarna er um nýtingu vel hýstra bújarða sem yrðu mikið minni heimili. Það yrðu mikið minni einingar og þar mundi safnast saman fólk sem gæti unnið létt bústörf þannig að þarna erum við með allt annars konar tillögu á ferðinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni þörf till. eins og hv. fyrri ræðumenn hafa vikið að og hv. flm. hefur ágætlega fært rök fyrir. Þetta er ein af þessum skynsamlegu hugmyndum sem menn fá og viðra með þáltill. og ber ekki að lasta það. Málið er sem sagt þannig vakið upp og sett til ákveðinnar skoðunar og það er vel.

Ég vil vekja athygli á einu í sambandi við þessa till. og kemst ekki hjá því að gera það og það er sú staðreynd, sem ætti reyndar ekki að fara fram hjá neinum hv. alþm., að engin framhaldsskólalög eru í raun og veru í gildi í landinu. Og það er ekki bara að það vanti nýleg framhaldsskólalög sem hægt sé að vinna eftir. Það vantar í raun og veru alla menntaog fræðslustefnu í þessu landi og stjórnvöld undanfarinna ára hafa heykst á öllum tilraunum til þess að koma á nýlegri löggjöf og taka á þeim málum. Fyrir vikið er uppbygging framhaldsskólakerfisins og reyndar má segja skólakerfisins í heild sinni á Íslandi ákaflega óskipuleg og það rekst eitt á annars horn, mismunandi skólaform eða námsform búa ekki við jafnrétti og er þar nærtækast að benda á þann aðstöðumun sem bóknám annars vegar og verknám hins vegar býr við hvað varðar kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og fleira í því tilliti.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, jafnþörf og þessi till. er og jafnágæt og hugmyndin er, að við gleymum því ekki að það eru mörg spurningarmerki á ferðinni hvað varðar framtíð fræðslu- og menntamála á Íslandi. Það er í raun og veru ekki nokkur leið önnur en að benda á það hér að það ætti að koma á undan ráðstöfunum til þess að nýta það skólahúsnæði sem síðar kynni að verða álitið óþarft eða brúklegt til annarra nota þegar menn hefðu tekið ákvarðanir um það hvernig fræðslumálunum yrði hagað og þar með hvað af því húsnæði sem fyrir er í landinu, og er ætlað til skólahalds, hannað til skólahalds og byggt til að vera menntastofnanir, fær áfram að þjóna því hlutverki og hvað ekki.

Og ég vil nefna einnig, herra forseti, að jafnilla og við erum nú stödd með almenna fræðslu, fræðslu fyrir börn og unglinga, erum við þó enn þá meira á brauðfótum hvað varðar þá tegund fræðslustarfs sem mjög er að ryðja sér til rúms og hefur jafnvel fyrir áratugum síðan rutt sér til rúms í ýmsum nálægum löndum og þar á ég við fullorðinsfræðslu og endurmenntun og símenntun og annað því um

líkt. Það er alveg ljóst að þar gæti einnig skapast ákveðin þörf fyrir eitthvað af því húsnæði sem núna er nánast að drabbast niður og daga uppi í skólakerfinu vegna þess hvernig ástand þessara mála er. Það er því ekki bara að menntmrh. og heilbr.- og trmrh. þurfi að koma að þessum málum frá því sjónarmiði heldur þarf auðvitað menntmrh. að byrja á því að vinna það sem hann ætti að vera búinn að gera fyrir lifandi löngu, þ.e. að marka sína stefnu um skólamál og leggja fram frv. um framhaldsskóla. Það hefur hins vegar ekki verið gert og ég tel engar líkur á því að það verði á þessu kjörtímabili úr því sem komið er. Ég hef ekki heyrt slíkt boðað. Því vil ég minna á í því sambandi frv. okkar Alþýðubandalagsmanna, þm. flokksins í Ed., um framhaldsskóla og ég hvet tillögumenn og aðra sem áhuga hafa á þessu máli að lesa það vegna þess að þar eru vissir hlutir sem vert er að hafa í huga í þessu sambandi. Þar er m.a. nefnt það hlutverk sem framhaldsskólarnir í landinu ættu að takast á hendur í nýjum lögum í sambandi við fullorðinsfræðslu, endurmenntun, símenntun og annað sem því tengist. Ég held að þetta verði allt að skoða í samhengi áður en menn taka ákvörðun um að afskrifa endanlega húsnæði, jafnvel heilar stofnanir, sem menntastofnanir og fela því annað hlutverk.

Ég til taka fram að þetta þýðir ekki, herra forseti, að ég hafi ekki trú á því, reyndar er ég sannfærður um að það, að ekki sé líklegt að það verði skynsamleg ráðstöfun með hluta af því húsnæði sem enn kallast skólahúsnæði, en ég held að það þurfi að fara varlega í þeim efnum því að það er þó aldrei svo að það húsnæði sem hefur verið byggt upp, hefur verið notað, hefur verið rekið og hannað sem skólahúsnæði henti því hlutverki ekki betur en öðru ólíku.

Hitt er svo mjög þarft og ánægjulegt að einstakir hv. alþm. eru farnir að hugleiða þann mikla vanda sem greinilega er fyrirsjáanlegur hvað varðar þörf fyrir húsnæði, fyrir aðstöðu og fyrir þjónustu við aldraða og sjúka í framtíðinni. Það er skammarlegt til þess að vita að við Íslendingar, sem búum nú við mjög svipaða þróun hvað aldurssamsetningu snertir og nálægar þjóðir, þó að við höfum að vísu verið þar nokkuð á eftir í árum talið, höfum í raun ekkert sinnt því mikla verkefni sem fyrir dyrum stendur á þessu sviði. Það þarf ekki mikla reikningsspekinga til að sjá að innan 10, 15, 20 ára verður þörf fyrir miklu meiri þjónustu á þessu sviði, væntanlega einnig húsnæði og stofnanir. Skynsamar þjóðir mundu auðvitað fara að huga að þessum málum áður en vandinn er á höndum þeirra og nota þann tíma sem við enn höfum til að undirbúa viðbrögð okkar við því mikla verkefni sem þar er fram undan. Þessi till. er ánægjulegur vottur um að menn gera sér grein fyrir því að að þessum málum þarf að fara að huga og betur fyrr en seinna. Ég tel hana því skynsamlegt og þarft innlegg, en hef þó gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég tel að þurfi að vera á um meðferð málsins.

Flm. (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem þessi hugmynd hefur fengið hjá þeim hv. þm. sem hér hafa látið álit sitt í ljós. Ég gat þess m.a. í framsöguræðu minni að ég teldi að það mætti hugsanlega skoða nýtingu á öðru húsnæði en skólahúsnæði í þeim tilgangi sem hér er hreyft og get þess vegna tekið undir með hv. þm. Helga Seljan og þeirri tillögu sem hann hefur hreyft hér á þingi um að nota í þessu sama skyni bújarðir sem vel eru hýstar og gætu hentað til heimilis fyrir aldrað fólk í nágrenni þéttbýlis og þeirrar þjónustu sem nauðsynleg er. Ég hefði ekki á móti því að það yrði skoðað í nefnd að eitthvað yrði breytt texta tillögunnar á þann veg að hún tæki ekki eingöngu til skólahúsnæðis eins og hér er þó reyndar gert ráð fyrir.

Ég gat þess líka að ég teldi að eitt af því brýnasta sem þarf að skoða, þegar athugað er hvaða skólar kynnu að henta í þessu skyni, væri hvers konar félagslega þjónustu er þá að fá á því svæði eða í nágrenni þeirra og lagði þar einmitt sérstaka áherslu á hjúkrunarþáttinn. Ég held að ég hafi því ekki litið fram hjá því eða gleymt því neitt, en mér heyrðist þó á máli hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur að hún teldi að ég hefði ekki tekið það með inn í dæmið.

Hvað varðar möguleika á því að fá starfsfólk á hjúkrunarstofnanir almennt finnst mér það vera út af fyrir sig annað mál. Þó að það kunni að vera vandamál er það óskylt till. þeirri sem hér er flutt eða því sem hér er verið að tala um. Ég lagði sem sagt sérstaka áherslu á að það yrði að líta til með því að hægt væri að fá þessa nauðsynlegu þjónustu á þessu svæði og einnig, sem hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir nefndi og ég tók sérstaklega fram í minni framsögu, að það þyrfti að skoða hver þörf er á þjónustu á viðkomandi svæði og hvernig eru þessir skólar eða það húsnæði sem til greina kemur að nota í sveit sett varðandi aðra nauðsynlega þjónustu.

Ég get svo að lokum tekið undir það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að sjálfsagt er að nýta húsnæði sem byggt er sem skólar fyrir skólahald ef þörf er fyrir það til slíks. Það hlýtur að eiga að sitja í fyrirrúmi. En hitt er staðreynd að við höfum á undanförnum árum verið að byggja fjölbrautaskóla í þéttbýli og einnig nýtt og stærra grunnskólahúsnæði sem hefur þýtt að unglingar úr nærliggjandi þéttbýlisstöðum hafa hætt að sækja heimavistarskóla til sveita og þessir skólar standa í dag lítt notaðir. Þetta eru staðreyndir sem við blasa og það er einmitt fyrst og fremst það húsnæði sem ég er að tala um og beina athyglinni að með þessum tillöguflutningi. Hitt get ég að sjálfsögðu tekið undir að fyrst ber að huga að því hvort hægt er að nýta þetta húsnæði sem skólahúsnæði.

Ég vil svo ítreka að ég vona að þessi till. fái ítarlega meðferð og að Alþingi nái svo langt að samþykkja hana jafnvel þó að þar verði einhverjar breytingar á frá því sem hér er lagt fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frysting kjarnorkuvopna, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég hefði kosið að hæstv. utanrrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu, en hann dvelst því miður erlendis og getur ekki verið hér þessa viku. En formaður utanrmn. er viðstaddur og ég sætti mig við það og vona að hann beri skilaboð þessarar umræðu áfram.

Ég mæli fyrir till. til þál. sem er 12. mál þessa þings og fjallar um frystingu kjarnorkuvopna. Meðflm. mínir eru hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algera stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í Salt I og Salt II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algert bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til."

Þessi tillaga hefur verið flutt á undanförnum þremur þingum af þingkonum Kvennalistans og nú flytjum við hana í fjórða sinn. Á okkur er engan bilbug að finna og okkur dettur ekki í hug að gefast upp á því að höfða til skynsemi og betri vitundar hv. þm. og hæstv. ráðh. þó hann sé fjarstaddur því að við erum sannfærðar um að þeir munu að lokum styðja þetta mál.

Þessi till. er efnislega samhljóða tillögu sem flutt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum. Á s.l. ári var hún flutt af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú, en hefur gjarnan verið kennd við Mexíkó og Svíþjóð. Tillagan fjallar fyrst og fremst um bann við frekari tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna eins og ég hef þegar tiltekið.

Herra forseti. Í málflutningi fyrir þessari till. hef ég bent á það að augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs. Þetta virðist svo augljós röksemd að varla þurfi að segja meir. Þó hef ég jafnframt ítrekað að eðli vopnanna og gereyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra sem kynnu að lifa af væri ótrygg ef nokkur.

Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði. Ég hef bent á þessi rök og svo fjöldamörg önnur í umræðum um afvopnunarmál á þessu kjörtímabili. Þessi rök ættu að mínu mati að knýja alla heilvita menn til þess að gera það sem í þeirra valdi stendur til að stuðla að afvopnun hvar sem er og hvenær sem er. Og ég þekki enga hagsmuni sem taka má fram yfir þessa.

En herra forseti. Það er nauðsynlegt að beita sífellt öllum þeim nýju rökum sem upp koma og renna stoðum undir réttmæti málflutnings manns. Það kemur alltaf að því að ein röksemd höfðar meira til þeirra sem hlusta en önnur og líka er það að þegar röksemdirnar eru orðnar nógu margar og nógu veigamiklar verður óumflýjanlegt fyrir þá sem vilja teljast ábyrgir og heiðvirðir menn að skipta um skoðun.

Ég hef áður minnst á Samtök lækna gegn kjarnorkuvá og varnaðarorð þeirra. Þessi samtök telja nú um 150 þús. lækna í 49 löndum. Ég hef meðferðis ljósrit af bréfum frá þeim sem þeir sendu Reagan og Gorbatsjoff þegar þeir voru hér á Íslandi á leiðtogafundinum og ég mun afhenda hæstv. utanrrh. þessi bréf og enn fremur formönnum þingflokkanna til aflestrar.

Ég hef líka rakið áhrif loftlagsbreytinga sem talið er að muni fylgja í kjölfar kjarnorkusprenginga og kallaðar hafa verið kjarnorkuvetur eða fimbulvetur. Fyrstu rannsóknir í þessum efnum voru unnar af hópi bandarískra og sovéskra vísindamanna, hvors í sínu lagi, en báðir komust að svipaðri niðurstöðu. Í september s.l. voru birtar enn frekari niðurstöður um þetta efni af vísindanefnd um umhverfismál sem fengin var árið 1982 til að annast rannsóknir á því hver áhrif kjarnorkusprenginga yrðu á lífríki og umhverfi jarðar. Þessi nefnd starfar á vegum Alþjóðaráðs vísindafélaga sem eru ópólitísk alþjóðleg samtök vísindamanna hvarvetna í heiminum. Þau voru stofnuð 1931 og meðlimir eru um 110 alþjóðleg vísindafélög af ýmsu tagi og vísinda- og rannsóknaráð um víða veröld. Aðalmarkmið alþjóðaráðsins er að hvetja til alþjóðlegrar vísindastarfsemi í þágu

mannkynsins.

Lögð var áhersla á að öll vinna að málinu, svo og skýrslan sjálf, yrði framkvæmd á varfærinn, ópólitískan og áreiðanlegan hátt án allrar tilfinningasemi og það voru slegnir allir varnaglar sem hugsast gat. Þrátt fyrir það urðu niðurstöður þessarar nefndar jafnógnvekjandi ef ekki verri en þær sem áður höfðu verið kynntar. Þessar niðurstöður voru síðan gerðar að ályktun þessa alþjóðaráðs á síðasta aðalfundi þess í Bern í september s.l. Ég hef líka meðferðis ljósrit af þessum ályktunum og upplýsingar um þessi alþjóðasamtök vísindamanna um allan heim sem ég mun sömuleiðis afhenda utanrrh. og formönnum þingflokkanna til aflestrar.

Eitt af því sem fundið hefur verið slíkum hugmyndum um frystingu til foráttu, sérstaklega hvað varðar tilraunir með kjarnorkuvopn, er það að erfitt sé að hafa eftirlit með því hvort tilraunirnar eru gerðar. Hefur það einkum verið tekið til að Sovétmenn hafi ekki fallist á slíkt eftirlit. Nú vil ég benda hv. þm. og hæstv. ráðh. á það að fulltrúar sex þjóðlanda í fimm heimsálfum á vegum Alþjóðasambands þingmanna, Parliamentarians for Global Action, hafa tryggt að hópur sérfræðinga frá ýmsum löndum heims, bæði bandarískra og sovéskra þar á meðal, muni taka að sér slíkt eftirlit sem er vísindalega sannferðugt og marktækt. Og það sem meira er: Sovétmenn hafa fallist á það, eins og kom skýrt fram í máli Gorbatsjoffs á blaðamannafundi í Háskólabíói að loknum leiðtogafundi nýliðnum. Ég hef afrit af tilboði þessara þjóðarleiðtoga sem munu tryggja eftirlitið. Ég mun sömuleiðis afhenda hæstv. utanrrh. það og formönnum þingflokkanna. Og að sjálfsögðu mun formaður utanrmn. fá afrit af öllu þessu til að kynna sér. Eftirlit ætti því ekki lengur að vera til fyrirstöðu og sömuleiðis hafa Sovétmenn framlengt bann sitt við tilraunum fram í janúar 1987. Bandaríkjamenn hafa hins vegar haldið áfram tilraunasprengingum og virðast ófúsir að hætta þeim því að þær eru hluti af þeirri stjörnustríðsáætlun sem þeir vilja ekki gefa upp á bátinn.

Í þessum efnum eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins því sameiginleg, þ.e. að öllum tilraunum með kjarnorkuvopn verði hætt og ekki síður að slíkum vopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að draga úr vígbúnaði og tryggja lausn þessa ógnarlega vanda sem dregur til sín um tífalda upphæð íslenskra fjárlaga á hverju ári í dollurum mælt.

Það er oft talað um hlutverk smáþjóða á vettvangi alþjóðastjórnmála, hvort þær hafi nokkurt vægi í raun og veru. Ísland er að vísu ekki stórt land og ekki búa hér margar manneskjur. Hins vegar þýðir það ekki að þeir sem hér búa þurfi að vera lítilla sanda og lítilla sæva. Ísland er ekki lítið land þegar mælistikan hugkvæmni og frumkvæði er notuð, en það ásamt pólitískum vilja er m.a. það sem mest vantar á sviði afvopnunarmála í dag. Þess vegna getur Ísland orðið jafnstórt og veigamikið og það sjálft kýs. Ég vil minna menn á að Mahatma Gandhi var aðeins lítill og grannvaxinn maður í mittisskýlu. Hins vegar fæddust í höfði hans hugmyndir sem voru svo áhrifaríkar að þær knúðu milljónir manna til fylgdar og aðgerða þannig að það er ekki spurning um stærð.

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki séð ástæðu til að styðja þá tillögu sem hér er til umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en jafnan setið hjá við atkvæðagreiðslu. Slíkt er óviðunandi og í ósamræmi við anda þeirrar þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1985. Á s.l. hausti sáu allar Norðurlandaþjóðirnar sér fært að styðja áðurnefnda till. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna aðrar en Íslendingar.

Íslendingar þurfa að sýna meira sjálfstæði og hugrekki á alþjóðavettvangi. Við verðum að forða því með öllum ráðum að mannkynið verði leitt í fjöru eins og glötuð grindhvalavaða af gömlum forustuhvölum með brengluð skynfæri eða brenglaða dómgreind.

Þessi till. miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Íslensk stjórnvöld hafa lítið aðhafst enn til að stuðla að afvopnun á alþjóðlegu friðarári. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þáltill. áður en efnislega samhljóða till. verður borin upp til atkvæða á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Sú tillaga hefur ekki enn komið til afgreiðslu þannig að við höfum enn tíma. Okkur gefst tími til að ræða málið. Þessi tillaga verður send til hv. utanrmn. og okkur gefst færi á að greiða um hana atkvæði áður en gengið verður til atkvæða á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Með samþykkt þessarar þáltill. mundi Alþingi gefa íslenskum stjórnvöldum það verðuga verkefni á alþjóðlegu friðarári að beita sér fyrir allsherjarbanni við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og það væri vel.

Að lokinni umræðu, herra forseti, vil ég mælast til þess að till. verði send til hv. utanrmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa fyllsta stuðningi við till. sem fyrir liggur á þskj. 12, um frystingu kjarnorkuvopna, og vænti að að þessu sinni fái mál þetta í senn þinglega afgreiðslu og stuðning af hálfu hæstv. utanrmn. sem tillögunni verður vísað til. Ég geri ráð fyrir því að á þingi Sameinuðu þjóðanna komi fram till. efnislega svipuð og flutt hefur verið af Svíþjóð, Mexíkó og fleiri ríkjum og sem er efnislega uppistaðan í þeim tillöguflutningi sem hér er til umræðu undir þessum dagskrárlið.

Ég tel nauðsynlegt að á það reyni til hlítar hvort ríkisstjórnin getur ekki stutt þá stefnu sem í þessum tillöguflutningi felst og minni á að í fyrra flutti ég ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni beinskeytta tillögu um að tekin væri afstaða til þessarar ályktunartillögu nefndra ríkja þegar það vitnaðist að Ísland hafði ekki tekið afstöðu eins og við höfðum vænst

með till. eins og önnur ríki Norðurlanda.

Nú verður væntanlega, eins og fram kom hjá hv. flm., ráðrúm til að fjalla um þessi mál og taka ákvarðanir hér á Alþingi í þessu mikilsverða máli varðandi afvopnun og ég treysti því að það verði greitt fyrir því af hálfu bæði hv. formanns utanrmn. og öðrum að þingviljinn fái að koma fram í þessu efni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að það er alveg sjálfsagt að ég greini hæstv. utanrrh. frá þeirri umræðu sem hér fer fram. Hitt liggur líka í hlutarins eðli að þegar till. þessi kemur til hv. utanrmn. verður hún þar tekin fyrir og rædd í viðurvist ráðherrans eins og allar tillögur sem til þeirrar nefndar koma og verður afgreidd með þinglegum hætti eins og öll mál sem til nefndarinnar hafa komið, a.m.k. á síðari árum. Þau hafa öll verið afgreidd með þinglegum hætti.

Um þessa till. sérstaklega er þess að geta að ég veit ekki hvort samhljóða till. hefur komið fram á allsherjarþinginu sem nú situr. Það mun ég að sjálfsögðu kynna mér og við öll sem um þessi mál fjöllum sérstaklega. Sjálfsagt verða einhverjar tillögur bornar upp um þessi mikilvægustu mál mannkyns á því allsherjarþingi sem nú situr. Ef ég man rétt voru tillögur þær sem fluttar voru um þessi mál í fyrra milli 70 og 80 talsins og ekkert okkar er í stakk búið til að dæma um það á þessari stundu hver af þeim tillögum, sem nú er fjallað um á þinginu eða verður fjallað um, verður sú sem við helst gætum stutt.

Það er líka rétt í þessu sambandi að minna á að við Íslendingar stigum mikið gæfuspor þegar við sameinuðumst um eina stefnu, allir þingflokkar og allir þingmenn, hinn 23. maí á s.l. ári. Ég hygg að sú till. sé enn í fullu gildi og þó að við ræðum málin áfram er ég ekki viss um að sérstakt tilefni sé til þess að álykta um einn þátt þessa efnis frekar en annan heldur að halda okkur við þá tillögugerð sem þegar er einróma samþykkt af Alþingi. Það kann þó allt að breytast og auðvitað höfum við augun opin. En líklega eru fáir fremur en Íslendingar um þessar mundir sem gera sér ljóst að það eru stórveldin, risaveldin sjálf, sem ráða mestu um gang mála þó að okkur beri skylda, hinum smærri, að reyna að hafa á þau áhrif. Við urðum auðvitað öll vör við að málin eru ráðin af þessum risaveldum og það verðum við að sætta okkur við þó að ég endurtaki að við eigum að beita áhrifum okkar.

Ég ætla ekki að fara í mikla efnislega umræðu um þetta mál hér og nú. Það kemur til nefndarinnar og verður þar rætt. Ég kemst þó ekki hjá að andmæla því að Íslendingar hafi verið ósjálfstæðir eða huglausir í utanríkismálum. Ég held þvert á móti að mjög vel hafi verið haldið á utanríkismálum Íslendinga frá því að við öðluðumst okkar frelsi og raunar áður því að auðvitað öðluðumst við okkar fullveldi og stofnuðum lýðveldi vegna þess að vel var haldið á okkar málum gagnvart erlendum þjóðum og það munum við reyna að sameinast um að gera áfram. Ég held að við ættum að sleppa slíkum fullyrðingum, að það sé eitthvert hugleysi þó að menn séu á öndverðum meiði hver við annan. Ég er ekki að bera neitt hugleysi á neinn þeirra sem hafa aðrar skoðanir en ég á þessum málum og ætlast til að það sé heldur ekki borið á t.d. liðna leiðtoga þessarar þjóðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við geimvopnum, fyrri umr.

Þáltill. HG og KH, 63. mál. — Þskj. 63.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Nú þegar ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 63 um bann við geimvopnum þætti mér ástæða til að biðja virðulegan forseta að greina formanni Alþfl. og fulltrúa Alþfl. í utanrmn., hv. 3. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni og 3. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni, frá því að þessi mál séu hér til umræðu því að mér finnst eðlilegt að menn hafi tækifæri til að tjá sig um þessi mál, fulltrúar annarra flokka. Ég nefni einnig hv. 9. þm. Reykv. Harald Ólafsson sem á sæti í utanrmn. þar sem þessi till. hefur áður verið til meðferðar. Ég vildi biðja virðulegan forseta að gera þessum hv. þm. viðvart að málið sé hér tekið á dagskrá.

Þessi till. er eins og ég gat um flutt öðru sinni hér á Alþingi. Að þessu sinni er flm. ásamt mér hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir, en í fyrra voru flm. ásamt mér hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir og hv. 1. landsk. þm. Kristín S. Kvaran. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.

2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.

3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.“

Þetta er efni sjálfrar tillögunnar, en í grg. og fskj. er því nánar lýst hvað hér er á ferðinni og raunar þarf ekki svo ýkjamörg orð um þetta að hafa hér á hv. Alþingi því að það er öllum Íslendingum nú dagljóst, vænti ég, hvað býr að baki hugmynda um að færa vopnakapphlaupið út í himingeiminn eða draumum um að koma þar upp vörnum af því tagi sem forseti Bandaríkjanna, Ronald Reagan, fyrstur þjóðarleiðtoga setti fram 23. mars 1983.

Þessar hugmyndir um geimvopn urðu til þess að sögulegu tækifæri var kastað fyrir borð hér á fundi

leiðtoga stórveldanna í fyrra mánuði, fundi leiðtoga risaveldanna sem haldinn var hér í Reykjavík. Og það er fróðlegt, herra forseti, að fylgjast með viðbrögðum eins og þau birtast á alþjóðavettvangi við þessari niðurstöðu þar sem það lá fyrir að stórfellt skref, langtum stærra en menn höfðu látið sig dreyma um fyrir þennan leiðtogafund hér í Reykjavík, var teflt út af borðinu vegna ásetnings og yfirlýsingar forseta Bandaríkjanna að halda sig við geimvopnaáætlun sína, stjörnustríðsáætlunina, og fallast ekki á kröfur gagnaðilans um að rannsóknir varðandi hana yrðu eingöngu bundnar við rannsóknarstofur á næstu árum.

Viðbrögðin eins og við lesum þau í erlendum útbreiddum blöðum eru flest á eina leið. Þar lýsa menn í senn undrun yfir þrákelkni Bandaríkjanna að halda við þessa áætlun sem er þó algerri óvissu háð hvað snertir útfærslu, það mikilli óvissu að hver vísindamaðurinn af öðrum í Bandaríkjunum sjálfum lýsir andstöðu sinni við þessi áform og vantrú á að þau nái nokkru sinni fram að ganga af tæknilegum ástæðum. Þá er ég ekki að tala um þau viðbrögð sem komið hafa fram hjá vísindamönnum í Bandaríkjunum, um 7 þúsund talsins, sem hafa fordæmt þessa áætlun og undirritað skuldbindandi yfirlýsingar um að koma þar hvergi nærri. Ég er heldur ekki að tala um þá vísindamenn sem hafa hlaupist undan merkjum og höfðu verið ráðnir til verka í sambandi við geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar, en einn af forustumönnum þar lýsti sig nýlega frá þessu starfi og tók upp fyrri störf við MTI-rannsóknastofnunina í Cambridge þar sem hann hafði áður unnið. Ég nefni hér til staðfestingar máli mínu t.d. ummæli í Newsweek 27. okt. s.l. þar sem tekin er ljóslega afstaða gegn hugmyndunum eða draumum Reagans forseta um geimvopn og stjörnustríð og þeirri afstöðu sem forsetinn tók hér á fundinum í Reykjavík þegar stórfelldir möguleikar til afvopnunar urðu að engu vegna þráhyggju um að halda við þessa drauma um stjörnustríð.

Það sjónarmið kemur líka fram í nefndri grein í Newsweek varðandi geimvopnin að í stað þess að gera þær hugmyndir að engu og í stað þess að þær ættu að eyða ógnarjafnvæginu muni stjörnustríðshugmyndirnar viðhalda ógnarjafnvæginu, viðhalda stríðsógninni. Á enskunni, svo að ekkert fari á milli mála, stendur þarna, með leyfi forseta: „Instead of doing away with the balance of terror starwars will preserve it", segir í þessari grein 27. okt. í Newsweek.

Ég hef hér fyrir framan mig úttekt tímaritsins Spiegel á Reykjavíkurfundinum og þar er orðið sem notað er um stjörnustríðsáætlunina, sem girti fyrir hið sögulega samkomulag sem virtist í seilingu á þessum fundi, „aberwitziger Plan". Það er notað um stjörnustríðsáætlunina, „Reagans aberwitziger Plan". Það er í rauninni sem „fjarstæðukenndar áætlanir" sem Spiegel stimplar þessar hugmyndir. Þannig má rekja sig í gegnum skrif á alþjóðavettvangi í virtum tímaritum Vesturlanda um þessa niðurstöðu og um áætlanir Bandaríkjaforseta um stjörnustríð. Allt er það á eina bókina lært þar sem þeir sem þar halda á penna eru auðvitað sérfræðingar hver á sínu sviði í alþjóðastjórnmálum. Hið sama kemur fram í viðtölum við virtan ráðgjafa fyrrv. forseta Bandaríkjanna eins og lesa má í Der Spiegel nýlega þar sem einnig kemur fram mjög rökstudd og veigamikil andstaða við allar þessar hugmyndir.

Það er auðvitað, herra forseti, ekki lítið alvörumál þegar hugmyndir af þessu tagi, sem að flestra mati sem hafa kynnt sér þær eru ólíklegar til að ganga upp tæknilega séð, viðhalda stríðsógninni í stað þess að afnema hana, eru orðnar meginþröskuldur í þeirri afvopnun, þeirri stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins sem okkur vesturlandamenn og jarðarbúa alla hefur verið að dreyma um að rættust. Þetta er þeim mun alvarlegri staðreynd þegar litið er á að Sovétríkin, sem hafa á undanförnum árum oft verið treg að fallast á það eftirlit með tilraunum með kjarnavopn sem vesturveldin hafa sett fram kröfur um, hafa nú fallist á slíkar kröfur og það á þann hátt að metið er fullgilt af aðilum sem horfa hlutlægt á þessi mál.

Það hlýtur að teljast verðugt viðfangsefni hér á Alþingi Íslendinga að fara ofan í saumana á þessum áætlunum og kveða upp úr um það hvert sé sjónarmið og viðhorf Alþingis Íslendinga til stjörnustríðshugmynda Bandaríkjanna eða annarra hugmynda hvaðan sem þær kæmu, ekkert síður ef þær væru uppi innan Sovétríkjanna, varðandi geimvopn. Menn hafa heyrt rök og gagnrök í þessu máli frá leiðtogum risaveldanna, en það eru ekki þeir einir sem eiga að tala. Ég vil ekki túlka orð virðulegs formanns utanrmn. áðan í umræðum um annað þingmál á þann hátt að hann vilji í einu og öllu bíða eftir því hvað gerist í afvopnunarviðræðum og togstreitu risaveldanna í sambandi við þessi lífshagsmunamál alls mannkyns, en þó gætir þess oft í málflutningi hjá talsmönnum sem hafa verið allt of reyrðir við stefnu Reagan-stjórnarinnar í þessu máli sem öðrum að þeir telji að það varði næsta litlu hvað bandamenn Bandaríkjanna og talsmenn annarra ríkja hafa að segja í þessum þýðingarmiklu málum. Auðvitað vita þeir hinir sömu nákvæmlega að slík afstaða getur algerlega skipt sköpum um hver verði niðurstaðan. Við vitum líka að innan Atlantshafsbandalagsins hjá bandalagsríkjum Bandaríkjanna ríkir hin megnasta tortryggni svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, andúð væri kannske réttara að segja, gegn þeirri afstöðu sem Reagan forseti Bandaríkjanna tók á leiðtogafundinum í Reykjavík. Þetta birtist m.a. í orðum og viðhorfum Genschers utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands sem hann lét falla eftir lok leiðtogafundarins í Höfða þó að hann væri varfærnari í orðum eftir að menn höfðu bundið sig saman um að fara ekki í opinn ágreining, utanríkisráðherrar Atlantshafsríkjanna, eftir fund sem haldinn var í Brussel að ég hygg einum degi eftir leiðtogafundinn.

Það er líka vert fyrir menn að átta sig á því að

þráhyggja Bandaríkjanna að halda áfram tilraunasprengingum með kjarnavopn byggir á þeirri staðreynd ekki síst að stjörnustríðsáformin hvíla á kjarnorkusprengingum og mikið af þeim kjarnorkusprengingum, sem Bandaríkin hafa framkvæmt eftir að Sovétríkin hættu einhliða tilraunasprengingum með kjarnavopn, hefur beinlínis verið í þágu þróunar og svokallaðra rannsókna í þágu geimvopna. Þetta er viðurkennt og staðfest. Ég hef fréttaskeyti frá því 13. okt. frá Reuter þar sem það er tekið fram að bandarískir embættismenn hafi í einkaviðtölum sagt að þörfin til að reyna tækni stjörnustríðsáætlunarinnar sé að hluta til ástæðan fyrir því að Reagan forseti hefur neitað að fallast á eða gerast aðili að stöðvun tilrauna með kjarnavopn sem Sovétríkin hafa staðið fyrir og hafa verið í gildi í meira en eitt ár, eins og stendur í þessu fréttaskeyti.

Í greinargerð með þessari till. eru rakin mörg rök gegn geimvopnahugmyndunum hvaðan svo sem þær koma. Þar er rakinn hin óhemjulegi kostnaður sem fellur til á allra næstu árum í sambandi við þróun geimvopnanna upp á 32 milljarða bandaríkjadala eða 1300 milljarða íslenskra króna. Það er nú ekkert minna sem þarna er að baki.

En það sem ég hlýt að leggja alveg sérstaka áherslu á, herra forseti, í máli mínu, og hefði verið æskilegt að hæstv. utanrrh. væri viðstaddur þessa umræðu, er sú staðreynd að ríkisstjórn Íslands með utanrrh. í fararbroddi leggur það fram fyrir Alþingi Íslendinga í skýrslu utanrrh. á síðasta þingi að æskilegt sé fyrir Íslendinga og freistandi að gerast beinir aðilar að stjörnustríðsáætlun Reagans. Þetta er prentað sem tilvitnun í grg. í skýrslu utanrrh. á bls. 3 í þskj. sem ég mæli hér fyrir. Þar segir ráðherrann berum orðum, með leyfi forseta:

„Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni er ljóst að Íslendingar geta ekki síður en aðrir notið góðs af samvinnunni."

Það er auðvitað útilokað að Alþingi Íslendinga geti látið hjá líða að kveða upp úr um afstöðu sína til hugmynda af þessu tagi. Að hugsa sér að fara að reyra Íslendinga við áætlun af þessu tagi, áætlun sem er einróma fordæmd af stjórnmálamönnum í Vestur-Evrópu frá miðju og til vinstri í stjórnmálum, og vefengd af fjölda manna sem telja sig til hægri flokka, sem eru búnir að átta sig á hvað hér er á ferðinni.

Herra forseti. Það eru aðeins fulltrúar tveggja þingflokka sem leggja fram þessa till. hér. Það verður fróðlegt að heyra viðbrögð annarra flokka við þessari till. og fá þau fram á Alþingi. Það er ánægjulegt að virðulegur 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson er viðstaddur umræðuna og eins talsmaður Framsfl. í utanrmn., hv. 9. þm. Reykv. Haraldur Ólafsson, fyrir utan formann utanrmn., hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til utanrmn. og ég vænti þess og tel mig mæla þar fyrir þá þingflokka sem eiga aðild að þessari till., sem við tillögumenn erum fulltrúar fyrir, að þessi till. eigi endurkvæmt frá nefndinni að athuguðu máli þannig að Alþingi Íslendinga geti ályktað með skýrum hætti um það efni sem varð þröskuldurinn fyrir sögulegu samkomulagi á fundi stórveldanna í höfuðstað Íslands fyrir fáum vikum og sem er eitt af stærstu málum sem þjóðir hljóta að taka tillit til þegar fjallað er um afvopnunarmál og framtíð mannkyns.

Forseti (Helgi Seljan):

Forseti vill taka fram að hann sló í bjölluna áðan í sambandi við tímatakmörkun, en skv. þingsköpum mun það vera svo að umræður um þáltill. sem fjalla um utanríkismál eru án tímatakmarkana. Forseti biður velvirðingar á því að hafa truflað ræðumann í máli sínu áðan.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Það fer ekki milli mála að sú till. sem hér liggur fyrir til umræðu snertir geysilega mikilvæg mál á sviði vopnaframleiðslu og vopnabúnaðar í heiminum. Hér er hvorki meira né minna en um að ræða hvort halda eigi áfram ógnvænlegu vopnakapphlaupi eða hvort eigi að spyrna við fótum og reyna að snúa ofan af þessari snöru sem hefur að hert mannkyni undanfarna áratugi.

Af hálfu framsóknarmanna höfum við boðað að við munum koma með eða styðja tillögur sem ganga í svipaða átt sem þessa, en rétt til útskýringar vildi ég geta þess að okkur virtist að við þyrftum að kanna nokkru nánar þá niðurstöðu sem fékkst af viðræðum leiðtoga risaveldanna og eins að fylgjast með hvaða stefnu þessi mál tækju á alþjóðavettvangi áður en við legðum fram okkar tillögu. En við munum koma með till. sem gengur í mjög svipaða átt og þessi. Ég vil einungis á þessum vettvangi lýsa yfir að við munum gera okkar til þess að utanrmn. flytji sameiginlega till. um þetta efni. Ég held að þetta mál sé svo mikilvægt að allir flokkar þurfi að sameinast um eina till. sem gæti þá verið framhald af gagnmerkri tillögu frá 23. maí 1985.

Ég tek undir öll meginatriði sem hér koma fram, en ég held að það þurfi að orða þetta á annan hátt. En ég vænti þess að við getum í utanrmn. náð samstöðu í þessu máli.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Mér skilst að hv. flm., 5. þm. Austurl., hafi beint orðum sínum til mín eða fulltrúa Alþfl. í utanrmn. vegna þessa tillöguflutnings. Ég skal játa að svör verða ekki, á þessu stigi máls, afdráttarlaus. En þar eru málsbætur nokkrar. Það er sjálfsagður hlutur að krefja menn svara við framlögðum tillögum um afvopnunarmál, krefja menn svara við framlögðum tillögum um gagnkvæma afvopnun og leggja mat á þá hluti alla. Hitt er öllu erfiðara að biðja menn um afstöðu til þess sem á útlendu máli heitir „science fiction" eða vísindadraumur af þeirri einföldu ástæðu að með hliðsjón af skrautumbúnaði Reagans Bandaríkjaforseta, svo

sem kemur berlega fram af fskj., þegar hann kynnti þessi áform strax 1983, taldi þau breyta gangi mannkynssögu og boðaði þar að stefnt væri að nýju varnarkerfi sem ætti að þjóna þeim mjög svo loflega tilgangi að gera kjarnorkuvopn gagnslaus og úrelt, er mjög erfitt að færa fyrir því sannfærandi vísindaleg rök að við þetta sé hægt að standa. Hins vegar treysta hvorki ég, sem hér stend, né aðrir sér til að fullyrða til hvers þessar rannsóknir muni leiða. Um það er gífurlegur ágreiningur meðal vísindamanna, rannsóknarmanna, og skoðanir á því eins margar og höfundar.

Af þeim ástæðum er ósköp eðlilegt að menn svari ekki spurningunni Ertu með eða móti geimvarnaáætluninni? með jái eða neii. Það er tiltölulega fáfengileg skoðun að lýsa sig fyrir fram andvígan rannsóknum og tilraunum. Hitt er nær lagi að hægt sé að taka afstöðu til að Alþingi Íslendinga eða aðrir stjórnmálaaðilar lýsi sig andvíga hernaðarumsvifum og vopnakerfum í geimnum eða lýsi sig andvíga því að hugsanlegum niðurstöðum þessara rannsókna verði beitt þegar þar að kemur í tilteknum yfirlýstum hernaðarlegum tilgangi.

Þetta þskj. lýsir afstöðu og rökstyður þá afstöðu á nokkuð svo einhliða máta, styður það fskj. sem líka eru nokkuð svo einhliða. En með sama hætti mætti að sjálfsögðu leiða til vitnis ritsmíðar, rannsóknir, athugasemdir og ályktanir annarra vísindamanna sem taka annan pól í hæðina. Að vísu kemur skilmerkilega fram, þegar vitnað er í kafla í utanríkismálaskýrslu hæstv. utanrrh., fyrstu röksemdir Bandaríkjamanna til stuðnings þessari „science fiction", þ.e. þessum vísindadraumi, að það sé ekki unnt á grundvelli fullnægjandi raka að stöðva þessar rannsóknir einar út af fyrir sig vegna þess einfaldlega að það er á þessu stigi málsins alls óvíst hverjar verða niðurstöður rannsóknanna.

Það stendur upp á marga að svara því, sem lýsa sig andvíga kjarnorkuvopnum og vilja ekki aðeins fjarlægja kjarnorkuvopn heldur afnema kjarnorkuvopn, með hvaða hætti það skuli gert. Að lokum endar sú röksemdafærsla í spurningunni: Hvað ætla menn að gera með þekkinguna til að búa til kjarnorkuvopn? Hún er til staðar. Tæknin er tiltölulega einföld og hún er á valdi fjölmargra þjóða og ekki bara þjóða heldur fyrirsjáanlega jafnvel á valdi hópa. Og gæti jafnvel innan skamms verið á valdi hryðjuverkamanna hvað þá heldur þjóðríkja.

Það er heldur ekkert launungarmál að rannsóknir af þessu tagi, geimvarnarrannsóknir, sem snúast um lasergeisla og kerfistækni, eru auðvitað ekki aðeins stundaðar af Bandaríkjamönnum. Þær eru að sjálfsögðu stundaðar af Sovétmönnum líka. Það er hins vegar eðli málsins samkvæmt að vitneskjan um það á hvaða stigi þær rannsóknir eru er ófullkomin.

Sumir leggja á það megináherslu í þessum umræðum að þó menn treysti sér ekki til að taka einhverja grundvallarafstöðu til þess að stöðva rannsóknir sem menn vita ekki til hvaða niðurstöðu leiði sé þetta fyrst og fremst hættulegt vegna þess að hér sé boðið upp á samkeppni milli risaveldanna sem sé ójafn leikur að því leyti að þeir gífurlegu fjármunir sem varið er til þessara rannsókna séu varla á valdi sovéska hagkerfisins og muni þess vegna hugsanlega kalla á örvæntingarfull viðbrögð húsbændanna í Kreml og leggja það miklar fjárhagslegar byrðar á sovéska efnahagskerfið sem muni bitna þar á almenningi. Út af fyrir sig hafa líka verið færðar röksemdir fyrir því að þó að Sovétmenn kunni að vera eftir á í þessum rannsóknum og þær verði ekki stöðvaðar, hvorki með tillöguflutningi héðan né annars staðar, muni viðbrögð þeirra verða þau að margfalda vopnabúr sitt á sviði langdrægra kjarnaeldflauga vegna þess að miðað við þær upplýsingar sem menn hafa nú um getu þessara fyrirhuguðu kerfa til að stöðva eldflaugasendingar meginlanda á milli má slá því föstu, a.m.k. miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið, að hinn umdreymdi varnarhjálmur muni aldrei verða af slíku tagi að massíf eldflaugaárás brjótist ekki þar í gegn.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta mál. Ég svara því til að ég tek ekki afstöðu til þess hér og nú, hvorki persónulega né heldur fyrir hönd míns flokks sem ekki hefur markað sér stefnu eða afstöðu til þessarar till. Ég tek ekki afstöðu hér og nú til tillögunnar og treysti mér ekki til þess að lýsa því yfir fyrir fram að ég sé andvígur rannsóknum sem ég veit ekki til hvers leiða og sem þeir sem rannsóknirnar stunda vita ekki til hvers leiða.

Ég vil ljúka þessum athugasemdum, herra forseti, á almennri nótu. Hún er þessi:

Mér finnst umræður um afvopnunarmál oft og tíðum vera svolítið yfirborðskenndar og út úr samhengi ef þær eru eingöngu látnar snúast um tæknilega hluti. Oft og tíðum er umræðan á þann veg að menn telja upp tillögur sem fram hafa verið lagðar um fækkun eldflauga, bæði langdrægra eldflauga meginlanda á milli, skammdrægra eldflauga eða fækkun í öðrum vopnabúnaði, samdrátt í herjum, og menn segja sem svo: Bara ef samkomulag gæti nú tekist milli risaveldanna tveggja um slíka fækkun í vopnabúri, sem menn vita fyrir fram að nægir fyllilega til að útrýma mannkyni mörgum sinnum, þá yrði miklu friðvænlegra hérna í heiminum. Þar með eru menn að gefa í skyn að spurningin um stríð og frið sé fyrst og fremst tæknilegt vandamál sem hún að mínu mati er alls ekki. Þar með er ég ekki að draga úr því hversu mikilvæg þau vandamál eru og ekki að draga úr því að það er brýn nauðsyn öllu mannkyni að ná samkomulagi um gagnkvæma afvopnun og ef hún er ekki gagnkvæm kemur hún til lítils að mínu mati. Ég er aftur á móti að vekja athygli á því að spurningin um stríð og frið er í grundvallaratriðum pólitísk spurning. Og hún er spurning um pólitíska vilja. Umræðan um það verður þess vegna ekkert slitin úr pólitísku samhengi.

Þrátt fyrir ógnarjafnvægi risaveldanna hafa verið háðar 150 styrjaldir á tímabilinu eftir stríð. En þær styrjaldir hafa aðallega verið háðar í öðrum heims-

hlutum, þ.e. utan beinna yfirráðasvæða stórveldanna og utan áhrifasvæða þeirra og fyrst og fremst í ríkjum þriðja heimsins þar sem undirrótin sem kveður á um stríð eða frið er staðreyndir sem við blasa um örbirgð, fátækt, hungur, misskiptingu auðs og tekna og misskiptingu valds. Ekkert sem gerðist í samskiptum risaveldanna eitt út af fyrir sig í samkomulagi sem byggist á tæknilegum lausnum um fækkun á ógnarvopnabúrum mun breyta þessum pólitísku staðreyndum sem eru ráðandi um stríð eða frið. Ég mundi reyndar ganga lengra og segja sem svo að ég tek með fyrirvara tillögugerð sem fram gengur af valdhöfum t.d. í Sovétríkjunum af þeirri einföldu ástæðu að það er augljóst mál þeim sem vilja vita að það þjóðfélagskerfi sem þar er við lýði byggir á valdbeitingu. Tilvera þess byggir á valdbeitingu. Það er ólíklegt, miðað við eðlilega mannlega hegðun eða bíólógíska hegðun, að þeir menn, sem eiga vald sitt í hinu mikla nýlenduveldi undir vopnavaldi komið og vita að það mundi hrynja sem spilaborg ef þetta vopnavald væri fjarlægt, séu líklegir til þess öðrum fremur að hafa frumkvæði að því að leysa vandamál stríðs og friðar sem eru í því fólgin að færa fólki sem er undirokað aftur mannréttindi sín, réttinn ekki aðeins til þess að tjá sig, réttinn til lýðræðislegs stjórnarfars o.s.frv.

Mér fannst það mjög lærdómsríkt á s.l. sumri að fá að berja augum í fyrsta sinn á ævinni borg í þriðja heims ríki og sjá fyrir augunum þjóðfélag sem var hrunið í frumefni sín vegna þess að þar blasti við slík himinhrópandi misskipting auðs og valds, þar sem yfirstétt byggir vald sitt fyrst og fremst á vopnavaldi, en allur almenningur er dæmdur til örbirgðar vegna þess að örbirgðin getur af sér örvæntingu og örvæntingin getur af sér ofbeldi. Ekkert af því sem hér er fjallað um, um tæknilegar lausnir á samskiptavandamálum stórveldanna, mun breyta þessum staðreyndum. Mér finnst því ástæða til þess í umræðum um afvopnunarmál að biðja menn að ræða þau í pólitísku samhengi vegna þess að spurningin um stríð og frið er ekki fyrst og fremst tæknilegt vandamál, þó hún sé það að vissu leyti í birtingarformi hennar, heldur er hún fyrst og síðast í innsta eðli sínu spurning um pólitík. Fólk sem er ófrjálst og fólk sem beitt er ofbeldi mun ekki una því þjóðfélagskerfi. Oft og tíðum er eina lausnin sú að grípa til vopna. Og kerfi, valdakerfi eins og sovéska nýlendukerfið sem byggir allt sitt á valdbeitingu er auðvitað eitt af afturhaldsöflum þessa heims og mun aldrei meðan það fær nokkru um ráðið gefa upp það vald sitt sem tilvera þess byggist á. Að því er varðar stjórnlausan og óheftan kapítalisma, þá er hann ófriðarafl með sama hætti vegna þess að hann býður öllum þorra fólks ekki aðra kosti en örvæntingu og örbirgð.

Þess vegna er ekki nóg að ná samkomulagi um að draga úr ógnarjafnvægi, að draga úr vopnabúrum. Það sem þarf að gerast er það að gefa þarf þjóðum og einstaklingum kost á því að leysa vandamál sín án ofbeldis. Það gerist ekki nema í krafti lýðræðislegs stjórnarfars. Og það gerist ekki nema með því að virða mannréttindi manna, rétt þeirra til að hugsa og tjá sig og rétt manna til athafna án valdbeitingar.

Þessar almennu athugasemdir fara kannske út fyrir umræðuramma þessarar till. En þær eiga almennt við þegar menn spyrja hver annan: Ert þú sammála þessari eða hinni tillögunni um fækkun kjarnorkuvopna, þessari eða hinni tillögunni um fækkun í vopnabúrum risaveldanna? Já. Það er hins vegar ekki nóg vegna þess að það er misskilningur og blekking að það eitt út af fyrir sig, jafnvel þótt samkomulag tækist milli risaveldanna um slíka takmörkun í núverandi vopnabúnaði, mundi færa hrjáðu mannkyni frið þar fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki að taka það fram að ég styð þessa till., ég var á henni í fyrra og studdi hana þá, en ég var satt að segja svo gáttuð á þessu vappi hv. 5. þm. Reykv. í kringum þann heita graut sem stjörnustríðsáætlunin er að ég gat ekki orða bundist og mátti til með að koma hér upp í stólinn. Mér er fyrirmunað að skilja það hvernig hv. þm. getur hafa haft mikilvægari hnöppum að hneppa en t.d. þeim að taka afstöðu til þess hvort hann er með eða á móti stjörnustríðsáætlun, áætlun sem þar að auki hefur verið flutt inn fyrir íslenskan þröskuld svo um munaði fyrir stuttu síðan, þannig að allur heimurinn beindi augum sínum að því fótakefli sem þessi stjörnustríðsáætlun er fyrir því að samið sé um afvopnun í heiminum í dag.

Fyrsta spurning mín er: Hvenær ætlar hann að taka afstöðu? Hann segist ekki geta tekið afstöðu til rannsókna sem hann veit ekki hvað kemur út úr. Það voru framkvæmdar rannsóknir í Auschwitz og ýmsum öðrum fangabúðum í síðari styrjöldinni. Rannsóknir þarf yfirleitt að fjármagna, þær verða ekki til af sjálfu sér. Rannsóknir í sambandi við stjörnustríðsáætlun hafa þegar verið fjármagnaðar af bandarískum fjárlögum og það liggja fyrir beiðnir um meiri peninga til þess að fjármagna slíkar rannsóknir. Og mér fannst fáheyrt að hv. þm. skyldi í raun ekki hafa íhugað ferli vígbúnaðarkapphlaupsins betur, að hann skyldi í raun halda að það væri einungis um pólitískan vilja að ræða. En þá er mér nær að spyrja: pólitískan vilja hverra? Heldur þm. í raun og veru að það séu pólitískir aðilar sem taka ákvarðanir eingöngu, afdrifaríkar ákvarðanir um vígbúnaðarferlið í dag? Gleymir þm. því sem kallað hefur verið á erlendu máli „military industrial complex"? Gleymir hann þeim gífurlegu fjármunum sem fara til vopnasmíðar og hverjir standa að baki því?

Það má vel vera að ætlunin sé endanlega að sprengja hagkerfi Sovétmanna og til þess sé stjörnustríðsáætlunin notuð sem einhvers konar skiptimynt. En eðli þessarar áætlunar, hvort sem hún er flokkuð undir vísindadraum eða ekki, er slíkt að það mun gjörbreyta öllum möguleikum á eftirliti með vígbúnaði. Það verður ekki bara stigmögnun, það verður

eðlisbreyting á því vígbúnaðarkapphlaupi sem nú þegar er háð.

Ég mátti til með að koma hér upp til þess að vekja athygli á því, mér fannst hv. þm. vappa í kringum þetta eins og heitan graut og ég skil ekki hvernig hann leyfir sér að taka ekki afstöðu til svo mikilvægs máls. Ef hann getur ekki gert það núna, sumir þurfa lengri umhugsunarfrest en aðrir, kannske vegna þess að þeir vilja vera víðsýnir, vonandi er það það, en hvenær ætlar þm. að taka afstöðu til þessa máls? Þetta er mjög mikilvægt fyrir kjósendur þingmannsins að vita.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp aftur var athugasemd hv. 3. landsk. þm. um rannsóknir í Auschwitz. Um afstöðu mína til þessarar till. ætla ég aðeins að endurtaka: Ég tek ekki af einhverjum grundvallarástæðum afstöðu gegn rannsóknum sem ekki er ljóst fyrir fram til hvaða niðurstöðu leiða. Það var það sem ég sagði og við þá afstöðu stend ég.

En skoðum aðeins þessa athugasemd hv. þm. um rannsóknirnar í Auschwitz í ljósi þess sem ég sagði áðan í almennum athugasemdum um stríð og frið og pólitískan vilja. Auschwitz vekur upp í huga okkar endurminningar um kerfisbundna útrýmingu á undirokuðu fólki, ekki bara Gyðingum, heldur fólki af ýmsum þjóðernum. Þeir sem stóðu að þessari útrýmingarherferð og beittu vísindunum í sinni þjónustu voru stjórnendur í pólitísku valdakerfi. Þetta pólitíska kerfi heitir nasismi.

Það er athyglisvert að á þessum árum voru uppi stórir hópar fólks á Vesturlöndum utan Þýskalands og reyndar innan sem kölluðu sig friðarsinna. Þeir sögðu að það væri fyrir öllu að tryggja friðinn og gerðust talsmenn þess að taka mark á margendurteknum yfirlýsingum forsvarsmanna þýska nasismans um það að áform þeirra og fyrirætlanir væru friðsamleg. Það bæri að halda friðinn. Af því spratt hinn frægi „Münchenar-andi": Uppgjöfin gagnvart ofbeldinu. Þau öfl, sem þá bar hæst í fjölmiðlum heimsins með endalausum ræðuhöldum og endalausum ráðstefnum um friðarvilja sinn, sem gjarnan var settur fram með brigslyrðum í garð hinna, sem sögðu að nasisminn væri slíkt skrímsli og svo hættulegur að það yrði að kveða hann niður og lýðræðisríkin yrðu að halda vöku sinni og jafnvel verjast skrímslinu og jafnvel kveða það niður áður en það yrði hamslaust og óviðráðanlegt, — þessir menn voru gjarnan kallaðir stríðsæsingamenn og ófriðarsinnar. Hver var svo niðurstaðan? Niðurstaðan var sú að skrímslið spurði hvorki um það hvort þú væri friðarsinni eða ekki. Skrímslið beitti vísindum sínum til þess að ryðja úr vegi og útrýma kerfisbundið og á vísindalegan hátt öllum þeim sem það hafði vanþóknun á. Um það þarf ekkert að deila hverjir höfðu rétt fyrir sér í þessum deilum. Spurningin var: Skildu menn eða skildu menn ekki eðli nasismans? Og því miður: Dómur sögunnar er sá að barnaskapur, skilningsleysi velviljaðs fólks, hundruðum og þúsundum saman, var aldeilis ótrúlegt. En það kostaði 60 milljónir mannslífa.

Og það er í þessum skilningi sem athugasemd hv. þm. um hinar óþekktu niðurstöður í Auschwitz gefur tilefni til þess að rifja þetta upp vegna þess að þessi athugasemd staðfestir það sem ég var að segja. Það var ekki nóg að ná samningum við Adolf Hitler og þýska nasismann. Það var ekki nóg, hvorki að beygja sig fyrir og semja við þá um Saar, ekki nóg um Austurríki, ekki nóg um Bæheim, ekki nóg um Pólland. Yfirleitt engir þeir samningar komu að neinu haldi. Engir samningar heldur í sambandi við spænsku borgarastyrjöldina. Spurningin var ósköp einfaldlega þessi: Ef menn hefðu haft raunsæjan skilning á eðli þýska nasismans og beitt valdi í tæka tíð til þess að kveða hann niður, þá geta menn nú séð það eftir á að þeir hefðu kannske þyrmt 50 milljónum mannslífa. Spurningin var ekki um tækni. Spurningin var um pólitískan vilja og pólitískan skilning, hv. 3. landsk. þm.

Guðrún Agnarsdóttir:

Aðeins örstutt. Spurningin er ekki í raun um óþekktar niðurstöður í Auschwitz og spurningin er ekki í raun um nasisma þegar kemur að því að fjármagna rannsóknir í dag. Rannsóknir, og ég vil upplýsa hv. þm., eru yfirleitt þess eðlis að það er ekki vitað fyrir fram hver niðurstaðan verður. Ef það væri vitað, þá þyrfti ekki að gera rannsóknir. Þess vegna er það þannig að lögð eru fyrir ákveðin rannsóknarverkefni og forsendunum og verkefninu er lýst og því samhengi sem á að nýta niðurstöður þeirra er yfirleitt lýst líka. Hvort sem það eru Bandaríkin eða annar hluti heimsins, þá er um það að ræða að leggja fé til þess að fjármagna rannsóknir sem á að nota í vígbúnaðartilgangi. Það er alveg ljóst í hvaða tilgangi á að nýta þær. Ég vildi bara vekja athygli þm. á þessu, en ég ætlaði ekki að fara að ræða nasisma sem slíkan heldur kom ég með það sem dæmi til þess að benda á það að einhverjum fannst réttlætanlegt að fjármagna þær rannsóknir.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Að mínu mati hafa gerst nokkur tíðindi í þeirri umræðu sem fer fram um þetta mál. Tíðindi sem ég hlýt að vekja hér sérstaka athygli á. Ég vil þá í upphafi nefna það varðandi hv. 9. þm. Reykv., sem hér talaði, að ég tel það góðra gjalda vert að það skuli þó rofa til í hans málflutningi varðandi þessi efni og koma fram skilningur í þá átt að ástæða geti verið til fyrir Alþingi að álykta um málið og reyna að ná breiðri samstöðu, og ég vænti að ég hafi skilið þm. rétt, í ályktun gegn geimvopnum. Hins vegar átti þm. kost á því að gerast aðili að þessari till. en hafnaði því, annaðhvort af persónulegum ástæðum eða vegna afstöðu eigin þingflokks, þingflokks framsóknarmanna, og rökin fyrir því að hann er ekki samferða okkur flm. þessa máls eru að hann taldi eðlilegt að kanna nánar viðbrögð við afstöðu Reagans á Reykjavíkurfundinum. Fylgjast

með hvaða stefnu þessi mál taki í framhaldi af uppsetningu Reagans á Reykjavíkurfundinum. Þetta segir nú talsvert um viðhorf innan Framsfl. og kemur út af fyrir sig ekki á óvart. En þar með er ég engan veginn að slá hendi á móti stuðningi frá framsóknarmönnum fremur en öðrum til þess að ná skynsamlegu landi, og það helst sameiginlega hér á Alþingi Íslendinga í þessu máli.

En ég hlýt að vekja athygli á því að það horfir ekkert vel ef ráða má í afstöðu manna sem hér hafa talað og þagað undir þessari umræðu, því auðvitað vekur það athygli að hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður utanrmn., hefur ekki talað við umræðuna. (Gripið fram í.) En á því verður ráðin bót. Hv. þm. kveður sér hljóðs. En hann ætlaði að láta nægja, svipað og gerðist með hæstv. utanrrh. hér um daginn, að í þessum ræðustól birtust skjaldsveinar hans, talsmenn Alþfl. og nú hv. formaður þess flokks, 5. þm. Reykv., til þess að verja þá afstöðu sem fyrir liggur skjalfest frá hæstv. utanrrh. í skýrslu hans til Alþingis í apríl s.l. Hvað var hv. 5. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, að segja hér áðan? Hann sagði okkur það margoft sem sína niðurstöðu í þessu máli: Það er hvorki rétt né skynsamlegt að taka afstöðu til rannsókna stjörnustríðsáætlunarinnar á meðan ekki er ljóst til hvers þær rannsóknir muni leiða. Hann er að styðja það, og ég hygg að hann mæli þar fyrir sinn flokk því einnig fulltrúar hans áttu þess kost að verða saman með okkur flm. þessa máls hér, vera aðilar að málinu. Og auðvitað vorum við reiðubúin til að skoða orðalag og annað sem að því lyti áður en það var lagt fram, en við því var ekki orðið, tilboði um það. Þannig að afstaðan kemur ekki svo mjög á óvart.

En það er fróðlegt fyrir þjóðina að verða vitni að þessari afstöðu. Það er fróðlegt fyrir þjóðina. Hér talar formaður Alþfl. sem hefur verið að reyna að skreyta sig með skilgreiningunni vinstra megin við miðju í stjórnmálunum. Hvar í litrófinu ætli hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sé staddur á mælikvarða jafnaðarmannaflokka heimsins þegar litið er til þessa máls? Ætli hann sé þar einhvers staðar miðja vega? Eða ætli hann sé þar í hægri kanti eins og margir mundu nú segja að lægi ljóst fyrir? Nei, hann er ekki á blaði í þeim hópi eins og ég þekki til flokka sem kenna sig við jafnaðarstefnu og hafa lýst eindreginni andstöðu við stjörnustríðsáform Reagans og öllum hugmyndum um það að færa vopnakapphlaupið út í himingeiminn, þar á meðal á ráðstefnum Alþjóðasambands jafnaðarmanna, á þjóðþingum Evrópu, þar sem jafnaðarmenn hafa verið í forustu fyrir ályktunum gegn stjörnustríðsrannsóknunum, sem nú hafa orðið sögulegum afvopnunartillögum að fótakefli hér í Reykjavík, jafnaðarmenn sem ásamt sósíalistum á danska þinginu hafa knúið fram samþykktir sem binda utanríkisráðherra Danmerkur í hægri stjórn Schlüters í afstöðunni á alþjóðavettvangi til þessa máls og þar sem ítrekað var samþykkt dagskrártillaga í tvígang í fyrra á danska þinginu gegn stjörnustríðsáformunum. Sama liggur fyrir hjá Jafnaðarmannaflokki Noregs. Sama liggur fyrir hjá Jafnaðarmannaflokki Vestur-Þýskalands, sósíaldemókrötum þar, öllum að ég hygg, þar á meðal frá Helmut Schmidt, skýrt og greinilega, manni sem þó varð viðskila við sinn flokk í sambandi við afstöðuna til að setja upp eða koma fyrir Pershing- og Cruise-eldflaugum í Evrópu. Einnig hann er með í hópi þeirra jafnaðarmanna á vestur-þýska þinginu sem einróma ganga fram í fordæmingu á þessum glæfralegum áformum. En hér kemur formaður Alþfl. upp í ræðustól og segir: Við verðum að bíða af okkur rannsóknirnar, sjá til hvers þær leiða. Árið 1989 hafa þessar rannsóknir, ef vilji Bandaríkjastjórnar nær fram að ganga, kostað bandaríska skattgreiðendur 32 milljarða bandaríkjadala, 1300 milljarða ísl. kr. að jafngildi. Það eru þessar rannsóknir sem eiga að fara fram og formaður Alþfl. ætlar ekkert að kveða upp úr um afstöðu sína fyrr en að þeim loknum. Og þetta er bara upphafið.

Ég er hér með greinar handa á milli úr virtum erlendum tímaritum og það má einnig lesa í fskj. með þessari till. þar sem staðhæft er og rökstutt að þetta kerfi stjörnustríðs verður aldrei sannprófað í formi tilrauna, heldur aðeins ef í harðbakkann slær og ragnarökin ganga yfir mannkyn.

Hv. 5. þm. Reykv. segir okkur: Þetta er ekki tæknilegt mál, þetta er pólitískt mál. Spurning um pólitíska vilja. Ég er honum sammála um það efni. Þetta er spurning um pólitíska vilja og um þann vilja er m.a. spurt, ekki bara á Alþingi Íslendinga heldur á þjóðþingum heimsins, á þjóðþingum þeirra ríkja sem búa við lýðræðisskipulag eru þessi mál til opinnar og víðtækrar umræðu. Á Bandaríkjaþingi hafa þau verið rædd og þar hafa menn náð saman um að skerða verulega fjárveitingar til þessarar áætlunar og það verður að vænta þess, eftir að ljóst er inn í hvaða samhengi forseti Bandaríkjanna setur þessi mál, að sú sterka andstaða sem ríkir á Bandaríkjaþingi gegn þessum vísindadraumum, eins og formaður Alþfl. nefndi þá, að sú andstaða verði til þess að girða fyrir fjárveitingar til þessara rannsókna sem forsetinn neitar að binda við tilraunastofur eða takmarka því að engin gagntilboð komu þar að lútandi.

Við heyrðum það líka frá formanni Alþfl. hver er bakgrunnur þessa málflutnings. Það eru viðhorf, ef ég hef skilið hann rétt, til þjóðfélagskerfa, til stjórnskipunar í einstökum ríkjum, þar á meðal í Sovétríkjunum, sem binda þm. í afstöðu til þessa máls. Binda formann Alþfl. í afstöðu til þessa máls og setja hann út af litrófinu á mælikvarða sósíaldemókrata í heiminum og gera hann einstakan, sem hann auðvitað er með allri sinni afstöðu, sem Alþfl. og talsmenn hans eru að túlka hér í hverju málinu á fætur öðru á Alþingi Íslendinga. Það er ekki bara í þessu stóra máli. Öll þau mál, utanríkismál, sem gætu verið ásteytingarefni gagnvart Sjálfstfl., sem er jú glórulaus í þessum málum eins og málflutningur hans hefur birst hér á Alþingi til þessa. Þess skal

gætt vandlega af formanni Alþfl. að þar komist ekki einu sinni skugginn á milli. Jafnvel ályktanir Alkirkjuráðsins í málefnum þriðja heimsins mega ekki verða ásteytingarefni á þeim bæ. Því að vissulega gafst Alþfl. tækifæri til að gerast meðflutningsaðili á till. fulltrúa þriggja þingflokka sem leggja fram till. um að taka undir ályktun Alkirkjuráðsins í málefnum fátæks ríkis í Mið-Ameríku sem þrengt er að af forusturíki lýðræðisaflanna í heiminum, eins og þau eru stundum kölluð á bæ Jóns Baldvins Hannibalssonar, hv. 5. þm. Reykv. Þrengt að gegn alþjóðalögum eins og dómstóllinn í Haag hefur kveðið upp úr um. Og þannig er hægt að rekja eitt mál af öðru sem tengjast afvopnun. Alþfl. hleypur hér upp, talsmenn hans hér á Alþingi, sem skjaldsveinar íhaldsins, sem telur varla ástæðu til þess, hafandi þó utanrrn. í ríkisstjórninni, að taka til máls um mál af þessu tagi þó hér eigi eftir úr að rakna.

Ég hlýt, herra forseti, að lýsa yfir hryggð með þá afstöðu sem fram hefur komið af hálfu formanns Alþfl. í þessu örlagaríka máli og afstöðu þess flokks í máli eftir mál sem snerta vígbúnaðarkapphlaupið því að það hlýtur að vega þungt í hugum hvers einasta manns hver er afstaða íslenskra stjórnmálamanna í *þessum efnum, ekki síst eftir að við höfum orðið* vitni að togstreitu milli risaveldanna og skilyrðum sem urðu til þess að árangur varð ekki hér í Reykjavík í reynd og auðvitað vonum við öll að dyrum sé þar ekki lokað milli þeirra aðila sem þar ræddust við. En það er ljóst að af hálfu talsmanns Alþfl. hér á ekki að hjálpa til að tryggja framgang þeirra markmiða sem þar voru til umræðu og sem áttu aðeins að verða fyrsta skrefið, en þó stórt skref, í átt til afvopnunar, að slíðra kjarnorkuvopnin.

Fleiri orð þarf ég ekki hér að hafa. Ég vænti þess að *virðulegur forseti gefi mér tækifæri til athuga*semdar hér, ef ástæða er til síðar í umræðunni, en ég legg til að málinu verði vísað til utanrmn. og el enn þá von í brjósti í ljósi allra þeirra raka sem liggja að baki þessu máli að utanrmn. nái saman efnislega um ályktun eins og hér er mælt fyrir.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að koma mjög á óvart hve hv. 5. þm. Austurl. gerir lítið úr stuðningsyfirlýsingum sem hann fær við sínar till. Ég *hélt að ég hefði í örfáum orðum skýrt afstöðu mína* og afstöðu flokksins til þessarar till. Við erum samþykkir efni hennar. Við höfðum í undirbúningi aðra till. sem gengur í sömu eða svipaða átt þannig að okkur þótti ekki ástæða til að vera á þessari till., töldum að það mundi hægt í utanrmn. að samræma sjónarmið og helst að fá samhljóða till. úr nefndinni. Það tel ég langtum heppilegra í málum en hver standi eins og reiður hani framan í öðrum og rífist um það sem er raunverulega ekki þess virði að rífast um. Það er hægt að gera öll mál að deilumálum. Það *er mjög lítill vandi. En það getur verið dálítill vandi* og menn þurfa að gefa dálítið eftir til að ná samkomulagi sem er langtum hagstæðara en ætla að berja fram með offorsi einhver mál sem í raun og veru er mjög auðvelt að leysa.

Ég endurtek einungis að við í Framsfl. erum sammála efni þessarar till., við viljum athuga fleiri atriði í sambandi við hana og við erum reiðubúnir til sem víðtækasts samkomulags um þetta efni. Persónulega tel ég að þetta sé eitt af hinum stóru málum sem nú eru efst á baugi í heiminum og það er í raun og veru ekki spurning um rannsóknir eða ekki rannsóknir. Það er spurning um stefnu. Hv. 5. þm. Reykv. segir: Þetta er spurning um pólitík. Það er alveg rétt. Hér er spurning um pólitík risaveldanna að ræða sem þjóðir heims hafa fullan rétt á að skipta sér af og koma í veg fyrir þá röngu stefnu sem ég tel að fylgt sé og fylgt hafi verið í þessu máli.

Hér er ekki einungis um að ræða gífurlegt fjármagn sem beinist að því einu að búa til kerfi sem þegar grannt er skoðað er raunverulega kerfi til þess að vera öruggur fyrir gagnárás. Að því leyti virkar þetta kerfi öfugt við það ógnarjafnvægi sem þó hefur haft ákveðin áhrif á undanförnum áratugum. Þetta er röskun á ógnarjafnvæginu og það er einmitt þessi röskun sem ég tel hættulegasta atriðið í þessu máli. Með því að stefna að slíku kerfi er í raun og veru verið að koma málum þannig fyrir að eitt ríki geti varist gagnárás. Sem sagt: þetta styður möguleika eins ríkis til að gera árás á annað án þess að hljóta það svar sem þýði eigin eyðingu.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira. Þetta er pólitískt mál. Þetta er mál sem þjóðir heims láta sig skipta. Ég tel algerlega fráleitt að draga menn í dilka eftir hægri eða vinstri í þessu máli. Hér er raunverulega um að ræða: Eigum við að raska því jafnvægi sem er eða eigum við að vinna að því að annar aðilinn, hvort sem hann er í austri eða vestri, nái þeirri *yfirburðastöðu að hann geti ráðið málefnum heims*kringlunnar?

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt að ég hafði ekki endilega ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu nú. Ég hafði talað hér áður um annað mál ekki alveg óskylt og hélt að það sem ég þar sagði væri nægjanlegt, en á mig er skorað að taka til máls og mér er það auðvitað ljúft þó að ég teldi það nægja þegar varaformaður utanrmn. hafði einmitt í fyrri *ræðu sinni lýst því yfir að málið kæmi auðvitað* til utanrmn. og þar yrði sjálfsagt á það reynt hvort samkomulag gæti náðst um þessa till. eins og náðst hefur raunar um allar aðrar sem fluttar hafa verið um þessi málefni.

En úr því að ég er kominn í pontuna eftir þessari áskorun vil ég gjarnan víkja örlítið að ræðum einstakra hv. þm. Ég sá út af fyrir sig ekki nokkurn skapaðan hlut athugavert við það þó að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson færi svolítið út fyrir efnið, eins og hann sjálfur orðaði það, kallaði það held ég útúrdúr eða eitthvað slíkt, og færi að ræða um það, sem er öllum mönnum ljóst, að hér er um stórpólitísk átök að ræða. Við vitum það ósköp vel að

annars vegar eru lýðræðisþjóðirnar og hins vegar eru verstu ofbeldis- og harðstjórnarþjóðir veraldarsögunnar, kannske að nasistunum einum undanskildum. Og fara að draga Auschwitz inn í það, líkja því eitthvað saman, er alveg furðulegt uppátæki. Og segja að það hafi verið gerðar tilraunir í Auschwitz og menn hafi ekki vitað hvert þær mundu leiða. Það vissu allir hvert þær mundu leiða. Þær leiða auðvitað út í ofbeldi, manndráp og einhver stærstu morð mannkynssögunnar.

Hitt er auðvitað rétt að þessar rannsóknir úti í geimnum eru mjög skammt á veg komnar. Það er líka rétt að þessi vopn — við skulum kalla það vopn — eru þó til að eyða enn skaðvænlegri vopnum svo þau eru ekki sama eðlis og stigmögnun vopnabúnaðarins. Ég er ekki að taka afstöðu með eða móti þessari áætlun. Ég þarf að kynna mér þetta mál betur. Ég segi það nákvæmlega eins og það er. En auðvitað halda einhverjar rannsóknir áfram úti í geimnum og auðvitað eru þær stundaðar af Rússum. Það vitum við allir.

En það var táknrænt að heyra hv. þm. Hjörleif Guttormsson tala hér núna síðast. Hvað kom þar í ljós? Allt sem gerðist var Bandaríkjamönnum að kenna. Hann gleymdi rullunni sem hann hefur spilað síðustu ár. Hann var aftur kominn austur fyrir járntjald og farinn að skrifa SÍA-skýrslur sem hægt er að lesa í Rauðu bókinni. Hann var gersamlega staurblindaður, sagði að hér væri allt Reagan að kenna, Gorbatsjoff hefði allt saman rétt fyrir sér! Halda menn, þegar verið er að spila slíkt pókerspil og deila með þessum hætti, að þegar tveir deili valdi bara annar?

Ég er ekkert endilega að verja afstöðu Bandaríkjamanna og NATO í einu og öllu. Við erum NATO-þjóð og við ræðum þessi málefni við okkar bandamenn. En það var svo augljóst að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson datt út úr þeirri rullu sem hann hefur þó verið að reyna að spila jafnvel í áratugi og var aftur kominn með gamla hugsunarháttinn sem er ríkjandi í honum enn þá. Það leyndi sér ekki þegar hann var að tala áðan, verja allt sem ofbeldisöflin í Kreml gera og ásaka alla aðra. Hvernig væri umhorfs ef NATO hefði aldrei verið stofnað? Auðvitað væri þá sæluríkið komið, bæði yfir Ísland og önnur frjáls lönd. Ef menn vilja tala í þessum tóninum stendur ekki á mér. Auðvitað vita allir að þetta er rétt. Það vita allir að við lýðræðissinnar höfum rétt fyrir okkur, en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er enn við sama heygarðshornið. Þess vegna verðum við að vera vel á varðbergi. Þess vegna verðum við að hugsa okkar tillögur áður en við sendum þær frá okkur, ræða þær opinskátt og málefnalega eins og flestir hafa hér gert og við gerðum á síðasta þingi og næstsíðasta með ágætum árangri. Við náðum samstöðu í þessum veigamiklu málum. Henni á auðvitað að reyna að spilla. Í þágu hverra? Ofbeldisaflanna. Það leynir sér ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Tillaga þessi kemur til hv. utanrmn. og verður þar rædd. Hvort sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vill eða vill ekki verður hún rædd þar málefnalega. Hann situr raunar í nefndinni og hefur þar tækifæri til að koma öllum sínum skoðunum á framfæri. En ef hann vill tala þannig að það sé allt saman vestrænum lýðræðisþjóðum að kenna að pólitíska ástandið í heiminum er eins og raun ber vitni er auðvitað hægt að tala um það lengi og mikið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu, taldi mig ekki hafa neitt sérstakt fram að færa til viðbótar ágætlega málefnalegum umræðum sem hér höfðu farið fram. Þó menn væru ekki endilega á eitt sáttir, eins og hv. 5. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson, ræddu þeir þó málin af málefnalegum rólegheitum og af skynsamlegu viti eins og það heitir á íslensku, en það er meira, herra forseti, en hægt er að segja um hv. formann utanrmn.

Ég hlýt að harma það, herra forseti, þegar maður sem stýrir einni þýðingarmestu nefnd Alþingis, hv. utanrmn., kveður sér hljóðs með þeim hætti sem hér bar raun vitni og ræðst mjög persónulega að þm. sem hefur flutt mál sitt með rökum, fullkomlega yfirvegað og án þess að veitast persónulega að nokkrum einasta manni. Þegar þetta gera menn sem stýra slíkum störfum hér á Alþingi, eins og formaður utanrmn. á væntanlega að gera og er í öðru hverju orði að tala um nauðsyn þess að ná samstöðu og vinna saman og ræða málin, sem er gott og blessað, er ekki gott í efni, herra forseti, ég verð að segja það alveg eins og er. Það er verið að gefa í skyn að menn séu í raun og veru fullir hræsni og tvöfeldni og tali ævinlega þvert um hug sinn, það sé sem sagt svart og hvítt í heiminum og hér séu nokkrir liðsmenn hins svarta sem hafi læðst inn undir fölskum formerkjum, séu í raun og veru andstæðingar lýðræðis og þingræðis og allra góðra hluta, séu eins og einhverjir útsendarar djöfulsins. Þetta er miklu líkara og minnir mig miklu meira á bók sem ég las fyrir svona 15 árum og fjallaði um kaþólska rannsóknarréttinn og málflutning æðstu prestanna á þeim tíma. Mér finnast hugrenningar og málflutningur formanns utanrmn., hv. 4. þm. Norðurl. v. sem enn þá er, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, minna mig miklu meira á slíkt sem ég hélt í raun og veru að væri ekki aðeins horfið af sviðinu með endalokum kaldastríðstímans heldur horfið af sviðinu með miðöldunum, horfið af sviðinu með rannsóknarréttinum og öðru slíku.

Svona eiga menn ekki að ræða hlutina, hvorki hér á Alþingi né nokkurs staðar annars staðar. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að svona ræður séu ekki haldnar hvort sem menn ræða um utanríkismál eða annað. Af því að hv. þm. sagðist hafa komið í ræðustól vegna þess að hann hafi verið hvattur til þess hlýtur að hvarfla að manni að kannske séu hér vissir menn sem ætti yfirleitt ekki að hvetja í ræðustól á hv. Alþingi ef því fylgja gusur af þessu tagi. (Gripið fram í.) Við skulum bara lesa ræðu hv.

þm. þegar hún kemur prentuð í þingtíðindunum. **(EKJ:** Þú hlustaðir á hana.) Ég get ekki óskað Alþingi þess að hér séu fluttar margar ræður af þessu tagi. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég tel það svo langt fyrir neðan virðingu þessarar stofnunar að menn skuli ræða hlutina og veitast persónulega hver að öðrum með þessum hætti að ég harma það sameiginlega fyrir hönd Alþingis að slíkar ræður skuli vera hér fluttar.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er rétt að ég hef talað tvisvar og geri þess vegna örstutta athugasemd. Kjarni málsins er sá að þessi till. fjallar um að lýsa yfir tafarlausri stöðvun á öllum rannsóknum og tilraunum í 1. lið tillögunnar. Það er sá liður sem ég hef lýst mig andvígan og breytir þar engu þótt hv. flm. fari um víðan völl til vinstri og hægri og út um allar jarðir. Við erum nefnilega þrátt fyrir allt sammála um að tækni er hvorki til vinstri né hægri, kjarnorka er hvorki til vinstri né hægri og rannsóknir eru hvorki til vinstri né hægri. Rannsóknum miðar kannske aftur á bak eða áfram. En um rannsóknir verður ekki sagt fyrir fram til hvaða niðurstöðu þær leiða. Hitt vil ég svo árétta, herra forseti, að ég bið þingheim að treysta því varlega að hv. flm. sé með réttu ráðinn blaðafulltrúi Alþjóðasambands jafnaðarmanna. Og vænti þess að menn taki frásögnum hans af þeim vettvangi með hæfilegri varúð.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Viðbót hv. 5. þm. Reykv. breytti út af fyrir sig engu í því mati sem ég lagði á hans málflutning. Ég vil aðeins segja það við lok þessarar umræðu að ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í henni um þetta afar þýðingarmikla mál. Mér sýnist að það hafi komið fram skoðanir manna, skiptar enn sem komið er í þessu efni, en vonandi leiðir það ekki til þeirrar niðurstöðu að menn geti ekki sameinast með skynsamlegum hætti um efnislega niðurstöðu í anda þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Varðandi málflutning virðulegs formanns utanrmn., þá kemur hann mér vissulega nokkuð á óvart, en kannske er það aðeins af hinu góða að það sé lýst inn í hugarfylgsni manna hér á Alþingi og það komi fram í orðum manna úr þessum virðulega ræðustól. Ég vona samt að þau viðhorf sem endurspegluðu sig í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar verði ekki til að loka þeim gluggum sem ég hélt að hann ætti til að líta út um og á stundum vilja til vissrar víðsýni. Ég ályktа sem svo að það sé eitthvað í þessum tillöguflutningi og þeim bakgrunni sem varðar geimvopnin sem hleypi hv. þm. kapp í kinn til varnar þeim hugsjónum sem hann telur sig vera að mæla fyrir. E.t.v. er þó einnig að nokkru leyti um vanþekkingu að ræða eða að menn hafi ekki kynnt sér mál til þeirrar hlítar sem þörf er á í svo stóru og þýðingarmiklu máli sem þessu. Það hlýtur auðvitað að vera skylda okkar sem veljumst til setu í utanrmn. Alþingis að við leggjum okkur þar alla fram um að átta okkur á samhengi mála því að ég er þeirrar skoðunar að rödd Íslands þurfi að heyrast og eftir henni verði væntanlega meira tekið en áður á alþjóðavettvangi, nú í bili a.m.k., eftir að við höfum með ágætum verið gestgjafar fyrir leiðtogafund stórvelda sem hér réðu ráðum sínum um daginn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þau fræði eru nokkuð gömul að menn deila um hvort einhver aðferð sé öðrum betri ef drepa á menn. Það er frægt úr Grundarbardaga að Skreiðar-Steinn fáraðist mjög yfir því hve óþrifalega hefði verið gengið um fiskisteininn og taldi fráleitt að menn væru drepnir með þeim hætti eins og þar hefði verið staðið að verki.

Nú er það svo að auðvitað er það ekki deiluefni á meðal alþm. á Alþingi Íslendinga að við vildum að ekki væri barist í þessum heimi. Hins vegar mun það nú svo að meðan þjóðin er ekki fjölmennari en hún er má það með miklum ólíkindum vera ef hún ræður úrslitum í slíkum efnum og tillöguflutningur, sem vissulega hlyti að fara fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þar sem stórveldin hafa neitunarvald, verður að sjálfsögðu ákvarðaður þar en ekki hér í þingsölum. Menn hafa á vissan hátt villst á stærð sinni og styrkleika ef þeir telja að með skörungsskap á Alþingi Íslendinga leysi þeir þessa gátu.

Við höfum horft á forráðamenn stórveldanna sitja í Reykjavík og ræða afvopnunarmál. Við höfum vissulega horft á það að hinn rússneski leiðtogi, sem hingað kom, er á allan hátt hvað ytra útlit snertir mun geðþekkari en ýmsir hans fyrirrennarar og líkari þeim manngerðum sem vestrænar þjóðir hafa sett fram sem sína forustumenn. **(Gripið fram í:** Og Vestfirðingar.)

En sleppum því augnablik að ræða um það að Rússar og Bandaríkjamenn treysta ekki hverjir öðrum, en spyrjum að því hvað það sé svo hræðilegt í fari Svía að það sé nauðsynlegt að fylgjast með flestu sem þar gerist. Er það tilfellið að sú þjóð, sem kaus hlutleysi í seinustu heimsstyrjöld, tók ekki þátt í henni, sé að undirbúa innrás í Rússland? Er það tilfellið að það sé nauðsyn að hafa hlustunartæki í sænsku sendiráði í Moskvu til að fylgjast þar með samtölum manna? Er tilfellið að það sé nauðsyn að senda kafbáta inn í sænska landhelgi? Og ef ástandið er svona slæmt, bjargar það þá nokkru þó þeir semji Bandaríkjamenn og Rússar? Verða þá ekki Svíar næstir til að leggja undir sig heiminn? Eða er það e.t.v. svo að það kerfi sem kommúnistaríkin hafa komið sér upp er svo sannfært um yfirburði þess forms sem stjórnskipulags hjá þjóðum að þau telji það hluta af sinni eðlilegu skyldu að útbreiða það til allra ríkja jarðarinnar og þá fyrst séu menn ánægðir? Ef svo er er allmikið verk óunnið og allmikil ófriðarhætta.

Það var engin tilviljun að við lok heimsstyrjaldarinnar síðari útbreiddu sigurvegararnir það stjórnkerfi sem þeir bjuggu við yfir á þær þjóðir sem

þeir sigruðu. Sú blokk stendur enn. Við höfum horft á það að einstaka ríki Austur-Evrópu hefur látið sér detta í hug að breyta um stjórnhætti, ekki í neinum stórkostlegum mæli frá þeirri uppskrift sem fram var sett, en engu að síður hefur það ávallt leitt til þess að með hernaðaraðgerðum hefur það verið brotið á bak aftur. Þess vegna standa þessi mál þannig í dag að það mannlega traust sem þarf að vera til staðar svo að menn semji virðist ekki vera til staðar og vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram.

Ég treysti mér ekki til að gefa neina forskrift á það að ein aðferð sé öðrum réttlætanlegri til að drepa menn. Það verða mér fróðari menn að gera. En mér hefur stundum fundist að það yrði meira réttlæti í styrjöld þar sem einhverjir aðrir væru drepnir í milljónatali en karlmenn á aldrinum frá 15 ára og upp að fertugu. Ég veit ekki til þess að það sé neitt sérstakt réttlæti í því að slík stríð séu öðrum betri og satt best að segja undrar mig þegar menn rjúka til og ætla að það sé þessi eða hin tegund af vopnum sem muni valda styrjöldum. Til lítils hafa menn þá lesið mannkynssöguna. Það hafa aldrei verið til svo léleg vopn að menn legðu ekki í stríð og aldrei til svo léleg vopn að menn næðu ekki árangri í að drepa menn. Ég vil eindregið hvetja þá, sem ég efa ekki að af góðum vilja vilja draga úr ófriðarhættunni, að ganga ekki svo grimmt fram sem friðarsinnar að manni sýnist á ásjónu og yfirbragði að þeir séu að komast í ham til þess að gefa út fyrirskipanir eins og þar væru komnir hershöfðingjar sem hikuðu ekki við að senda menn af stað til ófriðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi, fyrri umr.

Þáltill. HÓ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

Flm. (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir til umræðu er samhljóða till. sem flutt var á síðasta þingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra. Könnun þessari skal lokið innan þriggja ára og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi."

Þessi tillaga er næsta einföld í framsetningu. Þar segir að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að fram fari könnun á valdi í þjóðfélaginu og rannsakað verði og greint hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum. Í stuttri greinargerð okkar flm., sem erum sex þm. Framsfl., er lagt til að Háskóla Íslands verði falið að gera könnun þessa og minnt á hve mikil sérþekking er fyrir hendi þar á öllu því er lýtur að tæknilegri og fræðilegri rannsókn á þjóðfélagi.

Hugtakið „vald" nær yfir mörg atriði mannlegs samfélags. Vald hefur verið skilgreint sem stjórn eins á öðrum eða möguleikar eins til að koma fram vilja sínum þrátt fyrir andspyrnu. Í hugum margra er vald tengt ofbeldi og stundum talið vera nær því hið sama og yfirgangur og kúgun. Vald birtist stundum á þann hátt, en miklu oftar er því beitt í samræmi við þau lög og þær reglur sem þjóðfélagið hefur sett sér.

Stofnanir hvers mannlegs samfélags eru valdastofnanir þar sem reglur eru settar atferli einstaklinga og hlutföll hópa afmörkuð. Félög og samtök fara með völd af ýmsu tagi þótt oft og tíðum sé erfitt að greina áhrif þeirra í fljótu bragði. Það er ekki einvörðungu innan stjórnskipunarinnar sem um völd er að ræða. Uppeldiskerfið er þýðingarmikill valdhafi. Innan heimila og í skólum er völdum beitt á margvíslegan hátt.

Fjölmiðlar móta stóran hluta þjóðarinnar og hafa þannig gífurleg völd, fyrst og fremst með því að velja fyrir fólk fréttir, skemmtiefni og menningarviðhorf og viðhorf til umhverfis og alþjóðlegra deilumála og alþjóðlegra atburða.

Þegar rætt er um vald í þjóðfélaginu er í senn átt við beint lagalegt og réttmætt vald ríkisins og þeirra stofnana þess sem falið er að fara með vald og hið óbeina vald sem fólgið er í samtökum, fjölmiðlum og uppeldisstofnunum þar sem fjallað er um hagsmuni, innrætingu og mótun viðhorfa. Vald getur einnig verið dulið í siðum og erfðavenjum, trú og hjátrú.

Með þessum fáu orðum vil ég einungis benda á það sem helst ber að kanna. Aðferðirnar geta verið margvíslegar, en miða þó að því eina markmiði að fá glögga mynd af lýðræðisskipun okkar og þeim öflum sem leynt og ljóst takast á í þjóðfélaginu. Íslenskt þjóðfélag er fámennt, reyndar eitt af fámennustu menningarsamfélögum í heimi hér en þrátt fyrir það harla flókið og margbrotið. Við vitum mjög margt um þetta samfélag okkar, en margt er þó á huldu um gerð þess og innviði.

Það er skoðun flm. að könnun á valdi og valdastofnunum sé til þess fallin að auka að mun þekkingu okkar á íslensku þjóðfélagi og að sú þekking sé forsenda ýmissa umbóta. Þekking og skilningur á þjóðfélagsaðstæðum auðveldar allar ákvarðanir til hagsbóta fyrir land og lýð.

Ekki er með þessu verið að segja að upp verði byggt vísindalegt samfélag heldur hitt að því meiri þekkingu sem við höfum á eigin þjóðfélagi, þeim mun meir aukast líkurnar á því að okkur takist að forðast mistök í lagasmíð um þjóðfélagsmál.

Íslendingar hrósuðu sér oft af því að hafa útrýmt misrétti, fátækt og kúgun í landi sínu. Ýmislegt er rétt í þessum fullyrðingum en stundum hættir okkur til að taka fulldjúpt í árinni. Spurningarnar vakna hver af annarri. Er jafnréttið svo algjört sem við viljum trúa? Er búið að útrýma fátækt á Íslandi? Er engin kúgun til á landi hér? Hver og einn verður að

svara fyrir sig og leggja fram nýjar og nýjar spurningar. Það er einmitt einkenni á lýðræðisskipun þeirri sem við aðhyllumst að sífellt er verið að rýna í veruleika þjóðfélagsins, leita orsaka þess sem miður fer og reyna að bæta það. Í opnu lýðræðisríki er það skylda þegnanna að fá sem gleggstar upplýsingar um allt það er máli skiptir um þekkingu og skilning á því hvernig háttað er virkni þjóðfélagsins, þ.e. þeim öflum sem mestu ráða um hag og heill hvers og eins. Það er t.d. næsta augljóst að fátækt og misrétti er til komið vegna einhvers konar valdbeitingar, beinnar eða óbeinnar. Skipting þjóðarauðsins verður til vegna valdboða af margvíslegu tagi, með sköttum, framlögum, launum o.s.frv.

Fátækt á Íslandi er ekki tilkomin vegna lágra þjóðartekna heldur vegna ýmissa annarra orsaka sem rík ástæða væri til að kanna nánar. Misrétti er vegna valdbeitingar og valdskiptingar sem hyglir einum á kostnað annars. Við lifum í opnu þjóðfélagi og viljum forðast að loka því á nokkurn hátt. Forsendur þess eru að við séum ætíð reiðubúin að standa vörð um lýðræðið, málfrelsið, félagafrelsið, skoðanafrelsið. Við viljum láta þúsund blóm spretta en við viljum einnig vita sem mest um alla innviði þjóðfélagsins, þekkja þau öfl sem þar eru að verki bæði hin jákvæðu og neikvæðu.

Nú er mikið rætt um öryggi ríkja og m.a. hefur allmikið verið fjallað um eflingu öryggisvörslu hér á landi. Það er einnig mikið fjallað um vald fjölmiðla og nýjungar í þeim efnum vekja ýmsar spurningar um það hvernig mótunarferli er verið að koma á hér á landi.

Ég held að þau atriði sem ég hef hér nefnt séu mest um verð af þeim sem æskilegt er að könnuð séu. Það þarf að athuga á hvern hátt lög takmarka og fyrirskipa vald. Það þarf að athuga hvernig hagsmunahópar takast á, hvernig varið er skiptingu valds milli landshluta og héraða, hvernig komið er samspili atvinnustétta, vinnuveitenda og ríkis, sem sagt hið margslungna þjóðfélag þar sem staða einstaklingsins er oft erfið. Hann þarf að vita meira um þau öfl sem þar eru að verki og það þarf að kanna hið fína net tengsla og valdboða sem hver einasti maður er meira og minna flæktur í. Sú þekking á valdi, sem hér er lagt til að verði aflað, á að gefa okkur nákvæmari og betri mynd en það yfirborð sem við sjáum.

Í framtíðarkönnun þeirri sem nú er lokið við koma fram fjölmörg atriði sem til stuðnings eru rannsókn, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, og einmitt þau atriði þar sem ég tel mestu skipta eru þau sem sýna stöðu hvers einstaks innan þjóðfélagsins, innan hópanna og í samspili við aðra einstaklinga.

Herra forseti. Þessi þáltill. snertir kjarnann í margvíslegri stjórnskipun og þar með lýðræðisskipun okkar. Það er von mín að þessi till. hljóti greiða leið í gegnum hið háa Alþingi. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðaratkvæði, fyrri umr.

Þáltill. MJL o.fl., 91. mál. — Þskj. 92.

Flm. (María Jóhanna Lárusdóttir):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu á þskj. 92. Meðflm. mínir eru Kristín Halldórsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál sem er til meðferðar á þingi skal fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en tólf vikum eftir að hennar er óskað."

Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu má rekja allt aftur til tíma frönsku stjórnarbyltingarinnar og heimspekingsins Rousseau er taldi að æðsta vald samfélagsins hlyti ætíð að vera í höndum fólksins. Rousseau sagði, með leyfi forseta:

„Þau lög er fólkið hefur ekki staðfest persónulega eru ógild og geta ekki verið lög."

Rousseau var af svissneskum ættum en sums staðar í Sviss hefur allt frá gamalli tíð ríkt sú hefð að menn ráði ráðum sínum á opnum þingum líkt og tíðkaðist hjá Grikkjum og við þekkjum héðan frá þjóðveldisöld. Á seinni tímum hefur það færst í vöxt í lýðræðisríkjum að þjóðaratkvæðagreiðslu sé beitt til að kanna vilja og afstöðu kjósenda til einstakra mála. Framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu er að allir kosningabærir menn fá skilyrði til að svara ákveðinni spurningu eða lagafrumvarpi, annaðhvort neitandi eða játandi. Þjóðaratkvæðagreiðsla getur verið ráðgefandi eða bindandi. Einnig þekkist það að niðurstaða hennar sé bindandi að hluta til, t.d. gagnvart þingi en ekki þjóðhöfðingja. Skilyrði þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram eru þrenns konar. Hún getur verið lögbundin sem þýðir að ákveðið mál verður samkvæmt lögum að leggja undir dóm kjósenda. Einnig getur ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu komið frá hluta kosningabærra manna, hluta þingmanna eða þjóðhöfðingja. Þriðja skilyrðið er að löggjafarvaldið ákveði að kanna vilja kjósenda í einhverju ákveðnu máli. Einnig þekkist það fyrirkomulag t.d. í Sviss og Bandaríkjunum að hluti kjósenda geti komið fram með till. eða frv. til laga sem síðan er greitt atkvæði um ýmist áður en löggjafinn hefur fjallað um málið eða eftir.

Í stjórnarskrá Íslendinga er í þremur tilvikum

kveðið á um lögbundna þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er þegar forseti synjar lagafrv. staðfestingar, sbr. 26. gr. stjórnarskrárlaga, ef forseti er leystur frá störfum, sbr. 11. gr. stjórnarskrárlaga, ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipan ríkisins, sbr. 79. gr. stjórnarskrárlaga. Enn hefur ekki reynt á þessi ákvæði.

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram sex sinnum hér á landi. 1908 um innflutningsbann á áfengi, 1916 um þegnskylduvinnu, 1918 um afstöðu til dansk-íslensku sambandslaganna, 1933 um afnám bannlaganna, 1944 um afnám sambandslaganna, 1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í öllum sex tilvikum var það löggjafarvaldið sem ákvað að kanna hug og vilja kjósenda til þessara tilteknu mála.

Í stjórnarskrá okkar Íslendinga eru engin ákvæði er heimila hluta kjósenda eða þingmanna að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótti mér því rétt að kanna hvernig lög og reglur annarra þjóða mæltu fyrir í þessu efni og hvernig þeim ákvæðum hefði verið beitt.

Var þá fyrst fyrir Sambandslýðveldið Sviss, en þar hefur eins og kunnugt er þróast sérstakt stjórnarfar ólíkt um margt stjórnarfari annarra Evrópuríkja. Sviss er sambandslýðveldi sem samanstendur af 26 fylkjum eða kantónum. Sérhver kantóna er sjálfstæð eining, þ.e. hefur sérstaka stjórnarskrá og löggjöf. Sveitarfélögin, sem eru tæplega 3000 talsins, eru einnig sjálfstæðari en almennt þekkist. Svisslendingar geta haft áhrif á lagasetningu með beinum hætti þar eð hluti kjósenda getur samið lagafrv. og farið fram á atkvæðagreiðslu um þau ýmist áður en löggjafinn hefur fjallað um þau eða eftir. Lög geta því öðlast gildi án þess að komast nokkurn tímann í hendur löggjafarvaldsins fyrr en eftir gildistöku. 50 000 íbúar geta lagt fram fullmótað frumvarp við stjórnarskrárbreytingu sambandslýðveldisins og óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um það. 30 000 íbúar eða átta kantónur geta farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um lagasetningu. Stjórnin getur dregið slíka atkvæðagreiðslu um eitt ár ef báðar deildir þingsins samþykkja það. Stjórnarskrárbreytingar er þingið leggur fram eru yfirleitt alltaf bornar undir þjóðaratkvæði. Atkvæðagreiðsla um einstök mál er tíðkuð bæði meðal þjóðarinnar allrar í kantónunum sem og í hinum fjölmörgu sveitarfélögum. Er almenn atkvæðagreiðsla hluti af daglegu lífi fólks í Sviss og hefur aukist töluvert á seinni árum. Á 30 ára tímabili frá 1949 til 1979 fór fram 600 sinnum slík atkvæðagreiðsla í kantónunum eða sveitarfélögunum, en 400 30 árin þar á undan. Er ein skýring á stjórnarfari Svisslendinga sú að stjórnmálamenn vinni sín störf án mikils fyrirgangs eða sundurlyndis sín í milli. Hin eiginlega stjórnarandstaða í landinu sé fólkið. Þótti mér þessi skýring athyglisverð og læt ég hana flakka með til umhugsunar fyrir íslenska stjórnmálamenn, sem eru nú allfáir hér í salnum, því miður, með leyfi forseta.

Frá 1947 eru í gildi lög á Ítalíu sem heimila óbeina lagasetningu frá íbúunum.

Ef við lítum okkur nær þá eru Danir með heildstæðustu löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu á Norðurlöndunum.

Í Noregi hefur ein slík atkvæðagreiðsla farið fram síðan 1926 og var það ríkisstjórnin sem lagði það fyrir kjósendur hvort Norðmenn ættu að ganga í Efnahagsbandalagið eða ekki.

Í stjórnarskrá Svía eru tvö ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. ⅓ sænskra þingmanna getur farið fram á bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar. Einnig getur ríkisstjórnin með lagasetningu látið fara fram ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Slík atkvæðagreiðsla hefur farið fram fjórum sinnum frá 1922 og hefur verið kosið um áfengisbann, hvort taka ætti upp hægri umferð, um viðbótarellilífeyri og síðast 1979 um kjarnorkumál.

Í Danmörku er lagaákvæði sem fjallar um forræði danskra stjórnvalda eða ríkisvaldsins. Ef frv. kemur fram, sem felur í sér skerðingu á forræði danskra stjórnvalda eða ríkisvaldsins, verði ⅚ þingmanna að samþykkja það. Ef slíkt samþykki fæst ekki en venjulegur þingmeirihluti samþykkir skal efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarskrárbreytingar eða nýja stjórnarskrá verður að bera undir þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt sérstökum lögum. 1953 var samþykkt í danska þinginu stjórnarskrárbreyting þess efnis að þriðjungur þingmanna getur farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu innan þriggja virkra daga eftir að frv. hefur verið samþykkt. Fer þá þjóðaratkvæðagreiðslan fram eftir sérstökum lögum. Minnst 30% kjósenda þurfa að greiða atkvæði gegn frv. til að það falli úr gildi. Ekki er hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin lög, t.d. fjárlög og skattalög. Sérstök lagasetning gildir um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og er hún mjög samhljóða almennum kosningalögum.

Í Danmörku hefur þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram sex sinnum frá árinu 1963 um tíu lagafrv. að kröfu minni hluta þingsins. 1963 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um fjögur lagafrv. er vörðuðu jarðnæðiskaup. Þrisvar hefur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um lækkun kosningaaldurs og árið 1972 var greitt atkvæði um inngöngu Dana í Efnahagsbandalagið. 1966 var samþykkt í danska þinginu að afhenda Íslendingum handritin. Undirskriftir þriggja þingmanna vantaði til að sú ákvörðun væri borin undir þjóðina.

Í þessari þáltill., sem hér er lögð fram, er gert ráð fyrir að tíundi hluti þjóðarinnar geti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, sem og ⅓ hluti þingmanna. Ef miðað er við fjölda kjósenda við síðustu sveitarstjórnarkosningar yrðu rúmlega 17 000 manns að undirrita tillöguna og eru engin sérstök mál undanskilin slíkri ósk. Úrslit slíkrar atkvæðagreiðslu eru ekki bindandi fyrir Alþingi en hins vegar má ætla að hún verði stefnumótandi og ráðgefandi fyrir afstöðu þess í viðkomandi málum.

Í till. er gert ráð fyrir að mál, sem vísað er til

þjóðaratkvæðagreiðslu, hljóti ekki endanlega afgreiðslu í þinginu fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta ákvæði er sett vegna þess að skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar mega ekki líða nema tvær vikur frá samþykkt frv. og þar til það hefur öðlast lagagildi með undirskrift forseta Íslands og gæti þessi stutti tími torveldað framkvæmd málsins. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan 12 vikna frá því krafan um hana kemur fram til að afgreiðsla málsins tefjist ekki um of, en þó er skylt að gefa kjósendum nægan tíma til að kynna sér það mál er þeir eiga að kjósa um. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu er eðlilegt að setja ákveðnar reglur ef þm. samþykkja þessa ályktun.

Í stjórnlagafrv. því, er Gunnar Thoroddsen lagði fram á Alþingi 1983 og í skýrslu stjórnlaganefndar frá sama tíma, er ákvæði um rétt kjósenda til að óska eftir ráðgefandi atkvæðagreiðslu um einstök málefni. Er þetta nýmæli skýrt með því að engin ákvæði séu í stjórnarskrá um rétt kjósenda til að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál og því sé full ástæða til að taka upp ákvæði er tryggi alþingiskjósendum slíkan rétt. Hugmyndin er býr að baki þessari þáltill., er ég flyt hér, er því ekki ný af nálinni en ætla má að framkvæmd hennar dragist ef beðið er eftir þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú fer fram og ekki sér fyrir endann á.

Í almennum kosningum er kosið um fjölmörg mál. Því hlýtur það að vera styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umbjóðenda þeirra er í einstökum málum. Það styrkir einnig íslenska löggjöf ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja. Þessi þáltill. gerir ráð fyrir auknum lýðræðislegum réttindum Íslendinga og er það í samræmi við forna lýðræðishefð þjóðarinnar.

Að lokinni þessari umræðu um þetta mál, herra forseti, vil ég leggja til að ályktuninni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðakaup öryrkja, fyrri umr.

Þáltill. HS o.fl., 104. mál. — Þskj. 106.

Flm. (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um bifreiðakaup öryrkja.

Ég tek undir það með hv. síðasta frummælanda hér að það eru vissulega óhæfilega fáir hér í þingsal og þarf nú klukkan ekki að vera langt gengin sex til þess að svo sé, því að margt mætti betra um þm. segja, held ég, en það að þeir sætu kyrrir og rólegir hérna í salnum og hlýddu á mál manna, en síst þegar líður á fundartíma. Hitt segi ég svo að ég tel það miklu meira máli skipta að koma málum til nefndar þannig að þau fái þar umfjöllun þó að ég hafi ekki svo marga áheyrendur, enda vanur því að mæla þannig fyrir málum nú ár eftir ár og segi það hv. frummælanda síðasta máls til huggunar að stundum hafa færri verið í salnum, eða aðeins forseti og frummælandi þegar svo hefur borið við og ég þekki þess nokkur dæmi, en það hefur þó orðið til þess að málin hafa komist til nefndar og til þeirrar vinnslu sem nauðsynleg er. En bót er því ekki mælandi engu að síður.

Þessi till. til þál. er flutt af okkur hv. þm. Karvel Pálmasyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og Maríu Jóhönnu Lárusdóttur og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög og reglur um eftirgjöf bifreiðagjalda til öryrkja með það að leiðarljósi að öryrkjar njóti áfram samsvarandi fyrirgreiðslu og þeir hafa haft umfram almenna bifreiðakaupendur varðandi kaup þeirra á bifreiðum."

Ég hirði ekki um að lesa grg. þá með þessari till. sem hér er og þau tildrög sem þar eru tilgreind, en í lok hennar segir þó að aðstæður öryrkja séu þær í dag að sjaldan hafi verið meiri nauðsyn en nú að viðhalda áður fengnum réttindum þessa fólks. Það þarf heldur ekki að rifja það upp eða rekja aðdraganda þessa máls. Tollalækkun á bifreiðum var á s.l. vetri sett upp sem almennt kjaraatriði, sem kjarabót jafnt yfir alla línuna. Það skal ekkert fjölyrt um það nú hversu jafnt þetta kom fram meðal launafólks almennt og annarra þeirra, er taka beint mið af almennum kauptöxtum í landinu, svo sem er um öryrkja og aldraða óumdeilanlega, með þeim annmörkum þó sem prósentubreyting hefur á svo lágan tekjugrunn sem þar er til viðmiðunar. En alla vega er það hverjum og einum dagljóst að hin almenna tollalækkun bifreiða var eða átti að vera hluti af kjarabót öryrkja ekki síður en annarra.

Það að eiga völ eða hafa átt völ á ódýrari bifreið en almennt gerist á undanförnum árum hefur reynst mörgum öryrkjanum ómetanleg hjálp, m.a. og sér í lagi til þess að öðlast betra hlutgengi til ýmissa verka í þjóðfélaginu, til ýmissa tómstunda og annars slíks og því kom það sem köld vatnsgusa í andlit þeirra að þessi almenna kjarabót í þjóðfélaginu ætti að þýða það að þeir sætu við sama borð og aðrir hvað varðaði kaup á bifreiðum sér til handa eða því sem næst. Mótmæli komu frá stærstu samtökum öryrkja í landinu þegar ljóst var að hámarksupphæð sú, sem fengist gat umfram hinn almenna bifreiðakaupanda, var aðeins 25 000 kr. og þaðan af lægri væri ódýrari bifreið keypt eins og vitanlega er mjög algengt hjá öryrkjum með þröngan kost þó ýmsir séu á þann veg settir að þeir verða að fá dýrari og fullkomnari gerðir og ýmiss konar aukaútbúnað til viðbótar.

Í umræðum um þessi mál á Alþingi í fyrra sagði hæstv. fjmrh. að heimildir skorti í lögum til að ganga lengra. Strangt til tekið mun það rétt. Ég veit að fulltrúar og forsvarsmenn öryrkjafélaganna voru og eru tilbúnir til að skoða ýmsar leiðir til þess að öryrkjar geti í einhverjum mæli búið við sambærileg

hlunnindi við það sem áður hefur verið. Það var rætt og er enn þá rætt um vissa niðurfellingu söluskatts, hvort það sé leið. Það var og er rætt um ákveðna fasta upphæð sem greidd yrði. Það var og er rætt um ákveðna greiðslu í gegnum tryggingakerfið. Og m.a., eins og segir í grg., þá opnaði hæstv. fjmrh. sjálfur fyrir þá hugmynd í umræðum um þetta mál, að vísu í knöppu svari við fsp. frá okkur hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni.

Menn gætu sagt sem svo nú þegar þessi till. er flutt: Því gera flm. ekki till. um eitthvert ákveðið form? Af hverju flytjið þið ekki frv. um þetta mál, takið einhverja ákveðna leið út úr og óskið eftir lögfestingu á henni? Að sjálfsögðu var það hægt. En ég held að hér sé farin enn eðlilegri leið að virkilega sé kannað ofan í kjölinn hversu réttlátlegast og eðlilegast sé að koma til móts við öryrkja í þessu máli, hversu þessu megi sem best koma fyrir þannig að áfram megi öryrkjar hafa réttlátt og sjálfsagt forskot fram yfir hinn almenna bifreiðakaupanda, svo sem lengi hefur verið.

Löggjafinn hefur um langa hríð viðurkennt þörfina á þessum hlunnindum, ef svo má kalla, til handa öryrkjum og hér er nú um svo mikla og ótvíræða afturför að ræða að við svo búið má ekki lengur láta standa. Leiðina ber okkur að finna sem besta og skilvirkasta því að söm er þörfin sem áður og síst minni og forréttindi öryrkja, ef nota má það orð, eru ekki svo mörg eða mikil í samfélaginu að þeir megi við því að missa í neinu fótfestu þar.

Ég fullyrði enn og aftur að þessi umframaðstoð hefur verið ómetanleg fyrir marga og hún á að verða það áfram, umframhjálp samfélagsins þeim til handa sem mest þurfa á að halda. Við flm. teljum sjálfsagt að um þessi mál verði haft fullt samráð við samtök öryrkja því þar er áhugi mikill fyrir hendi að finna þessu máli eðlilegan farveg, farsæla lausn. Þar er engin óeðlileg kröfuharka á ferð fremur en í öðru hjá þeim samtökum. Aðeins það að þarna vilja samtökin tryggja umbjóðendum sínum sem sambærilegastan hlut við það sem um árabil hefur verið í gildi.

Ég treysti á atfylgi hv. alþm. að taka jákvætt á máli þessu, samþykkja þessa till. í einhverju því formi sem mönnum þykir aðgengilegast og sjálfsagðast og trúi engu öðru en því að stjórnvöld vilji leggja sig fram um að finna þessu máli, í framhaldi af ályktun Alþingis, unandi úrlausn. Eitt er víst, það er engin hætta á að það verði ofgert við þennan þjóðfélagshóp þó við tökum hér á til samræmis við það sem hefur áður verið gert um árabil.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að till. verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

9. fundur, miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 22. mál (heildarlög). — Þskj. 22.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framhaldsskóla. Ásamt mér flytja það hér í deildinni tveir hv. þm. Alþb., Helgi Seljan og Skúli Alexandersson.

Rétt er að taka það fram að allur þingflokkur Alþb. stendur að flutningi frv. Það er samið af nefnd sem starfaði á vegum Alþb. og lagði mikla vinnu af mörkum til að koma því saman.

S.l. laugardag var þáttur í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þar sem fjallað var um ástand skólamála hér á landi. Það var eftirtektarvert að meginniðurstaða þeirra upplýsinga sem þar voru veittar var einmitt sú að þörf væri á heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið. Nefnd sérfræðinga frá OECD hafði kynnt sér stöðu skólamála hér á landi og hafði rekið augun í það sem vissulega blasti við öllum sem vildu kynna sér þau mál að ástand skipulags í framhaldsskólunum væri mjög bágborið og þörf væri á að stokka þar upp með nýrri löggjöf.

Í þessum útvarpsþætti bætti síðan þingfréttaritari, sem hafði umsjón með þessum þætti, um betur og átaldi þm. harðlega fyrir áhugaleysi um skólamálin, taldi að augljóst væri að þingheimur hefði engan áhuga á skólamálum og það væri því ástæðan fyrir að engin löggjöf hefði verið sett um þessi mál. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þótti það nokkuð djarft hjá þessum þingfréttaritara að hann skyldi leyfa sér að hafa uppi sleggjudóma af þessu tagi án þess þó að láta þess getið að í þinginu hefur verið flutt mjög ítarlegt frv. um þessi mál þar sem er það frv. sem ég er að mæla fyrir. Það var flutt á s.l. vori og er nú endurflutt.

Þetta er mjög ítarlegt frv., 44 greinar auk bráðabirgðaákvæða, og í því eru fjöldamargar nýjar hugmyndir og stefnumarkandi nýmæli sem ég mun hér rekja. En í stuttu máli sagt er í þessu frv. leystur sá fjármögnunarvandi sem við hefur verið að etja í sambandi við framhaldsskólanámið og mörkuð samræmd stefna í öllum málefnum framhaldsskólans. Og því er einmitt þetta það sem var verið að fjalla um í þessum útvarpsþætti og talað um að koma þyrfti. En þingfréttaritarinn sem annaðist þennan útvarpsþátt sá sem sagt enga ástæðu til þess að láta þess getið. Og það þótti mér vægast sagt mjög einkennileg afstaða.

Svo farið sé yfir meginatriði frv. er þar í fyrsta lagi það að afnumin er sú mismunun sem hefur verið milli verknáms og bóknáms að því er varðar þátttöku ríkisins í fjármögnun skólahalds. Sömu kostnaðarákvæði gilda skv. frv. um allt nám á framhaldsskólastigi, að vísu með þeirri undantekningu að sérgreinaskólar, sem starfræktir eru fyrir landið allt, eru kostaðir af ríkinu að öllu leyti. Í þessu sambandi skiptir mestu máli að til viðbótar við að verið er að afnema mismunun, sem verið hefur milli verknáms

og bóknáms, eru kostnaðarákvæðin algjörlega sambærileg gagnvart öllum sveitarfélögum í landinu en það er ekki í dag.

Í dag er þetta svo að þar sem verið er að byggja menntaskóla greiðir ríkið kostnaðinn að fullu, en þar sem verið er að byggja fjölbrautaskóla verða sveitarfélögin að taka verulegan þátt í byggingarkostnaði skólanna.

Í öðru lagi er rétt að benda á að með þessu frv. er reynt að tryggja sem greiðastar leiðir fyrir nemendur milli skóla og milli námsbrauta.

Í þriðja lagi er það áberandi einkenni frv. að dregið er úr ákvarðanavaldi menntmrn. og völdum er beinlínis dreift til fræðsluumdæmanna. Þetta lýsir sér í því að fræðsluráð eru kosin beinni kosningu af kjósendum í tengslum við sveitarstjórnarkosningar þannig að úr verður valdastofnun sem sækir vald sitt beint til kjósenda og fær endanlegt ákvörðunarvald í fjöldamörgum málum sem varða rekstur og uppbyggingu framhaldsskólanna í hverju fræðsluumdæmi. Fræðslustjórar verða framkvæmdastjórar fræðsluráðanna. Raunar er rétt að geta þess að gert er ráð fyrir því að þessi fræðsluráð, þótt þau yrðu kosin á allt annan hátt en núverandi fræðsluráð eru kosin, verði áfram með yfirumsjón grunnskólanna í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig eins og grunnskólalögin gera ráð fyrir. Þannig yrði ekki um það að ræða að tvö fræðsluráð yrðu í hverju kjördæmi heldur eitt sem yrði kosið á þennan nýja hátt, þ.e. beint af kjósendum í viðkomandi fræðsluumdæmi, en ekki yrði kosið til þeirra á árlegum aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga eins og nú er gert. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að við teljum að í dag séu fræðsluráð kosin á mjög ólýðræðislegan hátt í raun og veru. Það er ekki hægt að líta á landshlutasamtök sveitarfélaga sem fullkomlega lýðræðislegar stofnanir. Kosningafyrirkomulag til þeirra er með þeim hætti að þau endurspegla ekki þann kjósendahóp sem er í hverjum landshluta og þarf ég ekki að fara neitt ítarlega út í þá sálma. Ég minni bara á að þar eru sem sagt einstakir fámennir sveitarhreppar með auðvitað miklu meiri ítök á þingum landshlutasamtaka en hægt er að segja að sé í nokkru samræmi við íbúatölu á viðkomandi svæði. **(Gripið fram í:** Ætli þeim veiti af því?) Þeim veitir sjálfsagt ekki af því í mörgum tilvikum en ef um er að ræða að byggja kerfi upp á lýðræðislegan hátt er auðvitað óhjákvæmilegt að styðjast þar við aðrar kosningaaðferðir en þær sem gilda núna hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Í fjórða lagi er rétt að benda á það nýmæli frv. að skólastjórn skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Nýmæli sem í þessu felst er að sjálfsögðu það að skólastjórnin er kosin af kennurum, nemendum og öðrum starfmönnum skólanna. Þá er rétt að nefna það nýmæli að skólastjórnin kýs skólastjóra en skólastjórar framhaldsskólastigsins eins og grunnskólastigsins eru í dag skipaðir að menntmrh.

Í fimmta lagi vil ég nefna það nýmæli sem í þessum lögum felst að það er skólastjórinn sem ræður kennarana, sbr. 26. gr. frv., en í því felst veruleg valddreifing því að í dag eru allir kennarar skipaðir af menntmrn.

Þarna hef ég nefnt þrjú dæmi þess að verið er að færa valdið úr menntmrn. og út til landshlutanna, til skólanna. Í fyrsta lagi fær fræðsluráðið stóraukið vald, í öðru lagi fær skólastjórnin vald sem hún hefur almennt ekki í gildandi kerfi og í þriðja lagi fær skólastjórinn vald, þ.e. til að ráða kennara sem að sjálfsögðu er ekki gildandi í dag.

Enn má nefna það nýmæli að gert er ráð fyrir að sveitarfélögin myndi svokallaðan framhaldsskólasjóð í hverju fræðsluumdæmi og standi hann undir greiðslum til fræðsluráða vegna kostnaðar við framhaldsskólana. Framhaldsskólasjóðurinn er sem sagt í vörslu fræðsluskrifstofunnar í umdæminu og skv. 30. gr. er gert ráð fyrir því að tillög sveitarfélaga til sjóðsins greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags, þannig að innheimta þessa fjár ætti að vera tiltölulega einföld.

Loks má nefna, í sjöunda lagi, að kostnaðarskiptingarákvæði frv. verða að teljast veruleg nýmæli. Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður greiði 80% stofnkostnaðar en 100% kostnaðar við heimavist. Hins vegar greiðir ríkissjóður allan launakostnað og skv. 32. gr., sem fjallar um kostnaðarskiptingarákvæðin, greiða svo aftur á móti sveitarfélögin, eða fræðsluráðið fyrir þeirra hönd, 20% stofnkostnaðar á móti og 40% af rekstrarkostnaði.

Rétt er að geta þess án þess að fjölyrða frekar um það að kostnaðarákvæði þessi eru í fullu samræmi við tillögur sem fjölmennur hópur sveitarstjórnarmanna sendi menntmrh. á s.l. hausti, þ.e. fyrir einu ári síðan. Það er kominn vetur nú svo það er rétt að hafa þetta á hreinu að það er rúmt eitt ár síðan þessar tillögur voru sendar menntmrh. Þessi hópur sveitarstjórnarmanna hafði starfað um skeið og í honum voru fulltrúar ýmissa framhaldsskóla víðs vegar að af landinu, ásamt nokkrum sveitarstjórnarmönnum. Það má því víst heita að þessi kostnaðarákvæði eru í fullu samræmi við viðhorf og skoðanir sveitarstjórnarmanna um land allt, eftir því sem best er vitað.

Rétt er að benda sérstaklega á ákvæði frv. um fullorðinsfræðslu og fjarnám. Það eru 21.–24. gr. frv. sem fjalla um það efni. Í 24. gr. er gert ráð fyrir því að Námsgagnastofnun gegni hlutverki fjarkennslumiðstöðvar og annist öflun og gerð námsefnis til fjarkennslu, svo sem myndbanda, hljóðbanda, tölvuforrita og prentaðs máls, en að Ríkisútvarpið annist útsendingu efnis til fjarkennslu eftir því sem þörf krefur. Í hverju fræðsluumdæmi sé starfrækt ein fjarkennsluútstöð þar sem best hentar að mati fræðsluráðs.

Enn má nefna það ákvæði frv. að mynduð sé svonefnd eftirlitsnefnd, óháð eftirlitsnefnd þriggja

manna með sérþekkingu á skólamálum, og er henni ætlað það hlutverk að fylgjast með starfi framhaldsskóla og afla hlutlægra og almennra upplýsinga um þá starfsemi. Eftirlitsnefndin á að beita sér fyrir úttekt á starfi og stöðu a.m.k. fimm framhaldsskóla árlega og skila niðurstöðum til menntmrn., hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólastjórna.

Það er áreiðanlega ekki ofmælt að dregist hefur úr hömlu að setja heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið. Nú er liðinn rúmur áratugur frá því hafist var handa um þær breytingar á skólakerfinu sem áttu að mynda undirstöður fyrir úrbætur í framhaldsmenntun hér á landi. Setning laga um grunnskóla árið 1974 var vissulega áfangi að þessu marki. Það haust skipaði þáverandi menntmrh. nefnd til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi og skilaði sú nefnd áfangaáliti í júlí 1976. Og í febrúar 1977 skilaði hún frv. til laga um framhaldsskóla. Þetta frv. var svo fyrst flutt á árinu 1977 og hefur síðan verið lagt fram fimm sinnum með ýmsum breytingum án þess að ná fram að ganga.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum alla tíð reynt að þrýsta eins fast á það og okkur hefur verið unnt að löggjöf um framhaldsskóla yrði sett. Við studdum á sínum tíma þá meginstefnu sem fyrrnefnt frv. um framhaldsskóla byggðist á og satt best að segja vantaði ekki nema herslumuninn á það á sínum tíma, þegar Alþb. átti sæti í ríkisstjórn á árunum 1978 og 1979, að frv. um þetta efni yrði lögfest því að frv. var komið til 3. umr., búið að ganga í gegnum töluverðan hreinsunareld, en þingslit urðu þess valdandi og annríki á seinustu dögum þingsins að ekki tókst að afgreiða málið.

Á landsfundi Alþb. 1983 var gerð ítarleg ályktun um uppeldis- og fræðslumál. Þar var m.a. hvatt til þess að hraðað yrði setningu laga um framhaldsskóla. Veturinn 1984–85 helgaði hópur flokksmanna og áhugamanna utan flokksins sig þessu verkefni. Hópurinn gekkst fyrir opinni ráðstefnu um framhaldsmenntun í október 1985 og kynnti þar hugmyndir sínar, þar á meðal efnispunkta í frv. um framhaldsskóla. Mörg atriði í þessu frv. eru einmitt byggð á tillögum þessa starfshóps.

Ég hef látið það koma hér fram og vil ítreka það að ein veigamesta breytingin í þessu frv. frá fyrri frv., sem flutt hafa verið um þetta mál, er einmitt sú að dregið er mjög einhliða úr ákvörðunarvaldi menntmrn. og að sama skapi eru aukin áhrif fræðsluumdæmanna á stefnumótun og stjórnun framhaldsmenntunar. Í þessu efni er frv. ætlað að ýta undir þróun sem verið hefur að gerast í þá átt að fræðsluumdæmin og hvert skólasamfélag axli aukna ábyrgð á þessu málefnasviði. Stefnt er að verulegri valddreifingu í málefnum framhaldsskólans og stjórneiningum í hverju umdæmi ætlað að taka við mörgum verkefnum sem áður voru á hendi menntmrn.

Í þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir því að menntmrn. hafi yfirstjórn með höndum en fræðsluráðin fara með stjórn í hverju fræðsluumdæmi og undir þau heyra skólastjórnir. Skólastjórnir kjósa síðan skólastjóra, eins og ég hef þegar nefnt, og skólastjóri ræður kennara. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að menntmrn. standi fyrir lágmarkssamræmingu náms í framhaldsskólum og gefi út svokallaða rammanámsskrá þar sem skilgreind væru helstu markmið námsins og kveðið á um meginatriði varðandi mámsbrautir, markmið þeirra og inntak. Gert er ráð fyrir að landinu sé skipt í níu fræðsluumdæmi sem yrðu í meginatriðum byggð á kjördæmum landsins þó þannig að Reykjavík væri í fræðsluumdæmi með nálægum sveitarfélögum, Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós, en Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogur yrðu saman um fræðsluráð. Þó er það tekið fram að sveitarfélag með 10 þúsund íbúa eða fleiri getur myndað sérstakt fræðsluumdæmi eins og er í sambandi við grunnskólana.

Ég hef áður getið þess að fræðsluráðin eigi að kjósa með lýðræðislegri kosningu. Ég vék að því áðan að kosningar til landshlutasamtaka sveitarfélaga væru með þeim hætti að þær gætu ekki nýst í þessu samhengi. Við gerum ráð fyrir því að fræðsluráðin séu kosin í leynilegum almennum kosningum sem fram fara um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram. Þá séu níu menn kosnir í fræðsluráð en yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis taki að sér þessa sérstöku kosningu á fræðsluráði.

Að lokum er rétt að geta þess að markmið framhaldsmenntunar er hér skilgreint á nokkuð annan veg en verið hefur í þeim frv. sem fram hafa verið lögð um þetta efni. Markmiðin eru víkkuð til muna með hliðsjón af breyttum viðhorfum til menntunar og hlutverks skóla í lýðræðisþjóðfélagi. Lögð er áhersla á tvo meginþætti. Í fyrsta lagi að skólinn þurfi að búa einstaklinga undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi sem er stöðugt að breytast og í öðru lagi að skólinn þurfi einnig, og ekki síður, að vera vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu og tilfinningaþroska hvers einstaklings.

Að endingu vil ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að ég álít að það sé mjög mikil vanræksla löggjafans að framhaldsskólafrumvarp skuli ekki enn hafa verið afgreitt hér á Alþingi. Ég er sem sagt sammála niðurstöðu í skýrslu sérfræðinga OECD að þessi vanræksla hefur tafið æskilega þróun framhaldsmenntunar og jafnframt valdið margs konar vandkvæðum og óvissu varðandi starfsemi og rekstur framhaldsskólanna. Við svo búið má ekki lengur standa. En ég vísa því alfarið frá mér að Alþb. hafi ekki haft uppi vissa viðleitni í þessu efni eða bent á leiðir út úr þessum ógöngum en því miður hafði það farið fram hjá fréttastofu útvarps þegar svo ítarleg grg. var gefin um stöðu þessara mála, m.a. hér á Alþingi.

Það er ljóst að frekari töf á því að hafist verði handa um skipulega uppbyggingu framhaldsmenntunar mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir

skólastarf í landinu og þá sem leggja stund á framhaldsnám. Þess vegna er það skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna að með löggjöf þurfi nú þegar að marka helstu skipulagsdrætti framhaldsskólastigsins. En síðan þarf að sjálfsögðu að fylgja þessu starfi á löggjafarsviðinu eftir með auknum fjárveitingum og markvissum áætlunum um bættan aðbúnað skólastarfs.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

María Jóhanna Lárusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju okkar Kvennalistakvenna með að frv. um framhaldsskóla skuli vera lagt fyrir hið háa Alþingi.

Framhaldsskólamenntun hefur tekið miklum breytingum, allverulegum á síðasta áratug, og er orðin fjölþættari en áður var og nemendafjöldinn hefur aukist að miklum mun. Skortur á heildarstefnu framhaldsmenntunar hefur leitt til margvíslegs vanda sem einkum hefur bitnað á nemendum og leitt til aukins álags á kennara og stjórnendur framhaldsskólanna og voru þó störf þeirra ærin fyrir.

Í útdrætti úr óbirtri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um skólamál á Íslandi, sem greint var frá í Ríkisútvarpinu hér á dögunum og flm. ræddi um hér í framsögu sinni, kom fram að ástandið í menntamálum okkar er ekki glæsilegt. Voru tilgreindar margar ástæður fyrir þeim vandamálum sem blasa við hvarvetna í skólakerfinu. Ein þeirra var talin sú að hér væri engin heildarstefna í menntun á framhaldsskólastigi. Það er því löngu orðið tímabært að á Alþingi sé hafin umræða um skólakerfi okkar og menntamál almennt og fagna ég því þessu frv. sem vonandi á eftir að hleypa þeirri umræðu af stað. Frv. er mjög ítarlegt og viðamikið — m.a. er þar kafli um fjarkennslu en við Kvennalistakonur lögðum fram á síðasta ári frv. þess efnis. Það eru því mörg efnisatriði í frv. sem þarf að kanna vandlega og samræma. Frv. verður væntanlega lagt fyrir menntmn. en þar á þingkona okkar, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sæti. Ég tel því eðlilegt að frv. fái þar umfjöllun áður en við Kvennalistakonur tökum afstöðu til einstakra efnisþátta þess.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstvirtur forseti. Ég vil fyrst láta það koma fram að mér finnst þakkarvert þegar þm. flytja frv. og ekki síst af þessum toga.

Hv. þm. Ragnar Arnalds kvartaði mikið yfir fréttaflutningi og ekki síst því að fréttamaður hefði látið í það skína að þm. hefðu engan áhuga fyrir þessum málum. Nú er það mála sannast að frv. um framhaldsskóla hafa áður verið lögð fram og þá af menntamálaráðherrum, frv. sem væntanlega hafa verið undirbúin í samvinnu við viðkomandi þingflokka, þannig að hinir almennu þm. hafa fyrr komið að þessum málum en nú.

Þetta frv. er, eins og hv. 1. flm. hefur komið að, nokkuð frábrugðið þeim frv. sem hingað til hafa verið flutt. Ég ætla ekki að fara djúpt í sakir en ég satt að segja efast um þær kosningaaðferðir sem lagðar eru til í frv. og þá er ég með í huga kjör fræðsluráðanna.

Eins og þessar frvgr. koma mér fyrir sjónir óttast ég að þarna geti orðið um að ræða mjög harða og óvæga kosningabaráttu, jafnvel það að pólitík verði með óvægari hætti blandað inn í skólamálin en þó nokkurn tíma er nú. Ég óttast það.

Ég get að ýmsu leyti tekið undir orð hv. 1. flm. þess efnis að það beri að færa völd og ábyrgð til sveitarfélaganna sem næst vettvangi og að það fari sem mest saman fjárhagsleg og verkleg ábyrgð. Ég get tekið undir það. Hitt vil ég jafnframt taka undir að það er óþolandi misræmi varðandi stofnun framhaldsskólanna eins og hún hefur verið hingað til. Þá er ég m.a. með í huga menntaskólana og fjölbrautaskólana.

Áfram varðandi stjórnunarfyrirkomulagið. Ég efast jafnframt um að það sé hið heppilegasta fyrirkomulag að skólastjóri einn hafi með höndum ráðningu kennara. Þar finnst mér hv. flm. ganga þvert á þá stefnu sína að auka lýðfrelsi, lýðræðislegar ákvarðanir. Í grunnskólanum er þetta þannig eins og allir vita að skólanefndir hafa með höndum ráðningu kennara, að vísu er þeim skylt að bera slíkar ráðningar undir skólastjóra. Reyndar er það menntmrn. sem staðfestir þá ráðningu endanlega, en það eru skólanefndirnar sem hafa afskaplega mikið um það að segja og ég hygg að í langfæstum tilvikum, í undantekningartilvikum, gangi ráðuneytið yfir viðhorf skólanefnda í þessu efni. Þegar slíkt hefur gerst er það býsna áberandi og sporin hræða í hverju slíku tilviki.

Hæstv. forseti. Ég sagðist ekki ætla að fara djúpt í sakir varðandi þetta frv., en ég mun heils hugar taka þátt í þeirri umræðu sem óhjákvæmileg er vegna tímabærrar löggjafar um framhaldsskólann. Að ýmsu leyti er sá dráttur sem orðið hefur á setningu löggjafar um framhaldsskólann skiljanlegur. Við skulum viðurkenna að vegna örra breytinga og vegna óvissu að ýmsu leyti um þróun okkar samfélags höfum við alþm., og kannske ekki síst af þeim sökum, alls ekki verið tilbúnir að festa í lög þessi mál. Í þessu efni er spurning að hve miklu leyti slík lagasetning bæri vott um framtíðarsýn og að hve miklu leyti hún væri staðfesting á orðnum hlut, reynslu liðinna ára varðandi stofnun, rekstur og allt fyrirkomulag framhaldsskólans.

En ég endurtek: Ég er tilbúinn að ræða þessi mál, taka þátt í umræðu um þau. Þetta frv. verður að sjálfsögðu til meðferðar í menntmn. Reyndar á ég ekki sæti í þeirri nefnd, en mér þykir ólíklegt að frv. verði afgreitt frá nefndinni án þess að slíkt kæmi fyrir þingflokka.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Hér er um stórmál að ræða sem

þegar hefur verið gerð svo góð grein fyrir af hálfu 1. flm. að ég þarf fáu þar við að bæta. Hitt er kannske rétt að undirstrika út af því sem hann kom inn á þegar í upphafi varðandi áhuga eða áhugaleysi alþm. á framhaldsskólamálum almennt að rekja söguna alveg aftur til þess þegar menn voru að reyna að fikra sig áfram á sviði fjölbrautaskólanna og voru þá um leið að flytja þau mál inn á vettvang Alþingis án þess að þau fengju afgreiðslu — á ýmsan máta, bæði hvað varðar kostnaðarhlutdeild og hvernig með skyldi fara þannig að skipulag væri nokkuð tryggt á þessum málum. Þessu man ég eftir frá þingum 1974 og 1975, man eftir að sjálfur stóð ég hér í Ed. að flutningi frv. um þetta efni. Ég man ekki betur en að yrðu líflegar umræður um það efni hér og menn sýndu því áhuga þó ekki næði það fram að ganga, enda var komið þar kannske að kviku þess sem þetta framhaldsskólamál hefur stöðugt strandað á, þ.e. kostnaðarskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga.

Þegar hæstv. fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason var með þetta frv. á sínu borði á sínum tíma, sem hann tók við af hálfu fyrirrennara síns hv. þm. Ragnars Arnalds fyrrv. hæstv. menntmrh., vildi svo til að ég sat í nefnd á vegum ráðuneytisins til að reyna að finna leiðir til þess að þetta mál mætti leysa. Það voru reyndar ýmsir aðrir þættir sem þar var komið inn á. Sannleikurinn var sá að við náðum samkomulagi í þessari nefnd. Þar voru líka staddir og tilkvaddir fulltrúar sveitarfélaganna og m.a. Reykjavíkurborgar þar sem fyrirstaðan var nú allra mest við því að hægt væri að ná samkomulagi. Þá náðu menn engu að síður samkomulagi um alla þætti nema hvað snerti kostnaðarskiptinguna. Þar strandaði algjörlega og þar strandaði fyrst og fremst á þeim fulltrúa sem Reykjavíkurborg var með í þessari nefnd og varð til þess að nefndin treysti sér ekki til að skila einróma áliti um þetta og lét það í vald ráðherra hvernig með skyldi fara. Þetta var svo áfram sá ásteytingarsteinn sem þessi löggjöf hefur fyrst og fremst strandað á.

Hitt er svo annað mál að það er miklu lakara þegar farið er að tala um þetta í fjölmiðlum af m.a. aðstoðarmanni hæstv. fyrrverandi menntmrh. þar sem aðstoðarmaður ráðherrans er einmitt að taka undir þetta áhugaleysi þm. Þá held ég að væri rétt að rifja upp að hæstv. fyrrv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir var spurð að því hér á Alþingi skömmu eftir að hún tók við því embætti hvort hún hygðist beita sér fyrir því að leggja fram frv. um samræmdan framhaldsskóla. Ég man eftir að hæstv. ráðh. svaraði því til að hún hefði það ekki í hyggju, hún vildi sjá til hvernig þróunin yrði, þetta væri allt að gerjast og þróast og það væri rétt að sjá til hvernig það gerðist, í raun og veru að því er ég taldi að láta tilviljanir ráða þessu. Mér finnst það því koma úr hörðustu átt þegar fólk úr menntmrn. er að tala um áhugaleysi þm., aðstoðarráðherrar hjá jafnvel þeim fyrrv. menntmrh. sem hafa hreinlega sagt að þeir vildu ekki samræmda löggjöf af þessu tagi og ætluðu sér ekki að beita sér fyrir neinni löggjöf af þessu tagi. En við vitum mætavel að skortur á þessari löggjöf er í raun og veru orðinn hemill á mjög mörgum sviðum á allt skólastarf á þessu stigi.

Núv. hæstv. menntmrh. mun hafa skipað nefnd í þetta mál, ég man ekki hvort hv. 1. flm. kom inn á það hér áðan, og hvar hún er á vegi stödd veit ég ekki, a.m.k. er ekki gert ráð fyrir því á málaskrá Alþingis í vetur að neitt verði hreyft við þessu máli, ekki hef ég séð það, enda munu hafa orðið einhverjar sviptingar í nefndinni, formaður sagt af sér, nýr formaður verið munstraður til stjórnar. Reyndar hef ég ekki hugmynd um hvort þessi nefnd er yfirleitt nokkuð farin að starfa eða hvort hæstv. menntmrh., sem hefði verið gott að hafa inni við þessa umræðu, er með þetta mál í einhverjum gangi yfirleitt, svo knýjandi sem það er.

Aðeins vildi ég svo segja það varðandi kosningar í fræðsluráðin að vissulega má segja að það megi með ýmsum hætti fara að því að kjósa í fræðsluráð, en hér er þó a.m.k. enginn vafi á því að aðferð lýðræðisins er viðhöfð og það er ansi langt frá, eins og hv. 1. flm. kom inn á, þeirri aðferð sem fræðsluráðin fyrir grunnskólana eru kosin eftir nú af þeim þrönga hópi og ólýðræðislega kjörnum sem heita landshlutasamtök sveitarfélaga. Ég er ekki að segja að það hafi tekist illa til. Ég er ekki að segja að menn hafi ekki reynt að velja hæfa og góða menn í fræðsluráðin. M.a. veit ég að við eystra erum þekktir fyrir að vera lýðræðissinnaðir í þeim efnum og halda vel á málum. Þar hefur verið mannval í fræðsluráðin, en það er ekki vegna þess með hvaða hætti það er kosið, því miður. (Gripið fram í.) Það er erfitt að skipa fræðsluráð þarna eystra án þess að þar séu góðir menn.

En að öllu gamni slepptu eða alvöru í þessu efni held ég að við ættum að taka rögg á okkur hér og taka lotu á þessu máli, virkilega góða umræðu í nefnd þar sem t.d. kæmu boð frá hæstv. menntmrh., sem ekki er viðstaddur þessa umræðu, um hvort það sé virkilega svo að í ráðherratíð þeirra sjálfstæðismanna sé ekki meiningin að hreyfa neitt við þessu máli. Áður var þetta mál þó, bæði á vegum Alþb. og Framsfl., í fullum gangi í ráðuneytinu og lögð mikil vinna í það bæði af hálfu ráðuneyta og þm. þeirra flokka sem stóðu að þeim ríkisstjórnum.

Ég sé að hv. 9. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs. Hann getur þá kannske upplýst okkur um það hér á eftir hvort það sé vinna í gangi hjá núverandi stjórnarflokkum undir farsælli forustu hæstv. núv. menntmrh. um að koma þessu máli í höfn svo sem brýn nauðsyn er á.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Þetta frv. er vissulega þess virði að það sé íhugað vendilega. Ég get heitið því sem formaður menntmn. Ed., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að það verður sent til umsagnar og leitað álits þeirra aðila sem það einkum snertir og reynt að þoka áfram löggjöf og aðgerðum í málefnum framhaldsskólans hvort sem það verður

á grundvelli þessa frv. eða annarrar vinnu að þessu máli. Á þessu stigi ætla ég ekki að ræða um einstök atriði. Ég vil aðeins koma inn á fáein sem mér finnst miklu máli skipta í sambandi við menntamál, skólamál á Íslandi almennt.

Í fyrsta lagi tel ég brýna nauðsyn bera til að sett verði löggjöf um framhaldsskóla. Það er enginn vafi á að þetta stig er eins og stendur veikasti hlekkurinn í skólakerfi okkar og á langt í land að það geti sinnt hlutverki sínu eins vel og æskilegt væri og þörf er á. Ég held að við hljótum að vera sammála um að þau atriði, sem hér eru nefnd, eru öll mikilvæg þó að umdeilanleg atriði séu þar einnig og ákvæði sem ég á þessu stigi málsins væri ekki tilbúinn að samþykkja.

Eitt af því sem fyrst kemur til álita er hver á að annast þetta stig, hver á að bera kostnaðinn. Á að færa verulegan hluta af kostnaði við framhaldsskólastigið og þar með ábyrgðina yfir til sveitarfélaganna, yfir til fræðsluumdæmanna eða á ríkið að vera miðstjórnaraðili í þessu máli? Mér þykir einsýnt að fræðsluumdæmin fái allvíðtæk völd varðandi framhaldsskólann þó svo að ákveðinn kjarni og ákveðinn rammi þurfi að vera í höndum ríkisins. Þar kemur einnig til kostnaðurinn, kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélaga. Það er e.t.v. erfiðasti þröskuldurinn í þessu máli eins og reyndar í öllum okkar menntamálum, þ.e. hinn gífurlegi kostnaður sem ríki og sveitarfélög verða að leggja fram í þessu sambandi. En ég held að uppeldis- og skólamál séu sá póstur sem síst af öllu má spara á. Og ég tel að ríkisvaldið hafi brugðist í þessu efni. Ég tel t.d., ef ég tek þá stofnun sem ég þekki best, Háskóla Íslands, að hann eigi langt í land að geta sinnt því hlutverki sem honum er ætlað og sem honum er skylt að fylla í þessu þjóðfélagi, m.a. vegna niðurskurðar á framkvæmdafé. Það hlýtur að vera ömurlegt upp á það að horfa ef stofnun þessa, eftir hraða þróun og hreint ótrúlegan vöxt undanfarin ár, á að stöðva nú með því að skera niður framkvæmdafé með þeim hætti sem gert er í fjárlögum. Það er engin afsökun að fé sé ekki til. Það er til fé í landinu. Það mætti t.d. lækka framlög til áfengisverslana og leggja þau í staðinn til uppbyggingar Háskólans.

Fjarnám og fullorðinsfræðsla eru mál sem hljóta að verða mjög til umræðu í framtíðinni og eru það reyndar nú þegar og frumvörp um þau efni hafa verið lögð fram. Það kom merkilegt frv. á síðasta þingi sem fulltrúar Kvennalistans báru fram. Það náði ekki fram að ganga, enda eðlilegt að ríkið og þeir aðilar sem fjármagninu ráða leggi þar línurnar. Ég held að í því frv. sé gífurlega margt sem hægt væri að taka upp óbreytt og ég er viss um að hið háa Alþingi mundi taka mjög rösklega á því máli. En allt þetta er til lítils ef ekki er sinnt þeim sem þetta mæðir mest á. Það eru nemendur og kennarar. Og aðbúnaður kennarastéttarinnar á öllum stigum skólakerfisins er með þeim hætti að ekkert blasir við annað en flótti úr stéttinni og þar með hrun menntakerfisins ef ekki er tekið rösklega á því máli.

Að þessum orðum sögðum endurtek ég að við munum ræða þetta mál ítarlega og af alvöru í menntmn., ef málinu verður vísað þangað, og knýja á um að ríkisvaldið sinni þessum málum og starfi að því að samræmd löggjöf um framhaldsskóla verði samþykkt á allra næstu árum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Aðeins í byrjun örfá orð vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður drap á viðvíkjandi Háskóla Íslands.

Það er mikið rétt að að honum er ekki búið eins og skyldi og svo hefur lengi verið. Það er ekki afsökun fyrir því að menn draga við sig fjárveitingar til hans nú, fjarri fer því. En ég bið menn samt að hafa í huga að svo verður að telja að Háskólinn sé í sókn í sínum málum, líka vegna þess að ungir stórhuga menn hafa tekið þar við stjórn. Enda þótt ég sé ekki með því að draga úr sókn minni til að mynda í frekari fjárveitingum til Háskólans, nýframkvæmda og viðhalds, hlýt ég að tíunda það sem til hans hefur verið vel gert að undanförnu. Ég minni á kaup ríkissjóðs á nýrra húsi gamla Verslunarskólans við Grundarstíg. 26 millj. kr. var varið í því skyni og stórbætir úr þörf Háskólans vegna hinna stóru deilda, lögfræðideildar og viðskiptadeildar, vegna fyrirlestra og húsrými verður þar fyrir fleiri og aðra starfsemi Háskólans. Ég verð að minna á kaup á húsnæði inn við Ármúla vegna veiturannsókna. Ég verð að minna á það að Rannsóknaráð ríkisins undir minni stjórn og Reykjavíkurborg gáfu Háskólanum á 75 ára afmælinu nýja aðstöðu fyrir rannsóknardeildir í sama skipulagi og fyrir verður komið rannsóknarstofnunum atvinnuveganna inni í Keldnaholti. Það er ekki óviðkomandi Háskólanum að hafa ráðið fram úr hinum mikla vanda sem Þjóðarbókhlaðan og bygging hennar var í vegna þess að þar verður heili Háskólans. Þess vil ég geta af því að þetta vill oft gleymast í umræðunni.

Því miður hafði ég hugsað mér að hlýða á framsögu fyrir því frv. sem hér er til umræðu, en ég kom því ekki við og fékk skilaboð, sem ég þakka fyrir, frá hæstv. forseta rétt í þessu að mál þetta væri til umræðu. Ekki er það vegna þess að ég sé við því búinn að fara einhverjum orðum um einstakar greinar þess eða þær tillögur sem þar er að finna í málinu heldur aðeins til þess að upplýsa að ég hef gert gangskör að því að koma skipan á þessi mál því að það er ekki vansalaust hvernig það hefur farið úr hendi. Sér í lagi verð ég þar að vísa til hins háa Alþingis af því sem fyrirrennarar mínir, a.m.k. tveir, hafa lagt fram frv. á hinu háa Alþingi um lagaramma vegna framhaldsskólanna. Fyrst, að því mig minnir, Vilhjálmur Hjálmarsson árið 1977, ef ég man þetta ártal rétt, og það má mikið vera ef Ingvar Gíslason hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur ekki lagt fram slíkt frv. á árinu 1982 líklega. (**RA:** Það var tvískipt.) Já, jæja, alveg rétt. Það er mikið rétt.

Þegar ég setti á stofn nefnd til að semja drög að lögum að frv. til l. um framhaldsskóla gaf ég henni lítið vegarnesti fyrir utan það að vísa til þeirra

ráðagerða, skýrslna, rannsókna og niðurstöðu sem nefndin hefur komist að og finna mátti í frv. þeim til l. sem fyrir höfðu legið áður. En að einu leyti setti ég fram ósk um sérstaka athugun. Það var vegna kostnaðarskiptingar og stjórnar á slíkum skólum og fyrirtækjum. Ég spurði: Er hugsanlegt að færa framhaldsskólann með öllu til ríkisins, til hins opinbera, af því að ég hef mjög mikla trú á að þeim mun skýrari sem skipti eru milli ríkis og sveitarfélaga, þeim mun líklegra er að betur fari úr hendi stjórn og rekstur skólanna okkar. Í sama máta varpaði ég því fram við endurskoðunarnefnd grunnskólalaganna, sem einnig er að störfum, hvort hugsanlegt væri að grunnskólinn hyrfi til umráða og forsjónar sveitarfélaganna með öllu.

Hvorug þessara nefnda hefur skilað niðurstöðum sem líklegt er. Þó hygg ég að ekki líði á löngu þar til framhaldsskólanefndin er tilbúin með sínar niðurstöður. En af því er að segja að formaður hennar, Birgir Ísl. Gunnarsson hv. 4. þm. Reykv., hefur greint mér svo frá að nefndin sú treysti sér ekki til að stíga það skref til fulls að framhaldsskólinn verði með öllu á vegum hins opinbera. Ég bíð og sé til hverju fram vindur og lít á þau rök sem að því hníga. Í sama máta get ég skýrt frá því að Páll Dagbjartsson, sem er formaður í endurskoðunarnefnd grunnskólalaganna, tjáir mér, sem mér að vísu kom ekki mjög í opna skjöldu, að þeir í þeirri nefnd telji með öllu útilokað að gera tillögur um að grunnskólinn og rekstur hans, stofnkostnaður og rekstur, hverfi til sveitarfélaganna.

Það er auðvitað á engum leiðarenda þetta mál vegna þess að hinn aðalþáttur málsins, sá með hvaða hætti sveitarfélög gætu undir slíku risið, er óræddur enn. Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga tekur væntanlega fljótlega til meðferðar umræðu um málið. En það sjá menn í hendi sér að ríkið þarf að sjá af stórfelldum tekjustofnum til handa sveitarfélögum ef eitthvað slíkt á að verða á færum þeirra, milljarða reksturskostnaður og stofnkostnaður sem grunnskólarnir eru í dag í ríkisbúskap okkar. En ég hef marglýst því yfir að ég hef áhuga á að þeir sem næstir eru vettvangi ráði sem mestu og þeir sem ráði mestu hafi í leiðinni fjárhagslega ábyrgð á málum, beri fjárhagslega ábyrgð. Á þetta hefur skort og þarf ég ekki sérstaklega að nefna enn á ný hið vel þekkta dæmi um skólaaksturinn til að mynda eða gæslu í skólum og rekstur mötuneyta. En úttekt á þeim málum get ég væntanlega lagt fyrir hið háa Alþingi um næstu mánaðamót eða alla vega vel fyrir aðra umræðu fjárlaga.

Ég ætla ekki að dæma þetta frv. Það er góðra gjalda vert að menn hyggi að þessu og ekki síður fyrir fyrrv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. þar sem þessi mál hlutu mjög að vera á hans borðum í báðum þeim embættum og ekkert síður á borði fjmrh. sem af sjálfu leiðir. En ég sé að hér er gerð tillaga um fræðsluumdæmin níu. Ég vil ekkert segja um þá tillögugerð nema að ef ég fæ einhverju ráðið til frambúðar í embætti menntmrh. er alveg áreiðanlegt að ég mun ekki til þess gildra að reisa níu menntmrn. út um öll foldar ból. Ég hef aðrar hugmyndir um fræðslustjóraembættin og umdæmin. Það er ekki fyrir það að synja og ég get játað það hreinskilnislega að mér hefur þótt fræðslustjórarnir taka sér um of vald sem ég tel að þeir eigi ekki með að fara, jafnvel í fjármálum og þá sérstaklega í þeim.

Ég hef áhuga á því að fræðslustjórarnir og umdæmin hafi með höndum alveg sérstaklega að líta eftir gæðum náms og kennslu og að þeir hyggi vandlega að því því að ekki mun af veita. Þótt ég sé ekki miðstýringarmaður heldur valddreifingar hlýtur mér að vaxa í augum að fræðslustjóraembættin hafa nú aðeins fleiri stöðugildi en menntmrn., langstærsta ráðuneytið, mannflesta ráðuneytið í ríkisbúskapnum okkar. Mér hlýtur að vaxa það í augum að það nálgast 70 stöðugildi hjá þeim og aðeins tíu ár hefur þetta tekið. Ég sé ekki betur en að hér muni Parkinson gamli hafa tekið til sinna ráða með auðþekktum afleiðingum. Með þessu er ég ekki að segja að fræðslustjórar og þeirra embætti hafi ekki unnið gagnsamleg störf og með þessu móti dreifðum við vissulega valdi, en ég vil ekki að það komi fyrst og fremst niður á því að auka og hafa eftirlit með gæðum kennslu og fræðslu og námi því að það situr á hakanum. En ég sé ekki að það sé rétt valddreifing að margir hafi fjárhagslega ábyrgð, í þessu falli að starfsmenn menntmrn. út um land taki til sín, að ég ekki tali um umfram það sem til er ætlast, fjármálavald. Það kann ekki góðri lukku að stýra og fyrir það mun ég reyna að girða og enda með tillögum um lagabreytingar ef þurfa þykir og þá í sambandi við endurskoðun grunnskólalaganna. Ég tek það fram að ég geri mér engar háar hugmyndir um að svo viðamiklir málaflokkar nái slíkum framgangi á kosningaþingi að að lögum verði. Allra síst geri ég mér neinar vonir um það að breytingar á grunnskólalögum, eins og menn muna með hvaða þrautum þau voru sett og miklum og langæjum undirbúningi, geri mér engar vonir um það að breytingar á þeim sem neinu nemi nái fram að ganga á kosningaþingi eins og þessu sem auk þess sem mér skilst á stöku manni að muni nú ekki standa mjög lengi en eftir er reyndar að taka ákvörðun um. En það er ekki mál fyrir mig að þæfa og ég kippi mér lítið upp við það þótt menn geri sér það að þrætuepli. En ég mun áreiðanlega beita mér fyrir því að það sé von um skaplegt veður þegar við förum að kjósa um Austurland. Og þó ég sé að vísu að verða allhagvanur hér í útnesjanáranum kannast ég ekkert við það að hann geti ekki hreytt úr lofti þó að apríl sé kominn. En það er annað mál. Ég er kannske veðurgleggri að þessu leyti en ýmsir félagar mínir.

Ég geri mér sem sagt ekki vonir um það né heldur er ég viss um að það séu skynsamleg áform að ætla sér að hraða mjög málatilbúnaði vegna grunnskólalagabreytinganna sérstaklega. Ég hins vegar hlýt að leggja allmikla áherslu á framgang framhaldsskólalaganna því okkur er hin mesta nauðsyn á að að minnsta kosti rammi um þá starfsemi komist í lög.

Ég bæti því enn við að minn áhugi beinist ekki sérstaklega að því að sá lagarammi verði mjög þröngur af því sem ég vil vissulega að skólar fái að ráða aðeins meiru en raun ber vitni um í dag, til að mynda skólastjórar. Hann hefur lent í útideyfu töluverðri, skólareksturinn okkar, og ef menn dreifa valdinu með þeim hætti að enginn þykist geta og eiga að ráða kann það ekki góðri lukku að stýra. Ég efast um að nýjungar í skóla okkar nái auðveldlega fram að ganga ef til að mynda þeir sem stýra skólanum sjálfum hafa ekki nægjanlegt vald til þess að taka upp á nýbreytni og reyna fyrir sér en allt er ekki skrúfað niður eftir miðstýrðum reglum frá menntmrn.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að bæta fleiru við þessi orð nú. Allt sem menn nenna saman að setja til framgangs slíku máli eins og þessu er af hinu góða og ég veit að menntmn. hv. mun taka þetta til meðferðar og leita umsagnar. Ef dregst eitthvað úr hömlu að nefndin, sem hefur með höndum samningu frv. til laga um framhaldsskóla, skili áliti sýnist mér eðlilegt að hún til að mynda fengi þetta til umsagnar og benti þá á í hverju aðallega það stangast á við það sem hún ráðgerir, sem mér sýnist í fljótu bragði að sé í veigamiklum atriðum, eftir því sem ég hef spurt um starf þessarar nefndar.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hafa tekið til máls hér í þessari umræðu, einnig hæstv. ráðherra.

Ég vakti á því athygli í upphafi míns máls að s.l. laugardag hefði verið sérstakur umræðu- og fréttaþáttur í útvarpsfréttum, í hádeginu s.l. laugardag, þar sem þm. hefðu fengið heldur kaldar kveðjur. Af því tilefni hóf hv. 5. þm. Vestlendinga að rifja upp hverjir hefðu flutt mál af þessu tagi hér í þinginu og það er rétt að halda því öllu til haga. Það er rétt að fyrrv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, flutti framhaldsskólafrv. fyrstur í kjölfar álits framhaldsskólanefndarinnar á sínum tíma, eins og hæstv. ráðherra tók fram áðan. Það mun hafa verið 1977. Síðan flutti ég sem menntmrh. frv. tvívegis, þ.e. árin 1978 og 1979, og svo aftur í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens flutti fyrrv. menntmrh., Ingvar Gíslason, þann hluta frv. sem vék að skipulagi framhaldsskólanna án þess að þar væru kostnaðarákvæði með vegna þess að hann vissi að ágreiningur var um þann hluta frv. og hann freistaði þess að koma í gegnum þingið öllu öðru sem viðvék framhaldsskólunum en kostnaðarákvæðunum. Þetta þótti þm. ekki fullgilt og fannst að kostnaðarákvæðin skiptu þarna verulegu máli og yrðu að fljóta þar með og því var það frv. heldur ekki samþykkt.

Það er sem sagt ekki að ástæðulausu að yfir því er kvartað í þingsölum að þm. séu fluttar kaldar kveðjur í Ríkisútvarpinu og þeir sakaðir um algert áhugaleysi á þessum málum. Og svo að öllu sé nú til skila haldið og vegna þess að hæstv. ráðherra hefur greinilega áhuga á þessu má kannske bæta því við að skrifstofustjóri hans, Sólrún Jensdóttir, taldi það helst hafa staðið þessum málum fyrir þrifum hvað þm. hefðu lítinn áhuga á þeim. Og þetta var margendurtekið í þessum fréttapistli í hádeginu s.l. laugardag, að áhugaleysi þm. væri einn helsti þröskuldurinn í þessu máli. Þess vegna segi ég að það er ágætt að rifja upp í þessari umræðu hvaða afskipti þm. hafa haft af þessu máli og ég hygg að ef á að leita að áhugaleysi meðal þm. eða í einstökum þingmannahópum verði alveg sérstaklega að leita í Sjálfstfl. vegna þess að það er alveg ljóst að þar hefur verið mestur ágreiningur um þessi mál alla tíð. Þar hefur staðið mikill styr um þessi mál. Og ég er sannfærður um að ef sjálfstæðismenn hefðu tekið á með okkur öðrum þm. um afgreiðslu þessa máls væri það fyrir löngu komið á hreint. Þannig að mér fannst að sjálfsögðu að þessi ábending Sólrúnar Jensdóttur kæmi úr hörðustu átt. (**Menntmrh.:** Var hún ekki að meina okkur sjálfstæðismenn þá?) Það skyldi nú ekki vera að hún hefði einmitt meint það þó hún tæki hinsegin til orða.

Varðandi efnisatriði frv. sem við flytjum er það alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að við leggjum töluverða áherslu á valddreifingu. Eins og ég rakti áðan gerum við í fyrsta lagi ráð fyrir að það sé flutt verulegt vald úr menntmrn. til fræðsluumdæmanna á þann hátt að fræðsluráðin verði yfirstjórnendur framhaldsskólakerfisins í hverju umdæmi. Í öðru lagi gerum við ráð fyrir að skólastjórnir velji skólastjórana, menntmrn. hafi þar ekki bein afskipti. Og við gerum reyndar þar að auki ráð fyrir því að skólastjórarnir ráði síðan kennarana án afskipta menntmrn. Mér þótti ekki nógu gott að hæstv. menntmrh. skyldi taka svo til orða að hann væri lítt hrifinn af því að búa til níu menntmrn. því að ég efast um að möguleiki verði á því að dreifa valdinu út til fræðsluumdæmanna öðruvísi en að fræðsluráðin fái verulega aukið vald. (**Menntmrh.:** Í fjármálunum?) Líka í fjármálunum, já. Það er okkar stefna. Við gerum ráð fyrir að ríkið greiði kostnaðinn við rekstur framhaldsskólanna að verulegu leyti og greiði síðan 80% af byggingarkostnaði skólanna eftir ákveðnum föstum reglum. Hins vegar hafi fræðsluráðin alla forustu um þessa uppbyggingu og geti ákveðið það fyrir sitt leyti hvort peningunum er ráðstafað í þennan hlut eða hinn, að þau hafi sem sagt mjög ákveðið vald innan vissra takmarka og þau þurfi ekki að leita til menntmrn. um samþykki á hverju einstöku smáatriði, heldur sé valdsvið þeirra töluvert, innan vissra marka, og mótist þá auðvitað af fjárveitingum hverju sinni. Á þessu er auðvitað reginmunur hvort við hér á Alþingi og þeir í menntmrn. erum að taka ákvarðanir um hvert einasta smáatriði sem varðar uppbyggingu framhaldsskólanna eða hvort Alþingi segir: Við látum þessa ákveðnu upphæð í þetta ákveðna fræðsluumdæmi, stefnum að þessari uppbyggingu í grófum atriðum, en látum síðan heimamenn um það að skipta upphæðinni og ráðstafa henni til þeirra hluta sem þar eru taldir mikilvægastir. Á þessu tvennu er

auðvitað reginmunur og ég held að valddreifing geti ekki átt sér stað af neinu viti nema við þorum þó að treysta heimamönnum til að taka þarna ákvarðanir innan vissra takmarka.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra taldi að fræðsluráðin hefðu komið sér upp nokkuð viðamiklum skrifstofum á liðnum árum og að þar væri orðinn mikill fjöldi starfsmanna og það úr hófi fram. Það má vafalaust til sanns vegar færa. Þarna hefur átt sér stað nokkur þensla í starfsmannahaldi. En hvað er þarna fyrst og fremst um að ræða? Ég held að meginhlutinn af þeim starfskröftum sem hafa þarna bæst við séu starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og starfsmenn sem tengjast ýmsum þeim sérverkefnum sem grunnskólalögin gera beinlínis ráð fyrir. Þannig að þarna er ekki um að ræða að maður að nafni Parkinson hafi komið við sögu og verið sé að þenja út skrifstofubákn sem engu hlutverki gegni og sé jafnvel í andstöðu við alla skynsemi. Þarna er bara ósköp einfaldlega verið að framkvæma grunnskólalöggjöfina. Þegar hún var samþykkt fyrir rúmum áratug var gert ráð fyrir stóraukinni þjónustu, einkum ráðgjafarþjónustu og sálfræðiþjónustu. Það var auðvitað ömurlegt hvernig búið var að skólum víða úti á landi í þessum efnum. Það var ekki nokkur leið að fá þjónustu sálfræðings þó að mikil þörf væri á því nema leita með viðkomandi nemanda alla leið suður til Reykjavíkur. Auðvitað gat þetta ástand ekki staðist til lengdar. Það varð að taka á þessu verkefni og það hefur verið gert með því að byggja upp þessa þjónustu víðs vegar um land og það tengist svo aftur því starfi sem núna er unnið í sambandi við afbrigðileg börn og þroskaheft börn o.s.frv. Við vitum að það eru gjörbreyttir tímar í þessum efnum. Við höfum byggt upp kerfi sem er allt annað en það sem fyrir var. Það var nánast ekkert fyrir. Við getum verið stoltir af þessari uppbyggingu og vitum það að hún kemur að miklum notum og við þurfum því ekkert að hafa áhyggjur af því þó þetta hafi kostað einhverja fjármuni. Það er auðvitað ekki hægt að byggja upp þjónustu af þessu tagi án þess að bæta við töluverðu af starfsmönnum.

Að endingu bið ég hæstv. ráðherra fyrir kveðjur til skrifstofustjóra síns og hann má gjarnan segja henni að hún hefur meira en lítið misskilið áhuga okkar þm. í þessum efnum ef hún ímyndar sér að það strandi á áhugaleysi alþm. að komið sé fram nýrri löggjöf um samræmdan framhaldsskóla. Og reyndar gerir ekkert til þó hæstv. ráðherra skili kveðju til Mr. Parkinsons því hann kemur þessu máli ekkert við.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Ég þarf varla að taka fram að hæstv. núv. menntmrh. hefur sýnt mjög góðan vilja í málefnum Háskóla Íslands. Það held ég að hafi ekki farið fram hjá neinum og hann hefur leyst þar ýmsan bráðan vanda. En vandamál hæstv. ráðherra er hið sama og annarra menntamálaráðherra sem hér hafa verið síðan Gylfi Þ. Gíslason á sínum tíma stóð fyrir hinni gífurlegu og merkilegu uppbyggingu sem átti sér stað í málefnum æðri menntunar hér á landi fyrir rúmlega hálfum öðrum áratug. Það er baráttan við fjmrn., það er baráttan við að deila út peningunum. Mín orð ber að túlka sem vilja þeirra sem starfa við þessa stofnun og hafa starfað við þessa stofnun í hartnær hálfan annan áratug til þess að hún fái sinnt sem best sínu hlutverki og þeim verkefnum sem ríkisvaldið hefur falið henni sem er m.a. að þjálfa og búa kennara undir störf á framhaldsskólastigi. Háskóli Íslands er sú stofnun sem sér framhaldsskólastiginu fyrir langflestum þeim kennurum sem þar starfa.

Ég vil aðeins undirstrika að við þekkjum og vitum hinn góða vilja ráðherrans og virðum og metum það sem hann hefur gott gert en við eins og aðrir hópar vildum bara svolítið meira.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. SalÞ, 89. mál (skólaráð). — Þskj. 89.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Hér á undan var verið að fjalla um frv. til laga um framhaldsskóla og inn í þær umræður fléttuðust umræður um háskóla, aðstöðuleysi hans, kjör kennara á öllum stigum skólakerfisins. Ég er hins vegar hér komin til að fjalla um grunninn að þessu öllu saman, þ.e. breytingu á lögum um grunnskólann. En í honum fer fram einn þýðingarmesti þáttur í skólakerfinu, að sinna ungviðinu á fyrsta þroskaskeiði þess á menntabrautinni.

Frv. sama efnis og þess sem ég mæli hér fyrir á þskj. 89 var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu enda þá stutt til þingloka. Það er því endurflutt nú óbreytt.

Meginefni þessa frv. varðar breytingu á 20., 21. og 22. gr. laga nr. 63 frá 1974 um grunnskóla. En þær greinar fjalla um daglega stjórn skóla, foreldrafélög og nemendaráð. Megintilgangurinn með þessu frv. er að auka aðild foreldra og nemenda að daglegri stjórn og innra starfi skóla.

Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki síst hvað varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda um 80% þeirra vinnu utan heimilis. Fjöldi barna sem dvelur hjá öðru foreldri hefur farið vaxandi og lætur nærri að sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris. Þetta kallar á breytt viðhorf til hlutverks skóla. Grunnskólinn hefur skv. lögum fyrst og fremst það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga en nú er ætlast til að hann sinni

einnig í ríkari mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og umönnunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það hefur því komið í hlut grunnskólans í auknum mæli að taka að sér gæslu og jafnt líkamlega sem andlega umönnun barnanna. Það getur engum blandast hugur um að þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á sterkum tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfsfólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Rétt er að taka það fram að skólar og heimili hafa haft með sér samvinnu, og hafa, og stofnað til margs konar samskipta sem borið hafa árangur. Starfsemi foreldra- og kennarafélaga ber þess ljósan vott, þau hafa aukið tengsl milli heimila og skóla og milli foreldra og nemenda og foreldra innbyrðis. Þau hafa einnig aukið kynni foreldra af vissum hlutum skólastarfs og aukið kynni kennaranna af viðhorfum og skoðunum foreldranna. Þau hafa einnig aukið bein afskipti foreldra af ýmsum hliðarþáttum skólastarfsins, svo sem úrbótum á húsnæði og aðstöðu í umferðarmálum í nágrenni skóla svo að eitthvað sé nefnt. En það verður að segjast eins og er að það er mjög misjafnt hve virk foreldrafélögin eru við hina einstöku skóla og reynslan hefur sýnt að starfsemi þeirra, þó hún fari vel af stað í upphafi, vill lognast út af.

Ýmsar ástæður geta legið að baki, m.a. annríki foreldra og langur vinnutími, og oft vill starfið lenda á fáum aðilum. Þess vegna var það einróma álit vinnuhópsins, sem þáv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, skipaði í júlí 1983 til að athuga tengsl fjölskyldu og skóla, að mæla eindregið með því að við hvern grunnskóla skuli starfa skólaráð, sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Ég vil einnig láta þess getið að núv. hæstv. menntmrh. styður eindregið þá skýrslu sem vinnuhópurinn skilaði af sér og þarf ekki að fjölyrða um hér, því hv. alþm. munu þekkja efni hennar. Hann hefur einnig lýst yfir stuðningi við þennan þátt í tillögum vinnuhópsins, þ.e. breytingu á lögunum í þessa veru.

Varðandi einstakar greinar þessa frv. er það að segja að eina breytingin, sem það felur í sér skv. 1. gr. og varðar 20. gr. gildandi laga, er sú að skólastjóri skuli bæði hafa samráð við skólaráð og kennara við stjórn grunnskóla. Þá eru ákvæði 21. og 22. gr. núgildandi laga um foreldrafélög og nemendaráð sameinuð í eina heildargrein í þessu frv. og ekki gerð önnur efnisleg breyting á þessum lagagreinum en sú að lögð er aukin áhersla á eflingu samstarfs heimila og skóla.

Meginbreytingin kemur svo fram í 3. gr. frv. en hún fjallar um stofnun skólaráða sem ég minntist á áðan. Tilgangurinn með stofnun skólaráða er að skapa sameiginlegan vettvang fyrir skólanefnd, foreldrafélög, nemendaráð og kennararáð.

Mál þau er skólaráð fá til umfjöllunar eru t.d. kennslu- og starfsáætlanir skóla, skólareglur, félagslíf nemenda, ferðalög nemenda, námsefni og fyrirkomulag námsmats, nýting húss og búnaðar, skólalóðin, tilrauna- og rannsóknaverkefni, valgreinar, öryggi á vinnustað, brunavarnir, umferðaröryggi í nágrenni skólans og annað sem lýtur að slysavörnum.

Þá er gert ráð fyrir að skólaráð hafi frumkvæði um að vinna að slysavörnum innan skólanna. Það er orðið mikið áhyggjuefni hve slys á börnum og unglingum eru tíð hér á landi. Slysatíðni barna og unglinga á Íslandi er með þeirri hæstu sem gerist í heiminum og þó að mikið sé unnið að slysavörnum er augljóst að ná þarf til stærstu áhættuhópanna með því að virkja þá sjálfa, börnin og unglingana. Það verður best gert með samvinnu foreldra, forráðamanna skóla og nemenda.

Rétt er að taka fram að það er ekki talin ástæða til að lögbinda stofnun foreldrafélaga og nemendaráða við hvern grunnskóla ef stofnun skólaráðs er gerð að skyldu. Séu foreldrafélög og nemendaráð starfandi og skóli er af þeirri stærð sem leyfir kennararáð er mikilvægt að auka samvinnu þessara aðila með setu fulltrúa þeirra í skólaráði. Þar sem ein skólanefnd er fyrir marga skóla, eins og t.d. er í Reykjavík, er útilokað að fræðsluráðsmenn sjálfir verði í öllum skólaráðum. Vænlegra þykir að fræðsluráð tilnefni fólk úr hverfi viðkomandi skóla.

Þá er rétt að benda á ákvæði til bráðabirgða en það fjallar um að gefa skólum tveggja ára aðlögunartíma til að koma skólaráðum á og þá er einnig gert ráð fyrir undanþágu fyrir skóla sem telur ekki grundvöll fyrir stofnun skólaráðs og það sé þá hægt að sækja um undanþágu frá ákvæði 3. gr. til menntmrn. En gildar ástæður þurfa að liggja fyrir þeirri undanþágu, t.d. vegna smæðar skóla eða að hann sé með innan við 50 nemendur, og slíkri umsókn skal þá fylgja rökstudd greinargerð.

Það er sem sagt ljóst að það sem á við í fjölmennum byggðarlögum, stórum skólum, það getur ekki átt við eða þarf ekki endilega að eiga við í skólum úti í dreifbýlinu þar sem skólanefndir gegna í raun og veru víða hlutverki foreldrafélaga og skólaráða ef því er að skipta.

Sú breyting á grunnskólalögunum, sem þetta frv. felur í sér, er samin, eins og ég sagði áðan, í beinu framhaldi af tillögu vinnuhópsins sem ég gat um og tillagan er byggð á viðræðum við fjölmarga aðila og ítarlegri umfjöllun innan vinnuhópsins um það með hvaða hætti væri best hægt að virkja foreldra í daglegri stjórnun skólanna, að gera þá ábyrgari en nú er.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Það er ekki sjaldheyrt að heyra hv. þm. vitna til hinnar köldu staðreyndar sem við

stöndum frammi fyrir um slys á börnum í umferðinni. Ættum við nú ekki þess vegna, hv. þm., að taka okkur á og athuga um til að mynda stórlækkaðan hámarkshraða í þéttbýli og í íbúðarhverfum eins og við höfum dæmi til um aðeins í örfáum hverfum Reykjavíkurborgar? Ættum við ekki að hætta að láta við það sitja að vitna til þessarar hörmulegu staðreyndar og gera ökulögin okkar varðandi bílbelti virk? Hvernig væri nú að við tækjum okkur á í þessu falli og hafandi það í huga að öll tölfræði sannar okkur óvefengjanlega að dánartíðni og slysatíðni stórminnkar við almenna notkun bílbelta.

En þetta var ekki erindið sérstaklega, heldur að gefnu tilefni að minnast á þetta mál að þetta frv., sem hér er til umræðu, er flutt með vitund minni. Ég bað þess aðeins að hv. flm. kynnti málið formanni endurskoðunarnefndar laga um grunnskóla. Þess hefur verið gætt og um leið og ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. ítreka ég beiðni mína um að fyllsta samráðs verði gætt og fyllsta samráð haft við endurskoðunarnefndina svo samræmi verði í störfum hennar og í því sem hér væntanlega verður að lögum.

Ég vil svo aðeins að lokum bæta því við að ég vonast til að fleiri atriði úr niðurstöðum áminnstrar nefndar um tengsl heimila og skóla verði tekin til umræðu og framkvæmda.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau frýjunarorð sem hæstv. menntmrh. mælti hér áðan. Þó að það sé kannske svolítið til hliðar við efni þessa frv., þá tengist það því samt engu að síður.

Ég vil minna hæstv. ráðherrann á það, nokkrar meginstaðreyndir í þessu máli, sem snýr að skólunum þar sem þeir eru stærstir og flestir í Reykjavík, að ástand þessara mála við skólana var kannað fyrir nokkrum árum af sérstakri nefnd sem til þess var sett. Og þá kom í ljós að það var ekki ein einasta lóð við grunnskóla í Reykjavík sem var fullfrágengin. Ekki ein einasta vegna þess að það eru þau atriði sem mæta afgangi í fjárveitingum. Bæði varðar þetta ýmiss konar öryggisframkvæmdir eins og lýsingu o.fl. Þarna má vissulega miklu betur gera og það eru borgaryfirvöld í Reykjavík m.a., hæstv. menntmrh., sem þarna ber að snúa sér að.

Ég tek undir hvert orð af því sem hæstv. ráðherrann sagði með að lækka hámarkshraðann í kringum skólana, þetta er alveg rétt, og vík kannske aðeins að því hér aftur. Ég tek líka undir það sem hann sagði um bílbeltin og minni á það, sem ég veit að hæstv. ráðherra veit fullvel, að þessi hv. þingdeild hefur tvisvar sinnum samþykkt þetta mál, en hv. þingbræður okkar og systur í Nd. hafa enn ekki borið gæfu til að sjá ljósið í þessum efnum og samþykkja það sem rétt er og skylt að gera, því miður.

Varðandi slysin og aðstæður við skólana helst og fremst hér í þéttbýlinu, þá get ég sagt hæstv. ráðherra það að svo hefur viljað til að undanfarin þrjú ár eða svo hef ég verið formaður foreldra- og kennarafélags í einum af grunnskólum Reykjavíkurborgar og við höfum ár eftir ár skrifað borgaryfirvöldum í Reykjavík og óskað úrbóta í umferðarmálum og öryggismálum að því er varðar börn sem stunda nám í þessum tiltekna skóla. Síðast skrifuðum við umferðarnefnd Reykjavíkur í maímánuði s.l. og því bréfi hefur ekki einu sinni verið svarað. Slíkur er nú áhuginn þar á þeim málum. En ég tek heils hugar undir frýjunarorð sem hæstv. ráðherrann mælti hér og lýsi mig reiðubúinn, og minn flokk, til að starfa að lausn þessara mála með tilliti til þess að veita öryggi og draga úr þessari hrikalegu slysatíðni barna og unglinga hér á landi sem er okkur til skammar og háðungar sem eldri erum og ráðum ferðinni. Auðvitað er aldrei hægt að koma í veg fyrir öll slys, en það er hægt að draga verulega úr þeim og fækka þeim með því að gera viðeigandi ráðstafanir eins og hæstv. ráðherrann minntist réttilega á.

En, herra forseti, varðandi frv. það sem hér liggur fyrir á þskj. 89, þá munu þetta vera tillögur vinnuhóps sem settur var og formaður vinnuhópsins hefur flutt þetta mál hér inn á þing eins og hún gerði raunar í fyrra líka. Ég verð að lýsa ýmsum efasemdum um þetta mál vegna þess að hér er verið að auka báknið sýnist mér að þarflausu. Það er verið að búa til nýtt stig, nýtt þrep og ég sé ekki alveg og er ekki enn þá sannfærður um — vera má að ég verði það síðar eftir að um þetta mál hefur verið fjallað í hv. menntmn. þessarar deildar, að ég verði sannfærður um að þessi breyting sé til bóta, en ég er það ekki eins og er.

Í 21. gr. núgildandi grunnskólalaga er gert ráð fyrir foreldrafélögum og þessi félög hafa starfað með miklum ágætum við marga skóla. Þau efla samstarf skólans og heimilisins, þau efla samstarf foreldra, kennara og nemenda, a.m.k. þar sem ég þekki til, og ég held að það sé ekki nokkur trygging fyrir því að samband heimila og skóla verði meira eða betra þó að báknið sé aukið enn. Auðvitað er þetta gott mál og skylt að ræða, en ég held hins vegar að þau séu mörg mál brýnni að því er grunnskólann varðar heldur en þetta núna. Og þar skal ég nefna þrennt til sögunnar:

1. Það er verið að skera niður fjárframlög til sérkennslu.

2. Það á að skerða framlög til skólaaksturs, sýnist manni, úti um landsbyggðina.

3. Þannig er búið að kennurum launalega að það gengur mjög erfiðlega að manna skólana.

Ég held að þessi þrjú mál séu öll miklu brýnni, en auðvitað ber ekki að lasta þetta mál þess vegna. Þetta er mál sem sjálfsagt er að ræða. En ég hef töluverðar efasemdir um að þessi breyting sé til bóta. Þessi foreldrafélög starfa mörg hver mjög vel og þeirra starfsemi er skólunum til góða og það er engin trygging fyrir því að þetta verði betra. Ég held satt að segja að það hefði verið miklu brýnna að flytja núna t.d. tillögu um það að nemendur eigi kost á að fá máltíðir í skólunum, sérstaklega hérna í

þéttbýlinu. Ég held að það sé miklu brýnna mál heldur en þessi skipulagsbreyting sem ég sé ekki að hafi neinn skapaðan hlut upp á sig og orki tvímælis hvort er til bóta. Og ég held að foreldrafélögin geti nefnilega, og geri, unnið mjög gott starf að þessum málum. Ég skal nefna eitt dæmi.

Hér hafa verið með miklu brambolti og látum stofnuð samtök sem heita Vímulaus æska. Ég man ekki hvort það voru 8 eða 11 þúsund manns sem skrifuðu sig í þessi samtök og þetta var allt gert með miklum áróðri og allt gott um það. Síðan efna þessi samtök til ráðstefnu sem varð að fella niður vegna þátttökuleysis vegna þess að það mættu miklu færri þátttakendur heldur en fyrirlesarar. Það mættu örfáir. En foreldrafélag í þeim grunnskóla þar sem ég þekki til efndi til fundar um ungt fólk og vímuefni og þangað komu 70–80 foreldrar, sem þykir góð fundarsókn í samkeppni við allt það sem um er að vera núna, þannig að ég held kannske að það eigi að kappkosta að virkja þessi foreldrafélög enn þá betur, gera þeim betur kleift að sinna störfum sínum, breyta kannske ákvæðum um að nemendur eigi líka formlega aðild að þeim. Víða eru nemendur hafðir með í ráðum um þessi mál. En ég hef miklar efasemdir um að þarna eigi að fara að auka báknið með þeim hætti sem hér er lagt til og tel það raunar mjög orka tvímælis og tel enga tryggingu fyrir því, því miður, ég veit að þetta mál er flutt af góðum hug, að þetta leiði af sjálfu til bóta. Ég held að það sé miklu vænlegri leið að hlúa að þeirri starfsemi sem þegar er fyrir hendi.

María Jóhanna Lárusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir þann skilning sem kom fram í framsögu hennar í garð kennara og þess starfs er þeir inna af hendi. Ég vil ítreka að vandi skóla- og menntamála hér á landi verður ekki aðskilinn frá því vandamáli sem kennarastéttin á við að etja. Flótti kennara úr skólum landsins stafar einkum af kjörum kennara, lélegra launa, aukins álags og óviðunandi vinnuaðstöðu.

Í greinargóðu svari hæstv. menntmrh. hér í gær við fsp. minni um endurmat á störfum kennara kom fram að hann hafði skilning á að slíkt endurmat færi fram. Fyrir liggur skýrsla nefndar, er frú Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntmrh., skipaði og sátu fulltrúar menntmrn. og kennara í þessari nefnd. Nefndin skilaði áliti í febrúar 1985 og kom þar fram að brýnnar endurskoðunar er þörf á málum kennara og kjörum. Vona ég að hugur fylgi máli hjá hæstv. menntmrh. og að kjör kennara verði raunverulega bætt áður en óbætanlegt tjón hefur hlotist af í menntamálum þjóðarinnar.

Í grg. þess frv., er hér er til umfjöllunar, segir að það sé flutt í beinu framhaldi af tillögu vinnuhóps er ætlað var að athuga tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig mætti bæta þau tengsl. Hv. þingkona Kvennalistans, Guðrún Agnarsdóttir, átti sæti í þessum vinnuhópi og styðjum við Kvennalistakonur heils hugar þetta frv. og þær hugmyndir er liggja að baki. Það er löngu orðið tímabært að endurskoða stjórn skólamála hérlendis, efla tengsl starfsmanna skóla og foreldra og draga úr þeirri miðstýringu er hefur einkennt allt skólastarf hér á landi. Við hefðum þó viljað að skólaráði væri falið lögformlegt valdsvið en væri ekki eingöngu stjórn skólans til ráðgjafar. Ef skólar eiga að geta haft frumkvæði að starfi sínu er einnig nauðsynlegt að auka fjárhagslegt sjálfstæði þeirra og því hefðum við viljað að frv. gengi lengra í þá átt að auka fjárhagslegt valdsvið skólaráðs. Með því móti gæti skólastjórn sérhvers skóla mótað stefnu hans á raunhæfan hátt er varðar þau mál er skólaráði er ætlað að fá til umfjöllunar skv. þessu frv.

Samkvæmt frv. eiga átta fulltrúar rétt til setu í skólaráði auk skólastjóra, þar af einn fulltrúi skólanefndar. Í grg. með frv. segir að þar sem ein skólanefnd sé fyrir marga skóla eins og í Reykjavík sé eðlilegra að fræðsluráð tilnefni fulltrúa í ráðið úr hverfi viðkomandi skóla. Við Kvennalistakonur höfum margoft lýst þeirri skoðun okkar að það sé algerlega óviðunandi að á öllu höfuðborgarsvæðinu sé eingöngu ein skólanefnd, þ.e. fræðsluráð, er fari með mál 26 skóla eins og nú er. Höfum við ásamt minnihlutaflokkunum í borgarstjórn gert það að tillögu okkar að Reykjavík verði skipt upp í skólahverfi og í hverju þeirra verði skólanefnd skipuð af borgaryfirvöldum er fari með mál skólanna. Þessi tillaga var felld í borgarstjórn. Sýnist mér að þetta frv. styðji tillögu okkar um hverfaskiptingu skólastarfs í Reykjavík, þar sem kveðið er á um að fræðsluráð skipi fulltrúa í skólaráð úr viðkomandi hverfi.

Það er því skoðun okkar Kvennalistakvenna að þetta frv. sé skref í þá átt að efla sjálfstætt skólastarf með því að stofna skólaráð við hvern skóla. En til þess að slíkt skref sé stigið til fulls er nauðsynlegt að auka fjárhagslegt sjálfstæði skólanna, auka valdsvið skólaráðs og draga úr miðstýringu skólamála.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi umræða á sér stað og því frv. sem hér er til meðferðar. Þar er vissulega verið að fjalla um mikilvæg mál í skólastarfi ekki síst í þéttbýlinu. Það snýr að sjálfsögðu að tveimur atriðum, annars vegar hag nemenda innan skólans og hins vegar utan og ég vil gera síðara atriðið að umræðuefni, þ.e. umferðina.

Þegar mín börn sóttu grunnskóla og tóku strætisvagn, þá þurftu þau að fara yfir fimm umferðargötur til þess að komast frá strætisvagnastöðinni í skólann. Þau þurftu að fara yfir stórt opið bílastæði og á leiðinni var einnig hringtorg þar sem sex götur mættust, svo það gefur auga leið að á dimmum vetrarmorgnum voru foreldrar í Skerjafirði ekki alltaf ugglausir þegar 7, 8 og 9 ára börn voru að leggja af stað. Og stundum bara hreinlega þorði maður ekki að láta börnin fara heldur reyndi að finna önnur ráð, fara með þau í bíl eða koma þeim til

nágranna. Annars staðar sameinuðust nágrannar um að flytja til skiptis börnin í skólann. Þarna voru engin umferðarljós, það voru jafnvel ekki gangstéttar, það voru engar umferðarhindranir á þessari leið. Þetta var náttúrlega algerlega óþolandi ástand, en þrátt fyrir að foreldrafélög og skólayfirvöld lægju í yfirvöldum Reykjavíkurborgar, þá fékkst engin leiðrétting þarna á. Það var ekki nokkur lifandis leið, hvorki að fá þarna umferðarljós, umferðarhindranir eða annað sem gæti auðveldað börnunum förina frá strætisvagnastöðinni í skólann. Það var einnig rætt um það að á vissum tímum dagsins gengju strætisvagnar aðrar leiðir til þess að hægt væri að koma börnunum nokkurn veginn að skólahliðinu en það var ekki heldur hægt. Það var reynt, held ég, einu sinni eitt haustið, en því var hætt eftir örfáa daga. Þetta held ég að hér í þéttbýlinu sé gífurlega mikilvægt mál og það eru umferðaryfirvöldin í Reykjavík sem hér ráða mestu. Og eins og hv. 5. landsk. þm. benti á, þá hefur yfirleitt verið talað fyrir daufum eyrum þegar reynt hefur verið að hafa samskipti við þau.

Foreldrafélögin eru sjálfsagður vettvangur til að hrinda af stað umbótum í þessu efni, en þau hafa líka annað og ekki síður mikilvægt hlutverk, það er að auka velsæld og vellíðan barnanna í skólanum. Það er ákaflega mikilvægt að foreldrar fylgist vel með því sem þar fer fram og séu í nánum tengslum við skólastjóra og kennara. Það getur verið undir foreldrafélögunum komið og foreldrum barna hvernig þeirra eigin börnum og ekki síður börnum annarra vegnar í skólanum. Ég held að reynslan sé samt sú, eða a.m.k. fékk ég oft þær upplýsingar hjá kennurum og skólastjóra í skóla minna barna, að það væru kannske foreldrar þeirra barna sem helst þurftu á að halda sem sjaldnast eða aldrei sáust á foreldrafundum og aldrei komu til viðtals jafnvel þótt boðuð væru. Það liggur því í augum uppi að hér þarf mikið að gera. Hvort það verður gert með þeirri breyttu skipan sem hér er þori ég ekki að segja um. Ég tel þó að það sé til bóta. Það er í sjálfu sér ekki neitt bákn sem verið er að setja hér upp. Það er verið að setja upp fastan samráðshóp foreldra, kennara og nemenda um ýmis innri hagsmunamál nemendanna í skólanum. En náttúrlega hefur slíkt ráð eða slík nefnd lítið að segja ef ekki er hægt að virkja sem allra flesta foreldra í skólunum til þess að taka þátt í starfinu.

Ég vænti þess að þetta frv. komi til meðferðar menntmn. og ég mun kosta kapps um að þar fari fram ítarlegar umræður um frv. og þar verði ræddar á því breytingar eða viðbætur sem gætu enn frekar stuðlað að því að það yrði til þess að bæta skólastarf og hag nemenda í grunnskólum.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil taka undir orð hv. alþm. sem hafa komið inn á hversu brýnt er að auka samstarf heimila og skóla. Og ég vil sömuleiðis taka undir hversu brýnt það er að foreldrafélög starfi með blóma. Það er kannske ekki síst hlutverk foreldrafélaganna að efla þessi tengsl.

Það sem af er þessari umræðu hefur fremur verið vikið að þéttbýlinu. Sannleikurinn er náttúrlega sá að aðstaðan er ekki sambærileg í þéttbýli og dreifbýli, a.m.k. að mínum dómi. Þar sem ég þekki til í dreifbýli, þá er mér kunnugt um að áhugi foreldra er mjög vakandi fyrir skólanum. Það er mín reynsla sem fyrrv. skólanefndarformanns. Það sem hefur e.t.v. skort á og skortir enn á í sambandi við skólastarfið, þrátt fyrir góð samskipti aðila, er að óskir og þarfir berist með skjótum hætti til þeirra sem eiga raunverulega að taka ákvarðanir. Ég er ekki sannfærður um það, enda þótt ég viðurkenni að samráðsvettvangur geti verið af hinu góða eins og hér er lagt til með því frv. sem hér er til umræðu, þ.e. að stofnuð verði skólaráð, þá óttast ég að slík skólaráð verði lítið meira en aðeins umræðuvettvangur. Jú, þar skýra menn málin hver fyrir öðrum en þar eru engar ákvarðanir teknar.

Það er gert ráð fyrir því að skólastjóri stjórni starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð ef skólaráðum verður komið á fót. Nú ber að gæta að því að samráð við kennara eru í raun með allt öðrum hætti heldur en samráð við skólaráð. Samráð af hálfu skólastjóra við kennara eru dags daglega. Í frv. er gert ráð fyrir því að skólaráð komi saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Það liggur náttúrlega í augum uppi að skólaráð getur gert sínar samþykktir og sendir þær til annarra aðila, allra þeirra aðila sem eiga aðild að ráðinu, skólanefnd, skólastjóra o.fl. Væri ekki að mörgu leyti skynsamlegra með þátt nemendanna í huga í því að hafa áhrif á umhverfi sitt, sem er nú kannske mergurinn málsins í þessu sambandi, að nemendaráðin fái aukin tækifæri innan ríkjandi fyrirkomulags í grunnskólum? Það er heimild til þess að koma á fót nemendaráðum í grunnskólum í dag, að vísu aðeins í efri bekkjum grunnskólans, en eftir því sem ég veit best eiga nemendaráðin ekki aðild að öðrum samkomum eða stjórnunarfyrirbærum í grunnskólanum. Það væri athugandi að mínum dómi að nemendaráðið ætti til að mynda áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundum og jafnframt væri gert ráð fyrir því í lögum að fulltrúi foreldrafélags ætti áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundum. Skólanefndin er jú sá aðili sem fer með málefni grunnskólans fyrir hönd sveitarfélaganna og þar eru ákvarðanir teknar. Ég held að ósk um breytingar og upplýsingar um þarfir kæmust fyrr til skila og fyrr til framkvæmda ef upplýsingastreymið yrði með þessum hætti.

En ég tel þakkarvert að hreyfa þessu máli og vafalaust verður frekar um það fjallað í nefnd.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð því það er farið að styttast í fundartíma að þessu sinni. En ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um þessi þýðingarmiklu mál. Ég vil

einnig og sérstaklega þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans undirtektir og þá ekki síst varðandi þann þátt sem ég fjallaði um sem varðar slysahættuna í kringum skólana sem kemur óhugnanlega niður á börnum og unglingum á skólaaldri.

Hv. 5. landsk. þm. tók undir þessi orð og svaraði því raunar á sama hátt og ég hefði viljað gera, minna á þau frv. sem við höfum flutt hér í þessari hv. deild um umferðarmálin og hafa verið kæfð eða felld í Nd. eftir að hafa fengið jafnvel alla hv. þdm. til að samþykkja þau í þessari hv. deild.

Ég vil einnig láta þess getið að mér finnst sjálfsagt að haft verði samráð við þá endurskoðunarnefnd sem hæstv. ráðherra minntist á að væri nú að endurskoða grunnskólalögin. Hv. 5. landsk. þm. kom hér og lýsti efasemdum sínum um ágæti þessa meginþáttar í frv., þ.e. stofnun skólaráða. Hann hefur ekki skipt um skoðun frá því í fyrra. Hann lýsti einnig þessum efasemdum þá svo að það kom mér að sjálfsögðu ekkert á óvart, en ég er ekkert viss um að svo verði, eins og hann reyndar gaf í skyn, að hugsanlega ætti hann eftir að skipta um skoðun þegar ítarlegar yrði fjallað um þetta mál.

Ég vil ítreka það, sem ég reyndar sagði hér í minni framsöguræðu, að þessi tillaga vinnuhópsins var sett fram að mjög vel athuguðu máli og eftir ítarlegar umræður við fjölmarga aðila, þar sem menn lýstu því yfirleitt að þeir teldu að þetta gæti verið til bóta. Auðvitað getur maður aldrei fullyrt slíkt fyrir fram. En þetta er í raun og veru það ráð sem vinnuhópurinn sá til þess að koma á í einhverjum þætti skólastarfsins raunhæfu sambandi eða ábyrgð foreldra í stjórnun skóla. Og varðandi það atriði að hér sé verið að auka bákn og búa til nýtt þrep, þá held ég að þar sé kannske aðeins byggt á misskilningi vegna þess að eins og lögin eru nú er gert ráð fyrir að skólastjóri hafi samráð við kennara og/eða kennararáð, þar sem þau eru starfandi, auk þess að hafa samráð við yfirstjórn menntmrn., fræðsluráð, fræðslustjóra og skólanefndir, en einnig er gert ráð fyrir að kennararáð séu starfandi við fjölmennari skóla svo að þarna er aðeins verið að bæta inn þessum fulltrúum sem eru fulltrúar foreldranna og barnanna, þ.e. nemenda. Og af því að hv. 5. þm. Vesturl. minntist á nemendur og að gera þá virkari, þá er gert ráð fyrir að nemendur eigi einmitt fulltrúa í skólaráðum. En þetta munum við væntanlega geta fjallað ítarlegar um þegar þetta verður rætt í hv. menntmn.

Hv. 5. landsk. þm. minntist á að það væru mörg brýnni mál að flytja og ég get vel tekið undir það að það eru fjölmörg mjög brýn mál sem brenna á í skólamálum. Hann nefndi sérkennslu, skólaakstur og kjör kennara. En ég vil aðeins benda hv. þm. á að hér er einungis verið að flytja frv. vegna þess að það vantar lagabreytingu til þess að það sé hægt að koma þessum fulltrúum inn í stjórnun skólanna. Eins og nú háttar lögum er það ekki hægt. Þess vegna er þetta frv. flutt. Það eru fjölmörg atriði, fjölmargar tillögur sem vinnuhópurinn gerði um úrbætur í þessum ýmsu málum sem okkur var falið að vinna að, en þær tillögur kalla ekki á lagabreytingu. Þess vegna er ekki fjallað um þær hér.

Aðeins varðandi kjör kennaranna, þá vil ég geta þess að kjör kennara gengu eins og rauður þráður í gegnum allar umræður, næstum því á hverjum einasta fundi nefndarinnar þegar hún var að fjalla um þessi mál.

Ég sé að menn eru farnir að líta hér á klukkuna. Hún er orðin 5 mínútur yfir 4. Nú er 4. þm. Reykn. í þeirri stöðu að standa hér í ræðustóli og ætti nú sennilega síst af öllu að verða til þess að lengja hér fundi vegna annarrar stöðu sinnar í þessari hv. deild, en það eru hér fjölmörg atriði önnur sem mig hefði langað að minnast á. Mig langar að minna á, af því að hv. 5. landsk. þm. nefndi máltíðir skólabarna, að ýmislegt hefur verið gert í þeim efnum.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu og forseti hefur nú ekki hringt endilega á menn í miðri ræðu, ekki fyrr en hún er orðin aðeins einni eða tveim mínútum lengri en nú er. (**Forseti:** Væri ekki full ástæða til þess að fresta þessu máli? Hv. frummælandi gat þess að það væri allnokkuð eftir og ég veit ekki nema það væri eðlileg málsmeðferð? Forseti er tilbúinn í það.) Má spyrja hæstv. forseta hvort fleiri eru á mælendaskrá? (**Forseti:** Nei. Samkvæmt síðustu athugun mun hv. 4. þm. Reykn. vera einn á mælendaskrá.) Óskar forseti eftir að málinu sé frestað? (**Forseti:** Hann gerir það ekki.) Ef forseti óskar eftir því að ég fresti þessari ræðu minni, mér var orðið nokkuð mikið niðri fyrir, það tekur kannske nokkurn tíma að hita sig upp aftur á næsta fundi, en ég vil gjarnan fá tækifæri til að ræða þessi mál ofurlítið ítarlegar og þar af leiðandi mun ég þá hætta nú með það fyrir augum að aðeins sé ræðunni frestað en ekki lokið.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

9. fundur, miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skógrækt, frh. 1. umr.

Stjfrv., 102. mál (heildarlög). — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KSK, 70. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 94. mál (örorkumatsnefnd). — Þskj. 95.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 95 frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Þetta frv. er nú flutt hér í fimmta sinn, hefur ekki hlotið afgreiðslu á undanförnum þingum, verið vísað til nefndar, en hv. heilbr.- og trn. hefur ekki komið málinu frá sér og því er það enn flutt vegna þess að þingið hefur ekki fengist til að taka afstöðu til þessa máls.

Hér er um að ræða mál sem snertir alla þá fatlaða í landinu sem þurfa að leita til Tryggingastofnunar ríkisins með örorkumatsúrskurð og ég tel að það sé í rauninni ekki vansalaust af hv. Alþingi að taka ekki á máli af þessu tagi þegar líka er vitað að samtök fatlaðra hafa ítrekað verið með óskir, tillögur og kröfur um að örorkumatsmálum verði breytt eitthvað í þá átt sem hér er gerð tillaga um, en ég tek það fram að ég teldi að hvers konar afgreiðsla á málinu væri þinginu fremur til sóma en láta þetta mál liggja enn þá einu sinni óafgreitt.

Frv. er tvær greinar. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að breyta 12. gr., en á eftir henni komi nokkrar nýjar málsgr. sem orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist. Nú er öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur hann þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn: 1. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir einn mann. 2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar. 3. Heilbr.- og trmrn. tilnefnir einn mann og skal hann vera lögfræðingur. Auk aðalmanna skulu tilnefndir varamenn.

Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af öllum þeim þáttum sem b-liður 1. mgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína."

Það má segja að þetta sé annað meginatriði þessa frv., að tryggingayfirlæknir eigi ekki einasta að taka tillit til heilsufars viðkomandi einstaklings heldur eigi líka að athuga hinar félagslegu aðstæður sem þessi einstaklingur á við að búa og er þá farið inn á svipaðar brautir og farnar hafa verið um áratuga skeið í almannatryggingalöggjöf grannlanda okkar.

Í grg. segir síðan:

„Þetta frv. er nú flutt á Alþingi í fimmta sinn. Frá fyrri þingum liggja fyrir ítarlegar umsagnir. Verður nú að gera þá kröfu til Alþingis að þetta mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi."

Sumarið 1985 héldu samtök öryrkja fund þar sem m.a. var fjallað sérstaklega um frv. þetta. Lýstu samtökin eindregnum stuðningi við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um og kemur samþykkt Öryrkjabandalagsins fram sem fskj. með þessu plaggi, en í niðurstöðu Öryrkjabandalagsins segir svo:

„Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frv., en telur æskilegt að eftirfarandi breytingar verði gerðar" og síðan eru þær taldar upp. Þetta er umsögn um frv. frá 1985 og þessar tillögur Öryrkjabandalagsins hafa allar verið teknar inn í núverandi gerð frv.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara ítarlega yfir þetta efni. Hér er um svo sjálfsagt mannréttindamál að ræða, hefði ég haldið, að það hefði átt að vera vandalaust fyrir þingið að taka afstöðu í þessu efni.

Tryggingayfirlæknir er, eins og kunnugt er, skv. gildandi almannatryggingalögum einvaldur um örorkumat. Ég held að það hljóti að vera bæði frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingganna og líka frá sjónarmiði tryggingayfirlæknis sjálfs mjög óheppilegt að þetta vald liggi hjá einum manni. Þess vegna er sú tillaga gerð að mynduð verði úrskurðarnefnd með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég hef tekið eftir því á undanförnum þingum að ýmsir þm. virðast telja að hér sé um að ræða smámál sem menn eigi í rauninni ekki að leggja mikla vinnu í að skoða, smámál sem sé allt í lagi þó að liggi hér í þinginu þing eftir þing. Ég bendi á að þetta mál snertir lífsafkomu fleiri þúsunda manna í þessu landi. Það er fólk sem á að vísu mjög erfitt með að fylgja sínum kröfum eftir. Það getur ekki gert kjarakröfur á sama hátt og menn t.d. á almennum launamarkaði með því að leggja niður vinnu og fara í verkföll. Þetta fólk á allt undir því að sjónarmið, sem borin eru fram með rökum og á grundvelli réttlætistilfinningar, nái eyrum alþm. Ég skora á hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar að sjá svo til að á þessu þingi verði þetta frv. afgreitt, annaðhvort eins og það liggur hér fyrir eða með breytingum sem deildin teldi nauðsynlegt að gera.

Ég held að það sé mjög óheppilegt að þingið láti mál af þessu tagi liggja hjá sér árum saman. Ég veit að mjög stór hluti þm. í öllum flokkum er sammála þeirri tillögu sem hér er gerð. Það eru hins vegar einhverjar aðrar ástæður sem valda því að menn hafa ekki haft döngun í sér til að taka á málinu og afgreiða það.

Nú vill svo til að formaður tryggingaráðs er jafnframt formaður þingflokks Sjálfstfl. og um leið í heilbr.- og trn. þessar hv. deildar. Ég hefði því talið að það ætti að vera auðvelt að sjá til þess að þetta mál nái afgreiðslu. Ég lýsi ábyrgð á hendur þinginu í máli af þessu tagi ef menn ekki taka á því með eðlilegum og myndugum hætti hafandi í huga að þingið og þm. hafa skyldur við fatlaða og öryrkja ekki síður en aðra í þessu þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er áreiðanlega mál sem er í tíma talað. Ég hef verið umboðsmaður ýmissa sem hafa lent í því að tryggingalæknir hefur átt að úrskurða bætur þeim til handa og þeir telja í mörgum tilvikum að þeir hafi ekki náð rétti sínum þar. A.m.k. þegar slík mál koma upp verður að vera möguleiki á að vísa svona málum í úrskurð einhverra manna. Hvort þetta á endilega að vera í þessu formi getur verið umhugsunarvert, en a.m.k. er ekki hægt að líða öllu lengur að það sé aðeins einn maður sem metur þetta og þeim úrskurði sem hann gefur sé ekki hægt með neinu móti að hagga til. Það er ekki sæmandi að hafa þetta lengur á þann veg.

Ég segi þessi orð vegna þess að ég er nýbúinn að standa í máli fyrir mann sem lenti í slysi. Þess vegna vil ég mælast til þess að heilbr.- og trn. skoði þetta mál mjög vel. Og þó hún fallist ekki endilega á þetta frv. óbreytt, sem ég get ekki séð að gæti ekki alveg staðist, en auðvitað á að skoða fleiri hliðar á þessu máli, er umfram allt að hægt sé að áfrýja svona málum til einhvers úrskurðaraðila.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Það er rétt, sem hann benti á, að hugsanlegt er að sú tilhögun sem gerð er tillaga um í þessu frv. sé kannske ekki sú heppilegasta. Það mætti efalaust hugsa sér einhverja aðra lausn í þeim efnum. Ég vil líka í tilefni af þessari umræðu taka það fram að með frv. er ég ekki að fella neinn dóm yfir störfum tryggingayfirlæknis út af fyrir sig heldur tel ég að hér sé um að ræða fyrirkomulag núna sem er óheppilegt, mjög erfitt fyrir einn embættismann að sitja uppi með vald af þessu tagi og óeðlilegt miðað við okkar stjórnskipun. Þess vegna er þetta mál flutt.

Ég hef kynnst því eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. að mikill fjöldi fólks, sem hefur fengið úrskurði um sín mál hjá tryggingayfirlækni og Tryggingastofnun ríkisins, hefur talið ástæðu til að kvarta yfir úrskurðunum. Það hefur verið farið rækilega yfir úrskurðina og jafnvel verið felldur læknisfræðilegur dómur í þá átt að niðurstaða tryggingayfirlæknis sé kannske ekki alveg sú rétta, en það hefur verið svo að segja útilokað að fá málið tekið upp aftur fyrr en eftir nokkuð langan tíma. Yfirleitt tekst að fá málið tekið upp aftur eftir dálítinn tíma, en hann er í rauninni of langur miðað við þá neyð sem þetta fólk býr við. Við erum að tala um einstaklinga sem verða að láta sér nægja að lifa af 10–15 þús. kr. á mánuði. Það er yfirgengilegt að við skulum ekki vera með stjórnkerfi sem í rauninni gerir allt sem hægt er til að flýta meðferð mála vegna þessa fólks.

En ég stóð upp sérstaklega til að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir undirtektir hans og jafnframt að endurtaka að ég tel ekki að það þurfi endilega að vera hið kórrétta form á þessu örorkumati sem hér er gerð tillaga um. Það má vafalaust hugsa sér aðra leið. Aðalatriðið er að þingið taki á málinu. Það er ekki vansalaust að menn taki ekki á svona máli. Það er einhver slappleiki í þinginu í meðferð svona mála aftur og aftur. Það verður að segja það eins og það er, eitthvert slen, einhver ræfildómur. Það er skrýtið í máli eins og þessu þegar þess er gætt að hérna er um að ræða lífsspursmál fyrir þúsundir og aftur þúsundir fatlaðra í þessu landi sem eiga í raun og veru enga leið til þess að koma sínum málum á framfæri eða koma þeim fram öðruvísi en þm. taki starfsskyldur sínar hátíðlega, nenni að skilja rökin á bak við þau mál sem hér er verið að flytja. Það er í raun og veru það eitt sem verið er að fara fram á og það er ekki mikil krafa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er orðið æðilangt síðan efnisatriði þessa frv. hafa komið með einhverjum hætti til umræðu hér á Alþingi og það á ýmsum tímum, ýmist í sambandi við heildarendurskoðun tryggingalaga eða í öðru sambandi. Það ákvæði tryggingalaga sem fjallaði um tryggingadómstól tók m.a. mið af því sem um ræðir í þessu frv. Í þessu frv. er þó stungið upp á heldur einfaldari leið en þar er um að ræða. Ég get játað að ég er ein af þeim sem var alltaf í nokkrum vafa um að það ætti að búa til sérstök lög um sérstakan tryggingadómstól. Mér þótti vera um að ræða mál sem varða svo marga einstaklinga og svo algenga hluti að þar ætti fremur hið almenna dómstólakerfi að fá einhvers konar sérfræðihjálp til að leysa úr álitaefnum sem réttarstöðu manna gagnvart almannatryggingum varðar eins og um önnur réttarálitaefni í þjóðfélaginu.

Hitt er svo annað mál að ég kannast mjög vel við þann vanda sem flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv., nefnir og ég er sammála því, sem hann segir, að það verður að taka á þessu máli. Það eru til ýmsar leiðir sem kannske ekki er ástæða til að ræða í smáatriðum á þessu stigi. Það hafa komið fram fleiri hugmyndir. En með því að segja þetta er ég síður en svo að hafna þeirri leið sem nefnd er í þessu frv. Ég tel það rétt vera að þetta mál eigi að fá þinglega umfjöllun og við eigum að taka afstöðu til þess arna. Þau verkefni sem tryggingayfirlæknir hefur eru geysilega umfangsmikil og vandasöm og ég get ekki ímyndað mér annað en það væri jákvætt frá sjónarmiði hans

embættis að fá slíkan bakhjarl eða skírskotunaraðila hvort sem það væri í þessu formi eða öðru.

Í stuttu máli: Ég vil skýra frá því, því að hér er um mál að ræða sem flutt hefur verið oft, að ég er mjög fýsandi þess að þetta verði vandlega athugað, fái bæði góða athugun í heilbr.- og trmrn. eins og ég þykist vita að það fái í heilbr.- og trn. þingsins.

Ég ætla ekki að fara út í sögulegar útlistanir eða söguskoðun á því sem ég ekki þekki nægilega vel. Mér er ekki alveg ljóst hvort tillaga í þessa veru kom frá hv. flm. þegar hann var ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála og ef svo hefur ekki verið þá hvers vegna það var ekki gert. Það skiptir í raun og veru ekki máli í þessu sambandi, a.m.k. ekki lengur. Aðalatriðið er að málið fái þá skoðun sem vert er og afgreiðslu.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að afsaka að vegna anna hér frammi heyrði ég ekki framsöguræðu hv. 1. flm., en eins og þm. sjá er ég hér meðflm. En það sem rak mig nú upp í ræðustól er það að ég fagna því mjög hversu vel hæstv. ráðh. tekur í þetta mál. Að sumu leyti hefði ég kosið að tillaga þessi hefði verið meira í líkingu við þær tillögur sem við höfum áður flutt, en við vorum satt að segja uppgefin að reyna að fá það mál samþykkt. Það var í þá veru að ekki eingöngu tryggingayfirlæknir heldur einnig félagsráðgjafi stofnunarinnar og deildarstjóri lífeyrisdeildar stæðu að örorkumati. Við fluttum þá tillögu hvað eftir annað og hún var í raun og veru miklu skynsamlegri. Ég get tekið undir með ýmsum að það kann að vera vafasamt að skipta dómskerfinu upp í endalausa sérdómstóla. Þetta er gamalt og nýtt deilumál. En ég held reyndar að hér sé um tvö mál að ræða sem ætti að skoða bæði. Úr því að það er greinilegt á máli hæstv. ráðh. að hún vill bæta úr því ástandi sem nú ríkir í þessum málum vildi ég beina þeim tilmælum til hennar að skoða í sínu ráðuneyti tillögur þær sem við höfum flutt á síðustu árum um fyrirkomulag þessara mála því að ég bendi á að í 12. gr. almannatryggingalaga stendur í b-lið, með leyfi forseta, en þar er fjallað um hverjir eigi rétt til örorkulífeyris, þ.e. fulls lífeyris:

„. . .eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn“ — og nú bið ég menn að taka eftir — „í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa“.

Hver heilvita maður hlýtur að sjá að hér á ekki að vera um klínískt læknisfræðilegt mat að ræða heldur mat á aðstæðum manneskjunnar miðað við þann heilsubrest sem hún hefur orðið að þola og í samhengi við aðrar hennar aðstæður. Við könnumst öll við það, sem nærri þessum málum höfum komið, að fiskverkakona frá Siglufirði, sem verður veik og getur ekki lengur stundað sín störf, er metin til 50 eða 65% örorku og er sagt að hún geti fengið sér léttari störf, t.d. skrifstofustörf. Þetta er fjarri öllu lagi og um þetta hefur verið deilt í Tryggingastofnun eins lengi og ég hef þekkt þá stofnun. Auðvitað fer verkakonan á Siglufirði ekki inn á neina skrifstofu þar í bæ og vinnur fyrir eðlilegu kaupi. Það getur vel verið að hún gæti það suður í Reykjavík, en þar eru allt aðrar aðstæður. Við erum búin að berjast við það í mörg, mörg ár að fá einhverja skipan á þessi mál því að því hefur verið haldið til streitu í Tryggingastofnun ríkisins, sem ég tel mig þekkja harla vel sem minn gamla vinnustað, að þarna ætti að vera um læknisfræðilegt mat að ræða. Það á það að vera að vissu leyti, en hreint ekki öllu skv. lögum um almannatryggingar.

Ég skal ekki lengja mál mitt, herra forseti, en ég fagna því mjög að heyra orð hæstv. ráðh. Eðlilegasta afgreiðsla þessa máls væri auðvitað og æskilegust ef hæstv. ráðh. vildi skoða þessar tillögur okkar frá síðustu árum ásamt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Vel mætti vera að ástæða væri til að samþykkja eða ganga frá lagabreytingum með hliðsjón af báðum tillögunum. Og ég held að það væri mjög gott að skoða þessar tillögur í heild og best væri að þessi mál leystust sem allra best innan stofnunarinnar svo að allir mættu vel við una. Síðan er það álitamál hvort ástæða sé svo til að stofna til dómstóls eða örorkumatsnefndar. En best væri að hæstv. ráðherra vildi skoða tillögurnar og það mundi gleðja okkur flm. ef við sæjum stjfrv. á þessu þingi um þessi mál.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka þær umræður sem fram hafa farið um þetta mál og alveg sérstaklega undirtektir hæstv. heilbr.- og trmrh. Hún spurði að því hvort ég hefði flutt um þetta mál frv. þann tíma sem ég var heilbr.- og trmrh. Svarið er já. Það gerði ég. Hins vegar neita ég því ekki að í fyrstu varð mér litið þarna sérstaklega á ákvæði almannatryggingalaganna um tryggingadómstólinn. Ég velti því fyrir mér hvort það væri hugsanlegt að setja hann á laggirnar með þeim hætti að það skilaði árangri fyrir það fólk sem hér um ræðir. Ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri óþarflega brotamikið að setja upp tryggingadómstól til að fjalla um mál af þessu tagi og þess vegna flutti ég stjfrv. á árunum 1982–1983. Það var í fyrsta sinn sem frv. var flutt um þetta mál. Ég hafði þá líka velt því fyrir mér hvort það væri rétt að fela þetta tilteknum hópi manna innan stofnunarinnar. Í því skyni hlutaðist ég til um að Tryggingastofnun réð til sín félagsráðgjafa í störf á árinu 1981, ef ég man rétt. En ég get ekki neitað því að þó að ég beri fulla virðingu fyrir Tryggingastofnun ríkisins held ég að hún þurfi í þessu máli eins og öðrum stundum að eiga kost á utanaðkomandi ráðgjöf. Ég er ekki viss um að t.d. þessi túlkunardeila um greinina sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir vitnaði í áðan leystist á annan veg en hún gerir nú þó að málið væri sett í hendur starfsmanna Trygginga-

stofnunar ríkisins, yfirmanns lífeyrisdeildar og félagsráðgjafa ásamt tryggingayfirlækni eins og hún talaði um.

En allt um það. Í rauninni er þetta hreint aukaatriði. Mér finnst á umræðunni að við séum sammála um að á málinu þurfi að taka og best væri ef heilbr.- og trmrn. færi yfir þetta mál og semdi frv. sem yrði þá annaðhvort flutt hér eða færi til nefndarinnar sem breyting á þessu frv. eða hvernig sem menn vilja taka á því. Ég held að það sé hins vegar alveg ljóst að hægt er að leysa þetta mál með brotaminni hætti en þeim að setja upp tryggingadómstól og að Tryggingastofnun ríkisins þurfi á því að halda að fá ákveðna utanaðkomandi ráðgjöf í máli af þessu tagi. Það er a.m.k. mín skoðun. En höfuðmarkmið mitt er að koma hreyfingu á málið. Þess vegna hef ég verið að flytja þetta frv. Ég játa fúslega að ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég var búinn að vera í heilbrrn. í eitt ár eða svo hvað þetta var í rauninni og er erfitt mál og hvað núverandi kerfi í þessum efnum er fráleitt og þar af leiðandi brýnt að breyta því. Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. og er reiðubúinn til að hjálpa til við að þoka máli af þessu tagi í gegnum þingið núna í vetur.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég kem inn í þessa umræðu til að lýsa stuðningi við það að á þessu máli verði tekið. Það vildi svo til á árunum 1981–1982 að ég lenti í því fyrir nokkra mína skjólstæðinga að eiga við mál sem tengjast þessu og fór í gegnum það staðnaða kerfi sem við búum við eða óeðlilega kerfi að mínu mati sem við búum við í þessum málum og átti m.a. fundi með ýmsum aðilum í Tryggingastofnuninni sem um þetta fjalla. Ég komst að því þar að útilokað er að una við þetta kerfi til lengdar.

Ég minnist þess að á þingi sem haldið var á vegum Öryrkjabandalagsins flutti fyrrv. heilbrmrh. Magnús heitinn Kjartansson einhverja kröftugustu ræðu sem ég hef heyrt mann flytja á slíkum samkomum. Þar rakti hann sögu þessara mála í mjög myrku máli og deildi á það kerfi sem fyrir var. Auðvitað sannfærðist ég síðar um að hann hafði að mestu leyti alveg rétt fyrir sér. Þetta væri óeðlilegt og skapaði mikið misræmi og óeðlilegan mismun milli þeirra sem þurfa á þessu mati að halda og þurfa þar af leiðandi að fá þær tryggingabætur sem þeim ber miðað við þá aðstöðu sem það fólk kemst í sem lendir í þeirri óhamingju að missa vinnuþrek af ýmsum ástæðum. Þar af leiðandi styð ég að þetta mál nái fram að ganga. Ég tek undir með hæstv. heilbrmrh. að það þarf að skoða fleiri leiðir í sambandi við þetta, en aðalatriðið er að það verði hægt að finna lausn á því þannig að fólk losni út úr þeim óeðlilegu kringumstæðum, sem ég tel að í mörgum tilfellum blasi við svo til í hverjum einasta mánuði, að fólk fær þá afgreiðslu í gegnum þetta mat sem ekki er í raun og veru nein sanngirni á bak við miðað við þau vandamál sem það á við að stríða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 107. mál. — Þskj. 110.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, en flm. þessa máls eru hv. þm. Alþb. í þessari deild og ég þar sem 1. flm.

Meginefni þessa frv. kemur fram í 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir að því sé slegið föstu í lögum að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. „Auðlindir samkvæmt lögum þessum“ — þ.e. tilvitnun í 1. gr. — „taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.“

Þá er gert ráð fyrir því að leyfi til hagnýtingar á efnum í hafsbotni til leitar og að efnum í eða á hafsbotni megi ekki fara fram nema með leyfi iðnrh. og sama gildi um hagnýtingu. Leyfi til hagnýtingar má ekki vera lengra en 30 ár í senn og gert er ráð fyrir því að iðnrh. setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og þá vísað til hv. allshn. þessarar deildar, en hún afgreiddi það ekki frá sér. En saga þessa máls er raunar eldri því að frv. sama efnis kom fram sem stjfrv. á 105. löggjafarþingi 1982, þá lagt fram í Ed., og var þá vísað til ríkisstjórnar, eins og það var orðað í nál. allshn. Ed., til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga og þar var einnig lögð áhersla á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. En nú er málið statt í þeirri stöðu sem hér er mælt fyrir óafgreitt og ekkert frá hæstv. ríkisstjórn heyrst um þetta mál frekar.

Við undirbúning þessa frv. var á sínum tíma vönduð málsmeðferð og það var Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, nú nýlega látinn, sem kom að þessu máli með nefnd sem starfaði á vegum iðnrn. og kallaðist nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir ef ég man rétt og var til ráðuneytis ráðherra um meðferð þessara mála.

Aðdragandi þessa máls var einnig sá að fram höfðu farið nokkrar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland fyrst á árunum 1972–1973 og síðan á árinu 1978. Það voru bergmálsmælingar m.a. til þess að leiða í ljós útbreiðslu setlaga á landgrunni Íslands og það var unnið úr þessum upplýsingum á

þeim tíma sem ég var iðnrh. og í tengslum við þær upplýsingar var ákveðið að bora kjarnaholu sem kölluð er í Flatey á Skjálfanda vegna þess að í ljós hafði komið veruleg setlagamyndun þar á allgóðu svæði í eins konar sigdal úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda. Þessari borun var ekki lokið í rauninni þegar menn þurftu að staldra við af sérstökum ástæðum og mér er ekki kunnugt um að fram hafi verið haldið því verki.

Þessum málum tengist það samkomulag sem gert var milli Íslands og Norðmanna um skiptingu Jan Mayen-svæðisins og rannsóknir og hugsanlega hagnýtingu auðlinda á því svæði, annars vegar varðandi hlut Íslands og hins vegar Noregs á þessum svæðum, og í tengslum við það var undirritaður samningur milli íslenskra stjórnvalda og norskra um frekari leit og mælingar á Jan Mayen-svæðinu og úti fyrir Norðurlandi. Þær fóru fram sumarið 1985 og eru nú í úrvinnslu með aðild íslenskra sérfræðinga, en niðurstaðna af því verki mun ekki að vænta fyrr en á næsta ári. Þetta voru m.a. ítarlegri mælingar en áður höfðu verið gerðar á þessari nefndu setlagasigdæld úti fyrir Norðurlandi.

Ég nefni það, sem einnig kemur fram í grg., að sovéskir aðilar óskuðu eftir að fá að gera mælingar á íslenska landgrunninu með hliðstæðum hætti og gert hafði verið á vegum annarra erlendra rannsóknaraðila hér. Beiðni um þetta kom fram 1985, en var hafnað á fyrri hluta þessa árs að frumkvæði utanrrn. sem mun hafa óttast að Rússarnir færu þarna inn á áhrifasvæði sem ekki væri æskilegt að þeir gerðu rannsóknir eða mælingar á. Ég skal ekki leggja mat á þann þátt mála, en hef heyrt á íslenskum sérfræðingum, sem að þessum undirbúningi stóðu, að þetta hafi verið ástæðulaus tortryggni, en ég hef ekki sett mig sérstaklega inn í það efni.

Meginatriðið er það, og það felst í texta þessa frv., að setja skýr ákvæði um það í lög að íslenska ríkið sé eigandi auðlinda á og í hafsbotninum og það er auðvitað lagt til vegna þess að nauðsynlegt er að þarna verði mun meira aðhafst en verið hefur til að rannsaka okkar yfirráðasvæði. Það er ein af þeim skyldum sem Ísland tekur að sér með tilkalli til landgrunnsins og eftir að hafa helgað sér landgrunnið með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum nr. 41 frá 1979, að við stundum rannsóknir og öflum upplýsinga um þetta stóra svæði.

Ég heyrði það þegar ég var að undirbúa þetta mál til endurflutnings hér að sérfræðingar kvörtuðu undan því að enginn aðili væri lengur til staðar til að ráðfæra sig við um þessi efni þar sem nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir hefði verið lögð niður. Ég hygg að það sé hins vegar ekki rétt mat á stöðu mála, en hæstv. iðnrh. mun væntanlega greina frá því hér hvað rétt er í þeim efnum.

Ég ítreka að þessi lagasetning er fyllilega tímabær. Undir þetta mál var á sínum tíma eindregið tekið af Ólafi heitnum Jóhannessyni fyrrum utanrrh., sem hafði góða þekkingu á alþjóðalögum eins og íslenskum lögum, og hann var mjög hvetjandi lagasetningar af þessu tagi og með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég vænti þess að þetta mál fái nú efnislega athugun á vegum hv. allshn., sem ég legg til að fái málið aftur til meðferðar, og fái þinglega meðferð og afgreiðslu á þessu þingi. Ég vænti þess að það verði hægt að ráða úr ef einhverjir meinbugir teljast á þessu máli, formlegir eða með öðrum hætti, og er sjálfsagt að athuga það, en aðalatriðið er að setja slíka löggjöf og auka rannsóknir á vegum Íslendinga, eftir atvikum í samvinnu við erlenda aðila, á þessu stóra svæði sem Ísland hefur helgað sér með löggjöf.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur mælt fyrir frv. á þskj. 110. Er það frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Frv. þetta lýtur eins og þar segir að eignarrétti ríkisins að auðlindum á hafsbotni. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að allir sem slíkar auðlindir vilja nýta skuli sækja um leyfi til iðnrh.

Það er að sjálfsögðu þýðingarmikið að íslenska ríkið hafi óskoraðan umráðarétt yfir þeim auðlindum hafsbotnsins sem með réttu tilheyra Íslandi og að ríkisstjórnin hafi á hverjum tíma nægar lagaheimildir til að sá umráðaréttur sé virkur en ekki bara orðin tóm. Umráðarétturinn þarf að ná til allra þeirra auðlinda sem rannsóknir kunna að leiða í ljós á íslensku yfirráðasvæði. Einkum og sér í lagi er þýðingarmikið að halda skynsamlega á þessum málum hvað varðar olíuleit og hugsanlegar auðlindir á hafsbotni.

Meginverkefnið í könnun á hugsanlegum auðlindum á hafsbotninum umhverfis Ísland undanfarin ár hefur verið samvinnuverkefni, eins og kom fram hjá hv. 1. flm., með Norðmönnum sem felur í sér rannsóknir á setlögum á Jan Mayen-hryggnum suður af Jan Mayen. Þetta verkefni er unnið í samræmi við samkomulag Íslendinga og Norðmanna frá 1981 um sameiginlega nýtingu hafsbotnsins suður af Jan Mayen. Gagnasöfnun fór fram á árinu 1985, en úrvinnsla fer fram á yfirstandandi ári og því næsta. Af hálfu Íslands er framkvæmd þessa verkefnis í höndum Orkustofnunar, en af hálfu Norðmanna í höndum olíustofnunarinnar í Stavanger.

Auk þessa verkefnis fór fram á sama tíma könnun á setlögum úti fyrir Norðurlandi í nágrenni við Flatey á Skjálfanda og er úrvinnsla þeirra mælinga einnig í gangi. Sérstök fjárveiting, nálægt 5 millj. kr., var veitt til þessara verkefna á árinu 1985 þegar gagnasöfnunin stóð yfir. Á yfirstandandi ári eru veittar til þessara verkefna 2 millj. kr. og í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir 1 millj. kr. til verkefna á þessu sviði.

Á vegum iðnrn. hefur starfað undanfarin ár ráðgjafarnefnd á sviði hafsbotnsrannsókna og hefur hún m.a. fjallað um óafgreidd verkefni og fjárveitingar til þeirra. Starfstími nefndarinnar rann út í maí s.l. og hefur umboð hennar ekki enn verið framlengt, en eins og ég hef í prívatsamtölum við hv.

1. flm. sagt honum mun starfstími þessarar nefndar verða framlengdur og endurnýjaður en ekki lagður niður. Það eru sérstök mistök ráðherra iðnaðarmála að starfstími nefndarinnar hefur ekki verið framlengdur eins og til hefur staðið. Það hefur dregist af ástæðum sem ég tel ekki nauðsynlegt að telja hér.

Það er ljóst af því sem hér hefur verið rakið að málið er nokkuð yfirgripsmikið og þarf athugunar við. Efni þess frv. sem fyrir liggur líst mönnum ekki illa á, en hins vegar er ljóst að þær rannsóknir sem lýst var hér að framan hafa enn ekki borið árangur eða ekki þann árangur að skjótra aðgerða sé þörf í málinu. Ríkisstjórnin mun hins vegar taka málið upp jafnskjótt og þörf krefur, enda tel ég þörf á að afstaða ríkisstjórnarinnar til efnisatriða frv. sé þekkt áður en þingið afgreiðir svo þýðingarmikla lagasetningu sem hér um ræðir.

Ráðgjafarnefnd iðnrn. hefur kannað á síðustu árum áhuga erlendra aðila á að leita á eigin kostnað að olíu og gasi á íslensku umráðasvæði. Ekki virðist sem mikill áhugi sé á þessu nú og kann þar að hafa sín áhrif lágt olíuverð á alþjóðavettvangi.

Annað atriði, sem dregur úr áhuga, er skortur á íslenskri löggjöf sem tilgreinir réttindi slíkra aðila eftir að þeir hafa fjárfest í olíuleit á íslensku yfirráða- eða hafsvæði.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið í gangi s.l. tvö ár samvinna um rannsóknir og námskeiðahald á sviði olíujarðfræði. Íslendingar hafa notið mjög góðs af þessu og m.a. tekið þátt í nokkrum námskeiðum þar sem norskir og danskir fyrirlesarar hafa annast kennsluna. Einn Íslendingur dvelst nú við Oslóarháskóla við rannsóknir á sjávarbotninum norður af landinu með sérstöku tilliti til hugsanlegra orkulinda. Dvöl hans þar er kostuð af ráðherranefndinni. Þessi vísindamaður er Karl Gunnarsson eðlisfræðingur.

Enn fremur má geta þess að á vegum ráðherranefndarinnar verður haldinn hér í Reykjavík um miðjan þennan mánuð fundur um olíu- og gasvinnslu á vestanverðum Norðurlöndum. Þar verður megináhersla lögð á að ræða málin frá sjónarhóli Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga. Þótt líkur séu e.t.v. ekki miklar á þessari stundu á að vinnanleg olía finnist í íslenska hafsbotninum ber okkur þó að kanna sem best þá möguleika sem hugsanlegir eru þar fyrir hendi. Olíuleit er dýr og tækifæri til samvinnu við aðra aðila ætti því að nýta eftir því sem þau gefast. Ég vil að hv. flm. skilji þessi orð mín sem jákvæðar undirtektir við fram komið frv.

En varðandi þá þál. sem hann greindi frá í máli sínu verð ég að segja alveg eins og er að ég minnist þess ekki að hún hafi komið fyrir á fundum þeirrar ríkisstjórnar sem ég hef setið í. Sú þál. var samþykkt áður en þessi ríkisstjórn kom til starfa og eins og fram kemur í frv. endar álit allshn. með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, dags. 9. mars 1983. Það getur verið og ég efast ekkert um að þessi mál og þáltill. hafi verið rædd þegar að afstaðinni þeirri samþykkt í ríkisstjórninni sem þá sat. En ég endurtek: Ég minnist þess ekki að þetta mál hafi komið fyrir ríkisstjórnina sem ég hef setið í og ég staðfesti að nefndin sem hefur verið ráðgjafarnefnd iðnrn. er ekki lögð niður. Það hefur dregist að endurskipa hana, en það mun verða gert innan fárra daga.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir undirtektir hans varðandi þetta frv. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. fylgi þeim sjónarmiðum eftir sem fram komu í máli hans, þ.e. að á þessu máli verði tekið einnig af hæstv. ríkisstjórn þannig að vilji hennar í þessu efni liggi fyrir og þeim sjónarmiðum komið á framfæri við þá þingnefnd sem fær málið til meðferðar þannig að hún viti um afstöðu ríkisstjórnar til lagasetningar um þetta efni. Eins og ég gat um í framsögu minni er ég auðvitað og við flm. reiðubúnir að líta með velvild á hugmyndir um breytingar, ef uppi kynnu að vera, á þeim texta sem hér liggur fyrir til umræðu.

Ég vil einnig lýsa ánægju með að hæstv. ráðh. ætlar að endurskipa eða framlengja starfstíma þeirrar ráðgjafarnefndar sem á að fjalla um hafsbotnsmálefni á vegum iðnrn. Auðvitað er það alltaf matsatriði hversu lengi nefndir eru látnar starfa, en í faglegu máli sem þessu hygg ég að það sé réttmætt á meðan einhver hreyfing er á því að hafa möguleika á aðstoð og ráðgjöf frá nefnd sérfræðinga, en ég hygg að það séu einkum sérfræðingar sem sitja í þessari ráðgjafarnefnd. Þannig var það a.m.k. á þeim tíma sem ég starfaði sem ráðherra iðnaðarmála.

Varðandi rannsóknir að undanförnu, sem hæstv. ráðh. vék að, er það eins og í máli hans kom fram frekar lítið sem hefur verið á döfinni alveg upp á síðkastið. En mér finnst það ekki geta verið rök fyrir því að setja ekki lög um þessi efni. Það er betra að vera búinn að móta íslenska löggjöf með tilliti til þess sem kann að gerast í þessum efnum en ekki taka fyrst á málinu ef einhverjar sérstakar ástæður koma upp sem kalla á lagasetningu. Málið er það almenns eðlis og það víðtækt að full ástæða er til að marka skýra stefnu. Hæstv. ráðh. nefndi réttilega að einnig þarf auðvitað að setja reglur ef um er að ræða einhverjar leyfisveitingar til erlendra aðila til leitar eða hagnýtingar á verðmætum og það er einnig með tilliti til þess sem svona undirstöðulöggjöf þarf að vera til staðar um þessi mál. Ég vænti þess því að á þessu verði tekið.

Varðandi ályktun allshn. Ed. frá mars 1983 þar sem frv. um þetta efni var vísað til ríkisstjórnar, þá var það í lok starfstíma þáv. ríkisstjórnar og kosningar hlupu af stokkunum um það leyti sem þessi samþykkt var gerð, þannig að ég man ekki eftir því að þetta mál hafi komið frá þinginu inn á mitt borð áður en ný ríkisstjórn tók við. Þetta skiptir kannske ekki máli efnislega í þessu samhengi, en það lá fyrir vilji og viljayfirlýsing þessarar þingnefndar að á málinu yrði tekið og mótaðar tillögur um það fyrir næsta þing. Þarna kom fram vilji allra í allshn. og það sjónarmið að réttmætt væri að setja löggjöf um

þetta efni og ríkisstjórn hvött til að taka á málinu milli þinga.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):
Virðulegur forseti. Ég veit að forveri minn, næstsíðasti má segja, hv. flm. þessa frv., hefur unnið af heilum hug og vel í þessu máli. Hann skildi það rétt, eins og ég gaf til kynna í minni ræðu, að ríkisstjórnin hefur líklega ekki fengið þetta frv. til athugunar vegna tímasetningarinnar, vegna kosningaundirbúnings og fleira. Ég skil það vel að ályktun allshn. Ed. frá þeim tíma hafi ekki komið inn á borð ráðherra á þeim tíma.

En ég sé ekki að milli okkar sé neinn ágreiningur og tel að þeirri vinnu, sem hann hóf á sínum tíma, verði haldið áfram í ráðuneytinu á sömu línu. Ég fagna því að þar á milli er ekki ágreiningur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

13. fundur, fimmtudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Jöfnunargjald af innfluttum kartöflum.

Beiðni FrS o.fl. um skýrslu, 121. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 34 shlj. atkv.

Frysting kjarnorkuvopna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Nýting heimavistarhúsnæðis í þágu aldraðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. GB og StG, 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Bann við geimvopnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og KH, 63. mál. — Þskj. 63.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HÓ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Þjóðaratkvæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. MJL o.fl., 91. mál. — Þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Bifreiðakaup öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. HS o.fl., 104. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til félmn. með 41 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):
Herra forseti. Sú till. sem ég mæli hér fyrir fjallar um þjóðaratkvæði um sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna. Þetta mál hefur oft komið til umfjöllunar áður. Og það er reyndar jafnt að vonum því ég leyfi mér að staðhæfa að lífeyrissjóðakerfið á Íslandi er „kraðak". Það eru starfandi 90 sjóðir. Þrátt fyrir það er talið að um 25 þúsund manns séu

utan sjóðanna. Rétturinn í þessum sjóðum er mjög misjafn. Hann er oft mjög lítill og lélegur og glatast mönnum með ýmsum hætti, og fólkið í landinu er hætt að botna í því, kerfinu sjálfu, réttindum sínum eða réttindaleysi og er það ekki annað en menn geta búist við þegar menn búa við kerfi af þessu tagi.

Það eru dæmi um það í opinberum gögnum, sem eru rakin í grg. með frv. á bls. 19, að aðili hafi greitt í 25 ár í lífeyrissjóð og hafi upp úr því í lífeyri 290 kr. Ég hef rætt við marga um lífeyrissjóðamál að undanförnu og næstum því allir, sem ég hef rætt við, eru á því að það kerfi sem nú er við lýði geti ekki gengið og þeir botni ekki í því og þeir treysti því ekki. Og næstum því allir eru á því að langbesta lausnin sé að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. En menn spyrja til baka: Þegar þetta liggur svona í augum uppi hvernig stendur þá á því að þetta er ekki gert? Og ég get ekki svarað öðru en því að menn hafi ekki náð höndum saman um það. Og í annan stað að það eru greinilega áhrifaaðilar í þjóðfélaginu sem standa í vegi fyrir því.

Þessi till. er um það að þjóðin sjálf fái að segja álit sitt á því hvort hún vilji að komið verði á einum sameiginlegum lífeyrissjóði. Hún er um þjóðaratkvæði um það efni. En þessi till. er ekki bara um það að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort koma skuli á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Hún er líka um það hvernig sá lífeyrissjóður eigi að vera, hvernig réttindin í þeim lífeyrissjóði eigi að vera, því vitaskuld er nauðsynlegt ef gengið er til atkvæða um efni eins og þetta að menn fái að vita hvað það sé sem eigi að taka við.

En þessi þáltill. er reyndar ekki bara um það hvernig það kerfi eigi að vera, hún er líka um það hvernig við eigum að komast úr núverandi lífeyrissjóðakerfi yfir í hið nýja, hvernig eigi að fara að því að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Og ég staðhæfi það að þetta er vandaðasti tillöguflutningur sem hér hefur komið fram á seinustu árum um þetta mál, þar sem leitast er við að fara ofan í öll helstu atriði sem skipta máli í þessu sambandi. Og það er haft að leiðarljósi að enginn glati neinum þeim rétti sem hann nú nýtur í lífeyri. En jafnframt að öllum landsmönnum séu tryggð örugg réttindi.

Sumir segja: Ef við tökum upp sameiginlegan lífeyrissjóð þá verða allir að hafa sama lífeyri. Ég held að það sé ekki raunhæft að hugsa dæmið með þessum hætti. Ég hugsa dæmið heldur út frá því að menn séu að kaupa sér tryggingu og það sem menn fá í umbun í lífeyrisréttindum standi í hlutfalli við hvað þeir greiða mikið. Mér dettur heldur ekki í hug að það sé hægt að ganga fram hjá því að ýmsar stéttir í landinu, eins og opinberir starfsmenn, njóta nú meiri lífeyrisréttinda en hægt er að fullyrða að iðgjöld þeirra standi undir. Það sannast á því að í fjárlögum er lagt fé til þessa verkefnis. Þetta verður vitaskuld að viðurkenna. Þetta er hluti af kjörum þessara aðila núna. Á þessu vandamáli er líka tekið í

þessari þáltill. og ætlast til þess að þetta sé viðurkennt og sé metið til kjara, en síðan sé það opinberra starfsmanna að akveða hvernig þeir vilji að framhaldið verði. (**Gripið fram í:** Opinberra starfsmanna einna?) Í þeirra málum, að því er þeirra kjör varðar. Þetta er ekki stærsti hluti málsins, en ég nefni ásteytingarsteina af þessu tagi vegna þess að hér er verið að leita lausnar sem tryggi að fram geti komið það sem eftir er sótt um sameiginlegan lífeyrissjóð. Stærsta málið er vitaskuld að með þessum hætti yrði tryggt að allir nytu öruggra lífeyrisréttinda.

Eins og ég sagði er gert ráð fyrir að það fari þjóðaratkvæðagreiðsla fram um hvort koma skuli á lífeyrissjóði af þessu tagi. Það er gert ráð fyrir því að þetta þurfi aðdraganda og hinn nýi sjóður gæti ekki tekið til starfa fyrr en 1991. En þá greiddu líka allir launþegar og atvinnurekendur til sjóðsins og allir Íslendingar nytu framvegis réttar í sjóðnum í samræmi við greiðslur í hann.

Ég get í rauninni sagt að eins og staðan er núna í lífeyrissjóðamálum eigi Íslendingar þriggja kosta völ. Í fyrsta lagi að gera ekki neitt, í annan stað að ætla sér að samræma það lífeyriskerfi sem nú er við lýði og í þriðja lagi að taka upp einn sameiginlegan lífeyrissjóð. Mér finnst óhugsandi að við gerum ekki neitt, óréttlætið, réttleysið er svo mikið. Að samræma kerfið er það sem menn hafa verið að tala um, mér liggur við að segja áratugum saman, en árangurinn er ekki meiri en raun ber vitni. Það er enginn vafi á því í mínum huga að langbesta lausnin er einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna. Þegar um einn sjóð er að ræða þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn eða leita að honum, hann er á einum stað. Einn sjóður yrði sterkur og öflugur og áhættudreifing yrði mikil þannig að honum væri ekki hætt vegna áfalla. Og í þriðja lagi yrði rekstrarkostnaður af kerfinu langtum minni ef við hefðum einn sjóð.

Það hafa ýmsir þm. flutt till. um þetta efni, m.a. þm. sem sitja nú á þingi, eins og Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Hér er sem sagt tekið á málinu með nýjum hætti, en ég vænti liðsinnis þessara manna sem hafa séð að núverandi kerfi er óviðunandi.

Ég held að sú leið sem menn hafa verið að tala um, að samræma kerfið, muni ekki duga okkur neitt betur í framtíðinni en hún hefur dugað til þessa. Núverandi kerfi er svo ófullkomið og vanburða að sérhver endurskoðun þess bætir aðeins úr fáum göllum en fær aldrei staðist samanburð við kosti sameiginlegs sjóðs.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem hér er lýst er gert ráð fyrir að almannatryggingakerfið í núverandi mynd gegni áfram hlutverki sínu óbreyttu og greiði almennan lífeyri til allra án tillits til tekna. Í þessu felst vitaskuld framlag samfélagsins til jöfnunar á milli þjóðfélagshópa. Í annan stað er gert ráð fyrir

skyldutryggingu í einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna sem tryggi ásamt með bótum og lífeyri almannatrygginganna viðunandi og öruggan lífeyri til allra. Þessi réttur yrði tekjutengdur og verðtryggður þannig að réttur og lífeyrir hvers og eins væri í hlutfalli við samanlagðar iðgjaldagreiðslur í sjóðinn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að til gæti komið viðbótartrygging fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt. Þessi starfsemi gæti verið á hendi lífeyrissjóða sem störfuðu utan sviðs skyldutrygginga.

Það er gert ráð fyrir að hinn nýi sameiginlegi sjóður yrði á formi sjóðssöfnunar. Ég nefni það vegna þess að það var nokkuð í tísku um hríð að nefna gegnumstreymiskerfi, en gallar þess hafa orðið æ augljósari með tímanum. Það yrði tekið upp *nýtt og nútímalegt form varðandi iðgjaldsstofn* og réttindi hjóna sem leysti jafnframt vanda heimavinnandi foreldra. Og hinn nýi sjóður ætti að tryggja öruggan rétt allra landsmanna gagnstætt því sem nú er.

Við stofnsetningu hins nýja sjóðs yrði tryggt að óskertur héldist hver sá réttur sem sjóðfélagi hefur áunnið sér áður en hinn nýi sjóður tekur til starfa og heildarkjarastaða í launum og lífeyrisréttindum yrði viðurkennd. Þeim sjóðum sem nú starfa yrði gefinn kostur á að sameinast hinum nýja sjóði, en við slíka sameiningu yrði tryggt að sjóðfélagar í sameiginlegum sjóði nytu að minnsta kosti 85% af þeim réttindum sem þeim hefur verið heitið. Hér yrði því um að ræða hreina réttarbót hjá félögum í sjóðum sem geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og samkvæmt þeim úttektum sem hafa farið fram er þó nokkuð um lífeyrissjóði sem hafa lofað félögum sínum meira en þeir geta staðið við.

Til viðbótar því sem ég hef hér rakið er sjálfsagt að geta þess að það er gert ráð fyrir að skipuð yrði sérstök stjórn yfir þennan sjóð eftir tilnefningu samtaka launafólks, atvinnurekenda og ríkissjóðs, en ráðherra tryggingamála ætti að skipa formann í stjórnina. Að öðru leyti yrði það eftir tilnefningum frá Alþýðusambandi Íslands, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Bandalagi háskólamanna, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, frá Stéttarsambandi bænda, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga og frá fjármálaráðuneytinu. Reyndar er líka gert ráð fyrir því að stjórnin velji sér fimm manna framkvæmdaráð sem sé með fastafulltrúa er séu auk formanns einn frá ASÍ og einn frá VSÍ. Hlutverk stjórnar sjóðsins er að sjá um ávöxtun á fé hans og henni skal skylt að ávaxta fé með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Þess er reyndar líka getið að við ávöxtun á fé sjóðsins eigi stjórnin að öðru leyti að líta til þarfa atvinnulífsins í hinum ýmsu byggðarlögum og gæta þess í því sambandi að jafnræði sé á milli landshluta.

Ég ætla ekki, herra forseti, að rekja öllu nánar ávirðingar núverandi kerfis. Ég minni á að það hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi þannig að sett hafa verið níu lög um lífeyrissjóði á þinginu og auk þess hafa legið fyrir í þrjú ár drög að frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða í 42 greinum, en það hefur ekkert gerst í því að þetta frv. væri einu sinni lagt fram og það hrekkur mjög skammt.

Ég held að augljóst sé að það sé ofrausn að ætla 240 þúsund manna samfélagi 90 lífeyrissjóði. Það leiðir vitaskuld til þess að langstærstur hluti sjóðanna er mjög fáliðaður og vanburða, enda eru um 87% sjóðanna með færri en 10 þúsund sjóðfélaga. Þetta fjölskrúðuga kerfi leiðir líka vitanlega til þess að flestir safna réttindum í fleiri en einum sjóði og margir safna réttindum í mörgum sjóðum. Það þarf því ekki að koma á óvart og liggur í eðli kerfisins að um 7300 manns skuli vera í sex sjóðum eða fleiri. En það má vera umhugsunarefni hvernig fólkinu í landinu gengur að halda til haga réttindum sínum og e.t.v. rifja það upp nokkra áratugi aftur í tímann í hvaða lífeyrissjóði það hafi verið á hverjum tíma. Í þessu felst líka vitaskuld að menn eiga að tína saman réttindi sín, sína ögnina frá hverjum þegar kemur að því að njóta lífeyrisréttinda. Þeir 7300 einstaklingar sem eru í sex sjóðum eða fleiri svara væntanlega til þess að þeirra vegna þurfi um 50 þúsund greiðslur í rauninni að eiga sér stað þegar þeir ætla sér að fá lífeyrisréttinn.

Réttindaákvæðin eru svo margbreytileg í hinum ýmsu sjóðum að þeim verður ekki lýst til neinnar hlítar. Í áliti um þetta kerfi eða skýrslu sem þm. hafa séð og hér er byggt á kemur fram að nefndin treystir sér varla til að lýsa margbreytileik réttindanna milli hinna ýmsu sjóða. En það sem kannske er verst er það að verðtrygging nær ekki einu sinni til allra. Það eru ýmsir utan verðtryggingar. Hjá 13 sjóðum er mjög óvíst um hvaða reglur séu, en aðrir 23 sjóðir hafa engin ákvæði um uppbætur á lífeyri eftir að hann hefur upphaflega verið úrskurðaður.

Það eru líka ýmsar takmarkanir á rétti við úrgöngu. Menn missa rétt sinn niður um hríð ef þeir skipta um starf. Ég spyr: Á lífeyrisréttindakerfið að vera þannig að menn þurfi að velta því fyrir sér hvort þeim sé óhætt að skipta um starf vegna þess að þá muni lífeyrisréttindi þeirra e.t.v. skerðast?

Vissulega er það svo að einn hópur sjóðanna, svonefndir SAL-sjóðir, hefur leitast við að samræma reglur sínar. En það hrekkur skammt í mínum huga. Staðreyndirnar eru því þær, herra forseti, að kerfið nær ekki til allra, að fjöldi sjóða er vanburða og mun að líkindum ekki geta staðið við fyrirheit sín til sjóðfélaganna, að af uppbyggingu kerfisins leiðir skriffinnsku og kerfið er fjötrað í fjölskrúðugt laga- og reglugerðafargan. Auk þess hefur ráðsmennska forráðamanna sjóðanna með fé þeirra og afskipti *ríkisins af því vakið verulega tortryggni meðal almennings*. Þess vegna er tiltrú fólks á sjóðina þverrandi og e.t.v. hefur það leitt til þess að iðgjöld til þeirra innheimtast ekki sem skyldi.

Það er þess vegna vissulega þörf á að taka á þessu máli. Ég skora á þm. að kynna sér þessa till. mjög vandlega og grg. með henni. Ég skora á þm. að láta

þetta mál ekki sofna í skúffu heldur afgreiða það. Ég skora á þm. að leyfa þjóðinni að taka afstöðu í þessu efni. Ég skora á þm. að samþykkja þessa till.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til félmn.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Trúlega má halda því fram að fyrsta heildarlöggjöfin um almannatryggingar frá árinu 1936 sé stærsta félagslegt mannréttindamál sem Alþfl. hefur nokkru sinni náð að festa á lögbækur. Sú löggjöf leysti af hólmi fátækralöggjöf sem m.a. fól það í sér að einstaklingar og fjölskyldur máttu þola það að vera svipt mannréttindum, kosningarétti, kjörgengi, fluttar hreppaflutningi þegar þau atvik bar að höndum í lífinu að fjölskyldufaðirinn eða fyrirvinnan gat ekki sökum elli, sjúkdóma eða lífsins áfalla séð fjölskyldu sinni farborða.

Baráttan fyrir almannatryggingum var löng og hún var ströng og hún var hörð hér í þingsölum. Ef ég þekki þá sögu rétt flutti faðir almannatryggingganna, Haraldur Guðmundsson, þetta mál fyrst hingað inn í þingsali árið 1929 og tókst að vinna því brautargengi í ríkisstjórn Alþfl. og Framsfl. 1934–1937 sem stundum er kölluð hin eina sanna vinstri stjórn, ríkisstjórn hinna vinnandi stétta.

Mér dettur í hug vegna þessarar forsögu málsins að rifja upp að fyrir nokkrum dögum var haldið hátíðlegt hálfrar aldar afmæli Tryggingastofnunar ríkisins. Að vísu var þar boðað að saga almannatrygginganna og saga baráttunnar fyrir almannatryggingum yrði rifjuð upp í tilefni þessa afmælis betur síðar á bók, en engu að síður þótti mér það fremur tómlegt á þeirri stundu að verða að því vitni að nafn Haralds Guðmundssonar var ekki einu sinni nefnt við hátíðlegt hálfrar aldar afmæli Tryggingastofnunar ríkisins.

Nú vildu vafalaust margir, sem beittu sér hér í þingsölum gegn þessari löggjöf, gjarnan að þau ummæli yrðu gleymd vegna þess að heita má að nú sé ekki lengur nein hugmyndafræðileg andstaða gegn þessari meginuppistöðu velferðarríkisins. Ekki hugmyndafræðileg andstaða. Henni er lokið. Því stríði er lokið með fullum sigri. Það er miklu fremur að spurningarnar sem lúta að almannatryggingum og þá reyndar líka því máli sem hér er til umræðu, lífeyrissjóðamálinu, lúti að tæknilegri spurningum um hvernig þetta kerfi er starfandi, hverjir eru gallar þess, hvaða breytingar þarf að gera á því til þess að það gegni hlutverki sínu betur en nú er.

Allt frá því að almannatryggingalöggjöfin var fyrst sett má segja að við höfum að því er varðar þennan þátt velferðarríkisins búið við tvíþætt kerfi, kannske þríþætt. Í fyrsta lagi eru almannatryggingarnar sjálfar, sem eru partur af tekjujöfnunarkerfi ríkisins, ekki byggðar á grundvallarreglum tryggingastarfsemi heldur tekjujafnandi í þeim skilningi að án tillits til framlaga njóta allir sömu réttinda. Í annan stað hefur síðan orðið þróun við uppbyggingu lífeyrissjóða sem byggja á öðrum grundvallarreglum, nefnilega þeim að lífeyrissjóðirnir séu tryggingakerfi sem byggir á iðgjaldagreiðslum og réttindi því iðgjöldum tengd þannig að þegar kemur að ellilífeyri komi í hlut hvers og eins ákveðið hlutfall af þeim iðgjöldum sem til sjóðsins hafa verið greidd. Þetta er það kerfi sem við höfum búið við lengst af að viðbættum kannske þriðja þættinum þó lítið kveði að honum í okkar þjóðfélagi sem væri viðbótartryggingar tryggingafélaga hvort sem þær tilheyra einkageiranum eða ekki.

Nú má, herra forseti, út af fyrir sig spyrja einfaldrar spurningar sem varðar kjarna þessa máls og hún er þessi: Eigum við yfirleitt nokkuð að vera að hafa lífeyrissjóði sem byggjast á lögskyldaðri þátttöku? Til eru þeir menn sem svara því blátt áfram neitandi. Löggjafinn á ekki að skylda fólk til skyldusparnaðar á starfsaldri til að búa það undir ævikvöldið t.d. Þetta á að vera hverjum einstaklingi í sjálfsvald sett. Þetta sjónarmið nýtur trúlega nokkurs stuðnings í okkar þjóðfélagi, einkum og sér í lagi á seinni árum, af mjög einfaldri, augljósri og auðskilinni ástæðu — nefnilega þessari: Lífeyrissjóðakerfið hefur þróast, ekki samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun heldur minnir það á byggingu sem byggð hefur verið skúr við skúr eða á fat sem breytt hefur verið í tímans rás og stagbætt bót við bót þannig að kerfið er eiginlega ekki á ábyrgð neins og eins og kom fram í máli hv. flm. mörgum illskiljanlegt. En það er þó ekki það versta heldur hitt að í þróun þessara mála hefur það falist að í staðinn fyrir að vera fyrst og fremst spurning um réttindi og skyldur hefur kerfið þróast með þeim hætti að hinum ýmsu þjóðfélagshópum hefur verið gróflega mismunað. Og í annan stað: Einstakir sjóðir sem byggja á skyldusparnaði hafa verið leiknir svo grátt í eldi stjórnlausrar óðaverðbólgu að í raun og veru finnst mér ekki ofmælt að segja að þarna hafi farið fram lögboðinn þjófnaður á eignum fólks á löngum tíma. Lögboðinn þjófnaður er alvarlegt mál, herra forseti. Þetta er m.a. ein ástæðan fyrir því að þegar þær raddir heyrast að við ættum einfaldlega að hverfa frá þessu kerfi og segja sem svo að þetta ætti að vera einstaklingsbundið hagsmunamál hvers einstaklings eða fjölskyldu hefur það sjónarmið fengið þó nokkrar undirtektir.

Það er alveg ljóst að við flm. þessa máls tökum ekki undir það. En við viljum ekki berja höfðinu í steininn eða loka augunum fyrir því að núverandi kerfi er með öllu ótækt. Og ég er þeirrar skoðunar að alveg eins og almannatryggingamálið, sem ég nefndi í upphafi, er e.t.v. stærsta baráttumál Alþfl. fyrr og síðar og burðarás eða undirstaða þess velferðarríkis sem við a.m.k. tölum um að hér sé við lýði er ég þeirrar skoðunar að ný skipan og endurskipulagning lífeyrissjóðakerfisins sé eitt stærsta félagslegt réttindamál almennings í þessu landi og þetta mál þess vegna eitt þýðingarmesta mál sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi.

Herra forseti. Mér gefst ekki kostur á að ræða þetta mál í einstökum smáatriðum frekar tímans

vegna, en ég tek undir með hv. flm. að ég hvet hv. alþm. eindregið til þess að kynna sér þetta mál vandlega. Hv. 1. flm. vakti athygli á því að mál sem varða endurskipulagningu lífeyrissjóðanna hafa verið flutt fyrr á hinu háa Alþingi. Þarna er um að ræða mörg athyglisverð mál eins og t.d. það mál sem flutt var árið 1975 og 1978 að frumkvæði hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Ég óska eftir því að hér á hinu háa Alþingi gæti tekist veruleg samstaða milli manna af ólíkum stjórnmálaflokkum um að veita þessu máli brautargengi og ég þykist mega segja það fyrir hönd flm. að við viljum halda öllum dyrum opnum til að hlusta á athugasemdir, gagnrýni og viðbótartillögur um það hvernig við getum náð þeim stóra áfanga að hverfa frá núverandi kerfi með öllum þess göllum og til þess að tryggja öllum almenningi á Íslandi jafnan rétt í einum samfelldum lífeyrissjóði þar sem allir menn geta treyst því að hinar ólíku stéttir og starfshópar sitji við sama borð.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft viðamiklu máli sem ástæða er til að ræða nokkuð og vissulega máli sem ekki ætti að fara eftir pólitískum flokkshagsmunum. Hér er um að ræða réttindamál sem allur almenningur í landinu á kröfu á að menn ræði hreinskilnislega og opinskátt. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir því að hér er um að ræða þáltill. velflestra þm. Alþfl. Að vísu er ég ekki í þeim hópi, en það er ekki vegna þess að ég sé mjög andvígur því sem hér er um að ræða. Ég tel þetta vissulega mikilsvert mál og getur verið spurning að vísu í mínum huga og annarra hvort þetta sé þess eðlis að það fari undir þjóðaratkvæði. Því hef ég velt fyrir mér. Og ég hef líka velt fyrir mér ýmsum öðrum grundvallarspurningum varðandi þetta mál.

Í greinargerð og í skjölum með þessari þáltill. koma fram mjög merkar upplýsingar og ég held að það geti engum dulist að það kerfi sem við höfum búið við er að verulegu leyti gallað. Það er nú einu sinni svo um mannanna verk að þau verða aldrei svo gerð í upphafi að þau dugi endalaust. Auðvitað þarf að ráða bót á þessum málum eins og svo mörgum og velflestum öðrum málum sem við búum í hendur þessu þjóðfélagi.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, 1. flm. þessarar þáltill., að réttindaákvæði eru mjög breytileg að því er varðar lífeyrisréttindi manna hér á landi og þau þarf að jafna. Enginn getur verið andvígur því, að ég hygg, að slíkt verði gert. (**GJG:** Það er ekki verið að jafna þau með þessu. Forréttindamennirnir eru skildir eftir.) Já, nú heyri ég í hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, formanni Verkamannasambands Íslands, og væntanlega á hann eftir að koma í ræðustól á eftir og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum að því er þessi mál varðar því að það eru ekki síst hans umbjóðendur sem eiga undir högg að sækja að því er varðar þessi réttindi. Ég vænti þess að hv. þm. láti í sér heyra á eftir, segi frá því hvort hann vill fara einhverja af þeim leiðum sem hér er um að ræða. Ef ekki, þá hvaða leið? Ég hygg að hann geti talað í umboði æðimargra innan Verkamannasambandsins. Þar er fjölmennur hópur sem hefur borið skarðan hlut frá borði að því er þetta varðar.

Hann talaði um forréttindahóp. Það er út af fyrir sig rétt. Ef ég skil þetta, sem hér er, rétt, og nú vil ég ekkert fullyrða og vænti þess að menn leiðrétti mig ef ég fer með rangt mál, þá mun þessi þáltill. fjalla um það í framkvæmd, ef af yrði, að þeir sem hafa bestu eða við skulum segja betri lífeyrisréttindi, eins og félagar innan BSRB, njóta forgangs. Þeir koma til með að njóta forgangs. Mér skilst að þeir þyrftu að borga ca. 24% í sinn lífeyrissjóð ef hann ætti að bera sig. Það er allt annað en verður sagt um óbreytt verkafólk og þeirra lífeyrisréttindi sem þar er um að ræða. Ég segi aftur: Ef ég skil þetta rétt.

Þetta er ég út af fyrir sig ekkert að gagnrýna. En mér finnst að ef við erum að tala um einn lífeyrisréttindasjóð — ég vil tala um einn lífeyrisréttindasjóð allra landsmanna — eigi sá lífeyrisréttindasjóður ekki að hafa staðsetta fimm eða sjö manna stjórn á Reykjavíkursvæðinu sem útdeildi til okkar hinna. Það á auðvitað að ávaxta þetta fé á þeim stöðum þar sem fjármagnið fellur til. Það á að ávaxta það í fjórðungunum en ekki með útdeilingarskömmtunaraðferð eins og er og virðist vera í flestöllum tilvikum að því er varðar þessa stóru sjóði.

Við skulum taka Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Hvað gerist þar? Það er einn og sami sjóðurinn. Það er allt ávaxtað á þessu svæði og síðan í skömmtum sent út til okkar hinna. Hvað gerist með sparimerkjakerfið? Hvar er það ávaxtað? Það er allt á einum stað, hér á þessu svæði, og deilt út til okkar hinna. Hvað gerist með orlofsféð? Það hefur verið rígbundið hér í Póstgíróstofunni og útdeilt héðan, ávaxtað hér. Ég er andvígur því að byggja upp eitt kerfi til viðbótar með þessum hætti. Ég er sammála meginhugmyndum þeirra sem þessa þáltill. flytja. Það á að vera eitt kerfi að því er varðar lífeyrisréttindin, en það á að vera deildaskipt, ávaxtað í fjórðungunum. Þar með gæti ég lokið máli mínu í þessu tilfelli, en ég ætla að segja örfá orð til viðbótar.

Ég hef sjálfur tekið þátt í því að reyna að brjóta á bak aftur kerfið að því er varðar ávöxtun orlofsfjár og ég hygg að það hafi tekist fyrir nær fjórum árum. Hvað þýðir það? Það þýðir t.d. á Vestfjörðum, þar sem orlofsféð er ávaxtað innan þeirra peningastofnana sem þar eru, að síðasta orlofsár mun það nema um 130–150 millj. kr. sem er ávaxtað í héraðinu vegna þess að ávöxtunin á sér stað á þeim stöðum þar sem fjármagnið fellur til. Þetta eru 130–150 millj. kr. sem ella hefðu farið suður í Seðlabankann og síðan verið deilt héðan út. (**Iðnrh.:** Til Vestfjarða.) Að litlum hluta. Gerum þetta einfalt. Við skulum segja að það væri svipað með Atvinnuleysistryggingasjóðinn, hlutfallið 130–150 millj. á Vestfirði, og svipað með sparimerkjamálið. Þá eru menn komnir strax í um 400 millj. kr. sem mundu ávaxtast

á Vestfjörðum með breyttu kerfi í staðinn fyrir að ávaxta það á Reykjavíkursvæðinu. Og hverjum kemur að gagni að ávaxta það heima? Auðvitað þeim sem leggja til þetta fjármagn. Og það eru þeir sem eiga fyrst og fremst að njóta þess, þeir og þau byggðarlög sem þetta fólk byggir á að njóta ávaxtanna af þessu númer eitt. Það er þetta sem ég taldi fyrst og fremst að ég þyrfti að koma á framfæri við þessa umræðu. Það er númer eitt. Auðvitað eigum við að jafna lífeyrisréttindin. Ég gæti vel hugsað mér að setja upp einn lífeyrisréttindasjóð fyrir alla landsmenn sem er síðan deildaskiptur eftir fjórðungum eða landsvæðum, fjármagnið ávaxtað á stöðunum þar sem það fellur til þannig að það komi þeim að gagni sem leggja það til.

Ég get út af fyrir sig vel fallist á það og tel það ekkert óraunhæft að þjóðin fái sjálf að segja til um þetta. Kannske höfum við gert of lítið að því að þjóðaratkvæðagreiðsla sé viðhöfð. Við eigum kannske að gera meira að því í ýmsum tilteknum stórmálum að láta þjóðina segja sitt. Ég held að það komi vel til greina í þessu tilfelli að þjóðin fái að segja sitt álit á þessu. En ég legg áherslu á að fyrir liggi áður en slík þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram þau grundvallarsjónarmið hvað á að gera í framkvæmdinni. Á að setja þessa stjórn á stofn hér og deila út þaðan eða á stjórn slíks lífeyrissjóðs að vera deildaskipt og féð að ávaxtast í kjördæmunum eða á svæðunum þannig að fólkið sjálft njóti ávaxtanna af þeim peningum sem það framleiðir þjóðarbúinu til farsældar?

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og hv. flm. gat um flutti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson árið 1975 frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands og endurflutti það frv. árið 1978. Síðan var það frv. með nokkrum breytingum flutt af mér og fleiri þm. Sjálfstfl. 1980 og 1981. Hér var um að ræða svokallað gegnumstreymi og skal ég ekki fara út í að skýra það nánar, en á þeim tíma, sérstaklega þegar frv. var flutt á síðari árunum 1980 og 1981 var sýnt að mikil verðbólga mundi halda áfram a.m.k. næstu misserin og lífeyrissjóðirnir voru raunar brunnir upp til ösku. Það var eina orðið yfir það. Það var allt rétt sem hv. flm. sagði um þá þróun sem þá hafði orðið. Verðbólgan hafði étið sjóðina upp, ekki síst yngri sjóðina og þá sem mikilvægastir voru, þ.e. sjóði verkamanna og fátækasta fólksins og þess fólks sem mest þurfti á lífeyrisréttindum að halda. Þess vegna var það út af fyrir sig mjög leitt að þessi frumvörp skyldu ekki ná fram að ganga óbreytt eða breytt. Um það náðist ekki samstaða, enda mjög vandmeðfarið, það skal ég fyrstur manna játa.

Ég reyndi nokkuð að setja mig inn í þessi mál, eyddi í það allmiklum tíma á þessum árum, og eftir því sem maður kynntist sjóðakerfinu meira, eftir því varð maður ruglaðri og vonlausari um að geta fundið heilbrigða lausn nema því aðeins að fyrst tækist að ráða niðurlögum verðbólgu eða lækka verðbólgustig a.m.k. og verðtryggja sjóðina, öll lán úr þeim, þannig að einhver von væri til að fé gæti safnast upp til þess að standa undir lífeyrisgreiðslum sérstaklega þess fólks sem mesta þörfina hafði eins og ég áðan sagði. Við fundum þess vegna ekki aðra leið en að stinga upp á gegnumstreymi þannig að þeir sem væru á besta starfsaldri greiddu féð inn, en þeir sem áður hefðu greitt í sjóðina fengju réttindi þó að verðbólgan hefði brennt upp þeirra fjármuni.

Vel má vera að það þurfi ekki á gegnumstreymi að halda nú vegna breyttra aðstæðna, verðtryggingar og lægri verðbólgu. Vonandi að hér verði ekki meiri verðbólga en í nágrannalöndunum og þá er þetta auðvitað allt saman einfaldara í sniðum. Ég held þó að það megi gjarnan skoða það að hafa kerfið með einhverjum hætti tvöfalt þannig að bæði sé um gegnumstreymi að ræða og eins heilbrigða fjármögnun þeirra peninga sem fyrir hendi eru.

Ég er þakklátur fyrir að hv. 1. flm. og þeir væntanlega allir, flm., vilja gott samstarf um þetta mál og rekja söguna af fullum drengskap og það skal heldur ekkert af því skorið að Alþfl. átti mikinn þátt í almannatryggingum, kannske mestan eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði, á sínum tíma, og vissulega hafa Alþýðuflokksmenn haldið því máli vakandi. Ég man ekki betur en Haraldur Guðmundsson hefði forgöngu um það og raunar væri á vegum ríkisins á sínum tíma að safna saman upplýsingum um einn almennan lífeyrissjóð í nágrannalöndunum og frv. hefði þá verið smíðað sem dagaði raunar uppi.

Það er viðkvæmt fyrir þá sem eru aðilar að sterkum sjóðum og hafa greitt í þá lengi að sameinast öðrum veikari, en í frv. sem Guðmundur H. Garðarsson flutti upphaflega og við aðrir sjálfstæðismenn síðar var gert ráð fyrir því að þeir sjóðir gætu haldið áfram og raunar er að því vikið líka í þeirri þáltill. sem hér er fram lögð og er það vel að menn reyni að finna þarna eitthvert jafnvægi þannig að sæmileg eining gæti náðst um lausn þessa gífurlega mikilvæga vandamáls. Það er líka rétt að þeir sem betri aðstöðu hafa í þjóðfélaginu, margir hverjir, t.d. opinberir starfsmenn sem hafa verið í hæstu stöðum og kannske mörgum lífeyrissjóðum, hafa mjög góðan lífeyri. Mér er sagt að það sé ekki alveg einsdæmi, það séu allmargir menn sem hafi stórhækkað í tekjum eftir að þeir hættu að vinna og fóru að fá greiðslurnar í lífeyrissjóðum. Þetta eru menn sem eru allra góðra gjalda verðir og hafa unnið sitt lífsstarf með sóma, en engu að síður er það nú nokkuð hart á að horfa að sumir hækki þegar þeir hætta vinnu og fá ekki lengur launatekjur en aðrir hafi ekki til hnífs og skeiðar, hafi nánast ekki neitt af því að sjóðirnir eru brunnir til ösku.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál efnislega. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að á þessu verði að verða bragarbót fyrr en síðar. En mér finnst að Alþingi ætti að reyna að manna sig upp í að vinna þetta mál lengra og betur en orðið er, ef ekki það Alþingi sem verður nú stutt sjálfsagt að þessu sinni, þá a.m.k. það Alþingi sem saman kemur á

hausti komanda.

Ég held ekki að það bæti neitt um að fara að leggja þetta mál undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að Alþingi eigi að sýna þann manndóm að leysa þetta mál, kannske með einhverjum ágreiningi og atkvæðagreiðslum hér innan dyra, en ekki að gefast upp fyrir málinu. Ég held að það þurfi heldur ekkert að leggja þetta undir þjóðaratkvæði. Ég held að 99,99% þjóðarinnar hljóti að vera sammála um að það verði að gera þessa bragarbót. Þess vegna á ekkert að vera að láta greiða atkvæði um hana í þjóðaratkvæðagreiðslu að mínum dómi án þess að hún sé þá fullbúin. Þetta er ekki enn þá, því miður, hvorki þáltill. né heldur frumvörpin sem flutt voru, svo fullskapað að það sé hægt að segja bara já og nei við hverri einstakri grein þar, enda ekki til þess ætlast raunar í þáltill.

Þetta er þó ekkert aðalatriði. Þjóðaratkvæðagreiðslur geta stundum verið eðlilegar. Þær eru tíðkaðar í ýmsum ríkjum, t.d. í Sviss og víðar, og menn eru þar vanir þeim. Við erum ekki vanir þjóðaratkvæðagreiðslum um einstök mál. Við treystum því að Alþingi taki af skarið í því efni og má t.d. nefna bjórmálið. Öllum finnst það furðulegt að alþm. skuli ekki geta sagt annaðhvort já eða nei við því hvort það eigi að brugga bjór, ætla að fara að leggja það undir þjóðaratkvæði. Mér finnst ósköp einfalt mál að það eigi að ganga hreint til verks. En það mál er svo miklu, miklu minna í sniðum en það sem við erum að ræða um hér sem varðar lífsbjörg mikils fjölda landsmanna, einmitt þeirra sem búa við lök kjör, allt of lök kjör, og eiga svo í vændum að hafa ekkert þegar þeir hafa lokið lífsstarfi sínu.

Við skulum þess vegna ekki stofna til illdeilna, a.m.k. ætla ég ekki að gera það, heldur einmitt að reyna að sameinast um að koma þessari till. til nefndar og ræða málið síðan efnislega og ég er þakklátur fyrir að málinu skuli hafa verið hreyft með fullum drengskap eins og gert er.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að hafa mjög mörg orð um þetta mál, en þó þykir mér rétt að leggja nokkur orð í belg við þessa umræðu. Ég fagna því í rauninni að hér skuli margir hv. alþm. hafa tekið þátt í þessari umræðu því að hér er vissulega um mikilsvert og mikilvægt mál að ræða. Engu að síður ber að hafa í huga að hér er um flókið mál að ræða og hér er um mál að ræða sem allt of lengi hefur verið látið dankast, ef þannig má til orða taka, og sem menn hafa heykst á að taka á og finna viðunandi lausn á.

Hér hefur verið lögð fram þáltill. sem er vel grunduð og vandlega undirbúin. Til þess hefur verið varið verulegum tíma. Auðvitað ekki nálægt því eins miklum tíma eins og margar og fjölmennar stjórnskipaðar nefndir hafa lagt af mörkum í þessum lífeyrissjóðamálum, en engu að síður hefur verið unnið vandað undirbúningsverk og hér eru að vissu leyti farnar nýjar leiðir þar sem tillagan gerir ráð fyrir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort koma skuli á fót einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn samkvæmt þeim hugmyndum sem nánar eru tilteknar í tillögunni.

Þetta er mál sem búið er að tala um árum saman og hér er gerð tilraun til þess að nálgast það frá nýju sjónarhorni ef vera mætti að unnt yrði að skapa breiðari samstöðu en tekist hefur til þessa. Í rauninni held ég að þetta sé ekki ágreiningsmál og við sem stöndum að flutningi þessarar till. viljum mikið á okkur leggja til þess að þetta geti orðið samkomulagsmál vegna þess að þetta er stórmál sem skiptir alla þjóðfélagsþegnana verulegu máli.

Vissulega er okkur öllum ljóst, að ég hygg, og hefur komið fram í þessum umræðum að á núverandi kerfi eru margvíslegir annmarkar sem öllum eru ljósir. Það hefur í för með sér ranglæti á fjölmörgum sviðum sem er okkur í rauninni til vansa að skuli hafa verið svo lengi við lýði sem raun ber vitni.

Vissulega má líka sjálfsagt með rökum benda á annmarka við það að koma á einum lífeyrissjóði og ég veit að víðs vegar úti um land er viss ótti í hugum fólks við að þessi hugmynd hafi það í för með sér og af sjálfu leiði að allt fjármagn úr heimabyggðinni, sem rennur til lífeyrissjóðs sem þar er kannske nú, verði flutt hingað suður til Reykjavíkur. Ég held að þetta þurfi alls ekki að leiða af sjálfu. Þetta þurfi alls ekki að vera svo. Það sé hægt að fara þarna aðrar leiðir og tryggja að byggðir landsins verði ekki rúnar þessu fjármagni svo sem ýmsir óttast.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um gallana sem eru á núverandi kerfi. Það hafa komið hér fram ýmsar líkingar og verið minnt á hvernig þetta kerfi hefur vaxið. Auðvitað gefur auga leið að við sameiningu og við sameiginlegt lífeyriskerfi er hægt að ná fram margvíslegri hagkvæmni og örugglega sparnaði sem lífeyrisþegum kæmi þá til góða.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég vona eindregið að við sem skipum Alþingi berum gæfu til að ná samstöðu um að láta nú til skarar skríða í þessum efnum. Vissulega er þetta vandasamt og kannske að sumu leyti sums staðar viðkvæmt mál. Mér er fullkunnugt um það. En ég held samt, eins og 1. flm. sagði hér, að af þeim kostum sem við blasa í þessum efnum sé kannske sá verstur sem við höfum lengst við unað í þessu efni. Hann er sá að gera ekki neitt.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja örfá orð við fyrri umræðu um þetta mál sem er svo sannarlega stórmál. Ef til vill ætti að nægja að lýsa einfaldlega yfir stuðningi við málið eins og það liggur hér fyrir þar sem það samrýmist í rauninni stefnu Kvennalistans á tvennan hátt. Við höfum lagt fram tvö þingmál á þessu þingi sem sýna það. Annað er á þskj. 92 og við vorum að vísa því til nefndar í upphafi fundar, en það er till. okkar um að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þm. geti

farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Það var hv. þm. María Jóhanna Lárusdóttir sem mælti fyrir þessu þingmáli á fundi s.l. þriðjudag. Í öðru lagi erum við með frv. til l. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra sem er á þskj. 27. Þar segir m.a. í greinargerð, með leyfi forseta:

„Stofnun sameiginlegs lífeyrissjóðs allra landsmanna nýtur nú vaxandi fylgis bæði innan þings og utan. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan á lífeyrissjóðum þar sem búast má við að það taki einhver ár."

Í framsöguræðu fyrir þessu máli minntist hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, sem flytur þetta frv. ásamt mér og sat hér sem varamaður Kvennalistans fyrstu tvær vikur þessa þings, einmitt á það þingmál sem nú er til umræðu og lýsti yfir stuðningi Kvennalistans við það.

Við þekkjum það öll sem hér sitjum að innan þess kerfis sem nú er í gildi rúmast alls ekki allir landsmenn og séum við á annað borð á einu máli um að allir eigi að hafa sama rétt til sómasamlegs lífeyris ber okkur skylda til þess að finna lausn á þeim vanda. Löggjafinn hefur öðru hverju verið að reyna að taka á þessu og opna leiðir fyrir þá sem utan við standa. Dæmi um það er auðvitað fyrrnefnt þingmál okkar Kvennalistakvenna um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra.

Það er alls ekki vansalaust að stjórnmálamenn og embættismenn láti árin líða eitt af öðru án þess að gera eitthvað í þessu máli. Hér hefur sífellt verið borið við að nefnd vinni að heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins í landinu og við það verður ekki öllu lengur unað að ekki sé tekið af skarið og fundin lausn á málinu sem ég vil kalla eitt brýnasta hagsmunamál allra landsmanna. Það verður æ brýnna eftir því sem árin líða og aldurssamsetning landsmanna breytist svo og atvinnuhættir, atvinnuástand og heilbrigði manna því að allt tengist þetta hvað öðru.

En ég vildi drepa á eitt atriði varðandi þá till. sem hér er til umræðu, atriði sem ég tel mjög mikilvægt. Þetta mál, sem hv. flm. leggja til að þjóðin segi skoðun sína á í þjóðaratkvæðagreiðslu, er ekkert einfalt. Hér eru talin upp í till. níu atriði sem ættu að vera megineinkenni hins sameiginlega lífeyrissjóðakerfis fyrir alla landsmenn og það er ekki endilega víst að allir séu sammála um þau tilteknu atriði. Það er því ákaflega mikilvægt að fram fari markviss kynning og mikil umræða um þetta mál áður en almenningur segir álit sitt á því af eða á. Það bærist vissulega með mér efi um að tíminn til næstu alþingiskosninga sé nægilega langur til þess að málið fái þá kynningu og umræðu sem það þarf.

Í fyrsta lagi er náttúrlega eftir að fjalla um þetta mál í þingnefnd og jafnvel þótt þm. vildu veita þessu máli lið og hraða því í gegnum þingið tekur það alltaf sinn tíma og eftir sem áður væri þá eftir að kynna það og ræða úti í þjóðfélaginu og það þarf sinn tíma. Það verður ekki of mikil áhersla á það lögð.

Ég er ansi hrædd um að á þeim tiltölulega skamma tíma sem enn er til næstu alþingiskosninga kunni ýmislegt að verða til að skyggja á vitræna umræðu um fyrirkomulag lífeyrismála, jafnvel þótt vígaferlum prófkjöranna fari nú að linna. En þrátt fyrir þessa athugasemd ítreka ég stuðning Kvennalistans við þetta þingmál.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hugmyndir um einn lífeyrissjóð eru búnar að koma upp af og til í þau 20 ár sem ég hef verið hér innan veggja, en það hefur aldrei orðið annað en umræðan um slíkar till. Það vefst svolítið fyrir mér um hvað á að spyrja í svona þjóðaratkvæðagreiðslu. Hver er spurningin? Hún þarf að vera ein eða tvær og afdráttarlausar. Það er ekki hægt að fara með svona mál öðruvísi. Og það er kannske ekkert einfalt mál að segja hvort það eigi að stofna einn lífeyrissjóð. Það er fyrst og fremst það sem við höfum verið á undanförnum árum að tala um, bæði ég og aðrir hér, að minnka þann mun sem er á þeim greiðslum sem menn fá úr lífeyrissjóðnum. Það er auðvitað skelfilegt, blátt áfram skelfilegt til þess að vita að hæst launaða fólkið í landinu skuli hækka í launum í sumum tilvikum þegar það hættir að vinna. Ég get komið með nokkur dæmi þess. Það fær úr svo mörgum lífeyrissjóðum að það blátt áfram hækkar í launum. Við sáum í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum talað við nokkrar aldraðar konur sem gátu ekki með neinu móti leyft sér að búa í mannsæmandi íbúðum. Hvað erum við að gera hér og hvað erum við að hugsa?

Þetta er kjarni málsins. Kjarninn er kannske ekki sá endilega, þó ég hafi alltaf verið þeirrar skoðunar og flutt tillögu um það 1970, að það yrði myndaður einn lífeyrissjóður. Þá var verið að mynda lífeyrissjóð bænda og verkamanna. Það var árin 1969 og 1970. Ég óttaðist að ef það drægist lengi yrði alltaf erfiðara og erfiðara að sameina þessa sjóði. En það er ekki að mínu mati aðalatriðið í þessu. Það eru lífeyrisréttindin, hvernig er hægt að jafna þau, hvernig er hægt að koma því þannig fyrir að allir fái lífeyri sem er mannsæmandi, en sumir fái ekki lífeyri sem þeir hafa ekkert með að gera, kannske á annað hundrað þúsund á mánuði. Það er til. Annars er það þannig, þó að allir flokkar séu í orði kveðnu að tala um að það þurfi að jafna aðstöðuna félagslega og efnalega, að menn ná ekki saman um neitt sem er hægt að kalla því nafni. Það er gallinn. Það hefði verið langbest ef allir flokkar hefðu sett nefnd og sameinast um að flytja mál af þessu tagi til að jafna þessi kjör.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði. Það er ekki hægt að horfa upp á að allt þetta fjármagn, ég ætla ekki að telja upp sjóðina, sé allt saman hér til geymslu og deilingar út en haldist ekki í landshlutunum. Þetta er stórt mál. Þetta er stórt

mál fyrir atvinnulífið.

En ég vil láta skoða þetta mál. Ég vil láta taka á því. Ég er ekki viss um að það sé svo létt að leggja einhverjar ákveðnar spurningar fyrir þjóðina sem eru svo einfaldar, aðeins ein eða tvær, að það sé hægt að fá út úr því það sem við viljum, svör sem við getum farið eftir. Ef á að fara að spyrja margra er ég hræddur um að þetta fari eitthvað á skjön.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, um að það sem skiptir meginmáli þegar verið er að ræða þessi mál er að markmiðið hlýtur að vera það sama hjá okkur öllum, nr. 1, 2 og 3, að við viljum tryggja öllum landsmönnum mannsæmandi lífeyrisréttindi og útrýma því ranglæti sem er nú ríkjandi í því kerfi sem við búum við á Íslandi í dag. Þetta held ég að sé grundvallaratriði í allri umræðu um þetta mál. Síðan koma auðvitað upp önnur atriði: Hvernig getum við náð þessu markmiði? Hvaða leiðir eru tiltækar til þess að tryggt verði að allir njóti þessara sjálfsögðu nútímamannréttinda?

Ég þakka hv. flm. þessarar þáltill. fyrir að hafa lagt till. fram. Ég get lýst því yfir að ég er sammála því markmiði sem felst í framkominni þáltill. um að tryggja öllum landsmönnum sama rétt til lífeyris í einu og samfelldu kerfi. Hins vegar er ég ekki sammála því sjónarmiði að fyrsta skrefið eigi að vera þannig að því eigi að vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég geri þær kröfur til Alþingis í þessu máli sem öðrum að hv. alþm. geti átt ákveðið frumkvæði í samstarfi við aðra aðila um það eins og ég mun víkja að hér á eftir.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem fram hefur komið, að það ber að virða forsögu og frumkvæði Alþfl. í þróun almennrar tryggingalöggjafar á Íslandi. Á sínum tíma var af hálfu þess flokks unnið mikið og merkilegt starf. Síðan hefur, því miður, almenna tryggingakerfinu hnignað mjög, en við þá þróun hafa svonefndir lífeyrissjóðir komið til skjalanna. Þessir sjóðir, sem eru fjarri því að vera af hinu vonda, hafa þróast með ýmsum hætti. Það hefur gerst í samningum aðila vinnumarkaðarins, í samningum ríkisvaldsins við opinbera starfsmenn, í samningum sveitarfélaga við sína starfsmenn o.s.frv. Þess vegna hefur þróast mjög flókið og ég vil segja að mörgu leyti ófullkomið tryggingakerfi á þessu sviði. En flestir ef ekki allir, sem hafa staðið að þessari samningsgerð, hafa gert það í góðri trú og með góðum vilja um að þeir væru að bæta kjör umbjóðenda sinna á tryggingasviðinu. Vil ég því biðja hv. þm. um að ræða þessi mál með þeim hætti að gera sér grein fyrir að þeir sem að þessu hafa staðið utan þings hafa gert það með þeim góða og einlæga ásetningi að þeir væru að betrumbæta það tryggingakerfi sem hv. Alþingi hefur ekki getað séð þjóðinni fyrir með almennri tryggingalöggjöf.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skýrði upphaf og aðdraganda þess þegar sjálfstæðismenn tóku upp baráttuna fyrir fullkomnara og betra eftirlaunasjóðakerfi á Íslandi sem kom m.a. fram í frv. til laga um Lífeyrissjóð Íslands sem lagt var fram árið 1975. Það er óþarft að rekja nánar hvað í því frv. felst, en staðreynd er að við það að þetta frv. var lagt fram árið 1975, sem var fimm árum eftir að almennu verkalýðsfélögin höfðu gert sína samninga um lífeyrissjóði, komst veruleg hreyfing á þessi mál. Aðilar vinnumarkaðarins tóku þá upp samninga um frekari réttindi í sambandi við sína lífeyrissjóði sem m.a. fólst í alls konar auknum tryggingum með tilliti til verðbólguþróunar o.fl.

En síðan þetta kerfi var upp tekið, þ.e. almenna lífeyrissjóðakerfið, sem gert var í samningum 1969 og tók til starfa 1970, og frá því að umrætt frv. var lagt fram árið 1975 hafa orðið allmiklar breytingar á Íslandi. Það var ekki eins auðvelt nú og var árið 1975 að fjalla um þetta mál og þróa það með þeim hætti sem fullnægir því markmiði sem við erum að ræða um í sambandi við umræddda þáltill. Það er flóknara og erfiðara en það var fyrir ellefu árum. Hér er um mjög stórt mál að ræða vegna þess að það grípur mjög sterkt inn á samningssvið íslenskrar verkalýðshreyfingar, þ.e. frjálsra samninga. Þessir samningar tryggðu að þetta kerfi hefur nú þróast í sextán ár. Árið 1975 voru þessir samningar að vísu fyrir hendi, en þá voru lífeyrissjóðirnir á algeru bernskuskeiði. Síðan hafa verið gerðar margar og miklar kröfur til lífeyrissjóðakerfisins. Ég nefni sem dæmi húsnæðismál þjóðarinnar. Þegar við erum að fjalla um þessi mál verðum við því að gera okkur grein fyrir um hvað við erum að ræða.

Ef við ætlum að stofna, sem við stefnum að, lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn verðum við að gera okkur grein fyrir eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi: Á að vera um að ræða svokallað gegnumstreymiskerfi? Í öðru lagi: Á að vera um að ræða uppsöfnunarkerfi? Í þriðja lagi: Á að vera um að ræða sambland af uppsöfnun og gegnumstreymi? Þá kæmi einnig til greina, sem ég held að hljóti að verða næst í umræðunni, fjórða leiðin. Það er uppsöfnun sem er óhjákvæmileg á næstu árum vegna þeirrar löggjafar sem hv. alþm. hafa verið að samþykkja í sambandi við íbúðamál þjóðarinnar. Þeir eru raunverulega búnir að festa þá svokölluðu uppsöfnun sem verkalýðshreyfingin framkvæmir með sínum lífeyrissjóðum. Þá held ég að fjórða leiðin hljóti að vera nærtækust, en það er ákveðin uppsöfnun plús grundvallarendurskoðun á almannatryggingakerfinu þannig að um væri að ræða að hluta til gegnumstreymi í sambandi við endurskoðun þess tryggingakerfis sem við stefnum að á næstu árum. En niðurstaðan hlýtur að verða fyrr en síðar eitt heildarkerfi á nýjum sameinuðum grundvelli.

Málið er sem sagt ekki eins einfalt og það var fyrir ellefu árum, en það er unnt að framkalla þær grundvallarbreytingar sem hér um ræðir. Til þess að það sé unnt þarf í fyrsta lagi góðan vilja ríkisvaldsins, í öðru lagi Alþingis og í þriðja lagi samningsaðila vinnumarkaðarins og síðast en ekki síst alls almenn-

ings í landinu. Ég trúi því að almenningur í landinu muni taka afstöðu til þessa máls í næstu kosningum með tilliti til þess hvernig íslenskir stjórnmálaflokkar hafa staðið að þessum málum bæði í orði og æði. Ég efast ekki um að hv. flm. ásamt þm. Sjálfstfl. muni finna leiðir til að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd í næstu framtíð. Ég fyrir mitt leyti vænti góðs samstarfs við Alþýðuflokksmenn í þessum efnum. Markmiðið er að það ber að endurskipuleggja lífeyrismálin með þeim hætti að allir landsmenn njóti sama réttar í sambandi við eftirlaun og ellilífeyri.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Sá er háttur hv. þm. Karvels Pálmasonar að hann má vart mæla hér öðruvísi en hann krefjist ekki þess að hv. 7. þm. Reykv. taki til máls líka. (**KP:** Hann er alltaf að kalla fram í.) Já, mér er einkar lagið að kalla fram í og það er rétt hjá þm. að það er kannske of mikið af því en minna af ræðum.

Þarna er, eins og síðasti ræðumaður gat um, um ákaflega vandmeðfarið mál að ræða og mér fannst bæði hann og hv. þm. Stefán Valgeirsson ræða þessi mál af þekkingu og yfirvegun. Guðmundur Garðarsson er nú einn þrautreyndasti maður í lífeyrissjóðsmálum. Þarna er ákaflega vandasamt verk að vinna. Þarna er t.d. ákaflega hörð togstreita. Ákveðnir landshlutar aftaka að það verði einn lífeyrissjóður og geymsla þess fjár verði á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Hvaða skoðanir hefur þm. á því?) Ég verð að beygja mig undir það að viðurkenna að þetta sjónarmið er ákaflega sterkt. Það er m.a.s. svo sterkt að t.d. fyrirmyndarbyggðarlag eins og Bolungarvík treystir ekki öðrum verkalýðsfélögum á Vestfjörðum fyrir sínum lífeyrissjóði heldur hefur sérlífeyrissjóð. Þetta nær því víða. En ég vil benda á að þetta er helsti sparnaðurinn í landinu. Ef það væri þetta gegnumstreymiskerfi, sem ekki er nú verið að leggja til, hefði sparnaður í landinu verið mun minni, lausnir t.d. núna á húsnæðismálunum o.s.frv. hefðu ekki komið til ef ekki væri uppsöfnun, eins og síðasti ræðumaður gat um, hjá lífeyrissjóðunum.

Þá er deilan í sambandi við opinbera starfsmenn. Þeir búa við nokkru betri aðstöðu. Ef þeirra lífeyrissjóður ætti að standa undir útgjöldum eins og gerð er krafa um, t.d. til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar, þyrfti að greiða í hann 23–24% þegar aðeins eru greidd 10% af aðilum í hina almennu lífeyrissjóði. Síðan hafa orðið breytingar. Lífeyrissjóður SÍS hefur hækkað sínar greiðslur í 7,5% atvinnurekandi og í 5% launþegi. (Gripið fram í.) Já, 11,5% í heild. Það eru greidd í hann 11,5% samtals. Svona hrannast þetta upp.

Hins vegar hefur verið starfandi í landinu sautján manna nefnd til að fjalla um lífeyrissjóðamál og átta manna undirnefnd, hún er nú vonandi látin sú nefnd, og formaður í henni er Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, valinkunnur sæmdarmaður að allra dómi. Því var spáð fyrir nokkrum árum að þessi nefnd mundi skila áliti þegar Hallgrímur Snorrason, sem var um fertugt, væri sjálfur farinn að nálgast eftirlaunaaldur. Svo seint gengu þessi mál, ekki vegna Hallgríms nema síður sé heldur voru árekstrar það miklir. Hins vegar standa mál þannig nú að þessi átta manna lífeyrissjóðanefnd, sem er samsett af aðilum frá Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu, BSRB, Vinnumálasambandi, Farmanna- og fiskimannasambandi, undir forustu Hallgríms Snorrasonar, skilar áliti og uppkasti að lagafrv. um lífeyrissjóði, bæði réttindi, skyldur, bótarétt og fyrirkomulag allt, í næstu viku. Að sjálfsögðu verður þetta rætt í stjórnum lífeyrissjóðanna, en mér er sagt að í meginatriðum hafi þessi átta manna lífeyrisnefnd náð samkomulagi. Ég geri ráð fyrir með einhverjum sératkvæðum, sér í lagi frá BSRB, en hvað um það. Þessi gagnmerka nefnd, sem búin er að vera að störfum í a.m.k. átta ár, skilar áliti í næstu viku. Ég vil bíða eftir að sjá álit þessarar nefndar því að ef allir höfuðaðilar að lífeyrissjóðunum hafa náð þarna samkomulagi sín á milli er það svo mikið mál að það er yfirgnæfandi möguleiki á að þessi mál öll leysist með samkomulagi og úr þeim göllum, sem flm. taldi réttilega upp að ýmsu leyti, verði bætt.

Þar eru, eins og ég tók fram, hæfir menn og frábærlega hæfur hagstofustjóri, Hallgrímur Snorrason, og mér þykir þetta góðar fréttir. Ég spara mér þess vegna að ræða þessi mál mjög ítarlega. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Þessi mál þarfnast umræðu í stéttarfélögunum, milli lífeyrissjóða. Ég held að okkur greini ekki á um takmark heldur um leiðir. Þetta eru ákaflega flókin og snúin mál. En liggi fyrir samkomulag þessara aðila um nýtt lagafrv. tel ég það ákaflega merkan viðburð og þá ætti að fara að koma skriður á þessi mál og það væri til mikilla bóta.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég þakka þann stuðning og skilning sem hér hefur komið fram á þessu máli. En það hefur bara komið fram áður bæði stuðningur og skilningur og það hefur ekkert gerst og það er það sem er hrikalegt vandamál. Það var skipuð sautján manna nefnd og átta manna undirnefnd, tíu ára gömul, og vandamálin liggja óleyst. Að mínu viti þarf hér pólitíska ákvörðun. Það þarf pólitíska ákvörðun um stefnumörkun. Vitaskuld er engin tilviljun að hér skuli flutt þáltill. um þjóðaratkvæði. Það er vegna þess að umræðurnar hafa ekki leitt til aðgerða. Það er vegna þess að það hafa ævinlega verið einhverjir í þjóðfélaginu sem hafa dregið lappirnar. Það getur verið að mat hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um að 99% þjóðarinnar vilji einn sameiginlegan lífeyrissjóð sé rétt, en ég hafði ekki gert ráð fyrir því að það væri alveg svona hátt. En ég er sannfærður um að það er yfirgnæfandi vilji þjóðarinnar að það sé gert og hefur verið lengi, en

það gerist ekki neitt.

Nú talar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson um það að í næstu viku leysist málin. Þessi nefnd er búin að skila ýmsum lagabútum hér inn áður og við erum með níu stykki gildandi lög í landinu um lífeyrissjóðina. Margt af því er frá þessari nefnd, en samt er kerfið eins og það er.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson talar um að nú muni nást samkomulag, að vísu með sérálitum, eins og hann bætir við. En hvers konar samkomulag er það? Ég verð því miður að segja, ég er búinn að ræða þessa lífeyrissjóði við mjög marga, að andstaðan gegn því hefur einungis komið frá einum hóp, þeim sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóðina í landinu. Mig grunar að þeir séu ekki í takt við fólkið í landinu. Það vill þetta. Ég vona að nú takist okkur hér á Alþingi að komast í gegnum þetta mál og taka þá pólitísku ákvörðun sem er nauðsynleg. Ef menn geta náð samstöðu og mótað stefnumörkun út frá því sem hér er lagt fram og ákveðið að það skuli tekinn upp einn sameiginlegur lífeyrissjóður eftir þeim línum sem hér eru lagðar þarf ekki þjóðaratkvæði, en tillagan er um þjóðaratkvæði vegna þess að Alþingi hefur aldrei tekið á málinu og það er nauðsynlegt að þjóðin fái þá að segja álit sitt og skera úr. Þetta er ekkert einsdæmi. Þetta hefur verið gert. Með þessum hætti komu menn á sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna í Svíþjóð. Það var með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar voru held ég fjórar eða fimm valspurningar sem menn gátu fengið að velja á milli.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði: Hvernig á spurningin að vera? Ég ætlaði ekki að flækja málið mikið. Spurningin er: Vilja menn að tekinn verði upp einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna sem sé uppbyggður eftir þeim meginlínum sem hér um ræðir, ekki bara um það hvernig réttindin muni verða heldur líka hvernig eigi að fara að því að koma honum á? Því er lýst hér í stuttu máli. Ef menn hafna því sitja menn í sömu sporum.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sem kallaði fram í áðan og sagði: En forréttindastéttirnar eru eftir. En guð minn góður. Ef við gerum ekki neitt hvar stöndum við þá? Eru ekki forréttindin nákvæmlega þau sem þau eru?

Hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um að ýmsir væru með greiðslur úr mörgum sjóðum og margfaldan lífeyrisrétt og hækkuðu í launum þegar þeir hætta að vinna. Þetta er sjálfsagt mikið rétt. En hver er einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir það? Að allir séu í einum sameiginlegum lífeyrissjóði því að þá eru réttindin samræmd.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði að þetta mál þyrfti ítarlega kynningu. Það er hárrétt. Auðvitað þarf það ítarlega kynningu. Þetta er eitt af fyrstu málum þingsins núna. Við getum rætt þetta í þinginu. Það er hægt að ræða þetta úti í þjóðfélaginu. Og auðvitað, ef það fer í þjóðaratkvæðagreiðslu, verður það rætt í þjóðfélaginu. Það gerðist í Svíþjóð þegar Svíar höfðu þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var rætt meðal þjóðarinnar og þeir komu þá fram sem höfðu gagnrýni fram að færa eða vildu að menn héldu sig í sömu sporum eða höfðu einhverjar aðrar skoðanir. Þannig kemst umræðan í gang. Og umræða hefur nú einhvern tímann komist í gang á skemmri tíma en þeim tíma sem er til næstu kosninga. Við skulum ekki láta stranda á því. Við skulum hafa umræðuna í gangi. Ef menn eru tilbúnir til að samþykkja þetta í þinginu núna þarf auðvitað ekki þjóðaratkvæðagreiðslu. En ég vil ekki bíða lengur. Tíu ára gömul nefnd hefur ekki komist lengra en raun ber vitni. Ár eftir ár hafa verið fluttar tillögur um þetta og ekkert gerist. Það þarf pólitíska ákvörðun í þessu máli.

Svo segja sumir, ég held að það hafi verið hv. þm. Karvel Pálmason sem sagði það reyndar fyrstur, að það sem skipti máli af hans sjónarhóli væri hvernig féð væri ávaxtað og þetta væri deildaskipt og væri ávaxtað úti í héruðum eða landsfjórðungunum. Guð minn góður! Ekki hef ég nokkurn skapaðan hlut á móti því. Ef þarf að kveða skýrara að orði um hvernig féð eigi að nýtast hinum ýmsu landsmönnum, að það sogist ekki í einn pott þar sem það nýtist misjafnlega, er það einfaldasta mál í heimi og ekki nokkur einasta ástæða til að láta málið stranda á því. Kemur ekki til greina. Við megum alls ekki láta svona stór mál, eins og hér hefur verið tekið undir, auðvitað er þetta stórmál, stranda á slíku atriði. Um það skulum við ræða ef það þykir ekki nógu tryggilega fram tekið í því sem hér er um fjallað.

Ég ítreka þakkir mínar til þeirra sem hafa tekið undir þetta. Mér var ánægja að því að hlusta á hv. þm. Guðmund H. Garðarsson ræða þessi mál því að hann talaði af þekkingu og reynslu. Hann sagði að það væru fjórir aðilar sem skiptu máli í þessu sambandi. Þar á meðal eru ríkið og Alþingi. Ríkið hefur nú fulltrúa sína hér á þingi þannig að afstaða Alþingis skiptir máli. Í því máli er um tvo kosti að ræða, að mínum dómi, annaðhvort að samþykkja að fara í þjóðaratkvæði eða samþykkja að þessi stefna skuli tekin upp. Það sagði fólkið. Ég er sannfærður um að fólkið vill þetta og einfaldasta leiðin til að ganga úr skugga um það er auðvitað að fara með þetta í þjóðaratkvæði. Síðan nefndi hann aðila vinnumarkaðarins. Þetta er samningamál. Þetta er kjaramál, hv. þm., það er hárrétt. En það er líka tekið á því í þessu hér og þegar menn eru að tala um hinn mismunandi lífeyrisrétt, eins og t.d. að opinberir starfsmann hafi meiri lífeyrisréttindi en svari til lífeyrisgreiðslna þeirra, er það partur af þeirra kjörum og það er ítarlega fjallað um það í þessari grg. hvernig með skuli fara vegna þess að vitanlega mun hinn nýi sjóður ekki geta veitt jafnmikil lífeyrisréttindi. En þetta er hluti af þeirra kjörum núna og þess vegna er gert ráð fyrir að opinberir starfsmenn verði að velja hvað þeir vilja í framhaldi. Vilja þeir að hluti af þeirra kjörum verði umframréttur sem verði þá í viðbótarsjóði, umframlífeyrisréttur sem sé utan við þetta, eða vilja þeir fá það í launum og telja að þeir séu nægilega tryggir eins og

þetta er hér? Við verðum einfaldlega að viðurkenna að svona er staðan núna og þetta er hluti af þeirra kjörum.

Á öllum þessum atriðum er leitast við að taka í till. Það er ekki einu sinni fyrirskipun um að þeir sjóðir sem nú eru starfandi skuli leggjast niður heldur er gert ráð fyrir að þeir geti starfað áfram ef þeir vilja, þeir skuli eiga þess kost að flytja eignir sínar og skyldur inn í hinn nýja sjóð. Og ef þeir óska eftir inngöngu verða eignir þeirra og skyldur metnar. Ef það mat gefur til kynna að eignir þeirra séu meiri en svarar til þeirra réttinda og skyldna sem þeir hafa ráða menn því hvort þeir deila út afgangnum af sjóðunum. En ef, eins og líklegt er að komi upp í mörgum tilvikum, eignirnar hrökkva ekki til að greiða félögum í sjóðunum það sem þeim hefur verið heitið er hér lágmarksákvæði um að ríkið tryggi að félagarnir fái a.m.k. 85% af því sem þeim hefur verið heitið og ríkið hlaupi undir bagga. Verður það ekki dýrt? spyrja menn. Nei, það verður ekki dýrt vegna þess að að öðrum kosti mundi þetta fólk lenda í tekjutryggingarflokknum. Það eina sem menn hafa gert er að stela af því peningunum sem það var búið að greiða í lífeyrissjóðakerfið. Það er þess vegna sem verið er að setja undir þennan leka hér. En sú hörmulega staðreynd viðgengst að menn hafa greitt árum, áratugum saman í lífeyrissjóð og fá sama og ekkert út úr kerfinu. (**JBH:** Þetta er tilboð sem erfitt er að hafna.) Rétt, það er verið að gera þeim tilboð sem erfitt er að hafna og ég vona að þeir beri gæfu til þess, ef þetta verður samþykkt, að sameinast í þessum sjóði. En vitaskuld er staðreyndin sú, og það verða menn að hafa í huga, að samkvæmt þessari till. rennur ekki einn einasti eyrir í neinn annan sjóð en hinn eina sameiginlega lífeyrissjóð eftir 1. janúar 1991 og þeir sjóðir sem hugsa sér að starfa áfram eftir þann tíma gera það á grundvelli þeirra eigna sem þeir eiga þá og þeirra réttinda sem þeir hafa lofað starfsmönnum sínum fram til þess tíma. En eftir það byrja menn að safna réttindum í hinum nýja sjóði. Þannig er þetta hugsað.

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að heyra hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson tala um að þegar hann fór að reyna að kynna sér lífeyrissjóðakerfið varð hann bara ruglaðri og ruglaðri. Mér kemur það ekkert á óvart. En hvernig haldið þið að blessuðu fólkinu í landinu líði með þetta lífeyrissjóðakerfi þegar hv. þm., reyndar höfundur heillar hagfræðikenningar sem er við hann kennd, verður bara ruglaðri og ruglaðri við það að fara að reyna að kynna sér þetta? Hvernig haldið þið þá að fólkinu í landinu gangi að botna í þessu? Auðvitað er sannleikurinn sá að því gengur ekkert að botna í þessu. Það botnar hvorki í réttindum sínum né réttindaleysi.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að tala um að til greina kæmi að það gæti verið gegnumstreymiskerfi að hluta, en hann viðurkenndi líka í reynd að eins og staðan er núna gengur ekkert annað en að vera með uppsöfnunarkerfi. Það er líka það kerfi sem við þekkjum. Það er auðveldast að byggja áfram á þeim grundvelli. Ég legg til að við getum skoðað það eftir 10–15 ár hvort það geti verið ástæða til þess að taka að einhverju leyti upp gegnumstreymisfyrirkomulag, en eins og staðan er núna kemur það ekki til greina og mín skoðun er reyndar sú að uppsöfnunarkerfi sé langtum tryggara en gegnumstreymiskerfi og þess vegna eigi menn að halda sig við það.

Menn segja margir: Þetta er flókið og vandasamt mál. Auðvitað er það bæði flókið og vandasamt. En það gerir enn þá brýnna að á því sé tekið og ákvörðun sé tekin. Menn geta horft til baka og sagt: Árið 1975 áttum við þennan svaka séns. Þá var auðvelt að gera þetta, sagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ef ég man rétt. En nú er það erfitt. Auðvitað geta menn séð eftir því að það var ekki gert árið 1975, en það firrir okkur ekki því að við eigum ekki að gefast upp. Það gerir ábyrgð okkar enn þá meiri. Við verðum þá að taka á málinu núna og ekki láta það bíða enn þá lengur þegar það er kannske orðið enn þá erfiðara.

Ég held að þetta mál sé ekki svo erfitt, ekki svo flókið að það sé ekki viðráðanlegt. Og ég tel, herra forseti, að í þeirri grg. og tillögugrein sem hér liggur fyrir hafi verið farið vandlega ofan í öll helstu atriði sem máli skipta í þessu efni og að menn geti af þessu ráðið þá meginlínu sem um er að ræða, þá meginlínu sem á að vera fær, þá meginlínu sem felur það ekki í sér að það eigi að brjóta á neinum, þá meginlínu sem felur það í sér að þau réttindi sem menn hafa núna eru öll viðurkennd, þá meginlínu sem felur það í sér að réttindi allra verði tryggari og öruggari í framtíðinni.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Mér þykir vænt um góðar undirtektir undir þetta mál. Við flm. erum reiðubúnir til samstarfs við alla aðila. En mér er mjög í mun að málið verði afgreitt og ég heiti á alla þá sem hafa sýnt góðan vilja og aðra þá sem hér hafa verið og jafnvel þá sem eru fjarstaddir að gangast í þetta mál svo það óréttlæti og það ranglæti sem viðgengist hefur í þessum málum taki enda og ákvörðun verði tekin um að koma á réttlátu og skynsamlegu kerfi.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig rétt athugað hjá hv. síðasta ræðumanni að hér þarf pólitíska ákvörðun og trúlega fá menn tækifæri til að taka pólitíska ákvörðun í ljósi þess hvað almenningur í landinu vill. Komi ekki í ljós pólitísk ákvörðun áður en til næstu alþingiskosninga verður gengið fá menn kannske umboðið þar til að taka pólitískar ákvarðanir.

Hv. þm. Ég ætla að taka það fram strax að ég taldi mig heldur mæla með þessu máli en gegn því. Að vissu leyti er ég með. (**JBH:** Fór það eitthvað milli mála?) Já, mér heyrðist það á hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, en hann hefur misskilið það væntan-

lega. Það sem býr mér í brjósti, og ég er ekki viss um að menn setji sig alveg inn í það, er það... (**JBH:** Hv. þm. talar ekki nógu skýrt.) Hv. formaður Alþfl. ætti að sitja kyrr og hlusta. — Mér finnst að það hafi of mikið fjármagn verið dregið frá landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Af hverju held ég þetta? Finnur þetta enginn nema ég? Mér fannst á hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, formanni Verkamannasambandsins, að honum vefðist nánast tunga um tönn þegar hann talaði um þennan hlut. Hann var tregur í taumi til að taka undir þetta sem samnefnari ekki síst landsbyggðarfólksins. (**GJG:** Ég viðurkenndi þetta.) Það var dræm viðurkenning, hv. þm. Við skulum fá útskriftina.

En af hverju segi ég þetta? Það var í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð á sínum tíma í upphafi að fjármagnið skyldi ávaxtað í heimabyggð. Það var held ég framkvæmt á einum eða tveimur stöðum á landinu. Og af hverju var það ekki gert? Vegna þess að kerfiskarlarnir neituðu því. Hvaða kerfiskarlar? Hér í Reykjavík. Sú var reynslan og nákvæmlega sömu reynslu fékk ég við mín afskipti er ég barðist fyrir breytingu á ávöxtun orlofsfjárins. Kerfiskarlarnir í Reykjavík, bankastjórarnir í Reykjavík sumir hverjir, Póstgíróstofan hér í Reykjavík, hæstv. ráðh. félagsmála börðust gegn þessu. Er ástæða til annars en að menn séu svartsýnir á að það sé nauðsyn að taka sérstaklega fram um hvar fjármagnið er ávaxtað?

Ég er ekki í neinum vafa um að almenningur í landinu vill breytingu á því kerfi sem nú er. Það er enginn vafi á því. Á því eru margir gallar. En ég tek eigi að síður undir með hv. þm. Guðmundi Garðarssyni að þeir sem að þessu hafa unnið hafa a.m.k. talið sig gera og hafa gert vel í þessum efnum, en allt er þetta breytingum háð.

Ég segi fyrir mig og ég spyr hv. þm., ég tala nú ekki um dreifbýlisþingmennina, þeir ættu a.m.k. að skilja það og ég hygg hinir líka, hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki, það er svo annað mál: Skiptir það engu fyrir atvinnulífið við skulum segja á Vestfjörðum og fólkið sem þar býr að bæta við kannske 500–660 milljónum á ári í ávöxtun í heimabyggð í staðinn fyrir að senda það suður í Reykjavík? Skiptir ekki meginmáli fyrir íbúana á þessum svæðum hvar fjármunirnir eru ávaxtaðir? Það er stórmál í mínum huga. Það er líka stórmál í mínum huga ásamt hinu að auka og varðveita lífeyrisréttindi þess fólks sem við erum hér að tala um. Og ég bið menn að gleyma því ekki. Ég lít á þennan þátt málsins sem stórmál. Ég sagði hér áðan að ef okkur tækist að fara þá leið með einum lífeyrisréttindasjóði, deildaskiptum, með ávöxtun í heimabyggð er málinu vel borgið, en því er ekki nógu vel borgið með því að hafa bara einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Við verðum að koma því til skila hvernig á að ávaxta féð og hvar það á að gera og við verðum að gera meira en að setja það á blað, við verðum að framfylgja því. Við getum ekki liðið það öllu lengur að kerfiskarlar ráði því hvort lög eru brotin eða ekki. Það gengur bara ekki fyrir Alþingi.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði að ég treysti ekki öðrum á Vestfjörðum fyrir lífeyrissjóði Bolvíkinga. Ósköp einfalda menn þetta. Hv. þm. Finnst þér þetta rétt? Það gilda í mínum huga miklu æðri sjónarmið en hv. þm. var að tala um, þau sjónarmið að það komi þeim sem leggja til féð að því gagni sem mest má verða. Og hvar er því best borgið? Er því betur borgið í höndunum á hv. þm. í Reykjavík en fulltrúum þess fólks sem byggir staðinn? Það er algjör hugsanaruglingur hjá hv. þm. að tala með þessum hætti og á engan hátt samboðinn okkur. (**GJG:** Er ekki sjálfstæður lífeyrissjóður í Bolungarvík?) Hann er sjálfstæður, jú. Og til hvers sjálfstæður? Til þess að heimafólkið ráði, ekki aðrir. Það er tilgangurinn. (**GJG:** Ísfirðingar hyggjast skipta sér af því.) Ha? Geta þeir skipt sér af því? (**GJG:** Svoleiðis að Ísfirðingar hyggjast skipta sér af því.) Ísfirðingar? Það er enginn að tala um Ísfirðinga í þessu efni. Þeir ráða fyrir sig. Af hverju á ég að skipta mér af því? Ég legg ekki allt undir, bæði land og mið, eins og hv. þm. vilja gera hér, Guðmundur J. Guðmundsson. Mér nægir bara heimaslóðin, fer ekkert lengra. (**SJS:** Er það nú alltaf?) Það er alltaf, já, hv. þm. Steingrímur Sigfússon. Mér nægir yfirleitt heimaslóðin og reyni þá að þjóna henni betur en að leggja allt undir og káfa og vasast í öllu. Það þjónar litlum tilgangi.

Nei, Guðmundur J. Guðmundsson. Þetta er ekki minn hugsanaháttur. Ég treysti ýmsum mönnum fullkomlega, en ég vil sjá afraksturinn hjá því fólki sem leggur til fjármagnið. Það þjónar atvinnurekstrinum, það þjónar launþeganum, það þjónar byggðarlögunum sem eiga undir högg að sækja vegna þeirrar fjármálastefnu, sem ríkt hefur í landinu um áraraðir, að soga allt fjármagn hingað á Reykjavíkursvæðið. Það er það sem ég vil fyrirbyggja með mínu tali að því verði dengt hér inn til viðbótar því sem fyrir er og sogað allt fjármagn af landsbyggðinni hingað til Reykjavíkur.

Ég get tekið undir að það verður kannske ekki langt í að lífeyrisréttindamálin verði orðin svipuð og skattamálin eru í dag, sú svívirða sem ríkir í skattamálum. Það verður trúlega ekki langt að bíða eftir því að breytingarnar verði svo miklar að við sjáum álíka dæmi þar eins og er í skattamálunum. Nú er svo komið að almenningi í landinu ofbýður hvernig skattamálin hafa þróast. Menn geta sagt löglegt en siðlaust, það skiptir engu máli, en óréttlátt er það svo úr hófi gengur hvernig skattlagningin er.

Ég tek undir með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Auðvitað látum við þetta mál ekki stranda á því hvernig ávöxtunin verður. Við komum því til skila. Það verður líka spurt um það og ekki skal standa á mér. En þennan þátt verður að taka inn. Ég hygg að ég tali fyrir munn flestra dreifbýlisbúa þegar ég segi: Við líðum ekki lengur að meira fjármagni verði safnað saman á þetta svæði til útdeilingar til okkar eftir hentisemi en nú þegar er gert. Við eigum að krefjast þess að það verði snúið til baka og það verði

meiru haldið eftir í fjórðungunum en nú er. Það er kannske spurning um hvort við getum snúið af þeirri óvissubraut, þeim þrengingum sem nú herja á landsbyggðina, vegna þess hvernig fjármálastefnan í landinu er.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja það um hv. síðasta ræðumann að það er kannske rétt sem formaður Alþfl. kallaði til hans áðan úr salnum að hann talaði ekki nógu skýrt. Ég hef alltaf haldið að hann talaði skýrt og álitið hann þannig og ekki efast um að það sem hann hefur sagt væri það sem hann meinti, en e.t.v. hefur formaður Alþfl. eitthvert annað álit á hans máli. (**JBH:** Nei, nei, nei, nei.)

Hann ræddi um orlofsféð og vörslu þess og var að senda mér litla sneið. Hann talar um kerfiskarla í því máli, að þeir hafi lagst gegn lausn þessa. En ég hef alltaf skilið það þannig og ég get ekki lesið annað úr lögum um orlof en að það hafi verið aðilar vinnumarkaðarins sem ákváðu þá stefnu sem þar var tekin og hafi staðið vörð um hana. Ég hef aldrei heyrt það fyrr að þeir aðilar, bæði aðilar launþega og atvinnurekenda, væru kallaðir kerfiskarlar í þessu máli. Ég vil líka taka fram að hv. þm. Karvel Pálmason hefur verið þarna innan dyra og haft tækifæri til að hafa góð áhrif á þetta mál. Það hefur ekki staðið á félmrh. að leiða það til réttrar áttar. Ég bíð eftir tillögum aðila vinnumarkaðarins og frá þeirri nefnd sem fjallar um þetta mál.

En það sem hér er til umræðu get ég tekið undir að er eitt af þýðingarmestu málum, þ.e. lífeyrissjóðamál landsmanna. Það er enginn vafi. Það vill svo til að fjöldi þm. úr öllum stjórnmálaflokkum á hv. Alþingi hefur flutt árum saman þáltill. um endurskoðun á tryggingakerfinu og þar með þeirri hugmynd að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn þó að það sé ekki nema að litlum hluta til tilgreint í grg. þáltill. sem hér er til umræðu. Ég held að það hafi flestallir, a.m.k. stjórnmálamenn, látið þá skoðun í ljós að þeir væru sammála um að þetta ætti að gera. En sjálfsagt vita allir sem eru viðstaddir a.m.k. þessa umræðu að auðvitað hefur þetta alltaf strandað á því að núverandi fjöldasjóðakerfi hefur gert málið svo viðkvæmt að það hefur aldrei verið hægt að ná viðunandi samkomulagi um lausn þessa máls. Árin hafa liðið. Erfiðleikarnir við að finna sameiginlega lausn hafa vaxið með hverju ári sem liðið hefur.

Það er þessi stóra nefnd sem skipuð var á sínum tíma. Ég las með mikilli athygli þá skýrslu sem hún skilaði af sér 2. maí 1985. Ég verð að viðurkenna að ég var jafnnær eftir lestur þeirrar skýrslu um hvernig væri hægt að framkvæma þetta mál. Að sjálfsögðu var ég búinn að frétta af því, sem hv. 7. þm. Reykv. var að segja áðan, að nefndin undir forustu Hallgríms Snorrasonar væri nú að koma með ákveðnar tillögur, en einhvern veginn býður mér í grun að það verði sama uppi á teningnum þar. Það verði kannske 2, 4, 6, 8, 10 hugmyndir á lofti en engin þannig að það sé hægt að ganga beint að verkinu eins og þyrfti að gera að mínu mati.

Ég tek undir mál hv. þm. sem hafa talað í þessu máli. Það er Alþingi sem verður að taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar og reyna að sameinast um að finna framtíðarlausn. Það er það eina rétta í þessu máli. Ég held að það sé augljóst mál, sem hefur komið fram í umræðunni, að aðalatriðið, a.m.k. eins og ástandið er, er að jafna réttindi fólks í landinu þannig að allir þegnar þessa lands nálgist það að búa við öryggi í þessu blessaða velferðarríki sem við státum okkur af að búa í, en allir hv. þm. vita hvað þarna er mikið misræmi, mikið óréttlæti á öllum sviðum. Ég tel að þetta sé kjarni málsins í dag ef hv. þm. geta í gegnum svona tillöguflutning og málsmeðferð hér á hv. Alþingi fundið einhverja nýja leið til þess að skapa þetta öryggi. Tryggingalöggjöfin gerir það því miður ekki í dag. Við höfum allir verið sammála um að vernda almannatryggingakerfið og að reyna að betrumbæta það í gegnum tíðina, en samt er það svo að núna, á árinu 1986, þá getum við auðveldlega flett upp óréttlætinu sem þetta tryggingakerfi býr yfir. Það bætir ekki stöðu þeirra sem fyrst og fremst þurfa á samtryggingu að halda, heldur þvert á móti. Það eru aðrir, sem síður þurfa, sem njóta þess miklu meira. Þetta held ég að sé ákaflega alvarlegt mál sem svona umræða þarf að fjalla um.

Við höfum rekið okkur illilega á það í sambandi við nýsamþykkt lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem fjármagn lífeyrissjóðanna kemur inn í það kerfi og lánsréttur fólks miðast við þann lífeyrisrétt sem það hefur. Þá kemur vel í ljós hvernig þessi lánsréttur kemur út. Og því miður verður að segja það alveg eins og er að það kemur manni á óvart hversu margir, sem maður hafði haldið að væru örugglega í lífeyrissjóðum a.m.k. frá 1980 eða 1982, hafa gjörsamlega lent utan við þetta lífeyrissjóðakerfi þrátt fyrir ströng lög og reglur og kynningu o.s.frv. Þetta er náttúrlega eitt atriði sem sýnir það öryggisleysi sem við höfum ekki áttað okkur á á undanförnum árum. Við héldum að almannatryggingakerfið og lífeyrissjóðakerfið væri búið að ganga þannig fram að það væri nokkurn veginn ljóst að allir þegnar þjóðfélagsins væru tryggðir. En það er svo langt, langt í frá og hefur komið hér fram í umræðum á undanförnum dögum um ýmis mál sem hér eru að koma upp.

Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt og gagnlegt að umræður um þessi mál fari fram hér á hv. Alþingi og menn fletti upp sem flestum svona vanköntum á því velferðarþjóðfélagi sem við erum öll sammála um að hér eigi að ríkja. Og þá er náttúrlega næsta atriðið að sameinast um aðgerðir sem væru framkvæmanlegar. Ég tek hins vegar undir það sem hér hefur komið fram að ég hef vissar efasemdir um það að þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál á næsta vori skili málinu í höfn. Ég held að við þurfum að ræða þetta miklu betur og flokkarnir ættu að sameinast um það að takast á við þetta mál og reyna að finna

viðráðanlegt kerfi, sem a.m.k. gengur út á það að tryggja þetta öryggi sem ég tel að sé vantryggt, það er númer eitt, að finna leið út úr þessum vanda sem allir geti verið nokkurn veginn sáttir við. Ég tel að það sé aðalmálið. En við getum ekki haldið áfram ár eftir ár að ræða þessi mál, hver flokkurinn á fætur öðrum frá fyrstu tíð hefur lýst yfir stuðningi við stefnuna um það að settur verði upp sameiginlegur lífeyrissjóður og það tryggingasjóður án þess að láta það vera nema orðræðuna eina. Það er löngu, löngu tími kominn til að takast á við þetta mál í alvöru.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Tilefnið var nú kannske m.a. og ekki síst það að mér fannst hv. flokksbróður minn og samþingsmaður Karvel Pálmason, kvarta undan því að ég hefði ekki tekið nógu vel eftir því að hann styddi þetta mál. Það getur vel verið að í hita umræðunnar hafi það ekki komið nægilega skýrt fram hjá mér, en ég tók nú samt eftir því. Mér fannst líka að það væri svona eins konar ábending frá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, sem hv. þm. Karvel Pálmason ítrekaði, um það að þeir sem hafa unnið í þessu hafi reynt að gera eins vel og þeir hafi getað. Ég vil bara benda á að sú skoðun mín kemur fram í grg., þar sem segir m.a.: „Ekki er þó að efa að ýmsir starfsmenn sjóðanna hafa kappkostað eftir mætti að gera eins vel og unnt er." Gagnrýni mín á kerfið beinist ekki að einstökum starfsmönnum heldur á kerfið sem slíkt. Gagnrýni mín beinist náttúrlega líka gegn þeim sem hafa staðið gegn því að endurbætur væru gerðar. Og nú upplýsir hæstv. ráðherra að það nál. sem sé í vændum muni líklega vera 4, 6, 8 eða 10 hugmyndir, og það er þá af sama sauðahúsinu og áður, og ekki veit ég hverja af hugmyndunum hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ætlar að velja ef þetta reynist vera rétt hjá ráðherra.

En sannleikurinn er sá að það er búið að reyna þessa leið í tíu ár. Og auðvitað hafa menn glaðst fyrir hvert lítið skref. En þau hafa alltaf verið svo agnarlítil og menn hafa rekið sig hver á annars horn í þessu og það verður eins í framhaldinu. Þess vegna verður að taka á þessu.

Það var athyglisvert að heyra það hjá hæstv. félmrh. að í ljós hefði komið núna að þrátt fyrir öll lagafyrirmæli væri fjöldi fólks utan við kerfið. Ráðið er vitaskuld, til þess að hægt sé að hafa eftirlit með þessu, að menn séu í einum sjóði. Meðan við erum með þetta fjölsjóðakerfi og uppálöppun á því þá mun það ekki ganga upp.

Ég vil að lokum einungis segja það að auðvitað verður Alþingi að taka af skarið í þessum efnum. Það getur gerst með tvennum hætti, annaðhvort með þeim hætti að menn taki af skarið núna á þessu þingi, ellegar að menn fari í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem gefur Alþingi þann bakhjarl að það er skuldbundið til þess að taka af skarið og ákveða löggjöf um þetta efni á þinginu þar á eftir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast hér við einstaka hv. þm. en ég get þó ekki orða bundist út af því sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur sagt hér í tvígang í þessum umræðum. Hann vill halda því fram að við, sem höfum staðið að þessu lífeyrissjóðakerfi, höfum staðið í vegi fyrir því að nauðsynlegar breytingar gætu átt sér stað. Og raunverulega vildi hv. þm. halda því fram að við hefðum komið í veg fyrir það. Þetta er ekki rétt. Ég held að hv. þm., eins og aðrir hv. þm., verði að þola það að fólkið í landinu verður að fá að fjalla um sín eigin mál á meðan hv. Alþingi hefur ekki gert betur. Það er ekki hægt að sakast hér úr ræðustóli í hv. Alþingi við þá sem vinna sín störf úti í þjóðlífinu fyrir það að gera sitt besta.

Það vill svo til að ég hef verið þátttakandi í því að þróa upp einn lífeyrissjóð, og það hefur verið gert á grundvelli þess frelsis sem við eigum, ég get nú ekki sagt við af því ég er staddur hér í dag, sem það fólk á sem er utan við sali Alþingis. Það er þessi frjálsi samningsréttur. Við höfum getað þróað þessi mál utan sala Alþingis og utan stjórnmála í frjálsum samningum. Stjórnmálamenn hafa því miður brugðist í þessu máli í gegnum árin. Þeir glötuðu góðu tækifæri til frumkvæðis á árunum í kringum 1970. Það er ekki hægt að sakast við okkur hin, sem höfum verið þátttakendur í verkalýðshreyfingunni, fyrir það sem við höfum reynt að gera í þessum grundvallarréttindum fólks, sem eru tryggingaréttindi í nútímaþjóðfélagi. Sem sagt, verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins, sem og opinberir starfsmenn og aðrir, gripu til sinna ráða og reyndu að tryggja sér þessi réttindi eftir bestu getu miðað við samningsaðstæður. Svo er það annað mál að samhliða því létu hv. alþm. undir höfuð leggjast á þessum tveim áratugum, sem verkalýðshreyfingin var að vinna fyrir sína umbjóðendur, að gæta þess að einhver yrði ekki út undan í þessari þróun, og það er sá fjöldi manna sem hæstv. félmrh. gat um hér áðan, það eru þær þúsundir manna sem eru utan við öll réttindi í lífeyrissjóðakerfinu og verða að treysta á almenna tryggingakerfið. Það fólk hefur orðið gjörsamlega út undan í umræðunni. Réttindi þess eru orðin sáralítil og fyrir neðan allar hellur að ekki skuli hafa verið athugað hér á hv. Alþingi að laga réttindi þessa fólks. Þess vegna sagði ég áðan í minni ræðu að það þyrfti að endurskoða hvort tveggja samhliða, þ.e. lífeyriskerfið og almannatryggingakerfið. Það er grundvallaratriði. Og menn ættu ekki að ræða um þessi mál án þess að samtengja þetta hvort tveggja í umræðu.

En það er ekki eins einfalt að fjalla um þetta eins og það lítur út fyrir. Það er hægt að koma með alls konar þáltill. o.s.frv., en menn verða að ræða þessi mál á þeim grundvelli sem þetta byggist allt á. Og þá kem ég að því atriði þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir að átta manna nefndin svonefnda og sautján manna nefndin hafi ekki gert nokkurn skapaðan hlut. „Það hefur ekkert gerst", sagði hv.

þm. Þetta er alrangt. Það hefur mikið gerst á þessum tíu árum, en ekki nægilega mikið, (Gripið fram í.) en ekki nægilega mikið, það er bara kjarni málsins. En það eru tvö meginatriði sem valda því hversu erfitt hefur verið fyrir þessa nefnd, ég er einn af nefndarmönnum, hversu erfitt hefur verið fyrir þessa nefnd að skila áliti. Og það er þetta grundvallaratriði: Hvernig á að ákveða grundvallarréttindi? Þ.e. hver á grunnur tryggingabóta að vera? Og hvernig á síðan að haga verðbreytingum eða vísitölum í tengslum við þessar grunnbætur sem almannakerfið á að veita í samræmdu lífeyriskerfi? Þetta er ekkert einfalt mál. Þetta grípur inn í samninga. Þetta grípur líka inn í það hvað á að gera við þá sem ekkert hafa fengið eða lítið fá í almannatryggingakerfinu. Og þetta grípur líka mjög sterklega inn í samninga opinberra starfsmanna. Vill hv. þm. lýsa því hér yfir nú í umræðunni að hann sé reiðubúinn til þess að gera það sem gera þarf til að samræma réttindi þeirra sem eru annars vegar úti á almenna vinnumarkaðnum og svo hinna sem hafa lífeyrisréttindi skv. samningi við opinbera starfsmenn? (**KJóh:** Lestu grg. Það er tekið á því þar.) Það er ekki tekið á því þar. Ég er búinn að renna yfir grg., það vantar mikið á það. Ég vil sjá það skýrt og skorinort af hálfu hv. alþm. Kjartans Jóhannssonar að hann taki á þessu með þeim hætti að íslenska þjóðin hafi greiðslugetu innan þess tryggingakerfis sem við erum að tala um fyrir næstu áratugi. Það er það sem skiptir máli.

Við skulum hafa það í huga að aldursskipting þjóðarinnar eftir stéttum er afar mismunandi. Í hinum almennu verkalýðsfélögum er aldrað fólk. Í þjónustugreinum er ungt fólk, verkfræðingar hafa allt önnur tryggingakjör heldur en hinn almenni verkamaður o.s.frv. Þetta er það sem þarf að huga að þegar maður er að ræða um þessi mál. Ég veit að hv. þm. Kjartan Jóhannsson vill laga þetta og leiðrétta en við skulum ekki einfalda það og við skulum ekki gagnrýna þá sem hafa unnið að þessu og reynt að leysa það.

Það er sem sagt mjög þýðingarmikið að þetta sé rætt efnislega en ekki eftir þessum gömlu pólitísku línum, að kenna öðrum um eða reyna að búa sér til stöðu á kostnað annarra sem eiga það ekki skilið. Mér finnst það ómaklegt gagnvart þeim sem ekki hafa tækifæri til að fjalla um sín mál hér á hv. Alþingi. Ég legg þess vegna áherslu á það að við þróum þessi mál upp á efnislegum rökum og í samræmi við greiðslugetu íslensku þjóðarinnar í framtíðinni. Við skulum ekki gefa of miklar vonir. Við skulum líka gera það upp við okkur, sem er mjög þýðingarmikið og ég vona að hv. þm. muni ræða það síðar: Ætlum við að skapa fólki rétt á grundvelli ævitekna, 100%, eða ætlum við að hafa ákveðið hámark og ákveðið lágmark? Ætlum við að hafa uppsöfnun samtengt gegnumstreymi, eða hvernig ætlum við að fara í þetta? Þetta er það sem átta manna nefndin hefur m.a. verið að fjalla um.

Ég á ekki von á því, því miður, að nefndin geti skilað því áliti að allir geti orðið sammála. Ég fyrir mitt leyti er ekki sammála öllum þeim atriðum sem nefndin hefur svona hér um bil komið sér saman um. Þannig að í sambandi við störf átta manna nefndar hef ég áskilið mér ákveðinn rétt til þess að koma með brtt., bæði í sambandi við störf nefndarinnar og svo væntanlega hér á Alþingi Íslendinga ef ég á hér sæti.

En sem sagt, ég legg áherslu á það að við skulum ekki einfalda þetta. Við skulum ekki gera þetta að pólitísku uppboðsmáli í kosningum. Við skulum frekar standa við það sem máli skiptir fyrir tryggingaþega, þ.e. að skapa þeim mannsæmandi lífeyrisréttindi.

Forseti (Helgi Seljan):

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég taka fram að hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson hefur þegar talað þrisvar og á þess vegna ekki kost á því að taka þátt í þessari umræðu, nema ef hv. þm. sér ástæðu til að bera af sér vissar sakir.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er örstutt. Ég held að það hafi verið hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem orðaði það svo áðan að andstaðan frá þeim sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóðina væri í þessu máli. Ég hef vísað hinu frá. Hér er einn af slíkum. Og ég hef ekki sýnt þessu andstöðu. Ég hef vissar grundvallarhugmyndir um það hvað skuli koma inn í þetta, en alls ekki sýnt því andstöðu. Þannig að það komi hér fram.

En ég þarf nú að rifja hér upp örfá atriði varðandi hæstv. félmrh. Hann er greinilega farinn að ryðga í ríminu. Ég sagði hér áðan að hann, ásamt fleirum, hefði staðið í vegi fyrir því að ávöxtun orlofsfjár færi heim í heimabyggðirnar, í peningastofnanir þar. (**Félmrh.:** Þetta er algerlega rangt.) Þetta er ekki rangt, hæstv. ráðherra, við skulum fletta upp umræðunum um ríkisábyrgð á launum, sem fram fór fyrir tæplega tveimur árum síðan, þegar hæstv. ráðherra greiddi atkvæði gegn því að launþegar á Vestfjörðum nytu ríkisábyrgðar á sínu orlofsfé eins og aðrir sem greiða inn í póstgíró. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að fletta þessu upp. Við skulum lesa það saman eina kvöldstund, vita hvort við komumst ekki að sömu niðurstöðu um það. Það gerði hæstv. ráðherra, hann beitti sér gegn því að Vestfirðingar nytu sama réttar í þessu efni og aðrir landsmenn. Og það voru fleiri en hann, án þess að ég ætli að fara að telja það frekar upp hér. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það var, og er kannske enn en ég vona þó dvínandi, andstaða innan verkalýðshreyfingarinnar varðandi orlofsfjársöfnunina eins og hún er á Vestfjörðum. Mér er það alveg ljóst. Það er rétt. En ég vænti þess að ég sé búinn að ná einhverjum yfir á rétt ról til þess að fólkið geti notað þetta sjálft, eins og það á að gera. Mér er það alveg ljóst að andstaðan var líka í eigin herbúðum innan verkalýðshreyfingarinnar varðandi þetta mál, en ég hygg að menn hafi séð að sér.

Forseti (Helgi Seljan):

Hv. 3. þm. Reykn. hefur þegar talað tvisvar, og gert auk þess örstutta athugasemd, en hefur óskað eftir að bera af sér sakir.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það var alrangt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að ég hafi ráðist gegn þeim sem hafa starfað í þessum sjóðum. Eins og ég gerði hér grein fyrir kemur m.a.s. fram í grg. að ég tel að þeir hafi gert eins vel og þeir hafa getað miðað við aðstæður. Hins vegar fer ég ekkert ofan af því, enda hefur það verið staðfest hér í umræðunum, að andstaða gegn því að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði hefur m.a. komið frá forsvarsmönnum innan þess sjóðakerfis sem við búum við núna, og það var staðfest af hæstv. félmrh., og það var staðfest af hv. þm. Karvel Pálmasyni (**KP:** Frá sumum þeirra.) að sumir þeirra hefðu einmitt sýnt því máli andstöðu.

Ég mótmæli því líka, sem mér fannst koma fram í málflutningi hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, að ég sé með einhver upphlaup hér, einhver pólitísk upphlaup. Ég hef marglýst því yfir að ég hafi óskað eftir pólitískri samstöðu sem víðtækastri um þetta mál. En ég ítreka það að hér þarf pólitíska ákvörðun, öðruvísi verður ekki komist fram úr þessu máli.

Ég mótmæli því líka sem kom fram í málflutningi Guðmundar H. Garðarssonar, eða mátti á henn skilja, að ég væri að einfalda um of þetta mál. Ég hef margviðurkennt að það væri flókið. En það vitlausasta sem menn geta gert er að gera mál flóknara en það er. Það eigum við ekki að gera. Þeirrar tilhneigingar þótti mér gæta hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Örstuttar athugasemdir. Það er rangt, sem hér hefur komið fram, að þessi tíu ára lífeyrisnefnd, sem er nú fræg orðin, sé að skila einhverjum sex eða átta tillögum eða hugmyndum. Hún er að skila uppkasti að lagafrv. sem allar líkur eru á að náist fullt samkomulag um og tryggt er að a.m.k. sjö nefndarmenn af átta styðja. Og hverjir eru í þessari nefnd? Það eru aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúi ríkisvaldsins. Hverjir vinna með þeim? Tryggingafræðingar. Allir kunnugustu menn sem um þessi mál fjalla. Þó að hv. 3. þm. Reykn. telji það að bera af sér sakir þegar Guðmundur H. Garðarsson segir hér að hann sé að einfalda málið, þá er það rétt hjá Guðmundi H. Garðarssyni. Hv. þm. er að einfalda málið mjög. Þessi nefnd er að skila ítarlegum tillögum í mjög flóknum málum. Það er rétt. Ég tók það fram í fyrri ræðu að þetta hefði þurft að vera löngu búið. Og á ýmsum sviðum, sér í lagi í fyrirtækjasjóðum ýmsum, er í þessu ófremdarástand. Og það er líka rétt að tekjutryggingin þarf að færast upp á við þannig að bæturnar séu ekki hirtar úr lífeyrissjóðunum. Ég veit ekki hvort það er mikill ágreiningur efnislega. Ekki er ég „prinsippíelt" á móti einum lífeyrissjóði. Það sem ég legg bara fyrst og fremst upp úr er að vinna þessara manna, sem loksins hafa nú náð saman, sem hafa fjallað um þetta mál lið fyrir lið, sem er mjög flókið og snúið, kemur til með að liggja í næstu viku í frumuppkasti að lagafrv., sem ætti að vera möguleiki á að ræða hjá öllum aðilum og fá niðurstöðu um. Ef engar niðurstöður kæmu hjá aðilum vinnumarkaðarins þá gæti komið til kasta Alþingis. Ég teldi það rangt að grípa inn í þetta á þessu stigi. Og ég vil minna á að í febrúarsamkomulaginu í vetur s.l. eru mjög merkar till. einmitt í þessum lífeyrismálum. Svoleiðis að þetta er að gera hluti einfalda.

Ég vil bara ítreka: Þessi nefnd er að skila áliti, uppkasti að lagafrv. um hin flóknustu og vandasömustu mál. Í henni eiga aðilar vinnumarkaðarins og ríkisins sæti og þeim til aðstoðar eru helstu og hæfustu tryggingafræðingar þjóðarinnar. Sex og átta hugmyndir er hún ekkert að leggja fram. Það er rangt. Og það er óheiðarlegt að vera með slíkan málflutning hér. Ég vil sjá þessar tillögur og ég vil ræða þessar tillögur, bæði í mínu félagi, í Alþýðusambandinu, í Verkamannasambandinu, en mér er alveg ljóst að það þarf að fá botn í þessi mál og bæta þarna um. En því má hins vegar skjóta að til athugunar: Vissu hv. flm. nokkuð af því að það var að koma niðurstaða hjá nefndinni?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reiðvegagerð, fyrri umr.

Þáltill. PP og ÓÞÞ, 82. mál. — Þskj. 82.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ásamt með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni leyft mér að flytja till. til þál. um áætlun um reiðvegagerð. Tillögutextinn hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri áætlun um reiðvegagerð um landið. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Landssambandi hestamanna, einum tilnefndum af skipulagsstjóra ríkisins og tveimur án tilnefningar.

Nefndin meti hver þörf er á nýjum reiðvegum, hvar varðveita skal gamla reiðvegi og hvar er heppilegast að reiðvegir liggi þannig að hestamönnum sé greið umferð um landið.

Nefndin skili áætluninni fyrir haustið 1987 þannig að framkvæmdir geti hafist samkvæmt henni sumarið 1988."

Þannig hljóðar tillögugreinin.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og sífellt fleiri sækja sálubót og hreysti í samfélag við hesta og til ferðalaga á hestum. Nú er það svo að með aukinni bílaumferð og bættum akvegum er umferð ríðandi fólks um marga þjóðvegi landsins orðin

stórhættuleg og jafnvel ómöguleg. Á undanförnum árum höfum við sem kunnugt er unnið stórvirki í vegagerð en umferð hestamanna hefur ekki verið sinnt nema að mjög litlu leyti. Á árinu 1985 var t.d. einungis varið um 400 þús. kr. til reiðvegagerðar á fjárlögum og 1 millj. á þessu ári. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi. Nú þarf reiðvegagerð ekki að vera mjög dýr ef staðið er að henni af fyrirhyggju og sums staðar hefur Vegagerðin gætt þess við frágang vega, fyrir atbeina Landssambands hestamannafélaga, að reiðmönnum verði fær leið meðfram vegum. Þetta hefur hins vegar ekki alls staðar verið gert og af því hefur skapast slysahætta og leiðindi.

Vorið 1982 var gert samkomulag á milli Landssambands hestamannafélaga og ríkisins um gerð reiðvega, þannig að þess væri getið í útboði að það yrði að vera fær slóð fyrir hestamenn meðfram vegi. Því miður hefur þessu ekki verið framfylgt og vil ég þar ekki kannske eingöngu sakast við Vegagerðina. Þessu hefur ekki verið framfylgt alls staðar, en sums staðar hefur þetta verið framkvæmt. Ég nefni sem dæmi Sauðárkróksbraut í Norðurl. v., þar sem þess var gætt að ríðandi mönnum væri gert kleift að ferðast meðfram veginum. Þetta er þó reyndar ekki nógu góð lausn þó þarna sé þó ekki ófremdarástand. Í fyrsta lagi er nú Skagafjörður ekki eins fagur úr slóðinni þarna til hliðar við veginn eins og hann er frá öðru sjónarhorni og þetta er ekki skemmtileg reiðleið. Þar að auki er reynslan sú að lausir hestar leita upp á veginn og eru ekki fúsir að hlaupa meðfram veginum. Þeir leita upp á bundna slitlagið og af því skapast náttúrlega slysahætta og umferðartafir á leiðinni. Og það fer miklu betur á því að reiðvegir séu ekki lagðir alveg ofan í akvegum þar sem hægt er að koma því við.

Mörgum hefðbundnum reiðleiðum hefur verið lokað á síðari árum, reiðvegum sem farnir hafa verið frá alda öðli. Það þarf að skipuleggja umferð hestamanna. Hún á fullan rétt á sér og hún er nauðsynleg. Það þarf að skapa hestamönnum möguleika á því að ferðast um okkar góða land. Og það þarf ekki að vera mjög dýrt fyrirtæki. Það þarf að gera samkomulag við þá landeigendur sem eru hlutaðeigendur og slíkt samkomulag ætti í flestum tilfellum að vera auðfengið. Bændur vilja yfirleitt ekki loka landinu fyrir þjóðinni. Eignarréttinum á landinu er best fyrirkomið að minni hyggju þannig að bændur eigi jarðir sínar og upprekstrarfélög heiðarlönd. En það fylgir að sjálfsögðu sú kvöð að þjóðin öll geti notið landsins til útivistar. Og ég held að meðal bænda sé skilningur á þessu.

Hestamennska er mjög holl útivera og það er sjálfsagt að gera hana sem aðgengilegasta fyrir þá sem hana stunda. Ég undrast t.d. þolinmæði hestamanna hér í Reykjavík, með þá takmörkuðu aðstöðu sem þeim er fengin af hálfu borgaryfirvalda. Og sama má raunar segja um hestamenn í Kópavogi. Þeir eiga ekki margra kosta völ um reiðleiðir.

Ég tel að heppilegast sé að gera áætlun um það hver þörf sé fyrir reiðvegi um landið og hvar heppilegast sé að þeir liggi. Þannig mundu fjármunir og verktækni nýtast betur en ella því óhjákvæmilegt er að leggja stóraukna áherslu á þessar samgöngur.

Í niðurlagi grg. segjum við flm. frá því að Íslendingar hafi ferðast á hestum um landið frá upphafi Íslandsbyggðar og það sé óhæfa að gera þeim það ómögulegt nú. Þess ber að gæta að ríkisvaldið ver miklu fé til tómstunda og íþróttamála og einnig til lista. Hestamennska er hin göfugasta tómstundaiðja og auk þess bæði íþrótt og list þannig að eðlilegt er að verja allnokkru almannafé til að auðvelda fólki iðkun hestamennsku.

Ég vil að endingu geta þess að þing Landssambands hestamannafélaga, sem háð var um síðustu helgi á Egilsstöðum, þ.e. eftir að þessi till. kom fram, fagnaði þessari till. okkar einróma. Ég vil að endingu gera það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu fái allshn. till. til athugunar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þessi till. er sjálfsagt góðra gjalda verð, en ég er ekki alveg viss um að hún sé tímabær. Mér leikur t.d. nokkur forvitni á að vita hvað flm. hugsa sér að þessar framkvæmdir muni kosta. Ég segi að ég hafi nokkrar efasemdir um að þessi till. sé fyllilega tímabær vegna þess að það háttar þannig til í sumum kjördæmum landsins að þar eru akvegir ekki bærilega bílfærir enn þá og gífurlegt verk óunnið til að bæta þjóðvegina þannig að fólk komist leiðar sinnar í hinum nauðsynlegustu erindagerðum. Á það jafnt auðvitað við um sjúkraflutninga og annað því um líkt. Ég er hér, svo að ég tali hreint út, að víkja að ástandi vega á Mýrum, í Norðurárdal og á meginhluta Snæfellsness. Þess vegna hef ég efasemdir um að það eigi að ráðast í væntanlega töluverðar framkvæmdir að reiðvegagerð áður en búið er að koma akvegum, þjóðvegum landsins, tengslum milli byggðanna, í þokkalegt horf. Þess vegna endurtek ég það, herra forseti, að ég hef efasemdir um hvort þessi tillaga sé tímabær, en með fullri virðingu fyrir þeim sem iðka hestamennsku og útilíf sem ég tek undir með hv. 2. þm. Norðurl. v., 1. flm. þessarar till., að er vissulega hollt og gott og sjálfsagt æskilegt að sem flestir leggi stund á útivist og heilbrigði með þessum hætti.

Ég held að þarna þurfum við að raða hlutunum í forgangsröð og þegar við erum búin að gera þjóðvegakerfið bærilegt og uppræta helstu slysastaðina, sem eru á ákveðnum stöðum, t.d. í Norðurárdal, ákveðnum stöðum á Snæfellsnesi, í blöðunum í morgun var verið að segja frá einum slíkum stað á Austurlandi, þá held ég að væri tímabært að fara að sinna þessu skemmtiverkefni sem svo má kalla.

Hv. 1. flm. vék að eignarrétti á landinu. Okkur greinir þar sjálfsagt á. Ég er þeirrar skoðunar að auðvitað eigi bændur að eiga sínar bújarðir og heimalönd, en ég held aftur á móti að meginhuti landsins, þ.e. afréttirnir, eigi ekki að vera eign einstakra bænda þó þeir myndi með sér félag um

það heldur sé það eign þjóðarinnar. Það er sem betur fer svo að það er skilningur á því hjá velflestum og örugglega langflestum bændum að almenningur eigi umferðarrétt um náttúru landsins. En það eru undantekningar á því sem þéttbýlisbúar fá stundum illilega að kenna þá. Ég þekki þess meira að segja nýleg og mjög leiðinleg dæmi. En sem betur fer, og það endurtek ég, eru það hreinar undantekningar að ég hygg þegar fólk verður fyrir slíkri framkomu. Þetta er annað mál og stærra. En ég lýsi vissum efasemdum um að það sé tímabært að leggja mikla peninga í að gera reiðvegi um landið meðan okkur hefur ekki tekist að gera bærilega þjóðvegi um landið og ég held að það eigi alveg tvímælalaust, herra forseti, að hafa forgang.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 5. landsk. þm., þar sem hann efaðist um að till. væri tímabær, þá vil ég mótmæla því. Ég held að hún sé fyllilega tímabær. Hann miklar fyrir sér þann kostnað sem af þessu muni leiða. Ég vil minna á að við erum ekki að leggja til að draga stórlega úr akvegagerð um landið. Það er síður en svo. En ég held hins vegar að það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera áætlun um hver þörfin sé og starfa eftir henni. Það þarf ekki í öllum tilfellum að kosta peninga.

Í fyrsta lagi er það að eyðileggja ekki hefðbundnar reiðleiðir sem fyrir eru, loka þeim ekki með girðingum eða gera hestamönnum þær ófærar með öðrum hætti. Í öðru lagi vil ég minna á að slóðir fyrir hesta eru ekki dýrar. Það kostar ekki ræsagerð, en sums staðar kannske ofurlitla skurðgröfuvinnu þar sem þannig háttar til. Að öðru leyti er hentugt að hafa þetta ýtuslóðir. Það er reyndar ekki sama hvernig þetta fer í landinu. Þess vegna tel ég að þetta þurfi að taka inn í annað skipulag landsins. Þess vegna tel ég að það sé nauðsynlegt að skipulagsstjóri ríkisins komi að þessari áætlunargerð.

Kostnaður við hvern kílómetra í reiðvegi er ekki mjög mikill og því held ég að það sé fyllilega tímabært að taka á þessu máli og treysti því að hv. allshn. Sþ. meðhöndli það með jákvæðum hætti og kanni með alvöru hvort nefndarmönnum sýnist ekki að athuguðu máli að till. þessi sé tímabær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Auglýsingalöggjöf, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 84. mál. — Þskj. 84.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um auglýsingalöggjöf. Þetta er 84. mál Sþ. á þskj. 84.

Tillagan gengur út á það að kjósa nefnd níu þm. til að vinna að og undirbúa í samráði við helstu hagsmunaaðila heildarlöggjöf um auglýsingar og nefndin skal við vinnu sína, eins og segir í tillgr., taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa í fjölmiðlun og standa fyrir dyrum á því sviði og öllum eru kunnar. Einnig skal nefndin hafa það sérstaklega að leiðarljósi að tryggja sem best gæði auglýsinga og eðlilega og nauðsynlega neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum. Enn fremur segir í till. að nefndin skuli hraða störfum sínum og skila áliti á þessum vetri eigi síðar en í lok febrúar 1987 ef þess er kostur. Þessi tímamörk hljóta þó að ráðast af því hversu greiðlega hv. Alþingi gengur að vinna mál þetta.

Ég held, herra forseti, að þörfin fyrir þessa lagasetningu verði fljótlega nokkuð augljós þeim sem kynna sér málið og þarf því út af fyrir sig ekki að hafa mjög mörg orð um það. Staða málsins er í stuttu máli sú að á Íslandi er engin heildarlöggjöf til um auglýsingar. Þar er helst stuðst við eina grein í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og sú grein er ákaflega stuttaralega orðuð miðað við það víðfeðma svið sem hér er á ferðinni.

Nýlega hafa komið fram í fjölmiðlum upplýsingar um að auglýsingamarkaðurinn, ef svo má að orði komast, velti geysilegum fjárhæðum nú þegar á Íslandi og ætla má vegna þeirra breytinga sem nú standa yfir að þessi upphæð fari ár frá ári ört vaxandi. Það er því öllum ljóst að hér er miklum fjármunum þjóðarbúsins ráðstafað og þar sem slíkt gerist er þörf á því að vel og skynsamlega sé með hlutina farið.

Það sem fyrir flm. vakir kemur reyndar fram í sjálfri tillgr. og einnig í greinargerð og er til komið ekki bara vegna þess hvernig þessum málum er komið í löggjöf og hvað reglur varðar heldur og ekki síður vegna hins að almennt á sviði neytendamála og neytendaverndar stöndum við Íslendingar mjög afturlega. Þetta kom greinilega í ljós þegar formaður sænsku neytendamálastofnunarinnar, Konsumentverket, kom hingað til Íslands í boði Neytendasamtakanna og flutti erindi á þingi samtakanna í október s.l. Það er mjög athygisvert að kynna sér þetta erindi og bera það saman við stöðu þessara mála á Íslandi. Ég hygg að það sé síst of djúpt í árinni tekið að segja að við Íslendingar séum áratugum á eftir nálægum þjóðum, eins og t.d. Svíum, á sviði neytendamála. Þeim mun minna aðhald sem er frá þeirri hlið, þeim mun meiri þörf er á skýrum lögum og reglum.

Ég vil, með leyfi forseta, grípa ofan í erindi formanns sænsku neytendamálastofnunarinnar þar sem hún rekur þróun mála í Svíþjóð á undanförnum áratugum:

„Neytendaþjónusta á vegum hins opinbera [þ.e. í Svíþjóð] þróaðist og óx jafnt og þétt á 7. áratugnum. Hinn almenni markaður stækkaði, varð flóknari og það varð erfiðara að fylgjast með. Mikil umræða og deilur voru um auglýsingar. Það nægði ekki lengur

að prófa og veita upplýsingar um vörur. Neytendafræðslan ein dugði ekki lengur. Nú vildu neytendastofnanir fá að hafa áhrif á framboð og starfshætti þeirra sem buðu vörur og þjónustu. Það þótti nauðsynlegt að þjóðfélagið aðstoðaði hinn almenna neytanda til þess að ná rétti sínum og vernda hann gegn óréttmætum viðskiptaháttum."

Það hefði verið fróðlegt fyrir hv. alþm. að heyra fleira úr þessu ágæta framsöguerindi talsmanns sænsku neytendastofnunarinnar, en tímans vegna og kannske einnig vegna þess að hér eru ekki ýkjamargir þm. til að hlýða á mál mitt sleppi ég því að lesa miklu meira úr þessu. En það er þó vikið fróðlega að þeim þætti neytendamálanna sem auglýsingar eru og m.a. fjallað um það fyrirkomulag sem er í sænskri neytendalöggjöf til að koma í veg fyrir ítrekuð brot á auglýsingalöggjöf og siðareglum um auglýsingar í því vísa landi, Svíþjóð.

Mér er ofarlega í huga að tryggja að auglýsingar segi satt. Það er þannig að undirstöðuhugsun allra siðareglna um auglýsingar, hvort sem þær eru settar af einstökum löndum eða við tölum um siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins t.d., er í sem allra stystu máli að auglýsingar þurfi að segja satt. Auglýsingar þurfa að veita þær upplýsingar sem neytendur eiga heimtingu á og það þarf að vera hægt að koma viðurlögum yfir þá aðila sem ekki hlíta þessum reglum. Alþjóðaverslunarráðið hefur einnig sett allítarlegar siðareglur sem vernda eiga börn og unglinga og aðra hópa, sem sérstaklega næmir eru fyrir áhrifum og innrætingu, fyrir óprúttinni auglýsingamennsku. Á þessu sviði er mikil þörf á aðhaldi, ekki síst vegna þeirrar hvimleiðu árátttu, ég leyfi mér að segja, herra forseti, margra auglýsenda og sérfræðinga á því sviði að nota beinlínis börn og unglinga til að hafa áhrif á aðstandendur, gjarnan foreldra. Það er heil fræðigrein innan auglýsingamennskunnar að nota sér þá möguleika sem gefast í gegnum áhrifagirni og trúgirni barna til að hafa áhrif á foreldra. Við þessu er mjög víða reynt að reisa skorður með reglum, en lítið hefur farið fyrir slíku hér á Íslandi. Ég tel nauðsynlegt að binda þessi ákvæði beinlínis í lög þrátt fyrir að siðareglur Sambands ísl. auglýsingastofa taki þær upp eins og þær eru birtar í reglum Alþjóðaverslunarráðsins.

Í forustugrein í Neytendablaðinu á þessu ári er einnig vikið á mjög fróðlegan hátt að þörfinni fyrir að skoða þessi mál. Þar er réttilega bent á þær miklu breytingar sem eru að verða á auglýsingamarkaðnum í kjölfar fjölmiðlabyltingarinnar og þar er einnig vikið á athyglisverðan hátt að svonefndum duldum auglýsingum og þeirri tegund auglýsingamennsku, sem virðist því miður fara vaxandi hér á landi eins og reyndar víðar, að auglýsingar eru dulbúnar í formi viðtala og frétta og þannig er neytendum gert mjög erfitt fyrir að greina á milli hvað eru annars vegar auglýsingar og hvað eru fréttir eða viðtöl eða annað efni af því tagi þrátt fyrir að ein undirstöðuregla allra siðareglna um auglýsingar eigi að vera að neytendum sé það ávallt ljóst hvað eru auglýsingar og hvað er eitthvað annað.

Nú er það svo að sá sem hér talar er enginn ofsatrúarmaður á það að lög og reglur leysi allan vanda og leysi úr öllum hlutum, en ég held þó að það sé alveg ljóst að það sé löggjafans að setja lagaramma, að marka ákveðinn grundvöll til að standa á og vinna út frá. Ég tel það ekki vansalaust ef Alþingi horfir upp á þær geysilegu breytingar sem nú eru að verða á þessu sviði, horfir upp á þá miklu og ört vaxandi fjármuni sem renna til auglýsingastarfs og horfir upp á þær hættur sem áhrifamætti nútímafjölmiðla eru samfara á þessum sviðum án þess svo mikið sem hugleiða að breyta eða betrumbæta áratugagamla löggjöf eða lagagrein, ef svo má að orði komast, sem víkur að þessu sviði og þess þá heldur sem á Íslandi er tiltölulega litlum takmörkunum beitt við auglýsingar. Með fáum undantekningum, herra forseti, má segja að auglýsingar hvers kyns vöru og þjónustu séu leyfðar í öllum fjölmiðlum á Íslandi. Undantekningarnar eru þó nokkrar og það þekkja menn. Þar eru undantekningar á í sérlögum, svo sem um áfengi og tóbak, lyf og lækningavörur og ýmislegt því um líkt, en að því slepptu er frelsi á þessu sviði mjög víðtækt hér og takmarkanir fáar þannig að þeim mun meiri ástæða og nauðsyn er fyrir skýra löggjöf um þessi efni.

Ég vil sérstaklega taka fram, ef einhverjir skyldu misskilja mig á þann hátt, að ég er ekki sérstaklega að rökstyðja þörf þessara breytinga vegna þess að ég geri ráð fyrir því að auglýsendur og seljendur vöru og þjónustu á Íslandi séu sérstaklega óprúttnir. Það er ég ekki að gera og ég undirstrika að yfirleitt er það svo að það er ekki síður að auglýsendurnir sjálfir, að verslunin og þjónustuaðilarnir sjálfir leggi á það áherslu að hafa skýrar og hreinar línur í þessum efnum. Fari maður aðeins lengra með þá hugsun gefur það auga leið að óheft starfsemi af þessu tagi getur farið út í öfgar. Það er öllum fyrir bestu, einnig þeim sem standa að auglýsingunum, að þær séu innan hóflegra marka og það séu skýrar reglur um hvernig er heimilt og rétt að auglýsa.

Ég tel einnig rétt, herra forseti, og það kemur fram í grg. með till., að það verði athugað hvort ekki sé ástæða til að setja einnig ákvæði og skoða hluti eins og upplýsingar á vörum og um vörur, upplýsingar á umbúðum o.s.frv. Þó að það flokkist ekki beint undir keyptar auglýsingar eða seldar auglýsingar er þó ljóst að með þeim hætti er ákveðnum upplýsingum miðlað til neytenda og neytendur þurfa að geta treyst því að þær upplýsingar séu réttar.

Það má segja að við stöndum jafnilla og jafnvel verr hvað varðar ákvæði um að umbúðir til að mynda séu innan þessara marka, þ.e. þær villi ekki um fyrir neytendum og þær miðli eingöngu réttum og nauðsynlegum upplýsingum. Væri hægt að taka mörg dæmi um hvað auglýsingar ganga langt hér á landi án þess að þær séu stoppaðar, hversu óprúttnar sumar auglýsingar í raun og veru eru. Þó er það þannig að flest dæmin liggja á því sviði sem segja má að sé jaðarsvæði eða markasvæði, eru kannske á

mörkum þess að vera eðlilegar og réttmætar.

Í grg. eru nefnd tvö dæmi einmitt á þessum mörkum og ég ætla að renna yfir þau, með leyfi forseta. Hið fyrra lýtur að auglýsingum sem oft heyrast um vörukaup með afborgunarskilmálum. Það er reyndar merkilegt, herra forseti, að í fjölmiðlum undanfarna daga hefur verið nokkur umræða um viðskipti af þessu tagi, þ.e. vörukaup með afborgunarskilmálum. Það kannast eflaust allir við auglýsingar sem hljóða eitthvað á þessa leið: „Átt þú 4 þús. kr.? Þá færð þú einhverja tiltekna vöru hjá okkur.“ Svona auglýsingar glymja í eyrum dag eftir dag og viku eftir viku þrátt fyrir að verið sé að auglýsa vöru sem í heild kostar 50 eða 100 þús. kr. Af auglýsingunni einni saman verður ekki annað ráðið en útborgunarupphæðin ein dugi fyrir vörunni. Það er skemmtilegt að segja frá því og þó ekki skemmtilegt að síðan ég lagði fram þessa till. hafa komið að máli við mig eða haft samband við mig foreldrar sem einmitt hafa sagt: Við verðum látlaust fyrir því að börnin okkar spyrja: Pabbi, þú hlýtur nú að eiga 5 þús. kr. Þú hlýtur nú að eiga 4 þúsund kall. Þá getum við fengið þetta tiltekna apparat eða þessa tilteknu vöru inn á heimilið, halda blessuð börnin vegna þess að eðlilega villast þau á því að verð vörunnar er í raun miklu hærra.

Annað dæmi sá ég á ferð minni um hið flata Suðurland s.l. sumar. Þar ók ég fram hjá söluturni þar sem auglýst var á spjaldi með stórum stöfum ein ákveðin vörutegund með því að skrifa orðið „nammi“. Þarna er höfðað beint til barnanna og þeir foreldrar sem standa í því að reyna að vernda tennur barnanna sinna og gefa þeim ekki sælgæti í óhófi geta borið um hversu það er þægilegt að auglýsingum sé stillt upp með þessum hætti.

Ég er ekki að fella dóm yfir þessum tilteknu auglýsingum, en ég tek þær sem dæmi um auglýsingar sem hljóta að teljast á mörkunum og því væri eðlilegt að þessi tilvik og önnur slík væru skoðuð. Ég gæti vissulega nefnt miklu verri dæmi og þau hef ég undir höndum, en af ástæðum sem ég tel óþarft að rekja fyrir hv. þm. tel ég ekki rétt að taka upp slík einstök dæmi sem jafnvel mætti rekja, þó að nöfnum væri sleppt, beint til einstakra fyrirtækja og teldi ég slíkt ekki heppilegt.

Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að við undirbúning löggjafar um þessi mál verði haft náið samstarf við alla hagsmunaaðila, svo sem samtök neytenda, auglýsendur, starfsfólk í auglýsingaiðnaði, verðlagsyfirvöld, þá aðila sem annast hollustu og gæðaeftirlit og marga fleiri mætti telja. Ég er viss um að innan þessara samtaka og hjá þessum aðilum er mikill áhugi fyrir því að á þessum málum verði tekið. Ég hef fundið þann áhuga. Ég tel því eðlilegt að reyna að hafa sem mest og best samband við þessa aðila við undirbúning þessarar löggjafar.

Að síðustu má velta því fyrir sér hvort það fyrirkomulag sem hér er lagt til, þ.e. að Alþingi kjósi nefnd níu þm. til að undirbúa þessa löggjöf, sé hið heppilegasta eða rétta. Það er með ýmsum hætti þegar hv. þm. flytja þáltill. hvort þeir beina málum til ríkisstjórnar eða velja sér einhvern annan verkmáta. Ég tel í sjálfu sér eðlilegast og rismest fyrir einstaka þm., sem flytja vilja mál með þessum hætti inn í Alþingi, að þeir ætli Alþingi sjálfu forustuhlutverkið. Sjálfur uni ég því verr, þó ég geri mér grein fyrir að stundum er það nauðsynlegt og nánast eina færa leiðin, að vísa þeim málum með einhverjum hætti til ríkisstjórnar sem ekki hefur sinnt viðkomandi málaflokki á nokkurn hátt. Það er einmitt tilfellið sem hér um ræðir. Ég tel því eðlilegra og heppilegra að Alþingi kjósi nefnd sem hafi þetta starf með höndum og stýri þessu verki sem í sjálfu sér ætti ekki að þurfa að vefjast mjög fyrir mönnum og ætti að mega vinna á tiltölulega stuttum tíma, a.m.k. gera verulegar úrbætur þó svo kynni að fara að verkinu í heild sinni og jafnvel í viðtækari skilningi yrði vísað áfram til frekari skoðunar.

Flm. hefur ekki tillögu um sérstaka þingnefnd. Hann hefur ekki gætt að því að skoða hvert eðlilegast væri að vísa slíku máli, en trúlega mundi það vera annaðhvort allshn. eða atvmn. Ég fel forseta að úrskurða í því máli.

Forseti (Ólafur Þ. Þórðarson):

Forseti mun fresta þeim úrskurði þar til hann hefur ráðfært sig við sér fróðari menn, en auglýsingar eru atvinnumál að vissu marki. En þetta tekur samt inn á þátt sem allshn. hefur fengist við.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég byrja á að þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa hreyft þessu máli. Hér er mjög merkilegt mál á ferð. Ég segi hins vegar strax, eins og hann raunar gaf mér tilefni til að segja undir lok sinnar ræðu, að ég hef efasemdir um að það eigi að kjósa níu þingmanna nefnd. Ég held að það sé ekki mjög góður háttur. Ég held að það væri strax betra ef nefndin væri fimm manna eða sjö manna. Eg held að níu manna nefnd sé of fjölmenn og ég held líka að sá tími sem gefinn er til starfa hér sé of skammur, þetta eru minni háttar atriði, og eðlilegra væri að þetta yrði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ég hef alloft vegna setu minnar í útvarpsráði þurft að fjalla um svona mál og gert það að eigin frumkvæði vegna þess að það hafa verið auglýsingar í útvarpi eða sjónvarpi sem hafa misboðið annaðhvort réttlætiskennd minni, máltilfinningu eða bara velsæmiskennd. Stundum hefur það komið fyrir að útvarpsstjóri, og oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, hefur vísað ágreiningi sem risið hefur um auglýsingar, þ.e. hvort birtar skuli, til útvarpsráðs. Það eru eiginlega held ég einu skiptin sem segja megi með sanni að útvarpsráð hafi beitt eins konar ritskoðun vegna þess að það hefur í vissum tilvikum hafnað auglýsingum. Og ég held að það hafi verið alveg rétt.

Ég held að það þurfi að setja um þetta miklu skýrari reglur en nú eru. Ég hef hins vegar efasemdir um að það sé hægt að taka þannig til orða að þetta

verði heildarlöggjöf, en ég held að það þurfi að setja bindandi reglur um býsna margt þarna sem er laust og óbundið núna.

Hv. flm. minntist á að í Svíþjóð væru ítarlegar reglur um þetta. Það er rétt. Hann minntist líka á annað mál, neytendaupplýsingar sem þeir kalla konsumentoplysning. Þar eru mjög ákveðnar reglur um það og á umbúðum allrar vöru eru slíkar upplýsingar, um innihald, geymslutíma og annað, sjálfsagðir hlutir og sjálfsögð réttindi neytenda að eiga kost á slíkum upplýsingum.

Ég minni á líka að Evrópuráðið hefur sett að vísu ekki bindandi reglur fyrir aðildarríki sín en leiðbeinandi reglur um auglýsingar. Ég hef þær reglur m.a. undir höndum og hef kynnt mér þær.

Það er ákaflega margt sem hv. flm. vék að og freistandi væri að fara um mörgum orðum og það er ekki bara vegna þeirra tímamóta sem orðið hafa í fjölmiðlun hér á landi á undanförnum vikum sem þetta er brýnt. Þetta var löngu brýnt áður. T.d. hefur mér oft blöskrað það siðleysi sem blasir við á síðum blaða og tímarita þegar annars vegar er keypt auglýsing, eiginleg auglýsing, og hins vegar svo lofgrein um viðkomandi fyrirtæki eða vöru sem er stungið inn til hliðar. Þetta eru kallaðar textaauglýsingar á Norðurlöndum og er vaðandi uppi hér bæði í blöðum og tímaritum og er óskaplega hvimleitt og siðlaust fyrirbæri að mér finnst.

Notkun barna í auglýsingum orkar mjög tvímælis. Það hefur verið gengið býsna langt í þeim efnum hér, t.d. í sjónvarpsauglýsingum, oft miklu lengra en eðlilegt er og rétt. Það er nauðsynlegt að vernda rétt barna í þessu efni, þ.e. vernda þau fyrir því að þau séu notuð í auglýsingum og vernda þau fyrir því að þurfa að horfa á auglýsingar sem eru ekki boðlegar fyrir þau.

Svo vantar hér líka reglur um hlut sem hefur verið að færast í aukana erlendis, þ.e. að búnir eru til heilir sjónvarpsþættir með söguþræði sem eru auglýsing fyrir ákveðin leikföng. Þetta þekkjum við hér líka. Þetta er mjög óprúttin og lúmsk aðferð að löngun barnanna í ný leikföng.

Það hefur líka komið í ljós, held ég, að það þarf að setja reglur um það þegar menn gerast eins konar flutningsmenn ákveðinna þátta í sjónvarpi eða útvarpi, ef svo má segja. Á erlendu máli er þetta kallað „sponsorship". Um það eru engar reglur hér á landi, því miður, og satt best að segja gætir þess í vaxandi mæli núna að maður sjái hluti í fjölmiðlum, t.d. í sjónvarpi og útvarpi, sem eru á mörkum þess að vera auglýsing og að vera dagskrárefni. En almenningur á auðvitað heimtingu á því að mörkin þarna á milli séu mjög skýr.

Mér stendur stuggur af því, eins og hefur þegar bryddað á, auglýsingum stjórnmálamanna um eigið ágæti í þessum frjálsu útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Mér stendur mikill stuggur af þeirri þróun. Í Ríkisútvarpinu eru alveg ákveðnar reglur um hvað stjórnmálaflokkar og stjórnmálasamtök mega auglýsa og ég held að það eigi að útfæra þær reglur yfir alla þessa fjölmiðla. Vilja menn að það verði lagður nýr skattur á alla þá sem ætla að taka þátt í stjórnmálum eða hugsa sér það og að það sé forsenda þess að þeir geti auglýst sig í útvarpi eða sjónvarpi fyrir eina eða tvær milljónir? Til hvers leiðir það? Það hefur í för með sér annað af tvennu: Annaðhvort geta engir tekið þátt í stjórnmálum nema þeir sem eiga milljónir til að auglýsa sig eða að þeir sem taka þátt í stjórnmálum fá milljónir til að auglýsa sig hjá einhverjum öðrum. Ég veit ekki hvort er verra.

Ég gæti, herra forseti, talað um þetta langt mál og það væri vissulega freistandi að gera það. Það eru vaðandi uppi hér í auglýsingum alls konar bullfullyrðingar, rangfærslur og della. Sumt misbýður skynsemi manns, annað misbýður máltilfinningu manns. Ég skal bara nefna tvö dæmi. Lengi hefur verið auglýst: „Gjöfin sem gefur arð." Hvernig gefur gjöfin arð? Fæ ég senda ávísun frá framleiðandanum á ársfjórðungsfresti eða eitthvað svoleiðis? Síðan er auglýst líka að tiltekinn drykkur sé algjört „success". Það er dónaskapur við hlustendur að auglýsa svona. Reyndar gerðist ég svo djarfur að segja þeim sem auglýstu svona það nákvæmlega þeim orðum.

Ég held að þarna þurfi eftirlit hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Auglýsingar eru þáttur hins daglega lífs. Þær gegna mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu vegna þess að góð auglýsing er líka upplýsing og hún er líka frétt. En hér eru, eins og fram hefur komið, vissar reglur um þetta. Það er svona og svona hvernig þeim er fylgt. Ég hef heyrt í útvarpsstöðinni nýju viðtal við athafnamann, kaupsýslumann. Það var rammað inn með auglýsingum frá fyrirtækinu hans á undan og eftir. Það segir líka í útvarpslögunum að það eigi að vera skýr skil milli auglýsinga og efnis. Það er ekki nema í Ríkisútvarpinu. Þetta er auðvitað umhugsunarefni. Hvaða aðili á að sjá til þess að reglum um fjölmiðlun og mannasiði í fjölmiðlum sé fylgt? Ég held að það vanti hér nefnilega aðila eins og er til í Bretlandi sem heitir á þeirra máli „Independent Broadcast Authority". Það er eins konar útvarpsnefnd sem alltaf fylgist með því að lögum og siðareglum sé fylgt.

Ég gæti, herra forseti, vissulega talað um þetta töluvert lengra mál. Hér er hreyft mjög þörfu máli. Ég er kannske ekki alveg nákvæmlega sammála flm. um framkvæmdina, en hann á þakkir skildar fyrir að hafa hreyft þessu máli. Ég vildi satt að segja gjarnan hafa orðið til þess eða orðið meðflm. að því. En þetta er neytendamál, þetta er barnaverndarmál og þetta er mál sem varðar allan almenning. Ég held að við komumst ekki hjá því að setja um þetta löggjöf, kannske ekki heildarlöggjöf, en það eru ákveðin atriði, eins og börn, upplýsingar o.fl., sem við verðum að taka afstöðu til og sem við verðum að setja reglur um og því fyrr því betra.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir hans ræðu hér. Það var margt mjög fróðlegt sem kom fram hjá honum og ég er flestu því alveg hjartanlega sammála. Hann vék að ýmsu sem ég hafði ekki tíma til að gera í minni framsöguræðu og talaði þar af þekkingu um hlutina. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á að sú framkvæmd sem ég legg til í minni till. er einungis ein af mörgum sem ég tel koma til greina og ég er út af fyrir sig tilbúinn að viðurkenna að það er oft þægilegra að nefndir séu fremur fámennari en fjölmennari og einnig er líklegt, a.m.k. ef meðferð málsins tekur nokkurn tíma hér á hv. Alþingi, að tíminn sem í tillgr. stendur núna sé of skammur, en ég legg á það áherslu og treysti því að hv. nefnd, hver sem hún verður, sem fær mál þetta til skoðunar, velji þá þær leiðir í þeim efnum sem hún telur bestar.

Það er út af fyrir sig einnig rétt að ég hafði efasemdir um hvort ég ætti að kalla þetta till. um heildarlöggjöf eða sérstök lög vegna þess að það kemur fyllilega til greina að fella þessi ákvæði inn í önnur lög, jafnvel að setja um þetta ákvæði í nokkrum sérlögum. Þá koma fyrst og fremst til greina lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem þau naumu ákvæði sem við höfum í dag eru til húsa. Ég er einnig sammála hv. 5. landsk. þm. um að það er út af fyrir sig löngu tímabært að hreyfa þessu máli. Það sem varð sérstaklega til þess að ég tók það upp með þessum hætti eru hins vegar þær augljósu breytingar sem nú eru að verða og ítreka enn frekar þörfina á því að taka þessi mál til skoðunar.

Ég vil aðeins nefna vegna þess sem kom fram í máli hans um til að mynda dulbúnar auglýsingar í viðtölum að í þeirri forustugrein í Neytendablaðinu síðasta sem ég minntist lítillega á er einmitt tekið á þessari nýju þróun, þessari heldur ógæfulegu stefnu sem auglýsingamennskan á þessu sviði er að taka. Með leyfi forseta segir þar:

„Tímarit og dagblöð birta misdulbúin viðtöl við seljendur sem reka þar áróður fyrir ágæti vöru sinnar eða þjónustu og kaupa jafnframt í sama blaði ákveðið magn auglýsingarýmis. Viðtölin eru dulbúin sem fræðsla og stundum er jafnvel fjallað um fyrirtækin og vörurnar eins og um einhvers konar gæðamat sé að ræða. Ensk tunga á heiti yfir svona blaðamennsku. Þegar svona blaðamennska gengur lengst kaupa fyrirtækin leiðara blaðsins. Það kalla enskir „advertorial — advertisement editorial". Kannske mætti segja á íslensku að þá séu ritstjórarnir farnir að skrifa skrumara í stað leiðara. Í slíkum tilfellum leggst ritstjóri blaðs svo lágt að fjalla um eitthvert dægur- eða þjóðfélagsmál en lauma jafnframt inn í áróðri um vörur eða fyrirtæki. Á Íslandi nú þekkjast jafnvel dæmi um að fyrirtæki hafi keypt myndbirtingar af forsvarsmönnum sínum utan á forsíður tímarita."

Ég tek það fram aftur, herra forseti, að þetta er bein tilvitnun í leiðara Neytendablaðsins og að sjálfsögðu á ábyrgð ábyrgðarmanns þess blaðs.

Einnig nefndi hv. 5. landsk. þm. þann möguleika að heil prógrömm væru framleidd af tilteknum aðilum og þau síðan seld eða jafnvel afhent ókeypis fjölmiðlum til sýningar eða flutnings. Þetta hafa þeir hjá Neytendasamtökunum og ritstjóri Neytendablaðsins einnig hugleitt og hafa af nokkrar áhyggjur, enda má ljóst vera að þeim mun fleiri sem fjölmiðlarnir verða og væntanlega einhverjir þeirra veikburðugri fjárhagslega, þeim mun meiri hætta er á því að menn fari út í að taka slíkt efni til sýningar, jafnvel neyddir til þess af fjárhagsaðstæðum, til að fylla upp í dagskrá sína. Með leyfi herra forseta vil ég aðeins vitna aftur í leiðara Neytendablaðsins:

„Víða erlendis hefur sú þróun orðið að almannatengslafyrirtæki og auglýsingastofur framleiði efni fyrir tímarit, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar. Þessi framleiðsla er ekki aðeins bundin við skemmtiefni heldur eru einnig búnir til fréttaþættir, jafnvel þannig að hver stöð getur skotið inn rödd eða andliti síns fréttamanns og látið hann lesa upp spurningarnar eins og um bein viðtöl sé að ræða. Spyrjandi og svarandi hafa þó aldrei sést né komið í námunda við hvorn annan. En þetta gerir viðtalið trúverðugra. Inn í þessa þætti eða viðtöl er síðan laumað áróðri fyrir ákveðnum vörum, fyrirtækjum eða hverju því sem ætlað er að koma á framfæri. Litlar stöðvar með lítið fjármagn og fátt starfsmanna eru sérstaklega ginnkeyptar fyrir efni sem þessu. Í Bandaríkjunum hafa verið afhjúpuð mörg dæmi um sölumennsku af þessu tagi, sum lygileg og jafnvel átakanleg."

Þarf ég þá ekki að vitna frekar í þetta efni. Ég held að sú tilvitnun í þróun erlendis sem þarna er gerð færi okkur heim sanninn um að sérstaklega er ástæða til að vera á verði á Íslandi þessa dagana og vikurnar.

Mig langar til að lesa, herra forseti, upp úr siðareglum Sambands ísl. auglýsingastofa sem eru, eins og ég áður sagði, bein þýðing á reglum Alþjóðaverslunarráðsins. Grundvallarhugmynd siðareglnanna er svohljóðandi:

„Allar auglýsingar skulu vera löglegar, siðlegar, heiðarlegar og segja sannleikann. Auglýsing skal samin með tilliti til félagslegrar ábyrgðar og þess gætt að viðteknum hefðum um sanngirni í samkeppni sé fylgt."

Mig langar einnig að lesa 11. gr. um sérkenni auglýsinga, þ.e. hvernig sérkenna skal eða aðgreina auglýsingar frá öðru efni, því það er einnig mjög mikilsvert atriði í þessum efnum.

„Auglýsingar skulu hafa greinileg sérkenni í hvaða formi sem þær birtast og án tillits til hvar þær koma fram. Ef auglýsing birtist í fjölmiðli sem einnig dreifir fréttum eða stefnumarkandi greinum skal sjá til þess að hún sé auðþekkjanleg sem auglýsing."

Hér eru í raun ákaflega skýrar reglur á ferðinni, en þær hafa þá stöðu að vera einungis þýðing á reglum Alþjóðaverslunarráðsins gefnar út í sérstökum bæklingi af Sambandi ísl. auglýsingastofa sem er út af fyrir sig virðingarvert, en er engan

veginn hið sama og að lögfest væru ákvæði um þetta af Alþingi.

Það má velta ýmsu fyrir sér í sambandi við börn og auglýsingar. Ég hef t.d. velt þeirri spurningu fyrir mér hvort það sé við hæfi að ríkisfjölmiðlar, til að nefna dæmi, setji auglýsingatíma gjarnan bæði á undan og eftir dagskrárefni fyrir börn. Það er spurning sem er ástæða til að velta fyrir sér í þessum efnum því það er augljóst hverjum þær auglýsingar eru öðrum fremur ætlaðar þegar þannig er staðið að málunum. En spurningarnar eru reyndar óteljandi sem við skoðun þessara mála vakna.

Ég tek sérstaklega fram að ég lagði hreinlega ekki út í það, hvorki í minni grg. né í framsögu, að víkja einu orði að málfarinu og meðferð íslenskrar tungu í sambandi við auglýsingar. Ég hreinlega lagði ekki út í þau ósköp, ég verð að segja það alveg eins og er, og lái mér hver sem vill.

Það er eitt sem ég vil enn fremur koma hér á framfæri og það er sú staðreynd, sem stundum yfirsést, að þeir sem búa til auglýsingar eru líka að selja vöru. Þeir eru að selja hæfni sína til að auglýsa. Þeir eru að selja hæfni sína til að fá fólk til að kaupa vöruna sem viðskiptavinur þeirra selur. Þar af leiðandi er fyrir hendi sú hætta að þeir gangi ærið langt í gerð auglýsinga, í því að reyna að hafa áhrif á fólk, vegna þess að þeirra eigin hagsmunir, þeirra eigin sölustarfsemi byggir einmitt á þessu tiltekna atriði. Þetta er hlutur sem menn gera sér ekki alltaf grein fyrir, kannske vegna þess að þeir vita ekki að nú orðið eru auglýsingar í flestum tilfellum framleiddar af sérstökum fagaðilum á því sviði, sérstökum fyrirtækjum sem eiga tilvist sína undir því að sanna ágæti sitt við gerð auglýsinga og að sýna að auglýsingar sem þeir framleiða hafi áhrif og fái fólk til að kaupa viðkomandi vöru.

Ég legg svo að lokum aftur á það áherslu, hafi það farið fram hjá einhverjum, að það er ekki síst þeim sem auglýsa, auglýsendunum, fyrir bestu að um þetta séu settar reglur. Þeim sem hugsa um þessi mál af þeirra hálfu er auðvitað löngu ljóst að samkeppni í gerð auglýsinga getur farið úr böndum eins og annað og getur gengið allt of langt. Þá er öllum fyrir bestu að þeir keppi á heiðarlegum og sanngjörnum jafnréttisgrundvelli og innan þeirra marka og það sé hægt að hafa eftirlit með því að slíku sé framfylgt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (94. mál, örorkumatsnefnd) 623.
Auglýsingalöggjöf (84. mál) 671.
Bann við geimvopnum (63. mál) 568, 636.
Bifreiðakaup öryrkja (104. mál) 593, 636.
Dagvistarheimili fyrir börn (71. mál, uppeldisáætlun og fósturliðar) 528.
Drengskaparheit unnið 540.
Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (107. mál) 630.
Endurmat á störfum kennara (105. mál) 543.
Erfðafjárskattur (60. mál) 540.
Fjárlög 1987 (1. mál) 553.
Framhaldsskólar (22. mál, heildarlög) 596.
Framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll (110. mál) 546.
Frysting kjarnorkuvopna (12. mál) 563, 635.
Grunnskóli (89. mál, skólaráð) 612.
Jöfnunargjald af innfluttum kartöflum (121. mál) 635.
Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi (66. mál) 587, 636.
Lífeyrissjóður allra landsmanna (17. mál) 636.
Nýting heimavistarhúsnæðis í þágu aldraðra (23. mál) 554, 635.
Rannsókn kjörbréfs 539.
Reiðvegagerð (82. mál) 668.
Sjálfvirkt tilkynningakerfi fiskiskipa (98. mál) 551.
Skógrækt (102. mál, heildarlög) 511, 622.
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun (99. mál) 542.
Stjórn fiskveiða (86. mál, aukið afla- og sóknarmark) 511.
Stjórnarskipunarlög (70. mál, þingseta ráðherra) 523, 622.
Stofnfjársjóður fiskiskipa (117. mál, heildarlög) 510.
Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands (116. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 509.
Þjóðaratkvæði (91. mál) 590, 636.
Öryggisfræðsla sjómanna (97. mál) 549.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 539, 540.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 572, 666, 667.
Forseti Sþ. Ólafur Þ. Þórðarson 676.
Félmrh. Alexander Stefánsson 629, 661.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 541, 542.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 626.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 632, 635.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 544, 545, 606, 614.
Samgrh. Matthías Bjarnason 509, 546, 548, 549, 551, 553.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 510.
Árni Johnsen 549, 551, 552, 553.
Birgir Ísl. Gunnarsson 516.
Davíð Aðalsteinsson 601, 619.
Eiður Guðnason 615, 647, 670, 676.
Eyjólfur Konráð Jónsson 567, 582, 645.
Guðmundur Bjarnason 554, 562.
Guðmundur H. Garðarsson 651, 664.
Guðmundur J. Guðmundsson 653, 667.
Guðrún Agnarsdóttir 563, 576, 578.
Guðrún Helgadóttir 527, 536, 627.
Gunnar G. Schram 525.
Haraldur Ólafsson 539, 572, 581, 587, 604, 611, 618.
Helgi Seljan 540, 541, 557, 593, 602.
Hjörleifur Guttormsson 511, 546, 547, 549, 566, 568, 578, 585, 630, 634.
Jón Baldvin Hannibalsson 572, 577, 585, 641.
Karvel Pálmason 643, 658, 666.
Kjartan Jóhannsson 636, 654, 663, 667.
Kolbrún Jónsdóttir 559.
Kristín Halldórsdóttir 535, 542, 543, 648.
Kristín S. Kvaran 523, 528.
Magdalena Margrét Sigurðardóttir 521.
María Jóhanna Lárusdóttir 543, 545, 590, 601, 617.
Ólafur Þ. Þórðarson 586.
Páll Pétursson 519, 668, 671.
Ragnar Arnalds 596, 609.
Salome Þorkelsdóttir 612, 620.
Stefán Valgeirsson 625, 650.
Steingrímur J. Sigfússon 560, 584, 671, 679.
Svavar Gestsson 623, 625, 628.

EFRI DEILD

10. fundur, mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Mér hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 5. nóv. 1986:

„Til forseta Ed.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon póst- og símstöðvarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eiður Guðnason,
5. landsk. þm."

Magnús H. Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. SalÞ, 89. mál (skólaráð). — Þskj. 89.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Ég hafði ekki alveg lokið máli mínu á seinasta fundi þegar honum var frestað. Ég mun nú reyna að taka þráðinn upp að nýju og nefna þau atriði sem komu fram í umræðum og mér gafst ekki tími til að minnast á.

Ég var þar komin að ég var að ræða þau atriði sem hv. 5. landsk. þm. hafði minnst á í sinni ræðu. Auk þess sem ég hef áður nefnt vék hv. 5. landsk. þm. að skólamáltíðum eða máltíðum nemenda í grunnskólum og taldi að nær væri að taka slík mál upp heldur en það sem varðar þetta frv. sem hér er flutt.

Ég tek undir þýðingu þess þáttar sem varðar skólana, þ.e. nestismál skólabarna, en þau voru einmitt einn af þeim þáttum sem vinnuhópurinn fjallaði ítarlega um og lagði ríka áherslu á, en til þess að bæta úr í þeim efnum þarf ekki lagabreytingu. Það er eitt af þessum framkvæmdar- og skipulagsatriðum sem má lagfæra í skólastarfi án þess að lagabreytingar komi til.

Í tillögum vinnuhópsins er lagt til að það sé gefinn kostur á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma. Sem betur fer er nú aukinn skilningur á þýðingu þess að tryggja nemendum holla og góða næringu á skólatíma. Það verður að horfast í augu við þá staðreynd að hinir breyttu þjóðfélagshættir hafa leitt til þess að undirstöðugóðum heimilismáltíðum hefur fækkað, sérstaklega á morgnana og í hádeginu, og oft virðist sjoppufæði koma í staðinn. Það er ekki skemmtileg tilhugsun að þurfa að horfast í augu við þetta en þetta eru staðreyndir sem blasa við og ekki er hægt að mæla í móti.

Hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa reynt að bregðast við þessum vanda með skólamáltíðum. Við erum rétt að byrja að bregðast við honum. Það er rétt að geta þess að í mörgum skólum er lögð áhersla á að leysa þennan mikilvæga þátt á hagkvæman hátt. Það er boðið upp á nestispakka og jafnvel ráðið starfsfólk sem sér um að smyrja brauð í skólanum til þess að reyna að beina því mataræði sem börnin fá inn á hollari brautir.

Það er líka ástæða til að geta þess að það hefur verið gert átak til að auka mjólkurneyslu skólabarna, m.a. með því að auka niðurgreiðslu á skólamjólk um 3 kr. á hvern pela eða ¼ úr lítra. En það kom fram þegar vinnuhópurinn var að kanna þessi mál að mjólkin þótti dýr að kaupa hana í skólanum og jafnvel nestispakkarnir sem hægt er að kaupa.

Það mætti spyrja sig hvort það sé þýðingarmeira að greiða niður vinnustaðamáltíðir eins og alls staðar er tíðkað eða að tryggja börnunum sem eru að vaxa úr grasi holla næringu á þeirra vinnustað sem er skólinn. E.t.v. ættum við að hafa endaskipti á hlutunum og færa vinnustaðamáltíðir hinna fullorðnu, sem margir hverjir þyldu nú vel að minnka svolítið við sig, inn í skólana. En þetta var nú kannske útúrdúr.

Það má líka benda á að til eru samanburðartölur um fjölda skemmdra tanna 12 ára barna í nokkrum löndum, Noregi, Finnlandi, Hollandi, Bretlandi, Bandaríkjunum og Íslandi. Og þar kemur fram að munurinn er frá 2,7 skemmdum tönnum í 12 ára börnum í Bandaríkjunum til 4,4 sem eru í Noregi á móti 8 hér á Íslandi sem er tvisvar sinnum meira en í nokkru hinna landanna sem ég nefndi. Hæsta hlutfallið var 4,4 í Noregi og svo koma á Íslandi 8 skemmdar tennur 12 ára barna. Þetta segir væntanlega nokkra sögu um nauðsyn þess að leggja ríka áherslu á holla næringu skólabarna.

Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir hennar stuðning og Kvennalistans við frv. Hún er því miður ekki á þessum fundi þar sem hún er farin út af þingi en mér kom sá stuðningur vissulega ekkert á óvart því að, eins og hún nefndi réttilega, þá átti hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sæti í þessari nefnd og stóð að þeim tillögum sem vinnuhópurinn lagði fram í sínum skýrslum.

Hv. 9. þm. Reykv. nefndi umferðarhættuna við skólana og þetta var einn af þeim þáttum sem mikið var ræddur innan vinnuhópsins og m.a. var bent á þýðingu þess að smærri grenndarskólar fyrir yngstu árgangana, 6–9 ára, gætu bætt þarna úr þar sem væri hægt að koma því við að staðsetja smærri skóla í grennd við heimili nemenda í íbúðarhverfunum.

Hv. 5. þm. Vesturl. kom inn á misjafna aðstöðu í dreifbýli og þéttbýli. Ég gat þess sérstaklega að aðstæður væru misjafnar og úti á landsbyggðinni væri sums staðar enginn grundvöllur fyrir stofnun

skólaráðs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, enda gert ráð fyrir undanþágum í slíkum tilfellum.

Ég held að hv. 5. þm. Vesturl. hafi einnig nefnt þýðingu upplýsingastreymis til heimila frá skólum og öfugt. Það er einnig mikilvægur þáttur sem lögð er áhersla á í tillögum vinnuhópsins og það er sérstaklega ánægjulegt að geta þess að nú þegar hefur verið tekið myndarlega á í þeim efnum skólastarfsins í mörgum skólum, bæði hér á suðvesturhorninu og eins víða út um land, og til mikillar fyrirmyndar, enda er þessi þáttur eitt af þessum skipulagsatriðum sem ekki kalla á lagabreytingu eins og flest það sem ég hef komið inn á.

Eins og ég gat um í upphafi fjallar þetta frv. um eina þáttinn sem nefndin gerir tillögur um sem kallar á lagabreytingu og þess vegna er þetta frv. flutt. Það voru, eins og ég hef væntanlega greint frá, fjölmargir þættir sem komu fram í umræðunum sem var ítarlega fjallað um og gerðar tillögur um úrbætur á en ekki ástæða til að flytja um frv. Og vegna þeirra umræðna sem urðu hér um kjaramál og m.a. hv. 5. landsk. þm. kom inn á langar mig að lokum að lesa það sem stendur í lokaorðum skýrslu vinnuhópsins, með leyfi forseta:

„Vinnuhópurinn vill að lokum leggja sérstaka áherslu á þá ábyrgð sem lögð er á kennara í starfi þeirra. Gæði þess uppeldis, þroska og þeirrar fræðslu sem kennurum er ætlað að sinna ráðast af hæfni þeirra, alúð við kennslustarf og umhyggju fyrir velferð nemenda. Tryggja verður með öllu móti að hæft fólk veljist til slíkra ábyrgðarstarfa og geti einbeitt sér að því að leysa þau sem best af hendi. Kaup og kjör kennara og aðstæður sem þeim eru búnar verða því að vera í samræmi við þær miklu kröfur sem gerðar eru til þeirra og þeir sjálfir gera til sín sem samverkamenn foreldra um uppeldi og fræðslu."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. SkA o.fl., 115. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 118.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 118 hef ég ásamt þeim Helga Seljan og Ragnari Arnalds leyft mér að flytja frv. um breytingar á sveitarstjórnarlögunum nr. 8 18. apríl 1986. Tillögurnar eru svohljóðandi:

„106. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Ráðuneytið skal beita sér fyrir viðræðum á milli forsvarsmanna sveitarfélaga um sameiningu og boða til funda sveitarstjórnarmanna á stærri svæðum til umræðu um sameiningu sveitarfélaga. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga."

Og 2. gr. frv. hljóðar þannig:

„108. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. mgr. orðast svo:

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té að kostnaðarlausu þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný mgr. er orðast svo:

Ráðuneytið skal hlutast til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað. Ráðuneytið skal gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og byggja fjárhagsstuðning á slíkri úttekt.

c. 4. mgr., er verður 5. mgr., orðast svo:

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu og ráðuneytið gert fjárhagslega úttekt skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu."

Og 3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Hér eru á ferðinni tillögur svipaðar því er ég flutti sem brtt. við sveitarstjórnarlögin þegar þau voru til umræðu á síðasta vori. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að ráðuneyti verði falið að stuðla frekar að sameiningu sveitarfélaga og að ráðuneytið hafi fé til ráðstöfunar til þess að stuðla að því að styrkja sveitarfélög og jafna fjárhagslega aðstöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað.

Það hefur átt sér stað mikil umræða mörg undanfarin ár um það að fámenni sveitarfélaga væri dragbítur á byggðaþróun og stæði í vegi fyrir því að þau gætu tekið að sér og sinnt ýmsum fleiri verkefnum en þau gera nú og hefðu ekki getu til að ráða við mörg af núverandi verkefnum. Einnig hefur verið í gangi mikil umræða um hið svokallaða þriðja stjórnsýslustig og margir hverjir hafa talið æskilegra að þróunin yrði á þann veg að það yrði stofnað til þriðja stjórnsýslustigsins en ekki leitað mjög eftir því að sveitarfélögin sjálf efldust á þann hátt að þau yrðu stærri með því að sameinast.

Sjálfsagt hafa hv. deildarþingmenn orðið varir við það að í fréttum nú í hádeginu kom sú frétt frá landsfundi framsóknarmanna að þar hefði verið uppi tillaga um að fundurinn mælti með því að flokkurinn ynni að því að stofnað yrði til hins þriðja stjórnsýslustigs, en eftir útskýringu forsrh., sem kom reyndar á eftir fréttinni, mátti heyra að þarna hefði verið eingöngu um það að ræða að þessu máli hefði verið vísað til miðstjórnar til frekari umfjöllunar. Þarna var þó ákveðin vísbending um það að sá stjórnmálaflokkurinn sem maður átti kannske síst von á að mundi gefa hreina yfirlýsingu um þetta væri á þeirri leið að leggja til að landsbyggðin reyndi að styrkja sig stjórnarfarslega á þann máta að þriðja

stjórnsýslustigið yrði tekið fram fyrir það að vinna að því að sveitarfélögin yrðu efld og styrkt.

Í 5. gr. sveitarstjórnarlaganna sem samþykkt voru á Alþingi í vor segir að lágmarksíbúatala sveitarfélags sé 50 íbúar. Þá er verið að koma til móts við þær skoðanir okkar sem teljum að æskilegt sé að litlu sveitarfélögin sameinist og að svo smáar einingar eins og 50 manna sveitarfélög séu ekki heppileg í stjórnkerfinu. Mörgum fannst að markið hefði mátt vera hærra, t.d. 100 eða jafnvel 200–300 íbúar. Við sem flytjum þessar tillögur teljum að í lögum megi una við íbúatöluna 50 og það beri að forðast mikið valdboð í þessum efnum en með frjálsri sameiningu sveitarfélaga beri að stefna að því að þau verði flest með 300–500 íbúa og þar yfir.

Í framhaldi af þessari samþykkt í sveitarstjórnarlögunum stefnir að því að þessir litlu hreppar, sem hafa færri en 50 íbúa, verði sameinaðir og sú sameining hefur þegar átt sér stað a.m.k. á einum stað sem mér er vel kunnugt um, þ.e. í Klofningshreppi í Dalasýslu, þeim hrepp var skipt í tvennt, og í gær munu hafa farið fram sveitarstjórnarkosningar í þeim hreppum báðum sem þessi hreppur sameinaðist. Það munu vera 17 hreppar sem voru með færri en 50 íbúa og undirbúningur að sameiningu þeirra við nágrannahreppa mun vera í gangi.

Það er ekki aðeins það að þessi samþykkt hafi ýtt við eða komið því til leiðar að stefni að sameiningu þessara hreppa, heldur er komin í gang umræða á nokkrum stöðum á landinu um það að sameina fleiri hreppa. Þegar í það er farið að ræða það að sameina tvo hreppa á ákveðnu svæði kemur hugmynd upp um það hvort ekki sé réttara að sameina fleiri.

Það mun vera komið langleiðina að sameina fimm hreppa í Austur-Barðastrandarsýslu, þ.e. alla sýsluna. Kannske er of mikið sagt að þar séu rétt formsatriðin eftir en það er ekki langt frá því að svo sé. Ég tel það heillavænlega þróun en, því miður, á þessu svæði hefur þessi sameining verið nokkrum árum of seint á ferðinni, þó að segja megi að sameining eins og þarna á sér stað sé reyndar aldrei of seint, en hún hefði kannske betur mátt verða fyrr til þess að styrkja það byggðasamfélag sem þarna er.

Ég hef haft fréttir af því að í Vestur-Barðastrandarsýslu, eða hluta Vestur-Barðastrandarsýslu, séu uppi umræður um það að sameina jafnvel þrjá hreppa og sömu sögu er að segja úr Djúpi, þ.e. Ísafjarðardjúpi. Þar er í gangi umræða um það að sameina hreppana við innanvert Djúp.

Þessi svæði þar sem þessi umræða á sér stað eru öll svona á heldur fallanda fæti má segja. Þarna hefur átt sér stað mikil byggðaröskun og fólki hefur fækkað og nú er gripið til þess, kannske á síðustu stundu, að reyna að andæfa gegn þessari þróun með því að gera byggðirnar öflugri, með því að sameina þær í eitt sveitarfélag, og ég er viss um að það leiðir til þess að þessar byggðir verða öflugri og það samfélag sem verður byggt upp úr þessari sameiningu verður sterkara og hæfara til að sinna þeim verkefnum sem sveitarfélögin þurfa að sinna og einnig að taka við nýjum verkefnum sem æskilegt er að sveitarfélögin sinni.

Þessi umræða og þessi þróun sem ég hef nefnt bendir til þess að ef ríkisvaldið væri tilbúið að styðja fjárhagslega sveitarfélög þar sem áhugi á sameiningu er fyrir hendi og ríkið, þ.e. félmrn., beitti sér einnig fyrir kynningu og umræðu um sameiningu mundi sameining verða að veruleika á nokkuð mörgum svæðum á landinu. Ákvæði sveitarstjórnarlaganna um hvernig ráðuneytið skyldi vinna að stækkun og sameiningu sveitarfélaga er ekki nægilega markmiss, einnig ákvæði um hver skuli vera þáttur þess við undirbúning sameiningar og hver skuli vera hlutur ríkissjóðs til þess að jafna fjárhagslega stöðu þeirra sveitarfélaga sem sameinast.

Með frv. þessu er lagt til að úr þessu verði bætt með breytingu á 106. gr. og 108. gr. laganna. Með frv. er lagt til að skýrar og ákveðnar sé kveðið á um hvernig ráðuneytið skuli standa að því að vinna að sameiningu og stækkun sveitarfélaga.

Eftir samþykkt þessa frv. mundi ríkissjóður greiða kostnað við undirbúning að sameiningu og einnig jafna fjárhagslega stöðu þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust. Bæði þessi atriði eru í raun grundvöllur þess að sameining eigi sér stað að einhverju ráði á annan hátt en með valdboði.

Undirbúningur sameiningar kostar bæði fjármagn og fyrirhöfn og í upphafi slíks verks er erfitt að gera sér grein fyrir umfangi þess og niðurstöðu. Slík staða dregur úr áhuga og er líkleg til að koma í veg fyrir að málin séu athuguð.

Fjárhagsleg staða sveitarfélaga er mjög breytileg. Sú staðreynd kemur eðlilega í veg fyrir áhuga á sameiningu. Íbúar vel stæðs sveitarfélags hafa ekki áhuga á því að sameinast illa stæðu nágrannasveitarfélagi og taka að sér að standa undir skuldum þess.

Einmitt þessi staðreynd, að mismunandi fjárhagsstaða sveitarfélaga komi í veg fyrir sameiningu, er því miður fyrir hendi á ansi mörgum stöðum á landinu. Meira að segja verður maður var við þetta, þar sem uppi eru samstarfsverkefni eins og skólarekstur og annað í þeim dúr, að breytileg fjárhagsstaða sveitarfélaganna verður til þess að ekki er hægt að sinna ákveðnum verkefnum innan t.d. sama skólasvæðis vegna þess að sveitarfélögin eru mismunandi búin til að taka að sér fjárhagslegar skuldbindingar í sambandi við rekstur skóla. Það er nokkuð nöturlegt að hugsa sér að á nokkurn veginn sama félagslegu svæði, hluta sýslufélags, geti komið upp slík staða að breytileg fjárhagsstaða innan svæðisins sé beinn hemill á eðlilega þróun á ýmsum sviðum.

Ef meiri hluti er fyrir því á Alþingi að vinna beri að því að efla sveitarfélögin í landinu og að til þess að svo megi verða sé nauðsynlegt að stuðla að stækkun og samruna fámennari sveitarfélaga í fjölmennari og öflugri heildir þarf með stjórnvaldsaðgerðum að skapa skilyrði til þess. Það þarf sem sagt með stjórnvaldsaðgerðum að hefja umræðu og kynningu á þessum málefnum og það þarf með

stjórnvaldsaðgerðum að hafa til þess fjármagn að jafna stöðu sveitarfélaganna til að af sameiningu geti orðið. Þetta frv. er flutt til þess að láta á það reyna hvort slíkt meirihlutafylgi er fyrir hendi. Samþykkt þess mundi að mati flm. skapa gerbreytt og betri skilyrði fyrir sameiningu sveitarfélaga og þar með eflingu þeirra.

Að lokinni umræðu um þetta frv. hér í deildinni legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Magnús H. Magnússon:

Virðulegi forseti. Ég er efnislega sammála því frv. sem hér er til umræðu svo langt sem það nær, en ég tel hiklaust að það eigi að miða við 500 sem lágmarksíbúafjölda sveitarfélags nema þar sem sérstakar landfræðilegar aðstæður leyfa það ekki með góðu móti. Að tala um 50–100 manna sveitarfélag sem sjálfstæðan stjórnunaraðila er að mínu mati alveg út í loftið.

En það er hægt að vinna að stækkun sveitarfélaga með ýmsu móti, t.d. eins og frv. gerir ráð fyrir og með því að beina fjárveitingum til eflingar samstarfsverkefna sveitarfélaga eins og nú er gert að hluta varðandi sameiginlegar skólabyggingar, en efling og fjölgun slíkra sameiginlegra verkefna getur stuðlað að sameiningu sveitarfélaga. Og svo er hægt að gera það með valdboði sem ég tel að geti verið nauðsynlegt fyrr eða síðar ef engar aðrar leiðir duga. Ég tel þessar aðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, vera réttar og nauðsynlegar hvað sem líður hugmyndum um þriðja stjórnsýslustigið.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir ýmislegt það sem kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., ekki síst þegar hann gat um nauðsyn þess að efla sveitarfélögin, stækka þau með það að markmiði að þau verði færari um að annast ýmis þau verkefni sem þau þegar hafa á hendi og að ég tali nú ekki um ef svo fer sem horfir, að verkefnin aukist. Það er mikill vilji fyrir því um þessar mundir að auka þau verkefni sem sveitarfélögin hafa með höndum, en jafnframt að flytja til þeirra aukna fjárhagslega ábyrgð en um leið tekjur.

Ég sakna þess þó úr orðræðu hv. flm. þessa frv. að hann skyldi ekki frekar koma inn á þær reglur sem þó gilda samkvæmt lögum um stuðning vegna sameiningar sveitarfélaga. Skv. 114. gr. þeirra sveitarstjórnarlaga sem við samþykktum á s.l. vori er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi til í sambandi við fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga. Það er gert ráð fyrir að settar verði ákveðnar reglur um þessi efni. Þar er sagt, ef ég man rétt, að ráðuneytið geti sett ákveðnar reglur um það efni. Mér hefur verið tjáð að það sé verið um þessar mundir að setja þessar reglur. Ég hef ekki séð þær eða heyrt, enda er verið að vinna að þeirri reglusmíð.

Hv. flutningsmenn leggja til samkvæmt þessu frv. að ríkissjóður veiti fjármagni beint vegna sameiningar hinna einstöku sveitarfélaga í hverju tilviki. Þá þyrfti slík fjárveiting að koma inn á fjárlög hverju sinni og þarfirnar þar af leiðandi að vera ljósar áður en til slíkra fjárveitinga kemur að sjálfsögðu.

Hv. flm. kom inn á það að með flutningi þessa frv. væru tekin af öll tvímæli um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélögin vegna sameiningar eins og getið er hér um. Ég held þó að þarna verði að koma til skýrari reglur en getið er um í frv. Hér er getið um það, og það er rétt, að misjöfn fjárhagsstaða sveitarfélaga geti verið hamla á að sveitarfélögin verði sameinuð, en það er að engu leyti farið inn á í hve ríkum mæli þessi stuðningur á að vera. Það er á engan hátt skilgreint.

Nú geri ég mér fulla grein fyrir því að slíku er erfitt og jafnvel alls ekki hægt að koma fyrir í lögum, en ég teldi þó rétt og óhjákvæmilegt að það væri heimilt og raunar gert ráð fyrir því í slíku frv. að setja enn frekari reglur um þessi mál. Og nú er það spurningin: Gerir hv. flm. ráð fyrir því að í gangi séu tvær reglur, annars vegar að ríkissjóður veiti fjármagnið beint til þessara mála vegna sameiningar sveitarfélaga eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., en jafnframt að það sé veitt fjármagni í sama skyni á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hver gengur fyrir í þessu efni? **(HS:** Hann er nú að hverfa.) Ja, við verðum að hafa í huga þau lög sem gilda um þessi mál nú. Ég hefði kosið að hv. 1. flm. gerði grein fyrir því með hvaða hætti ætti að nota þessar tvær reglur sem mundu verða í gildi ef þetta frv. sem hér liggur fyrir yrði að lögum.

Ég vil að síðustu taka það fram, sem ég raunar vék að áðan, að ég tel nauðsynlegt að efla sveitarfélögin meðfram með því móti að stækka þau, sameina smærri sveitarfélögum, mynda stærri heildir í því skyni að þau verði fær um að takast á hendur aukin verkefni, en eins og kunnugt er er mikið meirihlutafylgi fyrir því að svo verði. En ég kýs að hv. flm. geri grein fyrir samspili þessara tveggja reglna sem mundu þá verða við lýði um stuðning vegna sameiningar sveitarfélaga verði þetta frv. að lögum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli sem er mjög til umræðu í þjóðfélaginu um þessar mundir, en það er hvernig á að skipa stjórnsýslunni á sveitarfélagagrundvellinum. Flm. flytja hér frv. til laga sem gerir ráð fyrir því að félmrn. setji aukinn kraft í að vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna þeirra í stærri og öflugri heildir og veiti því aukna vigt með fjárhagslegum stuðningi úr ríkissjóði.

Það eru ekki deilur um það meginmarkmið að flytja vald og áhrif til sveitarfélaga, færa þeim aukin verkefni og færa þeim aukna tekjustofna til að standa undir þeim verkefnum þó að framkvæmdin hafi ekki orðið mikil enn sem komið er a.m.k. Það er ljóst að sveitarfélögin eru smáar og vanmáttugar einingar til að taka á móti slíkum verkefnum og vinna þau á þann hátt sem færir íbúunum þar betri

þjónustu. En eigi að síður er ég mjög svartsýnn á skjótan árangur í þessum efnum, stækkun sveitarfélaga, jafnvel þó að meiri fjárhagsstuðningur komi til en nú er.

Ég er þeirrar skoðunar að þó það sé nokkur árangur í augsýn í því að sameina lítil sveitarfélög, sem eru svo lítil að þau geta ekki starfað sjálfstætt að neinu leyti, sé það markmið að flest sveitarfélög verði með 300–500 íbúa mjög langt undan. Ég er ákaflega andvígur valdboði í þessum efnum, enda segir í grg. með þessu frv. að það beri að forðast og ég held að það sé raunsæi í því. En eigi að síður held ég að þessi sameining muni vera langt undan þannig að íbúatalan nái þessu.

Ég held því að það sé meira raunsæi í því að setja aukinn kraft í umræðuna, hvað sem menn vilja kalla það, hvort menn vilja kalla það þriðja stjórnsýslustigið, en umræðan um það stjórnsýslustig er allómótuð. Menn hafa velt fyrir sér fylkjaskipan, sem ég hef alla fyrirvara um og finnst þær hugmyndir of fast reyrðar, og einhverjar óljósar hugmyndir sem menn hafa um aðra skipan. Ég held að það þurfi að taka upp alvarlega umræðu í þjóðfélaginu og miklu fastmótaðri en hefur verið um með hverjum hætti sveitarfélögin geti unnið saman í stærri heildum og tekið að sér ný verkefni, hvaða tekjustofna slíkar heildir eiga að fá og hvaða verkefni á að færa til þeirra. Eins og ég gat um í upphafi er ekki verulegur ágreiningur um það í þjóðfélaginu að sveitarfélögin eða samtök þeirra eigi að fá meiri verkefni og þar fari saman umsjón með þeim og fjárhagsleg ábyrgð.

Ég er sammála því að það beri að vinna að stækkun sveitarfélaganna, en ég held að árangurinn sé langt undan í þeim efnum og við komumst ekki hjá því, ef þessi verkefnatilflutningur á að verða að veruleika, að flytja verkefnin til einhvers konar samtaka sveitarfélaganna eða einhvers konar lýðræðislegra þriðja stjórnsýslustigs sem yrði jafnvel kjörið með öðrum hætti. En umræðan um þetta verður mjög mikil á komandi mánuðum og það er nauðsynlegt að móta hana betur en verið hefur.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað skiptið á fáum dögum sem við tökum okkur lotu á sveitarstjórnarmálum hér og er ekki nema gott um það að segja. Það hefði sannarlega verið ástæða til þess að við hefðum getað í slíkum rólegheitum sem nú er rætt þessi mál í fyrra þegar hinn mikli bálkur var hér til umræðu og afgreiðslu en allir vita hvers konar hraðafgreiðsla var hér á því máli í fyrra og í raun og veru engin leið fyrir þessa hv. deild að átta sig á því hvað væri verið að samþykkja, enda kannske ekki mikið og merkilegt sem fólst af raunverulegum nýmælum í þeim lagabálki þó að ýmislegt væri þar til betri vegar fært. Þar urðu engin þáttaskil í neinum þeim efnum sem máli skipta og því ekki nema von að því sé hreyft aftur á Alþingi sem hv. 4. þm. Vesturl. gerði við afgreiðslu sveitarstjórnarlaganna í fyrra, gerði þá myndarlega með brtt. Það er ekki nema von að því sé hreyft aftur hér varðandi það atriði einmitt hvernig vinna skuli að stækkun sveitarfélaga, hvernig ríkisvaldið komi þar inn í til aðstoðar.

Í allar umræður um þetta blandast umræðan um þriðja stjórnsýslustigið og ekki ætla ég að fara út í það hér. Það er alkunna að menn eru ekki sammála um það í mínum þingflokki fremur en ýmsum öðrum hvað þar sé best að gera. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur lýst skoðun sinni á því máli og telur eðlilegri og sjálfsagðari leið að efla og styrkja sveitarfélögin og hefur allan fyrirvara á um þetta millistig í stjórnsýslunni. Ég er aftur á móti annarrar skoðunar en hann í því efni, hvað varðar þetta millistig. Ég held að það sé hin mesta nauðsyn, knýjandi nauðsyn að við reynum að vinna okkur fram úr því. Ég viðurkenni að það er mikið verk. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Austurl. segir, að það eru enn um margt óljósar hugmyndir um hvernig framkvæma eigi þessa breytingu, en það er okkur ljóst, sem landsbyggðina byggjum, að við þurfum að fá sterkari einingar þar til að taka við verkefnum, taka við valdi, sjálfstæði og þá um leið að fá til þess fjármagn eða kannske að halda eftir heima í héraðinu því fjármagni sem þar verður til í stað þess að það sogist allt til Reykjavíkur.

Ég tek það fram sem einn af flm. þessa frv. að að sjálfsögðu er það nauðsyn — ekki síst þegar það er haft í huga hve margt er enn óljóst um þetta millistig og hvaða stuðning það hefur í þjóðfélaginu og sveitarfélögin eru sú staðreynd sem blasir við mönnum í dag — að gera þær einingar sem þegar eru til stærri og verðugri til verkefna og, eins og hér er lagt til, að ríkisvaldið aðstoði virkilega í því efni. Ríkisvaldið er ekki örlátt í því efni eins og menn vita. Hér var áðan minnst á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem smám saman er að hverfa blátt áfram út í veður og vind og enn skal skerða þó að við áttum okkur ekki á því hvað þar er verið að gera, hvaða leik er verið að leika í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nú, þá aukaskerðingu sem þar er sett, hvort það er gert til að fela ákveðna skerðingu á skólaakstri og öðru slíku eins og við höfum grun um eða hvað annað býr þar að baki. En lítið er eftir af honum ef enn þá á að höggva í þann knérunn jafnrösklega og lagt er til í frv. til lánsfjárlaga.

Ég held að það sem hér er lagt til sé hin mesta nauðsyn, ekki síst í þeirri stöðu sem er í dag. Ég get tekið undir það einnig með hv. 4. þm. Austurl. að auðvelt er þetta ekki og í þessu hefur auðvitað verið ákaflega hægfara þróun svo að ekki sé meira sagt, en eins og hv. 4. þm. Vesturl. greindi frá áðan er þó núna ákveðin hreyfing á vissum landsvæðum í þá átt þar sem menn hreinlega sjá að það er ekki önnur leið en að þjappa sér á einhvern hátt saman og finna þá til þess leiðir. Það fer vel á því að hreppur sem heitir Klofningshreppur hafi þar forustu. Það fer ekki illa á því. Hér hefur verið um að ræða ákaflega mikinn klofning og sundrungu milli sveitarfélaga í þessum efnum, allt um of. Og guð láti gott á vita þar

sem þannig er riðið á vaðið.

Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram í þessari umræðu svo að það fari ekkert á milli mála að ég hef mína eindregnu skoðun á því að við eigum að reyna að vinna okkur fram til þessa millistigs í stjórnsýslunni. Ég sat enda í nefnd á vegum þingflokkanna, byggðanefnd þingflokkanna svokallaðri, sem lagði þetta til einróma, fulltrúar allra þingflokka sem hafa skilað þessu í sína þingflokka og við sjáum hvaða örlög það fær. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að það á langt í land að ná fram ef það þá nær fram. Ég vek athygli á því að í þessu áliti byggðanefndar þingflokkanna eða fskj. með því kemur fram að allur þingflokkur Sjálfstfl. er andvígur þessu millistigi. Þar er því lýst yfir að Sjálfstfl. styðji tvö stig í stjórnsýslunni, þ.e. ríki og sveitarfélög og ekkert þar á milli. Við afgreiðslu sveitarstjórnarlaganna í fyrra kom beint og óbeint fram að Framsfl. að yfirgnæfandi meiri hluta var andstæður þessu millistigi einnig svo að ég á ekki von á því að miðað við núverandi þingstyrk þessara flokka verði mikil hreyfing á því máli og kannske ekki heldur miðað við undirtektir hv. 5. þm. Vesturl. undir það að ýta á eftir sameiningu og stækkun sveitarfélaga því að hann var heldur svartsýnn á að menn næðu þar árangri þótti mér. Mér þótti hann nokkuð svartsýnn á það ásamt hv. 4. þm. Austurl. (**DA:** Nei.) Var það ekki? Nú, var hann bjartsýnn? Það gerir Klofningshreppurinn. Ég tek það þá aftur. Ég skildi hann svo en skal taka það aftur. En í þessu efni held ég að við eigum að skoða þetta mál vel einmitt vegna þess að þar er bent á ákveðnar leiðir til þess miklu betur en gert var í sveitarstjórnarlögunum sem afgreidd voru í fyrra. Það er miklu betur gerð grein fyrir því hvernig að þessu skuli vinna á þann hátt að þetta geti gerst.

Jafnframt þessu segi ég enn og aftur að við eigum að reyna að vinna okkur fram úr þessum vanda sem er vissulega fólginn í því að færa vald og verkefni og halda fjármagni heima í héruðunum og ég held að það verði ekki gert nema með þeim hætti að koma á ákveðnu millistigi í stjórnsýslunni sem taki við þessum verkefnum, verði það öflugt og skilvirkt að eitthvert gagn verði að, ekki síst í ljósi þeirrar raunasögu sem sameining sveitarfélaganna hefur verið allt fram að þessu.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan við ræddum um sveitarfélögin og hin nýju sveitarstjórnarlög sem voru sett s.l. vor og það er rétt, sem hér hefur komið fram í umræðum, að það gafst of skammur tími til að ræða þau ítarlega. Þetta var það mikill lagabálkur sem þar var um að ræða. Þetta voru lög upp á 120 greinar. Það er ýmislegt sem í þeim getur leynst og menn verið misjafnlega ánægðir með það.

Hvort þar eiga hlut að máli dreifbýlisþm. svokallaðir eða þéttbýlisþm. vil ég skilja umræður þannig að menn vilji leita allra ráða til að styrkja stöðu dreifbýlisins eins og mögulegt er á eðlilegan hátt. Það er slæmt ef myndast umræða og tortryggni mikil þar á milli. Í ekki stærra þjóðfélagi verðum við að vinna saman í þessum málum sem öðrum.

Ég er þeirrar skoðunar að meginákerslu verðum við að leggja á að sameina hin minni sveitarfélög. Ég held að það sé alger nauðsyn. Lögboð í þeim efnum er ekki tímabært. Það er vaxandi skilningur fyrir því meðal hinna minni hreppsfélaga að takast á við þetta og ég held að með góðum upplýsingum og hæfilegum áróðri í þeim efnum megi það takast. Ég ætla engan dóm að leggja á hvort það skuli vera 100, 200, 300, 400 íbúar innan slíkra eininga. Það er erfitt að setja slíka reglu fasta vegna byggðar á hverjum stað. Það getur verið misjafnt sem þarna er um að ræða. En þetta er eina ráðið til þess að sveitarfélög geti orðið þeim vanda vaxin að takast á við þau sívaxandi verkefni sem þeim eru falin. Vaxandi verkefni til sveitarfélaganna erum við öll sammála um að þýðir ekki að senda þeim nema þar fylgi einhverjir tekjupóstar. Annars getum við ekkert framkvæmt. Ég held að mestu skipti óttinn við að þessar tekjur komi ekki. Þær eru ekki í sjónmáli handa þessum sveitarfélögum. Þau þora ekki að fara út í ýmsar framkvæmdir eða sameiningu vegna þess að þau vita ekki hvað bíður þeirra í þessum efnum. Þetta ræddum við nokkuð í fyrra. Ég skal lýsa því yfir að ég er efnislega sammála frv. sem hér liggur fyrir því að þar kemur fram það sem við ræddum mest í fyrra. Það kemur fram strax í a-liðnum í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té að kostnaðarlausu þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða vafaatriði er upp kunna að koma."

Þetta er afar nauðsynlegt. Það var lögð sérstök áhersla á í fyrra við hæstv. félmrh. þegar við vorum með þessi mál í nefnd að þetta yrði framkvæmt sem allra fyrst og þyldi ekki langa bið. En mér vitanlega hefur ekki sést neitt af þessu enn þá og það harma ég mjög að skuli ekki vera komið til framkvæmda. Þetta háir aðilum í umræðunni um þetta allvíða. Þeir vita ekki hvar þeir standa.

Svo kemur liðurinn sem er b-liður í frv. Þar greinir nokkuð á. Eins og hv. 5. þm. Vesturl. gat um áðan er í lögunum, sem við samþykktum hér, sagt, með leyfi forseta, í 114. gr.:

„Ráðuneytið getur að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu."

Um þetta hefur ekkert verið rætt frekar. En í frv., sem núna kemur frá flm. þess, er sú breyting gerð á að ráðuneytið skal gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og byggja fjárhagsstuðning á slíkri úttekt. Þetta verður þá að fara inn á ríkið beint en ekki er haldið sig við Jöfnunarsjóðinn sem er að vísu orðinn verulega

skertur, ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. En það er sama. Lögin gera ráð fyrir því að þangað verði féð sótt. Það eru samtök sveitarfélaga sem eiga að berjast fyrir að ná úr þeim sjóði en kannske ekki við hér á Alþingi. Þó við viljum gera allt til að rétta hlut sveitarfélaganna er þetta komið í þeirra hendur eins og er.

Ég tel þessa umræðu þarfa í þessum efnum. Þetta er svo mikið stórmál sem við þurfum öll að leggja okkur fram til að koma sem farsælast í höfn.

Ég er þeirrar skoðunar enn þá, og það kom fram hjá síðasta ræðumanni held ég, að ég hef ekki orðið var við sérstaka hreyfingu í Sjálfstfl. fyrir þriðja stjórnsýslustiginu. Ég ætla ekkert að útiloka það eins og er, en ég tel það meginatriði að við náum saman fyrst um að koma saman sveitarfélögunum til að mynda sterkari starfseiningar en þau eru í dag. Þó við kæmum á einhverju millistigi, hvað við viljum kalla þetta, þriðja stig eða hvað, blasir það verkefni alltaf við því við þurfum að byrja á því að sameina innan frá áður en við fáum boðskapinn utan frá.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi byrja á að segja frá því að þrátt fyrir þá hraðafgreiðslu sem ýmsir hafa talað um á bálknum mikla, sveitarstjórnarlagabálknum sem hér var í fyrra, vil ég ljóstra því upp að mér fannst meira en nóg um það mál rætt í þingflokki Sjálfstfl. Þó svo að það væri kannske lítill tími til að ræða málið í þessari hv. deild voru fá mál meira rædd í þinginu í fyrra og hitteðfyrra reyndar líka en þetta mál, í þingi og utan þess. Þannig fannst mér nægum tíma í það varið. Hitt er alveg rétt að það kom svo sem ekkert sérstaklega merkilegt út úr þessari miklu vinnu. Það var helst aftaka sýslunefndanna sem þar bar hæst.

Ég get í sjálfu sér tekið undir ýmislegt sem lagt er til í þessu frv. Það er ekki ofsögum sagt af því hversu erfitt það er fyrir hin fámennustu sveitarfélög að standa á eigin fótum. Það getur vel verið að það þurfi að beita einhverju agni eða einhverjum hvata til að fá sveitarfélögin, þau fámennustu, til þess að sameinast öðrum eða klofna og sameinast nágrannasveitarfélögum.

Ég geri mér alls enga grein fyrir upphæðum sem hv. flm. er að tala um í 2. gr. frv. Það er sjálfsagt nokkuð sem menn hafa ekki lagt í að reikna út enn þá. Það væri svo sem nógu gaman að vita ef hv. flm. hefði einhverjar hugmyndir um hvaða upphæðir þarna væri um að ræða. En hvað sem því líður er ég vissulega miklu hlynntari því að sveitarfélög stækki og eflist sem slík en að það þurfi að koma með einhvern millilið sem menn hafa kallað hið þriðja stjórnsýslustig, hvað sem það nú er.

Það væri nógu gaman að vita hvaða vitrun framsóknarmenn hafa fengið í sumar um þetta stig eftir að þeir samþykktu og lögðu mikla áherslu á að sveitarstjórnarlögin yrðu samþykkt í fyrra með aðeins tveimur stjórnsýslustigum. Meira að segja var lagt kapp á að sýslunefndir, sem voru einhvers konar millistig, skyldu út og af lagðar. Eitthvað hefur gerst í sumar í Framsfl. sem sýnir fram á að þarna séu komnar nýjar hugmyndir, nýtt stig sem þeir kalla þriðja stjórnsýslustig og reyndar er líka kallað manna á meðal þriðja stjórnsýslustig en ég a.m.k. veit ekkert hvað er. Það eru til lauslegar fylkjahugmyndir sem Samtök um jafnrétti milli landshluta hafa mótað. Það er einna næst því að vera handfastar hugmyndir af þeim sem ég hef heyrt og séð. Ég get vel ímyndað mér að það væri eftirsóknarvert að vera jarl yfir einu slíku fylki eða eitthvað þess háttar, en menn hafa fleygt því á milli sín að einn helsti agnúinn á sameiningu sveitarfélaga væri einfaldlega sá að hreppsnefndarmönnum fækkaði við það og oddvitum þar með líka. (**Gripið fram í:** Það þarf fyrirmenn í héraði.) Fyrirmönnum í héraði fækkaði um helming við fækkun sveitarfélaga um helming. En þetta er nokkuð sem ég er ekki maður til að leggja dóm á.

Hitt vildi ég nefna rétt í lokin að í Eyjafirði framanverðum er í gangi merkileg tilraun af sjálfsdáðum um eins konar sameiningu eða mjög nána samvinnu þriggja hreppa sem þar eru. Þeir hafa sett á stofn sameiginlega skrifstofu og vinna öll sín mál frá þeirri sameiginlegu skrifstofu og hafa mjög nána samvinnu í skólamálum, íþróttamálum o.s.frv.

Allt eru þetta snúin mál. Það skal viðurkennt. Það á sjálfsagt, eins og einhver hv. þm. gat um áðan, töluvert vatn eftir að renna til sjávar áður en af þessari eflingu sveitarfélaganna verður.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góða undirtekt og umræðu um þetta frv. Eftir undirtektunum að dæma sýnist mér að það sé meiri hluti í deildinni fyrir að þetta frv. nái fram að ganga í meginatriðum. Ég heyri að hv. formaður félmn. tekur vel undir efni þess þó hann hafi ekki að öllu leyti gert sér grein fyrir því hvernig sumir hlutir skuli framkvæmast út frá öðrum lagagreinum í sveitarstjórnarlögunum. En ég skal útskýra það á eftir. Ég tel þess vegna að það séu miklar líkur fyrir því að þetta mál geti átt fljóta leið í gegnum þingið með stuðningi og rösklegri vinnu hv. félmn. þannig að við getum látið á það reyna hvort Nd. sé ekki svipaðs sinnis þannig að þetta geti orðið að lögum í vetur. (**EgJ:** Er það ekki bjartsýni?) Það er ekki mikil bjartsýni miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram, hv. þm., nema síður væri.

Hv. 5. landsk. þm. lýsti sig samþykkan því sem hér kemur fram og er jafnvel enn þá ákafari til sameiningarinnar og taldi að það væri nauðsynlegt að til þess að af því gæti orðið að litlu sveitarfélögin sameinist þyrfti meira valdboð en nú er gert ráð fyrir í sveitarstjórnarlögunum. Ég held ekki. Ég held að það séu ákveðnar hættur því samfara að beita meira valdboði en þar er, þ.e. að það sé einhver lágmarkstala um fjölda íbúa í sveitarfélagi, og jafnvel að sú litla tala sem þar er tilnefnd hafi þau áhrif að það komist hreyfing á þessi mál ef stjórnvöld eru tilbúin

að ýta eftir þeirri þróun sem við höfum verið að tala um hér. Mitt frv. er flutt til að ítreka að félmrn., stjórnvöld, haldi uppi beinum áróðri eða kynningu um nauðsyn þess að sameina sveitarfélögin og hvernig að því skuli unnið.

Hv. 5. þm. Vesturl., formaður félmn., taldi að þetta frv. stangaðist að einhverju leyti á við 114. gr. sveitarstjórnarlaganna um að ráðuneytið skuli að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og segir í lögunum, setja almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Það er alveg tvennt ólíkt sem lagt er til í frv. og það sem um getur nú þegar í lögunum. Eins og hv. þm. getur séð í frv. er beinlínis lagt til að ráðuneytið hlutist til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað. Það sé til reiðu fyrir samstarfsnefnd og þá sem standa að undirbúningi sameiningar. Það sé vitað um að slík fjárhagsleg aðstoð sé fyrir hendi. Í 114. gr. er svo rætt um að það geti viss styrkur átt sér stað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga næstu fimm árin. Það dregur ekkert úr því að við sameiningu eigi sér stað ákveðin fjárhagsleg fyrirgreiðsla. 114. gr. er jafngild og jafnsjálfsögð þó að þessi liður, sem við leggjum hér til, verði samþykktur. Besta lausnin er fólgin í því að bjóða upp á þann möguleika að sveitarfélögin fái styrk við sameininguna og það sveitarfélag sem stofnað verður upp úr sameiningunni verði ekki mikið verr statt en meðalsveitarfélag í þeim hóp sem sameinast. Það er eins og ég sagði í framsöguræðu minni ekki eðlilegt og ekki trúlegt að rík sveitarfélög sameinist illa stæðu sveitarfélagi nema það liggi fyrir að það sé hægt að styrkja fjárhagslegu stöðuna á þann máta að íbúar betur stæða sveitarfélagsins beri ekki mikinn fjárhagslegan skaða af því.

Ég vænti þess, hv. þm., að ég hafi útskýrt þetta og að þarna stangist ekkert á. Það eru ekki tvær reglur í gildi eins og hv. þm. nefndi. Það verða tvær reglur reyndar. Það má segja að það verða tvær reglur sem eru samvirkar en stangast ekki á.

Hv. 4. þm. Austurl. taldi geta verið nokkuð langt í land að sá árangur næðist að íslensk sveitarfélög yrðu með íbúatöluna 300–500 eins og við segjum í grg. í frv. að sé æskilegt að stefna að með frjálsri sameiningu. Ég held ekki. Ég held að með markvissri umræðu og markvissu upplýsingastreymi ætti það ekki að eiga langt í land. En það gerist ekki ef við höldum uppi umræðu á svipaðan máta og hefur verið í sambandi við svokallað þriðja stjórnsýslustig. Það verður ekki ef það er í gangi umræða eins og sú, þar sem talað er um að stofna öflugt og virkt þriðja stjórnsýslustig, án þess að nokkur af þeim málsvörum sem því halda fram leggi fram nokkurn tímann uppbyggingu á því kerfi. Það er aðseins talað um að það þurfi að koma upp þriðja stjórnsýslustig sem verði öflugt og sterkt. Ég hef ekki enn þá — nema frá þeim samtökum sem kalla sig Samtök um jafnrétti milli landshluta — séð neinar tillögur um hvernig skuli byggja upp þetta þriðja stjórnsýslustig. Þær liggja ekki fyrir nema frá þessum einu samtökum. Þær eru á þann veg að það skuli stofnuð stór fylki, t.d. Vesturlandsfylki sem skuli ná yfir Vesturland og Vestfirði. Hafa orðið um það allmiklar umræður að slík fylki verði öflugar stjórnheildir og margt flutt því til ágætis. En það hefur aldrei komið upp í þeirri umræðu hvar ætti að vera t.d. miðstöð þessa góða fylkis, stjórnsýslumiðstöð þess. Hún ætti kannske að vera á Akranesi hjá honum Valdimar hv. 3. þm. Vesturl. Ég sé ekki beinlínis fram á að Ísfirðingar væru sérstaklega fegnir því að þurfa að sækja sína þjónustu að Akranesi. En þá mundu þeir fyrir vestan segja að þetta ætti að vera á Ísafirði. Mér er sem ég sjái að suðurhluti þessa fylkis, þ.e. Vesturland, sæki mikla þjónustu til Ísafjarðar. Þá kemur að því, eins og hv. þm. nefndi, að við förum að velja annaðhvort Búðardal eða Borðeyri og byggjum þar upp miðstöð fyrir Vesturlandsfylki. Vitaskuld er þetta utopia, en meginhlutinn af umræðunni um þriðja stjórnsýslustigið er á svipuðu stigi og þetta. Menn hafa ekki lagt fram neinar markvissar tillögur um hvernig þetta þriðja stjórnsýslustig skuli byggt upp. Við sem höfum verið gagnrýnir á þetta kerfi höfum sagt: Þetta hlýtur að kalla á aukna skriffinnsku. Þeir hafa sagt: Nei, nei, það verður engin skriffinnska. Það gerist af sjálfu sér að aflið og styrkleikinn komi út til landshlutanna.

Um samstarf sveitarfélaga er allt gott að segja og sjálfsagt að halda því í gangi eins og kostur er. En það hefur komið í ljós að því lengur sem slíkt samstarf er, því meira ber á þeim agnúum og vandræðum sem því fylgja. Það er kannske mest áberandi að þá hættir að vera beinlínis fulltrúalýðræði í stjórnum sveitarfélaganna heldur verður þetta meira og minna embættismannastjórn. Ég held að þeir sem mæla mikið með auknu samstarfi á milli sveitarfélaga og að það sé einhver framtíðarlausn, því sjálfsagt er að halda uppi samstarfi, ættu að lesa Morgunblaðið — ég mælist ekki oft til þess að það blað sé lesið — þar sem Tómas Tómasson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Keflavík, skrifar í sambandi við þessi mál á Suðurnesjum og kynna sér hvaða niðurstöðu hann kemst að um hvernig skuli leysa þeirra innbyrðis samstarfsmál. Það er einmitt að skrefið eigi að stíga til fulls og sameina Suðurnesjabyggð í eitt sveitarfélag. Vandamálin sem koma upp við samstarfið séu svo mörg og illt að gera sér grein fyrir þeim, hvernig þau koma upp í hvert skipti, að það eigi fyrst og fremst að stefna á sameiningu sveitarfélaga á þessu svæði. (**Gripið fram í:** Hvar á miðstöðin að vera?) Það væri svo sem auðvelt að velja Vogana undir hana.

Ég held að það hafi ekkert verið frekar sem ég þurfi beinlínis að árétta frekar eða nefna. Ég mótmæli því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi að hann teldi að það gæti undir vissum kringumstæðum þurft að beita á sveitarfélögin agni til að þau sameinuðust. Í þessu frv. er ekki nein slík meining. Það er ekki

verið að egna fyrir einn eða neinn heldur verið að leggja til að jafna stöðu, styrkja stöðu. Það á enginn að koma betur út úr hlutlausri rannsókn frá hendi ráðuneytisins, mati þess á fjárhagslegri stöðu, sameiginlegri stöðu þessara byggða.

Það hefur verið spurt um hverjar upphæðir gætu hér verið. Þær gætu verið nokkuð miklar ef t.d. ætti að fara að sameina byggðir eins og á Suðurnesjum, ef þar er mikið misræmi á milli. Ég held að það yrði að líta öðruvísi á slíkar stærðir, ef ætti að fara að sameina Ólafsvík og Hellissand eða eitthvað þess háttar, en litlu sveitarfélögin sem við höfum mest verið að tala um. Það verður sjálfsagt erfitt að leysa það að jafna stöðu fjölmennari sveitarfélaganna, ef þau eru að sameinast, en hér er fyrst og fremst verið að tala um að sameina upp í töluna 300–500 og kannske eitthvað þar yfir og þar yrði ekki um stórar upphæðir að ræða. Ætti ekki að vera vandamál, miðað við ágæti þeirra ráðherra sem hafa setið í ríkisstjórnum Íslands og ekki verið mjög fastir á aukafjárveitingar við sérstakar og knýjandi ráðstafanir, að leysa þau mál þó það væri ekki endilega afmörkuð mjög stór upphæð á fjárlögum í hvert skipti til þessara hluta.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstvirtur forseti. Það er greinilega allverulegur áhugi fyrir sveitarstjórnarmálum, eins og fram kemur í umræðum um þetta frv.

1. flm., hv. þm. Skúli Alexandersson, taldi sig hafa skýrt út með hvaða hætti annars vegar fjárhagslegur stuðningur beint úr ríkissjóði kæmi til og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég hélt því fram í minni fyrri ræðu að verkefni hvors aðila fyrir sig og form fjárhagsstuðnings þyrfti að vera skýrar afmarkað. Hv. flm. frv. sagði eitthvað á þá leið að hér væri um samvirkar reglur að ræða. Raunar talaði hann um það þannig orðrétt. Ekki síst vegna þessara orða hv. flm. kemur mér til hugar að þarna geti orðið um býsna mikla óvissu að ræða, með hvaða hætti og að hve miklu leyti ríkissjóður og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga koma til, þá er ég með í huga fjárhagslegan stuðning þegar um er að ræða sameiningu sveitarfélaga, einfaldlega vegna þess að um þetta hvort tveggja, þ.e. annars vegar um hugsanlegan stuðning ríkisins og hins vegar stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, verður fjallað samtímis. Það er ekki um það að ræða að fyrst verði gerðar tillögur um beinan fjárhagsstuðning ríkisins og síðan komi Jöfnunarsjóðurinn til. Um þetta verður fjallað samtímis og vitna ég þá til þessa frv. og jafnframt til 114. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Í 114. gr. er gert ráð fyrir að aðstoð megi veita í allt að fimm ár eftir sameiningu. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðuneytið hlutist til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað. Ég tel að hv. flm. hafi ekki skýrt það nægilega út með hvaða hætti fjárhagsstuðningur kemur til í hvoru tilvikinu fyrir sig. Það getur vel verið að hann hugsi sér einfaldlega að það verði fyrst ákveðið með hvaða hætti ríkið styðji tiltekna sameiningu, síðan veiti Jöfnunarsjóður einhvern slump í sama skyni. Ég er sannfærður um að ef ekki verður tekið skýrt fram um fyrirkomulag þessa máls frekar en hér er tíundað muni koma upp togstreita. Af hverju? Vegna þess, eins og ég hef tekið fram, að um fjárhagsstuðning hvors fyrir sig verður fjallað samtímis.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Hér er verið að tala um sameiningu sveitarfélaga með tilstuðlan ráðuneytis. Ég er ekki ýkja hrifin af slíkum miðstýringum, eins og hv. deildarþm. er kannske kunnugt.

Þar sem var minnst á fylkjastjórnir og þær óljósu hugmyndir sem þar liggja að baki vil ég taka fram að það er rétt að þær hugmyndir eru ekki ýkja mikið mótaðar. Ég vil þó minna á að hér í þinginu hefur tvívegis verið lögð fram þáltill. þar sem hefur verið gert ráð fyrir átta fylkjum. (**EgJ:** Frá hvaða flokki?) Sú till. var lögð fram, hv. þm., af þm. BJ og ef þú vilt fá nánari upplýsingar var Guðmundur Einarsson 1. flm. að þeirri þáltill. Mun hún trúlega, ef endurflutt verður, verða flutt af þm. Alþfl. Ég býst við að þetta sé það svar sem þú varst að leita eftir. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að svara fleiri frammíköllum nú, en ég veit að hv. þm. finnst mjög sniðugt að kalla fram í þar sem ég tilheyri nú öðrum þingflokki en áður. Þetta vildi ég minnast á vegna þess að það eru til staðar, þegar við tölum um fylkjamál, landfræðilegar fyrirstöður. Það vitum við mjög vel. Það væri t.d. ekki mjög skynsamlegt að sameina Suðurland og Austurland eða allt Norðurland að mínu mati.

Ef við erum að tala um fylki erum við að tala um samstarf allra sveitarfélaganna. Þegar við erum að tala um að sameina smærri sveitarfélög er það gott út af fyrir sig, en það verður að gerast heima fyrir. Það leysir ekki þann vanda sem við eigum við að búa núna á landsbyggðinni. Ég held að við ættum að velta því fyrir okkur en ekki gera lítið úr þeim tillögum sem fram hafa komið, þó ekki séu fullmótaðar, varðandi fylkjastjórnir. Ég held að með öflugri heimastjórnum komum við í veg fyrir margan þann vanda sem við höfum nú við að glíma varðandi dreifbýli og þéttbýli. Á undanförnum árum hefur átt sér stað fólksfækkun á landsbyggðinni. Það hefur líka fækkað í stærri sveitarfélögum, sveitarfélögum sem telja 2–3000 manns. Þetta mál, sem hér er til umræðu og gott er að ræða þrátt fyrir að ég sé ekki sammála þeirri miðstýringu sem í því felst, leysir því engan veginn þann vanda sem landsbyggðin stendur frammi fyrir.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að lengja þessa umræðu, en vegna þess að hv. 1. flm. var að tala um mikinn áhuga og mikla einingu í þessu máli finnst mér ástæða til að geta þess að ég er

á móti frv. og vil færa með fáum orðum rök fyrir því.

Það segir í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„Mikil umræða hefur átt sér stað mörg undanfarandi ár um það að fámenni sveitarfélaga væri dragbítur á byggðaþróun og stæði í vegi fyrir því að þau gætu tekið að sér og sinnt ýmsum fleiri verkefnum en þau gera nú og hefðu ekki getu til að ráða við mörg af núverandi verkefnum."

Svo mörg eru þau orð. Hér er sagt að fámennari sveitarfélögin hafi verið dragbítur á byggðaþróun. Byggðir geta náttúrlega þróast og byggðarsamfélögin með ýmsum hætti. Ég geri ráð fyrir því að smærri byggðarlögin hafi verið nokkur dragbítur á þá þróun, sem verið hefur, að fólki hefur fækkað í dreifbýli. Ég er sannfærður um að ef við hefðum ekki haft þetta byggðarsamfélag, sem við búum við, hefði sú þróun, sem við höfum horft upp á, gengið hraðar yfir en ella.

En það sem gerir það að verkum að ég er ósammála því sem kemur fram í þessu frv. er í fyrsta lagi það að ég hef ekki séð fyrir mér hvar smærri sveitarfélögin hafi brugðist í því að sjá um sínar skyldur. Ég held satt að segja að mörgum smærri byggðarlögum sé afar vel stjórnað og þau sinni þeim verkefnum, sem þeim eru falin, með ágætum. Ég stórefa að það sé nokkuð veikari staða hjá smærri sveitarfélögunum en hinum stærri. Þetta eru félagsheildir sem eru afar ólíkar og fólkið býr við önnur og ólík skilyrði. Það er að sjálfsögðu mikið meira þjónustuhlutverk innt af hendi í þéttbýliskjörnunum og í stærri sveitarfélögunum en þeim fámennari, en ég held að smærri sveitarfélögin standi alveg við sitt í þeirri þjónustu. Af því að það er um sleggjudóma að ræða í grg. væri gaman að fá um það vitneskju hvar smærri sveitarfélögin hafi ekki staðið við sinn hlut í samfélagsþjónustunni. Ég veit þess að vísu dæmi, en ég veit það alveg jafnt hjá stærri sveitarfélögum eins og hinum smærri.

Þetta er annað atriðið sem gerir það að verkum að ég er á móti þessu frv., en síðan kemur til viðbótar að ég er alveg sannfærður um að eftir því sem við þjöppum valdinu meira saman, færum það af jöðrunum og inn í þéttbýlið, því fremur veikjum við byggðina en styrkjum hana.

Ég hef fyrir mér dæmi úr minni sýslu. Um þessar mundir, á síðasta ári og þessu ári, hafa t.d. í tveimur sveitahreppum þar, sem báðir eru fámennir, verið byggðir skólar sem í samnýtingu eru líka samkomuhús. Þetta eru vandaðar byggingar og það hefur verið frábærlega vel að þessum framkvæmdum staðið. Ég er ekki viss um að þetta hefði átt sér stað ef það hefði verið einn sveitarstjórnarmaður úr hvorum þessara hreppa í stærra samfélagi. Ætli þetta hefði þá ekki verið leyst með öðrum hætti. Ég óttast það.

Ég hlýddi um daginn á frásögn sveitarstjórnarmanna úr Vesturlandskjördæmi. Þeir voru að vísu úr miklu stærra byggðarlagi en þessum sem ég vitnaði til áðan. Þar höfðu þeir orð á því að þeir vildu með störfum sínum sýna að fólkið í því byggðarlagi hefði trú á því starfi sem sveitarfélagið væri að vinna svo að fólkið sjálft fengi aukna trú á því umhverfi sem það byggi í. Þetta er nákvæmlega eins í sambandi við önnur byggðarlög og önnur sveitarfélög. Fólkið þarf að hafa traust á því sem fyrirsvarsmenn í hverju og einu sveitarfélagi hafa við að glíma. Þess vegna er það að eftir því sem að við færum þessar skyldur meira saman og eftir því sem við færum þessi verkefni meira saman, því meira veikjum við byggðina, veikjum byggðarsamfélagið.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef það er vilji fólksins sjálfs að stofna til stærri eininga á það að sjálfsögðu að gera það og það getur gert það á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi í dag. Þess vegna er þetta frv. á afturfótunum komið í heiminn. Það felur einfaldlega í sér sömu heimildir og eru nú í lögum nema þá kannske að fjárstreymið til þessara verkefna, eftir að Alþb. verður komið aftur í stjórn með Alþfl. og Kvennalistanum, verði svo mikið að einn sjóður geti ekki borið það.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Það verður a.m.k. ekki mikill vandi fyrir þá ríkisstjórn sem sest að völdum eftir kosningar að standa sig eins vel og núverandi ríkisstjórn í sambandi við fjárstreymið til landsbyggðarinnar.

Svo fór þó að hér kom í ræðustól einn sem lýsti sig andvígan frv. og hélt drjúga ræðu án þess að væri hægt að fóta sig á því hvers vegna hann væri á móti því. Hann tók einn punkt úr grg. (**EgJ:** Tvo.) og talaði um að þar væru sleggjudómar. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þann punkt sem hann nefndi og hann taldi sig byggja á andstöðu sína við frv. Punkturinn er þannig:

„Mikil umræða hefur átt sér stað mörg undanfarandi ár um það að fámenni sveitarfélaga væri dragbítur á byggðaþróun og stæði í vegi fyrir því að þau gætu tekið að sér og sinnt ýmsum fleiri verkefnum en þau gera nú og hefðu ekki getu til að ráða við mörg af núverandi verkefnum."

Hér er verið að tala um umræðu í þjóðfélaginu. Hér er ekki tekin nein afstaða. Ef hv. þm. telur þetta dóm, úrskurð eða stefnumörkun er ósköp eðlilegt að hann eigi erfitt með að átta sig á því hvort hann er með eða á móti og það sé erfitt fyrir hann að komast að þeirri niðurstöðu hvort hann sé með eða á móti málinu.

Ég tel ekki mikla ástæðu til að fjalla um niðurstöðu hv. þm. út frá því að hann byggir afstöðu sína til frv. á því sem þarna er sagt í grg. Hitt er rétt, sem hann sagði, að það er nauðsynlegt að fólk haldi trú á sínu umhverfi og þróun í byggðarmálum byggist e.t.v. að miklu leyti á því. Það er einmitt einn þátturinn að sú stjórnsýslueining sem fólkið býr við hafi þá burði, hafi styrkleika til þess að fólk hafi trú á sínu umhverfi. Að því er verið að leita með því frv. sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt, að nánasta umhverfi, stjórnsýslan beri í sér þann styrk-

leika að fólkið sem býr að henni geti haft trú á sínu nánasta umhverfi.

Hv. 5. þm. Vesturl. óskaði enn eftir frekari útskýringum á þessum tveimur reglum. Hann nefndi að með því að þetta frv. yrði samþykkt væru tvær reglur gildandi um hvernig ráðstafa skyldi fjármunum til þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust. Ég taldi mig hafa útskýrt það. Um það er ekki að ræða að þessar reglur stangist í einu eða neinu á. Í 108. gr. verður ákvæði um að sveitarfélögin skuli styrkt til þess að sameinast, en ef Samband ísl. sveitarfélaga og ráðuneytið telja æskilegt að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sé beitt til að styrkja slík sveitarfélög áfram í framhaldi af sameiningu er ákvæði fyrir því í 114. gr. Þetta ruglast hvergi saman nema þá í kolli hv. þm., en það breytist nú fljótt.

Ég held að það breyti óskaplega litlu í umræðunni um fylkjastjórnir þó að hv. fyrrv. þingflokkur hér í deildinni hafi borið fram frv. hér á þingi um fylkjastjórnir. Það staðfestir frekar en hitt, sem ég sagði hér áðan, að sú umræða og þær tillögur sem fram hafa komið um þriðja stjórnsýslustigið eru mjög veikburða. Það hafa komið fram margar tillögur og verið mikið talað um þær og farið fögrum orðum um þetta stig. En því miður: Það stendur óhaggað að það liggja ekki fyrir neinar afmarkaðar uppbyggðar tillögur um hvernig þetta þriðja stjórnsýslustig skuli byggt upp. Það er því verkefni okkar á næstu mánuðum, næstu misserum, að vinna að því að þær stjórnsýslueiningar sem við búum við, þ.e. sveitarfélögin, verði öflugri og styrkari til að þjóna landsbyggðinni og styrkja landsbyggðina og reyna að snúa við þeirri öfugþróun sem hefur átt sér stað nú um stundir í sambandi við stöðu landsbyggðarinnar. Það gerum við m.a. með því að samþykkja það frv. sem hefur verið til umræðu í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

10. fundur, mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 107. mál. — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Tékkar, 2. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánastofnun sparisjóðanna). — Þskj. 105, n. 132.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Í fjarveru hv. formanns nefndarinnar, 2. þm. Norðurl. v., sem er frsm. í þessu máli, vil ég flytja þessa stuttu framsöguræðu. Hér er um að ræða samkomulagsmál sem allir viðstaddir nefndarmenn skrifuðu undir. Þessi breyting sem gerð er á lögum er gerð vegna þess að nauðsynlegt var að samræma þessi lög nýsettum lögum um viðskiptabanka.

Eins og ég sagði áður, herra forseti, er fullt samkomulag um þetta mál og nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frh. 1. umr.

Frv. KSK o.fl., 71. mál (uppeldisáætlun og fósturliðar). — Þskj. 71.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að fundur standi í 15 mínútur í þessari virðulegu deild og mun taka þann tíma til ræðuhalda sem mér þykir við þurfa.

Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um byggingu dagvistarheimila. Þetta er 71. mál á þskj. 71. Flm. eru Kristín S. Kvaran og fleiri hv. alþm.

Áður en ég sný mér að efni frv., sem ég er í meginatriðum sammála, og jafnframt þakka flm. fyrir að bera þetta mál fram á hv. Alþingi vildi ég ræða nokkuð um þann mikla skort sem er á dagvistarheimilum og þá ekki síst á hverjum sá skortur bitnar harðast og fyrst. En hann bitnar harðast og fyrst á ungum börnum. Ég held að þjóðfélagið verði að fara að gera sér grein fyrir að sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum í gífurlega aukinni atvinnuþátttöku kvenna hlýtur að kalla á að börnum þessara kvenna verði tryggð viðunandi aðstaða og uppeldisskilyrði. Fyrir u.þ.b. 35 árum — það má kannske deila um þann árafjölda — efast ég um að meira en svona 30% giftra kvenna hafi unnið utan heimilis. Nú er þessi tala komin í 70–75% og án atvinnuþátttöku þessara kvenna er allur fiskiðnaður í landinu í rústum. Vinnuaflið í fiskiðnaði er 70–75% konur, meginhlutinn húsmæður. Sama er að segja

um almennan iðnað. Þar er hlutfallið ekki ósvipað, 70–75% konur, margar með ung börn. Um heilbrigðisþjónustuna hef ég ekki nákvæmar tölur en ætli hlutfallið á því sviði sé ekki eitthvað svipað? Sannleikurinn er sá, ef hann er sagður undanbragðalaust, að íslenskt atvinnulíf mundi hrynja niður ef þessar konur legðu ekki fram öll þessi störf.

Ég fullyrði að fjöldi barna þessara kvenna býr við ófullnægjandi uppeldisskilyrði vegna skorts á dagvistunarrýmum. Þjóðfélagið verður að fara að viðurkenna einföldustu staðreyndir. Það verður að fara að gera ráðstafanir til að búa þessum börnum betri uppeldisskilyrði og svara þannig á eðlilegan hátt þeirri atvinnuþróun sem hér hefur átt sér stað á undanförnum 35 árum eða svo. Víða um landið er sæmilega leyst úr þessum málum og á einstaka stað vel. En ég held að ástandið sé hvað verst hér í Reykjavík. Að vísu sá ég í sjónvarpinu í gær að Reykjavík var með hæsta hlutfallið en þá ber að hafa í huga að Reykjavík er líka með langhæsta hlutfallið af öldnu fólki, svoleiðis að það er ekki algjörlega sambærilegt.

Hér í Reykjavík fær ekki úrlausn nema lítill hluti þeirra sem sækja um dagvistunarpláss. Engar marktækar tölur eru hér um fjölda umsækjenda í Reykjavík — ég kem nú að öðrum stöðum á landsbyggðinni síðar — því að gift fólk er ekki skráð á biðlista — ef það hefur „asnast" til þess að gifta sig eins og unga fólkið segir í dag. Og svo mikil er forneskjan að ef t.d. móðir, sem vinnur á Iðju-svæði og er gift, ja, við skulum segja Dagsbrúnarmanni eða lágt launuðum opinberum starfsmanni, sækir um pláss fyrir börn sín er sagt á dagvistunarstofnunum Reykjavíkur: Þú getur ekki fengið pláss fyrir þitt barn, þú hefur fyrirvinnu. Þetta er dæmi um forneskjuna. Ég held að það sé almennt viðurkennt að bæði hjón verða að vinna fyrir heimili ef þau eru á almennum launum. Fyrirvinnuhugtakið gildir ekki um almennt launafólk.

Hér í Reykjavík eru svokallaðir forgangshópar, þ.e. einstæðar mæður. Fjöldi þeirra á í mjög miklum erfiðleikum. Ef mæður eru í sambúð, þ.e. búa án löggildingar hjónabandsins, eru þær skráðar einstæðar og fylla þannig skilyrði þess að komast í forgangshópa. Síðan kemur skólafólk og þar er algjör forgangsréttur hjá námsmönnum, sér í lagi háskólafólki til dagvistunarplássa. Ég efast ekkert um og veit að bygging og rekstur dagheimila fyrir börn hefur útgjöld í för með sér og það mikil útgjöld en menn virðast alltaf neita að horfast í augu við þá staðreynd að íslenskt atvinnulíf stendur og fellur með því fólki sem mest þarf á slíkum stofnunum að halda.

Hér þarf að leita fleiri leiða en farnar hafa verið fram til þessa. Hví ekki að láta atvinnufyrirtækin taka meira þátt í þessum kostnaði? Ég veit um nokkra staði úti á landsbyggðinni þar sem viðkomandi frystihús t.d. borga allan dagvistunarkostnað fyrir börn hjá mæðrum sem vinna í viðkomandi frystihúsi. Og ég veit um a.m.k. tvö byggðarlög — svo að ég nefni annað — þar sem mæðrum eru greiddar 24 kr. á tímann upp í dagheimiliskostnað. Tveggja barna móðir fær 48 kr. og þriggja barna móðir 72 kr. o.s.frv., fyrir unna klst., til að greiða fyrir dagheimilispláss. Og forráðamenn viðkomandi frystihúsa segja: Ef við hefðum ekki á þetta fyrirkomulag þá gætum við lokað húsunum.

Hvers konar tilbrigði við þetta skipulag eru vítt og breitt um landsbyggðina en víða er þetta í algjörum ólestri. Hví ekki að láta atvinnufyrirtæki taka þátt í kostnaði af rekstri dagvistunarheimila? Það hefur verið ríkjandi stefna runnin frá einhverjum uppeldis- og sálfræðingum, félagsráðgjöfum, sem ótrúlega oft eru manna misvitrastir í þessum efnum, að börn foreldra sem tilheyra sama starfshópi í þjóðfélaginu megi ekki vera saman eða eingöngu á sama barnaheimili. Þessi regla virðist bara gilda stundum fyrir suma. Sérstök barnaheimili eru hér fyrir stúdenta. Það virðist ekki skapa neina hættu þótt börn þeirra blandi geði á barnaheimili. Á Reykjavíkursvæðinu reka ríkisspítalarnir sjö barnaheimili. Þar fá eingöngu inni börn sérmenntaðs fólks en ófaglærð starfsstúlka, t.d. úr Sókn, fær ekki pláss fyrir barnið sitt á slíku heimili þótt nauðsyn krefji og hún vinni sín störf við hlið sérmenntaðrar móður sem fær inni fyrir barnið sitt á barnaheimili sjúkrahússins. Þetta er nú sálfræði og jafnrétti sem athyglisverð er.

Ég tilheyri flokki sem er mikið kenndur við ríkisrekstur, reyndar allt of mikið, en af hverju ekki að láta atvinnufyrirtækin sjálf, einkaframtakið, taka þátt í þessum kostnaði? Ef menn eru hræddir við að börn starfsmanna eins fyrirtækis séu á sama barnaheimili gætu t.d. tvö eða fleiri fyrirtæki slegið saman í rekstur slíkra heimila. Ég get upplýst mikið meira. Ég vil t.d. upplýsa að hjá Sambandi ísl. bankamanna hefur verið stofnað foreldrafélag á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það hefur verið gerð könnun á þörf á dagvistun barna starfsmanna. Í ljós kom að ótrúlegur fjöldi barna býr við ófremdarástand í þessum efnum. Foreldrafélagið hefur verið stofnað og undirbýr nú rekstur barnaheimila. Margir bankar hafa gefið sterkan ádrátt um að greiða verulegan hluta af kostnaði við rekstur þessara barnaheimila. Þarna er spor í rétta átt. Svona eru möguleikarnir ef menn eru ekki bundnir einhverjum einstigum.

Ég skal upplýsa að það tóku um 600 bankamenn þátt í þessari könnun. Um 80% þeirra sem áttu börn sögðust mundu notfæra sér slíka starfsemi á vegum bankanna. Fjöldi starfsmanna, annarra en foreldra, ömmur og afar o.s.frv., var reiðubúinn til að styrkja þetta fjárhagslega.

Víða erlendis eru barnaheimili rekin — þetta á náttúrlega aðallega við stærri staði — á neðstu hæð stórra fjölbýlishúsa, t.d. af húseigendum sjálfum. Þetta hefur gefið mjög góða raun. Byggingarkostnaður er mun lægri og íbúðir í slíkum húsum verða mun eftirsóttari.

Svona mætti benda á hvert atriðið á fætur öðru, sér í lagi hér í Reykjavík þar sem ástandið er eins og víða annars staðar gjörsamlega óviðunandi. En hér

virðist allt vera óleysanlegt og staðnað þegar kemur að því að skapa börnum vinnandi foreldra mannsæmandi skilyrði. Hér hefur sárasti vandinn verið leystur af dagmæðrum. Það eru líklega yfir 60% barna sem eru í vistun hjá svokölluðum dagmæðrum, konum sem taka nokkur börn inn á heimili sitt til dagvistunar. Margar þessara dagmæðra eru mjög góðar en kostnaður við dvöl barnsins hjá þeim er allt að því þrefalt meiri en á dagvistunarheimilum. Hins ber að geta að sveitarfélög hafa greitt hluta gjaldsins fyrir börn svokallaðra forgangshópa. Aðrir foreldrar greiða sitt að fullu.

Víða hefur verið rætt um að ekki sé hægt að fá sérmenntaðar fóstrur til starfa. Það skal afdráttarlaust viðurkennt að laun við fóstrustörf eru of lág. Ég endurtek til að koma í veg fyrir misskilning: Laun við fóstrustörf eru of lág. Starfið krefst stöðugrar athygli og er mjög krefjandi. En sú spurning leitar á mann hvort ekki hafi að einhverju leyti verið rekin röng stefna í skólamálum fóstra um nokkurt skeið. Fyrsta krafa við inngöngu í skólann er stúdentspróf. Þessa kröfu hefur ekki verið hægt að uppfylla, enda eru innan við 10% umsækjenda síðustu tíu árin með slíka menntun. Fjölmargar þeirra fóstra sem höfðu stúdentsmenntun hafa farið úr stéttinni. Þær hafa til dæmis farið í félagsráðgjöf, heyrnarmælingar, talkennslu og fleiri hliðstæð störf. Þó hefur verið fækkað þeim börnum sem hver stúlka á að sjá um á dagvistarheimilum þannig að aðstaða hefur batnað að því leyti.

Þessar menntunarkröfur hafa gert það að verkum að fjölmörgum stúlkum, sem hafa haft að baki margra ára starf á barnaheimilum við góðan orðstír, hefur verið neitað um skólavist í Fósturskólanum á sama tíma og inn eru teknir nemendur sem aldrei hafa nálægt börnum komið en hafa lengri skólagöngu að baki. Þannig veit ég dæmi þess og það fleiri en eitt að stúlku var neitað um skólavist vegna þess að hún hafði ekki fengið nema 5 í dönsku á grunnskólaprófi. Þó hafði hún unnið sér frábært orð sem starfsstúlka á dagvistunarheimili og hafði mikinn áhuga á að leggja starfið fyrir sig. Einkunnin 6 í dönsku var algert skilyrði fyrir inngöngu í Fósturskólann, hvernig í ósköpunum sem á því stendur. Einhverjum umsækjanda varð að orði hvort danska væri kennd á barnaheimilum.

Ég er sannfærður um að nú væru starfandi í landinu fleiri fóstrur ef Fósturskólinn hefði verið opnari en hann er, meira tillit hefði verið tekið til starfsreynslu en dönskukunnáttu, meira hefði verið lagt upp úr þekkingu á starfinu en stúdentsprófi, meira lagt upp úr ást á börnum en þekkingu á danskri tungu. Það hreinlega leitar á mann í öllu þessu stúdentadekri hvort það fari nú ekki bráðum að koma upp tillaga um það að öllum sé óheimilt að eiga börn eða geta börn sem ekki hafa stúdentspróf. Það kæmi mér ekki á óvart.

Þeirri skoðun vex sífellt fylgi að færa skuli stóra hluta fósturnámsins inn í fjölbrautaskólana. Ábyggilega verður andstaða við þessa hugmynd og sjálfsagt má koma með aðrar tillögur en ég vil benda á. Slíkir skólar, fjölbrautaskólar eru komnir víða um land. Hví þá að einoka fósturnámið við þriggja vetra nám í Reykjavík eingöngu þegar hægt er að setja upp sérstakar tveggja ára fósturbrautir í fjölbrautaskólum landsins? Þar er víða kostur á frábærum kennslukröftum og það ekki síðri en þeim sem Fósturskólinn hefur á að skipa. Próf úr slíkri fósturbraut mundi þá gefa réttindi til náms í Fósturskólanum sjálfum — það er ekki verið að leggja til að hann verði lagður niður — sem gæti þá verið t.d. eins ár nám. Þar færi fram sérstök kennsla í verklegu námi, þar færi fram kennsla í stjórnun og rekstri sem er nú ákaflega áfátt, allri slíkri kennslu í íslenska skólakerfinu, söng og hljóðfæraleik, íslensku og upplestri fyrir börn. Vitanlega mundi eitthvað af þessu koma á þessum fósturbrautum í fjölbrautaskólunum. Ef slíkt skipulag eða hliðstætt yrði tekið upp þyrfti Fósturskólinn ekki að auglýsa eftir nemendum með elskulegum fegurðardísum í sjónvarpi eins og raunin hefur orðið á í seinni tíð. En ég legg aftur áherslu á það að skilyrðið er betri laun fyrir fóstrur. Verum ekki að binda þetta nám við Reykjavík eingöngu. Opnum fósturnámið fyrir fleirum sem hafa áhuga og vilja til að starfa við umönnun barna. Finnist einhverjum þetta of lítil menntun sem hér er verið að benda á má t.d. bæta við eins vetrar framhaldsnámi í fósturskóla sem ekki væri skylda en yki réttindi þeirra sem í það færu. Nokkrar fóstrur hafa sótt töluvert mikla viðbótarmenntun erlendis, til dæmis hv. 1. flm., og það mundi á engan hátt leggjast niður. Ég vil taka það fram til að orð mín verði ekki misskilin að Fósturskólinn hefur unnið merkilegt starf í 40 ár, ég er alls ekki að gera lítið úr störfum hans né fósturstéttinni, fjarri því. En ég held að við verðum að hafa kjark til að gera breytingar í samræmi við þróun tímans.

Frv. það sem hér liggur fyrir er að ýmsu leyti athyglisvert og knýjandi og meginefni þess tvímælalaust til bóta. Um 1050 fóstrur hafa lokið prófi frá Fósturskólanum, um helmingur þeirra er í fósturstarfi, þar af um 100 í forstöðukvennastörfum og skyldum störfum. Meiri hluti starfsfólks á dagvistarstofnunum er ófaglærður. Því ekki að veita þessu ófaglærða fólki einhverja menntun í störfum sínum? Það gerði það bæði hæfara til starfa og það mundi bindast frekar í störfunum. Nú eru haldin námskeið, t.d. á vegum Reykjavíkurborgar og reyndar víðar, fyrir þetta fólk en þau mættu vera markvissari og lengri.

Í frv. er lagt til að stofnaður verði eins árs fósturskóli. Þetta er góð og athyglisverð tillaga og ég vil endurtaka þakkir til flm. fyrir að koma þessu á framfæri hér á hv. Alþingi. Það eru nokkur atriði sem um má deila þó það séu ekki höfuðatriði, en ég er hræddur um að orðalag, eins og segir í 3. gr. frv., orki tvímælis. Þar stendur:

„Heimilt er þó með samþykki menntmrn. að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með fósturmenntun til starfa. Má þá ráða fósturliða

til uppeldisstarfa um skamman tíma.“

Ég held að þetta ákvæði sé of þröngt. Ég held að það sé vonlítið að fá fólk í eins árs nám ef aðeins má ráða það í skamman tíma með sérstakri undanþágu sjálfs menntmrn. (**KSK:** Ég bið þm. að lesa neðst í 3. gr.) Já, ef þetta er eitthvað rýmra þá bið ég afsökunar á því og tek öllum leiðréttingum. Já, það segir hér:

„Heimilt er að mennta og þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið með reglugerð.“

Já, já, þetta er allt annað. Ég hef ekki lesið þetta nægilega vel, þetta breytir verulega.

Ég held að það sé mikið atriði að þessir fósturliðar fái eftir ákveðinn starfstíma og undirbúning inngöngu í Fósturskólann. Ég er sannfærður um að fósturliðaskóli í þessu formi sem hér er lagt til eða í einhverju hliðstæðu formi mundi tryggja börnum dagvistarheimila betri fóstrun og umönnun alla.

Hér er á ferðinni gott frv. sem ég styð og samþykki að verði vísað til nefndar sem e.t.v. gæti gert á því nokkrar æskilegar breytingar. Hér er um að ræða ákveðna menntun fyrir meiri hlutann af starfsfólki dagvistarstofnana sem enga sérmenntun hefur. Slíkur skóli yrði þjónusta við börn.

Og svo vil ég taka fram vegna ummæla þm. Kvennalistans í sambandi við þetta, sem ég veit að gengur ekkert annað en gott til og vilja hag og aðbúnað barna sem bestan, að það er engin leið að fá upp hvernig hlutfallið er. Álitið er að það sé einhvers staðar á milli 30 og 40%. En það stangast allar upplýsingar á. Þá er bara spurningin: Ætla menn að snúa sér að þessum verkefnum að afla ca. 60–70% af starfsliði meiri menntunar og starfsréttinda eða ætla menn að halda áfram að mennta aðeins 30–40%? Ef þetta er ekki gert þá rísa dagvistarstofnanir ekki undir því hlutverki sem nútímaþjóðfélag leggur þeim á herðar. Svör við þessu gætu orðið eitthvað á þá lund að þarna sé verið að slæva kröfur. Til þess að fullnægja þeirri þörf sem er á sérmenntuðum fóstrum þyrfti ekki færri en 600–900 til viðbótar, 600–900. Ég fer gætilega og þá reikna ég ekki með mikilli fjölgun á dagvistarheimilum sem er óhjákvæmileg og er óvirðing við stritandi fólk og foreldra í landinu að ekki skuli vera tekið tillit til þeirra. Vitanlega sjá allir að skóli sem útskrifar 30–40 nemendur á ári leysir ekki allan vandann. Það er bara spurningin hvort þetta góða fólk margt hvert sem á þessum stofnunum vinnur fái viðbótarmenntun og viðbótarréttindi og það mundi þá festast frekar í störfum.

Herra forseti. Ég skal ekki teygja mig út í annað. Ég ætlaði hér að skemmta menntmrh. örlítið sem ég má víst ekki fyrst hann er ekki hér viðstaddur og þá hefur það ekki gildi. Hér hef ég fyrir framan mig uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir. Einn ágætur vinur minn, háttsettur og viðurkenndur lögfræðingur, fór eitthvað að stríða mér með því að hann hefði brotist í gegnum þessa uppeldisáætlun. Ég vil taka það fram að þessi uppeldisáætlun er að mörgu leyti ákaflega góð og þarft verk sem þarna var unnið og til bóta og ber ekki að leggja til hennar. En stofnanamálið, sérfræðingamálið, sem menn viðhafa þegar svona plögg eru samin, er dæmalaust. Þar segir t.d. á einum stað:

„Rökstuðningur fyrir forskólauppeldi sé að það geti búið öllum börnum án tillits til heimilisástæðna vandlega skipulagt og lærdómsríkt uppeldisumhverfi þar sem færi gefst til að örva skynhreyfifærni þeirra, vitþroska, félagsfærni og boðskiptahæfileika til hins ýtrasta.“ Og stuttu neðar segir: „Langtímaathuganir hafa bent til fylgni milli heimilisaðstæðna og frammistöðu í skóla og gefa til kynna gæði þess uppeldisumhverfis sem börnin vaxa upp í eigi veigamikinn þátt í hvernig þau þroskast.“

Og þessi ágæti lögfræðingur, vinur minn, sagði: Ja, gagnorðari var nú Örn Arnarson forðum. Hann sagði bara: „Kjörin settu á manninn mark.“ Ég skal nú ekki vera að þylja þessa uppeldisáætlun, sem ég vil ekki gera lítið úr, en ég vil mjög eindregið skora á þm. að horfa ekki fram hjá þeim vanda sem útivinnandi foreldrar búa við, sýna þeim ekki þá óvirðingu, sem búið er að gera hér allt of lengi, með því að börn þeirra séu meira og minna á þvælingi, lyklabörn, við óviðunandi aðbúnað. Ég held að þetta frv. sé tvímælalaust til bóta, það sé gott frv. En það er ekki nóg að koma því til nefndar. Nefndin þarf að skila áliti. Við eigum að afgreiða þessi mál hér og svo skal áfram haldið.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég vil þakka kærlega hv. síðasta ræðumanni fyrir hans ágæta innlegg í þetta mál og stuðning við frv. Mig langar aðeins til þess að taka til þar sem hann ræðir um inntökuskilyrði í Fósturskólann og gerir það í rauninni að ákveðnu máli að það skuli vera krafist stúdentsprófs eða sambærilegs prófs eða menntunar til inngöngu í Fósturskólann. Ég er að mörgu leyti sammála hv. síðasta ræðumanni, hans orðum um að það væri ekki nóg að hafa stúdentspróf ef ekkert annað væri til staðar, þ.e. ekki áhugi fyrir starfinu eða neitt annað slíkt. En það er annað sem hv. 7. þm. Reykv. hefur ekki áttað sig alveg á og er ekki von þar sem honum finnst einkennilegt að stúlku hafi verið neitað um inngöngu í skólann af því að hún hafði 5 í dönsku. Það er nefnilega þannig að allt námsefni Fósturskólans er eingöngu til á Norðurlandamálunum (**GJG:** Má ekki þýða?) og þess vegna frumskilyrði að fólk hafi vald og það gott vald á Norðurlandamálum til þess að geta lært við Fósturskóla Íslands. Þetta er nöturleg staðreynd en það eru bara svo fáir nemendur sem hafa verið í gegnum tíðina í þessum skóla að það hefði orðið svo dýrt að fara að þýða allar þessar bækur yfir á íslensku, vegna þess að þetta eru allt saman sérstakar fagbækur, og þar fyrir utan þá úreldast þær mjög fljótt og þar eru alltaf nýjar og nýjar bækur, eins og reyndar í mörgum öðrum skólum. Þannig að þarna liggur nú reyndar

svarið við þessari athugasemd sem auðvitað liggur alls ekki í augum uppi svona við fyrstu sýn og finnst mörgum mjög einkennilegt.

En ég vil geta þess strax í upphafi að ég var svo heppin nú fyrir helgina að komast að því að árið 1980–1981 kom þessi hugmynd um fósturliðaskóla, eins og hann er hugsaður hér í frv., fyrst fram. Hún kom fram í lokaverkefni í kennsluréttindanámi í Kennaraháskólanum og það var nú reyndar eiginkona hv. síðasta ræðumanns sem samdi þessa ritgerð. Það er margt merkilegt í þessari ritgerð, eins og eðlilegt er þar sem um Elínu Torfadóttur er að ræða, og ég vil leyfa mér, með leyfi herra forseta, að lesa á stangli upp úr þessari ritgerð, svo að það komist í þingtíðindi. Hér gríp ég niður þar sem segir:

„Hin mikla fjölgun dagvistarstofnana kallar að sjálfsögðu á aukið starfslið. Þrátt fyrir starfrækslu Fósturskóla Íslands er meiri hluti starfsliðs ekki úr honum heldur fólk án nokkurrar skólagöngu né sérfræðslu á þessu sviði. Þó er þarna innan þessa hóps mjög mikið af hæfu fólki sem yndi hefur af börnum og börn laðast að, en að sjálfsögðu einnig fólk sem vinnur aðeins stuttan tíma og því mikið um endurnýjun á starfsfólki, þ.e. sífelld hreyfing sem óheppileg er vegna barnanna. Þessar hæfu starfsstúlkur mundu vera hæfari ef þær ættu kost á að njóta ákveðinnar grunnkennslu til þessa starfs."

Síðar í þessu verkefni segir, með leyfi herra forseta:

„Nefna má að í Reykjavík er áætlað að á almennum opinberum dagvistarheimilum fyrir börn séu tæplega 1000 manns við beina umönnun barna, en þar af aðeins um 150 fóstrur eða ca. 15%. Úti á landsbyggðinni er hlutfallið víðast hvar mun stærra og á ýmsum dagheimilum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins er enginn sérhæfður starfskraftur." — Og ég vil taka það fram aftur að þetta er skrifað árið 1980–1981 þannig að hlutföllin hafa að sjálfsögðu versnað síðan þá.

Síðar í þessari ritgerð segir, með leyfi herra forseta:

„Það verður hins vegar ekki rætt hér" — og þá er verið að tala um tilhögun kennslu í Fósturskólanum og inntökukröfur — „en viðfangsefni mitt er hvernig hægt er að koma á hagnýtri menntun sem yfirgnæfandi meiri hluta starfsliðs barnaheimilanna vantar og hver er skjótvirkasta og raunhæfasta leiðin til þess. Það er nauðsynlegt að brúa bilið á milli þessara tveggja póla, þ.e. fóstranna og annarra starfsstúlkna. Það þyrfti að styrkja betur innviði heimilanna bæði til að starfsfólkið allt vinni betur saman, meti hvert annað og störf hvers annars, létti hvert öðru svo börnunum komi til góða."

Og að síðustu, herra forseti, gríp ég niður þar sem segir:

„Þetta er eina lausnin til þess að meiri hluti starfsfólks á barnaheimilunum fái notið menntunar og fræðslu í starfsgrein sinni. Skóli sem þessi yrði strax fjölmennari en Fósturskóli Íslands en tæplega þurfa fóstrur að óttast samkeppni. Bæði vantar svo margar með þá menntun og fyrirsjáanleg er aukning dagvistarheimila og einnig er hér um að ræða að mennta aðstoðarfólk.

Að fenginni 30 ára reynslu í starfi og mikla kennslu í verklegum þáttum fósturstarfsins tel ég þetta langjákvæðustu leiðina til að bæta hag barna, heimila og til að mennta starfsfólk. Ég er einnig sannfærð um það að sveitarstjórnir út um land allt mundu styrkja nemendur úr sinni heimabyggð til að sækja þennan skóla. Byggi ég þá skoðun mína á samtölum við ýmsa sveitarstjórnarmenn, einnig forustufólk úr verkalýðsfélögum utan Reykjavíkur. Þarna kæmust eldri starfskraftar og fólk, sem ekki hafa verið á atvinnumarkaðinum um nokkurn tíma, í nám sem það gæti hugsað sér, sbr. Sjúkraliðaskólann. Nemar sem koma úr uppeldisbrautum fjölbrautaskólanna koma þarna fljótlega í starf með starfsréttindum með eitt ár til viðbótar ef þeim fellur starfið. Þetta fólk ætti áfram að vera Sóknarfólk, en jafnframt verður að tryggja að skóli sem þessi verði aldrei einhver blindgata, þannig að nemar sem óska þess og standa sig ættu að geta sótt nám til viðbótar í Fósturskóla Íslands ef þeir hefðu áhuga.

Ef maður lítur til öldungadeilda menntaskólanna sýnir námsfólk það að það hefur engu minni námsgetu eða áhuga þótt það hafi ekki átt kost á námi í æsku. Þetta mun hvetja starfslið dagvistarheimila til náms, þetta mun gera það öruggara í starfi sem aftur mun gera það ánægðara og ekki síst að það mun skapa því starfsréttindi. Og þetta er í dag eina leiðin til að tryggja hæfara starfslið fyrir börnin, en þau og velferð þeirra hlýtur alltaf að vera aðalmarkmið þeirra sem um þessi mál fjalla."

Ég hef lokið tilvitnun í þetta lokaverkefni og tel að það í einu og öllu styðji mál mitt og ég vildi sannast sagna óska þess að ég hefði vitað um þetta verkefni áður en ég bjó til þetta frv. en við því verður ekki gert.

Ég hef svona mörg orð um þetta vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. af hálfu þm. Kvennalistans og tel að það sé alveg bráðnauðsynlegt að fyrirbyggja að þessi misskilningur og þekkingarskortur verði mun lengur við lýði heldur en orðið er. En mér hefur sýnst á málflutningi hv. þm. Kvennalistans að þær ætli sér með forsjárhyggju að hafa vit fyrir heilli stétt og frekar tveimur en einni þar sem er allt starfsfólk dagvistarheimilanna líka. Ég álít alls ekki að fóstrur né starfsfólk dagvistarheimilanna þurfi á Kvennalistakonum að halda til þess að segja sér hvað eða hvernig málum þeirra sé best komið inni á dagvistarheimilunum. Hv. þm. Kvennalistans hafa lengi talið sig vera sjálfskipaða forsvarsmenn kvenna og barna og telja þess vegna að þetta mál heyri undir þær og þess vegna best fyrir aðra að vera ekki að skipta sér af því. En það vill svo til að ég er ekki sammála þessu áliti þeirra og ég hef reyndar sönnur fyrir því að hv. þm. Kvennalistans hafa farið út fyrir strikið og orðið berar að vanþekkingu í þessu máli og hreinum þekkingarskorti á málefnum barna og heillar kvennastéttar, og eins og

ég sagði áðan frekar tveggja en einnar. Og í því sambandi vil ég leyfa mér, með leyfi herra forseta, að lesa upp úr einu bréfi, af reyndar fleirum sem ég hef fengið, en undir þetta bréf rituðu tólf fóstrur utan af landsbyggðinni, ég ætla að grípa hér niður í bréfið þar sem segir:

„Við teljum að neikvæð gagnrýni stafi af þekkingarskorti. Niðurstaða okkar er sú að þessi tillaga sé fyllilega tímabær. Fósturliðanám gefur fólki kost á stuttu en gagnlegu námi. Það hlýtur að vera starfsemi dagvistarheimila til framdráttar að aðstoðarfólk fóstra, þ.e. fósturliðar, hafi einhverja grunnmenntun og verði um leið stöðugri vinnukraftur. Við teljum að fósturliði sé mun vænlegri kostur en algjörlega ómenntaður starfsmaður því við verðum að viðurkenna þá staðreynd að á næstu árum verður ekki hægt að ráða fóstrur í allar stöður á dagvistarheimilum."

Eins og ég tók fram áðan þá er þetta eitt af mörgum bréfum sem ég hef fengið. Ég hef að vísu fengið eitt bréf, undirritað af einni fóstru, sem var frekar í neikvæðum tón. Að öðru leyti langar mig til að minnast á það að u.þ.b. 50% barna útivinnandi foreldra, ef ekki nær 60% eftir því sem mér heyrðist síðasti hv. ræðumaður tala um, eru hjá dagmæðrum og ástandið er síður en svo viðunandi á mörgum þeim stöðum þar sem börnin dvelja hjá dagmæðrum og fá börnin eflaust mjög mismunandi atlæti eins og gefur að skilja af því að dagmæður eru jú margar. Í því sambandi langar mig til að lesa upp úr grein sem Elínborg Jónsdóttir ljósmóðir, og væntanlega móðir, skrifar undir, en þar segir hún, með leyfi herra forseta:

„Enginn hefur neytt þá til þess að eignast börn" — hún er að tala um foreldrana sem hafa leyft sér að eignast börn — „og góðir foreldrar vita að það er börnunum fyrir bestu að vera heima hjá pabba og mömmu. Foreldrar í dag vita því upp á sig „skömmina". Þeir hafa í einhverju augnabliksæði látið tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur og verða að taka afleiðingunum. Má þar sitt sýnast hverjum. Hinn raunverulegi þolandi er hins vegar barnið og staðreyndin er sú að stærstur hluti þeirra vistast að einhverju leyti utan heimilis fyrstu ár ævinnar á meðan foreldrar eru við nám eða vinnu. Viðunandi dagvistarrými eru ekki fyrir öll þessi börn. Vandinn er leystur að stórum hluta með neyðarúrræðum." — Og þá fer hún yfir í að ræða um uppbyggingu dagmæðrakerfisins og segir svo, með leyfi herra forseta: „Uppbygging dagvistarheimila er ekki í neinu samræmi við þörfina. Hluti dagmæðra verður því sífellt stærri. Dagvistun á einkaheimilum er fyrirkomulag sem er ákaflega viðkvæmt og vandmeðfarið. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur veitir leyfi til þessarar starfsemi."

Síðar í þessari grein segir hún, með leyfi herra forseta:

„Dagmæður semja ekki við neinn. Þær gefa út gjaldskrá og eru flokkaðar sem verktakar hjá skattyfirvöldum. Dagvistarrými hjá dagmóður er ótryggt. Dagmæður verða veikar eins og annað fólk, þær þurfa sín frí og geta hætt með eins mánaðar fyrirvara.

Í skýrslu um dagvistun á vegum Reykjavíkurborgar árið 1984 kemur fram eftirfarandi: Starfsemi dagmæðra er mjög sveiflukennd og hættu 202 konur störfum á síðasta ári og til samanburðar var fjöldi dagmæðra 345 í árslok. Jafnframt kemur fram að 67,2% barnanna eru á aldrinum 0–3 ára.

Í skýrslu fyrir árið 1985 kemur fram að 60,6% barnanna eru innan við sex mánuði hjá sömu dagmóður. Aðeins 4% eru þrjú ár eða lengur hjá sömu dagmóður. Enn fremur segir í skýrslunni: „Þessi starfsemi er þannig augljóslega sveiflukennd og erfitt á henni að byggja sem atvinnu, enda hreyfileikinn á dagmæðrum í starfi mikill og hættu 183 konur störfum á síðasta ári."„

Það að ég tek þetta inn í þessa umræðu hér er einmitt bæði til að benda á skortinn á dagvistarrýmum og svo ekki hvað síst það að ef við gætum komið á meiri stöðugleika í starfinu á dagvistarheimilum, þá væri ekki eins mikið af börnum sem þyrftu að vera hjá dagmæðrum, því það er jú stöðugt bent á að ekki sé hægt að manna dagvistarheimilin og því síður fleiri en nú eru.

Ég verð að endurtaka það að ég treysti þeim fóstrum sem vinna á dagvistarheimilum mun betur til þess að dæma um það hvað nauðsynlegt sé að gera til úrbóta í starfinu og starfseminni þar heldur en hv. þm. Kvennalistans.

Herra forseti. Vegna orða hv. 7. landsk. þm. við umræðurnar s.l. mánudag þar sem hún sagðist ekki sjá annað af frv. en að fósturliðar muni eiga að ganga fyllilega í störf fóstra, svo ég lesi það nú orðrétt, þá var það svo, með leyfi herra forseta:

„Það er að vísu talað um, ef ég man rétt, að stjórnandi dagvistarheimila eða deilda verði að vera fóstra en að öðru leyti sé ég ekki annað en að fósturliðar muni eiga að ganga fyllilega í starf fóstra og ég sé vissulega á þessu þá hættu að fósturliðamenntunin muni hreinlega taka við af fósturmenntuninni."

Ég verð að benda hv. þm. á að lesa upphafsorð 3. gr. frv., en þar stendur svo — þar sem þm. er staddur hér, þá ætla ég að lesa þetta fyrir hana, með leyfi herra forseta:

„Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem hafa umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila."

Þannig að það fer ekki á milli mála að þarna er átt við að það skal hafa fósturmenntun.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er einn af flm. þess frv. til laga sem hér er til umræðu. Tvö aðalatriði eru í þessu frv. Annað er það að dagvistarheimili skulu ekki aðeins vera dvalarstaður fyrir barnið þar sem það njóti verndar og aðhlynningar í mat og drykk, heldur verði einnig að líta svo á að þar fari fram uppeldis-

legur þáttur bæði hvað varðar hegðun og aðgerðir sem stuðli að auknum þroska. Hitt atriðið er það að vegna þess mikla bils sem er á milli raunveruleikans í þjóðfélaginu og þeirra laga sem eru í gildi og framkvæmdarinnar, þá blasir það við að það eru ekki fóstrur nema í litlum mæli sem sjá um börn á ákveðnu aldursskeiði. Það væri æskilegt út af fyrir sig að þau markmið næðust að það væru dagheimili fyrir öll börn sem þess þyrftu og að þar væru fóstrur vel launaðar sem væru glaðar í sínum störfum. Því miður blasir ekki sá veruleiki við að við séum að ná landi með þetta.

Ég hef sjálfur starfað í stétt sem sat uppi með sömu vandamálin og ég er ekki búinn að sjá að þar verði heldur nægilega vel á þessu tekið, þ.e. í kennarastéttinni. E.t.v. dettur einhverjum í hug að það skipti ekki svo miklu máli fyrir þroska barnsins hvernig umhverfi það hefur á þessum árum. Ég vil í því sambandi vitna til þess þegar blaðamenn spurðu náttúrufræðinginn fræga á gamals aldri, Darwin: „Á hvaða árum ævinnar lærðir þú mest?“ spurðu þeir. „Á fyrstu þremur árunum,“ svaraði hann. Og ég er ekki búinn að sjá það að það sé nokkur maður sem fer í gegnum eðlilegt þroskaskeið sem lærir nokkurn tímann meira á öðru tímabili ævinnar en fyrstu þremur árunum.

Auðvitað hefur umhverfið afgerandi áhrif á þroska og samferðamennirnir hafa áhrif hver á annan. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv. kannast við það úr Íslendingasögunum sem sagt var um Erling Skjálgsson á Sóla: Öllum kom hann til nokkurs þroska. En ég vil bæta því við úr minni reynslu í starfi að ég tók einu sinni á móti nemendahóp í 1. bekk barnaskólans sem hafði notið tilsagnar við lestrarnám hjá gamalli konu sem ekki aðeins hafði náð merkilega miklum árangri í að kenna þeim að lesa, heldur virtist einnig hafa náð undraverðum árangri í að venja þau á góðar umgengnisvenjur sem ég fer ekki dult með að mótuðu þessa nemendur allan þann tíma sem þeir voru í barnaskólanum. Og þó að menn séu misjafnir og ég efi að margir geti leikið það eftir sem henni tókst í þessum efnum er ég sannfærður um að án þess að setja eitthvert slíkt markmið næst enginn árangur á dagvistarheimilunum, enginn árangur miðað við það sem gæti náðst ef mönnum væri ljóst hvílíkt gífurlegt þroskaskeið þessi aldur er ef umhverfið er nægilega reynsluríkt og jákvætt til að hjálpa börnunum á lífsleiðinni.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það væri sannarlega ánægjulegt ef fleiri létu skoðun sína í ljósi á þessu frv. en hv. flm. og sú sem hér stendur. Að vísu, ef ég man rétt, er víst hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ekki einn flm. en hann talaði í málinu áðan og óskandi væru að fleiri hefðu skoðanir á þessu og létu þær í ljósi.

Ég verð að segja að ég er undrandi á þessum hörðu viðbrögðum og sárindum hjá hv. 1. flm. Ég hefði haldið að hún fagnaði því að fá tækifæri til þess að ræða þetta frá öllum hliðum. Það er engin ein skoðun endilega rétt á öllum málum og mér fannst rétt að það viðhorf, sem ég hef túlkað, kæmi hér fram í þessu máli, sem er vissulega álitamál. Hún getur vafalaust lagt fram bréf frá konum sem styðja hennar málflutning. Ég hef ekki aflað mér neinna bréfa en ég veit að þessi viðhorf eru fyrir hendi. Hvort þau verða ofan á eða þau sem hún hefur túlkað verður tíminn að leiða í ljós. Ég vil vitanlega eins og aðrir sem hafa talað að þessi mál verði skoðuð vandlega og um þau fjallað í nefnd og ekki hrapað að neinu. Þetta er töluverð breyting sem verið er að tala um að gera. Það er verið að tala um og á að leggja það beinlínis til að það verði stofnuð og löggilt ný stétt starfsfólks á dagvistunarheimilum og þetta er mál sem verðskuldar alla umræðu og skoðun frá öllum hliðum. Ég skil ekki í öðru en að allir séu sammála því að hér hafi allir jafnan rétt til þess að viðra sínar skoðanir og finnst eðlilegt og skil ekki í öðru en við getum rætt þessi mál í einlægni og skipst á skoðunum í fullri kurteisi og málefnalega.

Ég náði auðvitað ekki öllum orðum hv. 1. flm. áðan en mér fannst hún ansi eitthvað snegluleg í garð okkar Kvennalistakvenna að tala um forsjárhyggju og að við Kvennalistakonur teldum okkur hafa einkarétt, ef ég skildi hana rétt, á öllu sem varðaði málefni barna. Ég vil nú bara mótmæla því að við teljum okkur hafa nokkurn einkarétt á því. Það er vissulega rétt og öllum ljóst að það er mikið meginatriði í stefnu okkar og öllum störfum að vinna að bættum hag kvenna og barna. En að við teljum okkur hafa einkarétt á því er alls ekki rétt eins og hv. þm. hlýtur að sjá og skilja. Við getum satt að segja ekki hugsað okkur að hafa neinn einkarétt á því. Ég ætla að vona að áhugi og skilningur á málefnum kvenna og barna breiðist meira út en hefur verið. Okkur þykir það taka langan tíma að koma þeim áhuga og skilningi sem víðast um þjóðfélagið.

Við fáum sannarlega oft að heyra það að dagvistunarmál séu eina efnið sem við þykjumst hafa vit á og hið eina sem við látum okkur nokkru skipta. „Blessaðar talið nú um eitthvað annað en dagvistunarmál,“ er mjög algeng setning og algeng fullyrðing sem við fáum að heyra. Við slíkar athugasemdir er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi er það auðvitað ekki rétt að við leggjum slíka ofuráherslu á dagvistunarmál að allt annað falli í skuggann. Það er nú síður en svo. Oft finnst okkur reyndar að við þyrftum að láta miklu meira frá okkur fara um þessi mál. Og í öðru lagi felst svo í slíkri fullyrðingu að dagvistunarmál séu alls ekki þess virði að eyða of mikum tíma í þau, hvað þá að hér sé um eitthvert forgangsmál að ræða.

Því miður skortir enn verulega á að þeir sem hafa mest völd og áhrif og peningaforráð í þessu landi skilji hve gífurlega brýnt hagsmunamál þetta er fyrir mikinn fjölda fólks, fyrir foreldra og börn. Það er að mínum dómi furðulegt að verkalýðsfélögin skuli ekki hafa staðið sig betur í að lagfæra þetta ástand. Nú veit ég vel að á þetta hefur verið lögð áhersla í samningum, a.m.k. var það svo í samningunum 1980

að þetta var gert að nokkuð miklu áhersluatriði. Aðilar vinnumarkaðarins gerðu um það samkomulag að gert yrði verulegt átak í uppbyggingu dagvistarheimila í landinu og ríkisstjórnin lagði sitt af mörkum með því að lofa markvissri uppbyggingu dagvistarheimila þannig að þörf fyrir dagvistarrými yrði fullnægt á tíu árum og um þetta var gerð áætlun. Við vitum nú hvernig við það hefur verið staðið. Mér finnst verkalýðsfélögin hafa staðið sig hörmulega í því að fylgja þessu eftir og nú er þessi áætlun orðin ansi rykfallin má segja. Við vitum hvert framlag ríkisins á að vera skv. frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Það á að vera 20 millj. kr. og dugir skammt upp í þessa ágætu áætlun — þ.e. uppbyggingu dagvistarheimila sem átti að vera lokið árið 1990 ef ég man rétt. Þetta eru nú efndirnar.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um þennan mikla skort á dagvistarheimilum og ég tek svo sannarlega undir það og við höfum staðið saman í því að reyna að fá ríkisvaldið til þess að leggja meira af mörkum svo að fullnægja mætti þessari þörf fyrir dagvistarheimili, þ.e. byggingar, en við það er vitanlega það að athuga að það þýðir lítið að hafa dagvistarheimili og hafa hús ef starfsfólk fæst ekki til að vinna störfin þar. Ég hygg að við séum sammála um að orsökin til þess að ekki fæst starfsfólk er fyrst og fremst kjörin.

Vafalaust særi ég einhvern upp í stólinn hérna með þeim orðum mínum en mér finnst það ekki stuðningur við baráttu fóstra fyrir bættum kjörum að leggja fram tillögu af þessu tagi sem hér er til umræðu þar sem mér finnst beinlínis felast í henni að við þurfum ekki að hafa svo vel menntað eða svo mikinn menntaðan starfskraft á þessum heimilum. Það dugi sem sagt alveg að mennta fósturliða, mennta fólk í eitt ár til þess að gegna þessum störfum. Halda hv. flm. og þeir fjölmörgu alþm. sem hér sitja og hlýða á mál mitt virkilega að þeir sem reka dagheimilin taki því ekki fegins hendi að fá nýja stétt, löggilta stétt fósturliða, svo að þeir þurfi ekki að greiða eins mikið fyrir þessa þjónustu?

Það eru örfá önnur atriði sem hér hafa komið fram, m.a. það sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um. Hann minntist á þá hugmynd sem oft hefur verið hreyft að dagvistarheimili séu rekin í tengslum við fyrirtæki og það má vissulega velta slíku fyrir sér. Ég hef rætt þetta við margar konur og sumar eru hlynntar slíku og benda á það öryggi sem í því felst að hafa börnin í öruggri gæslu nálægt sér, að geta látið ná til sín hvenær sem er ef eitthvað kemur fyrir og jafnvel hitt þau í hádeginu eða í hléum sem gefast frá störfum. En á hinn bóginn er svo það sjónarmið ákaflega sterkt að slík þjónusta sem bundin er við vinnustað geti verkað og hljóti í mjög mörgum tilvikum að verka sem fjötur, þ.e. fjötur við vinnustaðinn. Foreldrið er þá að sjálfsögðu bundið við þetta fyrirtæki til þess að hafa tryggt pláss fyrir barnið því að um leið og starfsmaður hættir störfum við fyrirtækið hlýtur barnið að missa sitt pláss og það er nú öryggið þegar allt kemur til alls.

Á þessu eru sjálfsagt líka fleiri hliðar og þetta er ekki beinlínis mál sem þarf að ræða í tengslum við þetta þingmál sem er á dagskrá en auðvitað er ástæða til þess að ræða þessi mál öll í víðu samhengi. Tíma þingdeildarinnar er ekkert illa varið í slíka umræðu og samkvæmt dagskránni höfum við ekki annað að gera. Þess vegna finnst mér ekki síst að hv. flm. og sér í lagi hv. 1. flm. ætti að fagna öllum viðbrögðum og tækifærum til þess að ræða þetta mál. Ég vil ítreka það að ég vil að þessi mál séu rædd, umsagna verði leitað og málið skoðað frá öllum hliðum. En ég veit að það viðhorf sem ég hef túlkað hér er ekki einsdæmi og það er viðhorf sem á fyllilega rétt á því að heyrast og verða rætt eins og önnur viðhorf. Svo að ég ítreki það viðhorf sem ég er að túlka hérna svo að það fari ekkert á milli mála, því mér finnst óneitanlega nærri því eins og menn hafi misskilið það sem ég hef sagt, að mér finnst að við verðum að leggja áherslu á hlutverk fóstrunnar og að við megum ekki draga úr mikilvægi hennar starfa. Ég óttast það að ef við löggildum nýja stétt með minni menntun, sem mun að öllum líkindum fá lægri laun — ég sé ekki efni til annars — séum við e.t.v. að ráðast að fóstrustarfinu sjálfu.

Hv. flm., og ég reyndar líka í máli mínu um daginn, minntust á það ófaglærða starfsfólk sem hefur bjargað málunum, bjargað þessu ófremdarástandi sem ríkir á dagvistarheimilum, og það hefur sannarlega unnið gott verk. Það er því miður ekki hægt að taka próf í ást á börnum en eins og hv. 7. þm. Reykv. tók fram hér áðan er hún vitaskuld mest um verð þegar um umönnun barna er að ræða og margt fólk getur vitanlega reynst hið besta starfsfólk þó að það hafi ekki hlotið löggilta menntun. Ég tel rétt að styðja og styrkja þá starfsemi sem þegar hefur verið nokkuð iðkuð, þ.e. að gefa þessu ófaglærða starfsfólki kost á námskeiðum til þess að auka færni og skilning á því sem um er að ræða. Ég held að það sé einfaldlega sú leið sem við þurfum að fara fremur en að löggilda nýja stétt.

En ég ítreka enn og aftur að ég vil vitanlega láta skoða þessi mál og mér þykir það mikil ofætlan ef hv. flm. halda það að mín áhrif og okkar Kvennalistakvenna séu það mikil að við getum stöðvað þetta mál ef það verður niðurstaða allra þeirra sem leitað er til um umsagnir að þetta sé það besta fyrir börnin okkar. Verði sú niðurstaða af umfjöllun málsins mun ég beygja mig fyrir því. En með þetta eins og allt annað er það vitanlega samviskan sem ræður.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 7. landsk. þm. að hvoru tveggja því að það mætti ræða hér dagvistunarmál mikið meira en gert er. Og ég get m.a.s. tekið undir með hv. þm. í því líka að verkalýðsfélög hafa verið ákaflega slöpp í þessu og mættu skammast sín. Ekki ætla ég að undanskilja mig neitt í því en það tæmist nú oft og tíðum salurinn þegar ég held svipaðar ræður og skeð hefur hér og ég var að halda hér áðan. Vissulega er það rétt hjá

hv. þm. að í þessum efnum eru uppi misjafnar skoðanir og engin ein endanlega löggilt skoðun og ég var aðeins fyrst og fremst að beina orðum mínum til þm. Kvennalistans ekki af því að ég haldi að þm. Kvennalistans móti afstöðu Alþingis í þessum efnum þó þær hafi verið nokkuð duglegar við að berjast í þessum málum, heldur bara af því að ég held að afstaða þeirra í þessum málum sé það jákvæð að það væri slæmt fyrir framgang málsins ef þær snerust þar í mót. Ég vil jafnframt þakka hv. þm. Ólafi Þórðarsyni fyrir ákaflega athyglisverða ræðu sem hann hélt.

En það er þetta með löggildingu stétta og launabaráttu fóstra. Ég held að ég hafi þrisvar tekið fram að laun fóstra væru of lág og það væri óhjákvæmilegt að kjörin yrði að bæta. En þó það vanti svona eins og ég segi 600–900 fóstrur, þá hefur það ekki orðið til að bæta kjör þeirra svo að það virðist nú ekki vera einhlítt. Ég vil aðeins minna á að hjúkrunarkonur — þetta er nú ekki að öllu leyti sambærilegt, þó er það mjög sambærilegt að öðru leyti — að hjúkrunarkonur voru mjög hatrammar, misjafnlega þó, í upphafi á móti sjúkraliðum og töldu að þarna væri verið að löggilda nýja stétt til þess að halda kjörum hjúkrunarfólks niðri, sérmenntaðra hjúkrunarkvenna eins og það hét þá. Reyndin hefur orðið sú að þorri sjúkrahúsa mundi nú algerlega stöðvast og ég held að sú menntun, sem þarna var tekin upp, hafi bjargað heilbrigðismálunum á sjúkrahúsunum að verulegu leyti, en það hefur ekki leyst úr hjúkrunarkvennaskortinum. Kjör þeirra hafa ekki versnað miðað við aðrar stéttir. Það eru ákveðnar stéttir sem verða illa út úr málum. En hér er ekkert verið að segja að það sé verið að löggilda nýja stétt. Hér er stétt sem er, ja, að fróðra manna yfirsýn svona um 70% af starfsfólki barnaheimila og það er aðeins verið að leggja til að þær fái ákveðna menntun. Forgangsréttur fóstra er til staðar. Það vantar 600–900 fóstrur, sjálfsagt mun sú tala vera hærri, það verður ekki leyst með fóstrum í bili. Það er til að bæta starf barnaheimilanna, gera þau hæfari til að annast börn og þarna held ég að við verðum að hafa í huga hvað kemur börnunum best. Og ég veit að hv. þm. hefur það að leiðarljósi. En þó að ég viðurkenni hennar skoðanir, og hún opnar fyrir það að það er sjálfsagt að ræða þetta í nefnd og skoða allar hliðar málsins, þá held ég að það væri ákaflega mikil skammsýni að vilja ekki veita yfirgnæfandi meiri hluta starfsliðs barnaheimila ákveðna menntun sem geri þær hæfari til starfa. Það er feikinóg rými fyrir nokkur hundruð fóstrur án þess að hreyfa við þessum stúlkum. Þar held ég að við séum sammála.

Hv. þm. var að kvarta undan því að það hefði verið ráðist á þm. Kvennalistans fyrir baráttu í þessum málum. Ég held að sú barátta mætti vera meiri og ég held að hún mætti koma úr fleiri áttum og þökk sé allri baráttu í þessum efnum. Það er nefnilega verið að leika hér þúsundir barna nokkuð grátt vegna ástandsins í þessum málum.

Ég held að þessar umræður sem hér hafa orðið séu til bóta. Aðeins fékk ég laust skot frá hv. þm. um að það væri ekki hægt að taka próf í ást á börnum. Ég skal að vísu viðurkenna að sjálfsagt er erfitt að ná einhverjum ástarmæli upp í það. En ég skil ekki og get ekki skilið að stúlka, sem hefur kannske sex ára starfsreynslu á barnaheimili, það er þetta óskýrða atriði, börn hænast að henni, hún á óvenjugott með að annast börn, mér dettur nú í hug kennslukonan sem Ólafur Þ. Þórðarson var að segja frá hér áðan, að hún sé útilokuð frá Fósturskólanum vegna þess að hún nær ekki 6 í dönsku. Það er rétt sem hv. 1. landsk. þm. sagði að meiri hluti námsefnis fer fram á dönsku í Fósturskólanum. Þá er mér spurn: Af hverju? Því í ósköpunum er ekki hægt að þýða meira af þessum kennslubókum? Að vísu er nokkuð skipt um bækur þarna, en skýringin er nú ekki sú nema að takmörkuðu leyti. Það hefur bara ekki verið lögð rækt við það. Vera má að það hafi verið skortur á fjármagni. Ég held að hluta af þessum bókum mætti mjög auðveldlega þýða og væri til bóta.

Ég skal svo ljúka máli mínu. Ég endurtek það að ég tel þessa tillögu góða og ég legg áherslu á það að hún sé ekki svæfð í nefnd. Ég held að það séu allir, sem um þetta hafa rætt, því sammála. Og ég held að nefndin verði að skila áliti. Og eftir að þetta hefur verið rætt í nefnd eiga að liggja fyrir tillögur frá viðkomandi þingnefnd og þá á að afgreiða þetta mál. Hagur barna í þessu landi kallar á það. Síðan getum við haldið áfram í sambandi við dagvistarheimili. Þar er full þörf að taka víðar til hendinni. Það held ég að við séum öll sammála um.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa séð ástæðu til þess að taka þátt í umræðum um þetta mál og hef nú reyndar gert það, held ég, einu sinni áður að þakka fyrir það, og þakka líka fyrir frá því í fyrra. Ég verð að segja það að ég virkilega fagna því tækifæri sem þessi umræða hefur gefið þannig að hægt sé að horfa á málin frá öllum hliðum. Að sjálfsögðu geta allir haft sína skoðun á þessu máli og ég vil bara segja að það er vel. En það hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera skylda mín sem 1. flm. þessa frv. að leiðrétta augljósar rangfærslur og ranghugmyndir um það. Það liggja síður en svo nokkur sárindi að baki þó svo ég leyfi mér slíkt. Það þýðir auðvitað ekkert að tala um aukningu á dagvistarheimilum í sambandi við þetta frv. á meðan við vitum að það fæst ekki starfsfólk, hvorki með menntun né menntunarlaust, og nú síðast eru allar fóstrur að segja upp frá 1. nóv.

Þær fóstrur sem ég hef átt viðræður við, og ég er búin að segja þetta reyndar áður við þessa umræðu, þeim finnst í raun og sannleika að það mundi að vissu leyti verða kjarabót fyrir þær ef það fengist bætt aðstaða á dagvistarheimilunum, og bætt aðstaða skapast m.a. með því að það verði ekki um stöðugan gegnumgang af fólki að ræða. Það rétt byrjar og svo hættir það vegna þess að það finnur sig

ekki í þessu starfi og það hefur ekki hæfileika eða getu til þess að gegna þessum störfum.

Ég verð að segja það einnig og enn og aftur að nákvæmlega sömu rökum, sem hér hefur verið beitt gegn þessu frv., var beitt gegn stofnun sjúkraliðaskóla á sínum tíma. Það kom reyndar fram í máli hv. síðasta ræðumanns og hann rakti það mál mjög vel. Það hefur sýnt sig í dag að það er full þörf á þessum skóla og þessi starfsstétt hefur fyllilega sannað gildi sitt.

En í sambandi við orð hv. 7. landsk. þm. um það að ég væri e.t.v. sem 1. flm. eitthvað hrædd um að hv. þm. Kvennalistans gætu stöðvað málið, þá er það ekki þess vegna sem ég vil leiðrétta ranghugmyndir um þetta mál, heldur vegna þess að mér finnst leitt til þess að vita að þær skuli stöðugt, eða réttara sagt þessi eini hv. þm. svo að ég hafi þetta ekki í fleirtölu, klifa á sömu hugsanaskekkjunni varðandi þetta mál, þ.e. að hugmyndin að þessu frv. sé sú — sem hún er alls ekki — að fósturliðum sé ætlað að taka yfir störf fóstra. Það er síður en svo. (**KH:** Ég efast ekki um að hugmynd ykkar er önnur, en ég óttast það.) Já, en hún er það sem sagt ekki og örugglega verður hún það ekki, ekki frekar en að sjúkraliðar hafa ekki tekið yfir störf hjúkrunarkvenna fram að þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

14. fundur, þriðjudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti efri deildar."

Þórður Skúlason hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns og þingsetu 2. varamanns taki 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Jón Magnússon lögfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta tilkynnist yður, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Þessu bréfi fylgir yfirlýsing um forföll 1. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavík.

Jón Magnússon hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Eggert Haukdal, 7. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna heima fyrir get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Siggeir Björnsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Siggeir Björnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er nú boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Jón Kristjánsson 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Þórdís Bergsdóttir húsmóðir, Seyðisfirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Bréfi þessu fylgja yfirlýsingar um forföll 1. og 2. varamanns. Kjörbréfið þarf að rannsaka. En áður en horfið verður að því verður haldið áfram að gera grein fyrir bréfum sem borist hafa.

Hér er enn eitt bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Guðrún Agnarsdóttir 3. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis og þar sem 1. og 2.

varamaður landskjörinna þm. Kvennalistans hafa tjáð mér að þeir geti ekki tekið sæti á Alþingi að ósk þess að 3. varamaður landskjörinna þm. Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanna.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Þessu bréfi fylgja yfirlýsingar um forföll varamanna ásamt kjörbréfi.

Enn hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Halldór Blöndal, varaformaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv., dvelst nú erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér samkvæmt beiðni hennar og með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns, þingsetu 2. og 3. varamanns og forfalla 4. varamanns taki 5. varamaður Sjálfstfl. í Reykv., Bessí Jóhannsdóttir cand. mag., sæti á Alþingi í fjarveru hennar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf og yfirlýsingar um forföll.

Enn hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. nóv. 1986:

„Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Ólafur B. Óskarsson bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti efri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf og yfirlýsing um forföll.

Frsm. kjörbréfanefndar (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Nefndin hefur tekið fyrir þrjú kjörbréf, fyrst kjörbréf Bessíar Jóhannsdóttur sem er 5. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík. Hún sest á þing vegna fjarveru Ragnhildar Helgadóttur, 10. þm. Reykv., sem dvelst erlendis í opinberum erindum. 1. varamaður er forfallaður, 2. og 3. sitja á þingi og 4. varamaður er forfallaður. Mælt er með að kjörbréfið verði samþykkt.

Þá er tekið fyrir kjörbréf Þórdísar Bergsdóttur, 3. varamanns Framsfl. í Austurlandskjördæmi. 1. varamaður var Jón Kristjánsson, sem er núna 4. þm. Austurl., og 2. varamaður er forfallaður. Nefndin mælir með að kjörbréfið verði samþykkt.

Í þriðja lagi er svo kjörbréf Ólafs B. Óskarssonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra. 1. varamaður flokksins þar hefur tilkynnt forföll. Nefndin leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ólafs B. Óskarssonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Kjörbréf Þórdísar Bergsdóttur samþ. með 33 shlj. atkv.

Kjörbréf Bessíar Jóhannsdóttur samþ. með 33 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að Þórdís Bergsdóttir og Bessí Jóhannsdóttir hafa ekki áður átt sæti á Alþingi vinna þær núna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þórdís Bergsdóttir, 1. þm. Austurl., og Bessí Jóhannsdóttir, 10. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þórdís Bergsdóttir og Bessí Jóhannsdóttir hafa báðar unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Kjörbréfanefnd fékk í hendur fjögur kjörbréf en láðist að taka eitt kjörbréfið til meðferðar og undan því verður ekki komist. Nefndin er beðin að taka það til meðferðar. Fundinum er frestað í tvær mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Kristínar Ástgeirsdóttur. Hún er 3. varamaður landskjörinna þm. Kvennalistans, en 1. og 2. varamaður hafa tjáð forseta að þær geti ekki tekið

sæti á þingi að þessu sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir hefur áður setið á þessu þingi og þá sem varamaður hv. 11. þm. Reykv., en nú er hún sem sagt 3. landskjörinn varaþm. Nefndin mælir með að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Kristín Ástgeirsdóttir hefur setið áður á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa nú.

Sjóefnavinnslan á Reykjanesi, ein umr.

Fsp. GÁ, 133. mál. — Þskj. 139.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Sú fsp. sem hér er lögð fyrir hæstv. iðnrh. og snýst um málefni Sjóefnavinnslunnar er þríþætt. Fyrirspyrjandi vill vekja athygli ráðherrans og Alþingis á afleiðingum laga um umrætt fyrirtæki frá 1981. Um leið og það hlýtur að vera einkennilegt að á sama tíma og ráðherrar hafa staðið blóðugir til axla að skera og selja hlut ríkisins í hverju stórfyrirtækinu á fætur öðru verja þeir hundruðum milljóna kr. í þetta hugarfóstur og skeyta engu um þó lífsstarf og lífsbarátta einstaklinga sé að velli lögð. Sjóefnavinnslan mun nú vera að standsetja hliðargrein, kolsýruverksmiðju með afkastagetu upp á 1560 tonna framleiðslu á ári, og hefur ríkið lagt tugi milljóna í þetta verkefni. Veit iðnrh. að s.l. 20 ár hefur þessi framleiðsla verið í höndum einstaklinga sem hafa varið þetta þjóðlífssvið og haldið því í landinu?

Árið 1984 flutti verksmiðjan Eimur sf. austur í Þorlákshöfn og byggði þar upp starfsemi sína. Verð á kolsýru hefur síðan farið lækkandi og mundi lækka verulega yrði verksmiðjan stækkuð, en ársnotkun er nú rúm 500 tonn í landinu. Einstaklingar hafa enn fremur stofnað fyrirtæki, Kolsýruvinnsluna hf., sem reisa mun verksmiðju við borholu að Hæðarenda í Grímsnesi og mun ætla að selja sína framleiðslu til garðyrkjubænda, en sá markaður er hvað stærstur í huga Sjóefnavinnslunnar. Ég vek athygli ráðherrans á því að stærstu notendur, gosdrykkjagerðirnar, munu fyrst og fremst spyrja eftir gæðum vörunnar. Kolsýran til blöndunar í gosdrykki verður að vera hrein og ómenguð. Margt bendir til að Sjóefnavinnslan ráði ekki við ýmis tæknileg atriði á því sviði svo að öruggt sé. Þau 16 ár sem Eimur hefur starfað hefur það aldrei komið fyrir að óhrein kolsýra hafi farið til viðskiptavina.

Ég vil að lokum enn og aftur minna hæstv. iðnrh. á að ríkið er að leggja tugi ef ekki hundruð milljóna af peningum almennings til að knésetja fyrirtæki í eigu einstaklinga, fer í skjóli laga í að stofna til rekstrar á sviði sem er fyrir í landinu. Hæstv. fyrrv. iðnrh. mun hafa ætlað að stöðva a.m.k. þennan þátt Sjóefnavinnslunnar.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Þessi ræða fyrirspyrjanda kom mér nokkuð á óvart. Miðað við fsp. á þskj. 139 til iðnrh. um Sjóefnavinnsluna og þær spurningar sem þar koma fram er ekki ástæða til að ætla að umræður um samkeppni Sjóefnavinnslunnar við innflutta erlenda framleiðslu né heldur um samkeppni milli einstaklinga og Sjóefnavinnslunnar fari fram.

Ég ætla að halda mig við þær fyrirspurnir sem hv. þm. hefur borið fram á þskj. 139 og svara þeim. Sú fyrsta er:

1. Hversu stóran hlut á ríkið í Sjóefnavinnslunni á Reykjanesi? Og svarið er: Samkvæmt síðasta ársreikningi var innborgað hlutafé í Sjóefnavinnsluna hf. á verðlagi 31. des. 1985 117,8 millj. kr. Af þeirri upphæð er hlutur ríkissjóðs 99,06 millj. kr. eða 84% og hafa þá hlutafjárgreiðslur frá fyrri árum verið uppfærðar skv. lánskjaravísitölu. 16% hlutafjár skiptist á 500 hluthafa, en sveitarfélögin á Suðurnesjum eiga þar langstærstan hlut.

2. Hversu miklir peningar hafa verið lagðir í verksmiðjuna af hálfu ríkisins? Og svar mitt er: Samkvæmt ársreikningi Sjóefnavinnslunnar hf. fyrir árið 1985 nam bókfært verð stofnframkvæmda í árslok 1985 um 434 millj. kr. og er það sem fyrr byggt á framreikningi upphaflegs stofnverðs. Alls námu skuldir og eigið fé Sjóefnavinnslunnar í árslok 1985 um 484 millj. kr. Skuldir fyrirtækisins voru þá samtals 366,4 millj. kr. og þar af voru langtímaskuldir með ríkisábyrgð 353 millj. kr. rúmar eða rúm 96% af skuldum.

3. Stangast ekki þátttaka ríkisins í þessu fyrirtæki á við stefnu ríkisstjórnarinnar um að selja ríkisfyrirtæki og draga úr ríkisumsvifum? Svar mitt er: Á s.l. ári fór fram á vegum iðnrh. ítarleg úttekt á Sjóefnavinnslunni og framtíðarmöguleikum fyrirtækisins. Blasti þá við annars vegar stöðvun framkvæmda og lokun fyrirtækisins eða áframhaldandi uppbygging á grundvelli nýrrar stefnu og endurskoðaðrar áætlunar. Að vandlega athuguðu máli ákváðu fulltrúar ríkissjóðs og aðrir hluthafar að velja seinni kostinn sem miðar að því að gera endanlegt átak til að koma af stað arðbærum rekstri. Ljóst var þá að óbreytt stefna í málefnum fyrirtækisins lofaði ekki góðu og mundi kalla stöðugt á viðbótarrekstrarfé frá ríkissjóði. Með stöðvun og lokun fyrirtækisins hefði hins vegar að engu verið gert áratuga þróunarstarf og uppbygging á athafnasvæði Sjóefnavinnslunnar sem ekki hefði verið ráðist upphaflega í nema með tilstyrk ríkissjóðs.

Ný rekstraráætlun miðar að því að framleiða árlega 6–8 þús. tonn af salti ásamt 1850 tonnum af kolsýru og þurrís og verulegu magni af kísl. Allt bendir til að með því móti fáist viðunandi arður af nýfjárfestingu og einnig eitthvað upp í fyrri upp-

byggingar- og þróunarkostnað. Þar með verður bundinn endir á árlegt fjárframlag ríkisins til rekstrar tilraunaverksmiðjunnar og hagkvæmri rekstrareiningu komið á fót með lágmarkstilkostnaði.

Fyrirtækið Sjóefnavinnslan hf. er í raun rammi utan um umfangsmiklar rannsóknir á þróunarstarfsemi. Sjóefnavinnslan hf. er eitt af fáum fyrirtækjum í landinu sem býr yfir þekkingu og tækni til að beisla háhitagufu, en fyrirtækið er hið eina hérlendis sem vinnur efni úr gufu og heitum jarðsjó.

Ný rekstraráætlun miðar ekki einungis við saltframleiðslu heldur nýtingu jarðvarma til iðnaðar á sem breiðustum grundvelli. Í því efni hefur þróunin snúist á sveif með Sjóefnavinnslunni á síðustu misserum. Í fiskverkun eru nú gerðar meiri kröfur til hreinleika saltsins, svo sem við verkun tandurfisks og í síldarsöltun þar sem Reykjanessaltið hefur unnið sér fastan sess. Þá hefur áhugi bæði innlendra og erlendra fyrirtækja á framleiðslu Sjóefnavinnslunnar hf. farið vaxandi, mjög vaxandi upp á síðkastið. Viðskiptasamningar hafa t.d. þegar verið gerðir við nokkur innlend og erlend fyrirtæki. Mikill áhugi ríkir hjá erlendum fyrirtækjum á heilsuvörum frá fyrirtækinu, svo sem heilsusalti og kísl sem húðáburði.

Uppbygging Sjóefnavinnslunnar hf. er í fullu samræmi við markmið núverandi og fyrrverandi ríkisstjórna um áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar hérlendis. Sú þekking og reynsla sem fæst við rekstur Sjóefnavinnslunnar hf. er nauðsynleg ef nýta á jarðhita í auknum mæli til iðnaðar og mun nýtast hvar sem er á landinu. Líta verður á þátttöku ríkissjóðs í Sjóefnavinnslunni í þessu ljósi.

Enn hafa ekki komið fram einkaaðilar sem sækjast eftir að leysa ríkissjóð af hólmi í félaginu og halda áfram því mikilvæga þróunarstarfi sem þar er unnið. Kæmu þeir aðilar fram sem byðust til þess að losa ríkissjóð út úr Sjóefnavinnslunni hf. með viðunandi hætti væri ekkert því til fyrirstöðu að kanna þann möguleika að semja við þá sömu aðila um áframhaldandi framleiðslu til að auka möguleika á að fullvinna þá vöru sem þar er unnin, í fullri alvöru.

Virðulegi forseti. Vegna þess að nýtt umræðuefni kom upp í framsögu fyrirspyrjanda tek ég fram að það er ærið efni í umræðu út af fyrir sig hvernig Sjóefnavinnslan hefur reynt að ná samkomulagi við umrætt fyrirtæki, kolsýruverksmiðjuna Eim hf., og hvernig þær umræður hafa farið fram og þeim hefur lokið með því að annað íslenskt fyrirtæki tók í staðinn umboð fyrir kolsýru sem framleidd er af Sjóefnavinnslunni og er talin mjög góð vara.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ræða fyrirspyrjanda hefði ekki átt að koma hæstv. iðnrh. á óvart. Ég tel að hér hafi verið vakin athygli á máli sem miklu skiptir að fái farsæla úrlausn. Ég vil minna hæstv. ráðherra og Alþingi á hvernig til þessa máls var stofnað og að alþm. kynni sér í hvaða áttir málin hafa þróast. Ég hefði haldið að lífsskoðanir hæstv. iðnrh. og stefna flokks hans um atvinnurekstur skuli vera í höndum einkarekstrarmanna gerðu það að verkum að hann stöðvaði þessar áætlanir Sjóefnavinnslunnar um að knésetja þessi tvö fyrirtæki sem fyrirspyrjandi hefur nefnt hér. Hitt er svo annað mál að miðað við þann mikla kostnað sem Sjóefnavinnslan hefur lagt í undirbúning kolsýruframleiðslunnar og að sá kostnaður komi fram í verðinu en verði ekki felldur niður eða falinn er ótrúlegt að Sjóefnavinnslan geti boðið verðlækkun á kolsýru. Hér er því að mati fyrirspyrjanda verið að leika gráan leik og spurning hvort í skjóli ríkisins sé með þessum hætti leyfilegt að skaða íslenskt einkaframtak.

Að hinu má einnig spyrja hvort Alþingi finnist eðilegt að þeir menn sem gegna lykilhlutverkum í að þróa og skapa nýjum iðnaði farveg í landinu séu stjórnarmenn í Sjóefnavinnslunni, menn frá Iðntæknistofnun og Byggðastofnun. Ein meginforsendan fyrir því að menn gefi sig að stjórnmálum er að vernda og verja hagsmuni umbjóðenda sinna, fólksins í landinu.

Allar áætlanir Sjóefnavinnslunnar benda til að með áætlunum um kolsýruframleiðslu sé vegið hart að framtaki einstaklinga og sá litli markaður sem í landinu er verði fljótt yfirfullur.

Leikur kattarins að músinni er ljótur leikur. Sá sem sækir í sína samkeppni hnefafylli í sjóði fólksins eftir þörfum þarf sjálfsagt ekki að spyrja að leikslokum. En fari svo sem að er stefnt verður skarð fyrir skildi austur í Þorlákshöfn, tíu fjölskyldur tapa starfi sínu og lífsstarf athafnamanns er að engu gert. Það mundi heyrast hljóð úr horni ef ríkið legði drög að því að loka verksmiðju á Akureyri þar sem 120 manns störfuðu eða í Reykjavík verksmiðju þar sem 700–800 manns störfuðu. Ég treysti því að hæstv. iðnrh. hugleiði þessi mál í heild sinni.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Þetta er að snúast upp í furðulegar umræður. Ég sem borgarráðsmaður og þá forseti borgarstjórnar var með málflutning fyrir þetta fyrirtæki til að verja það meðan það var búsett í Reykjavík og áður en Sjóefnavinnslan fór að bjóða sína framleiðslu íslenskum fyrirtækjum. Fyrsta fyrirtækið sem átti kost á því að vera umboðsaðili fyrir Sjóefnavinnsluna á þessu sviði var einmitt kolsýruverksmiðjan Eimir eftir að hún flutti þangað sem hún er núna en samningar náðust ekki. Það var ekki Sjóefnavinnslunni að kenna heldur fyrirtækinu sjálfu sem ekkert vildi hafa með samninga við Sjóefnavinnsluna að gera. Og þar af leiðandi var samið við annað fyrirtæki sem er enn þá eldra og heitir Ísaga og eru þeir umboðsmenn fyrir Sjóefnavinnsluna núna á þessu sviði.

Sjóefnavinnslan er eina rannsóknarverksmiðjan sem okkar þjóðfélag rekur og þar fara fram rannsóknir á mörgum sviðum og tilgangurinn er einmitt að skapa einstaklingum verkefni. Hann er ekki sá að reka fyrirtækin sjálf heldur að skapa einstaklingum verkefni og það er það sem Sjóefnavinnslan er að

gera. Það er búið að semja við Ísaga, það er íslenskt fyrirtæki líka. Það er ekki með innflutta kolsýru á þessu sviði.

Síðan er það framleiðsla og dreifing á kísl sem er að fara yfir í sérfyrirtæki þar sem Sjóefnavinnslan verður líklega hluthafi með innlendum og erlendum aðilum og markaðssetur kísl sem útflutningsafurð á heimsmarkaði. Sama má segja um saltið. Saltið er það eina sem ég þekki til, eina saltið sem ég hef fengið upplýsingar um sem er gerlafrítt. Það salt sem hefur verið notað hingað til hefur verið talað um að banna vegna þess hversu mikið magn af gerlum er í því og það er sama hvaðan það kemur. Sjóefnavinnslan er því stórmerkilegt fyrirtæki.

Það er á fleiri sviðum sem Sjóefnavinnslan er með tilraunastarfsemi sem ekki er tímabært að ræða því að það er ekki komið á það stig að hægt sé að sjá fyrir markaðssetningu. Ef íslenska ríkið og íslenska þjóðfélagið ætlar að ganga fram hjá rannsóknarverksmiðjum af þessu tagi og byggja eingöngu á því sem kemur erlendis frá held ég að bæði það fólk sem fyrirspyrjandi ber fyrir brjósti og aðrir eigi í framtíðinni eftir að líða meira en hefur verið gefið í skyn að það líði nú undan því oki sem ríkisstjórnin með Sjóefnavinnslunni setur á þetta eina fyrirtæki sem átti þó sjálft kost á því að verða umboðsaðili fyrir Sjóefnavinnsluna en hafnaði samstarfi.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu en mér þætti vænt um í framtíðinni — ég hef enga ástæðu til þess að segja þetta því að það hefur aldrei komið fyrir áður — að fyrirspyrjendur haldi sig að spurningum og haldi sig að þeim málflutningi sem þær kalla á en komi ekki með nýjar spurningar og ný mál á dagskrá undir þeim dagskrárlið sem þeir nota til fyrirspurnar.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. Ég tel málflutning minn hafa verið í samræmi við það sem hefur verið að gerast í þessu máli. Það er rétt, Eimi sf. var boðin dreifing, sagt: Þú getur fengið dreifinguna ef þú vilt. Það varð ekki samkomulag. Það eitt sýnir að ríkið er staðráðið í að knésetja einkaframtakið hvort heldur er Eimur sf. eða Kolsýruvinnslan að Hæðarenda á þessu sviði.

Umsóknir um húsnæðislán, ein umr.

Fsp. HG, 45. mál. — Þskj. 45.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 45 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. félmrh. um fjölda umsókna um húsnæðislán. Fsp. er svohljóðandi:

„Hve margar umsóknir hafa borist til Húsnæðisstofnunar ríkisins um ný húsnæðislán vegna nýbygginga og kaupa á eldra húsnæði, samtals og flokkað eftir kjördæmum?“

Fsp. skýrir sig sjálf. Hún er fram borin til að fá upplýsingar um það hvert horfir í sambandi við umsóknir um lán skv. hinu nýja húsnæðiskerfi og það er í raun ekki seinna vænna að fá þessar upplýsingar hér fram. Fsp. er borin fram fyrir alllöngu og ég vænti þess að við fáum skilmerkilegar upplýsingar frá hæstv. ráðherra um þetta efni.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 45 vil ég upplýsa að frá 1. sept. s.l. til októberloka hafa borist um 3100 nýjar umsóknir til Húsnæðisstofnunarinnar, þar af um 2400 umsóknir um lán til kaupa á eldra húsnæði. Umsóknir frá þeim sem óskuðu eftir flutningi úr gamla kerfinu í nýja kerfið eru ekki taldar með. Því miður er ekki búið að slá nema tæplega 80% af þessum umsóknum inn í tölvu stofnunarinnar og er eftirfarandi skipting milli kjördæma samkvæmt því. Skiptingin miðast við lögheimili umsækjenda: Reykjavík 1091 umsókn, þ.e. 45,3% af umsóknum, Reykjanes 387 umsóknir, 16,1%, Vesturland 197 umsóknir, 8,2%, Vestfirðir 130 umsóknir, 5,4%, Norðurland vestra 76 umsóknir, 3,1%, Norðurland eystra 296 umsóknir, 12,3%, Austurland 93 umsóknir, 3,8% og Suðurland 141 umsókn, 5,8%, þ.e. samtals 2411 sem búið er að slá inn og þetta er hlutfallið. Að sjálfsögðu segja þessar upplýsingar ekkert um hvort allar þessar umsóknir hafa lánsrétt, en það mun líða ca. vika eftir upplýsingum frá stofnuninni þangað til allar þessar umsóknir hafa verið tölvusettar og jafnhliða er unnið að upplýsingum um lánsrétt þessara umsókna.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þær upplýsingar sem hann kemur með varða, ef ég hef skilið það rétt, kaup á eldra húsnæði og nýju en ekki kom fram í svari ráðherrans flokkun á því hvort um væri að ræða lánsumsóknir vegna nýbygginga eða kaupa á eldra húsnæði.

Ég náði því ekki, þar sem ráðherrann kom með aðeins eina tölu varðandi umsóknir fyrir hin einstöku svæði, en í fsp. er beðið um flokkun á lánum vegna nýbygginga og vegna kaupa á eldra húsnæði. Ósk mín var um það að þetta yrði greint sundur í svari. En kannske hefur það misskilist þannig að hér er aðeins dregin fram ein tala varðandi umsóknir og, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, miðað við lögheimili umsækjenda.

Þessar tölur, eins og þær liggja fyrir frá hæstv. ráðherra, segja nokkra sögu ef litið er til hvernig þessar umsóknir flokkast. En ég vek sérstaka athygli á því að þar er miðað við lögheimili umsækjenda. Æskilegt hefði verið og ég hafði talið að Húsnæðisstofnun flokkaði umsóknir miðað við staðsetningu byggingar sem óskað væri eftir láni til. Það kemur ekki fram í þessum svörum ráðherrans heldur eingöngu hvaðan umsóknirnar eru ættaðar. Þegar litið er á þetta miðað við íbúafjölda í einstökum kjör-

dæmum kemur í ljós að t.d. í höfuðborginni er umsóknafjöldinn, 1091 umsókn, verulega umfram íbúatölu höfuðborgarinnar sem hlutfall af landinu í heild, en hins vegar í Reykjaneskjördæmi liggur þetta nokkuð undir. Ef ég er með réttar tölur um íbúafjölda á Reykjanesi t.d. er það 23,3% eða þar um bil af landsmönnum öllum, en af þessum 80% umsókna sem flokkaðar hafa verið eru það 16,1%.

Síðan eru það önnur kjördæmi. Það er hlutfallslega meira í Vesturlandskjördæmi eftir því sem ég les út úr þessum tölum. Á Vestfjörðum liggur þetta heldur yfir hlutfalli íbúa, á Norðurlandi vestra hins vegar talsvert undir eins og sjá má, aðeins 3,1% umsókna, en íbúafjöldi þar um 4,5% af íbúum landsins. Á Norðurlandi eystra er þetta heldur yfir íbúahlut þess kjördæmis, á Austurlandi mjög verulega undir. Austurland er með 5,5% landsmanna en umsóknir sem flokkaðar hafa verið eru 3,8%. Sama gildir um Suðurland. Þessi fjöldi umsókna þar er verulega undir íbúahlutfalli þess kjördæmis miðað við landið allt. Og síðan hygg ég, og hæstv. ráðherra víkur kannske að því hér á eftir, að þetta segi ekki nema hálfa sögu.

Nú er það svo að skv. nýju húsnæðislögunum geta menn sótt um lán án þess að hafa tryggt sér lóðir fyrir byggingar og önnur réttindi eins og áður var, að ég hygg, þannig að þetta segir ekki hvernig menn hyggjast nota rétt sinn varðandi nýbyggingar. Ég læt þetta nægja sem ábendingar og athugasemdir af minni hálfu og þakka virðulegum forseta þolinmæðina.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. fyrirspyrjanda þóttist ég skilgreina það að samtals voru 3100 umsóknir sem bárust stofnuninni. Þar af voru umsóknir um kaup á notuðu húsnæði 2400 sem þýðir að umsóknir um nýbyggingar eru 700 talsins.

Í sambandi við þetta mál tók ég fram að að sjálfsögðu segja þessar upplýsingar ekki allt um það sem verið er að vinna úr. Það er fyrst og fremst verið að koma þessu inn á nýtt tölvukerfi í stofnuninni sem tekur sinn tíma og það verður að sjálfsögðu hægt að greina frekar frá hvernig þessar umsóknir koma til með að verða meðhöndlaðar, þ.e. hvernig lánsréttur er o.s.frv., strax þegar þessari tölvusetningu er lokið og það skal ekki standa á ráðherra að gefa þær upplýsingar hingað inn á Alþingi um leið og stofnunin er fær um að láta þær frá sér. Ég vil benda hv. alþm. á það að hér er alveg um nýtt form að ræða og það hlýtur að vera eðlilegt að það taki nokkurn tíma hjá stofnuninni að vinna úr því þannig að það sé hægt að gefa tæmandi upplýsingar og þær lágu alls ekki fyrir þegar fsp. var borin fram en úr því verður örugglega bætt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari fsp. og svari hæstv. ráðherra spyrja að því hvenær þess er að vænta að þeir umsækjendur um húsnæðislán, 3100 talsins, sem lögðu inn umsóknir í september og október fái afgreiðslu sinna mála. En skv. nýjum húsnæðislögum eru skýr ákvæði um það að fólk á að fá svör innan tiltekins frests og afgreiðslu innan tiltekins frests og ef það ekki stenst væri það auðvitað brot á lögunum sem ég er viss um að menn munu reyna að forðast þar sem hér er um að ræða nýja og mikilvæga löggjöf. Mér fyndist æskilegt ef hæstv. ráðherra gæti svarað þessari fsp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram og hv. þm. eru beðnir að hafa það í huga að ráðherra hefur ekki leyfi til þess að tala nema tvisvar og fyrirspyrjandi ekki nema tvívegis. Ráðherra hefur nú talað tvisvar. Það er heimild fyrir forseta að leyfa mönnum að gera stutta athugasemd en það er gert í trausti þess að menn stofni ekki til umræðna og spyrji ekki þá aðila spurninga sem ekki hafa heimild til þess að svara.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í sambandi við fsp. hv. 3. þm. Reykv. er ljóst að ég hef ekki í höndum neitt svar við þessari spurningu hans. Ég geri ráð fyrir því að menn verði að treysta því að það verði reynt að framfylgja þeim lögum sem við höfum sett um húsnæðismálin og það verður fljótlega hægt að greina frá því hér á hv. Alþingi. Komi fram sérstök fsp. um að flýta því svari mun ég að sjálfsögðu verða við því.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vildi koma því skýrt til hæstv. ráðherra sem hann raunar tók fram í sínu máli, lofaði að hér kæmu inn á Alþingi hið fyrsta glöggar upplýsingar um þessi efni, skiptingu á lánsumsóknum milli kjördæma, annars vegar til nýbygginga og hins vegar vegna kaupa á eldra húsnæði. Það er mjög nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir og hvert þær umsóknir beinast af hálfu viðkomandi, ekki aðeins flokkað eftir núverandi lögheimili umsækjanda heldur hvar viðkomandi ætlar að ráðstafa fjármagni sem hann fengi frá Húsnæðisstofnun.

Lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins, ein umr.

Fsp. JS, 56. mál. — Þskj. 56.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. á þskj. 56 til félmrh. um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Spurt er um fjölda lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins á árunum 1985, 1986 og 1987, í fyrsta lagi vegna nýrra samninga og í öðru lagi vegna endursöluíbúða og vegna eldri íbúða. Spurt er einnig um hve margar

umsóknir liggi fyrir um íbúðir í verkamannabústöðum og um umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Einnig er spurt um áætlun um þörf fyrir leiguhúsnæði.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. gefi skýr svör við þessum fsp. sem liggja fyrir á þskj. 56.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að segja að þessi fsp. er í 7 liðum sem þýðir um 14 svör þannig að ég er ekki viss um að mér takist á 5 mínútum að telja það upp sem ég hefði talið æskilegt að láta koma fram.

En við fyrstu spurningu sem er í tveimur liðum í sambandi við til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna á árinu 1985 og hve margar þær verði á þessu ári. Vegna nýrra samninga um endursölu þá var svarið:

a. Vegna nýrra samninga 1985 voru íbúðirnar 166 og 1986, þ.e. í ár, 250.

b. Vegna endursöluíbúða 198 íbúðir 1985 og á þessu ári 200 íbúðir.

Önnur spurningin er: Til hve margra íbúða má áætla að hægt sé að veita lán í verkamannabústöðum á næsta ári vegna nýrra samninga og endursöluíbúða?

Svarið er: a. Húsnæðisstjórn hefur þegar heimilað mörgum stjórnum verkamannabústaða að hefja undirbúning og framkvæmdir við um 160 íbúðir og verða samningar um þær væntanlega gerðir upp um n.k. áramót. Einnig hefur stjórnin samþykkt áætlun um byggingu eða kaup á 360 íbúðum á árinu 1987, þar af eru 160 íbúðir vegna c-liðar 33. gr. laga nr. 60 1984. Þessi áætlun verður að sjálfsögðu endurskoðuð í samræmi við afgreiðslu lánsfjárlaga.

b. Endursöluíbúðirnar eru 250.

3. spurning: Hvað liggja fyrir margar umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum?

Hjá stofnuninni liggja umsóknir um byggingu eða kaup á um 520 íbúðum sem enga afgreiðslu hafa hlotið og þar af eru 230 íbúðir vegna c-liðar 233. gr. laga nr. 60/1984. Eins og fram kemur í svari við a-lið annarrar spurningar hefur húsnæðisstjórn gert áætlun um 360 íbúðir.

4. spurning. Hefur verið gerð áætlun um þörf á leiguhúsnæði? Ef svo er, hver er þörfin, skipt eftir kjördæmum?

Í samræmi við 5. lið samkomulags aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál hinn 26. febr. 1986 ritaði Húsnæðisstofnun ríkisins hinn 21. apríl öllum sveitarfélögum landsins bréf með fyrirspurn um þörf fyrir leiguhúsnæði í viðkomandi byggðarlagi. Einnig var sex almannasamtökum ritað slíkt bréf þann 22. júlí s.l. Alls bárust svör frá 39 sveitarfélögum og fimm félagasamtökum. Í þeim 39 sveitarfélögum er svöruðu dreifibréfi Húsnæðisstofnunar bjuggu samtals 193 738 manns þann 1. des. 1985. Það svarar til 88,2% af öllum íbúum í þéttbýli á Íslandi. Endanleg skýrsla um niðurstöður mun birtast í þessum mánuði. Unnt er þó að birta niðurstöðutölur um þörf fyrir leiguíbúðir skv. þessum upplýsingum í einstökum kjördæmum með þeim fyrirvara að lokaskýrslan liggur ekki endanlega fyrir.

Niðurstöður um leiguíbúðaþörf eftir kjördæmum eru sem hér segir, og ég vil taka fram að mörg eða flest af þessum sveitarfélögum svöruðu þannig að þetta er áætlun upp á tvö til fimm ár og er alllosaraleg með köflum:

Reykjavík áætlar 750–850 íbúðir, Reykjanes 190–245, Suðurnes 40–45, Vesturland 60–75, Vestfirðir 180–200, Norðurland vestra 95–110, Norðurland eystra 220–230, Austurland 115–120 og Suðurland 140–150 eða samtals 1750–2000 íbúðir á næstu 2–5 árum með mörgum fyrirvörum þó sem voru í þessum skýrslum.

Að auki svöruðu fern almannasamtök, Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra, Félagsstofnun stúdenta, Bandalag sérskólanema og Leigjendasamtökin fyrirspurn Húsnæðisstofnunar. Samanlögð þörf þeirra fyrir leiguíbúðir virðist vera á sama árabili 800–1000 íbúðir.

Fimmti liður: Til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1985 og hvað er áætlað að þær verði margar á yfirstandandi ári vegna byggingar og eldri íbúða?

Nýbyggingar 1985 voru 1450, nýbyggingar á árinu 1986 áætlaðar að verði um 1100–1200. Eldri íbúðir 1985: 1956, 1986: 2100. Íbúðir sem framkvæmdalán var veitt til og konverteruð eru á árinu 1985 eru utan við þessar upplýsingar.

Sjötti liður: Hve mörg lán má áætla að hægt verði að veita úr Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári vegna nýbygginga og eldri íbúða? Húsnæðisstjórn hefur ekki enn skipt því fjármagni milli lánaflokka sem Byggingarsjóður ríkisins hefur til ráðstöfunar í útlán á árinu 1987, en það mun verða fljótlega.

Sjöundi liður: Hvað liggja nú fyrir margar umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna nýbygginga og eldri íbúða?

a. Frá 1. sept. s.l. til októberloka hafa um 700 umsóknir um lán til nýbygginga borist til stofnunarinnar. Að auki liggja fyrir um 450 umsóknir sem höfðu borist fyrir 1. sept. s.l. og fá enga lánaafgreiðslu fyrir næstkomandi áramót. Af þessum 450 umsækjendum óskuðu um 200 eftir að fara úr gamla kerfinu yfir í nýja kerfið. Samtals eru þetta um 1150 umsóknir.

b. Frá 1. sept. s.l. til októberloka hafa um 2400 umsóknir um lán til eldri íbúða borist til stofnunarinnar og að auki liggja fyrir um 200 umsóknir sem fá enga lánafyrirgreiðslu fyrir n.k. áramót.

Þessar umsóknir bárust fyrir 1. sept. s.l., en óskað var eftir flutningi úr gamla kerfinu yfir í nýja kerfið. Samtals eru þetta um 2600 umsóknir og fram til n.k. áramóta verða afgreidd lán í tveimur hlutum vegna um 330 eldri íbúða þar sem óskað var eftir flutningi úr gamla kerfinu yfir í nýja kerfið. Seinni hluti þessara lána kemur til greiðslu á árinu 1987.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Þau voru um margt athyglisverð. Sérstaklega hvað varðar félagslegar íbúðabyggingar og um þörf á leiguhúsnæði. Það er ljóst af þessum upplýsingum, sem fram koma, að þörfin fyrir leiguhúsnæði eingöngu er 1750–2000 íbúðir næstu 2–5 árin og ef tekið er mið af þörf sem félagssamtök hafa lagt fram, öryrkjar o.fl., eru þar til viðbótar 800–1000 íbúðir þannig að hér nálgast að vera þörf fyrir um 3000 leiguíbúðir á næstu árum. Þetta eru mjög athyglisverðar tölur og því til viðbótar kemur fram að það liggja fyrir umsóknir um 520 íbúðir í verkamannabústöðum. Einnig, ef ég hef náð þessu rétt hjá ráðherra, kemur fram að hægt er að veita lán í verkamannabústöðum á næsta ári vegna aðeins 360 íbúða. Ég held að þetta sýni svo skýrt sem verða má að það verður að leggja kapp á að efla félagslegar íbúðabyggingar. Það er einmitt það sem ég hef haft áhyggjur af að ekki hafi verið gert á undanförnum árum. Við erum auðvitað langt á eftir því að uppfylla það markmið, sem er í lögunum, að ⅓ af árlegri íbúðaþörf eigi að vera félagslegar íbúðabyggingar.

Ég hef af því verulegar áhyggjur að það hafi dregið úr fjármagni til félagslegra íbúðabygginga og ef tekið er mið af því fjármagni sem ráðstafa á á næsta ári til húsnæðismála eru það eingöngu 15–17% af því fjármagni sem ráðstafa á til félagslegra íbúðabygginga. Þetta segir okkur að það er brýnt að sú milliþinganefnd, sem er að fjalla um húsnæðismál í samræmi við nál. sem kom frá félmn. á síðasta þingi og fjallaði um ýmis atriði er snerta félagslegar íbúðabyggingar, skili fljótlega af sér niðurstöðum þar sem sérstaklega verði tekið á þessu máli.

Ég spyr hæstv. ráðh. að því: Finnst honum ekki ástæða til, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um þörfina á félagslegum íbúðum, að það verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess nú við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga að auka verulega fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna þannig að hægt verði að koma til móts við þá þörf sem svo sannarlega er fyrir hendi, en það er aðeins hægt að litlum hluta miðað við það fjármagn sem ráð er fyrir gert á næsta ári?

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðh. að því í tilefni starfa milliþinganefndarinnar hvort það liggi fyrir ályktun eða áskorun frá stórum láglaunaverkalýðsfélögum á landinu þar sem einmitt er skorað á ráðherra að beita sér fyrir því að það komist til framkvæmda kaupleiguíbúðir og lagt verði fram frv. hér á Alþingi að því er þær varðar og hvernig ráðherra hyggist bregðast við þeirri áskorun sem þar liggur fyrir.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur hér í svörum hefur Húsnæðisstofnun þegar afgreitt bindandi loforð upp á 160 íbúðir til ýmissa stjórna verkamannabústaða á næsta ári. Því til viðbótar eru til meðferðar 360 íbúðir þannig að 520 íbúðir eru í meðferðinni upp á næsta ár. Hins vegar tók ég fram að til þess að standa við þetta muni þurfa að skoða vel þá afgreiðslu sem verður væntanlega gerð hér á lánsfjárlögum. Um þetta er ég með sérstakar aðgerðir í huga sem munu koma fram mjög fljótlega í ríkisstjórn. Ég vænti þess að það verði almennur stuðningur fyrir því að reyna að standa við að styrkja þetta félagslega svið. Ég held að við séum öll sammála um að þessi þáttur hefur dregist aftur úr.

Hins vegar vil ég segja það í sambandi við félagslegar íbúðir að auðvitað eru menn ekki allir sammála um hvernig með skal fara. Það verður að segjast eins og er í sambandi við þessar svokölluðu kaupleiguíbúðir, sem oft hefur verið rætt um, að auðvitað erum við með þær í verkamannabústaðakerfinu. Það eru í raun og veru kaupleiguíbúðir þó að þær gangi kannske lengra en sumir vilja vera láta að eigi að vera.

Hitt er annað mál að við eigum við það að glíma í okkar þjóðfélagi að sveitarfélögin fyrst og fremst, sem hafa séð um byggingu leiguíbúða, eru mótfallin því að taka á sig meiri skyldur í samræmi við þetta íbúðaform og hafa reynt, um leið og sveitarfélögin hafa byggt slíkar íbúðir, að losa sig snarlega við þær ef þess er kostur með því að setja þær í sölu. Við þurfum því að athuga þetta mál vandlega. Ég vil taka fram að þetta er eitt af því sem hin svokallaða milliþinganefnd, sem skipuð er fulltrúum allra stjórnmálaflokka, hefur verið að ræða um og ég vænti svo sannarlega að sú ágæta nefnd verði það gæfusöm að móta ákveðna stefnu í þessum málum. Það væri aldeilis fengur fyrir hv. Alþingi ef sá dagur kæmi að allir stjórnmálaflokkar næðu saman um skynsamlega stefnu í þessum málum og eftir því bíð ég. Ekki skal standa á mér að framfylgja því þegar að því kemur.

Að því er varðar bréf frá þrennum samtökum í launþegastétt, sem óskuðu eftir sérstaklega að það yrði aukinn möguleiki á byggingu leiguíbúða með kaupleigurétti, þá er það til athugunar. Ég sendi það bréf snarlega til þessarar hv. milliþinganefndar og það mál verður skoðað og væntanlega verður hægt að ræða það síðar á þinginu.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil einungis að það komi fram að ég er ekki sammála ráðherra um að í verkamannabústaðakerfinu finnum við kosti kaupleigukerfisins vegna þess að í kaupleigufyrirkomulagi getur fólk valið um kaup og leigu á íbúðum. Það virðist vera mjög brýn þörf á því eins og fram kemur í svörum ráðherra þegar þörfin er upp undir 3000 íbúðir á næstu árum fyrir leiguhúsnæði. Sveitarfélögin verða heldur betur að taka sig á og þá í samvinnu við ríkisvald í þessu efni vegna þess að á s.l. 5–6 árum hafa verið byggðar á vegum sveitarfélaganna eingöngu 67 íbúðir. Á árinu 1983 voru það eingöngu þrjár íbúðir, á árinu 1984 átta íbúðir og á árinu 1985 ein íbúð. Ég vek athygli á þessum tölum þegar

upplýsingar liggja fyrir um að nauðsyn er á að sveitarfélög og ríkisvaldið taki sig á í þessu efni.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég kom lauslega inn á áðan í sambandi við þessa könnun, að ég vara við því að það sé fullyrt of mikið um að hún sé raunhæf. Það mun koma fram í þeirri skýrslu sem ég boðaði hvernig þetta er útfært, en ég vara alvarlega við því að það sé farið með þessar umsagnir, sem eru gefnar, eins og þær koma fyrir, óskoðaðar, og því sé slegið föstu að hér sé um raunhæfar tölur að ræða.

Notkun almannafjár til tækifærisgjafa, ein umr.

Fsp. JS, 58. mál. — Þskj. 58.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 58 að bera fram fsp. til forsrh. um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa. Það var 18. apríl 1985 sem samþykkt var hér á Alþingi þál. sem orðaðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár til tækifærisgjafa hjá stofnunum í eigu ríkisins."

Þar sem nú er liðið um það bil eitt og hálft ár síðan Alþingi samþykkti þessa ályktun og mér er ekki kunnugt um að slíkar reglur hafi verið settar er nú spurt:

„Hafa verið settar reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa, sbr. ályktun Alþingis frá 18. apríl 1985?"

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Já, slíkar reglur hafa verið settar. Eftir að umrædd ályktun var samþykkt ritaði ég ríkisendurskoðanda og óskaði eftir því að hann gerði tillögur um reglur. Þær bárust í nóvember 1985 og þær voru samþykktar í ríkisstjórninni 26. nóv. 1985, kynntar ráðuneytisstjórum og ríkisendurskoðanda falið að fylgjast með því að þeim yrði framfylgt. Reglurnar eru þannig:

„1. gr. Óheimilt er að verja fé ríkisins til tækifærisgjafa nema í þeim tilfellum sem um ræðir í 2. og 3. gr.

2. gr. Í sambandi við opinberar og óopinberar heimsóknir er heimilt að gefa gjafir í samræmi við venjur er myndast hafa.

3. gr. Ráðherra getur í sérstökum tilfellum heimilað gjafir sem viðurkenningu fyrir gott starf í þágu ríkisins, enda sé verði þeirra í hóf stillt."

Ég kynnti mér hvað við væri átt með 2. gr. og var fullvissaður um að það væru mjög fastar venjur sem hafa skapast um opinberar heimsóknir og yfirleitt væri um mjög hóflegar gjafir að ræða, bækur og þess háttar hluti eða íslenska muni sem ekki væru dýrir.

Jafnframt er ekki heimilt að gefa starfsmönnum gjafir nema með samþykki ráðherra og þá í því einstaka tilfelli að um sérstaka viðurkenningu sé að ræða og verði sé stillt í hóf.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ef ég hef skilið svörin rétt hafa verið settar reglur sem kveða á um að opinberar stofnanir til að mynda, ef ég hef tekið rétt eftir, hafa ekki heimild til að nota almannafé til tækifærisgjafa nema með samþykki ráðherra. Ég bið ráðherrann að leiðrétta mig ef það er ekki rétt. Mér skilst að reglurnar kveði á um að hafa þetta í samræmi við venjur sem myndast hafa. Nú höfum við fyrir okkur dæmi, hæstv. ráðh., um mjög óeðlilega notkun á almannafé til tækifærisgjafa þannig að það verður að leyfa sér að vænta að slík viðmiðun verði ekki höfð að leiðarljósi.

Víða erlendis hafa verið settar slíkar reglur, t.d. í Noregi og Danmörku, og þar eru tækifærisgjöfum settar mjög þröngar skorður og má segja að slíkar gjafir séu að jafnaði ekki meira en 1–5 þús. kr. virði. Þar er miðað við fasta fjárhæð. En sú leið hefur ekki verið valin í þessu tilfelli. Þess ber þó að vænta að þessar reglur, sem settar hafa verið, veiti ákveðið aðhald í þessu efni.

Það þekkist líka víða erlendis að settar eru reglur sem banna embættismönnum og stjórnmálamönnum að þiggja gjafir frá viðskipta- og hagsmunaaðilum í tengslum við störf sín. Það hefur komið fram í umræðum um þessi mál og menn hafa velt því fyrir sér hvort nauðsynlegt væri að setja slíkar reglur eða lög hér á landi. Að vísu var ekki um það beðið í þessari ályktun frá Alþingi, en ég held að það væri fróðlegt í tengslum við þessa umræðu að fá fram afstöðu hæstv. forsrh. til þess hvort hann telur rétt að setja slík lög og reglur að því er það ákvæði varðar hér á landi einnig.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Það var rétt skilið hjá hv. fyrirspyrjanda að ekki er heimilt að gefa starfsmönnum gjafir nema með samþykki ráðherra. 2. gr. á eingöngu við um heimsóknir erlendis frá. Þar er reglan sú að gjöfin verður að vera í samræmi við þær venjur sem myndast hafa. Það skilst mér að séu fastar venjur þó að ég sé persónulega ekki vel kunnugur þeim.

Ég verð að viðurkenna að ég missti af síðustu orðum fyrirspyrjanda. Var viðbótarspurning? ef ég má leyfa mér að spyrja úr ræðustól. (**JS:** Af því að erlendis hafa verið settar reglur sem banna stjórnmálamönnum og embættismönnum að þiggja gjafir frá viðskipta- og hagsmunaaaðilum í tengslum við störf sín spurði ég um afstöðu ráðherra til þess hvort ekki væri rétt að setja slík lög.) Ég tel ákaflega óeðlilegt að starfsmenn þiggi gjafir frá aðilum sem geta haft hagsmuna að gæta í sambandi við þeirra

störf. Ég tel það ekki koma til greina. Ég þekki ekki hvort reglur gilda um það. (**JS:** Þær gilda erlendis.) Þær gilda víða erlendis, já. En hér á landi þekki ég það ekki. En ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að slíkt á ekki að eiga sér stað. (**JS:** Má binda slíkt í lögum?) Já, það mætti gjarnan.

Ég vil jafnframt upplýsa að til undirbúnings þessari fsp. kynnti ríkisendurskoðandi sér reglur sem gilda á Norðurlöndum. Þær reglur sem hér voru samþykktar eru mjög í samræmi við það. Að vísu eru sums staðar á Norðurlöndum ákveðnar hámarksupphæðir. T.d. í Noregi. Þar má gjöf, sem gefin er starfsmanni, ekki kosta meira en 1200 norskar kr. Í Svíþjóð þarf starfsmaður að hafa starfað 30 ár. En um opinberar heimsóknir fer eins og hér er orðað, samkvæmt venju.

Húsnæðissparnaðarreikningar, ein umr.

Fsp. JS, 59. mál. — Þskj. 59.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga sem tryggja átti húsnæðissamvinnufélaginu Búseta aðild að húsnæðissparnaðarreikningum. Við afgreiðslu málsins úr nefnd, en það var fjh.- og viðskn. sem fjallaði um málið, komu fram tvö nál. Í nál. 2. minni hl., sem skipuðu hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson, var lögð til breyting á því frv. sem ég flutti þess efnis að brtt. sem félmrn. lagði til og fram kom í nefndinni yrði tekin upp í frv. og frv. þannig samþykkt sem lög. Í annan stað kom fram nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn., en 1. minni hl. skipaði Páll Pétursson, og ég vil, með leyfi forseta, lesa upp kafla úr því nál. en þar stendur:

„Túlkun félmrn. og fjmrn. á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga er ósamhljóða og meðan svo er eru lögin óvirk. Bankarnir benda á að samkvæmt lögunum sé binditími of langur til þess að húsnæðissparnaðarreikningar séu aðlaðandi fyrir innleggjendur. 1. minni hl. telur óhjákvæmilegt að lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Því telur 1. minni hl. rétt að málið hljóti viðeigandi undirbúning í sumar og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Við atkvæðagreiðslu var þessi tillaga 1. minni hl. samþykkt og málinu vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi sem fram kom í nál. á þskj. 998. Því er nú spurt á þskj. 59:

„Hafa félmrn. og fjmrn. komist að sameiginlegri niðurstöðu um rétt félagsmanna í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta til að stofna húsnæðissparnaðarreikninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 49 1985?"

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Varðandi þessa fsp. verð ég því miður að segja að það hefði verið frekar ástæða fyrir hv. þm. að bera hana fram við hæstv. fjmrh. þar sem hann ber ábyrgð á þessum lögum, en þau voru flutt og samin af fjmrh. á sínum tíma. Þar hefði kannske fengist svar við því sem ég get ekki svarað hér.

Þetta mál hefur verið til umræðu milli ráðuneytanna og sérfræðinga þeirra og ekki náðst enn þá samkomulag. Enn er ekki lokið meðferð málsins. Það er enn í umræðu. Mín afstaða er óbreytt, eins og kemur fram í afstöðu ráðuneytisins til hv. félmn. á síðasta þingi þegar þetta var til meðferðar. Mín persónulega afstaða er einnig alveg skýr. Ég tel að túlkun fjmrn., eins og hún hefur komið fram í opinberum skjölum, sé of þröng túlkun. Ég tel einnig að sú túlkun sé í andstöðu við tilgang laganna um að auka sparnað fólks, ekki síst unga fólksins, til öflunar húsnæðis.

Mín skoðun er sú að ég tel sjálfsagt að öllum sé heimilt að notfæra sér þetta sparnaðarform, enda sé úttekt sparnaðarins miðuð við það eignarform sem sparandi velur sér og fari ekki fram úr því sem hann greiðir fyrir íbúð eða eignarhluta í íbúð né verði hærri en nemur því framlagi sem hlutaðeigandi þarf að greiða til tryggingar afnotaréttar íbúðar.

Þetta er það sjónarmið sem starfsmenn í félmrn. hafa í viðræðum við starfsmenn fjmrn., en því miður liggur þetta ekki endanlega fyrir í dag. Ég hefði kosið að það hefði tekist, en hæstv. fjmrh. er erlendis. Ég hefði gjarnan viljað í tilefni þessarar fsp. að afstaðan hefði legið skýr fyrir þegar þessari fsp. var svarað, en sennilega hefði verið hyggilegra fyrir hv. fyrirspyrjanda að spyrja fjmrh. beint.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að segja að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum og mörgum öðrum hvað þetta hagstæða sparnaðarform fyrir fólk, sem hefur inni að halda skattafslátt sem nemur hluta af innleggi innan þeirra marka sem lögin gera ráð fyrir og gefur aukinn rétt til húsnæðis, hefur verið lítið notað. Ég kenni að hluta til bankakerfinu um hvað bankarnir hafa gert lítið í því að auglýsa þetta sparnaðarform miðað við allar þær auglýsingar sem þeir láta frá sér fara í fjölmiðlum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í lok októbermánaðar mun í viðskiptabankakerfinu ekki vera um að ræða sparnað í samræmi við þessi lög yfir 15 millj. kr., einhvers staðar á milli 150 og 180 aðilar. Svo kemur að vísu til viðbótar fé í sparisjóðunum sem við höfum ekki nákvæmar upplýsingar um, en sjálfsagt er ekki varlegt að áætla þá upphæð yfir 10–12 millj. Hér er því um vannýtt sparnaðarform að ræða sem hefur gífurlega mikið gildi fyrir ungt fólk í landinu. Ég er ekki enn þá búinn að átta mig á því hvernig stendur á því að bankakerfið vill ekki gera meira í að auglýsa þetta en raun ber vitni.

Í framhaldi af þessu vil ég segja að það er áfram unnið að því að reyna að ná samkomulagi við fjmrn. um túlkun eða breytingu á þessum lögum sem er í mínum huga ósköp einföld. Það þarf ekki að gera

nema smábreytingu á þessu þannig að það tryggi að það sé ekki endilega miðað við 100% eign á húsnæði þegar sparnaðurinn er tekinn upp. Mér finnst þetta svo einfalt mál.

Fleira get ég ekki sagt um þetta sem svar við þessari fsp., en það er áfram unnið að málinu.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Miðað við þau svör sem ráðherra hefur gefið tel ég rétt, með leyfi forseta, að vitna í ummæli hæstv. félmrh. á Alþingi 22. apríl 1986 þegar frv. um húsnæðissparnaðarreikninga var til umræðu, en þá sagði hæstv. ráðh.:

„Ég efast ekkert um að fjmrn. og félmrn. eða lögfræðingar þessara ráðuneyta muni koma sér saman um annaðhvort túlkun eða breytingu á þessum lögum ef með þarf og þess vegna styð ég það að þessu sé vísað til ríkisstjórnarinnar."

Hæstv. ráðh. studdi sem sagt að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar en studdi ekki þá tillögu að lagabreytingu sem fram kom hjá félmrn. Hann treysti sem sagt á að sjálfstæðismenn mundu fallast á þá túlkun sem hann hefur lagt áherslu á í þessu máli. Ég tel að það sé alveg ljóst, hæstv. ráðh., að það er mjög varlegt að treysta sjálfstæðismönnum í þessu efni. Hæstv. ráðh. hefur áður brennt sig á því og þá er ég að vitna til þess að félmrh. hefur ekki viljað styðja það frv., sem stjórnarandstaðan hefur a.m.k. tvívegis flutt hér á Alþingi, sem tryggja átti lagalega stöðu Búseta í félagslega íbúðakerfinu. Hæstv. ráðh. virðist ekki enn hafa náð samkomulagi við sjálfstæðismenn í því efni og ekki heldur virðist honum takast að ná samstöðu við Sjálfstfl. um túlkun á þessum húsnæðissparnaðarlögum.

Félmrh. hefur aftur og aftur hér a Alþingi látið sjálfstæðismenn beygja sig í þessu efni og er það í raun furðulegt. Í nál. kom fram, og það var rökstuðningurinn fyrir því að málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar, að þetta mál mundi fá undirbúning í sumar og þá mundi liggja fyrir túlkun félmrn. og fjmrn. Ég fæ ekki skilið af orðum ráðherra að það sé að vænta neinnar sameiginlegrar niðurstöðu í þessu máli. Því leyfi ég mér að endurflytja frv. um húsnæðissparnaðarreikninga hér á Alþingi þar sem ég mun auðvitað taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá félmrn. í þessu efni á síðasta þingi. Ég vænti þess að fá stuðning hæstv. ráðh. við þessu frv. og vil í raun spyrja hann að því hér hvort ég megi ekki vænta þess að ég hafi stuðning hans nú í þessu máli þegar fyrir liggur að hann mun ekki ná samstöðu við sjálfstæðismenn í þessu máli.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég finn að því að þetta mál skuli tekið fyrir án þess að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur og jafnframt finn ég að því að þessari fsp. skuli beint til hæstv. félmrh. en ekki hæstv. fjmrh. Húsnæðissparnaðarreikningarnir heyra undir fjmrn. og það frv. sem hér um ræðir var á sínum tíma flutt af hæstv. fjmrh. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki veitt þessu athygli fyrr, en það er enginn vafi á því að sú meðferð sem þessi fsp. fær er ekki í samræmi við þær venjur, sem mótast hafa, að hv. þm. beini fsp. sínum til þess ráðherra sem fer með þann málaflokk sem varðar fsp. hverju sinni. Það er að vísu svo að þessi hv. þm. hefur verið frjálslegur í þessum efnum. Þess vegna er rétt eftirleiðis, herra forseti, að hafa gát á því til hvaða ráðherra hv. þm. beinir fsp. sínum.

Ég vil jafnframt segja það, herra forseti, að efnislega er hæpið að þessi fsp. sé þingleg þar sem efni hennar er í stuttu máli að beina því til hæstv. félmrh. hvort hann og hæstv. fjmrh. hafi komið sér saman um að hafa annan hátt á um framkvæmd laga um húsnæðissparnaðarreikninga en kveðið er á um efnislega í lögunum sjálfum. Það er alveg ljóst og ég hef sagt það áður hér á Alþingi að þeir menn sem sömdu frv. um húsnæðissparnaðarreikninga höfðu einungis í huga að um eigin íbúðir væri að ræða, annaðhvort kaup á íbúðum ellegar um meiri háttar endurbætur að ræða og þá skyldi féð vera laust. Ég vil þess vegna fagna því að þessi hv. þm. skuli í lok máls síns hafa komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri fyrir alþm. að flytja frv. til l. um breytingar á lögum ef hann vill breyta efnisatriðum laganna fremur en hitt að spyrja einstaka ráðherra að því hvað þeim finnist um lögin.

Þetta vil ég að fram komi en, herra forseti, eins og háttað er fyrirspurnatímum, eins knappir og þeir eru, gefst ekki tími til efnislegra umræðna að þessu sinni og ég vil ekki misnota heimildir þingsins til umræðna um þingsköp með því að fara inn í efnisatriði þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég er vön, og kannske aðrir hv. þm. líka, útúrsnúningi frá síðasta hv. ræðumanni þannig að ég læt mér hann í léttu rúmi liggja, en þar sem hv. þm. ræddi um að það væri eðlilegra að ég legði fram frv. um málið en að koma fram með fsp. um túlkun á lagaákvæði vil ég upplýsa að þetta sýnir hve mikið hv. þm. fylgist með störfum hér á þingi. Það var lagt fram frv. um þetta mál á síðasta þingi. Og hver var afstaða hv. þm. Halldórs Blöndals til þess máls? Hann samþykkti nál. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi að það þyrfti að láta félmrn. og fjmrn. skera úr um túlkun á þessum lögum. Ég vildi einmitt taka af allan vafa í þessu efni og lagði fram frv. og óskaði auðvitað eftir stuðningi hv. þm. Halldórs Blöndals í málinu en hann vildi láta ráðuneytin um að skera úr um túlkun laganna og greiddi því atkvæði hér á þingi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þau orð að hann hafi verið að leita eftir því hver væri túlkun ríkisstjórnarinnar á þessum lögum, en í samræmi við þann vilja hefði hv. þm. að sjálfsögðu átt að beina fsp. til hæstv. fjmrh., en það er hans ráðuneytis að túlka afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessara laga skv. stjórnarskrá Íslands og almennum lagavenjum.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):
Herra forseti. Í tengslum við fsp. og þann formála sem ég hafði að mínu máli áðan beindi ég því til hæstv. félmrh. hvort hann teldi ekki rétt og eðlilegt í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í þessu máli að hann styddi þá brtt. sem hans ráðuneyti, félmrn., lagði fyrir félmn. á síðasta þingi. Ég sagði að ég mundi aftur í ljósi þessara upplýsinga leggja fram frv. og ég beindi því til ráðherra hvort hann vildi ekki styðja það mál. Ég óska eftir að ráðherra svari því við þessa umræðu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):
Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi virðist ekki alveg taka eftir því sem hér fer fram í hita málsins. Ég tók skýrt fram áðan að málinu er ekki lokið milli ráðuneytanna. Félmrn. hefur sent hæstv. fjmrh. túlkun sína á þessum lögum og við bíðum eftir því að þeim umræðum, sem eru í gangi milli ráðuneytanna, verði lokið og þá liggur fyrir endanleg afstaða í málinu.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég vek athygli á því efnislega í sambandi við húsnæðissparnaðarreikninga að vilji hv. fyrirspyrjanda er sá að mjög verði rýmkaðar heimildir til að veita skattaívilnanir í sambandi við bankareikninga, en við sjáum fljótt til hvers það mundi leiða ef sá háttur yrði almennt tekinn upp. Það er augljóst að ef markmiðið er að rýmka þessar heimildir mjög verulega verður að mæta því með því að draga úr þeirri ávöxtun sem er á reikningunum til að koma í veg fyrir mjög víðtæka misnotkun þeirra. Ég vek athygli á þessu en blanda mér að öðru leyti ekki í þessar umræður.

Stjórnarskrárnefnd, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 69. mál. — Þskj. 69.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):
Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um störf stjórnarskrárnefndar. Fsp. er stutt: „Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?"

Ástæða þess að fsp. er fram komin er sú að það hefur um langt árabil verið starfandi stjórnarskrárnefnd undir forustu hinna mætustu manna og þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð var það í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar að lögð skyldi fyrir Alþingi ný stjórnarskrá. Ég hygg að það hljóti að teljast eðlileg vinnubrögð að á seinasta þingi fyrir kosningar séu slík mál tekin fyrir því eins og allir vita þarf að efna til nýrra kosninga verði samþykkt breyting á stjórnarskránni. Það er því brýnt að fá úr því skorið hjá forsrh. hvort ástandið sé eins og á undanförnum árum, nefndin sé til, vel skipuð hinum mætustu mönnum, en ekkert sé gert. Auðvitað vona ég að fá það svar að það verði lagt fram á þessu þingi frv. að nýrri stjórnarskrá, en ég bíð eftir svarinu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hjá formanni nefndarinnar hafa störf nefndarinnar legið niðri um nokkurn tíma og er mér tjáð að það sé vegna þess að beðið hefur verið eftir áliti sérfræðinga. Þau álit eru nú komin og hefur verið boðaður fundur í nefndinni.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Á útmánuðum 1983 lagði þáv. hæstv. forsrh. fyrir þingið skýrslu um breytingar á stjórnarskrá Íslands eins og þáverandi stjórnarskrárnefnd hafði komið sér saman um. Forsrh. og formanni stjórnarskrárnefndar var mjög umhugað að koma því máli fyrir þingið í tillöguformi, en flokksmenn hans í Sjálfstfl. lögðust mjög hart gegn því að það mál fengi að sjást í þinginu vegna þess að þeir létu jafnan málefni líða fyrir persónulega andúð sína á þeirri stjórn, einnig í stjórnarskrármálinu. Síðan er málið tekið upp með þeim hætti að núv. hæstv. samgrh. verður formaður stjórnarskrárnefndar. Ég vil í tilefni af upplýsingum hæstv. forsrh. óska eftir því að hann segi skoðun sína á því hvort ríkisstjórnin er ekki tilbúin til þess sem algjörs lágmarks í þessu efni að það verði lögð fram skýrsla á yfirstandandi þingi, ef ekki frv. þá skýrsla, um vinnu stjórnarskrárnefndar frá vorinu 1983 og til þessa dags. Ég held að það sé mjög fróðlegt fyrir hv. Alþingi að fá að sjá í hverju afrek nefndarinnar felast.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):
Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur boðað þau stóru tíðindi að það hafi verið boðaður fundur í nefndinni og auðvitað hlýt ég að fagna því. Hv. 3. þm. Reykv. setur markið á að skýrsla verði lögð fram um störfin sem lágmark. Auðvitað þarf að bíða eftir áliti sérfræðinga. Hvenær þarf ekki að bíða eftir áliti sérfræðinga?

Ég vænti þess að það sé öllum ljóst, sem hafa hlustað á þessa umræðu, að það er ekkert að gerast og það er ekki ætlunin að neitt gerist.

Guðmundur Einarsson:
Herra forseti. Ég tek undir þær kröfur að stjórnarskrármálið komi úr þessari nefnd. Ekki vegna þess að ég telji út af fyrir sig að skil nefndarinnar komi til með að skipta neinu höfuðmáli heldur til þess að nefndin tefji ekki lengur framgang þessa máls. Það vill þannig til að stjórnarskrá er ekki mál sérfræðinga. Stjórnarskrá er mál og málefni þjóðar vegna þess að í stjórnarskránni setur þjóðin sínum mönnum, þar á meðal alþm., starfsreglur og starfsramma. Ég held að það sé kominn tími til þess að Alþingi sitji ekki lengur á þessu máli þannig að

komið sé í veg fyrir að það fái þá umfjöllun sem það þarf. Ég vil minna á að það eru samtök í þessu landi, fjölmenn samtök, um jafnrétti milli landshluta sem eru alþýðuhreyfing um að hefja stjórnarskrárumræðu hérlendis.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér sýnist að sú ósk sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni sé eðlileg og ég mun koma henni á framfæri við formann nefndarinnar.

Bann við tilraunum með kjarnavopn, ein umr.

Fsp. HG, 111. mál. — Þskj. 114.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 114 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áframhaldandi tilrauna Bandaríkjamanna með kjarnavopn?

2. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst í þessu efni á grundvelli samþykktar Alþingis frá 21. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum?"

Þetta er fsp. Bakgrunnur hennar er m.a. sá að 30. júlí 1985 lýstu Sovétríkin yfir einhliða stöðvun tilrauna með kjarnorkuvopn neðanjarðar í sex mánuði og hafa síðan framlengt slíkt tilraunabann margsinnis til þessa dags. Ég hygg að fresturinn, sem Sovétmenn settu síðast, gildi til komandi áramóta. Bandaríkjastjórn hefur hins vegar ekki tekið undir áskoranir úr mörgum áttum, þar á meðal frá Bandaríkjaþingi, um að stöðva af sinni hálfu tilraunir með kjarnorkuvopn og hefur gert 18 slíkar tilraunir á sama tíma og Sovétríkin hafa haldið að sér höndum.

Daginn eftir að leiðtogafundur var ákveðinn milli Reagans og Gorbatsjoffs hér í Reykjavík þann 30. sept. sprengdu Bandaríkjamenn í Nevada og nú síðast 15. október skömmu eftir leiðtogafundinn. Það er ekkert sem fram hefur komið af þeirra hálfu um að Bandaríkjastjórn hyggist binda endi á tilraunir af sinni hálfu.

Þessar tilraunir af hálfu Bandaríkjamanna eru að mínu mati storkun gagnvart almenningsáliti heimsins og þær eru að hluta til liður í geimvopnarannsóknum sem komu í veg fyrir víðtækt samkomulag risaveldanna um afvopnun á Reykjavíkurfundinum.

Ég vænti þess að það komi hér fram frá hæstv. utanrrh. skýr viðbrögð í þessu máli og varðandi hans stefnu og stefnu ríkisstjórnarinnar í heild til þessa stóra máls.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur beint til mín fsp. í tveimur liðum varðandi afstöðu ríkisstjórnarinnar til banns við tilraunum með kjarnavopn á þskj. 114. Lýtur sú fyrri að afstöðu ríkisstjórnarinnar til tilrauna Bandaríkjamanna með kjarnavopn, en sú síðari að því hvað ríkisstjórnin hefur aðhafst í þessu efni á grundvelli samþykktar Alþingis frá 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Mun ég svara fsp. í einu lagi enda þótt liðirnir séu tveir, enda liðir skyldir hvor öðrum.

Afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu efni hefur komið skýrt fram, m.a. á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þegar við Íslendingar vorum meðflm. að till. sem samþykkt var varðandi allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Sú ályktun var raunsæ og ábyrg með því að hún fól í sér áherslu á tryggt eftirlit með framkvæmd samnings um slíkt bann. Í ályktun allsherjarþingsins var lögð til sem víðtækust samstaða þjóða um aðild að samningum um tilraunabann svo og að komið yrði á fót alþjóðlegu kerfi skjálftamælinga til eftirlits með framkvæmdinni.

Ekki hefur náðst samstaða kjarnorkuveldanna um slíkt bann. T.d. lögðu Frakkar á það sérstaka áherslu að bann kæmi því aðeins til greina að það kæmist á þegar ríkin stæðu nokkurn veginn jafnt að vígi hvað tilraunir varðar. Þetta hefur líka verið afstaða annarra ríkja á Vesturlöndunum svo og Bandaríkjanna. Sovétmenn ásamt ríkjum Austur-Evrópu greiddu hins vegar atkvæði gegn ákvæði í till. sem fól í sér stofnun alþjóðlegs kerfis jarðskjálftamælinga til að tryggja að sprengjutilraunir færu ekki fram á laun.

Ríki Atlantshafsbandalagsins hafa mótað sér þá stefnu í þessu efni að bann við tilraunum með kjarnavopn verði liður í víðtækum samningum um afvopnun á sviði kjarnavopna þar sem samkomulag risaveldanna og tryggt eftirlit er frumskilyrði. Í ljósi framangreinds höfum við Íslendingar lagt áherslu á eftirfarandi:

1. Slíkt tilraunabann verður að vera liður í víðtækum samningum um afvopnun á sviði kjarnavopna. Með þeim hætti yrði dregið úr þeirri hættu að samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn frysti eitthvert tiltekið stig þar sem ójafnvægi ríkir. Bann við kjarnavopnatilraunum má ekki auka á spennu heldur á það að draga úr henni. Ríkin verða að vera þess fullviss að þau sitji við sama borð í þessum efnum.

2. Kjarnavopnaveldin verði að gangast undir slíkt bann sjálfviljug. Ályktanir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eru áhrifalausar nema til komi vilji hlutaðeigandi ríkja. Skilyrði fyrir samþykkt eru t.d. tryggt eftirlit eins og ég hef áður sagt.

Í öllum okkar tillöguflutningi, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, höfum við reynt að gæta raunsæis í þessum efnum. Við höfum gert fleira til að framfylgja stefnu Alþingis frá 23. maí 1985. Auk framangreindrar till. á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna vorum við Íslendingar meðflytjendur að till. um niðurskurð útgjalda til hermála, till. um efna- og sýklavopn, till. um könnun á vígbúnaðar-

kapphlaupi í hafinu, till. um óhlutdrægar upplýsingar um hermál svo og till. um efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun.

Ég vil ljúka máli mínu með því að minna fyrirspyrjanda sem og aðra þm. á að hér er um afar flókin viðfangsefni að ræða sem tekið hafa nokkuð nýja stefnu á síðustu vikum eftir fund leiðtoga risaveldanna í Reykjavík. Það verður t.d. ekki fram hjá því litið hve nátengt tilraunabannið er alhliða samningum um afvopnun á sviði kjarnavopna svo og á hinn bóginn hvaða áhrif slík afvopnun hefur á hernaðarjafnvægið á öðrum sviðum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það kom skýrt fram í svari hæstv. utanrrh. að hann styður í reynd áframhaldandi tilraunasprengingar af hálfu Bandaríkjamanna með kjarnavopn. Hann tekur ekki undir samhljóða ályktun Alþingis. Ég leyfi mér að vitna til samþykktarinnar frá 23. maí 1985:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti."

Þetta er skýr samþykkt af hálfu þingsins. En hér kemur hæstv. utanrrh. og vefur stuðning sinn við áframhaldandi tilraunasprengingar af hálfu Bandaríkjanna í þann búning sem við heyrðum hann gera áðan. Segir: Þetta er svo flókið mál, þetta á að tengjast afvopnunarviðræðunum og það þarf að gæta þess að þær afvopnunarviðræður raski ekki einhverju jafnvægi. Þetta er dæmalaus málflutningur sem við heyrum hér. Og ég spyr: Er samstarfsflokkur sjálfstæðismanna í ríkisstjórn, Framsfl., sammála þessari niðurstöðu? Væntanlega munar hæstv. utanrrh. ekkert um að svara fyrir Framsfl. því það er spurt um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Og hér eru framsóknarþingmenn viðstaddir og gefst færi á örstuttri athugasemd undir þessum dagskrárlið.

Vegna eftirlitsins, herra forseti, er nauðsynlegt að rifja upp að að frumkvæði bandarískra aðila og þingmannasamtaka hefur verið tekið á þessu máli með þeim hætti að Sovétríkin hafa boðist til að heimila eftirlit sem að mati þessara aðila er fullgilt, að hleypa eftirlitsaðilum með mælitæki nálægt sínum rannsóknarstöðvum og sínum tilraunastöðvum með kjarnavopn, en það var athyglisvert að þegar hópur Sovétmanna átti að fara vestur til þess að koma álíka vinnu í gang þar og komast að því hvort Bandaríkjastjórn að sínu leyti væri ekki reiðubúin, þá voru settar hindranir í veg fyrir þá aðila eftir því sem fréttir hermdu.

Ég held að það liggi fyrir og mönnum sé ljóst að það er komið fram, og það er mjög stórt í þessu máli, vilji af hálfu Sovétríkjanna til að opna fyrir eftirlit. Nú vil ég ekki kveða úr um það neitt endanlega hvort það er fullgilt það eftirlit, en þær raddir hafa komið fram frá aðilum sem ekki er ástæða til að ætla að séu að hlaða undir hið sovéska herveldi og aðstöðu þess.

Að endingu aðeins þetta: Þessi afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar, sem hér birtist í svari hæstv. utanrrh., er hneyksli. Ísland styður áframhaldandi tilraunasprengingar Bandaríkjanna eftir að hitt risaveldið hefur haldið að sér höndum síðan á miðju ári 1985.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Nokkur orð til að undirstrika það sem sagt var áðan. Bann það sem hér er til umræðu sem liður í samkomulagi stórveldanna og með eftirliti sem báðir aðilar fallast á er sú stefna sem við höfum haft. Við skulum vona að það samkomulag sem náðist á Stokkhólmsráðstefnunni leiði til þess að þetta nái fram að ganga. En það verður að segjast eins og er: Hverjir voru það og á hverjum stóð þangað til það samkomulag sem náðist á Stokkhólmsráðstefnunni varð að raunveruleika? Því getur hver svarað fyrir sig og hv. 5. þm. Austurl. líka.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, ein umr.

Fsp. SalÞ, 113. mál. — Þskj. 116.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstvirtur forseti. Í júní 1985 voru samþykkt ný lög á hv. Alþingi um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi lög höfðu að geyma ýmis nýmæli miðað við fyrri löggjöf, m.a. er að finna veigamikil atriði í 15. gr. laganna, en þar segir í 2. tölul., sem fjallar um verkefni Jafnréttisráðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna."

Skv. 22. gr. laganna skal félmrh. leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. sem ég las áðan. Þessa áætlun skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu.

Nú leikur mér forvitni á að vita hvort slík áætlun hefur komið á borð hæstv. ríkisstjórnar og þá jafnframt hvenær þess er að vænta að hún komi til umræðu hér á hv. Alþingi.

Það er rétt að geta þess að ég bar fram samhljóða fsp. til hæstv. félmrh. á seinasta þingi, en þá var skammur tími liðinn eða aðeins rúmlega fjórir mánuðir frá gildistöku laganna og ekki hafði þá tekist að fullmanna í Jafnréttisráð. Nú má segja að góður tími hafi gefist til að vinna verkið og því hef ég borið fram þessa fsp. til hæstv. félmrh., en hana er að finna á þskj. 116.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur lagt fram fsp. um framkvæmd 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í þeirri grein er kveðið á um skyldu félmrh. til að leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Svar mitt er að það hefur verið unnið að gerð þessarar framkvæmdaáætlunar samhliða gerð skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála sem félmrh. er einnig skylt að gera samkvæmt áðurnefndri grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á að leggja fram á Alþingi á tveggja ára fresti. Bæði þessi skýrsla og framkvæmdaáætlunin voru lögð fram á ríkisstjórnarfundi fimmtudaginn 6. nóv. s.l. Þess er að vænta að ráðherrar ríkisstjórnarinnar muni skýra frá afstöðu sinni til þessarar fjögurra ára framkvæmdaáætlunar á næstu fundum ríkisstjórnarinnar þannig að ráðherra gefist tóm sem allra fyrst til að leggja þetta fyrir Alþingi lögum samkvæmt.

Þessi framkvæmdaáætlun, sem er unnin í samræmi við lögin og í samráði við Jafnréttisráð, skiptist í fimm meginkafla. Það er inngangur sem sýnir þróunina og hvernig þessi mál hafa þróast. Síðan eru kaflar um atvinnu- og launamál, menntun og fræðslu, trúnaðarstöður og ábyrgð og einnig ýmis félagsleg atriði sem eru stefnumarkandi.

Ég vænti þess, sem ég lagði áherslu á í ríkisstjórninni 6. nóv. s.l., að ríkisstjórnin móti afstöðu sína til þessarar skýrslu þannig að ég geti lagt hana fyrir mjög fljótlega. Sömuleiðis er ég búinn að láta í prentun skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála, sem einnig var lögð fram eins og áður sagði á ríkisstjórnarfundi, og henni mun verða dreift mjög fljótlega og tekin fyrir til umræðu á hv. Alþingi. En ég stefni að því að það dragist ekki langan tíma að þessi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna verði lögð fyrir Alþingi. Hún er til afgreiðslu í ríkisstjórninni þessa dagana.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það er vissulega ánægjulegt að heyra hvað hér hefur verið rösklega að verki staðið og væntanlega kemur þessi framkvæmdaáætlun fljótlega á borð hv. þm. til umræðu á hv. Alþingi.

Aukning fjár Byggingarsjóðs verkamanna, ein umr.

Fsp. KH, 100. mál. — Þskj. 101.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Enn um húsnæðismálin. Í samkomulagi Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins um húsnæðismál frá 26. febr. 1986 var gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna yrði aukið um 200 millj. kr. á þessu ári og lánsfé sjóðsins síðan aukið miðað við fast verðlag. Þetta er staðfest í grg. með frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem fylgdi í kjölfar samkomulagsins svo og í nál. félmn. Nd. við afgreiðslu málsins í apríl í vor.

Ég gerði þennan þátt að umtalsefni í umræðunum um frv. og spurði hæstv. félmrh. hvernig staðið yrði að útvegun þessa viðbótarframlags, hvort um beint framlag úr ríkissjóði yrði að ræða eða m.ö.o. aukafjárveitingu úr ríkissjóði eða hvort gerð yrði breyting á lánsfjárlögum svo að heimild fengist til aukins lánsfjár. Svar hæstv. félmrh. var á þá leið að um tilfærslu yrði að ræða, en það fékkst ekki skýrt nánar. Ég var ekki ánægð með svör hans þá og sá ekki að þar með væri framlagið tryggt og sé raunar ekki enn hvernig um aðra tilfærslu gæti verið að ræða en þá sem þarfnast breytinga á lánsfjárlögum. Hvernig sem að yrði farið hlaut þetta fyrirheit að kalla á einhverjar ráðstafanir. Því miður var hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur þessa umræðu og í tímaþrönginni í þinglok varð að láta þetta gott heita, enda varð ekki öðru trúað en ríkisstjórnin mundi með einhverjum hætti standa við þetta fyrirheit.

Nú má vel vera að áhyggjur mínar séu óþarfar og útvegun þessa fjár hafi ekki reynst sá þröskuldur sem ég óttaðist, en enn þá hafa ekki borist fréttir af aukafjárveitingu og heldur ekki af breytingum á lánsfjárlögum. Þess vegna spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 101 hvort Byggingarsjóður verkamanna hafi fengið þá 200 millj. kr. aukningu sem gert var ráð fyrir þegar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins voru samþykktar á Alþingi s.l. vor og ef svo væri, hvaðan það fé hafi þá komið.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í samkomulagi ASÍ, VSÍ og VMS um húsnæðismál, lið 4, er gert ráð fyrir að fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 millj. á árinu 1986. Í grg. með frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er gengið út frá því að þetta verði gert og í nál. félmn., er hún gerði grein fyrir frv. til samþykktar á Alþingi 21. apríl 1986, segir:

„Skv. frv. er gert ráð fyrir því að fé til Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 millj. kr. á árinu og jafnframt tekið fram að stjórn verkamannabústaða skuli eftir því sem kostur er og hagkvæmt þykir kaupa íbúðir á frjálsum markaði sem geti komið í notin sem allra fyrst".

Á fundi húsnæðisstjórnar hinn 6. ágúst s.l. var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Með vísun í samkomulag aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál frá 26. febr. 1986 samþykkir hús-

næðisstjórn að fyrstu 200 millj. kr., sem koma frá lífeyrissjóðum beint til stofnunarinnar eftir að þeir hafa uppfyllt skyldur sínar við byggingarsjóðina skv. lánsfjárlögum, skuli renna til Byggingarsjóðs verkamanna."

Samkvæmt þessu hef ég heimilað Húsnæðisstofnun að taka slík lán hjá lífeyrissjóðunum að fjárhæð 200 millj. kr. til að fullnægja þessu ákvæði í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins þar sem ljóst var að ekki yrði um það að ræða að fá aukafjárveitingu sérstaklega til þessa máls heldur að fullnægja þessu á þennan hátt. Ég veit ekki betur en núna sé verið að ganga frá þessu máli. Það er túlkun að slík kaup lífeyrissjóðanna eru að sjálfsögðu viðbót við kaupskyldu lífeyrissjóðanna samkvæmt gildandi lögum.

Það er verið að kanna jafnframt þessa dagana, en ég var ekki búinn að fá úrskurð um það í morgun, á hvern hátt eða hvort þörf er á að leita aukaheimildar Alþingis fyrir þessari viðbótarlántöku fyrir gildandi ár, en Húsnæðisstofnun er að vinna að samningum við lífeyrissjóðina um málið þessa dagana. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en það sé fyrir hendi miðað við þær undirtektir sem málið hefur tekið, en það verður aukalántaka hjá lífeyrissjóðunum sem tryggir þetta fjármagn.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Hann upplýsti að um lántöku yrði að ræða. Ég hygg að aðilar vinnumarkaðarins hafi litið svo á að þarna yrði um beint framlag frá ríkissjóði að ræða, en eins og menn að sjálfsögðu átta sig á er ekki alveg sama hvernig þetta fé fæst til viðbótar þar eð þetta þýðir þá enn aukna vaxtabyrði fyrir sjóðina. En það hlýtur að þurfa heimild Alþingis til og vænti ég þá að hennar verði fljótlega leitað.

Ég hlýt svo að minna hæstv. ráðh. á að það er líka spurning um framhald. Í samkomulaginu, sem gert var s.l. vetur, var ekki aðeins talað um aukningu ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs verkamanna í ár. Það var enn fremur sagt: „Lánsfé Byggingarsjóðs verkamanna verði síðan aukið miðað við fast verðlag."

Skv. fjárlagafrv. og töflu á bls. 347 í frv. kemur í ljós að framlag ríkissjóðs er ekki aukið um eina krónu frá því í ár. Það er áfram 300 millj. Lífeyrissjóðunum er ætlað að bæta við það fé sem þeir leggja til Byggingarsjóðs verkamanna, en þá gleymist þetta viðbótarfé sem um er rætt og nú er upplýst að verði lagt fram. Þegar það er tekið með í reikninginn verður aukningin engin. Það verður minnkun.

Búseta í heimabyggð, ein umr.

Fsp. GÁ, 134. mál. — Þskj. 140.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Af augljósum ástæðum beinir fyrirspyrjandi fsp. sinni til hæstv. forsrh. sem forustumanns ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. Árið 1965 vann Félagsvísindastofnun Háskólans merka athugun fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins og félmrn. Þar kom fram mjög eindreginn vilji ungs fólks að búa í heimabyggð sinni sé þess kostur og fengi þetta unga fólk starf við sitt hæfi. Þetta er staðfest á bls. 25 í umræddri skýrslu.

Á síðasta þingi var unnin gagnmerk skýrsla á vegum byggðanefndar þingflokkanna um þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis. Þar kom fram að að mati nefndarinnar eru nú þáttaskil í byggðaþróun. Helstu rök voru þau m.a. að ný störf, sem til verða í atvinnulífinu, eru yfirgnæfandi á sviði þjónustugreina sem vaxa nú mest á höfuðborgarsvæðinu.

Byggðaflóttinn á sér margar orsakir, en allir hugsandi menn sjá að slíkt gengur ekki til lengdar. Því er ekki óeðlilegt þótt spurt sé eftir viðbrögðum ríkisstjórnar þegar neyðaróp berst frá ungu fólki í gegnum víðtæka könnun. Reykjavík er öflug höfuðborg og á að vera það, en það fer að dofna yfir þjóðríkinu ef fólkið sogast á þennan eina stað landsins.

Jöfn þróun í byggð landsins er þjóðhagslega mikilvæg, framför landsins alls. Það er mikilvægt að greina ástæður byggðaflóttans og hefja aðgerðir sem treysti afkomu fólks úti á landsbyggðinni. Hætt er við að skipta verði verkefninu í tvennt, í langtímamarkmið og bráðabirgðaúrlausnir. Langtímamarkmiðin mundu snúast um að færa þjónustuna til fólksins úti á landsbyggðinni og ætla má að þriðja stjórnsýslustigið mundi leysa stóran vanda. Bráðabirgðaúrlausnir ættu að snúast um það að jafna þegar ýmsa þætti sem skapa flóttann í dag, svo sem það að úti á landsbyggðinni eru laun lægri, orkukostnaður meiri, svo og skortir fjölbreyttara atvinnulíf og víða þarf að efla skóla og ýmsa öryggisþætti mannlífsins.

Hæstv. forsrh. Ég þarf ekki að lýsa þessari þróun hér. Hitt er svo ljóst að haldi þessi þróun áfram, sem allt bendir til verði ekki snúist til varnar af fullri einurð, mun íslenska þjóðin stefna inn í krappari lífskjör á næstu árum.

Ég treysti velvilja og framsýni ríkisstjórnarinnar og vænti þess að þegar hafi ríkisstjórnin einhverjar áætlanir um aðgerðir í þessu mikla hagsmunamáli unga fólksins að fá að lifa og starfa þar sem lífsrótin óx úr grasi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Umrætt svar við þeirri könnun sem hv. fyrirspyrjandi vísaði til hefur ekki sem slíkt komið á mitt borð eða til ríkisstjórnarinnar. Ég hef séð þessa könnun og mér er kunnugt um að þar kemur mjög eindregið fram sá vilji ungs fólks að festa rætur eða búa í sinni heimabyggð. Því hefur ríkisstjórnin ekki tekið afstöðu til þess sem slíks.

Hins vegar er ríkisstjórninni fullkomlega ljóst það

sem hv. fyrirspyrjandi rakti í sinni ræðu. Henni er fullkomlega ljós sú þróun sem hefur orðið og sá flótti af landsbyggðinni. Að sjálfsögðu er öll viðleitni sem er til að auka atvinnumöguleika á landsbyggðinni til þess að mæta þessari ósk unga fólksins og gæti ég í því sambandi nefnt ýmislegt.

Ég vil nefna í fyrsta lagi landbúnaðinn. Við leggjum til að koma á fót nýjum búgreinum, t.d. í loðdýraræktinni o.fl., og ég minni á það mikla fjármagn sem Framleiðnisjóður hefur fengið í þeim tilgangi. Sömuleiðis hefur Byggðastofnun verið með til athugunar byggðaskýrslu þingmannanefndarinnar sem svo hefur verið nefnd. Ég fól Byggðastofnun sérstaklega að fjalla um þá skýrslu og þær tillögur sem þar eru lagðar fram, að sjálfsögðu með það í huga að reynt verði að sporna við þeirri þróun sem verið hefur.

Ég get nefnt líka samþykkt Byggðastofnunar um stjórnsýslustöðvar sem kom á mitt borð og fjallað var um í ríkisstjórninni. Ég fól Byggðastofnun að halda því máli áfram. Þarna er um að ræða viðleitni til að auka þjónustu við landsbyggðina á heimavettvangi.

Ég verð að svara þessu almennt. Okkur er vel ljós þessi vandi og það er ýmiss konar viðleitni í gangi til að snúa við þeirri þróun sem því miður hefur verið.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það gefur okkur vonir um að ríkisstjórnin og hið háa Alþingi taki þetta mál til mikillar skoðunar á næstu vikum og mánuðum.

En ég minni á að ef skoðað er hlutfall þeirra sem vilja helst búa áfram í sínum landshluta er athyglisvert og staðfestir enn fremur þá byggðaþróun sem hefur verið að gerast og þá óvissu sem hangir yfir landsbyggðinni að 87% á höfuðborgarsvæði vilja búa í sínum landshluta, 93% á Reykjanesi, 82% á Vesturlandi, 77% á Vestfjörðum, 66% á Norðurlandi, 73% á Austurlandi, 67% á Suðurlandi. Þannig virðast svarendur af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæði hafa mesta rótfestu í byggðarlögum sínum, en mest fararsnið er á ungu fólki af Norðurlandi og af Suðurlandi.

Ég hef vakið athygli hæstv. forsrh. á þessari merku könnun og vænti þess að ríkisstjórnin og hið háa Alþingi leiti leiða sem stuðli að framför landsins alls hvað búsetuskilyrði varðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Fyrirspyrjandi vék að stórmáli og hann benti réttilega á að þar gætu komið við sögu skammtímalausnir og stefnumörkun til lengri tíma, en hann nefndi ekki þá lausn sem er nærtækust og félli undir skammtímalausnina, þ.e. að skipta um ríkisstjórn í landinu og gerbreyta stjórnarstefnu sem er ein meginundirrót þess ófarnaðar sem við blasir í byggðamálum.

SAMEINAÐ ÞING

15. fundur, þriðjudaginn 11. nóv., að loknum 14. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Farið hefur verið fram á umræður utan dagskrár um viðbrögð við skemmdarverkum á eignum Hvals hf. Það verður orðið við þessari ósk og umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Svo sem alþjóð er kunnugt hafa þau ótíðindi gerst nú um helgina að skemmdarverkamenn hafa ráðist inn í íslenska lögsögu, sökkt tveimur skipum hér í Reykjavíkurhöfn og valdið milljónatjóni á eignum Hvals hf. í stöð félagsins í Hvalfirði.

Alda hryðju- og skemmdarverka hefur gengið yfir álfuna á undanförnum árum. Við Íslendingar höfum átt því láni að fagna að sú óbótastarfsemi hefur ekki náð til okkar lands fram til þessa. En nú er komið að vatnaskilum í þessum efnum. Fjarlægðin og fámennið verndar okkur ekki lengur gegn alþjóðlegum flugumönnum. Útsendarar öfgahópa og hryðjuverkasamtaka hafa á laun ruðst inn í íslenska lögsögu, brotið gegn fullveldisrétti íslenska ríkisins og framið hér gróf hegningarlagabrot.

Forustumenn Sea Shepherd-samtakanna hafa nú þegar lýst sök á hendur sér og jafnframt greint frá því að þeir muni halda áfram að fremja skemmdar- og hryðjuverk hér á landi í þeim tilgangi að þvinga Íslendinga til að stöðva hvalveiðar, sem í alla staði eru löglegar og við höfum fulla heimild til frá ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní í sumar.

Þessar hótanir, þessi skemmdarverk hljóta að kalla á tvenns konar viðbrögð af hálfu okkar Íslendinga og þá fyrst og fremst af hálfu íslenskra löggæsluyfirvalda.

Í fyrsta lagi verður að neyta allra þeirra ráða sem tiltæk eru til að hafa hendur í hári þeirra tilræðismanna sem úr landi komust síðdegis á sunnudag og þá íslenskra samverkamanna þeirra ef um þá er að ræða. Dómsmrn. er kunnugt um hvaða einstaklingar það voru sem úr landi fóru, breskur og bandarískur ríkisborgari, og með samvinnu og liðsinni Interpol og yfirvalda hlutaðeigandi ríkja verða íslensk yfirvöld að krefjast þess að mennirnir verði handteknir og framseldir hingað til lands til refsingar skv. íslenskum lögum. Lagaflækjur munu e.t.v. koma í veg fyrir að það verði hægt, en þá verður að gera þá kröfu að hlutaðeigandi yfirvöld í löndum þar sem þessir menn eru búsettir og ríkisborgarar dragi þá fyrir dóm og refsi þeim fyrir þau brot sem þeir hafa framið hér á landi.

En það er annar þáttur þessa máls, herra forseti, sem er ekki síður alvarlegur og ástæða er til þess að undirstrika alveg sérstaklega. Atburðir helgarinnar sýna okkur svart á hvítu að framkvæmd öryggismála hér innanlands er greinilega mjög ábótavant. Íslensk löggæsluyfirvöld verða að taka upp nýja og breytta starfshætti og vera mun betur á verði en hingað til að því er varðar komur útlendra manna hingað til lands. Rannsókn á skýrslum Útlendingaeftirlitsins í gær hefur sýnt að 2–3 menn sem tengjast samtökum Paul Watson hafa verið hér á landi síðustu 2–3 vikurnar. Því miður komst sú vitneskja ekki til skila fyrr en mennirnir voru allir á bak og burt.

Þetta mál hlýtur því að verða til þess að grundvallarbreytingar verði gerðar í þessum efnum til að koma í veg fyrir að erlendir skemmdar- og hryðjuverkamenn eigi greiða leið inn í landið sem saklausir skemmtiferðamenn eða náttúruskoðarar. Á því máli verður að taka þegar í stað af öryggi og festu.

Að lokum vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., sem nú gegnir störfum dómsmrh., hvaða ráðstafanir íslensk stjórnvöld hafi nú þegar gert til að koma lögum yfir hina erlendu skemmdarverkamenn og á hvern hátt þau hyggjast tryggja að unnt verði að verja land og þegna fyrir erlendum hryðjuverkamönnum í framtíðinni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda gegni ég störfum dómsmrh. Kom því í minn hlut að óska eftir ítarlegri skýrslu um allan gang málsins og þá skýrslu fékk ég í morgun. Þá þegar, er ég óskaði eftir þeirri skýrslu í gærmorgun, fól ég dómsmrn. að undirbúa nauðsynlega málshöfðun eða málskot til þeirra þjóða sem kynni að þurfa að leita til. Þetta var aftur rætt í ríkisstjórninni í morgun og ég ítrekaði þau fyrirmæli til dómsmrn. að allra nauðsynlegra gagna verði þegar aflað svo að unnt sé að leita til þeirra þjóða sem hér eiga hlut að máli um framsal sakamannanna.

Að vísu vil ég geta þess að mér er tjáð að það sé mjög óalgengt eða a.m.k. geti tekið mjög langan tíma að fá menn framselda frá ýmsum löndum og þá kunni fremur að vera um það að ræða að þeir verði dregnir þar fyrir dóm, enda kom þetta fram í ræðu hv. þm. En þetta verður gert og það er unnið ötullega að því að hafa málið vel undirbúið og sem allra fyrst þannig að unnt sé að fara með þetta til annarra þjóða.

Svo er rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta vekur okkur til umhugsunar um eigin öryggismál. Svo vill til að ríkisstjórnin hefur skipað nefnd sem er einmitt að skoða þessi mál. Í þeirri nefnd eru tveir menn frá dómsmrn., tveir frá utanrrn. og ég skipa formann nefndarinnar. Er það Baldur Möller fyrrv. ráðuneytisstjóri. Sú nefnd vinnur nú að þessum málum og hefur fengið m.a. til meðferðar, sem hún reyndar var með á sinni dagskrá, að skoða hvernig fylgst yrði með erlendum mönnum hér á landi.

Ég held að ég megi segja að útlendingaeftirlitið hefur gert það vel eins langt og það hefur náð og hefur það þá verið bundið við þær upplýsingar sem útlendingaeftirlitið hefur fengið frá alþjóðalögreglunni Interpol eða öðrum lögregluyfirvöldum sem útlendingaeftirlitið hefur samband við.

Það er alveg hárrétt, sem kom fram, að það er mikið umhugsunarefni hvernig þessir menn gátu verið hér á landi frá 15. okt. án þess að vera grunaðir. Það var fullvitað um þeirra dvöl hér. Útlendingaeftirlitið hafði fylgst með þeim af öðrum ástæðum. En engar upplýsingar sem lágu fyrir gáfu ástæðu til að ætla að hér væru spellvirkjar á ferð. Þarna er ljóst að bæta þarf á einhvern máta það eftirlit sem nauðsynlegt er. Við erum ekki lausir við slíka hryðjuverkamenn, því miður. Þetta verður jafnframt tekið til mjög alvarlegrar athugunar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Öll íslenska þjóðin hlýtur að fordæma spellvirki af því tagi sem voru unnin aðfaranótt s.l. sunnudags. Við hljótum hér á Alþingi að taka undir kröfu um að allt verði gert til þess að koma lögum yfir þá sem þarna voru að verki og notfærðu sér okkar litla og opna samfélag til þess að vinna óhæfuverk af þessu tagi.

Auðvitað þarf að leita leiða, eins og hér hefur komið fram, m.a. hjá hæstv. forsrh., til þess að slíkir atburðir endurtaki sig ekki. En við hljótum auðvitað að gera okkur ljóst að það er ekki auðvelt verk því við viljum sannarlega ekki að land okkar þurfi að breytast í einhvers konar lögregluríki. Samt hljóta menn að taka á þessum málum með þeim hætti sem skylt er til þess að aðilar sem til slíkra óhæfuverka grípa eigi ekki auðveldan leik framvegis. Ég held að það skipti hins vegar verulegu máli að menn haldi ákveðinni rósemi í skoðun þessara mála og grípi ekki til óeðlilega harðra aðgerða nema að vel yfirveguðu ráði, aðgerða sem líklegar eru til þess að hindra til lengri tíma litið spellvirki af hvaða tagi sem er í okkar landi. Auðvitað gildir það jafnt hvort um útlenda menn eða innlenda er að ræða.

Þetta mál snertir ekki afstöðu Íslendinga til hvalveiða. Þar hefur menn nokkuð greint á á liðinni tíð en þar hefur verið framfylgt stefnu sem Alþingi samþykkti hér, meiri hluti Alþingis á sínum tíma, og ég tel enga ástæðu til þess af þessum sökum að endurskoða þá stefnu sem þar var mörkuð.

Herra forseti. Náttúruverndarmenn sem rísa undir nafni vilja fara að lögum og vinna verk sitt lögum samkvæmt og vilja vernda opið samfélag. Ég veit að spellvirki af þessu tagi af mönnum sem telja sig vera að vinna fyrir málstað náttúruverndar hitta aðeins hinn góða málstað þess fólks sem reynir að þoka málum á því sviði í rétta átt. Engir munu fordæma verk af þessu tagi jafneindregið og einlægir náttúruverndarmenn og umhverfissinnar.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Við Íslendingar höfum fram að þessu talið að við stæðum ekki í þeim stórræðum á alþjóðavettvangi sem settu okkur í miðpunkt spellvirkja eða hryðjuverka af því tagi sem við höfum séð hér undanfarið. Við höfum líka talið að fjarlægðin yrði okkur til verndar í þeim efnum en við höfum nú séð að svo er ekki. Við stöndum í stórræðum á alþjóðavettvangi augsýnilega vegna vísindaveiða okkar og það er augljóst að við njótum ekki verndar vegna fjarlægðar frá orustuvöllum hinna daglegu mótmælaaðgerða og hryðjuverka sem við sjáum í fréttamyndum frá útlöndum.

Ég vil ekki segja neitt að svo stöddu um frammistöðu íslenskra yfirvalda í þessu máli. Hæstv. forsrh. lýsti því áðan að eins og málið stæði fyrir núna og með þeim skamma tíma sem menn hefðu haft til að skoða það væri ekkert sem benti til að þar hefðu menn staðið slælega að verki.

Hér eru náttúrlega á ferðinni viss sérkenni hins opna og sakleysislega samfélags sem við viljum öll varðveita. En mér sýnist að þar sem við erum komin í beina snertingu við þessi efni hljótum við að athuga alla þætti þessa máls, t.d. möguleika á því að það verði gripið til einhverra aðgerða gegn íslenskum fyrirtækjum eða eignum erlendis. Ef við lítum á í hvaða spor svona mál fara gjarnan er það ekkert ólíklegt að slíkt geti gerst. Ég tek undir að það verði reynt eins og hægt er að láta lög ná yfir menn sem sækja mál á þennan hátt og athugaðir verði allir alþjóðasamningar sem til þess gætu leitt.

Ég vil aðeins að lokum víkja að umræðum sem nú koma upp um innra öryggi. Ég held, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, að við ættum að fara þar varlega. Það sem skiptir máli í þessu sambandi sýnist mér vera, í fyrsta lagi varðandi þetta mál Hvals hf., að öryggiskerfi fyrirtækisins hefur augljóslega verið ónýtt. Það er ein hliðin. Þannig að fyrirtæki sem eru í þessum bransa — ef við getum sagt svo — hljóta náttúrlega að verða að gæta hagsmuna sinna sjálf. Í öðru lagi er mjög brýnt að við gerumst aðilar að alþjóðlegum upplýsinga- eða aðvörunarkerfum um hryðjuverkastarf og hryðjuverkamenn þannig að við getum takmarkað aðgang þeirra. En við skulum fara með gát þegar við komum að þeim málum sem varða umgang og ferli okkar og gesta okkar um þetta land þannig að við, eins og ég segi, getum áfram varðveitt sérkenni þessa opna og oft og tíðum sakleysislega samfélags.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það eru í sjálfu sér engin tíðindi að erlendis séu starfandi aðilar sem stundi skemmdarverk eða hryðjuverkastarfsemi. Hitt eru tíðindi að Íslendingar eru aðilar að þessum samtökum. Og fljótt á litið sýnist mér sem flest bendi til þess að þau skemmdarverk sem hér hafa verið unnin hafi verið unnin af Íslendingum en ekki hinum erlendu aðilum. (**Gripið fram í:** Passaðu þig nú, maður.) Ástæðan fyrir því að ég varpa þessu fram er að mér þykir fremur ólíklegt að þeir aðilar sem hingað komu til landsins hafi haft þann háttinn á að hafa ekki samband við þann hóp manna sem hér starfar og vinnur með þeim. Eru það ekki hinar alþjóðlegu leikreglur í þessu sambandi? Og e.t.v. er það fyrst og fremst til að blekkja lögregluna að láta hana eltast við þessa tvo út um allan heim. Kannske var nauðsyn að þeir kæmu hingað til þess að hinir gætu í því skjóli skákað. Og þegar íslenskur fjölmiðill hefur viðtal við aðila úr þessum hóp og hann lýsir því yfir að þetta sé ill nauðsyn að vinna slíkt verk fer illilega um mann þó ekki sé meira sagt. Ég held að það sé ærin ástæða til þess að Íslendingar athugi það eftir þeim leiðum sem færar eru hvaða Íslendingar það eru sem eru aðilar í alþjóðasamtökum sem stunda skemmdarverk eða hryðjuverkastarfsemi.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að segja það í sambandi við þessar umræður að við verðum að sjálfsögðu að hyggja að okkar eigin öryggismálum, enda þótt við viljum ekki búa í einhverju lögregluríki. Við hljótum að hyggja að þeim samhliða því að þetta mál verður upplýst og það verður allt gert til þess að þeir sem að verki hafa staðið verði látnir bera ábyrgð skv. lögum. En við skulum umfram allt athuga það hvar við erum raunverulega stödd í dag og við verðum að hyggja að innra öryggi okkar sjálfra.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstvirtur forseti. Ég skal reyna að hafa ekki mörg orð um það sem við höfum óttast lengi og blessunarlega sloppið við að mestu leyti en það er að eins konar hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi berist til landsins. Nú hefur það gerst hverjir sem þarna standa að verki.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er að ég hef heyrt ýmsa hafa uppi getgátur um það hvað við hefðum átt að gera, hvernig við hefðum átt að bregðast við. Við erum, miðað við margar stærri þjóðir, eins konar sakleysingjar, hrekklaus þjóð sem hingað til hefur ekki trúað að atburðir sem slíkir gætu borist hingað til okkar einmitt vegna þess að við erum svo smáir og við erum svo áhrifalitlir á margan hátt á þeim leikvelli hryðjuverka sem annars er í veröldinni. Þess vegna tel ég að opinberir aðilar og þeir sem hafa starfað að þessu máli frá því að það var upplýst hafi starfað mjög vel að þessu máli, hafi komist nokkuð fljótt að niðurstöðu um ástæðuna fyrir því að skip sökkva við bryggju. Og þó svo að þær ástæður séu ekki fullsannaðar er þar líklega skýringin þekkt.

Ég vil því lýsa ánægju minni með árangurinn sem opinberir aðilar hafa náð á skömmum tíma og ég er sáttur við það sem forsrh. segir opinberlega, mjög sáttur við hans þátt og hans framkomu í þessu máli og hvernig hann brást við í umboði dómsmrh.

Ég vil því til viðbótar segja að við erum svo saklausir í okkar aðgerðum að við setjum vakt inn í

stjórnarráðshúsið til þess að fyrirbyggja að þangað geti komið óboðinn gestur með því hugarfari að gera forsrh. eða jafnvel þjóðhöfðingja okkar mein en á sama tíma og þessir tveir lykilaðilar í þjóðfélaginu eru vaktaðir inni á skrifstofum sínum ganga þeir, bæði þjóðhöfðinginn og forsætisráðherra, einir út í sína einkabíla og keyra í burtu óverndaðir. Þannig er ekki samræmi í okkar aðgerðum.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, benda á að í fréttum alveg nýlega var getið um þrjár sprengjuaðgerðir á sama sólarhringnum í þeirri borg sem ég þekki kannske hvað best, í París, sem ég hef aldrei nokkurn tímann á ævinni séð eins vel varða af lögreglumönnum og sérþjálfuðum sveitum og nú er. En þrátt fyrir það er öryggið ekki 100%, hvað þá hérna hjá okkur. En, sem sagt, ég lýsi ánægju minni með viðbrögð þeirra sem störfuðu að því að upplýsa þetta mál.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að flytja forsrh. þakkir mínar fyrir þau svör sem hann gaf hér vegna þess máls sem ég tók hér til umræðu í upphafi, þ.e. hvernig bregðast beri við þeim spellvirkjum sem átt hafa sér stað nú fyrir örfáum dögum.

Það er gott til þess að vita að ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að fá þá aðila sem þarna eiga hlut að máli framselda til refsingar hér á landi eða þá í sínum heimalöndum. Það er hins vegar oft erfitt um vik við slíkt framsal. Það eru ýmsar lagaflækjur sem snjallir lögfræðingar geta þar fram borið til að tefja mál og til að eyða málum. Það er kannske ekki meginatriðið fyrir okkur í dag að við komum höndum yfir þá tvo eða þrjá útlendinga sem þarna áttu hlut að máli þó að það sé vitanlega sjálfsagt og nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til þess.

Meginmálið er það að þessir atburðir sýna, eins og einhver orðaði það í umræðunum áðan, að við erum ekki lengur smáþjóð lengst úti í hafsauga sem getur sett allt sitt traust á að hún sé saklaus og hrekklaus. Við erum komin inn í hringiðu alþjóðastjórnmála, eins og nýliðnir atburðir, leiðtogafundirnir, sýna, og við erum líka komin inn í hringiðu alþjóðamála að því er varðar spellvirki og hryðjuverk. Þessir atburðir eru þess vegna því miður tímamótandi atburðir í þjóðarsögu okkar. Þess vegna er það meginatriðið að þessir atburðir sem gerðust nú á aðfaranótt sunnudags verði til þess að við tökum upp nýja og breytta stefnu í öryggismálum þjóðarinnar, öryggismálum þjóðarinnar inn á við.

Lögregluríki viljum við ekkert stofna á Íslandi. En það er langur vegur frá því til þess að sýna sjálfsagða varúð og gætni, að taka upp sjálfsagt samband við þá erlendu aðila sem vita um ferðir spellvirkja og skipulag hryðjuverkasamtaka.

Ég bendi einnig á það í þessu sambandi, þegar við ræðum það sem nýlega hefur skeð, hvernig háttað er öryggi æðstu stofnana íslenska lýðveldisins. Við vitum að hér á þingpöllum sitja og standa mjög knáir þingverðir, hvort þeir eru til mikilla átaka eða vopnaðra andsvara veit ég ekki. Hvernig er varið gæslu ríkisstjórnar, ráðherra og forsetaembættisins á Bessastöðum og hér í Reykjavík? Mér vitanlega er málum þar háttað á allt annan hátt en tíðkast hjá nokkrum nálægum þjóðum. Þess vegna held ég að það sé kominn tími til að sú nefnd sem forsrh. nefndi áðan skili hið fyrsta áliti og að það álit verði þess eðlis og þess efnis að gripið verði til ráðstafana sem eru sjálfsagðar í þessum efnum og aðrar þjóðir hafa fyrir löngu komið á fót hjá sér.

Réttur launafólks til námsleyfa, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 65. mál. — Þskj. 65.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér till. til þál. um rétt launafólks til námsleyfa.

Till. var lögð fram seint á síðasta þingi og hlaut því ekki afgreiðslu. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um rétt launafólks til námsleyfa. Í frumvarpinu verði miðað við að launafólk geti reglulega fengið rétt til námsleyfa vegna verkmenntunar, þjálfunar, almenns náms eða endurmenntunar. Í frumvarpinu skal einnig gera ráð fyrir stofnun sjóðs í þessu skyni til þess að standa undir kostnaði við námið sjálft og til þess að bæta upp launatap meðan á námsleyfi stendur.

Í nefndinni verði fulltrúar frá aðilum sem hlut eiga að máli, þar á meðal Menningar- og fræðslusambandi alþýðu fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, BSRB og atvinnurekendum eða samtökum þeirra."

Í greinargerð segir svo:

„Hér er flutt tillaga um rétt launafólks til námsleyfa. Hér er um að ræða mál sem verkalýðssamtökin hafa þegar látið til sín taka eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum með greinargerð þessari. Skyld mál hafa áður verið flutt á Alþingi en hafa ekki náð fram að ganga.

Nokkur verkalýðsfélög hafa þegar tryggt félagsmönnum sínum rétt á borð við þann sem hér er gerð tillaga um. Í því sambandi má nefna Einingu á Akureyri, Rafiðnaðarsamband Íslands, starfsmenn í álverinu og rétt trúnaðarmanna til einnar viku leyfis á ári hverju. Þannig liggur þegar fyrir viðurkenning á þessari almennu þörf endurmenntunar og þjálfunar af hálfu atvinnurekenda ekki síður en launafólks.

Í tillögunni er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að eingöngu verði miðað við endurmenntun í viðkomandi grein heldur einnig almennt nám svo og félagslega þjálfun.

Í tillögunni er bent á nauðsyn þess að stofna sjóð til þess að standa undir kostnaði í þessu skyni. Það er óhjákvæmilegt vegna þess hve mörg fyrirtæki hér

á landi eru smá í sniðum. Því verður ekki tryggður réttur fólks með því að ætla einstökum fyrirtækjum að ráða fram úr verkefninu. Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands er gert ráð fyrir því að slíkur sjóður verði fjármagnaður annars vegar með 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu atvinnurekenda og hins vegar með framlagi úr ríkissjóði er verði jafnhátt framlagi atvinnurekenda."

Með till. þessari og greinargerð eru birt þrjú fylgiskjöl. Þar er fyrst um að ræða samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um launað námsleyfi frá 16. okt. 1985. Síðan er birt útvarpserindi eða kaflar úr útvarpserindi eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson, starfsmann Menningar- og fræðslusambands alþýðu, sem ber yfirskriftina Fullorðinsfræðsla frá sjónarhóli launafólks, þar sem farið er yfir þessi mál mjög ítarlega, m.a. hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum. Það er rakið hvernig þetta er í Bretlandi og á Norðurlöndum, svo dæmi séu nefnd. Í þriðja lagi er birt greinargerð eftir Snorra S. Konráðsson, sem einnig er starfsmaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu sem ber yfirskriftina Starfsmenntun fullorðinna. Er þar um að ræða allítarlega úttekt á þessu máli og því hvernig það snertir einstaka starfshópa í okkar þjóðfélagi og ítarlega er fjallað um stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar í þessum efnum.

Samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um launað námsleyfi frá 16. okt. 1985 á erindi inn í þessa umræðu. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„35. þing Alþýðusambands Íslands — það er fyrst rakin samþykkt Alþýðusambandsþings — samþykkir að fela miðstjórn að kjósa þriggja manna nefnd sem gerir tillögu um stefnu ASÍ varðandi rétt verkafólks til að sækja námskeið og aðra fræðslu án skerðingar launa. Nefndin skal skila áliti til miðstjórnar eigi síðar en 1. október 1985."

Þessari tillögu fylgdi svo eftirfarandi greinargerð:

„Á liðnum árum hefur þörf verkafólks fyrir fræðslu af ýmsu tagi aukist. Á það ekki síst við um fræðslu er snertir störf þess, auk fræðslu um réttindi þess, skyldur og félagsmál verkalýðssamtakanna. Ein hindrun þess að fræðsla af þessu tagi geti verið jafnöflug og nauðsyn krefur er að verkafólk á ekki rétt á því að hverfa frá vinnu vegna náms nema að afar takmörkuðu leyti. Því síður getur fólk af fjárhagsástæðum leyft sér að hverfa frá vinnu kauplaust í þeim tilgangi að afla sér þekkingar og menntunar.

Á þessu er þörf breytinga þannig að réttindi launafólks í þessu sambandi verði tryggð. Í því efni er nauðsynlegt að kanna mörg atriði. Þar á meðal með hvaða hætti slík réttindi eru í öðrum löndum, hvort tengja skuli slík réttindi starfstíma fólks, hvort fræðslusjóður launafólks, sem myndaður verði með framlagi launafólks og atvinnurekenda, sé heppileg leið svo nokkur atriði séu nefnd sem nefndin athugi og móti tillögur um. Í slíkri stefnumótun þarf enn fremur að koma fram hvaða leiðir séu líklegastar til þess að settu marki í þessu efni verði náð."

Gert er ráð fyrir í samþykkt Alþýðusambandsþings að nefnd, sem sett var niður til að fara í þetta mál, skilaði tillögum til miðstjórnar í október 1985 eins og áður getur.

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 14. febrúar 1985 var samþykkt að skipa nefnd í þetta verkefni. Í henni áttu sæti Tryggvi Þór Aðalsteinsson, Kristín Hjálmarsdóttir og Magnús Geirsson.

Tillaga nefndarinnar varð síðan samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. okt. 1985 og var hún á þessa leið:

1. Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfríi allt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili.

Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtakanna fellur niður fyrrgreint skilyrði um starfstíma.

2. Réttur til námsleyfis nær til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfs, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarfélaga.

3. Tilkynna skal um töku námsleyfis með a.m.k. 6 vikna fyrirvara, þó ekki ef námsleyfi er 40 stundir eða styttra, þá nægir einnar viku fyrirvari.

4. Starfsmenn sem taka námsleyfi skulu halda áunnum réttindum sínum enda skal námsfrí metið til jafns við vinnutíma.

5. Til greiðslu launataps skal settur á stofn fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins eru:

a. Framlag atvinnurekenda sem reiknast 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu hans sem eru í stéttarfélögum innan ASÍ.

b. Framlag ríkissjóðs sem verði jafnhátt og framlag atvinnurekenda.

6. Um fræðslusjóð þarf að setja sérstakar reglur þar sem kveðið verði á um eftirfarandi atriði m.a.:

a. Stjórn sjóðsins. Kveða þarf á um ótvíræð yfirráð verkalýðssamtakanna.

b. Fyrirkomulag greiðslna í námsfríi.

c. Skilgreina þarf nánar þá fræðslu (tegund námskeiða) sem sjóðurinn tekur til.

d. Hvað sjóðurinn greiðir annað en vinnutap. Þar er m.a. átt við kostnað vegna námskeiða, eins og kennslulaun, námsgögn, húsaleigu og stjórnun.

e. Þátttökugjald.

Þetta var samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. okt. 1985 um launuð námsleyfi.

Eftir að þessi samþykkt var gerð og eftir að þessi till. var flutt hafa gerst mjög veruleg tíðindi í fræðslumálum launafólks í landinu með síðustu kjarasamningum, þar sem m.a. var opnað fyrir nýja möguleika fiskverkafólks í landinu frá því sem áður hefur verið, þannig að þessi mál eru á verulegri hreyfingu. Ég held hins vegar að það væri æskilegt að Alþingi beitti sér fyrir því og ríkisvaldið að þegar í

upphafi þessarar þróunar yrði sett rammalöggjöf um það hvernig að þessum málum verður staðið. Þó að það sé gott og nauðsynlegt að taka við því sem sprettur upp á akrinum sjálfum þá er hitt líka mikilvægt að Alþingi og ríkisvald geri það sem það getur til að laða fram jákvæða þróun í þessu efni.

Fyrir því, herra forseti, leyfi ég mér að vænta þess að þessari till. verði vel tekið, hún fái málefnalega umfjöllun á Alþingi og verði afgreidd á yfirstandandi þingi vegna þess að hér er um að ræða mál sem við í rauninni öll erum sammála um, að ég held. Hér er ekki um að ræða deilumál. Spurningin er ekki hvort heldur hvernig og á hvaða tíma Alþingi blandar sér í mál af þessu tagi. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér um þessa þáltill. um rétt launafólks til námsleyfa af sérstaklega gefnu tilefni. Málið er þannig vaxið að er ég var að leggja af stað til Reykjavíkur til að taka setu hér á hinu virðulega Alþingi hitti ég ungan mann og er hann vissi af för minni og erindi hingað suður bað hann mig endilega að leggja einu máli lið er hann hafði sérstakan áhuga á og hafði lesið um í dagblöðum. Og það er einmitt það mál sem hér er til umfjöllunar nú.

Þessi ungi maður, sem nú er á fertugsaldri, lagði ekki stund á framhaldsmenntun að grunnskólanámi loknu. Hugur hans stefndi annað þá eins og raunar var títt um unglinga í sjávarplássum þar sem fátt var um langskólagengið fólk og skólar mun vanbúnari og minna hvetjandi en nú er. Enn þarf þar þó auðvitað margt að bæta í þeim efnum, en það er raunar önnur saga. Eins og margir aðrir fór þessi ungi maður því að barnaskólanámi loknu beint út í atvinnulífið og hefur síðan lagt gjörva hönd að ýmsum hlutum. Nú á fertugs aldri finnur hann hins vegar hjá sér sérstaka hvöt til þess að afla sér meiri menntunar, bæði til að auka þekkingu sína og einnig til að vera betur samkeppnisfær á vinnumarkaði sem gerir sífellt strangari kröfur um menntun.

Ég rek þetta tiltekna dæmi hér vegna þess að ég tel að það eigi sér margar hliðstæður. Í þessu tiltekna dæmi eru aðstæður þó þannig að vinnuveitandi hefur reynt að liðka til og auðvelda starfsmanninum að afla sér frekari menntunar, sem er þó engin skylda og raunar falið í vald oft duttlungafullra atvinnurekenda. Kjörum launamanna á þessu reki, sem mesta löngun og þörf hafa til endurmenntunar, er hins vegar þannig háttað að tæpast er um það að ræða að taka sér löng frí til náms. Flestir hafa stofnað til skulda vegna heimilisstofnunar og húsbygginga og þurfa auk þess að sjá fyrir misjafnlega þurftarfrekum heimilisrekstri. Margir hafa því lagt verulega hart að sér til að afla sér aukinnar menntunar á fullorðinsárum, bæði af námslöngun og þó ekki síst vegna kröfunnar um aukna menntun. Í því sambandi nægir að vitna til allra námskeiðanna í vélstjórnar- og skipstjórnarfræðslu sem haldin hafa verið og fjöldi manna hefur sótt, oft um langan veg og með ærnum kostnaði. En hinir eru líka fjölmargir sem engan kost eiga á að afla sér endurmenntunar hversu hátt sem löngun þeirra og þörf fyrir aukna menntun rís. Þar geta staðið í veginum annaðhvort eða bæði afstaða og aðstæður vinnuveitenda og efnahagslegar aðstæður viðkomandi starfsmanna.

Í þeirri till. sem hér er til umræðu er bent á leiðir til lausnar með lögbindingu námsleyfa og stofnun endurmenntunarsjóðs. Því vona ég að till. fái jákvæða og greiða afgreiðslu hér í þinginu.

Herra forseti. Í tengslum við þessa umræðu get ég þó ekki látið hjá líða að benda á smánarlega lítinn stuðning ríkisins við fullorðinsfræðslu. Hann er það naumur nú um þessar mundir að sveitarfélög, sem mörg hver reka fullorðinsfræðsluna við ófullkomnar og erfiðar aðstæður og þröngan efnahag, telja ekki taka því að sækja um fé úr ríkissjóði til þessarar fullorðinsfræðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 72. mál (flutningur til Hvanneyrar). — Þskj. 72.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar. Ég flyt þessa till. ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni og Ragnari Arnalds. Ég hef ekki hugsað mér að hafa langa framsögu um þetta mál einfaldlega vegna þess að málið hefur komið fyrir þingið fyrr þannig að hv. alþm. er nokkuð kunnugt um efni þess.

En till. fjallar um það að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta gera áætlun um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar og að þessi áætlun taki mið af því að flutningi stofnunarinnar ljúki að sex árum liðnum.

Það má segja að þessi till. sé ekki einvörðungu hugarfóstur hv. flm. Tillaga um þessi efni hefur komið fram fyrr. Á sínum tíma var unnið mikið nefndarálit sem fjallaði um flutning stofnana almennt út á landsbyggðina. Hv. alþm. er kunnugt um það að framkvæmdir í þeim efnum urðu ekki svo sem vonast hafði verið til, a.m.k. um tíma. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er um það að flytja RALA upp að Hvanneyri. Ég ásamt hv. meðflm. viljum láta reyna á það hvort vilji Alþingis er fyrir hendi í þeim efnum að flytja stofnanir út á land. Ég geri mér fulla grein fyrir því, og það gerum við allir flm. þrír, að þetta mál þarf ítarlegrar könnunar við og vandaðs undirbúnings áður en til þessa flutnings kæmi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til atvmn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Erindi mitt hingað er að lýsa í fáeinum orðum almennum stuðningi við þá hugmynd sem hér er hreyft við með till. til þál. Ég hef verið talsmaður þess að skoða alla möguleika á að dreifa stofnunum og þjónustu hins opinbera út um landið til þess fólks sem þjónustunnar á að njóta, og einnig að reyna að staðsetja stofnanir í sem flestum byggðarlögum eftir því sem það er hægt og hagkvæmt má telja. Hér er á ferðinni stofnun sem þjónustar landbúnaðinn, þann atvinnuveg sem dreifður er um byggðir landsins og er kannske hvergi minni en akkúrat hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem flestar stofnanir af þessari tegund eru þó staðsettar, þannig að það liggur vel við að skoða möguleikann á því að færa þessa tilteknu stofnun.

Ég vil þó taka það fram í þessu sambandi, eins og ég hef áður gert, að það eru vissir erfiðleikar því samfara að færa til stofnanir sem eru orðnar rótfastar eða rótgrónar í tilteknum byggðarlögum. Þess vegna hef ég ætíð lagt á það áherslu að sérstaklega beri að skoða möguleikann á þessari færslu eða staðsetningu annars staðar en hér þegar um nýja starfsemi eða nýjar stofnanir er að ræða. En þó er það þannig að slíkar stofnanir eru jafnt og þétt breytingum háðar og það er ekkert því til fyrirstöðu að taka stofnun af þessu tagi til athugunar í þessu sambandi eins og aðrar.

Það er e.t.v. óþarfi og ekki fallega gert að vera að vara við bjartsýni í þessum efnum. En ég hlýt þó að vekja athygli á þeirri afgreiðslu sem tillögur af svipuðu tagi hlutu hér á hv. Alþingi fyrir einu og tveimur árum síðan þegar rætt var um möguleikana á að staðsetja Byggðastofnun, Þróunarstofnunina og fleiri slíkar einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Þá komu í ljós ýmsir annmarkar sem ekki reyndist unnt að yfirstíga eða menn höfðu ekki pólitískan kjark í sér til að yfirstíga þó svo að þar væri að sumu leyti verið að hrinda af stað nýrri starfsemi.

En sem sagt, ég fagna því að hér skuli vera hreyft við máli af þessu tagi og minnt á athyglisverða skýrslu og vinnu sem átti sér stað fyrir um áratug síðan í þessum efnum, þegar verið var að skoða möguleikana almennt á að færa stofnanir og þjónustu hins opinbera út um landið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tæknimat, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um tæknimat. Ég mun ekki fremur en um hina fyrri tillögu hafa langt mál. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jón Kristjánsson og Guðmundur Einarsson. Þessi till. hefur komið fyrir augu hv. þm. fyrr og er af þeim ástæðum ekki tilhlýðilegt að eyða löngu máli í umfjöllun um hana, en tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti áhrif nútímatækni í atvinnu- og þjóðlífi verði metin á skipulegan hátt samkvæmt þeirri fyrirmynd sem felst í því sem erlendis hefur verið nefnt tæknimat (Technology Assessment).

Hagnýta skal erlenda þekkingu á þessu sviði eftir því sem kostur er. Séríslenskar aðstæður verði þar að auki kannaðar og metnar á svipaðan hátt eftir því sem efni standa til hverju sinni."

Ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð og vísa til þess sem ég sagði áðan og kannske ekki síður hins að það er langt liðið á dag og fáir í þingsalnum. Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til atvmn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þessa till. flytja ásamt þeim sem hér stendur hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson og Friðrik Sophusson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra, í samvinnu við einstök ráðuneyti og Samband ísl. sveitarfélaga, að láta gera yfirlit um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Greint verði á milli samskipta er lúta að framkvæmdum annars vegar og rekstri og ýmissi þjónustu hins vegar. Fram komi skuldbindingar og fjárhagsaðstaða hvors aðila fyrir sig miðað við árslok 1985. Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi."

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi. Hún náði ekki fram að ganga og þess vegna er þessi till. flutt í raunar sama formi og hin fyrri. Það þarf engum blöðum um það að fletta hversu hagnýtt það er, ekki síst fyrir alþm. og stjórnvöld yfirleitt, að hafa á hendi með hvaða hætti og hvernig fjárhagsstaða ríkisins og sveitarfélaganna er hverju sinni. Og það má raunar furðu gegna að slík vinna skuli ekki hafa verið innt af hendi, að ekki skuli ætíð hafa legið fyrir hverju sinni hver sú fjárhagsstaða hefur verið.

Eins og hv. alþm. hafa vafalaust tekið eftir þá var í haust lögð fram fsp. mjög svipaðs efnis og þessi till.

er þar sem spurt var um fjárhagslega stöðu annars vegar ríkisins og hins vegar sveitarfélaganna varðandi hin ýmsu samstarfsverkefni þessara aðila. Grunur minn er sá að ýmislegt, sem hér kemur við sögu, taki alllengri tíma að vinna og af þeim sökum þótti mér eðlilegt að flytja þessa till. til þál. þrátt fyrir það að umrædd fsp. skyldi hafa komið fram hér á hv. Alþingi, enda tekur þáltill. til fleiri þátta, þ.e. reksturs. Það má segja að þessi mál styðji hvort annað.

Herra forseti. Það er ekki ástæða af minni hálfu að hafa um þetta fleiri orð. Það skilja allir menn við hvað er átt með flutningi þessarar till. og ég fæ ekki séð annað en hún og efni hennar og þær niðurstöður og þær upplýsingar sem hún leitar eftir séu kærkomnar af hálfu Alþingis og allra þeirra sem hlut eiga að máli.

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til félmn.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu athyglisverðasta og þarfasta máli, ekki síst frá sjónarhóli sveitarstjórnarmanna. Umræðan um fárhagsleg samskiptamál ríkis og sveitarfélaganna hefur lengi verið í gangi og á því er full þörf að gera úttekt á þessum fjármunalegu samskiptum. Umræðan rís hins vegar hærra nú en oftast áður vegna þess hvernig ríkisvaldið undir forustu núv. stjórnarflokka hefur haldið á hinum fjárhagslegu samskiptamálum að undanförnu.

Framlög ríkisins til sameiginlegra verkefna með sveitarfélögunum, til hafnargerða, grunnskólabygginga, dagvistarstofnana, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, hafa dregist gífurlega mikið saman í stjórnartíð Sjálfstfl. og Framsfl. og hefðu raunar þurft að hækka um 124% á þessu ári til að ná verðgildi samsvarandi fjárveitinga á árinu 1983. Sveitarfélögin hafa hins vegar verið tilneydd til þess að halda áfram framkvæmdum og uppbyggingu í ofangreindum málaflokkum vegna knýjandi nauðsynjar. Það hefur því leitt til þess að vangreiddur ríkishluti hefur hlaðist upp og stórfelld skuld ríkissjóðs við sveitarfélögin myndast. En sveitarfélögin í landinu eru mjög misjafnlega í stakk búin til að fjármagna ríkishlutann í sameiginlegum framkvæmdum þannig að þessi fjársveltisstefna ríkissjóðs hefur bitnað mun harðar á hinum minni og fátækari sveitarfélögum en hinum fjölmennari og efnaðri. Með öðrum orðum: Landsbyggðin hefur orðið verst úti í þessum efnum eins og reyndar öðrum, enda virðist landsbyggðin vera sérstakt bitbein þessarar ríkisstjórnar.

En fjárhagsleg samskiptamál ríkisins og sveitarfélaganna eru einnig af öðrum toga en í sambandi við framkvæmdir eins og hér hefur raunar komið fram. Lögboðin framlög til eftirtalinna sjóða, er skipta sveitarfélögin fjárhagslega ákaflega miklu máli, hafa verið skert um rúmlega 1,3 milljarða á s.l. þremur árum, þ.e. til Bjargráðasjóðs, Félagsheimilasjóðs, Byggðasjóðs, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Skerðingin á jöfnunarsjóðsframlaginu vegur þarna auðvitað langþyngst og enn er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár vegið í þennan sama knérunn. Í atlögunni að Jöfnunarsjóðnum er nú gert ráð fyrir að skerða hann um 300–400 millj. kr. Þar á meðal er nú gert ráð fyrir að 130 millj. kr. af hlut ríkisins í skólaakstri o.fl. greiðist með samsvarandi frádrætti frá tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna eru mjög mikilvægur tekjustofn sveitarfélaganna í landinu. Með lækkun þeirra framlaga um 300–400 millj. kr. er ríkisvaldið raunar að knýja sveitarfélögin til að hækka útsvör næsta árs sem þeirri upphæð nemur. Með þessari fjármunatilfærslu frá sveitarfélögum til ríkisins er hæstv. fjmrh. raunverulega að spara sér fyrir lofaðri tekjuskattslækkun sem nemur nokkurn veginn sömu upphæð. Hæstv. félmrh. hefur hins vegar boðað frelsi sveitarfélaganna til að ákveða á eigin spýtur útsvarsálagningu á næsta ári.

En ég spyr: Hverju verða skattgreiðendur bættari þó tekjuskattur lækki um 300 millj. ef sveitarfélögin þurfa að hækka útsvör um sömu upphæð vegna þess að ríkisvaldið hefur rænt þau lögbundnum tekjum sem nema þessari sömu tilteknu tölu?

Það harkalegasta við aðför stjórnvalda að sveitarfélögunum er auðvitað það að hún bitnar harðast á þeim er síst skyldi, minni sveitarfélögunum og landsbyggðinni. Félagsleg þjónusta sem sveitarfélögin sinna kostar meira í strjálbýli en þéttbýli, svo einfalt er það nú, og henni verður einungis sinnt með öflun fjár úr sameiginlegum sjóðum landsmanna allra. Núverandi ríkisstjórn hefur rekið harkalega og hættulega stefnu, fjársveltisstefnu gagnvart sveitarfélögunum. Stefna fjárlagafrv. fyrir næsta ár er hin sama í þessum efnum. Þessi stefna gengur þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar og einstakra stjórnmálaflokka um afstöðu ríkisvaldsins til sveitarfélaganna. Framkvæmd þessarar stefnu af hálfu núv. ríkisstjórnar leiðir til þess að nauðsynlegt er að gera úttekt á fjárhagslegum samskiptamálum ríkisins og sveitarfélaganna sem allra fyrst og út á það gengur sú till. sem hér er til umræðu og ég styð eindregið.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið. Raunar bjóst ég ekki við öðru. Það var auðheyrt á hv. síðasta ræðumanni, Þórði Skúlasyni, að ástæða hefði verið til þess að ræða þessa till. við aðrar aðstæður, ef ég má svo að orði komast, með viðdvöl hæstvirtra ráðherra. Úr því verður nú ekki bætt úr þessu, hygg ég, en ég endurtek þakkir mínar til hans fyrir góðar undirtektir undir þessa till., og ég hygg að hv. þm. hafi talað fyrir munn fleiri að því er varðar samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hagkvæmni útboða, fyrri umr.

Þáltill. HS o.fl., 93. mál. — Þskj. 94.

Flm. (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 94 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra. Ásamt með mér flytja þessa till. hv. þm. Jón Kristjánsson, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason, Steingrímur J. Sigfússon og Davíð Aðalsteinsson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðaþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem mesta möguleika á því að taka að sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina."

Till. þessi hefur verið flutt líklega í tvígang hér á Alþingi og um tilgang hennar þarf ég ekki að hafa mörg orð. Ég held að hér sé farið fram á hlutlausa úttekt þar sem litið er til allra þátta og ég satt að segja furða mig á því að við skulum ekki hafa getað fengið þessa till. samþykkta, alveg sérstaklega í ljósi þess að þeir, sem helst trúa á það að útboð sé í raun og veru eina leiðin og það sem að eigi að stefna á í sem allra ríkustum mæli, ættu raunverulega að fagna þessari till. og tryggja framgang hennar til þess einmitt að sanna sitt mál um allsherjargildi útboðanna fyrir bæði byggðarlögin í landinu, landsbyggðina, og auðvitað fyrir verkin sjálf sem verið er að vinna og boðin eru út.

Ég held hins vegar að áhyggjuefni gagnvart þessu máli séu næg, þeirra sem ekki hafa þá bundist ofurtrú á það að útboð eigi alltaf og ævinlega að gilda. Það skal tekið fram af hálfu okkar flm. mjög glögglega að við teljum útboð í mörgum greinum eiga fullan rétt á sér. Hitt segjum við svo að það að fylgja útboðastefnu í öllum greinum fram, svo sem verið hefur, er vitanlega ranghverfa þess að fylgja heilbrigðri stefnu í þessum efnum. Ég ætla ekki að minna á mörg þessara áhyggjuefna nú en aðeins að tæpa á því helsta, enda langt liðið á fundartíma.

Í fyrsta lagi hef ég áhyggjur af heimaaðilum sem eiga þjónustutæki þar, þar sem opinberu verkefnin eru viss kjölfesta, í raun og veru sú kjölfesta sem dugir þeim til þess að eiga og halda þessum tækjum til annarrar þjónustu í sinni heimabyggð. Ég held að það sé nauðsyn hvers meðalstórs byggðarlags að búa allvel að vinnuvélum og vörubifreiðum. Það má vitanlega deila um það í hversu ríkum mæli, en alla vega einhverja lágmarksþörf, lágmarksþörf sem ég hygg að verði ekki séð fyrir á næstu árum ef við fylgjum þessari stefnu jafnhart eftir og við höfum gert. Auðvitað segja menn: Af hverju bindast heimaaðilar ekki samtökum um það að bjóða í verkin? Og vissulega má deila á það hvað heimaaðilar hafa verið allt um of sundraðir. En sannleikurinn er hins vegar sá að þeir hafa hreinlega ekki mátt við þeim sterkari og betur búnu. Og ég bendi á það, sem ég held að þurfi nú ekki að koma neinum á óvart, að t.d. virkjanagerðin á Þjórsár–Tungnaársvæðinu er búin að færa verktökum á því svæði í hendur ekki bara þekkingu við framkvæmd verkanna, heldur í raun og veru ekki síður tækin sjálf til eignar, fullkomnari og betri tæki en heimaaðilar yfirleitt geta verið með. Og meðan þessi virkjanagerð var og þessar virkjanir voru í fullum gangi, þá var það auðvitað staðreynd að þessir stóru aðilar nýttu ákveðinn dauðan tíma í framkvæmdum þar til þess að hlaupa í verk út um allt land og kippa þeim frá heimamönnum með undirboðum. Og þá kem ég að undirboðunum.

Ég hef engar smááhyggjur af því hvert undirboðin hafa leitt. Þar hafa hinir verr settu og verr búnu farið þá leið til þess að tryggja sér einhver verkefni að bjóða allt of lágt í verk og niðurstaðan sem við höfum t.d. fyrir okkur eystra og við þekkjum vel hér í þessum sal, bæði hv. 4. þm. Austurl. og hv. 11. landsk. þm., við þekkjum það þaðan að þar eru dæmi um hreina gjaldþrota verktaka allt of víða um svæðið af þeim ástæðum að þeir hafa verið að reyna að berjast fyrir lífi sínu með því að bjóða allt of lágt í verkin. Jafnvel heilt ræktunarsamband, sem ætlaði að bjarga sér á þessum hlutum með undirboði, varð að lúta þessu hlutskipti.

Síðan kemur það til einnig að þeir verktakar sem eru svona illa settir skilja eftir hálfköruð verk. Ég var að líta á eitt þeirra nú á mínum heimaslóðum um daginn, ég veit ekki hvort þar er um gjaldþrota verktaka að ræða, vonandi er það nú ekki, þar sem verktakar hafa tekið að sér verk sem þeir ljúka ekki fyrir veturinn og hindra þar af leiðandi nauðsynlega og eðlilega framkvæmd næsta vor. Það er dapurlegt á að horfa og það er einfaldlega vegna þess að þeir fóru í undirboð tækjalitlir eða tækjalausir. Þarna var um aðkomumenn að ræða sem menn treystu fram yfir heimamenn. Síðan er það að þessir verktakar hlaupa oft frá skuldahala heima í héruðunum. Ég ætla ekkert að fara að rekja einstök dæmi í sambandi við það en ég þekki mörg dæmi þess að austan að vinnuvélaeigendur þar hafa farið inn í þessi verk, vörubílstjórar hafa farið inn í þessi verk. Gistihús þar, hótel og greiðastaðir, hafa setið uppi með ógreidda reikninga og annað eftir því og á þessu vitum við t.d. að Vegagerð ríkisins, sem á sérstaklega hér hlut að máli, ber enga ábyrgð. Það er verktakinn sem ber ábyrgð sem er svo orðinn gjaldþrota og ekki er hægt að sækja neinn hlut til.

Af hverju gera menn þetta? Ég hef stundum

undrast það hvað menn eru djarfir í þessu. Ég þekki dæmi um það að austan í vor að heimaaðili var orðinn svo hvekktur á þessum boðum að hann ætlaði að reyna að bjarga sér á verki og bauð í það 55% af kostnaðarverði. Guði sé lof fyrir, þá fékk hann ekki verkið. Hann fékk ekki verkið. En það vildi svo einkennilega til að það kom nokkuð öflugur aðili norðan úr landi og tók þetta verk að sér og bauð 91%, þannig að þessi heimaaðili hefði ekki þurft að vera nema í 90%, ef allt hefði verið réttilega metið, til þess að fá verkið. Undarlegustu hlutir koma því upp. Og hvað verður svo þegar fáir stórir aðilar sitja eftir einir að þessum verkefnum? Þegar Vegagerð ríkisins er búin að selja tæki sín, eins og hún hefur gert í mjög ríkum mæli að undanförnu, og situr uppi með bæði fá og slæm tæki í mörgum tilfellum. Þá snúast nú hlutirnir heldur betur við. Ég veit um dæmi þess að þegar Vegagerð ríkisins hefur selt sín mölunartæki þá hefur næsta útboð á mölun efnis ekki verið undir kostnaðaráætlun heldur yfir eða upp í 115%, um leið og Vegagerðin var búin að selja tækin sín. Og um daginn sá ég ekki betur en að þá væri klæðningardæmi eitthvað af svipaðri stærðargráðu. Ég er hræddur um það að þegar búið verður að ganga frá öllum þessum illa búnu verktökum, sem hafa verið að undirbjóða í þessi verk, þá komi upp einokunaraðstaða eða einhvers konar skiptaregla sem þessir stóru verktakar hafi.

Hvernig ætlar svo Vegagerð ríkisins að fara að þegar um ósköp venjuleg viðhaldsverkefni verður að ræða, aðkallandi vegna ýmissa atvika, við skulum t.d. segja bara náttúruhamfara, skriðufalla, snjóflóða eða einhvers slíks, og Vegagerðin stendur uppi tækjalaus og heimamenn eru vanbúnir eða hættir jafnvel að eiga þessi tæki? Ég hef oft spurt Vegagerðina: Hvað ætlið þið að gera og þeir hrista bara höfuðið, sælir í sinni útboðstrú og segjast hafa um þetta fyrirskipun ofan úr samgönguráðuneyti og það þýði ekkert að vera að sakast um við þá, þeir eigi að bjóða allt út sem boðið verður út hvort sem það er hagkvæmt eða ekki.

Ég hef stundum sagt að það séu ekki öll kurl komin til grafar þó komnar séu ákveðnar prósentur í þessi verk í upphafi, það sé uppgjörið sjálft í lokin sem gildir, og ég er hræddur um, ég fullyrði það nú ekki vegna þess að ég hef ekki um það svo skýr dæmi en ég er hræddur um það, þó ég segi ekki neitt meira, að uppgjörstölurnar fyrir þessi verk séu æði oft ólík kostnaðartölunni eða þeim kostnaðarprósentum sem gefin eru upp í upphafi.

Ég gæti haft um þetta langt mál vegna þess að ég veit svo dapurleg dæmi þess arna þar sem þetta hefur leitt í ógöngur. Og mér þykir þetta alveg sérlega leiðinlegt gagnvart Vegagerð ríkisins vegna þess að Vegagerð ríkisins segir: Við græðum svo mikið á útboðunum. Síðan þegar við komum að því að fara ofan í vegáætlun ársins eftir og ég spyr þá hjá Vegagerðinni: Heyrðu, nú komið þið með gróðann sem við höfðum af útboðunum og sýnið okkur hvað við getum lagt langa vegi fyrir þetta á næsta ári. Þá er þessi peningur bara horfinn allt í einu og við fáum hvergi að sjá hann. Og þá segja þeir hjá Vegagerðinni gjarnan, þeir ágætu menn vegna þess að þar er mjög mikið af góðum mönnum: Ja, það var nú gert meira, þessi útboð hafa orðið til þess að það hefur verið gert meira í vegunum en reiknað var með. Eins og það hafi ekki gerst hjá Vegagerð ríkisins margsinnis áður! Það er alveg undarlegt að ein ríkisstofnun skuli lýsa yfir slíku vantrausti á sjálfa sig og Vegagerð ríkisins gerir með þessum hætti vegna þess að í óteljandi tilvikum hefur Vegagerðin unnið sín verk á þann hagkvæma máta að út úr þeim hefur komið miklu meira en menn reiknuðu með í upphafi. Um það veit ég fjölmörg dæmi af Austurlandi og ég hygg að allir menn geti nefnt dæmi úr kjördæmum sínum af því tagi. Þannig að það er ekkert nýtt að lagðir séu lengri vegir en áætlað var í upphafi fyrir sömu upphæðina.

Ég held þess vegna að það þurfi virkilega að líta á þessi útboð öll og þá hjá Vegagerðinni alveg sérstaklega. Ég heyri það greinilega á hverjum staðnum á fætur öðrum á Austurlandi að ef menn komast ekkert inn í þessi verk og þau eru hrifsuð af þeim, þá treysta þeir sér ekki lengur til þess að eiga þessi tæki. Það eru ekki næg verkefni fyrir þessi tæki þeirra hvort sem það eru vörubifreiðar eða vinnuvélar, næg verkefni af öðru tagi á stöðunum. Auðvitað eiga þeir að búa sig sem best í stakk til þess að taka við þessu en það vita líka allir hvernig þetta kom yfir. Þetta kom sem sagt allt í einu, snöggt, á þann máta að menn voru hreinlega ekki tilbúnir, voru ekki búnir að búa sig í þann stakk sem þeir þurftu að gera heima fyrir til þess að keppa við þá betur búnu verktaka sem búnir voru að öðlast þekkingu og kunnáttu á verkum og eignast sín tæki skuldlaus, t.d. virkjanaaðilar hérna syðra.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Ég held að við eigum að skoða byggðasjónarmiðin í sambandi við þetta mjög rækilega og þjóðhagslega hagkvæmni líka. Útboð þar sem útboð eiga við, í stórum verkefnum, í vandasömum verkefnum þar sem þarf sérstaka tækni, sérstaka kunnáttu og sérstaklega góð tæki. En á öðrum stöðum á að reyna að finna aðrar og betri leiðir, þar sem heimamenn geta orðið sem virkastir þátttakendur og um leið eflt og bætt þjónustuna heima fyrir á öllum sviðum með betri tækjabúnaði en þeir hafa í dag, og að varast það að við endum í því að hafa hér fáa, sterka og stóra verktaka sem gína yfir þessum markaði og skipta honum bróðurlega á milli sín eins og hefur gerst í mörgum öðrum greinum. Það geta orðið mörg slys á þeirri vegferð. Til þess að hindra þau slys er þessi till. flutt og að lokinni þessari umræðu vil ég leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn.

Þórdís Bergsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa þáltill. sem hér er komin fram. Eins og stendur í niðurlagi grg. þá er þessi þáltill. komin sérstaklega fyrir þrýsting

frá SSA og það er frá samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Ég á sæti í þeirri nefnd og við höfum fjallað nokkuð ítarlega um þetta mál og það er virkilega ekki ofsögum sagt, sem hv. flm. hefur sagt hér, að þetta er áhyggjuefni manna. Það eru margir sem eiga sína vörubíla sem væru búnir t.d. að selja þá ef þeir hefðu getað en það er ekki um það að ræða því þetta er sama vandamálið um allt land og verð hefur fallið á bílum og tækjum þess vegna.

En ég vil aðeins bæta við það sem hv. flm. sagði að það er fleira sem kemur til. Þegar menn hafa gefist upp í þessari atvinnugrein, og þeir eru nokkuð margir, þá þarf líka að hugsa fyrir verkefnum fyrir þetta fólk og ég held að það mætti taka inn í dæmið þegar þessi úttekt fer fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áreiðanleiki skoðanakannana, fyrri umr.

Þáltill. HBl og GHG, 123. mál. — Þskj. 127.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Mér hefur borist eftirfarandi bréf sem er dags. 11. nóv. 1986:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna þingsetu 1. varamanns taki 2. varamaður landskjörinna þm. Alþfl., Árni Gunnarsson, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Undir þetta ritar hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason.

Árni Gunnarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað og er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 123.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Frv. til umferðarlaga hefur legið fyrir Alþingi á síðustu tveimur þingum án þess að hljóta afgreiðslu. Er frv. þetta nú flutt á ný nokkuð breytt svo sem nánar verður rakið hér á eftir.

Frv. er upphaflega samið af umferðarlaganefnd og felur í sér heildarendurskoðun gildandi umferðarlaga sem að stofni til eru frá árinu 1958. Hafði nefndin hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á umferðarlögum og umferðarreglum annars staðar á Norðurlöndum er byggðust á tillögum samnorrænnar nefndar um umferðarmál og alþjóðlegu samstarfi, m.a. alþjóðasamningi um umferð sem gerður var 1968 og kenndur er við Vínarborg. En auk þessa var og höfð hliðsjón af hérlendum aðstæðum og ábendingum og tillögum aðila sem fara með umferðarmál og umferðaröryggi.

Á síðasta Alþingi höfðu allshn. þessarar deildar borist margvíslegar umsagnir allmargra aðila og við þinglok hafði nefndin eigi lokið yfirferð sinni á frv. og þeim tillögum sem borist höfðu. Varð þá að ráði til að undirbúa frv. fyrir þetta þing að skipa nefnd fjögurra þm. úr allshn. til þess að endurskoða frv. m.a. með hliðsjón af athugasemdum og umsögnum sem fram höfðu komið. Nefnd þessa skipuðu þau Jón Kristjánsson formaður, Eiður Guðnason, Helgi Seljan og Salome Þorkelsdóttir. Með þeim starfaði svo Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., sem sæti átti í nefnd þeirri sem samdi frv. upphaflega og því gjörkunnugur efni þess.

Endurskoðunarnefndin skilaði niðurstöðu sinni til ráðuneytisins í byrjun október og lagði hún til að gerðar yrðu á frv. allmargar breytingar áður en það yrði lagt á ný fyrir Alþingi. Þær breytingar fela ekki í sér breytingu á meginstefnu frv. eða uppbyggingu en varða þó flestar greinar frv., ýmist málfar eða efnisatriði. Hafa þessar breytingar í öllum meginatriðum verið felldar inn í frv. auk nokkurra frekari breytinga sem rétt hefur þótt að gera og fyrst og fremst varða samræmingu á orðalagi.

Frv. felur í sér fjölmargar breytingar og nýmæli borið saman við gildandi lög. Eru helstu breytingar taldar í 55 liðum og varða þær öll svið frv., umferðarreglur, reglur um ökuhraða, um ökumenn og ökutækni, fébætur og vátryggingu, viðurlög o.s.frv. Ég tel ekki ástæðu til að tíunda þau atriði öll hér en vísa til upptalningar á bls. 33–35 í frv. Ég tel þó rétt að geta sérstaklega nokkurra þeirra nýmæla sem felast í frv. nú skv. tillögum endurskoðunarnefndarinnar.

Ljósatími allan sólarhringinn verði frá 1. sept. til 30. apríl. Notkun ökuljósa eykur til muna öryggi þar sem bifreið sést þá betur.

Gildistími fullnaðarskírteinis til aksturs venjulegrar bifreiðar og bifhjóls verði til 70 ára aldurs í stað þess að það er nú gefið út til 10 ára í senn. Forsvaranlegt er talið að lengja gildistíma öku-

skírteinis án þess að það skerði umferðaröryggi. Aðhaldi gagnvart ökumönnum má hins vegar koma á með færslu ökuferilsskrár sem gert er ráð fyrir að haldin sé við embætti lögreglustjóranna. Starfskrafta sem farið hafa í vinnu við endurnýjun ökuskírteinis má í staðinn nota til að fylgjast með breytingum á ökuferilsskrá.

Reglum um bótaábyrgð er breytt nokkuð. Hin ríka ábyrgðarregla er látin ná til allra vélknúinna ökutækja en nær nú einungis til skráningarskyldra ökutækja. Ábyrgðarreglan er víkkuð þannig að alfarið er tekin upp hlutlæg ábyrgð og þá fellur niður sá munur sem verið hefur eftir því hvort flutt var gegn gjaldi eða ekki. Ábyrgðarreglan tekur til tjóns sem hlýst af vélknúnu ökutæki vegna umferðarslyss eða annars umferðaróhapps eða vegna sprengingar eða bruna sem stafar frá eldsneyti í ökutækinu. Er þar um nokkra takmörkun á hinni sérstöku ábyrgðarreglu umferðarlaga að ræða en núgildandi regla miðar við allt tjón sem hlýst af notkun ökutækisins. Dregið er úr heimild til að fella niður eða lækka bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda þegar sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur. Þá er reglum um bótaábyrgð, þegar um er að ræða líkamstjón eða tjón vegna missis framfæranda vegna áreksturs vélknúinna ökutækja, breytt þannig að ábyrgðin lendi á ökutækinu sem hinn slasaði eða látni var í. Reglur þessar miða allar að því að auka bótarétt þess sem verður fyrir líkamstjóni eða missi framfæranda. Eru þær teknar upp í samræmi við þróun sem orðið hefur erlendis á undanförnum árum, síðast í Danmörku í lok síðasta árs. Samhliða þessu er lagt til að breytt verði reglum um vátryggingarskylduna og vátryggingarfjárhæðir verði hækkaðar verulega.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. taldi endurskoðunarnefndin af ýmsum ástæðum rétt að nokkur atriði biðu meðferðar Alþingis. Er þar m.a. um að ræða ákvæðin um ökuhraða, ákvæðin um aldur til að stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli og vélsleða og ákvæðin um skipan Umferðarráðs. Eru þau atriði því óbreytt að efni frá fyrri gerð frv.

Frv. það til umferðarlaga sem liggur fyrir felur í sér breytingu á umferðarreglum til samræmis við alþjóðlega þróun og á þannig að stuðla að auknu öryggi vegna aukinna samskipta þeirra í milli. Það felur í sér aukna vernd óvarinna vegfarenda. Það felur í sér aukinn bótarétt þeirra sem verða fyrir líkamstjóni eða missi framfærenda.

Loks felur frv. í sér hagræðingu á ýmsum sviðum til hagsbóta fyrir borgarann og stjórnsýsluna, svo sem ákvæðin um lengingu á gildistíma ökuskírteina, ákvæðin um flutning ökutækjaskráningar frá lögreglustjórum til Bifreiðaeftirlits og ákvæðin um breytta meðferð mála vegna brota á reglum um stöðvun og lagningu ökutækja og ákvæðin um heimild til að flytja brott ökutæki sem með ýmsum hætti brjóta í bága við reglur um stöðvun eða lagningu, valda truflun eða hættu eða skilin hafa verið eftir.

Með samþykkt þessa frv. á því ekki einungis að skapast grundvöllur fyrir auknu umferðaröryggi heldur og fyrir bættri stjórnsýslu og hagræðingu.

Eins og ég hef þegar rakið hefur veruleg vinna verið lögð í að endurskoða frv. í ljósi athugasemda og umsagna sem borist höfðu. Það fer ekki á milli mála að umferðarmál eru málaflokkur sem fjöldinn lætur sig skipta og hefur skoðun á og vel má vera að enn komi fram athugasemdir. Endurskoðunin á hins vegar að létta meðferð frv. um sali Alþingis nú og í þingnefnd. Vænti ég þess eindregið að tími gefist til að afgreiða frv. á þessu þingi.

Rétt er að vekja athygli á því að frv. gerir ráð fyrir gildistöku 1. júní 1987. Má þá ætla að nauðsyn beri til að breyta því ákvæði en gera verður ráð fyrir tíma til að ganga frá ýmsum reglugerðum sem setja á skv. frv. og einnig að kynna hinar nýju umferðarreglur og önnur nýmæli. Kemur það væntanlega betur í ljós við meðferð frv. hér á Alþingi.

Umferðarlögin ein sér eru aðeins rammi utan um frekari reglur. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að heildarendurskoðun reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Er það allmikið verk og undirbúningurinn langt kominn. Verður trúlega heppilegt að ganga frá nýjum reglum um það efni í áföngum og er stefnt að því að á næstunni verði settar reglur um blá ljós fyrir lögreglu-, sjúkra- og slökkvibifreiðar og á nýjum bílum um föst ljós er loga alltaf við akstur og öryggisbelti í aftursæti fólksbifreiða.

Í umferðarlögum er sérstakt ákvæði er heimilar ráðherra að hækka hámarkshraða á tilteknum vegum úr hinum almenna 70 km hámarkshraða í allt að 90 km og binda þá heimild við ákveðinn árstíma. Þessi heimild hefur einungis verið notuð að takmörkuðu leyti. Er nú heimilaður 80 km hámarkshraði á um 175 km þjóðvegakerfisins. Var um 65 km bætt við á síðasta vori jafnframt því sem ákveðið var að þessi hámarkshraði skyldi gilda allt árið. Endurbætur á þjóðvegakerfinu ættu að leyfa aukinn hraða á fleiri vegarköflum svo sem frv. gerir og ráð fyrir. Stóð til í samráði við Vegagerðina að fjölga vegarköflum með auknum hámarkshraða en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu en nauðsyn ber til að gera það fyrir næsta sumar. Reglur um hámarkshraða þurfa að vera með þeim hætti að þær séu virtar af þorra ökumanna. Ofsahraði er hins vegar hættulegur og þarf að vinna gegn honum. Er talið að einna bestum árangri í umferðarlöggæslu megi ná með eftirliti með ökuhraða og ölvunarakstri. Talið er að á hinum Norðurlöndunum megi rekja verulega fækkun slasaðra í umferðinni síðustu 15 árin m.a. til minni ökuhraða í kjölfar lækkunar hámarkshraða og vegna ýmissa endurbóta á vegakerfinu.

Á síðasta sumri stóð ráðuneytið að sérstöku átaki lögreglu og Umferðarráðs er einkum beindist að ökuhraða og ölvunarakstri. Nú í byrjun vetrar hafa sömu aðilar staðið fyrir hliðstæðu átaki er beinist að stefnuljósanotkun og virðingu fyrir rauðu umferðarljósi og stöðvunarskyldu. Þörf er á að auka og skipuleggja slíkt samstarf þessara aðila og jafnframt

samstarf við fjölmiðla, einkum útvarp og sjónvarp. Reynslan sýnir að með samræmdu átaki má ná verulegum árangri til bættrar umferðarmenningar og aukins öryggis. Slíkar aðgerðir kosta hins vegar óhjákvæmilega talsverða fjármuni og þarf að tryggja Umferðarráði auknar fjárveitingar í því skyni. Þá getur lögreglan ekki aukið að ráði þátt sinn án þess að skerða aðra þætti löggæslunnar. Með ákveðinni skipulagningu má þó styrkja þessa löggæslu. Hefur að því verið unnið að undanförnu í kjölfar úttektar sem gerð var á embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Ekki er síður mikilvægt til árangurs á þessu sviði þátttaka annarra aðila en hins opinbera. Því ber að fagna framréttri hendi bifreiðatryggingafélaganna sem einmitt í dag halda ráðstefnu um öryggismál í umferðinni. Ekki fer á milli mála að saman fara hagsmunir hins opinbera, tryggingafélaganna og bifreiðaeigenda. Allar aðgerðir er miða að bættri og öruggari umferð hljóta að skila árangri í fækkun umferðarslysa og óhappa, lækkun kostnaðar við heilsugæslu í landinu og lækkun bótagreiðslna hjá tryggingafélögunum sem aftur leiðir til lækkaðra tryggingariðgjalda.

Umferðarslysin eru öllum áhyggjuefni. Skv. skýrslu Umferðarráðs um umferðarslys, sem byggð er á skráningu lögreglu, létust í umferðarslysum 24 á síðasta ári og 889 slösuðust, þar af 375 alvarlega. Þetta eru uggvænlegar tölur. Þó er vitað að þessar tölur segja ekki allt. Í mörgum tilvikum fær lögregla enga vitneskju um slys, hinn slasaði er fluttur beint á sjúkrahús.

Fleiri tölur eru uggvekjandi. Á síðasta ári færði lögreglan 2481 mann til blóðrannsóknar vegna meintrar ölvunar við akstur og er þetta nokkuð árviss tala. Af þessari tölu áttu 252 aðild að umferðarslysi og 80 höfðu slasast. Af skráðum umferðarslysum í Reykjavík árið 1985, alls 2597, voru 138 tilvik þar sem grunur var um ölvun við akstur. Rétt er að taka fram að af heildartölunni, 2481, reyndust 349 vera með áfengismagn innan refsimarka. Nauðsyn ber til að vinna gegn þeim vágesti sem ölvunarakstur er. Að því miða ýmis ákvæði frv., m.a. þau er veita lögreglu heimild til að taka öndunarsýni jafnvel þótt ökumaður sé ekki grunaður um ölvun við akstur.

Þá er ekki síður nauðsynlegt að standa þannig að málum að ökumenn verði ekki fyrir meiri óþægindum en þörf er á og þeir ekki látnir gangast undir blóðrannsókn nema full ástæða sé til. Því er nú verið að taka í notkun hjá lögreglunni ný tæki til að taka öndunarsýni þar sem unnt er að greina þá betur frá sem eru með áfengismagn innan refsimarka.

Eins og þegar hefur komið fram gefur Umferðarráð árlega út skýrslu um umferðarslys skv. skráningu lögreglu. Hefur svo verið um allmörg ár. Ráðuneytið hefur talið tímabært að endurskoða þessa upplýsingasöfnun þannig að fá megi gleggri upplýsingar um orsakir og eðli umferðarslysa. Hefur ráðuneytið því fyrir nokkru falið lögreglustjóraembættinu í Reykjavík að vinna að hönnun nýrra eyðublaða fyrir skráningu umferðarslysa og samningu leiðbeininga um notkun þeirra. Er þá m.a. haft í huga að slíkar upplýsingar nýtist fleiri aðilum en nú er, svo sem Vegagerð og sveitarfélögum. Úrvinnsla upplýsinga mundi síðan fara fram í samráði við þessa aðila.

Ráðuneytið hefur einnig lýst stuðningi við áætlanir Borgarspítalans í Reykjavík um að koma á allsherjarskráningu slysa með upplýsingum frá öllum sjúkrahúsum á landinu. Hefur þá verið haft í huga að bera megi saman að fengnu leyfi Tölvunefndar upplýsingar lögregluyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda.

Auk tölfræðilegra upplýsinga um umferðarslys sem þannig má vinna telur ráðuneytið og brýnt að efla almennar rannsóknir meiri háttar umferðarslysa. Vill ráðuneytið stuðla að því að umferðarslys verði ekki eingöngu rannsökuð með það í huga að afla gagna til meðferðar hugsanlegs refsimáls eða bótamáls heldur verði jafnframt í ríkara mæli en hingað til kannaðar orsakir slyss og hvað betur megi fara, hvort heldur einstök slys eða með hliðsjón af tíðni sams konar slysa eða slysa á sama stað. Verði skýrsla gerð um þess háttar slys í tengslum við lögreglurannsókn og í samráði við Vegagerð eða tæknimenn sveitarfélaga, Bifreiðaeftirlit og lækna.

Hæstv. forseti. Ég hef hér í niðurlagi máls míns vikið að ýmsum atriðum sem varða umferð og öryggi í umferð og allt tengist frv. til umferðarlaga sem hér er til meðferðar. Umferðin er svo stór þáttur lífs okkar. Við tökum öll þátt í henni, en umferðin er eins og við viljum sjálf láta hana vera. Umferðarlög og reglur hjálpa til að móta umferðina en til þess að árangur náist verðum við að tileinka okkur umferðarreglurnar, góða akstursháttu og umgengni. Frv. þessu er ætlað að stuðla að bættu umferðaröryggi.

Ég legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús H. Magnússon:

Hæstv. forseti. Þetta er yfirgripsmikið frv. Ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér það að nokkru marki en ég sé þó strax að margt er þar til mjög mikilla bóta frá núverandi lögum, enda kom það skýrt og greinilega fram í máli hæstv. ráðherra. Ýmislegt þarf þó að skoða betur eins og t.d. samræmingu milli starfa Bifreiðaeftirlits annars vegar og Vinnueftirlits hins vegar, m.a. eftirlit með farandvinnuvélum.

Þetta þinghald verður stutt. Ef ætlunin er að afgreiða málið fyrir þinglok, sem ég tel mjög æskilegt, þyrftu allsherjarnefndir beggja deilda að vinna saman að málinu og taka það strax fyrir. Það þyrfti að afgreiða málið frá þessari hv. deild fyrir miðjan des., ekki seinna, og taka það til 1. umr. í hv. Nd. fyrir þinghlé. Ég tel að samkomulag eigi að gera nú þegar milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu málsins. Af hálfu Alþfl. er ekkert því til fyrirstöðu að slíkt samkomulag geti tekist.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Á borð okkar er enn kominn þessi miklu frumvarpsbálkur um umferðarlög. Við sem höfum alveg sérstaklega fjallað um hann nú á sumarmánuðum eigum kannske ekki að vera að blanda okkur mikið í þessa umræðu heldur heyra hljóðið í öðrum varðandi það hvernig þar hefur til tekist.

Það er auðvitað mála sannast að við okkur í allshn. hafa blasað ótrúlega margar athugasemdir við þetta frv. frá hinum ýmsu aðilum sem koma næst þessu máli á margan veg og alveg ótrúlega misvísandi einnig.

Í morgun vorum við virðulegur forseti þessarar deildar, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir á þeirri ráðstefnu sem hæstv. dómsmrh. gat um, um umferðarmál í heild sinni. Eg nefni það bara sem dæmi sem þar kom fram að þar talaði hæstaréttarlögmaður sem ég reikna með að komi nokkuð nálægt þessum málum hvað snertir dóma og ýmislegt sem varðar tryggingafélögin. Mér skildist það sem sagt án þess að ég viti það nákvæmlega. Í máli hans kom það fram að hér væri um gífurlega mikla og róttæka breytingu að ræða og í raun og veru allt of mikla og róttæka og að betra hefði verið að taka þetta í smærri áföngum. En síðan kom aftur fulltrúi ökukennara upp, hélt mjög harða ádrepu á ráðuneyti og Alþingi fyrir það að hlusta ekki á ökukennara sem skyldi varðandi meðferð ökukennslu og sagði það að frv. gengi allt of skammt og næði þar af leiðandi alls ekki tilgangi sínum.

Þetta voru bara svona smásýnishorn af því sem við höfum fengið að sjá í þessum umsögnum. Þess vegna held ég að það sé alveg rétt sem fram kom hjá hv. 5. landsk. þm. Við höfum í raun og veru einokað þetta mál nokkuð hér í hv. Ed., skoðað það mjög vel. Allshn. Nd. hefur ekkert komið nálægt þessu og því hljóta þessar nefndir, ef menn ætla að koma þessu í gegn núna, að verða að starfa saman. Til þess er ég vitanlega reiðubúinn og ég þykist vita að ekki standi á hv. formanni allshn. þessarar deildar, Jóni Kristjánssyni, að kalla saman til sameiginlegra funda um þetta mál.

Ég ætla ekki að fara út í það efnislega hvernig við fjölluðum um þetta núna á sumarmánuðum þar sem við vorum að reyna að koma okkur niður á það hvað okkur væri óhætt að setja inn sem nokkurn veginn þau atriði sem gæti orðið samkomulag um og svo aftur þau atriði sem við skildum eftir. Menn munu kannske segja: Þið skilduð eftir allt það viðkvæmasta eða meginhlutann af því allra viðkvæmasta, svo sem ökuhraðann og annað eftir því. Það er alveg rétt. En það þýðir auðvitað ekki annað en að þingmeirihluti komi þar að eins og svo mörgu öðru í þessu og skeri úr um þetta. Ég er á því að það verði að höggva á þennan hnút nú eftir að þetta frv. hefur verið svona lengi í meðförum okkar og það er auðvitað mjög slæmt að þurfa að afgreiða með meirihlutasamþykktum hér í þinginu hin viðkvæmustu álitamál sem þarna eru á ferð. En það er óhjákvæmilegt.

Ég held að við höfum verið að reyna að leita að millileið, einhverju sem gæti verið fullt samkomulag um hér og okkur hafi tekist það í sumu en í öðru ekki og þá verður hreinlega meiri hlutinn að ráða. Umfram allt held ég að það sé beðið það mikið eftir þessum nýju lögum úti í þjóðfélaginu og Alþingi liggi undir það miklu ámæli gagnvart því að afgreiða þetta ekki að það sé óhjákvæmilegt.

Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi um þetta — án þess að fara efnislega út í nokkur atriði hér — dæmi um það sem við stóðum andspænis í þessari endurskoðunarnefnd. Það var álit frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, einmitt því sambandi sem var að halda þessa ráðstefnu og er að halda þessa ráðstefnu raunar núna og hefði kannske verið miklu hollara fyrir deildina að taka sér bara frí frá störfum í dag og fara á þessa ráðstefnu og hlusta á það sem þar fer fram. Ég hygg að það hefði verið miklu hollara fyrir okkur. Þar eru þeir að benda á það æ ofan í æ að með breyttu orðalagi í þessu frv. og væntanlegum lögum skapist ýmiss konar réttaróvissa. M.a. vegna breytts orðalags kunni túlkun að verða þveröfug við það sem áður hefur verið á ýmsum veigamiklum atriðum þannig að dómar sem gengið hafa í ákveðnum ágreiningsmálum muni verða ógildir vegna þess að allt annað orðalag sé komið upp í frv. Ég kann ekki að meta þetta því að ég er ekki löglærður. Við höfðum hins vegar ágætan aðstoðarmann þarna, fulltrúa frá dómsmrn., sem leiðbeindi okkur nokkuð um þetta og taldi að svo mundi ekki vera nema í undantekningartilfellum. En þetta sýnir bara hvað málið er allt vandmeðfarið.

Ég minni enn á það að þrátt fyrir þær ábendingar sem við tókum til greina frá ökukennurum heldur formaður Ökukennarafélags Íslands ræðu á þessari ráðstefnu í morgun og segir hreinlega bara fussum svei við frv. Hann segir sem sagt að við höfum ekki gert nokkra tilraun til þess að nálgast ökukennsluna í landinu á raunhæfan hátt en þeirra tillaga er í raun og veru sú að þarna verði um ökuskóla að ræða, alls ekki að það fari inn í hið almenna skólakerfi eins og okkur mörg langar til að gera, heldur verði þetta á þeirra vegum. Auðvitað finnum við kannske svona örlitla hagsmunalykt af þessu, það er ekki hægt að neita því þó að það sé kannske ljótt að segja það hér í ræðustól, en ég efa ekki að það sé einlægur vilji þessara manna engu að síður, með slíkum skóla eins og þeir leggja þar til, að bæta ökukennsluna í landinu. Þetta er bara einn liður sem sýnir það hvað málið er viðkvæmt og hvað það er margt í raun og veru sem enn er eftir að útkljá en við verðum bara að gera það með meirihlutasamþykkt í vetur og ljúka þessu máli af, sjá svo til hvernig reynslan af hinum einstöku breytingum verður vegna þess að Alþingi má ekki lengur láta það henda sig að afgreiða ekki umferðarlögin.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð. Ég vildi aðeins koma hér upp til þess að taka undir þýðingu þess að þetta frv. fái góða og skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild. Eins og hefur komið fram er búið að vinna talsvert verk sem ætti væntanlega að flýta fyrir því að afgreiðsla málsins þurfi ekki að taka svo ýkja langan tíma hér í hv. Ed.

Ég fagna því að inn í þetta frv. eru komin ýmis atriði sem þessi hv. deild, Ed., hefur fjallað um á undanförnum árum og ég hef ásamt fleiri hv. þm. flutt hér í deildinni eins og varðandi ljósatímann sem er skv. 32. gr. Sektarákvæði bílbelta verða væntanlega lögleidd með afgreiðslu þessa frv. og 18. gr. sem varðar skólabifreiðarnar, að tillit sé tekið til merktra skólabifreiða. Þetta er atriði sem var einnig í svokölluðu ljósafrumvarpi sem ég hef ásamt fleirum flutt á undanförnum þingum og við höfum afgreitt í gegnum deildina en hefur ætíð verið svæft í Nd.

Það er ljóst að einhverjar brtt. munu verða fluttar við frv. þegar það kemur úr nefnd sem jafnvel við sem höfum starfað í þessari undirbúningsnefnd munum standa að. Sjálf mun ég væntanlega flytja brtt. varðandi slysarannsóknarnefnd sem ekki er inni í frv. en það bíður þá afgreiðslu þegar það kemur til 2. umr.

Ég fagna því sem hæstv. dómsmrh. sagði um skráningu umferðarslysa og samræmingu á þeim þætti. Þetta er mál sem við höfum verið að vinna að því að fá í gegn, nokkrir aðilar sem hafa verið að vinna að þessum slysavarnamálum, sérstaklega varðandi umferðarslysin. Ég held að það væri nauðsynlegt, verði slík samræmd slysaskráning sett á laggirnar, að tekið verði inn í hana ekki bara lögreglan og slysadeildirnar, heldur einnig tryggingafélögin því að þau búa einnig yfir miklum upplýsingum sem væri gagnlegt að hafa allar á sama stað.

Meginmálið er sem sagt að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég er svo bjartsýn að halda að við þurfum ekki langan tíma í þessari hv. deild. Ef báðar nefndirnar fjalla saman um málið má vel vera að það flýti fyrir, ef allshn. Ed. telur sig þurfa að fara ítarlega í málið, nema hún gæti orðið sammála um að afgreiða það rösklega til Nd., þá gæti það jafnvel orðið enn þá skjótari afgreiðsla að koma frv. fljótar í gegnum þessa hv. deild. En þetta verður væntanlega *athugað nánar og ekki skal ég hafa á móti því að* það verði samstarf beggja nefndanna ef það tefur ekki málið í sjálfu sér.

Þó að það sé mikilvægt að frv. til umferðarlaga nái fram að ganga er það ekki nægjanlegt. Það þarf að gera átak í þessum efnum til að gjörbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun. Og þessi ráðstefna, sem við sátum í morgun og hv. 2. þm. Austurl. minnti á, var vissulega mjög fróðleg og hefði verið gott fyrir fleiri að vera þar viðstaddir og hlusta á umræður sem þar fóru fram. Þar var mikið rætt t.d. um þann þátt sem snýr að skólunum, hlutverki skólanna varðandi umferðarfræðslu og slysahættuna sem börn eru í. Ég held að þetta hafi verið einn af þessum góðu og jákvæðu þáttum sem ýmsir aðilar í þjóðfélaginu vinna að varðandi umferðaröryggi og það ber vissulega að þakka.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. eða þann mikla lagabálk sem hér hefur verið lagður fram.

Á s.l. ári þegar þetta var til umræðu lagði ég fram fsp. til hæstv. ráðherra varðandi skráningu ökutækja. Í 64. gr. í þessu frv. er það alfarið lagt á herðar dómsmrh. að setja reglur um skráningu ökutækja. Mig fýsir að vita hvers konar reglur hæstv. dómsmrh. hefur hugsað sér að setja um skráningu ökutækja, hvort hann hyggst breyta því fyrirkomulagi sem nú er til betri vegar að mínu mati, þ.e. að einfalda það kerfi sem við búum við, eða hvort í þessu felist að hafa tvöfalt skráningarkerfi, sem sagt bókstaf eftir umdæmum eins og nú er auk þess sem menn geta valið það kerfi að hafa sama skráningarnúmerið þrátt fyrir að bifreið sé seld á milli umdæma.

Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns varðandi rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég held að mjög brýnt sé að sett verði á laggirnar rannsóknarnefnd því við megum ekki gleyma því að á milli 10 og 20% af umferðarslysum má rekja til gatnakerfis og með því að sett verði nefnd á laggirnar sem kanni hvaða orsakir liggi að baki umferðarslysum erum við nær því að geta bætt þar úr. Því miður er það ekki inni í frv. en ég tek heils hugar undir það að brýn þörf er á því að hafa rannsóknarnefnd.

Á þeirri ráðstefnu sem við sátum í morgun þar sem rætt var um þessi mál kom fram m.a. í erindi sem flutt var um hlutverk löggæslu sú skoðun, sem ég held að sé rétt, að ný lög verði að hafa hljómgrunn meðal almennings þannig að þau nái sínu markmiði. Það má ekki ofmeta gildi laga. Þar kom einnig fram að hér á landi væri viss lagaþreyta þannig að ég held að kynning og áróður um það sem við viljum breyta í umferðinni sé það sem skili meiri árangri en lagagreinar. Þar vil ég nefna til bæði ljósanotkun, bílbeltanotkun og það sem við viljum að verði komið á hér. Ég held að áróðurinn og viðhorf almennings gildi meira en það að við samþykkjum það hér á Alþingi. Ég er ekki á móti því að þetta verði samþykkt. Ég er aðeins að benda á að það verður líka að fara þá leið að reka áróður fyrir gildi þess að nota bæði ljós og bílbelti.

Ég hef ekki átt sæti í þeirri nefnd sem hefur farið í gegnum þetta frv. né á ég sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta frv. Þess vegna vildi ég koma hér og benda á þessi tvö atriði sem mér finnst mikilvæg, þ.e. rannsóknarnefndin og skráning ökutækja. Ég held að það verði gífurlegur sparnaður í

því að einfalda það kerfi sem nú er, gera það einfalt í framkvæmd. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara nánar út í greinar frv. enda gefst til þess tækifæri við 2. umr.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er eitt af hinum stóru málum og hefur legið fyrir þinginu núna á þriðja ár og það er meira en tími til kominn að ljúka því. Það er vafalaust að mörg atriði eru umdeilanleg í þessu frv. en ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. fyrri ræðumönnum, að það er mjög mikils virði að fá þetta frv. í gegn og það verður þá hreinlega að greiða atkvæði um þau ágreiningsatriði sem eru. Ég held að það séu ekki hin stóru atriði. Það eru atriði sem er mjög auðvelt að sætta sig við.

Ég vil þó nefna örfá atriði sem ég held að verði að taka til ítarlegrar athugunar. Það er í fyrsta lagi ökuhraði. Það liggur nú þegar fyrir Alþingi tillaga um ökuhraða upp í 90 km á klukkustund þar sem aðstæður leyfa. Ég held að það verði að taka það til íhugunar hvort 80 km hámarkshraði á mjög breiðum og vel merktum vegum sé ekki fulllítið. Ég held að við þurfum ekki einu sinni að fara út fyrir þessa hv. deild til að finna ökumenn sem gjarnan eru yfir þeim hraða, a.m.k. á vissum vegum landsins. Ég heyri að hv. 2. þm. Austurl. kannast við einhverja slíka en við nefnum engin nöfn.

Í öðru lagi vil ég nefna ljósatímann. Ég er eindregið fylgjandi því að það sé skylda að hafa ökuljós allan ársins hring. Ég tel að það sé svo mikið öryggisatriði að það hljóti að vera til hagræðis í allri umferð. Meira að segja er það hvað nauðsynlegast á sólbjörtum sumardögum þegar rykmökkurinn leggst yfir alla umferð og skapar meiri hættu en flest annað í umferð hér á landi. Og sum af hinum hryllilegustu umferðarslysum undanfarinna ára urðu einmitt í rykmekkinum á sólbjörtum hásumardögum.

Varðandi öryggisbelti hefur sem betur fer mikið áunnist í þeim efnum en ég held að við hljótum að íhuga mjög vandlega hvort ekki eigi að taka upp viðurlög við því að öryggisbelti séu ekki notuð við akstur. Það er ákaflega slæmt að hafa í gildi lög sem kannske 40–50% þjóðarinnar fylgja ekki í því trausti að við því séu engin viðurlög og það skipti í raun og veru engu máli. Þetta þurfa ekki að vera stór viðurlög en alla vega að fólk viti og finni að hér er alvara á bak við lagasetninguna.

Varðandi númeramálið hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi að hætta því kerfi sem nú er með þessari sífelldu umskráningu, þó að ég hafi eignast númer sem ég er búinn að eiga á þriðja áratug og þykir orðið vænt um og kann vel við mundi ég glaður fórna því fyrir þann sparnað sem af því leiddi að taka upp einfaldara kerfi með föstum númerum á ökutækjum.

Ég veit og hef orðið var við að ökukennarar og Ökukennarafélagið er mjög óánægt með ýmis ákvæði þessa frv. Þeir voru það frá upphafi og telja að miklu strangari reglur eigi að setja um það efni og taka fastar á ökukennslunni yfirleitt. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt og mikils virði fyrir alla umferð í landinu og umferðarmenningu að þegar frá upphafi séu gerðar verulegar kröfur til þeirra sem taka ökupróf og ég er sammála því að hér skuli verða tekinn upp tveggja ára reynslutími í stað eins árs nú. Og ég held að það eigi að loknum þeim tíma ekki einungis að endurnýja skírteinin heldur einnig að láta unglingana, ef um unglinga er að ræða og eldri menn ef um þá er að ræða, fara í próf, að það verði hreinlega könnuð leikni þeirra eftir þennan tveggja ára reynslutíma.

Að öðru leyti hef ég ekki meira um þetta að segja. Mér finnst alveg sjálfsagt að komið sé upp rannsóknarnefnd umferðarslysa og ég held að það verði að bæta mjög skráningu þeirra og alla rannsókn þannig að góð mynd fáist af orsökum umferðarslysa. En það þarf líka að vinna að því að gera vegina betri, hættuminni en þeir eru víða og það hlýtur að vera eitt hið veigamesta í okkar umferðarmenningu að fá vel merkta og örugga vegi, örugg gatnamót, setja upp ljós þar sem það á við og hraðahindranir þar sem þær eiga við í bæjum og þéttbýlisstöðum. Góðir vegir, vel merktir vegir, upplýstir þar sem mögu-leikar eru á því, munu mjög draga úr hættunni á alvarlegum umferðarslysum, og sömuleiðis almenn notkun öryggisbelta og ljósatími allt árið.

Ég áskil mér að sjálfsögðu sem aðrir þm. rétt til að koma með eða fylgja brtt. en ég vonast til þess að hið háa Alþingi sjái sér fært að samþykkja umferðarlög að þessu sinni.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. alþm. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og þann áhuga sem kemur fram hjá þeim á að unnt verði að afgreiða málið á þessu þingi. Ég mun að sjálfsögðu ræða við þá aðila sem þar hafa áhrif á, nefndir beggja deilda og þingflokka og reyna að koma því þannig fyrir að vinnubrögð verði með þeim hætti að slíkt markmið megi nást.

En vegna spurningar hv. 8. landsk. þm. um mitt viðhorf til skráningar ökutækja minnir mig að ég hafi látið það koma fram á síðasta þingi að mér sýnist vera það mikið hagræði við breytingar þar á og þau rök séu svo þung á metunum að það hljóti að verða þar breyting. Það eru orðin svo ólík vinnubrögð nú frá því sem var þegar upphaflega var farið að skrá bifreiðar hér á landi að það hlýtur að vera eðlilegt að eitthvað þurfi að breyta því kerfi. Og það má ekki standa í vegi fyrir því þó að eitthvað hafi verið tekið upp snemma á öldinni öðruvísi en æskilegt er talið nú. Hitt er hins vegar alveg ljóst að þó að frv. verði að lögum á þessu þingi verður undirbúningur reglugerða ekki kominn svo langt að það verði hægt að gefa þær út fyrr en þessu kjörtímabili lýkur þannig að það verður óvíst hver þá muni undirrita þær.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 124.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Frv. til laga um breytingu á þinglýsingalögum sem hér liggur fyrir er fylgifrv. með frv. til umferðarlaga sem hér hefur verið rætt á undan. Frv. varðar breyttar reglur um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðar með hliðsjón af breyttum skráningarreglum. Frv. sama efnis lá og fyrir síðasta Alþingi í tengslum við frv. til umferðarlaga en hlaut þá ekki afgreiðslu fremur en hitt.

Ég tel eigi ástæðu til að endurtaka þá greinargerð sem áður hefur verið flutt á þinginu fyrir efni þessa frv. en leyfi mér að vísa til fyrri framsögu og prentaðra athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að *lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv.* allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, 1. umr.

Stjfrv., 124. mál (yfirstjórn verklegra framkvæmda). — Þskj. 128.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda á þskj. 128. Frv. það sem hér um ræðir er samið af sérstakri nefnd sem hæstv. þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson skipaði vorið 1984 til þess að athuga starfshætti framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Í nefndinni áttu sæti Magnús Pétursson hagsýslustjóri sem var formaður nefndarinnar, Finnur Jónsson verkfræðingur, Ingimar Haukur Ingimarsson arkitekt, Óttar Örn Petersen lögmaður og Friðrik Friðriksson hagfræðingur, en hann lét þó af störfum í nefndinni vorið 1985 vegna dvalar erlendis og nýrra starfa er hann tók þá við.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þær að opinberar framkvæmdir þarfnast markvissari umfjöllunar en verið hefur á undanförnum árum. Tekur þetta bæði til stjórnunar framkvæmda og mats á gildi þeirra og arðsemi. Nefndin telur að það skuli vera ófrávíkjanleg regla að allar framkvæmdir séu metnar með tilliti til fjárhagslegrar hagkvæmni. Þar með er ekki sagt að sú mælistika ein eigi ávallt að stýra vali verkefna. Nefndin telur enn fremur að breytingar þurfi að gera á stjórn opinberra framkvæmda. Styrkari stjórn þarf að hafa á öllum undirbúningi verkefna og að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en fyrir liggur ákvörðun um fjármögnun og hraða einstakra verka og framkvæmda.

Á þeim 15 árum sem liðin eru frá setningu laga um opinberar framkvæmdir hefur margt breyst í verkskipulagi og framkvæmdum. Upp hafa risið öflug fyrirtæki á tæknisviði sem fær eru um að veita sérhæfða þjónustu sem nauðsynleg er frá upphafi til enda framkvæmdar. Það er því fátt sem kallar á nauðsyn þess að ríkið fastbindi tilhögun verklegrar framkvæmdar og verkeftirlit við opinbera starfsmenn. Nefndin telur að í öllum grundvallaratriðum séu lög nr. 73/1970, um skipan opinberra framkvæmda, í eðli sínu ákjósanleg umgjörð um tilhögun framkvæmda. Er þá átt við allar opinberar framkvæmdir hvort heldur er um að ræða vegagerð, hafnargerð, flugvallargerð eða húsbyggingar.

Nefndin bendir á tvo möguleika til breytinga. Annar er sá að lögum um opinberar framkvæmdir verði ekki breytt en að öll starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins verði sveigð til innan þess ramma sem lög heimila. Hins vegar voru lögð fram frumvarpsdrög um breytingu á lögum þar sem lagt er til að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins verði lögð niður og umfjöllun opinberra aðila um framkvæmdir efld með öðrum hætti. En báðar tillögurnar sem nefndin gerir miða að sama marki.

Í fyrsta lagi því að stjórn opinberra framkvæmda færist í ríkara mæli en nú er til fjármálayfirvalda og þar fari fram mat á hagkvæmni og forgangsröðun verkefna. Jafnframt sé ávallt til staðar heildaryfirsýn um opinberar framkvæmdir.

Í öðru lagi verði hinn eiginlegi verklegi þáttur framkvæmda leystur meira en nú er af óháðum aðilum, skv. sérstökum samningum.

Ég hef valið þann kost að leggja fram það frv. um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda sem hér er til umræðu. Lög nr. 63/1970 voru undirbúin af nefnd sem þáv. fjmrh. Magnús Jónsson skipaði og laut hún forustu Jóns Sigurðssonar síðar ráðuneytisstjóra í fjmrn. Þau markmið sem stefnt var að með lagasetningunni frá 1970 voru fyrst og fremst þau að setja ákveðnar reglur um þá boðleið sem mál til undirbúnings ákvörðunar um opinberar framkvæmdir þarf að fara, að fjárveiting til að greiða allan kostnað verks verði tekin í fjárlög um leið og verk er ákveðið, að gerðar verði ráðstafanir til að taka upp ákveðna stefnu við stjórnun mannvirkjagerðar á vegum ríkisins.

Þótt ýmislegt hafi áunnist frá setningu laganna er annað ekki sem skyldi.

Enn eru engar reglur til eða viðteknar venjur um hvernig staðið skuli að undirbúningi og framkvæmd

verkefna. Sé vikið að undirbúningi fyrst er allur gangur á ráðningu og ráðgjöf hönnuða. Ráðgjafar eru ýmist valdir af notanda mannvirkisins, ráðuneyti eða viðkomandi stofnun. Einnig virðast ráðningarskilmálar varðandi umfang og tilhögun ráðgjafar vera með ýmsu móti og stundum engir. Telja verður sjálfsagt að gera skriflega samninga við hönnunaraðila og aðra þá er til ráðgjafar eru fengnir. Þá verði verk verkefnisstjóra, hönnuða og eftirlitsaðila boðin út eftir því sem við verður komið.

Lög um opinberar framkvæmdir frá 1970 skipta verkgangi við byggingar í fjögur stig. Í fyrsta lagi undirbúning og mat á þeim kostum sem fyrir eru og til boða standa, í öðru lagi hönnun og áætlunargerð um framkvæmdir og fjárútvegun, í þriðja lagi útboð verks og eftirlit með framkvæmdum og í fjórða lagi uppgjör og lokaúttekt.

Nefndin kannaði meginefni þessarar tilhögunar og hvar veikleika væri helst að finna. Undirbúning á fyrsta stigi var talið að þyrfti nauðsynlega að styrkja. Þetta tekur bæði til þess á hvers ábyrgð slíkt skuli gert og einnig þess hve mikið eigi að leggja í teikningar og hönnunarvinnu á frumstigi. Hjá því fer ekki, eins og allir vita, að frumdrættir að stærð húsa og útliti vilja oft verða leiðandi um framhaldið. Þá er það allt of algengt að samningar við hönnuði og ráðgjafa, hvaða nafni sem þeir nefnast, séu alls ekki gerðir. Hér þarf því nauðsynlega að koma við úrbótum.

Um skólabyggingar á ríkið samvinnu við sveitarfélögin. Almennt er aðild ríkisins í skólabyggingum ákveðin með greiðslum samkvæmt normkostnaði, sem svo er nefndur. Með þessum hætti er það á ábyrgð sveitarfélaga hvort reistar eru ódýrar eða dýrar byggingar. Þó svo að ríkið hafi trygga stöðu um útgjöld þá á það að vera áhugamál opinberra aðila að byggingar þeirra, hverju nafni sem þær nefnast, miðist við þarfir og séu reistar á sem hagkvæmastan hátt.

Nefndin, sem um þetta fjallaði, telur að gera þurfi þessum mikilvægasta hluta undirbúningsstarfsins hærra undir höfði en gert er í lögum og sér í lagi í framkvæmd eins og hún hefur verið. Því þarf að kveða nánar á en nú er um gerð frumathugunar og ráðningu og störf ráðgefandi aðila.

Sá kafli laganna sem náð hefur einna bestri fótfestu er efalaust áætlunargerðin. Þó væri nauðsynlegt að þeir sem væru fengnir til að taka að sér áætlunargerð væru ráðnir með skriflegum samningi.

Jafnframt þarf að ganga betur eftir því að gerðar séu rekstraráætlanir. Hér er þó ekki við lögin sjálf að sakast, heldur framkvæmd þeirra. Ákvæði mætti vera í 8. eða 9. gr. gildandi laga um að afskiptum væntanlegs notanda mannvirkis af undirbúningi og framkvæmd lyki með áætlunargerðinni.

Í lögum um opinberar framkvæmdir eru það 11. og 19. gr. sem varða verklega framkvæmd. Verklega framkvæmd er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur heimild í fjárlögum, ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis að nota þá heimild og staðfesting fjmrn. á því að fjármagn verði handbært. Samkvæmt þessu hefur verið unnið.

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka, svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins aftur á móti undirbýr samningagerð við verktaka. Þá gerir framkvæmdadeildin tillögur til hlutaðeigandi ráðuneytis um það hverju þeirra tilboða skuli taka sem borist hafa.

Skv. 17. gr. skal framkvæmdadeildin ráða einn eða fleiri eftirlitsmenn er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Nánar er kveðið á um verkefni og ábyrgð eftirlitsmanna í erindisbréfi. Bæði er það upplýsingagjöf úr bókhaldi og greiðslufyrirkomulag, svo og hlutverk eftirlitsmanna með framkvæmdum sem gagnrýnd eru.

Nefndin leggur áherslu á að hér er um að ræða afmarkaðan þátt í ferli opinberra framkvæmda. Við framkvæmdir, hvort heldur er opinberar eða einkaaðila, skiptir mjög miklu að allt eftirlit, bæði verklegt og kostnaðarlegt, og verklýsing sé í góðu lagi.

Í 20. gr. laga nr. 63 frá 1970 er ákvæði um skilamat, en það er úttekt á því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Þar skal einnig gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar. Ríkisendurskoðun skal setja reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eru ekki tekin af öll tvímæli um það hver skuli sjá til þess að skilamat sé gert, en í athugasemdum við frv. um skipan opinberra framkvæmda á sínum tíma er talið eðlilegt að ríkisendurskoðun, sem óháðum aðila, sé ætlað að gera eða láta gera slíkt skilamat.

Aðalverkefni nefndarinnar var að fjalla um starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Eins og áður er fram komið valdi nefndin jafnframt að fjalla um lög um opinberar framkvæmdir, enda má segja að framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar sé aðeins einn þáttur í framkvæmd þeirra laga.

Framkvæmdadeildin er sett á stofn 1970. Ágreiningur hefur verið um hvort á stofnunina eigi að líta sem hluta af Innkaupastofnun ríkisins eða sem algjörlega sjálfstæða stofnun.

Í fjárlögum er framkvæmdadeildin talin sem A-hluta stofnun en ekki deild í Innkaupastofnun ríkisins. Í lögum er þó bundið að fjármál og fjárreiður framkvæmdadeildarinnar skuli vera alfarið í höndum Innkaupastofnunar ríkisins. Upplýsingagjöf um fjármál og skuldbindingar verður fyrst og fremst af þessari ástæðu erfið. Eigi framkvæmdadeild aftur á móti að starfa sem deild innan Innkaupastofnunar, þá þarf stjórn á starfsmönnum, skrifstofuhald o.fl. að vera á ábyrgð forstjóra Innkaupastofnunarinnar. Til þessa þáttar stjórnunarinnar má ugglaust rekja nokkuð af þeirri óánægju sem er í daglegum samskiptum Innkaupastofnunar

og einstakra ráðuneyta.

Í II. kafla laganna frá 1970 er fjallað um verklega framkvæmd. Lögin kveða ótvírætt á um að ráðnir skuli sérfróðir eftirlitsmenn, samkvæmt sérstöku erindisbréfi, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Jafnframt er tekið fram að framkvæmdadeildin beri ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum. Ljóst er því að átt er við óháða sérfræðinga sem ráðnir skulu til hvers einstaks verks og að því loknu sé ráðningu þeirra lokið.

Í raun hefur framkvæmdadeildin ráðið fasta ríkisstarfsmenn er annast hafa eftirlitið og ekki er ætíð um sérfróða menn að ræða. Eftirlitsmönnum hefur ekki verið sett erindisbréf eins og lögin gera þó ráð fyrir. Valdsvið eftirlitsmannanna er einnig óljóst.

Samkvæmt lögum ber eftirlitsmönnum að gera skýrslu um framkvæmdir er berast skulu öllum aðilum að framkvæmdinni, svo og ríkisendurskoðun. Brestur hefur orðið á framkvæmd laganna að þessu leyti. Skýrslugerð þessi er undirstaða skilamats sem ekki hefur farið fram til þessa.

Bókhaldsupplýsingar til verkkaupa, um stöðu fjármála og skuldbindingar í verkum, hafa ekki verið sem skyldi. Örðugt hefur reynst fyrir ráðuneyti og verkkaupa yfirleitt að fá fullnægjandi upplýsingar um fjármálalega stöðu verka. Óljóst hefur þótt hver inneign er á einstökum fjárveitingaliðum innan ársins og ekki liggur fyrir reglulegt yfirlit um skuldbindingar og heildarkostnað við framkvæmdir. Úr þessum málum hefur verið bætt nú á þessu ári og ráðuneyti fá nú upplýsingar um stöðu einstakra verka og um mótframlög sveitarfélaga til sameiginlegra verka ríkisins og sveitarfélaganna.

Að mínu mati er þetta tilhögun sem ástæða er til þess að styðjast við og gera að meginreglu. Í landinu eru fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki sem hafa þekkingu og reynslu til þess að takast á við þessi verkefni og eðlilegt að færa þau í ríkari mæli út til þeirra. Í stærri fjárfestingarverkefnum hefur þótt gefast vel að fela tilteknum aðilum, einum eða fleirum, stjórnun verkefnis á þann hátt að yfirsýn náist um öll meiri háttar atriði, samræmingu á störfum hönnuða, verktaka og eftirlits. Þetta hefur verið nefnt verkefnisstjórnun eða samræming og stýring. Að vel athuguðu máli vil ég fyrir mitt leyti í öllum meginatriðum fallast á sjónarmið þau sem úttektarnefndin setti fram í skýrslunni.

Ég hef með því að leggja þetta frv. fram tekið af skarið um það að það sé réttara að breyta lögunum og tryggja nauðsynlegar breytingar með þeim hætti fremur en að styðjast við núgildandi lög og treysta á að nauðsynlegar breytingar nái fram að ganga innan þess lagaramma sem við búum nú við.

Alveg er ljóst að það eru um margt breyttar aðstæður að því er varðar opinbera byggingarstarfsemi frá því sem var í kringum 1970, þegar núgildandi lög voru undirbúin og samþykkt. Verkþekkingu hefur fleygt fram og landsmenn hafa öðlast dýrmæta reynslu af þátttöku og með umsjón stórra og umfangsmikilla verkefna á undanförnum árum. M.a. af þeim sökum er nú þörf breytinga í þessu efni. Ég legg á það áherslu að hér er um mikla fjármuni að tefla sem varið er til opinberrar byggingarstarfsemi og lánsfé, sem gjarnan er til þeirra aflað, er oft og tíðum dýrt. Það er því mjög mikilvægt að leggja upp úr góðri stjórnun þessara mála. Þess vegna vil ég gjarnan sjá meiri afskipti og vandaðri undirbúning að upphafi framkvæmda en minni afskipti af verkframkvæmdinni sjálfri. Því er lagt til í þessu frv. að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fái aukin völd til þess að hafa markviss afskipti af byggingum og undirbúningi þeirra á frumstigi en ríkið semji síðan við óháða aðila til þess að sjá um framkvæmdir og að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins verði lögð niður.

Þá held ég að full ástæða sé til þess að reyna útboð á hönnun ekki síður en framkvæmdum, þannig að hönnun og framkvæmd verks verði boðin út í einu lagi. En ríkið þarf auðvitað í slíkum tilvikum eftir sem áður að hafa mótaða skoðun um framkvæmdirnar sem ætlað er að ráðast í og hvað leggja á til grundvallar áður en haldið er af stað.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð að svo stöddu um efni frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Opinber innkaup, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um opinber innkaup á þskj. 129. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er það samið af nefnd sem fyrrv. hæstv. fjmrh., Albert Guðmundsson, skipaði 1984 til þess að yfirfara starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunarinnar.

Um Innkaupastofnun ríkisins gilda lög nr. 72 frá 1947 og reglugerð frá 1959. Upphaflega heyrði stofnunin undir viðskrn. þar til gefin var út og staðfest af forseta Íslands í desember 1969 reglugerð um stjórnarráðið sem kveður á um að Innkaupastofnunin heyri undir fjmrn. Í lögunum frá 1947 eru ákvæði um að ríkisstofnanir, svo og þeir sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda sem kostaðar eru af ríkissjóði, skuli fela Innkaupastofnun ríkisins innkaup þeirra nauðsynja sem falla undir starfssvið hennar nema ráðherra heimili annað. Þessu ákvæði hefur í reynd aldrei verið framfylgt. Hefur ríkisstofnunum verið í sjálfsvald sett

hvernig þær haga innkaupum sínum, bæði innanlands og erlendis frá. Nokkrar stofnanir og fyrirtæki ríkisins hafa sett upp innkaupadeildir sem annast öll eða svo til öll innkaup til eigin starfsemi. Hér má nefna Póst- og símamálastofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, en sumar stofnanir fara með erlend innkaup í gegnum Innkaupastofnun ríkisins en annast innlendu innkaupin upp á eigin spýtur.

Aðild Innkaupastofnunar ríkisins að innkaupum til framkvæmda var upphaflega ætluð þannig að stofnunin næði hagstæðu verði á ýmiss konar framkvæmdavörum. Þetta gildir enn þann dag í dag. T.d. hefur Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir hafnarframkvæmdir, fyrir flugvallarframkvæmdir og tækjabúnað á sjúkrahúsum. Hins vegar hafa sjálfar framkvæmdirnar færst í auknum mæli í formi útboða yfir til verktaka og þá er það meginregla að verktakarnir sjálfir útvega efni og önnur aðföng sem til framkvæmdanna þarf. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um að innkaup skuli að öllu jöfnu gerð með útboðum en Innkaupastofnun ríkisins hefur eftir því sem við verður komið beitt því viðskiptafyrirkomulagi. Þegar um útboð er að ræða þarf Innkaupastofnunin yfirleitt að leita annað um gerð útboðslýsingar. Getur bæði verið um að ræða opin útboð eða útboð bundin við tiltekna framleiðendur eða seljendur. Innkaupastofnunin hefur því nokkra þekkingu á því hvernig leita skal hagstæðra verðtilboða og semja um þau en auk þess að sjá um tollafgreiðslu og aðra vinnu sem sjálfum kaupunum tengjast. Stofnunin þarf að hafa og hefur auk þess sjálfstæða skoðun á því verði sem varan er boðin til kaups á.

Í lögum og reglugerð eru ákvæði um að Innkaupastofnun ríkisins skuli selja ríkisstofnunum vörur á kostnaðarverði að viðbættum ómakslaunum er standi undir rekstrarkostnaði við stofnunina. Þessari reglu hefur verið fylgt og er þóknunin að jafnaði um 2–3% af kaupverði vörunnar. Nefndin aflaði upplýsinga um gjaldskrá Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og eru gjaldskrár beggja stofnananna áþekkar samkvæmt þeim upplýsingum. Stefna gildandi laga er að innkaup vöru og þjónustu til ríkisstofnananna eigi að vera á sem hagstæðustu verði. Þess skal getið hér að fyrir liggur ríkisstjórnarsamþykkt frá 11. jan. 1984, þar sem fram er sett annað sjónarmið í innkaupum, þ.e. efling innlends iðnaðar og atvinnustarfsemi. Hjá sumum nágrannaþjóðum okkar er mjög mikið lagt upp úr þessum þætti í stefnumörkun að því er varðar opinber innkaup.

Ég hef fallist á þá skoðun nefndarinnar að lögum og reglugerð um starfsemi stofnunarinnar þurfi að breyta og mæli því fyrir þessu frv. hér. Ekki liggur fyrir hve miklum fjármunum og mannafla ríkissjóður og ríkisstofnanir ráðstafa til innkaupa á vörum og þjónustu. Á árinu 1985 var velta Innkaupastofnunar ríkisins um 600 millj. kr. í innlendum og erlendum vörukaupum. Veltan hjá Pósti og síma nemur álíka fjárhæð. Skipaútgerð ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins annast innkaup sem nema verulegum fjárhæðum einnig. Þau lög, sem um opinber innkaup gilda, eru sett við aðstæður gjörólíkar þeim sem nú ríkja. Lögin eru mjög almenns eðlis og jafnvel svo að stjórnvöldum hefur ekki þótt ástæða til þess að framfylgja þeim í einu og öllu. Reglugerð um Innkaupastofnunina frá 1959 er að mörgu leyti í ágætu horfi. Hún tekur m.a. á því hvernig að innkaupum skuli staðið, þ.e. með opnum útboðum og samkeppni.

Ég tel að lagasetningin þurfi að vera markvissari en nú er. Heildaryfirsýn um opinber innkaup er ekki fyrir hendi. Veigamikið er að einn aðili hafi umboð til að móta innkaupastefnu ríkisins, hvort heldur innkaupin fara fram hjá Innkaupastofnun eða einstökum opinberum aðilum, en grundvallaratriði er að þar sé hægt að móta reglur eftir því sem aðstæður krefja hverju sinni. Ef hagkvæmt þykir að einstakir opinberir aðilar, einstakar opinberar stofnanir sjái sjálfar um innkaup, þá á að vera unnt að annast innkaupin með þeim hætti. Aðalatriðið er það að samræmdum meginreglum sé fylgt, hvor hátturinn sem á er hafður.

Auðvitað getur það verið til ávinnings að fela einum eða fáum aðilum opinber innkaup. En kerfið þarf og verður að vera sveigjanlegt þannig að einstakir opinberir aðilar geti annast þau upp á eigin spýtur og sú skipan þarf á hinn bóginn að lúta almennum reglum þannig að unnt sé að treysta því að sem mestrar hagkvæmni sé gætt, hvaða háttur sem annars er á hafður varðandi innkaupin. Sameiginleg útboð á vöru fyrir margar stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga geta vissulega gefist vel og jafnvel orðið til þess að lækka verð vörunnar á íslenskum markaði. Dæmi um þetta eru ýmsar einnota vörur til sjúkrahúsa. Verulegur árangur hefur náðst einnig í tölvu- og bílakaupum fyrir ríkisstofnanir. Mun fleiri vörur af þessu tagi mætti bjóða út, eða gera verðkönnun á, en nú er gert. Sama máli gegnir um ýmsa þjónustu, t.d. tryggingar og viðgerðarþjónustu. Í öðru lagi geta bein innkaup innkaupastofnana verið hagstæðari heldur en ef vara er keypt út af lager hjá umboðsaðila. Aftur á móti verður að hafa í huga að afgreiðslutími með þeim hætti getur orðið lengri og valdið óþægindum og of miklum kostnaði.

Með starfrækslu innkaupastofnunar er í ýmsum tilvikum unnt að spara hjá ríkisstofnunum mannafla og aðstöðu. Hér er þess vegna lagt til að lög um Innkaupastofnun ríkisins frá 1947 verði felld úr gildi og að við taki lög um opinber innkaup. Ný lög eru æskileg til þess að ná heildarstjórn innkaupa hjá ríkinu. Með nýjum lögum er, auk heimildar til stefnumörkunar í öllum opinberum innkaupum, lagt til að sett verði stjórn yfir opinber innkaup, hvort sem þau fara fram á vegum Innkaupastofnunar eða einstakra opinberra aðila. Ég fellst á þá skoðun nefndarinnar að heimild verði til að fela einstökum ríkisstofnunum innkaup til eigin þarfa eftir aðstæðum hverju sinni, en meginatriðið er, eins og áður hefur komið fram, að innkaupastarfsemin lúti sömu

meginreglum burtséð frá því með hvaða hætti að henni er staðið.

Frv. gerir ráð fyrir að Innkaupastofnun ríkisins starfi áfram en með breyttu sniði. Í því tilliti er lagt til:

að stjórn opinberra innkaupa geti sent starfsmenn til lengri eða skemmri tíma í stofnanir til leiðbeiningar og eftirlits með innkaupum,

að Innkaupastofnunin hafi heimild til að afla sérfræðiumsagnar um þjónustu og vöruval komi upp ágreiningsmál,

að stofnunin liggi ekki með vörubirgðir fyrir ríkisstofnanir,

að forstjóri stofnunarinnar starfi með stjórn hennar og að hann verði ráðinn til takmarkaðs tíma,

að upplýsingagjöf stofnunarinnar um útboð og töku tilboða verði bætt.

Verði ofangreindum tillögum hrundið í framkvæmd má bæta opinber innkaup og ná því tvíþætta markmiði að spara opinberum stofnunum og fyrirtækjum umtalsverðar fjárhæðir og koma á styrkari framkvæmd og eftirliti með öllum innkaupum.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Einn megintilgangur þessa frv. er að samræma starfsaðferðir þær sem notaðar eru við opinber innkaup og að því leytinu til er þetta frv. tvímælalaust af hinu góða því að ég tel augljóst að með því móti megi ná fram mun meiri hagkvæmni í opinberum innkaupum heldur en nú er.

Tvennt hef ég þó við þetta frv. að athuga. Í fyrsta lagi er kveðið á um það í 6. gr. frv. að þeirri meginreglu skuli fylgja að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Ég tel óþarfa að binda það í lög að þessari aðferð skuli beitt við kaup á vörum og þjónustu. Það er fráleitt að binda hendur stofnunarinnar með þessum hætti vegna þess að hún verður að hafa svigrúm til að finna hagstæðustu leiðina hverju sinni og því engin ástæða til að kveða á um það í lagagrein að þessi aðferð skuli notuð öðrum fremur. Ég tel því að þessi kreddusetning sjálfstæðismanna eigi ekki heima í þessum lögum.

Ég vil líka minna á það að í því frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir hér áðan, 124. máli, sem er nátengt þessu máli, var ekki talin ástæða til að hafa þetta ákvæði inni og ég tel að hið sama gildi um það frv. sem hér er nú til umræðu.

Hitt atriðið sem ég hef við þetta frv. að athuga er að finna í 5. gr. frv. Mér líst ekki giska vel á síðustu setninguna í þeirri grein. Þar stendur: „Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.“ Eigur ríkisins eru margvíslegar. M.a. á ríkið ýmsar stofnanir, það á Ríkisútvarpið, það á sjúkrahús, það á hluti í atvinnufyrirtækjum um allt land og ekki líst mér býsna vel á það ef þessi stofnun ætlar upp á sitt eindæmi að fara að ráðstafa þessum eignum eins og lagagreinin gæti hljóðað upp á óbreytt og án nánari skilgreiningar. Ég er því hrædd um að við verðum að finna einhverja aðra orðun á þessari setningu í greininni. Ég geri ekki að því skóna að hæstv. fjmrh. sé með þessu að afsala ráðstöfunarrétti á eigum ríkisins til þessarar stjórnar. Ég tel að þetta hljóti að vera einhvers konar mistök.

Að lokum vil ég láta í ljós ánægju mína með það að forstjóri þessarar stofnunar skuli vera ráðinn til aðeins fjögurra ára í senn eins og fram kemur í 4. gr. Ég tel að tímabundnar ráðningar í stjórnsýslustöður hjá hinu opinbera séu af hinu góða og að það sé löngu tímabært að taka þá reglu upp sem meginreglu hjá hinu opinbera.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Sjálfsagt er og ábyggilega ýmislegt gott í þessu frv. þó að svipurinn yfir því sé kannske fyrst og fremst staðfesting á því að hæstv. fjmrh. stefnir að því að láta markaðinn ráða sem víðast. Ég tek undir það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að með framkvæmd þessa frv. verða ýmsir hlutir sjálfsagt hagkvæmari og það verður litið til ýmissa hagkvæmnisþátta í sambandi við framkvæmd þess. Einnig tek ég undir það og fagna því að forstjóri þessa fyrirtækis verði ráðinn til fjögurra ára og að stofnuninni skuli vera skipuð stjórn þó að hún sé náttúrlega fyrst og fremst stjórn sem ráðherrann hefur fyrir sig, stjórn sem er skipuð af ráðherranum sjálfum.

En það sem vekur kannske sérstaklega athygli í sambandi við þetta frv. er það að hvergi í frv. er nein tilætlun til opinberra aðila um það að nota innlendar framleiðsluvörur eða að láta innlendar vörur ganga fyrir erlendum. Og svo það, eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á, að í frv. er beint tekið fram að jafnan skuli tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Þarna er náttúrlega vísað beint til markaðarins og þá um leið að erlendir aðilar hafa þarna allt að því forgangsaðstöðu ef þeir bjóða lægra verð en Íslendingar.

Það er kannske ekki úr vegi að minna á það og taka undir það, sem hæstv. ráðherra sagði hér í ræðu sinni, að núv. ríkisstjórn hefur gert ákveðnar samþykktir í þá átt að ríkisstofnanir skuli haga innkaupastefnu sinni þannig að hún stuðli að íslenskri iðnþróun, styðji íslensk fyrirtæki, og að 2. apríl 1981 samþykkti Alþingi þáltill. sem flutt var af hv. þm. Eggert Haukdal, þeim þm. sem býður sig fram fyrir Sjálfstfl. á Suðurlandi ásamt hæstv. fjmrh. Sú till. var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra er leiði til eflingar íslenskum iðnaði og útboð verði notuð á markvissan hátt til þess að stuðla að iðn- og

vöruþróun í landinu."

Hv. þm. Eggert Haukdal spurði þáv. iðnrh., Sverri Hermannsson, um það hvernig staðið hefði verið að því að framkvæma þessa ályktun Alþingis 18. desember 1984. Hæstv. iðnrh. svaraði m.a. með því að lesa upp þá samþykkt sem hæstv. núv. fjmrh. nefndi áðan að ríkisstjórnin hefði gert í þessum málum. Sú samþykkt er þannig, með leyfi forseta. Ráðherra segir:

„Vegna opinberrar innkaupastefnu flutti ég í núverandi ríkisstjórn hinn 11. janúar tillögu um opinbera innkaupastefnu, þar sem segir svo:

„Ríkisstjórnin samþykkir að beina eftirfarandi fyrirmælum til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins í því skyni að efla innlenda atvinnustarfsemi:

1. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að kaupa íslenskar vörur til opinberra nota.

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að hafa útboð á hönnunar- og verksamningum þannig að þeir miðist eins og frekast er kostur við íslenskar vörur og atvinnustarfsemi.

3. Hvert ráðuneyti skal sjá um framkvæmd þessara fyrirmæla gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum sem undir það heyra."

Síðan, hinn 18. janúar, skrifaði ég til stofnana og fyrirtækja, er heyra undir starfssvið iðnrh., bréf þar sem ég vitnaði til þessarar samþykktar, en sagði síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið leggur á það mikla áherslu að stjórnendur stofnunar eða fyrirtækis hafi þessa samþykkt framvegis til hliðsjónar við öll innkaup."" Og fleira segir hann um þetta mál.

En í tilefni af þessu frv., sem er nú flutt og fjallar ekkert um það að verja íslenskan iðnvarning og beina viðskiptum frá ríkisfyrirtækjum til íslenskra iðnaðarfyrirtækja, vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hvort ríkisstjórnin hafi fallið frá þessari samþykkt sinni og hvort það sé meiningin með þessu lagafrv., að því samþykktu, að Innkaupastofnun ríkisins sé gert að haga viðskiptum sínum á þann veg að fyrst og fremst sé um arðsemissjónarmið að ræða, ekki tengt íslenskum iðnaði eða íslenskum framleiðsluvörum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 11. þm. Reykv. vék hér að ákvæðum í 5. gr. frv. þar sem segir að stofnunin ráðstafi eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Að sjálfsögðu er það svo að stofnunin ráðstafar engum eignum nema þeim sem ákvarðanir hafa verið teknar um að ríkið losi sig við. Hún hefur, eins og fram kemur í athugasemdum með frv., haft með að gera sölu á ýmsum eignum eins og bílum og fasteignum. En það eru auðvitað viðkomandi ráðuneyti sem taka ákvörðun þar um og fela Framkvæmdastofnuninni framkvæmd þessa verks og um það gilda nú ákveðnar reglur og þær verða auðvitað óbreyttar að þessum lögum samþykktum. Með þessu er ekki verið að fela Innkaupastofnuninni neitt vald heldur einungis að ákveða að hún annist framkvæmd þessara mála. Ákvörðunarvaldið liggur eftir sem áður hjá viðkomandi ráðuneytum eða Alþingi eftir því sem við á.

Að því er varðar þá umræðu sem hér hefur farið fram um útboð er ég þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og rétt að kveða á um að stofnunin skuli viðhafa útboð. Það tryggir að mestrar hagkvæmni sé gætt og eyðir líka óvissu um mat á því hvað hagkvæmast er í hverju falli ef um það eru ekki skýr ákvæði í lögum eða öðrum verklagsreglum hvernig að málum skuli staðið.

Það er nauðsynlegt, vegna þeirra ummæla sem fallið hafa í umræðunni, að árétta að í 6. gr. er sérstaklega tekið fram að hagkvæmasta boði skuli tekið miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Með öðrum orðum það kemur alveg berum orðum fram í frumvarpsgreininni að það er hægt að setja hverja aðra þá skilmála sem stjórnvöld vilja setja til viðmiðunar í þessu efni og þar á meðal þau atriði sem hér hafa verið gerð að umræðuefni, þ.e. afstöðu til innlendrar framleiðslu og innlendrar þjónustu. Um það var gerð ákveðin samþykkt af núverandi ríkisstjórn og frá henni hefur ekki verið horfið. Ég tel eðlilegt að hafa þessi sjónarmið til viðmiðunar. Það verður á hinn bóginn auðvitað að gæta hófs í því efni. Það er ekki unnt að veita innlendum framleiðendum og þeim aðilum innlendum sem annast margs konar þjónustu takmarkalausan forgang að verkefnum fyrir þá sök að þar með er tekið of mikið kostnaðaraðhald í burtu. Eigi að síður er eðlilegt að taka tillit til þessara þátta eins og ríkisstjórnin hefur samþykkt og hefur ekki horfið frá. Þetta frv. gerir ráð fyrir að unnt sé að setja hverja þá skilmála til viðmiðunar þeirri hagkvæmni sem gengið er út frá sem hún kýs. Að því leyti tel ég að ekki sé ástæða til þess að óttast þetta lagaákvæði út frá sjónarmiðum um það að taka innlenda framleiðslu fram yfir erlenda.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í frumræðu hæstv. fjmrh. er hér um að ræða frv. sem var undirbúið af nefnd sem ég setti á laggirnar sem fjmrh. í þann tíma. Á þetta hefur verið nokkuð deilt eða athugasemdir komið fram hjá til að mynda hv. 11. þm. Reykv. Ég vil reyna að leiðrétta hana — ég held að hún átti sig ekki á hvað hér er um að ræða — og eins gera athugasemd við frv. sem ég vona að hæstv. fjmrh. heyri.

Það er best að taka 1. gr. fyrst þar sem segir: „Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjmrn."

Við skulum gera okkur grein fyrir því að opinberum innkaupum er ekki bara stýrt af Innkaupastofnun eða stofnunum sem eru annaðhvort í innkaupum eða framkvæmdum. Innkaupunum er stýrt af þeim sem gera verklýsingu eða vörulýsingu. Ég skal taka dæmi: Þegar ég var um tíma í stjórn — nokkur ár,

ein átta eða tíu ár — Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar var eitt af stærstu vandamálum stjórnarinnar að fá t.d. arkitekta og hönnuði til þess að gera hlutlausar lýsingar, verklýsingar og innkaupalýsingar fyrir byggingar. Sem dæmi voru flestallar útboðslýsingar með skilyrðum um að Höganes-flísar númer þetta og þetta skyldu notaðar á þessum og hinum staðnum. Það voru mál á hólfum í eldhúsi fyrir ísskápa eftir ákveðnum tegundum. Þannig að það var útilokað að kaupa annað á veggi en Höganesflísar, það var útilokað að kaupa aðra skápa eða eldavélar en þær sem pössuðu í viðkomandi málsett hólf á teikningum. Þannig að allir aðrir framleiðendur í veröldinni voru útilokaðir. Þessu var breytt. Og stjórn Innkaupastofnunarinnar heimtaði hlutlausar verklýsingar og innkaupalýsingar, þannig að allir gátu boðið í sem framleiddu.

Varðandi 2. gr. vil ég segja það að ég get ekki sætt mig við þriggja manna stjórn. Ég get ekki sætt mig við það að tveir menn geti komið sér saman um að ráða innkaupum. Það hefur farið fram hjá mér við gerð þessa frv. þegar það var kynnt í ríkisstjórninni, en hér hafði ég lagt til sem fjmrh. að þarna yrði a.m.k. fimm manna stjórn. Það er gott að hafa í stjórn slíkrar stofnunar menn úr öllum stjórnmálaflokkum því að þetta er pólitískt kjörin stjórn og ekki rétt að hafa þá ábyrgð á herðum innkaupaforstjóra að taka allar ákvarðanir án aðstoðar stjórnar.

Hér í 3. gr. er talað um, og reyndar í öðrum greinum, að stjórn opinberra innkaupa sé jafnframt stjórn innkaupastofnunar: „Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins.“ Þetta er ekki gert til þess að flækja málin, alveg þveröfugt. Þetta er gert til þess að gera mönnum kleift að gera góð tilboð í mikið magn. Við skulum bara taka það sem stjórnarandstaðan á sínum tíma — til að hjálpa stjórnarandstöðunni hérna því hún er sú sama og var þá í Reykjavíkurborg — þá var tekið sem dæmi, og átti að vera til þess að lítillækka þá sem voru með tillöguna, klósettpappír. Klósettpappír er notaður í öllum stofnunum borgarinnar. Klósettpappír er notaður í öllum stofnunum ríkisins. Þið getið ímyndað ykkur það magn sem er notað alls staðar þar sem ríkið er með rekstur. Hvort haldið þið að sé ódýrara að gera heildarinnkaup fyrir allt það magn sem þarf að nota á vegum ríkisins yfir allt árið og hafa það svo hér á vörulager án kostnaðar, án fjárfestingar ríkisins, ríkið skuldbindur sig bara eftir útboð til að kaupa af lager lægstbjóðanda á þessu viðkomandi útboðsári, eða að kaupa í litlu magni af versluninni á horninu jafnvel þó einhver afsláttur sé frá útsöluverði?

Hér var gerð athugasemd við 5. gr. Ég held að 5. gr. sé nokkuð góð. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins.“ Það á við um þetta, sem ég var að segja, fyrir utan annað, að þarna fer fram faglegt mat eins og hæstv. fjmrh. var að segja áðan að maður ætti að leita til fagmanna. Það þarf faglegt mat á því hvað stofnun miðað við stærð og mannfjölda þarf mikið magn af viðkomandi vörutegundum, hvað það þarf mikið magn yfir árið. En það er mjög mikið umframmagn sem er keypt í mörgum stofnunum, það vitum við, til þess að fyrirbyggja að vöruna geti nokkurn tíma vantað. Ég er með í huga það sem kom út úr slíkri könnun og slíkri skoðun þegar fagmenn voru fengnir til að rannsaka hvort rétt var staðið að innkaupum á filmum t.d. til röntgendeilda. Þá kom upp úr kafinu að það var mikill munur á því að gera innkaup beint eða gera innkaup eftir tilboðum. Og það kom líka upp úr kafinu að ýmsir framleiðendur vildu kaupa silfur til baka sem enginn í stjórn Innkaupastofnunar vissi hvernig var með farið áður. Það var hægt að selja framleiðendum til baka það silfur sem gekk af í ónýtum filmum og stórsparaði stofnuninni fé. Það eru þessar kannanir og svona innkaup, þegar fagmenn koma nálægt hlutunum, sem gera það að verkum að stofnanirnar spara stórfé. Það er tilgangur hæstv. fjmrh. með þessu frv.

Og að sjálfsögðu — eins og segir áfram í 5. gr. — ef viðkomandi stofnanir vilja flytja inn vöruna sjálfar geta þær fengið viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningar hjá fagstofnuninni sem er þessi innkaupastofnun.

Síðasta setningin sem hv. 11. þm. Reykv. gerði að umtalsefni hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.“ Eignum, þ.e. fasteignum — ég er ekki að tala um eignir, ég er að tala um eigur — ríkisins verður ekki ráðstafað nema með samþykki Alþingis. Fjmrh. þarf að fá heimild Alþingis, eins og við öll hér vitum, skv. 6. gr. fjárlaga til þess að ráðstafa eignum ríkisins. En eigur ríkisins — það er allt annað hugtak í þessu tilfelli. Við skulum segja að við skiptum um einhvern hlut, endurnýjum einhvern hlut, og gamli hluturinn er nothæfur, hann er enn þá söluvara á einhverju verði. Það er það að vita hvað verður um allt það verðmæti sem er í þeim hlutum sem við erum að skipta um. Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar setti á stofn slíka „skransölu“ skulum við segja. Ég veit ekki annað en að hún hafi borgað sig allsæmilega. Aftur á móti, þó að ég hafi verið fjmrh. um tíma, er mér ekki alveg ljóst hvernig þau mál ganga á vegum ríkisins. Ég hef svona óljósa hugmynd um það en það er ekki í eins föstu formi eins og hjá Reykjavíkurborg núna þó að mikið vanti upp á að það sé í lagi þar vegna þess að við höldum að strax og við erum búin að fá eitthvað nýtt í hendurnar getum við hent því sem gamalt er þó það sé hálfslitið eða hálfnotað.

Síðan kemur 6. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær sem fyrir fram er vitað að ríkisstofnanir þarfnast eða þær hafa

pantað hjá stofnuninni."

Ég kem aftur að því sem ég sagði áðan, að menn viti hvað eru eðlileg innkaup hjá stofnun í hverju sem er og að ekki sé pantað meira en þörf er á, að það haldi ekki áfram að eiga sér stað að Innkaupastofnun ríkisins sé einhvers konar heildverslun á sumum sviðum. Það var hún, hvort sem hún er það nú eða ekki, ég skal ekkert um það segja. Hún á ekki að vera heildverslun og ríkið á ekki að fjárfesta í vörum umfram það sem þörf er á.

„Þeirri meginreglu" segir svo áfram, með leyfi forseta, „skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar." Það er óþarfi að fjölyrða um þetta. En hér er ekki hægt að binda í lögum, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., að það skuli kaupa allt sem íslenskt er og hægt er að nota. Það verður að vera samkeppni og íslenskur iðnaður hefur aldrei beðið um sérréttindi. Hann hefur beðið um jafnrétti í innkaupum. Við viðurkennum ekki að íslenskur iðnaður sé á neinn hátt verri en erlendur. En við þurfum að yfirstíga þá vantrú sem við öll höfum haft á íslenskum iðnaði og losna við þá fordóma sem fylgt hafa okkur úr forneskju því að íslenskur iðnaður fær gott hráefni alls staðar frá og hann er með sams konar vélar og eru notaðar erlendis og íslenskt hugvit og fólk sem vinnur við vélarnar er ekki síður fært um að vinna sitt verk vel en útlendingar. Þannig að við höfum ekkert þangað að sækja nema ef það skyldi vera verðið sem er innanlandsvandamál. Í því tilfelli hefur ríkið og Reykjavíkurborg líka viðurkennt vissan verðmun á íslenskum afurðum og erlendum og það verður að halda áfram að leyfa þann verðmun. Hver hann verður er reglugerðaratriði hjá hæstv. fjmrh. hverju sinni eða að sjálfsögðu að fengnum tillögum frá stjórn Innkaupastofnunarinnar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frv. Ég held að þetta sé mjög gott frv. og góð breyting sem hér er vonandi að eiga sér stað. En vegna tímans vil ég ekki taka meiri tíma í að ræða þetta frv. en mæli eindregið með því að menn kynni sér það vel og átti sig á því hvernig þessi innkaup hafa farið fram og hvernig lagersöfnun hefur átt sér stað og hvað hefur orðið um þann lager og hvað hann hefur legið lengi í fjárfestingu áður en til þess hefur komið að hann hefur verið nýttur, og eins hve mikið af nýtanlegum vörum og vélum hefur verið tekið út úr stofnunum og kannske grotnað í geymslu í staðinn fyrir að verða að verðmætum hjá einstaklingum eða einstökum aðilum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegur forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að ekki hafi verið fallið frá þeirri innkaupastefnu ríkisfyrirtækja gagnvart íslenskum iðnaði sem mótaði þær reglur sem núv. ríkisstjórn samþykkti í upphafi árs 1984 þó að frv. sem liggur fyrir virðist benda til annars. Hæstv. fjmrh. skilgreinir málsgrein í 6. gr. sem hljóðar þannig: „Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála." Skilgreining hans er á þann veg að með því að útfæra þessa málsgrein væri hægt að tengja hana samþykkt ríkisstjórnarinnar um stefnu ríkisfyrirtækja í sambandi við íslenskan iðnvarning og íslenska vöru. Það gefur því auga leið að ef á að skilja þessa grein á þann veg þarf að gera ansi myndarlega reglugerð um það hvernig á að framkvæma þessi lög, enda er ætlast til þess að ráðherrar setji reglugerð um það hvernig framkvæmd laganna skuli vera. Mér er óskiljanlegt af hverju ekki er tekið skýrar á þessum hlutum í sjálfum lögunum en raun ber vitni. Ég tel að það hefði verið mikið eðlilegra en að það sé síðan á valdi ráðherra að setja um það reglur í reglugerð. Eða þá — eins og kannske mátti skilja — að stjórn stofnunar eigi að ráða því hvernig lögin eru útfærð.

Ég vil taka undir þá tillögu hæstv. iðnrh. að eðlilegra væri að skipuð væri fimm manna stjórn í stað þriggja manna. Og enn þá eðlilegra væri að þessi stórn væri kjörin beinni pólitískri kosningu, eins og hæstv. iðnrh. sagði, en að hún verði skipuð af fjmrh.

Það eru ýmsir hlutir, eins og hæstv. iðnrh. benti á, sem væri hægt að fjalla um í frumvarpsgreinunum, m.a. upphaf 6. gr. þar sem segir:

„Innkaupastofnun skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær sem fyrir fram er *vitað að ríkisstofnanir þarfnist eða þær hafa pantað* hjá stofnuninni."

Það er sem sagt verið að leggja þarna til, að mér skilst, að það eigi sér ekki stað, eins og iðnrh. skýrði hér frá áðan, að það verði keypt mikið magn af röntgenfilmum og öðru til stofnana og þetta er af því góða. En síðari hluti málsgreinarinnar lokar þó ekki fyrir það að slíkt verði gert vegna þess að það er nóg fyrir hina opinberu stofnun að panta vöruna. Í lok greinarinnar segir: „eða þær hafa pantað hjá stofnuninni". Þannig að þarna virðist hvað reka sig á annars horn.

Lýsing hæstv. iðnrh. á því hvernig ástatt hafi verið hjá Innkaupastofnun eða hjá opinberum aðilum í sambandi við útboð á byggingum eða öðru því sem boðið var út, að það hafi verið hannað fyrir ákveðna kaupendur, og að í ráðherratíð hans hafi þessum ósið verið aflétt ... (**Iðnrh.:** Ég vitnaði í útboðslýsingar eins og þær voru hjá Reykjavíkurborg, ég vil koma í veg fyrir það hérna.) Já, ég bið afsökunar á því, ráðherra, ef ég hef misskilið. En mér sýnist að það sé ekki mikið verið að koma í veg fyrir það með þessu frv. í sjálfu sér, að það geti ekki átt sér stað að hönnun sé einmitt útbúin fyrir einhvern ákveðinn aðila til þess að geta boðið í og verið síðan með lægsta tilboð af því að það er erfitt fyrir þann sem hefur ekki þessa ákveðnu stöðluðu vöru í höndunum að bjóða í verk öðruvísi en þá að ganga í gegnum þann aðila sem hefur þá vöru til umráða. Og vitaskuld hefur hann þá vald og aðstöðu til að setja þann prís á vöruna sem kemur honum í hag.

En í sambandi við það sem iðnrh. sagði að ég

hefði sagt áðan að ég vildi láta íslenskan iðnað njóta einhverra sérstakra sérréttinda: Ekki annarra sérréttinda en þeirra að hann hafi eðlilegan forgang ef kaupin eru þjóðhagslega hagkvæm og að kaupverð vörunnar sé eðlilegt og að gæði vörunnar séu fullnægjandi og við vissar aðstæður, eins og ráðherra benti á líka, að það sé tekið tillit til ákveðinna þátta eins og t.d. skatta íslenskra fyrirtækja inn í þjóðfélagið eins og mun þegar vera búið að ákveða hjá Reykjavíkurborg. Slíkt er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að slík trygging sé fyrir hendi og að íslenskar iðnaðarvörur njóti þessara þátta þegar um opinber innkaup er að ræða.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Dagvistarheimili fyrir börn, frh. 1. umr.

Frv. KSK o.fl., 71. mál (uppeldisáætlun og fósturliðar). — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Tékkar, 3. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánastofnun sparisjóðanna). — Þskj. 105.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þann 20. des. 1985 samþykkti Alþingi lög um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Aðalatriði þeirra laga voru að Hæstiréttur tilnefndi tvo menn í nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips sem nánar er lýst í 2. gr. laganna. Nefndin setur sér starfsreglur. Hún skal hafa aðgang að eignum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á. Í 4. gr. þessara laga, herra forseti, segir:

„Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskrh. sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðu nefndarinnar.“ — Ég endurtek: sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðu nefndarinnar.

Ég rifja upp, herra forseti, að þessi lög eru samþykkt í kjölfar mikilla umræðna á Alþingi og voru niðurstaða Alþingis eftir að fram höfðu komið tillögur um að skipuð yrði sérstök rannsóknarnefnd þingsins til þess að fjalla um þetta mál. Það fer ekki milli mála að hæstv. viðskrh. er falið að gera Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar eins og ég hef áður sagt.

Af þessu tilefni vakti það furðu mína að heyra á skotspónum að fjölmiðlar, sjónvarpsstöðvar 1 og 2, virtust hafa fengið þessa skýrslu í hendur á undan alþm. og fluttu um þetta fréttir og allrækilega útdrætti úr þessari skýrslu. Ég hef ekki fengið glögg svör við því en þó reynt að spyrjast fyrir um það samkvæmt hvaða vinnubrögðum þessi varð niðurstaðan.

Mér hefur skilist að þessi skýrsla hafi verið tekin til umræðu í ríkisstjórn og þar afhent sem trúnaðarmál. Tilraunir mínar í gær til að kanna hvort ekki væri meiningin að formenn þingflokka eða þingflokkar fengju aðgang að þessari skýrslu báru ekki árangur. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að beina þeim fyrirspurnum til hæstv. viðskrh. og reyndar til forseta vors hverju þessi vinnubrögð sæta.

Var það samkvæmt vilja og vitund hæstv. viðskrh. að efni þessarar skýrslu var afhent sumum fjölmiðlum í gær, en eftir því sem ég best veit ekki öllum, eða er hér um að ræða leka eða trúnaðarbrot með einhverjum hætti? Var það ætlan ráðherrans að framfylgja þessu lagaákvæði um skyldu hans til að gera Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar með þessum hætti eða er hér um að ræða brot á þeim starfsreglum sem ríkisstjórnin hafði gert ráð fyrir?

Ég beini þessum fyrirspurnum, herra forseti, fyrst til viðskrh. og í annan stað til hæstv. forseta Nd. og bið þessa aðila báða að upplýsa hvernig á þessum vinnubrögðum stendur.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Hvað varðar forseta Nd., þá er því til að svara að hann hefur ekki komið neitt nálægt þessu máli, og ef hann talar um sjálfan sig sem persónu, sem á sæti í sameinuðu þingi, stóð þannig á að hann var ekki á þingfundi í gær, hafði leyfi forseta sameinaðs þings til að vera fjarverandi og hafði ekki spurnir af þessari skýrslu fyrr en hann hlustaði á fréttir í

gærkvöld.

Forseti Nd. hefur ekkert um þetta mál að segja, en vill að þessu gefna tilefni hins vegar heita hv. 5. þm. Reykv. því að þetta mál verður tekið fyrir á fundum þingforseta svo fljótt sem við verður komið. Að öðru leyti hefur forseti Nd. ekkert um þetta mál að segja.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv., þá er saga þessarar skýrslu ákaflega stutt og fljótrakin. Hún barst mér í hendur á mánudagsmorgun og átti ég viðræður við tvo nefndarmanna, sá þriðji var farinn til útlanda, og þann dag sendi ég skýrsluna til ráðherra í ríkisstjórninni. Jafnframt sendi ég skýrsluna seinni part dagsins ásamt bréfi til forseta sameinaðs þings og óskaði eftir því að Alþingi léti prenta skýrsluna og að henni yrði útbýtt til þm. Skýrslurnar, sem var dreift á mánudaginn, voru allar stimplaðar trúnaðarmál. Blaðamenn óskuðu margir hverjir eftir því að fá eintak af skýrslunni í gær og á mánudagseftirmiðdag. Ég neitaði því alfarið og sagði að störf þessarar nefndar byggðust á lögum sem Alþingi hefði samtykkt um að Hæstiréttur tilnefndi þrjá menn til þessarar vinnu og þeir ættu að skila viðskrh. skýrslunni og hann síðan að skýra Alþingi frá því. Ég tók strax, samdægurs, þá ákvörðun að skila skýrslunni í heilu lagi alveg eins og hún birtist mér með undirskriftum nefndarmanna þannig að ekkert væri að fela.

Það kom mjög á mig í gærkvöld þegar ég sá fréttamann í sjónvarpinu vera að sýna sjónvarpsáhorfendum þessa skýrslu. Svarið við fyrirspurninni er að hér er um trúnaðarbrot að ræða, greinilegt trúnaðarbrot. En hver það er sem hefur framið það veit ég ekki.

Ég hef vanist því allt fram undir þessa daga að menn færu varlega með trúnaðarmál. Ég friðaði blaðamenn og fjölmiðlamenn með því að það yrði ekki langt að bíða eftir því að þeir fengju þessa skýrslu og þá væri hægt að sinna efnismeðferð hennar, enda eru ekki liðnir nema tveir sólarhringar frá því að mér barst skýrslan í hendur og þangað til hún er kominn á borð allra alþm. Ég hygg að það sé ekki hægt að segja annað en að það hafi gengið allvel.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég er einn þeirra vafalaust mörgu alþm. sem máttu búa við það í gærkvöld að fá upphringingar frá fjölmiðlum með fyrirspurnum um þessa skýrslu. Og menn spurðu: Hafið þið ekki fengið þessa skýrslu? Það er búið að veifa henni framan í alþjóð. Það er búið að veifa henni framan í sjónvarpsvélar.

Mér finnst að það sé ástæða til að spyrja nákvæmar en þegar hefur verið spurt. Mér finnst að *það sé ástæða til að spyrja: Hversu mörg eintök voru* af þessari skýrslu í umferð? Hverjir fengu eintök? Og mun ráðherra kanna hvaðan sú skýrsla kom sem veifað var framan í alþjóð og sjónvarpsvélar í gærkvöld?

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka undir þær fyrirspurnir sem komu fram frá hv. 4. landsk. þm. Það er óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hversu mörg eintök voru gerð af þessari skýrslu og hverjir áttu að fá þau þannig að það liggi alveg hér fyrir þinginu. Ég tel að þingið eigi rétt á því að vita þetta vegna þess að rannsóknarnefndin var ákveðin í framhaldi af umræðu á Alþingi. Það voru fluttar tillögur, bæði í neðri deild og í efri deild, um sérstaka rannsóknarnefnd út af Hafskipsmálinu. Þeim tillögum var hafnað, en því var lofað í ræðum hæstv. viðskrh. og stjórnarliða á sínum tíma að þetta mál kæmi fyrir Alþingi til meðferðar strax og skýrslan væri tilbúin. Í rauninni litu alþm. allir svo á að hér væri verið að vinna skýrslu fyrir þingið. Ég hefði þess vegna talið eðlilegra að hæstv. viðskrh. hefði komið þeim fáu eintökum sem fjölfölduð voru í hendur alþm., formanna þingflokkanna, en að koma þessu í hendur ráðherranna fyrst af öllum mönnum.

Þetta var þingmál og þingleg krafa og það var eðlilegt að hæstv. viðskrh. kæmi málinu þess vegna fyrst til þingsins. Ekki síst er þetta brýnt vegna þess að samkvæmt því sem við höfum séð í fjölmiðlum, m.a. í sjónvarpi ríkisins í gærkvöld, er í skýrslunni mjög þungur áfellisdómur yfir einum aðila í þjóðfélaginu öllum öðrum fremur, en það er Alþingi Íslendinga. Þó ekki hefði verið nema þess vegna en líka vegna forsögu málsins hefði átt að koma þessu plaggi fyrst í hendur forustumanna þingflokka, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, sem trúnaðarmáli á því stigi ef ráðherra kaus að hafa það svo.

Ég held að hæstv. viðskrh. geti ekki frekar en aðrir hæstv. ráðherrar kvartað yfir því að stjórnarandstaðan hafi misfarið með trúnað sem henni hefur verið sýndur á undanförnum árum. Ég held reyndar að það sé hægt að nefna fáein dæmi um að það hafi jafnan verið farið betur með trúnaðarmál af stjórnarandstöðunni en stjórnarflokkunum og hefur þar verið um að ræða upplýsingaleka eða fréttir jafnvel úr hinum alinnsta hring, að ég fari ekki nánar út í að skilgreina það.

Ég vil beina því til hæstv. viðskrh. *í tilefni af* þessari skýrslu og þeim áfellisdómi sem þar er um að ræða á Alþingi Íslendinga að umræða um þessa skýrslu fari fram hið allra fyrsta í sameinuðu þingi. Ég skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því að sú umræða geti farið fram strax á morgun. Ég held að það sé langeðlilegast, úr því að skýrslan er komin, að hún verði tekin hér strax til umræðu. Ég beini því til forseta okkar í hv. neðri deild að hann beiti sér fyrir því á fundi forseta neðri deildar, efri deildar og sameinaðs þings að umræða geti farið fram um þetta *mál strax á morgun á fundi sameinaðs þings þá.*

Ég vil a.m.k. fyrir hönd þingflokks Alþb. láta það koma skýrt fram að við óskum eftir því að umræða

fari fram hið allra fyrsta um þetta mál. Ég held að það sé nauðsynlegt að þingið fái að fjalla um þetta og þm. að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum strax í upphafi hinnar opinberu umræðu um málið.

Ég ítreka þessar óskir mínar til hæstv. ráðh. og hæstv. forseta og undirstrika svo að við Alþýðubandalagsmenn fluttum till. í báðum deildum þingsins um rannsóknarnefnd á vegum þingsins í þetta mál. Ég held að nýjustu tíðindi málsins undirstriki ákaflega vel að það hefði verið skynsamlegri leið gagnvart þinginu að þingið hefði fengið að fara yfir þetta mál líka til þrautar þegar frá upphafi.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Mér finnst vera allmikið óðagot á mönnum. Skýrslu sem birtist á mánudagsmorgun í 20 eintökum er ekki hægt að senda alþm., því hér eiga 60 þm. sæti, nema fjölfalda hana. Það er búið að taka allan þennan tíma. Ég held að það sé engin ástæða til að krefjast umræðu um þessa skýrslu. Hún verður rædd í Sþ. og tekin á dagskrá. Ég sé ekki að það þurfi að vera neinn taugatitringur í mönnum út af því.

Ég tel eðlilegt, og það hefur verið gert í öllum ríkisstjórnum, að mál séu lögð fyrir ríkisstjórn og fyrir ráðherra. Frv. sem flutt var um þetta mál var stjfrv. Var það ekki eðlilegt eins og alltaf er, sama hvaða ríkisstjórn er við völd, að ráðherrar í ríkisstjórn fái fyrst að sjá málið? Voru það ekki eðlileg viðbrögð frá minni hendi að segja við fjölmiðla: Þið fáið ekki þessa skýrslu fyrr en hún verður lögð fram á Alþingi og þá fær öll þjóðin að vita um hana. Það var það sem var verið að reyna að gera, hraða því að skýrslan yrði lögð fram þannig að þm. fengju hana á undan fjölmiðlum og undan almenningi.

Þeir sem var send skýrslan hafa ekki allir fengið hana í hendur því sumir ráðherrar hafa verið erlendis. Ég óskaði eftir því við ráðuneytisstjóra viðskrn. að hann sendi skýrsluna strax á mánudaginn til allra ráðherra og nokkurra annarra. Ég man ekki alveg hverjir það voru. Ég held að það séu sex eða sjö eintök eftir. Ráðherrarnir eru tíu, ein skýrsla fór inn í forsrn. og ég lét varaformann Sjálfstfl. hafa skýrsluna þó að hann eigi ekki sæti í ríkisstjórn vegna fjarveru formanns flokksins. Bankastjórn Seðlabankans, sem hefur fylgst náið með þessum málum, fékk skýrsluna og bankastjórn Útvegsbankans fékk skýrsluna. Þar með held ég að allir séu upptaldir sem skýrsluna hafa fengið, nema ég lét eitt eintak, mitt eigið eintak, af hendi núna rétt fyrir kl. 2 við mann vegna þess að ég vissi að skýrslan var komin á Alþingi og þess vegna var hún ekki lengur trúnaðarmál.

Ég harma hversu oft hefur lekið málum, sem ekki hafa farið út fyrir ríkisstjórnina, í fjölmiðla. Í þó nokkuð mörgum tilfellum gat ekki verið um neina aðra að ræða en menn sem sitja ríkisstjórnarfundi. Ég ætlaði svo sannarlega að standa við það og hélt að það væri auðvelt að geta beðið með opinbera umræðu í þennan stutta tíma á meðan verið væri að prenta skýrsluna. Ég veit ekkert hvort það hefði tekist, þó ég hefði staðið nótt og dag vörð um þessi 20 eintök, að prenta skýrsluna án þess að hún hefði lekið út. Það hefur verið sótt jafnvel í prentsmiðju trúnaðarmál.

En ég ætla að taka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði að ég þarf alls ekki að saka stjórnarandstöðuna um trúnaðarbrot þegar henni hefur verið sent eitthvað. Ég er alveg staðráðinn í því að senda stjórnarandstöðunni núna á eftir eða færa henni tillögur bankastjórnar Seðlabankans um bankamál sem ég fékk á mánudagskvöld og var að láta ljósrita þau plögg. Þau hafa ekki verið send og ég hef sagt fjölmiðlum það. Eftir daginn í dag, eftir að þm. fá vitneskju um þær tillögur, verður ekki litið á þær tillögur sem neitt trúnaðarmál, en svo verður þangað til þm. fá að sjá það, bæði formenn flokka í stjórnarandstöðu og stjórnarþingmennirnir sem auðvitað tóku ákvörðun um þessa tillögugerð í bankamálunum.

Ég tek fram að ég tel langæskilegast að reyna að ná miklu víðtækara samstarfi um bankamálin en bara á milli stjórnarflokkanna. Stjórnir koma og stjórnir fara og getur verið bæði gagnlegt og nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar reyni að koma sínum sjónarmiðum fram og gera sínar athugasemdir. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir telji nauðsynlega uppstokkun bankakerfisins með því að fækka bönkum og gera einingarnar stærri. Þess vegna hljótum við að eiga frekar samleið en að vera sundraðir.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Ekki er um það deilt að þessi nefnd er skipuð eða tilnefnd skv. lögum frá Alþingi. Ekki heldur um það að skv. skýrum ákvæðum 4. gr. umræddra laga ber að skila skýrslu til viðskrh. sem geri Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Spurt var: Hverjir voru viðtakendur þeirra 20 eintaka sem hæstv. viðskrh. ákvað að afhenda að mér skilst á mánudaginn? Og hæstv. ráðh. svarar: Ráðherrar í ríkisstjórn, Seðlabanki Íslands, af því að hann hefur um málið fjallað, bankaeftirlit ríkisins, varaformaður Sjálfstfl. og Útvegsbanki Íslands sem vissulega varðar þetta mál, m.ö.o.: ýmsir handhafar framkvæmdarvalds og ýmsar stofnanir. Þess vegna spyr ég, hæstv. viðskrh.: Stendur ekki skýrum stöfum hér að viðskrh. er falið lögum samkvæmt að gera Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar? Ég spyr enn: Hvers vegna, hæstv. viðskrh., er það svo að á þessum viðtakendalista skýrslunnar er ekki að finna nöfn a.m.k. formanna þingflokka eða formanna stjórnmálaflokka því að þeim hefði vafalaust verið í lófa lagið að kynna þetta mál þá í þingflokkum sínum? Hvers vegna, hæstv. viðskrh., er ekki farið samkvæmt ákvæðum þessara laga um að virða Alþingi þess í máli af þessu tagi, sem sett er lögum samkvæmt, að Alþingi fái vitneskju um þetta mál, jafnvel áður en það verður af-

hent ýmsum stofnunum framkvæmdavaldsins hvað þá heldur ýmsum fjölmiðlum?

Mér finnst, herra forseti, að það sé ekki nóg að harma trúnaðarbrest og leka. Ég tek undir það sjónarmið að hæstv. ráðh. eigi að birta lista yfir þessa viðtakendur, að hann eigi að gera gangskör að því að rannsaka hver þessara aðila það er sem rofið hefur trúnað og brugðist þar með trúnaði Alþingis líka og í þriðja lagi vil ég árétta að mér finnst að hæstv. ráðh. hafi orðið á að því leyti að um leið og hann afhenti fyrstu eintök skýrslunnar hefði hann átt að virða Alþingi þess að í þeim hópi viðtakenda væru formenn þingflokka í það minnsta.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég skal verða við óskum forseta um að vera stuttorður vegna þess að það hafa þegar komið fram helstu atriði þess sem ég ætlaði að segja, þ.e. að hér hefur verið lýst því að það voru ýmsir utan ríkisstjórnar sem voru metnir þess virði að fá að sjá þessa skýrslu, svo sem eins og Seðlabanki, bankastjórn Útvegsbanka o.fl.

Ég vil líka geta þess um hvalamálið og vegna umræðna sem urðu um það s.l. sumar að þá var mjög náið samráð allra stjórnmálaflokka. Hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. höfðu samráð við fulltrúa allra stjórnmálaflokka á hverju stigi málsins. Trúnaður var ekki brotinn. Það gátu allir aðilar fylgst mjög nákvæmlega með og ekki síst Alþingi. Við höfum því um það fordæmi að þessi mál gangi vel og að öllum valdaaðilum sé gert jafnhátt undir höfði. Ég tel því að það hafi verið meiri háttar afglöp að formönnum stjórnmálaflokka eða formönnum þingflokka voru ekki afhent eintök af þessari skýrslu í gær. Um leið ítreka ég þær kröfur sem ég hef komið fram með hér áður um að það verði birtur listi yfir þá sem fengu þessi eintök og að það verði kannað hvaðan sú skýrsla kom sem veifað var framan í landsmenn í gærkvöld.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal virða þau tilmæli að verða stuttorður um þetta mál.

Það er ljóst að umræður um efnisatriði þessarar skýrslu verða í Sþ., eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh. og efni stóðu til þegar samþykkt voru hér á þingi lög þess efnis að hæstv. ráðh. skipaði nefnd til að fara ofan í málefni Útvegsbankans og Hafskips og annarra skyldra mála.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa komið og lýst því yfir að það er alvarlegt mál þegar það gerist að trúnaður er brotinn eins og hér hefur verið lýst. Ég vil hins vegar segja að ég tel að viðbrögð hæstv. ráðh. hafi verið mjög eðlileg. Í máli eins og þessu bar honum að sjálfsögðu að leggja skýrsluna fyrir hæstv. ríkisstjórn og síðan fyrir Alþingi í beinu framhaldi. Nú er komið fram að þetta hefur gerst á afar stuttum tíma, jafnvel styttri tíma en oft er þegar um er að ræða málefni sem ríkisstjórn og einstakir ráðherrar bera ábyrgð á.

Ég fékk þessa skýrslu í hendur á mánudagskveldi að loknum þingflokksfundi í Sjálfstfl. þar sem hæstv. ráðh. gerði þingflokknum grein fyrir því að þessi skýrsla hefði fram komið og sagði að hún yrði lögð fram á ríkisstjórnarfundi daginn eftir. Í gær, þriðjudag, hringdi í mig einn starfsmaður sjónvarpsins, þ.e. gamla sjónvarpsins, ég ætlaði að segja gamla, góða sjónvarpsins, en segi gamla sjónvarpsins, þ.e. Ríkisútvarpsins, og ég skal gjarnan nafngreina þann mann. Hann heitir Hallur Hallsson og er fréttamaður á þeirri stöð. Hann spurði hvort ég hefði skýrsluna undir höndum og ég sagði að svo væri. Hann spurði hvort hann gæti fengið skýrsluna og ég sagði: Því miður. Þetta er trúnaðarmál. Ég get ekki látið þessa skýrslu af hendi en vísa á hæstv. viðskrh. Hann gaf í skyn að það mundi þá verða leitað annarra ráða til að ná í þessa skýrslu. Skilst mér að hún hafi komið fram bæði í fréttum frá ríkissjónvarpinu, eins hjá Stöð 2 og ef ég veit rétt einnig hjá Ríkisútvarpinu í gær. Þó skal ég ekki fullyrða um það. Má vera að það hafi verið eftir að þetta birtist í sjónvarpsstöðvunum báðum.

Það er alvarlegt þegar þetta gerist, en þetta rifjar upp fyrir mér að þetta mál, sem hefur verið viðkvæmt umfjöllunarmál í nokkuð langan tíma, var á síðum dagblaða og kom fram í fréttum sjónvarps og útvarps oft í sumar og þá var því blákalt haldið fram í framhaldi af umfjöllun þessara ríkisfjölmiðla og færðar nokkrar líkur fyrir því að heimildarmenn frétta væru úr sjálfri ríkisstjórninni. Þetta vil ég að komi fram því að þetta er alkunna og um þetta var rætt í sumar. Ég veit að hér inni í þingsal eru fleiri sem geta staðfest að þessi grunur var fyrir hendi. Þetta þýðir einfaldlega að því miður virðist vera svo að trúnaðarbrestur með þessum hætti eigi sér stað í hæstv. ríkisstjórn sjálfri. Af hvaða ástæðum það er skal ég ósagt látið, en því miður held ég að þetta dæmi, sem er ekki einsdæmi, hljóti að verða til þess að menn verði að íhuga mjög vandlega hvernig fara á með skjöl sem merkt eru „Trúnaðarmál". Það hlýtur að vera stórmál fyrir íslenska stjórnsýslu, ekki síst fyrir hæstv. ríkisstjórn, að reglur um þessi efni séu virtar. Ef það gerist ekki sé a.m.k. reynt að koma í veg fyrir slíkt. Það eru til aðferðir með yfirstimplunum sem koma í veg fyrir að menn geti ljósritað án þess að sjáist hvaðan heimildin sé, en það er nokkuð hart að það þurfi að gerast í okkar litla landi.

Ég tek einnig undir það, sem kom fram hjá hæstv. viðskrh., að það er full ástæða til þess í framhaldi af þessu að formenn stjórnarandstöðuflokkanna fái sem allra fyrst í sínar hendur þær tillögur sem nú liggja fyrir frá Seðlabanka Íslands og varða framhaldslíf Útvegsbankans og nýja skipan í viðskiptabankamálum þjóðarinnar. Ég tel það sjálfsagt mál til þess a.m.k. að fyrirbyggja að þau mál birtist í heilu lagi hjá fréttastofum opinberra fjölmiðla eða í dagblöðum og að hægt sé að fjalla um þessi mál í þingflokkum, enda hefur komið fram á þessum fundi að formönnum stjórnarandstöðunnar hefur

verið treystandi.

En þetta rifjar líka annað upp. Það er að á hverju hausti er dreift í þinginu plaggi sem er stefnuræða forsrh. og merkt er trúnaðarmál. Hæstv. forsrh. er bundinn af þeirri ræðu þegar hann kemur í þingið. Nánast er það undantekningarlaust að einum eða tveimur dögum síðar birtist þessi ræða í heilu líki í einhverju dagblaðanna. Ég man ekki hvort það gerðist í haust, en ég man að það gerðist í fyrra og líka í hitteðfyrra. Þetta er enn fremur trúnaðarbrot og eyðileggur þær leikreglur sem við verðum að fylgja ef skjöl eiga að geta gengið milli þeirra manna sem njóta sérstaks trúnaðar.

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa orðið nokkuð langorður, en mér fannst þessar umræður gefa tilefni til þess að við ræddum nokkuð um reglur um trúnaðarmál.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil endurtaka að strax á mánudag sendi ég þinginu skýrslu. Ég sendi skýrsluna á mánudag, um leið og sent er til ráðherra, forseta Sþ. með bréfi um að skýrslan verði birt Alþingi. Ég gat ekki sent það bréf fyrr en sama daginn, nokkrum klukkutímum eftir að ég á fund með nefndinni. Það eru því 16 aðilar sem hafa fengið þessa skýrslu. Það hljóta að vera fjögur eintök eftir uppi í skáp hjá mér uppi í viðskrn. Þessir 16 aðilar eru 10 ráðherrar og ein skýrsla fyrir forsrn., fyrir „fælinn" þar, fyrir viðskrn. sem fór ekki fyrr en í gær inn í ráðuneyti frá mér, bankastjórn Seðlabanka og bankastjórn Útvegsbanka og forseti Sþ.

Ég hélt að ég mundi fá hól og þakklæti frá stjórnarandstöðunni fyrir það að hún fékk ekki skýrsluna í hendur fyrr en núna þannig að hún er ekki undir grun. Ef hún hefði fengið skýrsluna lægi hún undir grun alveg eins og hinir.

Ég verð að segja að oft hefur tekið lengri tíma að veita upplýsingastreymi til hins háa Alþingis en þetta. Það er komið í reynd í hendur forseta Sþ. sama daginn og skýrslan berst viðskrh. í hendur, en það tekur þennan tíma að ganga frá prentuninni og nú er allur trúnaður úti. Nú getur hver og einn talað um þessa skýrslu eins og hann vill.

Ég er með pakka á borðinu, sem ég er ekki búinn að taka upp, sem í eru tillögur bankastjórnar Seðlabankans. Mér er mjög kærkomið að afhenda formönnum flokka eintak af þessum tillögum þannig að þeir verði búnir að fá þær í hendur áður en verður kannske farið að veifa þeim framan í okkur í kvöld í sjónvarpi eða lesa upp úr því í útvarpi.

Ég veit eiginlega ekki hvenær má orðið treysta mönnum fyrir því sem kallað er „trúnaðarmál". Ég tek alveg undir að það þarf að fara að setja ákveðnari reglur, en ég frábið mér að ég fari að hafa réttarhöld yfir öllum mönnum sem hafa fengið þetta. Auk þeirra sem ég nefndi eru auðvitað nefndarmennirnir sjálfir sem hljóta að hafa skýrsluna í sínum höndum. Einhverjir hafa unnið að prentun þessarar skýrslu. Ég veit ekkert um það. Ég ætla ekki að væna neinn af þessum um trúnaðarbrot, en ég veit að einhver, sem hefur fjallað um skýrsluna, annaðhvort við prentun hennar eða þeir sem fengu hana senda, hefur brugðist trúnaði. En Alþingi fer með löggjafarvald. Væri ekki rétta leiðin að setja lög um að þeim sem fara með efni trúnaðarmála sé skylt að segja frá því hverjir hafi fengið slík trúnaðarmál í hendur? Er ekki hægt að skylda þá fjölmiðlamenn að segja til um það hvar þeir fái það sem þeir mega ekki komast yfir? Ég skal standa að því að greiða atkvæði með löggjöf með líkum hætti og ég vona að hv. stjórnarandstaða sé mér sammála í þessum efnum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að segja að ég er ekki tilbúinn til að stánda að löggjöf um rannsóknarrétt yfir fjölmiðlum í þessu landi. Þó að ég hafi ýmislegt við þá að athuga er ég ekki tilbúinn að standa að því að setja lög um rannsóknarrétt yfir þeim. Ég held að þar með værum við komnir út á hálan ís sem við vildum ógjarnan fara út á og það væri hættulegt, bæði fyrir Alþingi og stjórnvöld, að standa þannig að málum.

Hitt er sjálfsagt að hvetja menn til að virða trúnaðarmál. Reynslan sýnir því miður að ríkisstjórn Íslands, eins og hún hefur verið skipuð seinustu árin, er ekki treystandi fyrir trúnaðarmálum. Það er sú dapurlega niðurstaða sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir. Það kemur kannske stjórnarandstöðunni ekki sérstaklega á óvart, en hlýtur að vera þeim mun meira umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina sjálfa að henni er ekki treystandi fyrir trúnaðarmálum.

Ég tel að það sé í rauninni þannig að það hefði verið eðlilegt, ég endurtek það, að koma þeim fáu eintökum sem til voru til formanna allra flokka á Alþingi mikið frekar en að dreifa þessu inn á ríkisstjórnarfund miðað við þá reynslu sem menn hafa af ríkisstjórninni í þessum efnum úr því að henni er ekki treystandi og líka vegna þess að Alþingi Íslendinga setti þessi lög og ákvað að rannsóknin skyldi fara fram.

En ég endurtek það, herra forseti, að ég tel ekki að hér hafi það tekið út af fyrir sig neinn feiknatíma að koma þessu í hendur þingsins eða á borð þm. Það er ekki það sem ég er að ræða um heldur hitt að hér hefur tekist óhönduglega til. Þess vegna er æskilegt og nauðsynlegt að umræða um þetta mál fari fram á þinginu hið allra fyrsta án óeðlilegs dráttar. Ég er ekki með neitt óðagot að mínu mati heldur held ég að það sé heppilegast fyrir alla aðila að umræða fari fram um þetta hið allra fyrsta. Ég er fyrir mitt leyti og míns flokks tilbúinn að standa að slíkri umræðu strax á morgun og endurtek óskir mínar til hæstv. forseta Nd. um að hann beiti sér fyrir því að umræða fari fram fljótlega.

Ég vil einnig í tilefni af þessari umræðu taka fram að ég fagna því að hæstv. viðskrh. mun láta stjórnarandstöðuna fá tillögur Seðlabankans um skipulag bankamála og það hvernig staðið verður að endur-

skipulagningu bankanna hér á landi. Ég get ekki sagt fyrir fram að ég sé ýkja hrifinn af þeim hugmyndum sem ég hef séð blaðafréttir um varðandi þetta mál, en blaðafréttir eru þegar komnar um hvað seðlabankanefndin leggur til, en ég vil engu að síður taka fram fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn að taka þátt í því að hér verði teknar ákvarðanir um óhjákvæmilega endurskipulagningu bankakerfisins. Ég tel raunar að það þurfi að gerast á þessum vetri, það megi ekki dragast lengur, og endurtek að ég er tilbúinn fyrir mitt leyti að stuðla að því.

Ég vil svo segja að lokum, þannig að það sé á hreinu, að ég er ekki tilbúinn að setja lög um rannsóknarrétt yfir fjölmiðlum þó að þeir séu sumir vitlausir.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Það er freistandi að taka undir síðustu orð hv. síðasta ræðumanns, en ég ætla ekki að gera það, lofa honum að hafa sitt mat á fjölmiðlum. En ég vil taka undir annað. Ég vil taka undir að það verði reynt að komast að því hvernig þetta sérstaka mál, sem hér er á dagskrá, lak út til ríkisfjölmiðlanna og hvernig þeir koma með trúnaðarmál ríkisstjórnarinnar inn í fjölmiðlatal eins og almennur fréttatími er. Ég skal taka þátt í þeirri vinnu.

En ég harma það, úr því að menn bera þetta mál sérstaklega fyrir brjósti, að það skuli ekki koma inn í þessar umræður, a.m.k. þann tíma sem ég hef verið í þingsalnum, að það hefur verið brotið nákvæmlega eins og jafnvel enn þá verra á einstaklingum sem eru í einangrun og aðeins fáir, einn eða tveir aðilar, hafa aðgang að að tala við og það með löngu millibili. Fjölmiðlarnir hafa fjallað um það opinberlega, sem er þó einkamál, sem gerist í yfirheyrslu manna í einangrun. Ég vil að sú rannsókn verði líka tekin inn í þetta mál.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að trúnaðarleki, hvort sem það er frá ríkisstjórn, þingmönnum eða öðrum sem trúnað hafa, er vitanlega ákaflega alvarlegt mál og ef þessi umræða gæti orðið til þess að lagfæra það væri hún góð.

Ég tek undir það sem sagt var hér áðan um stefnuræðu forsætisráðherra. Ég tók ekki eftir neinu núna, ég held að menn hafi verið of uppteknir af leiðtogafundi eða einhverju slíku, en ég var ákveðinn í því ef ég sæi það enn einu sinni í blöðum að leggja til að hætt yrði að dreifa stefnuræðu forsætisráðherra áður en hún er flutt. Mér finnst það mjög til athugunar ef slíkt heldur áfram.

Hins vegar verð ég að segja að því miður eða kannske á að segja sem betur fer er þetta ekkert nýtt nú. Þetta hefur verið svo í gegnum árin eftir því sem ég hef kynnst. Ég man eftir því í ríkisstjórninni 1978–1979 að stundum komu fréttir af ríkisstjórnarfundum í Dagblaðinu um líkt leyti og ríkisstjórnarfundi lauk. Mér var það satt að segja oft hulin ráðgáta hvernig fréttir komust þangað, en mér sýndist að það hlyti að koma af ríkisstjórnarfundi.

En ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt. Þetta er algerlega ófært og vonandi verður þessi umræða til að menn gæta sín betur.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Góðir samþingsmenn. Ég þakka hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir að hefja þessa umræðu vegna þess að hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli. Það er slæmt til þess að vita að æðstu trúnaðarmönnum stjórnsýslu á Íslandi skuli ekki verða treyst fyrir trúnaðarskjölum. Það er sérstaklega alvarlegt í kjölfar þeirra staðreynda sem hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til vegna umræðna sem fram fóru í sumar um að ákveðnar trúnaðarupplýsingar, sem að öllum líkindum hafa farið til einstakra ráðherra í ríkisstjórn, láku til fjölmiðla.

Það er enn fremur sérstaklega alvarlegt fyrir aðila sem sitja í einangrun og hæstv. iðnrh. vitnaði til áðan að fjölmiðlar skuli fá, jafnvel daginn eftir að yfirheyrslur eiga sér stað, upplýsingar um hvað er að ske. Ég hélt að hæstv. forsrh. mundi standa upp áðan til að tilkynna þingheimi að hann mundi einskis láta ófreistað til að koma í veg fyrir að þetta endurtæki sig og komast að því með hvaða hætti þessar upplýsingar lækju út. Því miður gerði hann það ekki. En það hefði verið eðlilegt.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Þá er þessum umræðum um þingsköp lokið, en ég vil, vegna þess að fram hafa komið tilmæli til forseta varðandi það að þetta mál verði tekið til umræðu mjög fljótlega, jafnvel á morgun, hér í þinginu, svara því til að ég skal koma þessum tilmælum á framfæri við aðra þingforseta og finna leið til þess að fundur verði haldinn á morgun um þetta efni eða hvort síðar yrði.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, 1. umr.

Frv. SJS, 137. mál (verðbreytingar). — Þskj. 143.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56 frá 1978 sem fjalla um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með síðari breytingum.

Hér er um endurflutning á þingmáli að ræða frá s.l. vetri. Þá var í framhaldi af kjarasamningum, sem þá voru gerðir á útmánuðum, allmikil umræða í þjóðfélaginu um nauðsyn á verðlagsaðhaldi og mikið lagt undir í þeim efnum, að skilja mátti, að sjálf forsenda kjarasamningagerðar og efnahagsstjórnar mundi fara eftir því hversu til tækist um

verðlagsaðhald í framhaldinu.

Þá var hreyft ýmsum hugmyndum og að mörgu leyti þörf umræða fór fram um stöðu verðlagsmála og verðlagseftirlit, aðhald almennings, um stöðu neytendaverndar og neytendaaðhalds í þessu samhengi og mætti fleira nefna.

Þetta frv. varð til í framhaldi af þeirri umræðu og var flutt til að leggja þessari viðleitni lið að halda aftur af verðhækkunum á vöru og þjónustu. Það gengur út á að skylda seljendur hvers kyns vöru og þjónustu, eins og segir í 1. gr., að gefa upplýsingar um verðbreytingar innan tiltekinna marka og eftir tilteknum reglum sem um það yrðu settar. Með leyfi forseta hljóðar 1. gr. frv. svo:

„Á undan 45. gr. í VI. kafla laganna, sem til er vitnað, komi ný grein, svohljóðandi:

Seljendum hvers kyns vöru eða þjónustu er óheimilt að hækka vöruverð eða gjaldtöku fyrir þjónustu nema það sé sérstaklega tilkynnt. Heimilt er að auglýsa samtímis verðbreytingar til hækkunar eða lækkunar.

Sé vöruverð hækkað er seljanda vöru skylt að auglýsa hækkunina á áberandi hátt á sölustað, nýtt verð ásamt hinu eldra, svo og hvenær hækkunin tekur gildi. Slíkar tilkynningar um verðbreytingar vöruflokka og vörutegunda skulu vera uppi eigi skemur en 14 daga frá gildistöku verðbreytinga.

Hvers kyns hækkanir þjónustuaðila á gjaldskrám skulu tilkynntar með eðlilegum fyrirvara þannig að notendur þjónustunnar megi auðveldlega gera sér grein fyrir verðbreytingunum, hvenær og hve miklar þær verða. Verðlagsstofnun skal setja sérstakar reglur um skyldu seljenda skv. þessari grein.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Síðan segir í grg. að enn séu allar hinar sömu forsendur fyrir hendi sem mæli með ráðstöfunum af þessu tagi og voru á s.l. vetri þegar þær aðstæður voru uppi sem ég hef þegar gert grein fyrir. Það má vera ljóst að forsenda þess að verðmyndun sé eðlileg þar sem um svokallað „frelsi" er að ræða í álagningu og vöruverði er að nægilegt verðskyn almennings sé fyrir hendi og að kaupendur vöru og þjónustu hafi greiðar og nægar upplýsingar um verðlag. Frv. þetta er sem sagt flutt til að tryggja betur en nú er að mati flm. þennan aðgang almennings að upplýsingum og þar með það aðhald að seljendum sem eðlilegt og nauðsynlegt er.

Í framhaldi af þessu hlýtur sömuleiðis að teljast eðlilegt að viðskiptavinir hafi greiðan aðgang og réttur þeirra sé tryggður til upplýsinga um verðbreytingar, um verðlagsþróun síðustu daga og vikna, í raun og veru hvort sem til lækkunar eða hækkunar er. Það er, eins og öllum er kunnugt, altítt að verslanir auglýsi mjög rækilega og á mjög áberandi hátt verðbreytingar til lækkunar. Hvort sem menn kalla það afslátt, útsölur eða eitthvað af því taginu kannast allir við að hafa farið í verslanir og séð áberandi auglýsingar um slík tilboð af hálfu seljenda.

Það hefur minna farið fyrir hinu og ég kannast naumast við það að hið gagnstæða eigi við, þ.e. að viðskiptavinum sé gerð grein fyrir því ef um verðbreytingar til hækkunar er að ræða. Nú ætti tæknilega ekkert að vera örðugra að gera grein fyrir verðbreytingum sem ganga í þá áttina en verðbreytingum sem eru til lækkunar þannig að með samþykkt frv. af þessu tagi eða hliðstæðum ráðstöfunum ætti að verða bót á þessu.

Reyndar er til og það er ekki óvenjulegt að rekast á það erlendis að í anddyri verslana séu upplýsingatöflur uppi þar sem menn nýta sér jafnvel nýjustu tækni til að koma á framfæri við viðskiptavini upplýsingum um verð á helstu vöruflokkum og vörutegundum og þar er jafnvel um að ræða svokallað samanburðarverð þannig að viðskiptavinir geta fyrir fram gert sér grein fyrir því hvernig einstakir vöruflokkar standast verðsamanburð. Með nútímatækni er auðvitað hægt að gera þetta mjög auðvelt og aðgengilegt og ætti að vera tiltölulega einfalt mál í framkvæmd fyrir verslunaraðila.

Hvað varðar þá sem vinna samkvæmt auglýstum gjaldskrám er hér í raun og veru um enn þá sjálfsagðari hlut að ræða. Þó að þar sé auðvitað nokkuð um það að hækkanir séu tilkynntar fyrir fram í fjölmiðlum mætti tvímælalaust setja skýrari reglur um fyrirkomulag slíkra hluta.

Ég tel einnig rétt að það væri mjög þarft að Verðlagsstofnun og verðlagsaðilar athugi rækilega hvort ekki sé ástæða til að setja nánari reglur um ýmislegt fleira á þessu sviði, svo sem verðmerkingar vöru, þannig t.d. að svonefnt samanburðarverð, þ.e. verð á stöðluðum einingum, svo sem kílógrömm eða lítra á vörum sem mældar eru þannig máli, skuli vera til viðbótar einingarverði. Það auðveldar neytendum mjög að gera sér grein fyrir raunverulegu verði einstakra vörutegunda ef um samanburðarverð staðlaðra eininga er að ræða. En það er ljóst að slíkar ráðstafanir getur Verðlagsstofnun gert innan ramma gildandi laga og þarf engar lagabreytingar til.

Sömu sögu er að segja um viðskipti sem síðustu daga og vikur hafa verið nokkuð til umræðu, þ.e. viðskipti með afborgunarskilmálum. Það er alveg ljóst um það ófremdarástand sem þar ríkir að engu er þar um að kenna öðru en að Verðlagsstofnun hefur ekki nýtt sér heimildir í lögum til að setja skýrar, ótvíræðar reglur um þessi viðskipti. Það er ljóst að skv. 45. gr. gildandi laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti hefur Verðlagsstofnun fullar heimildir til að setja ótvíræðar reglur um viðskipti með afborgunarskilmálum og á það þá bæði við verðmerkingar í versluninni sjálfri, þ.e. upplýsingar um afborgunarskilmálana, þar með talin lánskjör, og einnig um auglýsingar á sömu vörutegundum sem seldar eru með sama hætti. Þeim sem ekki hafa kynnt sér 45. gr. ráðlegg ég að lesa hana. Það ætti þá að vera alveg ljóst að ekki þarf lagabreytingar til að heimila Verðlagsstofnun að setja slíkar reglur og ég tel hárrétt að athuga hvort ekki beri að gera svo.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta ýkja langt mál eða mikið fleiri orð. Ég tel tvímælalaust að ráðstafanir af því tagi sem hér eru lagðar til stuðli að verðlagsaðhaldi og jafnframt tel ég þær flokkast undir almenna upplýsingaskyldu við neytendur og vera því tiltölulega sjálfsagðar.

Ég tek fram að það væri æskilegt að sú virðulega þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar ræddi við hagsmunaaðila í því skyni að kanna hvernig eðlilegast væri að standa að framkvæmd þessara hluta burtséð frá lagaákvæðum, en það eru þó atriði sem eðlilegra væri að taka inn í reglugerð sem Verðlagsstofnun setti á grundvelli lagaákvæðis þess sem hér er flutt.

Það er fjöldamargt fleira reyndar sem ástæða væri til að ræða og fróðlegt væri að ræða í sambandi við þessi efni, þ.e. almennt um verðlagsaðhald, upplýsingaskyldu við neytendur og neytendamál, og ég vil í því sambandi minna á nokkra umræðu sem orðið hefur um auglýsingar og málefni auglýsinga og tillögu sem liggur frammi á hv. Alþingi um nauðsyn þess að setja lög og reglur um auglýsingar.

En hér er sem sagt hreyft sérstaklega við einum þætti þessa máls, sem ég er sannfærður um að gæti haft nokkra þýðingu á þessu sviði, að stuðla að almennu verðlagsaðhaldi og stuðla að því að neytendur hefðu aðgang að eðlilegum upplýsingum um þróun vöruverðs. Ég treysti því að hv. þingnefnd, sem fær málið til umfjöllunar, skoði það með velvilja og vinni af venjubundnum röskleika að því.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við þær hugmyndir sem fram koma í frv. sem síðasti ræðumaður mælti fyrir áðan. Um leið og ég segi þetta er ekki þar með sagt að ég taki undir að það sem hér er lagt til sé endilega það allra besta hvað þetta snertir, en hér er hreyft ákaflega mikilsverðu máli. Ég leyfi mér að benda á að samkvæmt könnunum liggur fyrir að ekki er framfylgt ákvæðum sem gilda um verðmerkingar almennt í verslunum. Þar er pottur brotinn. Komið hefur í ljós að í sumum tilvikum hjá einstaka verslun eru yfir 70% af þeim vörum sem eiga að vera með verðmerkingu ekki verðmerktar.

Spurning er með hvaða hætti hægt er að miðla upplýsingum um verð til neytenda með sem einföldustum hætti og þannig að það skili sér beint til þeirra. Ég hygg að ein aðferðin sé sú að efla starfsemi Verðlagsstofnunar enn frá því sem nú er. Önnur aðferðin væri sú að efla starfsemi þeirra samtaka sem vinna að neytendamálum. Ég held að þetta tvennt væri út af fyrir sig virkasta leiðin, en sjálfsagt að leggja auknar kröfur á seljendur vara og þjónustu þó að spurning geti verið um hvort það sé í raun framkvæmanlegt að gera það með jafnítarlegum hætti og lagt er til í þessu frv.

Í framhaldi af því held ég að það væri vel þess virði að velta fyrir sér hvaða þýðingu samkeppnishömlur hafa almennt á verðlagsþróun í landinu. Það hefur komið í ljós þegar verðlag í einstökum greinum hefur verið gefið frjálst þar sem samkeppni er takmörkuð að um er að ræða verðhækkun á stuttu tímabili um marga tugi prósenta. Þetta mætti taka til athugunar og að gefnu tilefni, þar sem þetta frv. er komið fram með tilliti til þess sem fram kemur í greinargerð, væri e.t.v. full ástæða fyrir þá nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga vel hvernig háttað er verðlagningu og verðmerkingum hjá aðilum sem falla undir ákvæði umræddra laga hvað snertir samkeppnishamlandi fyrirtæki eða jaðra við að falla undir slíka starfsemi.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir efnislegar undirtektir þó að hann hefði vissa fyrirvara á um stuðning við það tiltekna fyrirkomulag sem hér er lagt til. Ég get út af fyrir sig vel skilið að mönnum sé það nokkuð ný hugsun að setja ítarlegar reglur af þessu tagi. Það er ofur eðlilegt að menn velti fyrir sér í því sambandi bæði framkvæmd og kostnaðarhlið þess máls, þ.e. hvort það sé í raun nægjanlega auðvelt í framkvæmd og eins hvort það kæmi ekki til með að kosta of mikið að vera með slíka ítarlega upplýsingamiðlun til neytenda á öllum stigum í vörusölu. En ég bendi á móti á að náist sæmilega stöðugt verðlag yfir höfuð í einu þjóðfélagi mundu slíkar reglur draga mjög úr löngun manna til að hringla með vöruverð. Menn gæfu sér þá væntanlega svigrúm til að geta haft vöruverð fast yfir lengri tímabil og hækkuðu það þá meira í senn til að vera ekki sífellt að breyta því. Held ég að það markmið væri í sjálfu sér mjög æskilegt, þ.e. ná því fram að vöruverð væri stöðugra yfir lengri tímabil á tilteknum tegundum og vörum, því að það er án efa eitt af því sem ruglar verðskyn almennings hvað mest hversu tíðar vöruverðsbreytingarnar eru. Það væri þar af leiðandi mjög æskilegt út frá ýmsum öðrum sjónarmiðum að ná fram meiri stöðugleika og að verðbreytingar væru ekki eins örar.

Ég tek einnig undir það sem hann sagði um þann misbrest sem er á um framkvæmd laga og reglna um verðmerkingar. Mér er vel kunnugt um að þar er mikill misbrestur á, bæði vegna þess að ekki er farið eftir þeim reglum sem í gildi eru í verslunum og eins, tel ég vera, vegna hins að Verðlagsstofnun og verðlagsyfirvöld nýta sér ekki heimildir í lögum til að hafa eftirlit og til að fylgja fram lögunum í þessum efnum, eins og ég hef þegar bent á t.d. hvað varðar viðskipti með afborgunarskilmálum þar sem í lögum eru ótvíræðar heimildir Verðlagsstofnunar til að setja reglur og hafa eftirlit sem ekki eru nýttar sem skyldi. Það er vissulega alvarlegt ef satt er að þess finnist dæmi að allt að 70% af vörum í tilteknum verslunum séu ekki verðmerktar eins og reglur gera ráð fyrir.

Ég tek einnig undir að það kemur í hugann að

kannske væru tvær leiðir, fyrir utan þá, sem alltaf er fyrir hendi, að reyna að efla verðskyn almennings og hafa það virkasta og beinasta verðlagsaðhald í gegnum það sem til er. Kemur þá sérstaklega til álita í þessum efnum að efla starfsemi samtaka á vegum neytenda sem sjálfstætt og óháð geta haft verulegu hlutverki að gegna og gera það víða í nálægum löndum og einnig að efla Verðlagsstofnun þó að mér liggi e.t.v. við að orða það, með leyfi herra forseta, þannig að þá þurfum við að stappa stálinu í Verðlagsstofnun m.a. til að nýta sér þau lög sem þegar eru í gildi til að hafa eftirlit með verðlagi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég efast ekki um að hv. flm. þessa frv. gangi gott eitt til með flutningi þess, en efni þess er í stuttu máli að seljendum hvers kyns vöru eða þjónustu sé óheimilt að hækka vöruverð eða gjaldtöku fyrir þjónustu nema það sé sérstaklega tilkynnt. Í fljótu bragði virðist manni þessi regla munu hafa þau áhrif, a.m.k. fyrst í stað, að seljendur muni reyna að hafa vaðið fyrir neðan sig. Þess vegna er það íhugunarefni hvort frv. af þessu tagi muni ekki hafa þveröfug áhrif við það sem ætlast er til og einmitt verka til hækkunar á vöruverði fremur en lækkunar.

Hins vegar vil ég taka undir það, sem hv. þm. sagði, að sá stöðugleiki sem nú er í verðlagi og efnahagslífi veldur því mjög fljótt að verðskyn almennings mun glæðast og þannig kemur sjálfkrafa eftirlit með vöruverði inn í verslanir og tíðar auglýsingar Verðlagsstofnunar um verðkannanir, sem fram fara á ýmsum svæðum á landinu, eru líka til þess fallnar að auka það eftirlit sem felst í því að almenningur sé upplýstur um vöruverð á einstökum stöðum.

Við þm. fengum í dag 16. tbl. verðkönnunar Verðlagsstofnunar í okkar bréfhólf og það eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem þar koma fram, sem sé þær að á sumum stöðum virðist það geta fest í sessi að álagning almennt sé óeðlilega há, eins og t.d. á Ísafirði. Á öðrum stöðum er vöruverð tiltölulega mjög lágt og það er engin tilviljun að það eru þeir staðir þar sem samkeppni er hörðust og stórmarkaðir hafa komið til sögunnar. Getum við tekið sem dæmi að verðlag á Húsavík er einungis 0,6% hærra en á Akureyri og enginn vafi á því að þessi litli munur á rætur sínar að rekja til þess að nýr stórmarkaður hefur risið þar, Kjarabót, sem veitir kaupfélaginu á staðnum mjög harða samkeppni.

Á hinn bóginn kemur fram að verðlag á Melrakkasléttu, það er svo orðað og mun átt við Kaupfélag Norður-Þingeyinga, var 3,3% hærra en á Húsavík. Verðlag á Þórshöfn var 1% hærra en á Raufarhöfn. Og verðlag á Vopnafirði var 2,4% hærra en á Melrakkasléttu. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar og lýsa tvennu: Í fyrsta lagi því að kaupfélagsverslunin er ekki nú og hefur kannske aldrei verið sú trygging fyrir lágu vöruverði sem helstu talsmenn samvinnufélaganna vilja vera láta og hins vegar sýnir þetta okkur hversu mikill verðmunur er á ýmsum stöðum í strjálbýli borið saman við það sem er á þéttbýlli svæðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en aðeins lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að efni þessa frv., ef að lögum verður, geti verið tvíeggjað. Ég er ekki jafnsannfærður við fyrstu sýn og hv. flm. og sá sem talaði á undan mér um að svo strangar reglur, sem hér er gert ráð fyrir, muni verka til lækkunar á vöruverði og í öðru lagi hygg ég að mjög erfitt verði að fylgja því eftir að seljendur fari eftir þeim bókstaf sem hér er lagt til að að lögum verði.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fróðlegt innlegg í umræðurnar, ekki síst hvað viðkom verðlagssamanburði þar sem vitnað var í nýja verðkönnun Verðlagsstofnunar. Ég ætla ekki að hætta mér út í miklar umræður um ágæti samvinnuverslunar, hvort sem hún er á Melrakkasléttu eða einhvers staðar annars staðar, í samanburði við annað verslunarform. Ég lít svo á að það þingmál, sem hér er til meðferðar, sé algerlega óháð slíkum hlutum. Ég tel enn fremur að vangaveltur um áhrif þessara reglna séu ekki í eðli sínu skyldar því hvort samkeppni er meiri eða minni í verslun heldur væri hér um að ræða upplýsingamiðlun til viðskiptavina verslananna. Mín viðmiðun er sú að slíkt sé ætíð af hinu góða. Ég hef ekki sömu áhyggjur og hv. 2. þm. Norðurl. e. um að þetta mundi leiða til þess að kaupmenn hefðu vaðið fyrir neðan sig og hækkuðu vörurnar meira í hvert sinn eða í upphafi, eins og mér fannst mega skilja á orðum hans. Ég hlýt þá að spyrja hv. þm. á móti hvort hann haldi ekki að a.m.k. á þeim svæðum þar sem hin svokallaða „frjálsa" samkeppni ríkir í verslun mundi hún sjálfkrafa sjá fyrir því að kaupmenn nýttu sér ekki þá möguleika sem í slíku kynnu að felast.

Ég vil benda á að útfærsla þessara reglna mundi ráða miklu um hvernig þær yrðu í framkvæmd. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að sett verði í lög stoð til að setja slíkar reglur sem síðan yrðu nánar útfærðar í reglugerð. Það er þannig með þessar reglur eins og allar aðrar verðlagsreglur að þeim er erfitt að framfylgja. Það er mjög erfitt, vegna þess hvers eðlis smásöluverslun er einkum og sér í lagi, að fylgjast með því í smáatriðum að slíkum reglum sé framfylgt. Við höfum átt um það ótal dæmi í dag.

Hér mundi eiga við alveg það sama og annars staðar að besta eftirlitið væri að almenningur sjálfur fylgdist með því að þessum reglum væri framfylgt, þ.e. ef almenningur lærði að nýta sér slíkar upplýsingar, sem ég er sannfærður um að hann mundi gera, kæmi besta aðhaldið með því að þessum reglum væri framfylgt frá viðskiptavinum verslunarinnar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég held að við vitum það báðir, ég

og hv. flm., að daglega er auglýst nýtt verð, t.d. á erlendum gjaldmiðli, og það getur því verið mjög mismunandi frá degi til dags eða einni viku til annarrar hvað neysluvörur kosta í íslenskum krónum vegna þeirra breytinga sem eru innbyrðis á erlendum gjaldmiðli og getur valdið því að vörur eru ekki nákvæmlega á sama verðinu tvær vörusendingar í röð. Þá er spurning hvernig með skuli fara, hvort kaupanda sé þá skylt, ef verðið þokast aðeins upp á við, að auglýsa sérstaklega í sinni verslun þær breytingar sem eru beinlínis komnar af minni háttar breytingum á verði erlends gjaldmiðils. Ég held að af praktískum ástæðum geti afleiðing svo strangra reglna, sem hér er gert ráð fyrir, orðið til þess að álagningin hækki til þess að menn hafi borð fyrir báru og þurfi ekki að vera með pennann á lofti eins og hv. þm. gerir ráð fyrir.

En ég skal ekki um þetta fullyrða, ég hef ekki íhugað þetta mál til neinnar þrautar, vildi aðeins koma fram þeirri almennu athugasemd að ég er ekki jafnsannfærður og þessir hv. þm. um að þetta frv., ef að lögum verður, verki til lækkunar. Ég vil raunar minna á að það er ekki langt síðan algerlega var óheimilt að hækka vöruverð í verslunum. Menn urðu að selja þær vörur sem þeir höfðu leyst til sín í verslanir á því verði sem þær voru keyptar í krónum talið og hið sama var að segja um heildverslanir, að þær máttu ekki leggja á vörur sannanlegt tjón sem heildverslanir höfðu orðið fyrir vegna þess að viðkomandi vörur voru greiddar með greiðslufresti og miklar breytingar orðið á gengi krónunnar þannig að menn urðu að selja vörurnar kannske langt undir raunverði.

Á tímum mikillar verðbólgu er augljóst að slíkt hlýtur að hafa mjög slæm áhrif, en ég skil að hv. þm. er orðinn svo hrifinn af því hversu góðan árangur stjórnarstefnan nú hefur borið að hann vill með þessum hætti vekja athygli á því að það sé jafnvel gerlegt að setja svo strangar reglur um verðbreytingar sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögtök og fjárnám, 1. umr.

Frv. HBl, 142. mál (úrskurðir og innheimtukostnaður). — Þskj. 151.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í þessu frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um lögtök og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar og eru þær í þágu lögtaksþola og til þess að minnka kostnað hans.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæðir í lögunum séu færðar til núgildandi verðlags.

Í öðru lagi er lagt til að um birtingu lögtaksúrskurða fyrir iðgjöldum til lífeyrissjóða og iðgjöldum af ábyrgðartryggingum bifreiða fari á sama hátt og um birtingu lögtaksúrskurða fyrir sköttum og öðrum líkum gjöldum. Hér er um gjöld að ræða sem margir skulda og getur verið mjög fyrirhafnarmikið og kostnaðarsamt að birta lögtaksúrskurð á hvern einstakan. Réttaröryggi yrði ekki hróflað þó að þessi leið yrði farin.

Í þriðja lagi er lagt til að svokallaður innheimtukostnaður falli ekki á lögtakskröfur. Lögtakskröfur eru sérstæðar og eru ýmsar iðgjaldakröfur og skattakröfur algengastar. Það er embættisskylda fógeta að annast um þessar kröfur og hreinn óþarfi að fela sérstökum innheimtumönnum slíkar kröfur til innheimtu. Þess eru dæmi að krafist hafi verið innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands af skattakröfum sem lögtakshæfar eru og er slíkt að öllum líkindum ólöglegt, en siðleysi ef lög eru. Er hér lagt til að tekinn sé af allur vafi í þessum efnum.

Rétt er að benda sérstaklega á að það er hreinn óþarfi fyrir þá sem lögtaksrétt eiga um kröfur sínar að fela þær lögmönnum til innheimtu. Einfalt bréf um lögtakskröfuna er fógeta nægur grundvöllur til lögtaks. Þó þykir rétt að greiðabeiðandi fái einhverja þóknun fyrir ritun þess bréfs.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Mér finnast þær tillögur, sem hér koma fram og hv. síðasti ræðumaður lýsti áðan, vera mjög til bóta og til þess fallnar að draga úr kostnaði lögtaksþola. Hitt er svo annað mál að það verður að vara mjög við því, sem fram kemur í 2. gr. frv., að hreppstjórar fái víðtækari heimild til að gera lögtök. Að vísu gerir flm. að tillögu sinni að heimild þeirra takmarkist við fjárhæð er nemi 100 þús. kr., en þess ber að geta í því sambandi að sú takmörkun er í raun ákaflega lítils virði vegna þess að langsamlega flestar, yfirgnæfandi meiri hluti af öllum lögtakskröfum er undir þessu marki þannig að þessi takmörkun gildir nánast ekki nema í undantekningartilvikum. Í raun væru lögtaksheimildir hreppstjóra óskoraðar nánast í öllum tilvikum.

Ég vek athygli á að það er ekki gerður áskilnaður við val á hreppstjórum að þeir hafi hlotið sérstaka almenna menntun, hvað þá að þeir hafi hlotið sérstaka fræðslu í löggjöf þessarar fjárðar. Þeir eru ekki lögfræðimenntaðir. Það ber að benda á í því sambandi líka að lögtak er í raun dómsgerð. Það er við það miðað að gerðarþoli eigi rétt til að andmæla. Það er við það miðað að sá sem framkvæmir lögtaksgerðina, þ.e. fógeti í hverju tilviki, verði að gæta sérstakrar þar til greindrar leiðbeiningarskyldu gagnvart gerðarþola. Ég get ekki séð að hreppstjórar séu til þess bærir og tel það ekki í þágu réttaröryggis að þeir fái heimild til lögtaksgerða.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég held að hv. þm. geri of mikið úr

þeirri heimild sem hér er gert ráð fyrir. Ég hygg að hann viti það eins og ég að auðvitað mundu hreppstjórar ekki framkvæma lögtak nema eftir skýrum fyrirmælum fógeta. Ég hygg að engin hætta sé á því að slys af því tagi geti gerst. En ég hef á hinn bóginn síður en svo á móti því að þetta mál hljóti hina fyllstu skoðun í nefndinni þannig að alls réttaröryggis sé gætt. Fyrir mér vakir auðvitað fyrst og fremst það að ekki hlaðist óhæfilegur kostnaður á litla kröfu.

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Ég taldi mér skylt að taka til máls um frv. vegna þess að ég hef nokkra þekkingu á því sem hér um ræðir þar sem ég hef gegnt störfum sem lögtaksfulltrúi í þremur sveitarfélögum og tel að fenginni reynslu vegna þeirra margvíslegu tilvika sem upp koma að það samrýmist ekki á neinn hátt réttaröryggi fyrir gerðarþola að ólöglærður maður framkvæmi slíkar gerðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðför, 1. umr.

Frv. HBl, 143. mál (kostnaður vegna gerðar o.fl.). — Þskj. 152.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í þessu frv. eru lagðar til þrjár breytingar á aðfararlögum til þess að tryggja rétt þeirra er fyrir aðför verða.

Í fyrsta lagi er lagt til að aukinn sé réttur gerðarþola til þess að halda eftir persónulegum hlutum við aðför og er lagt til að lögunum verði breytt í svipað horf og í Danmörku en felldar niður viðmiðanir í krónum. Telja verður að fógeti geti metið hvað eðlilegt sé að telja til heimilishalds hverju sinni. Í lögunum eins og þau eru nú eru tölur sem fyrir löngu eru úr sér gengnar og er það ákvæði nánast þýðingarlaust eins og það er í gildandi lögum.

Í öðru lagi er lagt til að fógeti geti framkvæmt aðför án þess að dómhafi sé viðstaddur ef gerðarþoli býr utan þeirra staða sem lögmenn starfa á og ferðakostnaður yrði mjög mikill miðaður við fjárhæð kröfunnar. Eftir núgildandi lögum þarf dómhafi ætíð að hafa mann fyrir sig og hefur það reynst ýmsu fólki, er býr í dreifbýli, kostnaðarsamt að greiða ferðakostnað lögmanna, t.d. flugfar og gistingu, en krafan oft innan við 10 þús. kr. Fógetar geta framkvæmt lögtök án þess að eigendur lögtakskröfu séu viðstaddir og er hér lagt til að fógetar geti á sama hátt gert fjárnám.

Í þriðja lagi er lagt til að fógeti ákveði aðfarargerðina, hvað gerðarþoli eigi að greiða gerðarbeiðanda í kostnað vegna gerðarinnar.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

16. fundur, fimmtudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ágúst Þorvaldsson, fyrrv. alþm. og bóndi á Brúnastöðum, andaðist í gær í sjúkrahúsi hér í borg, 79 ára að aldri.

Ágúst Þorvaldsson var fæddur í Simbakoti á Eyrarbakka 1. ágúst 1907. Foreldrar hans voru Þorvaldur verkamaður og sjómaður þar Björnsson bónda á Bollastöðum í Hraungerðishreppi Björnssonar og kona hans, Guðný Jóhannsdóttir bónda í Hæringsstaðahjáleigu og síðar í Eyrarkoti á Eyrarbakka Magnússonar. Nokkurra vikna var hann tekinn í fóstur á Eyrarbakka og var þar tíu fyrstu æviárin, en fluttist þaðan að Brúnastöðum í Hraungerðishreppi og átti þar heimili upp frá því. Rúman áratug, 1925–1936, var hann við sjóróðra í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðum. Bóndi á Brúnastöðum varð hann árið 1932.

Ágúst Þorvaldsson átti skamma setu á skólabekk, naut barnafræðslu fjóra vetur á æskuárum. Með bóklestri og við aðra lífsreynslu öðlaðist hann þann fróðleik og þá menntun sem entist honum til giftudrjúgrar forustu í félagsmálum á ýmsum sviðum. Hann var formaður Ungmennafélagsins Baldurs í sveit sinni 1932–1941, í hreppsnefnd Hraungerðishrepps 1936–1966, oddviti hennar frá 1950, í skattanefnd 1946–1950, úttektarmaður frá 1948 og sáttamaður frá 1950. Formaður áfengisvarnanefndar var hann frá 1961. Hann var í stjórn Mjólkurbús Flóamanna frá 1961, í stjórn Mjólkursamsölunnar frá 1966, formaður stjórnarinnar frá 1970. Frá 1976 var hann formaður jarðanefndar Árnessýslu og formaður Veiðifélags Árnesinga. Hann var í stjórn Framsóknarfélags Árnessýslu 1947–1967.

Við alþingiskosningarnar 1956 var hann kjörinn þingmaður Árnesinga og sat á Alþingi samfellt til vors 1974, var þm. Suðurlandskjördæmis frá hausti 1959, sat á 19 þingum alls. Formaður sparnaðarnefndar var hann 1956–57, í endurskoðunarnefnd laga um aðsetur ríkisstofnana 1959–1962, formaður Vélanefndar ríkisins 1958–1963 og 1967–1972, í endurskoðunarnefnd ábúðarlaga 1959 og í endurskoðunarnefnd laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins o.fl. 1972. Í bankaráði Búnaðarbanka Íslands var hann 1977–1980, hafði áður verið þar varamaður.

Ágúst Þorvaldsson var fyrst og fremst bóndi.

Hann vann lengstum að búi sínu, stýrði fjölmennu rausnarheimili, bætti jörð sína stórum að ræktun og húsakosti. Stéttarbræður hans kusu hann til forustustarfa og hann brást ekki því sem honum var til trúað.

Í tæpra tveggja áratuga setu á Alþingi átti hann lengst af setu í landbn. og fjvn. Landbúnaðarmál voru honum að vonum hugstæð og sinnti hann mest þeim málaflokki auk annarra nytjamála kjördæmis síns. Hann var vel máli farinn, þjálfaður af félagsstörfum frá unga aldri, hógvær og stefnufastur. Síðustu æviárin naut hann rósamrar elli á Brúnastöðum, hafði fengið bú þar í hendur sonum sínum.

Ég vil biðja hv. þm. að minnast Ágústs Þorvaldssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 12. nóv. 1986:

„Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég þarf að fara til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi og óska ég eftir því að 2. varafulltrúi Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Sigurður Þórólfsson oddviti í Innri-Fagradal, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni. 1. varafulltrúi, Jón Sveinsson, getur ekki tekið sæti vegna fjarveru minnar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Bréfi þessu fylgir yfirlýsing og kjörbréf Sigurðar Þórólfssonar sem þarf að taka til meðferðar. Er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki bréfið til meðferðar, en fundi er frestað í fimm mínútur á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf Sigurðar Þórólfssonar, 2. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi. 1. varamaður, Jón Sveinsson, er löglega forfallaður. Hann er í opinberum erindagerðum erlendis. Nefndin mælir með því að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sigurður Þórólfsson hefur ekki setið áður á Alþingi og vinnur nú heit að stjórnarskránni.

Sigurður Þórólfsson, 2. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sigurður Þórólfsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Reiðvegagerð, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP og ÓÞÞ, 82. mál. — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Auglýsingalöggjöf, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 84. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. n.eð 34 shlj. atkv.

Réttur launafólks til námsleyfa, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 72. mál (flutningur til Hvanneyrar). — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Tæknimat, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Hagkvæmni útboða, frh. fyrri umr.

Þáltill. HS o.fl., 93. mál. — Þskj. 94.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Áreiðanleiki skoðanakannana, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl og GHG, 123. mál. — Þskj. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Skýrsla samgrh., 144. mál. — Þskj. 153.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í árslok 1985 varð Hafskip hf. gjaldþrota og að hér væri um að ræða eitt mesta gjaldþrot fyrirtækis í sögu íslenska lýðveldisins. Er talið ósennilegt að heildartap ýmissa aðila af gjaldþrotinu verði undir 1 milljarði kr. Þar af áætlar bankaeftirlit Seðlabanka Íslands að einn ríkisbankanna, Útvegsbanki Íslands, muni tapa um það bil 600 millj. kr., en Hafskip hf. var um langt skeið einn helsti viðskiptaaðili bankans.

Það fer ekki hjá því að svo mikið gjaldþrot leiði til margháttaðra rannsókna. Ítarleg rannsókn á gjaldþrotinu hefur farið fram hjá skiptaráðendum og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Eru rannsóknargögn nú hjá ríkissaksóknara og er beðið ákvörðunar hans um ákæru. Ég mun ekki fjalla hér um rannsókn þessara aðila heldur rannsókn á grundvelli laga um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Lög þessi voru sett í desember 1985 eða skömmu eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Samkvæmt lögunum var Hæstarétti falið að tilnefna þrjá menn til að kanna viðskipti bankans og skipafélagsins. Í rannsóknarnefnd þessari áttu sæti Jón Þorsteinsson hrl. sem var formaður nefndarinnar, Brynjólfur I. Sigurðsson dósent og Sigurður Tómasson löggiltur endurskoðandi. Nefndinni var falið að hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskrh. sem skyldi síðan gera Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilaði mér skýrslu sinni s.l. mánudag. Nefndin hefur unnið þetta starf á tiltölulega skömmum tíma og vil ég hér með gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum í skýrslu hennar. Ég vil undirstrika að einungis er unnt að gera grein fyrir nokkrum helstu atriðum í skýrslunni, en að öðru leyti vísast til einstakra kafla hennar um nánari skýringar.

Í áðurnefndum lögum um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. nr.

119 frá 1985 var lagt fyrir rannsóknarnefndina að athuga hvort lánafyrirgreiðsla Útvegsbankans til Hafskips hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Athuganir þessar og niðurstöður liggja fyrir í einstökum köflum skýrslunnar, en niðurstöður hennar eru í stuttu máli þær, eins og segir í skýrslunni, að lánafyrirgreiðslan við Hafskip hafi hvorki verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins né eiginfjárstöðu þess og að tryggingum fyrir skuldum hafi verið mjög ábótavant.

Nefndin bætti því við að lánafyrirgreiðslan hafi heldur ekki verið í eðlilegu samræmi við eiginfjárstöðu Útvegsbankans. Nefndin rekur þróun viðskiptanna og segir á bls. 108:

„Meginástæðan fyrir því að viðskiptin fóru svo mjög úr skorðum var tvíþætt. Annars vegar var það mikill aðgæsluskortur af hálfu Útvegsbankans ásamt veilum í ríkisbankakerfinu. Hins vegar var það mikil og vaxandi lánsfjárþörf Hafskips. Félagið jók sífellt umsvifin þrátt fyrir ört versnandi efnahag. Með þessum umsvifum sýndu ráðamenn félagsins óraunsæja bjartsýni, en þeim tókst lengi vel að dylja raunverulega afkomu félagsins með vinnubrögðum sem ekki voru í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Síðustu árin voru þessi viðskipti orðin bankanum ofviða."

Ég mun víkja nánar að þessum atriðum síðar í ræðu minni.

Með lögunum var nefndinni enn fremur falið að kanna alla viðskiptalega þætti málsins sem henni þættu þurfa athugunar við, þó ekki þau atriði sem unnin væru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt. Ég mun víkja einnig að þessu síðar.

Að því er varðar aðgæsluskort af hálfu Útvegsbankans og veilur í ríkisbankakerfinu drepur nefndin á nokkur atriði. Á bls. 72 segir þannig:

„Að dómi nefndarinnar er það engum vafa undirorpið að bankastjórar Útvegsbankans bera meginábyrgð á þeim áföllum sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips, enda þótt bankastjórarnir eigi sér líka nokkrar málsbætur."

Þá segir á bls. 74:

„Stærsta yfirsjón bankastjóranna var að hafa tryggingar ekki í lagi og á þetta við um allt rannsóknartímabilið þótt síðustu árin ráði úrslitum í því efni. Hlutdeild í þessari yfirsjón verður að skrifa á reikning forstöðumanns lögfræðideildar bankans sem á árunum 1978–1985 fylgdist með tryggingunum og samdi yfirlit yfir stöðu þeirra með tilliti til skuldbindinga félagsins. Mikil verðlækkun kaupskipa eftir 1981 virðist að mestu hafa farið fram hjá bankastjórunum og forstöðumanni lögfræðingadeildarinnar. Það var fyrst í ágúst 1985 að bankinn leitaði eftir sjálfstæðum upplýsingum erlendis frá um markaðsverð skipa."

Síðar á sömu síðu segir:

„Það er augljóst að bankastjórar Útvegsbankans fylgdust ekki nægjanlega vel með rekstri og fjárhag Hafskips, einkanlega eftir 1981."

Nefndin greinir frá ítrekuðum erfiðleikum Hafskips í viðskiptum sínum við Útvegsbankann þar sem félagið stóð jafnvel á barmi gjaldþrots, en greinir frá því að bankanum hafi tekist að styðja félagið yfir erfiðustu hjallana, m.a. í kjölfar athugana og viðvarana bankaeftirlitsins. Í skýrslunni er tekið fram að slakað hafi á öllu eftirliti bankans með viðskiptunum við Hafskip eftir árið 1980, sbr. bls. 46 í nál. Segir að bankinn hafi ekki fylgst með fjárhag Hafskips á þann hátt að unnt hefði verið að gera ráðstafanir í tæka tíð til að tryggja hagsmuni hans, eins og segir á bls. 26, og á bls. 73 í skýrslunni eru helstu mistök bankastjóranna í viðskiptum við skipafélagið rakin lið fyrir lið, en þau eru orðrétt talin:

„1. Að gæta þess ekki að hafa nægar tryggingar fyrir skuldbindingum Hafskips.

2. Að fylgjast ekki nægjanlega vel með rekstri og fjárhag Hafskips, einkum eftir 1981.

3. Að gera ekki ráðstafanir til að knýja fram gjaldþrot eða sölu á eignum fyrirtækisins löngu fyrr en raun varð á.

4. Að gjalda ekki varhug við Atlantshafssiglingunum sem hófust haustið 1984."

Síðan segir að þessi mistök ásamt alvarlegum mistökum og óhöppum í rekstri Hafskips hafi runnið saman í einn óheillafarveg. Nefndin telur að eðlilegt hefði verið að nýkjörið bankaráð, sem tók til starfa í ársbyrjun 1986, hefði vikið öllum bankastjórum Útvegsbankans úr starfi um stundarsakir meðan rannsóknaraðilar væru að störfum.

Í þessu sambandi var m.a. tekið fram að miklar líkur hefðu þegar í upphafi bent til aðgæsluskorts og mistaka af hálfu bankastjórnarinnar. Bankaráðsmenn lýstu því þó yfir við nefndina að af þeirra hálfu hefði ekki komið til álita að víkja bankastjórunum frá um stundarsakir. Bankinn hefði ekki mátt við því að missa af reynslu þeirra og þekkingu á málefnum bankans, sbr. bls. 70. Eflaust hafa aðrar ástæður einnig haft einhver áhrif, t.d. það að verðlækkanir á skipum virtust hafa verið óvenjumiklar undir hið síðasta, en slíkar verðlækkanir gerðu veð bankans í þeim mun minna virði en áætlað hafði verið.

Því má bæta hér við til fróðleiks að verðlækkanir og jafnvel verðhrun á skipum átti sinn þátt í því að a.m.k. tvö stór norsk skipafélög, Augustsson og Rigsten, urðu gjaldþrota og fengu jafnvel heimsþekktir bankar, eins og City Bank og Hambrosbanki, talsvert mikla skelli þótt þessir bankar hafi mikla reynslu af alþjóðaviðskiptum og hafi miklu sérfræðingaliði á að skipa. Nefndin telur að bankaráð Útvegsbankans hafi einkum látið tvennt undir höfuð leggjast og vitna ég þá í bls. 66:

„1. Að marka almenna útlánastefnu fyrir bankann. M.a. þurfti að kveða á um hámark útlána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna með hliðsjón af stöðu bankans á hverjum tíma.

2. Að fylgjast vel með stærstu lánþegum bankans, skuldbindingum þeirra og tryggingum."

Á bls. 67 kemur fram að samkvæmt fundargerða-

bók hafi málefni Hafskips aldrei verið rædd í bankaráðinu frá því í nóvember 1977 þar til í mars 1985. Það vakti eftirtekt nefndarinnar að bankaeftirlitið, sem hafði haft margháttuð afskipti af stöðu Hafskips gagnvart Útvegsbankanum, hafði engin afskipti af viðskiptum bankans og félagsins á tímabilinu frá mars 1980 til júlí 1985. Ef bankaeftirlitið hefði látið til skarar skríða haustið 1984 taldi nefndin að slíkt hefði að öllum líkindum getað orðið til þess að draga úr þeim áföllum er síðar komu fram eins og ljóst er ef við lesum álitið á bls. 83. Var bankaeftirlitið gagnrýnt fyrir að hafa ekki skoðað skuldastöðu Hafskips við Útvegsbankann á þessu fimm ára tímabili þótt tekið væri fram að bankaeftirlitið hefði þegar á heildina væri litið sýnt bæði skarpskyggni og vandvirkni í þeim athugunum sem það hefði áður gert og hvað eftir annað varað sérstaklega við þróun mála í samskiptum aðilanna.

Eins og ég sagði fyrr vék nefndin að óraunsærri bjartsýni ráðamanna Hafskips er þeir juku sífellt umsvifin þrátt fyrir ört versnandi efnahag. Helstu orsakir gjaldþrotsins voru raktar til langvarandi taprekstur félagsins, missis varnarliðsflutninganna vorið 1984 og Atlantshafssiglinganna sem hófust haustið 1984. Eflaust hafa þessir menn einhverjar málsbætur, enda verður ekki séð fyrir öllu í áhætturekstri, til dæmis missi varnarliðsflutninganna auk óvenjumikilla og snöggra verðlækkana á skipum.

Eins og áður sagði greindi nefndin frá því í niðurstöðum sínum að ráðamönnum félagsins hefði tekist lengi vel að dylja raunverulega afkomu félagsins með vinnubrögðum sem voru ekki í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Nánar segir frá því á bls. 49 í skýrslu nefndarinnar að niðurstaða endurreiknings og samanburðar á hennar vegum sé sú að reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga samkvæmt ársreikningum Hafskips séu ekki í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur og rekstrarreikningar hafi gefið verulega ranga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árunum 1982 og 1983. Í reynd hafi verið um taprekstur að ræða þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður samkvæmt framlögðum rekstrarreikningum félagsins.

Á bls. 53 segir um sama atriði að ársreikningagerð árin 1982 og 1983 hafi verið ábótavant. Ónákvæm aðferð við útreikning á reiknuðum tekjum vegna verðbreytinga hafi gefið notanda ársreikninga félagsins 1982 og 1983 allt aðra mynd af rekstrarafkomu félagsins en hún var í raun. Þrátt fyrir ágalla hafi þó mátt lesa um hættumerki í skýringum og öðrum upplýsingum sem í ársreikningunum voru.

Jafnframt segir að í skýrslunni hafi áður verið lýst að bankinn hafi ekki látið framkvæma neina úttekt eða skoðun á ársreikningum félagsins árin 1981–1983. Af þeim sökum m.a. hafi ráðamenn bankans aldrei gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu félagsins. Jafnvel þótt tekjufærsla vegna verðlagsbreytinga hafi verið misreiknuð og rekstrarreikningar áranna 1982 og 1983 þannig sýnt þóknanlegri niðurstöðu átti sú niðurstaða ekki að afvegaleiða notanda þegar öll önnur atriði voru tekin inn í myndina, hvort sem þau voru sérstaklega skýrð í ársreikningunum eða ekki. Þá segir á bls. 75 að fjárhagsstaðan í árslok 1983, sem öllum virtist ókunn þá, hafi í raun falið í sér gjaldþrot.

Að því er varðar önnur rannsóknarefni vil ég nefna að á sínum tíma var Albert Guðmundsson núv. iðnrh. sakaður um að hafa misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf. við bankann. Albert var um tíma nokkrum árum fyrir gjaldþrotið samtímis stjórnarformaður Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans, nánar tiltekið á tímabilinu frá janúar 1981 til júní 1983. Í skýrslu nefndarinnar segir m.a. á bls. 96:

„Þegar litið er til lánveitinga Útvegsbankans til Hafskips verður ekki séð að fyrirgreiðsla bankans við félagið aukist miðað við starfsumfang þess á bankaráðsárum Alberts Guðmundssonar. Á þessum árum var hins vegar slakað á hagsmunagæslu bankans, t.d. kröfum um raungildi veða."

Á sömu síðu segir:

„Ekkert hefur komið á daginn sem bendir til þess að Albert Guðmundsson hafi beitt áhrifum sínum í Útvegsbankanum til hagsbóta fyrir Hafskip. Bankastjórarnir, sem á umræddu tímabili störfuðu í Útvegsbankanum, hafa allir lýst því yfir að Albert Guðmundsson hafi aldrei farið þess á leit við þá að þeir veittu félaginu fyrirgreiðslu."

Þá segir á bls. 97:

„Á hitt ber að líta að staða Alberts Guðmundssonar sem bankaráðsformanns og stjórnarformanns var almennt til þess fallin að styrkja stöðu Hafskips hjá Útvegsbankanum með óbeinum áhrifum án þess að hann, sem þar að auki var áhrifamikill maður í þjóðfélaginu, þyrfti að beita sér persónulega."

Eins og áður segir slaknaði ekki aðeins á eftirliti bankans með skipafélaginu eftir 1980 heldur og eftirliti af hálfu bankaeftirlitsins. E.t.v. hefur hin ranga mynd sem ársreikningar fyrirtækisins fyrir árið 1982 og 1983 gáfu leitt til meira andvaraleysis en ella hefði orðið.

Það er of snemmt að draga nú þegar endanlegar ályktanir af öllu því sem snertir Hafskipsmálið og skýrslu rannsóknarnefndarinnar, en menn hljóta að velta vöngum yfir ýmsu og ég vil drepa á nokkur atriði. Ein mikilvægasta spurningin sem hugleiða þarf er hvort ástæða sé til að setja í lög hér á landi ákvæði um hámark lánveitinga innlánsstofnana til einstakra fyrirtækja eins og gert er samkvæmt upplýsingum nefndarinnar í flestum nágrannalandanna. Þannig er miðað við 35% af eigin fé í Danmörku, 50% í undantekningartilfellum. Einhverjir erfiðleikar kunna að vera á orðalagi slíkra ákvæða hér á landi vegna sérstakra aðstæðna, t.d. stærðar fyrirtækja í litlum byggðarlögum, en hugsanlega mætti leysa úr því með eðlilegum undanþágumöguleikum í lögunum. Að vísu eru til lagaákvæði sem hníga í þessa átt hér á landi. Í 15. gr. nýju laganna um Seðlabanka Íslands, þar sem vikið er að hlutverki

bankaeftirlitsins, segir að bankaeftirlitið skuli fylgjast með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingu, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Engin prósentutala er nefnd í þeirri grein, en menn þurfa að hugleiða hvort nokkuð minna dugi en skýr viðmiðun. Engin prósentutala er heldur í 21. gr. laga um viðskiptabanka og 24. gr. laga um sparisjóði sem kveða á um að bankaráð eða sparisjóðsstjórnir setji almennar reglur um lánveitingar sem senda skuli bankaeftirlitinu.

Í grg. með frumvörpunum til laganna er m.a. vikið að því að unnt væri á þessum grundvelli að leggja bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé banka eða sparisjóða. Ég endurtek að engin prósentutala er nefnd í þessum tilteknu lagaákvæðum. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að slíkar hugmyndir hafi ekki fundið náð fyrir augum þeirrar nefndar sem samdi frv. til l. um viðskiptabanka. Gjaldþrot Hafskips kom hins vegar til eftir að nefndin starfaði og verður að vega og meta hvort slíkt eigi ekki að hafa einhver áhrif. Nefndin sagði að slíkt ákvæði gæti hvatt til sameiningar banka. Ákvæðið gæti einnig leitt til þess að stór fyrirtæki yrðu að leita til fleiri en einnar bankastofnunar. Áhættunni yrði þannig dreift. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að bankaslys sem þetta endurtaki sig í íslenskum innlánsstofnunum.

Það er athyglisvert að bankaráð Útvegsbanka Íslands tók samkvæmt fundargerðabók ekki fyrir málefni Hafskips sem viðskiptavinar bankans um fjölmargra ára skeið frá því í nóvember 1977 þar til í mars 1985. Hér hljóta menn að hugleiða hvort ekki væri til bóta að setja lög um viðskiptabanka, ákvæði um sérstaka skyldu bankaráða til að fjalla um stöðu helstu viðskiptavina bankanna gagnvart viðkomandi bönkum. Svipað ákvæði kæmi þá væntanlega líka til álita varðandi sparisjóðina.

Eins og ég vék að tók nefndin til meðferðar hugsanlegan hagsmunaárekstur, þ.e. formaður bankaráðs Útvegsbankans var um skeið stjórnarformaður Hafskips nokkrum árum áður en til gjaldþrots kom eins og ég sagði áðan. Ekki var sýnt fram á að tjón hefði hlotist af í tilviki því sem hér um ræðir. Bent var á að þetta væri ekkert einsdæmi. Komið hefði fyrir að fyrirsvarsmenn mestu skuldunautanna hefðu átt sæti í bankaráðum ríkisbankanna. Þessi spurning er þó víðtækari en svo að hún sé bundin við starfsemi innlánsstofnana.

Hugleiða má út frá almennum sjónarmiðum hvort setja ætti í lög að menn gætu t.d. ekki samtímis verið formenn bankaráða og stjórna sparisjóða og formenn í stjórnum stærstu viðskiptavina þessara innlánsstofnana. Má jafnvel halda því fram að öruggara sýnist að hafa lagaákvæði um þessi atriði en styðjast við frjálsar ákvarðanir hverju sinni. Þá kemur til athugunar að setja skýrari ákvæði í lög til að tryggja betur að innra eftirlit banka eða annarra innlánsstofnana með helstu viðskiptavinum sé raunhæft. Slíkt kostar auðvitað aukið fé og fyrirhöfn, en ekki virðist vanþörf á því þegar litið er til þess hversu stórir skellir geta ella hlotist af.

Hér er m.a. átt við eftirlit með rekstri stærstu viðskiptavina innlánsstofnana, t.d. þegar viðkomandi fyrirtæki leggja út í áhættusamari tegund rekstrar en áður, sbr. Atlantshafssiglingar Hafskips svo að ég nefni eitt dæmi. Þá þarf að leggja í meiri vinnu þannig að tryggingar séu í sem bestu lagi og sjá verður í því sambandi til þess að of miklum margháttuðum skyldum sé ekki hlaðið á einstaka starfsmenn eins og ég hef grun um að hafi gerst í þessu tilfelli.

Með tilliti til þess að fram kom í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að bankaeftirlitið hefði ekki um nokkurra ára skeið gert neina sérstaka könnun á stöðu Hafskips gagnvart Útvegsbankanum kemur til álita að skerpa þurfi ákvæði í lögum um Seðlabanka Íslands þannig að bankaeftirlitið leggi sérstaka áherslu á að athuga stöðu stærstu viðskiptavina a.m.k. gagnvart helstu innlánsstofnunum.

Ég vek athygli á því að ég sagði í samtali við fréttamenn í gærkvöld að ég væri andvígur þeirri skoðun nefndarinnar að það hefði átt að víkja núverandi bankastjórum Útvegsbankans frá starfi. Það hefur ekkert komið fram sem hefur sannað að það hafi átt að víkja þeim frá starfi. Ég vil líka minna á að nefndin fer nokkuð út fyrir sitt starfssvið þegar hún tekur sig til að dæma Alþingi fyrir kjör á mönnum í bankaráð Útvegsbankans, en það kjör fór fram ef ég man rétt 21. des. 1985.

Við það kjör verður aðeins ein breyting á bankaráðinu. Þrír stjórnmálaflokkar velja sömu menn í bankaráðin og voru áður. Aðeins einn flokkur breytir um mann, tekur mann sem var í bankaráði Landsbankans og færir hann yfir í Útvegsbankann en bankarnir eru við sömu götu. Ég held að þessi breyting hafi verið afar lítil og í raun og veru sá Alþingi ekki ástæðu til að skipta um menn í bankaráðum með þessum hætti nema að þessu eina leyti og hví átti þá að veita mönnum lausn sem voru ekki nema lítinn hluta af því tímabili sem þessi rannsókn og aðfinnslur ná yfir? Ég tel að það eigi engan mann að dæma fyrir fram. Það verði að bíða eftir dómsvaldinu í þeim efnum. Það á heldur engan að sýkna fyrir fram. Og eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar eru þessi mál í höndum dómsvaldsins, í höndum skiptaráðanda, hafa verið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hluta til og eru nú hjá ríkissaksóknara. Hann tekur ákvörðun um hvort eigi að ákæra einhverja tiltekna aðila eða ekki og þá verður það mál tekið fyrir hjá réttum aðilum. Þess vegna verðum við að bíða eftir þeirri niðurstöðu.

Í þessari ræðu minni hef ég ekki fjallað um endurskipulagningu bankakerfisins og lausn á fjárhagsvanda Útvegsbankans. Það er annað mál. Fyrstu tillögum var dreift til þm. í gær. En það er mál sem er orðið mjög aðkallandi og þarf að fara að

nást samkomulag um. En það eru flókin mál og erfið sem gæti tekið langan tíma að ræða hér. Ég hygg að það sé skynsamlegra að ræða þau mál bæði á milli flokka og á milli þm., hvaða leið er markvissast að fara til að sjá að mikilvægar breytingar geti þar átt sér stað.

Út af þeim hugleiðingum, sem ég hef komið fram með um nauðsyn þess að breyta lögum eða setja skýrari ákvæði, bæði viðskiptabankalög og seðlabankalög, þá hef ég ekki endanlega tekið ákvörðun um en mér þætti mjög líklegt að ég hallaðist að þeirri skoðun að það væri nauðsynlegt að skipa nefnd, sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna hér á þingi ættu aðild að, til þess að fjalla um það atriði en það væri ekki eingöngu á vegum ríkisstjórnarinnar, því hér er um mjög stórt og mikið mál að ræða sem ég held að sé fengur að að fulltrúar allra flokka eigi kost á að fjalla um.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að ég tel að sú hugmynd, sem hæstv. viðskrh. nefndi hér í lok máls síns áðan, að skipa nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem fulltrúa eiga á Alþingi til að fara yfir þessi bankamál, m.a. skipulagsmál bankanna, sé skynsamleg, sérstaklega ef takast á að leysa úr þessum vandamálum nú í vetur, sem er brýnt að verði. Það má að mínu mati ekki dragast stundinni lengur að tekið verði á þeim vandamálum sem við erum hér aðeins að fjalla um í dag í tengslum við Útvegsbanka Íslands. En það er alveg ljóst af þeirri skýrslu sem við höfum fyrir framan okkur um Útvegsbanka Íslands að hér getur verið um að ræða vandamál sem snerta alla banka í landinu, ekki bara ríkisbanka heldur líka einkabanka. Það getur verið um það að ræða í öðrum bönkum að hlutir séu ekki nægilega vel tryggðir, að veð séu ekki nægilega glöggt metin, að upplýsingar séu ekki yfirfarnar með nægilegri gagnrýni í huga. Mér sýnist að þetta Útvegsbankamál og þessi skýrsla setji bankamálin í heild á dagskrá Alþingis og stjórnmálaflokkanna.

Ég vil að öðru leyti segja það um skýrsluna að hún er allskýr. Hún er skrifuð á mannamáli, sem er ekki mjög algengt með opinberar skýrslur. Og það er ástæða til að þakka það sérstaklega þegar slíkt gerist. Textinn er skýr og aðgengilegur og nokkuð glöggt hvað nefndin er að fara með þeim texta sem lagður hefur verið fyrir okkur.

Efnisatriði skýrslunnar eru sum ógnvekjandi, að ekki sé meira sagt. Sumt er þannig í þessari skýrslu að ástæða er til að gera við það athugasemdir og hreyfa alvarlegri gagnrýni. M.a. tel ég að það hafi ekki verið hlutverk nefndarinnar að fjalla um þátt Alþingis sérstaklega, eins og hún gerir í þessari skýrslu, en að öðru leyti er skýrslan glögg og nauðsynlegt gagn til að hafa við hendina þegar við ræðum þessi mál á komandi mánuðum.

Ég vil hins vegar taka undir það, sem kom hér fram hjá hæstv. viðskrh., að það er hætt við því að þetta sé aðeins fyrsta vers, fleira eigi eftir að koma fram úr samskiptum Útvegsbankans og Hafskips á komandi mánuðum sem skýri myndina enn þá frekar, og þess vegna sé ekki ástæða til þess að líta svo á að með þessari skýrslu sé þetta vandamál tæmt, heldur þvert á móti að við höfum með þessari skýrslu séð aðeins í upphaf málsins.

Ég vil í tilefni af orðum viðskrh. einnig minna á það að hann gat um að gera þyrfti breytingar á bankalögum. Það er athyglisvert að ráðherrann skuli flytja þær hugmyndir núna vegna þess að hann tók þátt í því vorið 1985 að fella brtt. við viðskiptabankalögin, brtt. sem ég flutti, þar sem gert var ráð fyrir heimild til ráðherra til að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Í tillögu minni var gert ráð fyrir því að bankaeftirlitið gerði tillögur til ráðherra um þessa takmörkun og eins og ég sagði áðan þá var þessi tillaga felld. Ég held að það hafi verið mikil mistök að fella þessa tillögu. Ég held að það væru líka mikil mistök að setja inn í bankalögin fastbundna prósentu í þessu efni. Ég held að það væri mikið skynsamlegra að um væri að ræða reglugerðarheimild handa ráðherra. Ég tel að þessar prósentuviðmiðanir gætu jafnvel verið mismunandi eftir bönkum og aðstæðum þeirra. Í þeim efnum þyrfti kannske að setja strangari reglur um veika eiginfjárstöðu banka eins og Útvegsbankans, heldur en t.d. er um að ræða í Búnaðarbankanum eða Landsbankanum. Ég held að það hafi verið mikil mistök að fella þessa tillögu, en ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur undir efni hennar og opnar fyrir það að slík breyting verði samþykkt og gerð að lögum í vetur. Þá vil ég einnig minna á till. sem ég flutti á þinginu vorið 1985, sem var á þessa leið:

„Bankarnir skulu birta opinberlega lista yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári er nema hærri fjárhæð en 20 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 millj. í viðkomandi stofnun."

Ég tel að birting slíkra upplýsinga mundi vekja umræðu reglulega um stöðu bankanna gagnvart einstökum skuldurum og viðskiptamönnum bankanna, umræðu sem yrði með þeim hætti að útilokað væri fyrir bankastjóra að koma eftir á og segja: Þetta eru hlutir sem við vissum ekki um. Vegna þess að umræða mundi opna málið og leiða til þess að menn yrðu dæmdir til að taka á málinu.

Þegar Alþingi fjallaði um þetta mál fyrir réttu einu ári þá fluttum við Alþýðubandalagsmenn tillögur um það að Alþingi fengi að fylgjast með þessari rannsókn. Því miður voru þær tillögur felldar. Alþingi mátti ekki koma nálægt málinu fyrr en skýrslan væri tilbúin. Nú liggur hún hér fyrir.

Það voru fjögur atriði eða kannske fimm sem nefndinni var falið að fjalla um.

Í fyrsta lagi var hlutverk hennar að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í

viðskiptum Útvegsbanka og Hafskips hf. á undanförnum árum. Svar nefndarinnar er: Já. Það hefur verið um að ræða óeðlilega viðskiptahætti.

Í öðru lagi átti nefndin að fjalla um það hvort um óeðlilega viðskiptahætti hefði verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. eða í viðskiptum Hafskips við aðra aðila. Ég tel að þetta sé einn veikasti þáttur skýrslunnar, hvað skýrslan tekur lítið á viðskiptum Hafskips við aðra aðila en Reykvíska endurtryggingu og Íslenska skipafélagið, sem svo var kallað, sem ég kem hér aðeins að á eftir. Ég tel að þarna hefði nefndin þurft að fara mikið rækilegar ofan í saumana á fyrirtækjatengslum Hafskips vegna þess að það er vitað að fjöldi fyrirtækja tengdist Hafskip með ýmsum hætti, m.a. þeim að forráðamenn margra stórfyrirtækja áttu aðild að Hafskipi sem hluthafar eða jafnvel sem stjórnarmenn.

Síðan segir: Nefndin á að athuga hvort lánafyrirgreiðsla Útvegsbankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins. Nefndin svarar: Nei. Lánafyrirgreiðslan var of mikil miðað við starfsumfang fyrirtækisins.

Nefndin átti líka að kanna hvort lánafyrirgreiðslan hefði verið í samræmi við eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Svar nefndarinnar er: Nei. Fyrirgreiðslan var of mikil miðað við eiginfjárstöðu fyrirtækisins.

Og það er líka spurt: Var fyrirgreiðslan eðlileg miðað við þær tryggingar sem lagðar voru fram fyrir skuldum? Svar nefndarinnar er: Nei.

Hér er sem sagt um að ræða, að mínu mati, mjög afdráttarlausa niðurstöðu í þessum efnum af hálfu nefndarinnar.

En hvernig stendur á því að þetta gerist? Hvað er það sem hefur gerst? Eru það bankastjórar, eru það bankaráðsmenn, eru það forstöðumenn hagdeilda, lögfræðideilda, Seðlabankans, bankaeftirlitsins, eða hvað? Hverjir eru það sem hérna bera ábyrgð? Og hvernig stendur á því að þessi ósköp gerast? Svar við þeirri spurningu er að finna á bls. 44 í skýrslunni. Þar er birtur orðréttur kafli í skýrslu forstöðumanns hagdeildar Útvegsbankans sem hann sendi bankastjórn um úttekt á félaginu 1. apríl — en á þeim dögum gerist ýmislegt eins og menn vita — 1981. Orðrétt segir í þessari skýrslu:

Í fyrsta lagi. „Stuðningur Útvegsbankans við Hafskip kemur í veg fyrir einokun og stuðlar að heilbrigðri samkeppni . . .“ Með öðrum orðum, það var litið svo á af Útvegsbankanum, eða a.m.k. ákveðnum aðilum þar, að það væri nauðsynlegt að taka áhættu fyrir hönd bankans til þess að halda uppi því sem kallað hefur verið „heilbrigð samkeppni“, m.ö.o. pólitískt markmið sem þarna er sett, burtséð frá í rauninni afkomu bankans.

Í öðru lagi segir: „Forsvarsmenn fyrirtækisins eru duglegir og hæfir stjórnendur sem hafa sterkt afl á bak við sig.“ Hvaða sterka afl er það sem forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu á bak við sig? Hið sterka afl er Sjálfstæðisflokkurinn. Forráðamenn Sjálfstfl., ráðherrar Sjálfstfl., bankaráðsmenn Sjálfstfl., bankastjórar Sjálfstfl. og fjölmiðlar Sjálfstfl. eins og DV, svo dæmi sé tekið. Með öðrum orðum: Þegar verið var að lána Hafskipi hf. þá var ekki bara spurt um veð og tryggingar eignanna, lausafjármuna, skipa, aðstöðu. Á bak við allt var hið pólitíska veð. Hið pólitíska veð í hinu sterka afli sem heitir Sjálfstæðisflokkurinn. Það er hins vegar ástæða til að benda á það til viðbótar í þessu efni að Hafskip og Útvegsbankinn hafa orðið pólitískt bitbein innanflokksátaka í Sjálfstfl. vegna þess að á milli Hafskipsmanna og Eimskipafélagsmanna lágu línur, átakalínur innan Sjálfstfl. um margra ára skeið. Útvegsbankinn og Hafskip líka guldu fyrir þetta pólitíska innanflokksstríð sem stóð yfir í Sjálfstfl. um margra ára skeið.

Þriðja skýring hagdeildarinnar 1981, og ég endurtek að þetta var skrifað 1. apríl það ár, um viðskiptin er þessi: „Ekki er beinlínis um áhættusaman atvinnurekstur að ræða.“ Þetta var stefnan.

Og í fjórða lagi: „Vel er fylgst með rekstrinum og ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir bankann að grípa í taumana ef hætta er á ferðum.“ Þetta var síðasta orðið sem kom frá hagdeild bankans, samkvæmt þessari skýrslu, frá 1981 til 1985. Á tímabilinu þar á milli er samkvæmt þessari skýrslu ekki um það að ræða að hagdeildin hafi lagt mat á hlutina.

Ég vil í tilefni af þessu sérstaklega spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann kannað þetta atriði? Getur það verið að hagdeildin hafi ekki verið spurð um stöðu þessa fyrirtækis í fjögur ár? Það er með ólíkindum. Það er blátt áfram ótrúlegt að svo hafi verið. Skýringin á þessum slappleika og mistökum, sem þarna er um að ræða, liggur m.ö.o. í hinu sterka afli, hinu sterka pólitíska afli. Það er þess vegna rangt sem segir í skýrslunni að það sé hið pólitíska kerfi, hið pólitíska eftirlitskerfi bankanna sem þarna beri sök fyrst og fremst í þessu efni. Niðurstaðan er sú að það er hin flokkspólitíska einokun Sjálfstfl. á þessu máli, öllum endum þess, sem ræður úrslitum og ber að skoða sérstaklega.

Það er ekki viðeigandi, herra forseti, að ég fari í þessari ræðu minni núna að setja á mjög langar umræður um einstök atriði í skýrslunni vegna þess að hér þurfa fulltrúar fleiri þingflokka að komast að. Það hefði verið freistandi að fara hér yfir fyrirtækjatengsl Hafskips við fyrirtæki eins og Frjálsa fjölmiðlun, við fyrirtæki eins og Íslenska skipafélagið, við fyrirtæki eins og Arnarflug, sem var veitt syndakvittun hér á s.l. vori með sérstakri ríkisábyrgð. Það væri fróðlegt að rifja hér upp upplýsingar sem komu fram í fyrra um sukkið í rekstri þessa fyrirtækis, m.a. í ræðum sem voru fluttar þá úr þessum stól af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, svimandi há laun forráðamanna þessa fyrirtækis, lúxuslifnað á kostnað fyrirtækisins, bæði hérlendis og erlendis, en tíminn leyfir ekki að farið verði út í það hér.

Hitt verð ég aðeins að nefna að í skýrslunni er þáttur sem heitir Alberts þáttur Guðmundssonar, og þar er átt við hæstv. iðnrh., minnir á kaflafyrirsagnir í Íslendingasögum um Sneglu-Halla þátt og fleiri

góða þætti. Þar er Alþingi gagnrýnt sérstaklega fyrir það að hafa kosið hæstv. iðnrh. í bankaráð Útvegsbankans. Og síðan er það gagnrýnt sérstaklega að viðskrh. skuli hafa hnykkt á þeirri andvaralausu kosningu með því að skipa þann mann. Nú er það svo á vissum fréttamiðlum hér í landinu að í hvert sinn sem þeir heyra góðs manns getið og gott verk unnið þá telja þeir jafnan að ég hafi unnið það verk. Þess vegna var mér á ákveðinni sjónvarpsstöð hér eignað það verk að hafa skipað Albert Guðmundsson formann bankaráðs Útvegsbankans. En svona til að hafa hlutina rétta í sögulegu samhengi þá var það nú ekki, heldur var það maður sem heitir Tómas Árnason, og situr nú í Seðlabanka, hefur forframast í peningakerfinu. Auðvitað er það þannig að Alþingi ber þarna ábyrgð. Sá flokkur sem tilnefnir viðkomandi mann ber þarna ábyrgð. Ráðherrann og ríkisstjórnin bera þarna ábyrgð. Það er engu að síður útilokað að sakfella á grundvelli þessara plagga einn eða neinn, eins og þau liggja hér fyrir, það er verkefni annarra að kveða upp dóma. En það segir í skýrslunni þó fullum fetum: Málið var aldrei lagt fyrir bankaráðið frá 1981 fyrr en allt var komið í óefni — á bls. 95 í þessu plaggi. Af hverju skyldi það vera? Getur verið að það hafi stafað af því að bankastjórarnir hafi viljað sýna hæstv. iðnrh., sem þá sat í bankaráðinu, þá tillitsemi að taka ekki upp í bankaráðinu verkefni og vanda þess stóra fyrirtækis sem hann á sama tíma veitti forstöðu? Ég orða þetta svona til að undirstrika að það að fulltrúi þessa stóra fyrirtækis er þarna inni, það veikir í raun bankastjórana í þessu efni. Þess vegna er baktryggingin í hinu sterka afli í rauninni engin trygging, og hún veikir bankana á þessum tíma, þegar allt kemur til alls. Því nefndin segir meira. Hún segir hvorki meira né minna en þetta: „Á þessum árum var hins vegar" — eins og það sé eitthvert minna mál — „slakað á hagsmunagæslu bankans [gagnvart félaginu]." Og það eru aldeilis upplýsingar um það sem birtast okkur hér í þessari skýrslu á mörgum síðum hennar. Ég kem hér á eftir aðeins nánar að hlutverki bankans, bankaeftirlitsins, bankastjóra og bankaráða. En ég get ekki sagt að mér finnist þessi kafli, um Alberts þátt Guðmundssonar, sterkasti hluti skýrslunnar.

Í plagginu er rakinn vandi Hafskips, af hverju hann stafar. Þar kemur fram að menn telja að hermangstekjur fyrirtækisins hafi verið verulegur þáttur í tekjum þess af Íslandssiglingum, eins og það er orðað. Það er talað um að það hafi verið 30–35% af tekjum af flutningum fyrir herinn yfirleitt. Síðan segir um forráðamenn Hafskips, þegar menn velta því fyrir sér: Af hverju hættu þeir ekki þessum hernámsflutningum, af hverju hættu þeir ekki?" Og því er svarað, þar kemur enn sterka aflið inn í: „Þeir treystu á mátt stjórnvalda til þess að endurheimta þessa flutninga skjótlega og héldu því uppi kostnaðarsömum áætlunarferðum til Bandaríkjanna næstu mánuðina. Þegar sú von brást var tapið orðið mikið." Með öðrum orðum, enn og aftur komum við að því að það er hið pólitíska mat forráðamannanna og hinar pólitísku tryggingar sem þeir ætlast til að dugi fyrirtækinu og tengslum þess við Útvegsbankann í þessu máli.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara hér ítarlega yfir þær hroðalegu lýsingar sem eru í skýrslunni á tryggingatöku hjá fyrirtækinu á undanförnum árum. Tryggingarvíxill upp á nærri milljón þýsk mörk, metinn ónýtur 1978, liggur sem fullgild trygging enn þá 1985 þegar bankaeftirlitið fer aftur að sinna málinu. Tryggingargildi skipanna í eigu Hafskips er ekki lækkað á þeim tímum þegar skipaverð fer hraðlækkandi, það er hækkað. Það er hækkað úr 70% upp í 85% af markaðsverði skipanna. Og það kemur fram í skýrslunni að veð eru tvítekin, upp á hálfa milljón dollara er það tiltekið í einu tilviki að veð eru tvínotuð. Ja, þvílíkt og annað eins! Og þó lá þetta fyrir í veðbókarskjölum sem lögfræðingar og aðrir aðilar í bankanum höfðu átt að hafa aðgang að. Athugasemdin er þinglýst, að þetta veð hafi verið tekið annars staðar. Þetta sjá menn, en samt er haldið áfram. Og það kemur fram að á heilum 14 mánuðum, það er fullyrt í þessari skýrslu að á heilum 14 mánuðum hafi aldrei sést hjá bankastjórum yfirlitsblöð um tryggingar fyrirtækisins, en venjulega eru slík yfirlitsblöð framleidd í hagdeildum mánaðarlega eða svo þegar um stærri viðskiptaaðila er að ræða. Það kemur líka fram að upplýsingar um veðmat skipanna koma bara frá Hafskip og eru aldrei sannreyndar í bankanum, fyrr en á árinu 1985.

Ég sagði það hér áðan, herra forseti, að þessi skýrsla gæfi tilefni til að athuga fleiri banka. Ég vil endurtaka það í tilefni af þessu. Ætli þetta sé svona víðar? Ætli það geti verið að ríkisbankarnir, eða bankar hér yfirleitt, taki bara við upplýsingum frá fyrirtækjunum sem góðri og gildri vöru og athugi ekki málið? Getur það verið? Mér finnst þetta mál setja í raun og veru ekki bara Hafskip og Útvegsbankann hér á dagskrá, heldur bankakerfið yfirleitt.

Það er makalaust líka að sjá það, sem kemur fram á bls. 53 og 58, 48 og 50 í skýrslunni, að það er ekki notuð sama vísitala til að mæla hækkun fastafjármuna annars vegar og verðbreytinga í rekstri hins vegar. Það er ekki notuð sama vísitalan, heldur mismunandi vísitölur við framreikning á niðurstöðum. Þetta er þó svo einfalt mál að hver sæmilega þjálfaður maður ætti að geta séð þessa hluti. Svo segir stjórnarformaður Hafskips á árinu 1982, með leyfi forseta, samkvæmt skýrslunni: „Ég leyfi mér fyrir hönd félagsins að lýsa því afdráttarlaust yfir að endurreisn Hafskips hf. hefur tekist."

Um afskipti stjórnvalda af þessu máli er farið nokkrum orðum í skýrslunni, t.d. um afskipti viðskrh. á bls. 64 og 65, um bankaráðið á bls. 66, og það er fundið að því að Alþingi skuli ekki hafa viljað sinna þessum málum betur, m.a. sérstaklega með því að skipta um menn í bankaráðum, bankaráði Útvegsbankans. Niðurstaðan í þessu máli, að Útvegsbankinn væri í raun og veru mjög illa staddur,

hún lá fyrir fyrir u.þ.b. einu ári. Þá þegar var ljóst að það yrði á komandi misserum að gera ráðstafanir til þess að bæta stöðu Útvegsbankans og endurskipuleggja bankakerfið í heild. Þá þegar lá það fyrir að samstaða var um þá stefnu hér á Alþingi. Þó útfærslutillögur í einstökum atriðum lægju ekki fyrir, þá var samstaða um þá meginstefnu hér á Alþingi. Við þær aðstæður hefði það engu breytt til eða frá hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar um það að hafa sömu menn eða ekki í bankaráði Útvegsbankans. Það er auðvitað eins og hver annar kattarþvottur þegar menn eru að reyna að gera það að einhverju stórmáli í þessu plaggi. Það er m.a. eitt af því sem ég vil gagnrýna í plagginu vegna þess að það kemur ekki efni málsins við eins og það lítur hér út.

Það er líka spurt: Átti að reka þessa bankastjóra sem núna starfa við Útvegsbankann? Ég ætla mér ekki að kveða upp neinn dóm í þeim efnum, en bendi á eitt atriði. Tveir þessara bankastjóra voru ráðnir af bankanum sem slíkir á miðju ári 1984. Þá strax var hafist handa við að reyna að lagfæra þarna ýmsa hluti. M.a. hófust þá viðræður við Eimskipafélag Íslands. Og m.a. var þá fljótlega tekin ákvörðun um hlutafjáraukningu. Það er því alveg ljóst að þeir bankastjórar sem eru nú tóku fljótlega til hendinni. En hitt er aðalatriðið að ég tel að um það sé samstaða hér í þinginu að taka á þessu máli til frambúðar, Útvegsbankamálinu. Ríkisstjórnin hefur sýnt okkur ákveðnar tillögur í þeim efnum. Ég hef margt við þær að athuga, en ég segi alveg eins og er, sem alþm. þá er ég feginn því ef það loksins gerist að á þessu máli verði tekið. Það verður að leiða það til lykta núna í vetur. Það getur vel verið að við höfum skiptar skoðanir um það hvernig það á að gerast, en það verður að gerast. Þingið getur ekki horft á bankastofnun eins og Útvegsbankann veslast upp með þeim hætti sem nú er að gerast, með 100 milljón króna tapi á fyrstu mánuðum ársins eins og fréttir dagsins í dag bera með sér. En áfellisdómurinn yfir bankastjórunum, sem þarna kemur fram á bls. 72 og 76, hann er hrikalegur. Ég held að hæstv. viðskrh. hafi ekki lesið þann kafla sem kemur fram á bls. 76.

En hvað gerðu þeir, með leyfi forseta? „Þeir treystu því að ársreikningar félagsins, undirritaðir af löggiltum endurskoðanda þess, væru öruggir.“ Þeir treystu því. Og það er bersýnilega gagnrýni vert að treysta því. Ég vil þá spyrja í framhaldi af þessu: Hvað er með þessa stétt sem heitir löggiltir endurskoðendur? Er ekki ástæða til þess að athuga aðeins starfsreglur þeirra og siðareglur? Eða telja þeir sig rétt ráðna til þess á vegum stórfyrirtækja að plata fólk, bankastofnanir, ríkisvald, Alþingi og aðra slíka aðila?

Í öðru lagi: „Þeir treystu upplýsingum frá Hafskipi hf. um verðmæti eigna félagsins.“ Ég hef rakið það hvernig það hefur gerst. Það er auðvitað alveg með ólíkindum ef það er nákvæmlega rétt sem hér segir, að verðmæti eigna félagsins hafi aldrei verið skoðað í bankanum og ekki litið á málin af hagdeildinni frá 1981 til 1985.

Í þriðja lagi segir: „Þeir treystu því að Hafskip fengi varnarliðsflutningana aftur.“ Þ.e. bankastjórarnir voru líka farnir að gera sér vonir um að hið sterka pólitíska afl dygði á Reagan og leysti vandann með Rainbow Navigation sem Geir Hallgrímsson, hæstv. fyrrv. utanrrh., var að strita við árum saman. Bankastjórarnir voru farnir að „investera“ í því.

Síðan segir: „Þeir treystu fyrirætlunum Hafskips um Atlantshafssiglingarnar.“ — Sem sýnist vera glæfraspil. En þeir Hafskipsmenn sögðu í fréttatilkynningu, sem var birt með stóru letri í Dagblaðinu á sínum tíma, að þetta væri aðferð til að losa sig eins og út úr íslenska hagkerfinu, hinu valta íslenska hagkerfi. Losa sig við hinar miklu kollsteypur sem fylgja því að reka fyrirtæki á Íslandi og fara bara til útlanda með þetta. En bankastjórarnir treystu því.

Og svo kom í fimmta lagi: Þeir treystu á styrk hluthafanna í Hafskipi og fjármálareynslu stjórnarmanna þess. Amen. Amen á eftir þessu efni. Það er meira skelfingar traustið og ég vona það svo sannarlega að aðrir bankastjórar eða núv. bankastjórar Útvegsbankans láti sig ekki hafa það að treysta framar á það sem heitir fjármálareynsla hins sterka afls í þjóðfélaginu.

Á bls. 82 er komið aðeins inn á bankaeftirlitið. Mér finnst bankaeftirlitið hafa sloppið of vel í umræðum um þetta mál. Ég tel að bankaeftirlitið hefði átt að geta komið upplýsingum um þessa hluti á framfæri við stjórnvöld mikið fyrr og ég segi ekki það hefði átt að geta það heldur bar skylda til þess, bæði við Alþingi og ríkisstjórn. Ég undirstrika að ég tel að margt hafi verið vel gert af bankaeftirlitinu en ég tel hins vegar að það hefði getað hreyft við mönnum í þessu máli mikið fyrr en gert var.

Herra forseti. Niðurstaða mín eftir að hafa hugleitt þetta mál er í stuttu máli þessi: Ég tel að flokkspólitísk einokun íhaldsins í ríkiskerfinu, sem kemur fram í öllum ríkisbönkum, bankaráðum, bankastjórum og öðrum embættismönnum, síðan ráðherrum og öflugum fjölmiðlum, sé ein meginástæðan fyrir þeim mikla vanda sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Í öðru lagi sýnist mér að hér hafi átt sér stað mjög alvarleg bankatæknileg mistök.

Í þriðja lagi er ljóst að stjórn ríkisins á bankakerfinu og ríkisstjórnarinnar og þar með Alþingis á þessum stofnunun er of veik, er of tilviljanakennd, er of kraftlítil. Alþingi hefur ekki viljað fallast á tillögur mínar eða Alþýðubandalagsmanna yfirleitt á undanförnum árum um að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart þessum stofnunum, því miður. En til úrbóta tel ég að eftirfarandi atriði eigi að vera inni í umræðunni.

1. Sjálfstætt bankaeftirlit eins og við höfum sett fram tillögur um m.a. í frv. sem nú liggur fyrir þinginu.

2. Viðskrh. gefi Alþingi reglulega skýrslur um þróun peningamála og rekstur ríkisbankanna. Tillögur um þetta efni hafa verið felldar af stjórnar-

meirihluta Framsfl. og Sjálfstfl. á Alþingi en ég tel þetta einnig vera stórmál, þannig að Alþingi komi að þessum málum a.m.k. einn dag á ári í rækilegri umræðu um banka- og peningastofnanir í landinu.

3. Ég tel að það eigi að birta upplýsingar um stærstu lántakendur bankanna. Það er mín skoðun og ég mun halda áfram að flytja tillögur um það efni þangað til menn sjá að það er eina leiðin til að veita almannaaðhald í þessum málum. Sumir eru alltaf að tala um lýðræði. Hlutirnir eiga að vera opnir en þegar til kastanna kemur reynast það vera þeir sem eru harðastir á hinni lokuðu ríkiseinokun ríkisstofnananna. Þar hefur Sjálfstfl. algera forustu í þessu landi, jafnvel umfram Framsfl. og er þá langt til jafnað.

4. Taka á upp þá reglu að æðstu starfsmenn ríkisstofnana og ráðuneyta og bankastjóra ríkisbankanna séu aðeins ráðnir um takmarkaðan tíma í senn, fimm ár eða svo. Aftur og aftur höfum við flutt tillögur í þessu efni hér á hv. Alþingi. Þær hafa auðvitað verið felldar af þessu liði sem vill halda í þetta lokaða, þunga ríkiskerfi eins og það hefur verið.

5. Ég tel að það eigi að íhuga það mjög vandlega hvort ekki er hægt að setja reglur um hæfni bankastjóra til starfa. Hugsanlega mætti setja dómnefnd í það verk eins og gert er þegar veittar eru prófessorsstöður við Háskólann þó að við höfum stundum slæma reynslu af ráðherrum þrátt fyrir slíkar niðurstöður eins og til dæmis þegar veitt var staða rannsóknarlektors í Háskóla Íslands sællar minningar nýverið.

6. Það á að setja í lög heimildir fyrir Alþingi til að hafa eftirlit með ríkisstofnunum, kalla í forstöðumenn ríkisstofnana og ræða við þá. Þetta á að vera fastur liður í verkefnum þingnefnda, t.d. í þinghléum.

7. Ég bendi á að í Bandaríkjunum hefur fyrir löngu verið tekinn upp sá háttur að forráðamenn ríkisfyrirtækja eru kallaðir til yfirheyrslna af þingnefndum, opinna yfirheyrslna sem fjölmiðlar og almenningur fær að fylgjast með. Ég tel einnig að þetta mundi stuðla að betra aðhaldi og betri vinnubrögðum í þessum stofnunum en nú eru.

9. Ég tel sjálfsagt að herða starfsskyldur bankaráða en tek fram að þær hafa mjög lagast í nýjum lögum um viðskiptabankana.

10. Ég tel það framför, sem þurfi nú að láta reyna á, að ríkisendurskoðunin hefur verið lögð undir Alþingi og þingið þarf að kanna vandlega hvort unnt er að koma hlutum þannig fyrir að ríkisendurskoðunin fylgist með ríkisstofnunum eins og ríkisbönkum.

11. Ég tel að reynslan sýni að það er óhjákvæmilegt að settar verði hér almennar reglur í lög um hagsmunaárekstra þegar um er að ræða skipan manna í trúnaðarstöður.

Þessi atriði 11 talsins vildi ég draga hér inn í umræðuna, herra forseti, um leið og við fjöllum um þetta mál þannig að þessi atriði væru hér á dagskrá líka um leið og hugmyndir hæstv. viðskrh. eru hér til meðferðar.

Hafskip átti að sýna styrk frjálshyggjunnar, samkeppnisvilja hinna nýju vinnubragða í íslensku viðskiptalífi, átti að sækja fram með íslenskt hugvit á alþjóðamörkuðum, í siglingum og víðar og víðar. Og hinir ungu riddarar Sjálfstfl. stukku fram úr fundarherbergjum flokksins, út úr fyrirtækjunum og gerðust aðilar að Hafskipi. Þarna átti að sigra, sýna reisn og þrótt hins nýja afls. Draumur þeirra hefur nú breyst í martröð þjóðarinnar sem hún verður að greiða fyrir hundruð milljóna króna.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að í þeim umræðum sem eiga eftir að verða megi málið vera rætt málefnalega. Mál það sem hér er á dagskrá er skýrsla hæstv. viðskrh. um viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips sem er þskj. 153.

Það sem ég vil leiðrétta er að hv. 3. þm. Reykv. tók fram í upphafi að í þessari skýrslu hefði nefndin sem hana gerði ekki átt að ræða þátt Alþingis, hún hafi ekki verið sett á laggirnar til þess. Svo vill nú til að bankaráð sem þá sat og ég var formaður fyrir var kjörið af Alþingi svo að Alþingi kemur beint við sögu.

Annað atriði sem ég vil nefna á þessu stigi umræðna eru þær setningar sem hv. 3. þm. Reykv. vitnaði til á bls. 44 í þessari skýrslu undir liðnum 2.5., Viðhorf í Útvegsbankanum. Þar las hann 1. tölul., um stuðning Útvegsbankans við Hafskip o.s.frv., að stuðlað sé að heilbrigðri samkeppni. Hann gerði ekki miklar athugasemdir við það. 2. tölul.: „Forsvarsmenn fyrirtækisins eru dugmiklir og hæfir stjórnendur sem hafa sterkt afl á bak við sig.“ sneri hann upp í eins konar spaugsatriði og las lítið úr þeim skýringum sem fylgja á bls. 45. En ég vil leyfa mér að lesa þær. Með leyfi forseta, hljóða þær á þessa leið:

„Með þeirri staðhæfingu að forsvarsmennirnir hafi sterkt afl á bak við sig er átt við hluthafa og stjórnarmenn Hafskips. Í þeirra hópi voru margir landskunnir athafnamenn úr atvinnu- og viðskiptalífinu. Þar var einnig að finna áhrifamenn í stjórnmálum.“ Við áhrifamenn úr stjórnmálum staldraði hv. 3. þm. Reykv. og lét falla orð um Sjálfstfl. og gerði hann að þessu afli sem stóð að baki bankaráðs Útvegsbankans og þá Hafskips á sínum tíma. Ég vil að það komi fram við þessar umræður, til þess að þær geti verið málefnalegar, að ég var ekki í bankaráði Útvegsbankans sem þm. Sjálfstfl. Ég var ekki beðinn um það af Sjálfstfl. né heldur valinn af Sjálfstfl. í bankaráð Útvegsbankans. Eftir að hafa hafnað ósk ríkisstjórnarinnar tvisvar eða þrisvar sinnum var ég boðaður á fund forsrh. Þar voru staddir fulltrúi frá Framsfl. og frá Alþb. Á þeim fundi gekk ég að því boði, skulum við segja, með þeim fyrirvara að Sjálfstfl. hefði ekkert á móti því, að gerast bankaráðsformaður Útvegsbankans. Sem sagt, ég var fulltrúi þeirrar ríkisstjórnar

sem hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson og aðrir hans flokksbræður og hans flokkur sat í og stóð að. Ég sé ekki ástæðu til þess að harma það en þetta er staðreyndin. *Að vísu hafði Sjálfstfl. ekkert á móti* því að ég færi í þessa stjórn en ég var ekki fulltrúi Sjálfstfl. Þetta vil ég að sé alveg á hreinu þannig að þetta pólitíska afl, sem í mér fólst þá, kom ekki að beiðni Sjálfstfl. inn í bankaráð Útvegsbankans. Það var ekki Sjálfstfl. sem slíkur sem gerði mig að formanni. Það var sú ríkisstjórn sem þá sat sem óskaði eftir því að ég færi inn í bankaráð Útvegsbankans.

Á þeim tíma hafði ég verið formaður stjórnar Hafskips um nokkurn tíma en þegar ég tók við því embætti var Hafskip í sömu stöðu og þegar yfir lauk nú á síðasta ári.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Enn stöndum við og ræðum um málefni Hafskips. Og enn verðum við vitni að einkennilegum uppákomum innan úr myrkviðum þeirra pólitísku afskipta sem augljóslega eru af bankamálum hér á landi.

S.l. haust auglýsti Útvegsbankinn skuldabréf sín til sölu með auglýsingaslagorði sem var á þessa leið: „Í ríkisbanka er áhættan engin.“ Nú segja menn: *Í ríkisbanka er ábyrgðin engin.* Það hlýtur að vera hið nýja auglýsingaslagorð þeirra sem augljóslega spyrja sig ekki grundvallarspurninga um hvort ástæða sé til þess að breyta verulega til í bankamálum í landinu.

Það sem menn verða held ég að spyrja sig um núna, eftir að hafa lesið þessa skýrslu sem ég held að hljóti að vera einsdæmi, er: Eigum við að draga einhverjar sérstakar niðurstöður um að í Útvegsbanka hafi verið óvenju óhæfir starfsmenn og að að rekstri Hafskips hafi staðið óvenju óhæfir stjórnendur eða eigum við að spyrja okkur spurninga um það hvort við séum með bankakerfi sem sé óöruggt, bankakerfi sem ekki geti varist áföllum af því tagi sem alltaf kunna að koma upp? Ef við teljum að við eigum að skoða þetta mál í víðara samhengi en því einu sem viðvíkur samskiptum Útvegsbankans og Hafskips verðum við náttúrlega að spyrja okkur: Viljum við t.d. halda áfram að hafa ríkisbanka eða eigum við að gera grundvallarbreytingar þar á?

Nú vill svo til að margt í þeirri sögu sem sögð er í þessari skýrslu hefur þegar birst í þskj. vegna þess að á s.l. vori var dreift hér skýrslu viðskrh. um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans. Það var þskj. 692 og því var dreift í mars s.l. Ég hef stundum kallað það Opinberunarbók Matthíasar nr. 1. Þar komu fram fjöldamörg þau mál sem vikið er að í þeirri skýrslu sem er til umræðu núna. Þar komu fram atriði eins og þau að almennt skipulag á stjórn útlánamála í bankanum væri veikt, að af bankans hálfu væri ekki nægilega fylgst með fjárhag stærstu viðskiptavinanna, að mjög háar útlánaupphæðir væru kyrrstæðar því að bankinn fengi ekki eðlilegar endurgreiðslur af þeim o.s.frv., o.s.frv. Og þessar upplýsingar náðu aftur til 1975, þ.e. við erum að tala um gamla sögu að hluta. Það kemur t.d. fram í skýrslu sem var dreift í gær um endurskipulagningu bankakerfis og lausn á fjárhagsvanda Útvegsbanka Íslands *að talið er að á verðgildi í dag nemi verðmæti* fjárframlaga ríkissjóðs og Seðlabanka til Útvegsbankans á síðustu 12 árum 535 millj. kr. þannig að við erum ekki bara að tala um það að kannske hafi hundruð milljóna farið í súginn í þessu gjaldþroti heldur erum við að tala um langa sögu og mikla peninga. Það er sem sagt augljóst að hér hafa hlutir lengi verið að gerast.

Svo að ég víki nánar að þessari skýrslu sem liggur fyrir núna, þá er hún náttúrlega ævintýralegt plagg. Ég hugsa að það hafi aldrei birst í heild sinni vitnisburður af því tagi, um nokkurn fyrirtækjarekstur á Íslandi, sem hér er á ferðinni. Þar eru á ýmsan hátt staðfestar upplýsingar, sem áður hafa komið fram, um ævintýralegan rekstur fyrirtækisins Hafskips, villandi upplýsingar um stöðu fyrirtækisins, slæleg vinnubrögð innan Útvegsbankans, upplýsingar og efasemdir um það að hagdeild bankans hafi staðið eðlilega að sínum málum, mjög alvarlegar ásakanir á hendur bankastjóra um að þeir hafi ekki sinnt sínum málum, alvarlegar ásakanir í garð bankaráðs, bankaeftirlits, og þar er sérstakur kafli um hæstv. iðnrh. En þar er hins vegar enginn sérstakur kafli um eðli og art og starfshætti hins pólitískt skipaða ríkisbankakerfis sem við búum við á þessu landi. Hins vegar er fullt af upplýsingum ef vel er leitað og athugasemdum og umsögnum um hvernig það kerfi vinnur.

Ef við spyrjum okkur hvaða lærdóm eigi að draga og hvort við viljum læra eitthvað af þessari skýrslu sem við gætum hugsanlega haft not af víðar en bara í Útvegsbankanum eigum við að spyrja: Höfum við t.d. nægа tryggingu fyrir því að hliðstæðir hlutir gerist ekki í öðrum ríkisbönkum? Við höfum lesið langar lýsingar um afskiptaleysi bankaráðs Útvegsbanka. Hvað er með bankaráð annarra ríkisbanka? Eru þau meira vakandi? Sinna þau sínum málum betur? Við höfum upplýsingar um það í hvernig starfsaðstöðu hinir pólitískt skipuðu bankastjórar eru. Þeir eru pólitískt skipaðir á fleiri stöðum en í Útvegsbankanum einum. Við höfum athugasemdir um það í þessari skýrslu hvernig pólitískur þrýstingur sé til að halda á floti hæpnum eða jafnvel illa reknum fyrirtækjum æ ofan í æ þannig að hér er á ferðinni saga úr — sem ég vil kalla — myrkviðum hins pólitíska ríkisbankakerfis. Alþingi og alþm. ber skylda til að líta á þessa skýrslu í því samhengi. Þess vegna verða menn að spyrja sig: Á að hafa ríkisbanka? Ef menn vilja hafa ríkisbanka eiga þeir að spyrja: Á að láta Alþingi kjósa bankaráð? Og ef menn kæmust nú að þeirri niðurstöðu að það ætti að láta Alþingi kjósa bankaráð þá verða þeir líka að spyrja: Á að leyfa alþm. að sitja í bankaráði? Allra þessara spurninga verður að spyrja og öllum þessum spurningum verður að svara.

Nú langar mig til þess að vísa og vitna í hluta af þessari skýrslu sem fram kom í máli hv. þm. Svavars

Gestssonar að hann væri svo sem ekkert allt of ánægður með. Það voru vangaveltur skýrsluhöfunda um hlut Alþingis og það mátti skilja á máli ræðumanns að þetta væru svo sem hlutir sem þessum skýrsluhöfundum beinlínis kæmi ekkert við. Með leyfi forseta ætla ég að hefja lestur á bls. 67. Þar stendur:

„Þegar litið er til þess að Útvegsbankinn varð fyrir það miklu tapi við gjaldþrot Hafskips að allt eigið fé bankans glataðist er eðlilegt að viðbrögð „kerfisins" séu skoðuð nánar. Þar sem stjórnendur bankans sitja áfram þrátt fyrir áfall bankans, þá er eðlilegt að spurt sé hvort ríkisbankakerfið sé þannig upp byggt að enginn beri ábyrgð á því sem gerst hefur."

Það eru akkúrat spurningar af þessu tagi sem fólk úti í þjóðfélaginu spyr sig þessa dagana. Ég vil lesa áfram, með leyfi hæstv. forseta, og byrja á bls. 68:

„Bankaráð Útvegsbankans er kosið hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og svo er einnig um bankaráð hinna ríkisbankanna. Samt hefur bankaráð engum skyldum að gegna við Alþingi, hvorki upplýsingaskyldu né skyldu til að leita álits þingsins. Þetta stafar m.a. af lagafyrirmælum um bankaleynd."

Þarna er Alþingi sem sagt að kjósa bankaráð en, eins og reyndar segir síðar, á síðan í raun ekkert tilkall eða enga kröfu á þessi bankaráð af neinu tagi um upplýsingar. Í raun réttri má orða það svo að í starfi sínu heyri bankaráð ekki undir Alþingi sem stofnun. Þetta eru merkilegar upplýsingar. Á hinn bóginn er vitað að flestir stjórnmálaflokkanna sem fulltrúa eiga á Alþingi sækjast mjög eftir því að koma sínum mönnum í bankaráð ríkisbankanna. Skyldu þeir sækjast eftir því, spyr ég, að koma sínum mönnum í bankaráð ríkisbankanna til þess að þeir sitji þar síðan og þegi og megi ekkert segja og flytji þingflokkum sínum engar upplýsingar? Af hverju eru stjórnmálaflokkar að sækjast eftir því að koma sínum mönnum í bankaráð ríkisbankanna? Ég les áfram:

„Verða þá gjarnan fyrir valinu þingmenn eða stjórnmálamenn. Nú er t.d. þannig ástatt að formenn bankaráða ríkisbankanna þriggja eru allir starfandi alþingismenn. Með þessar staðreyndir í huga er hætt við því að sérhver bankaráðsmaður líti fyrst og fremst á sig sem fulltrúa þess flokks sem kom honum í ráðið og hann beri ábyrgð gagnvart flokknum svo sem með því að hlíta fyrirmælum flokksins um val á bankastjórum." Hér er verið að segja nokkuð merkilega hluti. Síðan er sagt: „Síðan er það flokkurinn sem ræður hvort bankaráðsmaðurinn verður endurkjörinn eða ekki."

Ég vil lesa áfram úr þessari skýrslu, herra forseti, með yðar leyfi. Þar stendur á bls. 69:

„Í þessu máli stóð alveg sérstaklega á fyrir bankaráðsmönnum Utvegsbankans. Hafskip varð gjaldþrota 6. des. 1985 og þá þegar var ljóst að um stórgjaldþrot var að tefla og að Útvegsbankinn riðaði til falls. Tveim vikum síðar, eða 21. des., kaus Alþingi nýtt bankaráð Útvegsbankans. Þetta kom til af því að ný lög höfðu verið sett um viðskiptabanka sem mæltu fyrir um kosningu nýrra bankaráða fyrir ríkisbankana og felldu niður umboð starfandi bankaráða frá árslokum 1985 að telja." Síðan segir í skýrslunni: „Þannig átti Alþingi þess kost að skipta um bankaráðsmenn í Útvegsbankanum í kjölfar gjaldþrotsins ef því bauð svo við að horfa. Svo fóru leikar að fjórir af fimm bankaráðsmönnum voru endurkjörnir en hinn fimmti var ekki boðinn fram."

Áfram segir: „Þess ber að minnast að Hafskipsmálið hafði ekki verið rannsakað þegar kosning bankaráðsins fór fram og því var hlutdeild bankaráðsmanna í hrakförum Útvegsbankans óviss á þeim tíma. Á hitt er að líta að daginn fyrir kosninguna hafði Alþingi samþykkt lög um sérstaka rannsókn á viðskiptum Hafskips og Útvegsbankans og jafnframt gert breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti í því skyni að auka rannsóknarvald skiptaráðanda með hliðsjón af gjaldþroti Hafskips." Þannig að nákvæmlega þá sömu daga og Alþingi er að gera mjög afdrifaríkar ráðstafanir vegna þessa alvarlega máls er endurkosið í bankaráð þess banka að mestu leyti.

Síðan segir í skýrslunni: „Eins og málin stóðu var sá möguleiki ekki fyrir hendi að víkja bankaráðsmönnum úr starfi um stundarsakir. Alþingismenn, eða m.ö.o. þingflokkarnir, urðu því að ráða fram úr þeim vanda hvort endurkjósa ætti bankaráðsmennina eða ekki. Með því að endurvelja fjóra af fimm bankaráðsmönnum Útvegsbankans sýndi Alþingi lítinn áhuga á því að beita starfsábyrgð á því stigi málsins og gætir þar nokkurs ósamræmis samanborið við rannsóknarvilja þingsins." Þarna er réttilega bent á það ósamræmi sem þarna kemur fram að á sama tíma og Alþingi er að gera róttækar ráðstafanir til þess að þetta mál verði rannsakað og lítur þetta mál greinilega mjög alvarlegum augum og um þetta höfðu farið fram mjög miklar umræður innan þingsins kemur ekki fram vilji af hálfu þingsins til þess að beita starfsábyrgð eða kjósa nýtt bankaráð í bankann. Það eiga sem sagt ekki að fara saman völd og ábyrgð.

Áfram vil ég lesa vegna þess að þetta er kafli sem hv. ræðumaður Svavar Gestsson las ekki upp úr og ég er ekki viss um að margir vilji lesa upp úr honum:

„Þegar hið nýkjörna bankaráð tók til starfa í ársbyrjun 1986 hefði verið eðlilegt að það viki öllum bankastjórum Útvegsbankans úr starfi um stundarsakir meðan rannsóknaraðilar væru að störfum. Það er góð og gild regla, þegar mál af þessu tagi koma upp, að víkja ráðamönnum frá meðan rannsókn stendur yfir því að það er ekki viðeigandi að maður gegni starfi sínu meðan afleiðingarnar af verkum hans og hugsanleg mistök eru í rannsókn, hver svo sem niðurstaðan verður að lokum. Að lokinni rannsókn á svo að taka ákvörðun um hvort frávikningin verði endanleg eða starfsmaðurinn hljóti stöðu sína aftur. Um þetta efni er rétt að vísa til III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins" o.s.frv.

Síðan segir í skýrslunni:

„Hér var frávikningartilefnið óvenjusterkt þar sem Alþingi hafði sett sérstök rannsóknarlög, auk þess sem miklar líkur bentu þegar í upphafi til aðgæsluskorts og mistaka af hálfu bankastjórnar Útvegsbankans." — Engu að síður var engum þar vikið frá störfum.

Enn þá eru menn að leita og spyrja þeirrar spurningar: Bar enginn ábyrgð? Eða menn geta spurt: Hver eiginlega stjórnar þessu? Á bls. 71 segir, með leyfi forseta, í skýrslunni:

„Bankaráðsmenn Útvegsbankans bera ábyrgð á gjörðum sínum eins og aðrir opinberir trúnaðarmenn þótt ýmsir annmarkar séu á því að koma fram starfsábyrgð á hendur þeim. Á hinn veginn ber ráðherra ekki ábyrgð gagnvart Alþingi á störfum bankaráðsmanna þar sem þeir eru þingkjörnir."

Þar kemur í ljós að ráðherra ber ekki ábyrgð á störfum bankaráðsmanna. Ef við tökum saman þær upplýsingar sem koma fram á þennan hátt kemur fram *í fyrsta lagi að Alþingi kýs bankaráð, en* bankaráð á engar skyldur við Alþingi sem stofnun. (**ÓÞÞ:** Kýs Alþingi bankaráð?) Í öðru lagi kemur fram... (**ÓÞÞ:** Er það kosið á Alþingi?) Alþingi kýs bankaráð. Það er kosið bankaráð á Alþingi. (**ÓÞÞ:** Á Alþingi? Er ekki dálítill munur þarna á?) Í öðru lagi kemur fram að Alþingi kaus ekki að segja upp bankaráðinu. Í þriðja lagi kemur fram að bankaráðið sagði ekki upp bankastjórunum. Í fjórða lagi kemur fram að ráðherra ber ekki ábyrgð á störfum bankaráðs því að það er þingkjörið. En þessi sami ráðherra fer þó með yfirstjórn bankans. Ráðherra fer með yfirstjórn bankans skv. 18. gr. stjórnarskrár þar sem segir að æðsti handhafi framkvæmdarvalds beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Og það stendur í 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands að viðskrh. fari með bankamál.

Hér er sem sagt á ferðinni mjög sérkennileg stjórnkerfisleg flækja sem er á þá leið að bankaráð er æðsta yfirvald innan bankans og ráðherra fer með yfirstjórn þessa banka. Ráðherra fer með yfirstjórn þessa banka skv. stjórnarskrá og reglugerð um stjórnarráð, en ráðherra ber ekki ábyrgð á störfum bankaráðs af því það er kjörið af Alþingi. En bankaráðið hefur engar skyldur við Alþingi sem stofnun t.d. vegna bankaleyndar. Maður getur spurt aftur þeirrar spurningar sem var komið inn á í byrjun: Hvar liggur ábyrgð? Eigum við að fylgja því *eftir hvernig ábyrgð hlýtur að raðast upp í svona* stofnun? Það er hinn almenni starfsmaður, síðan koma deildarstjórar, síðan koma bankastjórar, síðan kemur bankaráð, en frá bankaráði liggur engin augljós leið. Ráðherrann, sem fer með yfirstjórn bankans og er yfir bankaráðinu, ræður ekkert yfir bankaráðinu vegna þess að það er kosið af Alþingi og þetta sama Alþingi, sem kýs þetta bankaráð, hefur ekkert um þetta bankaráð að segja vegna þess að það er undir bankaleynd og má engum segja neitt. Það sem eftir stendur er þá það að Alþingi hefur samkvæmt lögum þær undarlegu skyldur að kjósa bankaráð, en þetta bankaráð heyrir ekki undir ráðherrann, sem er þó æðsta stjórnvald í bankanum, og hefur engar skyldur gagnvart þinginu sem kaus það. Ég held að menn hljóti að endurskoða þetta fyrirkomulag. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort eigi að vera ríkisbankar eða ekki, en menn verða að hafa alveg ljósan feril valda og ábyrgðar þannig að það verði ekki eins og segir í auglýsingunni að í ríkisbanka sé áhættan engin. Það má ekki verða að í ríkisbanka sé ábyrgðin engin. Þetta fyrirkomulag nær engri átt. Ef menn vilja halda í ríkisbankakerfi er það augljóst samkvæmt stjórnarskrá að það er viðskrh. sem fer með yfirstjórn þess banka og það er sami viðskrh. sem á þá að skipa bankaráð og hefur þar með yfir því að segja.

Ég ætla að lesa svolítið meira úr þessari ágætu skýrslu, með leyfi forseta. Neðst á bls. 77 segir:

„Svo er málum háttað að bankastjórar Útvegsbankans sem og annarra ríkisbanka eru valdir á flokkspólitískum grundvelli. Sérhver bankastjóri að *heita má hlýtur stöðu sína fyrir tilstyrk einhvers* stjórnmálaflokks. Sama máli gegnir um bankaráðin eins og áður er frá skýrt. Í ríkisbönkunum ríkir þannig pólitískt valdajafnvægi. Þetta fyrirkomulag hefur það í för með sér að fyrirtæki með sterk pólitísk sambönd, eins og t.d. Hafskip, eiga greiðari aðgang að fjármunum ríkisbankanna en hin sem ekki njóta slíkra sambanda. Hin mikla fyrirgreiðsla, sem Hafskip hlaut í Útvegsbankanum, var því að hluta til af pólitískum rótum runnin þar sem bankastjórunum var ætlað að þjóna kerfinu."

Þetta eru aldeilis stórkostlegar upplýsingar. Þetta gæti verið úr greinargerð sem ég hefði skrifað fyrir ca. tveimur árum.

„Hin mikla fyrirgreiðsla, sem Hafskip hlaut í Útvegsbankanum, var því að hluta til af pólitískum rótum runnin þar sem bankastjórunum var ætlað að þjóna kerfinu. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að bankaeftirlitið segir um skuldir Hafskips við Útvegsbankann í skýrslu frá miðjum októbermánuði 1985: „Ljóst er að bankaleg sjónarmið hafa ekki ráðið þróun þessa skuldamáls.""

Hér er sem sagt verið að segja að hið pólitíska valdajafnvægi, sem ríki í bankanum með skipan bankaráðs og pólitískri skipan bankastjóranna, hafi ráðið þróun þessa skuldamáls. Þannig ber að skilja þessa skýrslu. Hins vegar lætur bankaeftirlitið ósagt hvaða sjónarmið voru lögð hér til grundvallar, en *það voru greinilega ekki heilbrigð viðskiptasjón*armið.

„Í framhaldi af þessu skal vakin athygli á að það tíðkast nokkuð hjá ríkisbönkunum að fleyta áfram stórum illa stæðum atvinnufyrirtækjum sem hafa fjölda manns í vinnu og njóta stuðnings margra hagsmunaaðila sem eiga mikið undir því að rekstur inn haldi áfram. Þær ákvarðanir bankastjóra Útvegsbankans að halda sífellt áfram lánveitingum til Hafskips í stað þess að stöðva þær þegar við átti kunna að eiga rót sína að rekja til þess að bankastjórarnir hafi ekki treyst sér til að standa gegn þeim pólitíska þrýstingi úr ýmsum áttum sem þeir áttu von

á að beitt yrði til björgunar fyrirtækinu og rekstri þess."

Síðan segir: „Pólitískt ríkisbankakerfi ýtir undir þau viðhorf bankastjórnenda að meta ekki allar lánafyrirgreiðslur út frá hreinum peningalegum sjónarmiðum."

Síðasta tilvitnunin sem ég vil hafa í þessu sambandi úr þessari skýrslu, herra forseti, er í niðurlagsorðum á bls. 108. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þróun viðskiptanna er rakin í þessari skýrslu. Meginástæðan fyrir því að viðskiptin fóru svo mjög úr skorðum var tvíþætt. Annars vegar var það mikill aðgæsluskortur af hálfu Útvegsbankans ásamt veilum í ríkisbankakerfinu. Hins vegar var það mikil og vaxandi lánsfjárþörf Hafskips."

Ég held, herra forseti, að ef menn skoða þennan vitnisburð án þess að hugsa um það eitt að beina spjótum sínum að einhverjum tilteknum ráðamönnum eða tilteknum stjórnmálaflokki hljóti menn að verða að spyrja þeirrar spurningar hvort það sé nokkuð sem kemur í veg fyrir það í okkar ríkisbankakerfi að í þessum sporum gæti staðið annar flokkur með annað fyrirtæki í jafnslæmum málum. Þess vegna verða menn að spyrja, og það er ekki hægt annað en að taka upp þá umræðu í vetur í kjölfar alls þessa, hvort þeir vilji ríkisbanka eða hvort menn telji að bankastarfsemi eigi að vera í annarra höndum. Menn verða að spyrja hvort þeir telji að Alþingi eigi að kjósa bankaráð, en eins og ég lýsti áðan kemur upp mjög undarleg flækja í ferli ábyrgðar og valda í því sambandi.

Náttúrlega verða menn líka að spyrja hvort það eigi að kjósa alþm. í bankaráð þar sem alþm. eru þeir sem eiga að setja landinu lög, en eru ekki þeir sem eiga að sjá um framkvæmd þeirra laga. Það hafa sumir orðað það svo að við höfum ekki efni á að leyfa alþm. að reka banka vegna þess að í þetta skipti hafi það kostað skattgreiðendur í þessu landi a.m.k. 600 milljónir. (**JBH:** Miklu meira.) Ég kom að því í inngangi að til viðbótar við þessar 600 milljónir hafa líklega um 500 milljónir farið á síðustu tólf árum á núvirði í þessa stóru hít þannig að það er orðinn nokkuð dýr rekstur.

Það urðu margs konar umræður um þetta mál á síðasta þingi. Þá var lagt til að skipuð yrði rannsóknarnefnd Alþingis til að fjalla um það. Meiri hluti þingsins treysti sér ekki í það að setja þingnefnd. Menn töldu að það yrði þyrlað upp slíku pólitísku moldviðri að enginn hefði gott af. Þó svo virðist vera að hugmyndin um rannsóknarnefndir eigi nú almennt fylgi að fagna innan þingsins og að þingnefndir sinni í auknum mæli eftirliti með ýmiss konar starfsemi virðast menn þó alla vega ekki treysta sér til þess að láta Hafskipsmálið verða það mál sem yrði til að hrinda slíkri starfsemi úr garði.

Það hafa ýmsar tillögur komið fram og komu fram margar tillögur á síðasta þingi sem vörðuðu þessi bankamál. Alþfl. flutti þá t.d. og einstakir þm. þar ýmsar tillögur um breytingar á lögum um viðskiptabanka sem vörðuðu aukið aðhald og reglur um hámarkslánveitingar. Allir þessir hlutir væru mjög til bóta og ef löggjöf af því tagi hefði verið sett upp fyrr stæðum við ekki í þeim sporum sem við stöndum í núna. Það er því ekki svo að þingheimur allur hafi flotið sofandi að feigðarósi í þessu máli.

Ég get ekki lokið máli mínu, herra forseti, án þess að koma hér að einum kafla sem ég ætla að láta verða lokaorð mín að þessu sinni. Það er kafli nr. 4.1 sem heitir Þáttur Alberts Guðmundssonar.

Það hefur orðið hlutskipti Alberts Guðmundssonar hæstv. iðnrh. að verða kannske nokkurs konar ímynd hagsmunaárekstra, en það hugtak er nú í auknum mæli að hefja innreið sína í íslensk stjórnmál. Ég ætla ekki að fara efnislega í hvernig Albert Guðmundsson komst í þá aðstöðu sem lýst er í þessari skýrslu að sé stórvarhugaverð vegna þess að manni sýnist helst að samfara setu hæstv. iðnrh. í Útvegsbanka og Hafskipi hafi það gerst í báðum þessum stjórnum að menn hafi ekki getað rætt þar um viðskipti. Maður getur reyndar spurt um hvað menn hafi getað rætt. Þeir hafa kannske bara verið að spila. Það kemur alla vega fram að þennan tíma hafa menn af tillitssemi ekki rætt um málefni Hafskips í bankaráði Útvegsbankans. Og ætli menn hafi rætt verulega mikið um Útvegsbankann í stjórn Hafskips af þessari sömu tillitssemi við hæstv. núverandi ráðherra?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt. Það er næstum því með ólíkindum að þetta sé þáttur í opinberri skýrslu. Þetta lítur miklu frekar út eins og lokaþáttur í grínleikriti vegna þess að á sama tíma og menn reyna að draga þær ályktanir af þessum kafla að þar sé Albert Guðmundssyni gefin syndakvittun lýkur þessum kafla með þeim orðum: „Um stöðu Alberts Guðmundssonar sem bankaráðsmanns vísast að öðru leyti til kaflans um yfirstjórn Útvegsbankans, skyldur og ábyrgð eftir því sem við á." Þar kom, í þeim kafla, fram skýlaus yfirlýsing um að það væri bankaráð sem hefði brugðist.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa um þetta fleiri orð að þessu sinni, en umræðum um þetta mál er augljóslega ekki lokið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. hafa haft rúman sólarhring til að kynna sér skýrslu rannsóknarnefndar um viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Má með sanni segja að ekki er þm. ætlaður langur tími til að kynna sér helstu atriði þessa stærsta gjaldþrotamáls í sögu íslenska lýðveldisins eins og þau koma fyrir í þessari skýrslu. Eru slík vinnubrögð lítt til fyrirmyndar og þá ekki heldur þau hvernig skýrsla þessi barst í hendur fjölmiðla og ýmissa annarra aðila á undan hv. þm. sem tvímælalaust og samkvæmt lögum bar að birta skýrsluna fyrstum allra.

Skýrsla þessi er í mörgu stórfróðleg og makalaus lesning og, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, skrifuð á mannamáli sem er bæði sjaldgæft og guðsþakkar vert. En skýrslan er ævintýraleg. Svo að segja á hverri bls. hennar eru tíunduð afglöp og

mistök í stjórnun og meðferð fjármuna. Öðruvísi mér áður brá, getur hver hagsýn húsmóðir sagt sem sitja hefur mátt undir löngum tölum um yfirburðahæfni húsbænda til meðferðar fjármuna og reksturs fyrirtækja og stofnana.

Helstu niðurstöður þessarar hörmulegu skýrslu eru:

1. Hreint tap þjóðarinnar vegna viðskipta Útvegsbankans og Hafskips er áætlað a.m.k. 600 millj. kr.

2. Þetta tap er til komið vegna þess að stjórnendur Útvegsbankans sýndu margvíslegt aðgæsluleysi í viðskiptum bankans við fyrirtækið. Þeir gengu ekki úr skugga um að nægilegar greiðslutryggingar væru fyrir hendi til að tryggja skuldir fyrirtækisins, þeir mörkuðu enga útlánastefnu í viðskiptum sínum við fyrirtækið, þeir létu bankann ekki gera reglulegar úttektir á fjárhag Hafskips þótt þeir hafi ekki komist hjá því að vita að fyrirtækið stóð tæpt og rambaði hvað eftir annað á barmi gjaldþrots, þeir báðu bankaeftirlit Seðlabankans heldur ekki um úttekt á viðskiptum bankans og fyrirtækisins né hafði bankaeftirlitið frumkvæði að slíkri úttekt síðustu fimm árin þótt vitað væri að Hafskip stæði tæpt og stæði fyrir áhættusömum nýjungum í rekstri. Bankastjórnin nýtti sér ekki einu sinni þá sérfræðilegu þekkingu sem til staðar var innan hagdeildar bankans til að fylgjast með fjárhag Hafskips, að því er segir í skýrslunni. Í stað þess að fylgjast náið með rekstri þessa áhættusama og skulduga fyrirtækis og í stað þess að sýna varúð í viðskiptum sínum við það, sem eðlilegt hefði verið samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem bankastjórnin þó hafði í höndum, virðist hún annaðhvort hafa flotið sofandi að feigðarósi eða látið annarleg sjónarmið ráða gerðum sínum. „Sú spurning hlýtur að vakna", segir á einum stað í skýrslunni með leyfi forseta, „hvort meira var hugsað um að réttlæta lánveitingar til Hafskips en að gæta hagsmuna bankans." Bankinn lét hvorki eigin úttekt á fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins né gagnrýnið mat á tryggingum ráða ákvörðunum sínum um þá fyrirgreiðslu sem hann veitti. „Fyrirgreiðslu sem hvorki var", eins og segir í skýrslunni með leyfi forseta, „í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins né eiginfjárstöðu þess... né í eðlilegu samræmi við eiginfjárstöðu Útvegsbankans", eins og segir þar nokkru síðar.

Þetta eru þungar ásakanir sem hér eru bornar á gæslumenn almannafjár. Og þær eru ekki órökstuddar í þessari skýrslu hvað sem gagnrýnendur hennar segja, enda ber gagnrýnin merki þess að skýrslan er óþægileg fyrir þá sem í hlut eiga. Það er augljóslega óþægilegt þegar samtrygging fjármagns og pólitísks valds kemur upp á yfirborðið og verður sýnileg með þessum hætti sem gerist í þessari skýrslu og eru viðbrögð þeirra sem í hlut eiga greinilega sprottin þar af.

Hvað sem hæstv. bankamálaráðherra og hv. formaður bankaráðs Útvegsbankans segja tel ég engum vafa undirorpið að auðvitað hefðu bankastjórar Útvegsbankans og einnig bankaráð hans, svo ekki sé minnst á aðra sem málinu tengjast, átt að víkja tímabundið frá störfum á meðan rannsókn þessa máls stóð yfir. Það er í smræmi við allar viðteknar venjur í lýðræðislegu réttarríki og sjálfsögð starfsregla að standa þannig að málum. Með því er vitaskuld ekki verið að kveða upp dóm fyrir fram um menn og störf þeirra eins og allir hv. þm. vita.

Það dugar lítt að segja að bankastjórarnir hafi verið tiltölulega nýráðnir af bankanum og bankaráðið nýlega komið til starfa og setja það fram sem rök fyrir því að þeim sé málið lítið skylt. Í fyrsta lagi telst það tvímælalaust skylda þessara aðila að kynna sér stöðu mála þegar þeir taka við starfi sínu og taka á þeim málum sem undir þá heyra. En ekki er að sjá að svo hafi verið t.d. af fundargerðum bankaráðs hvað sem hv. 3. þm. Reykv. segir þar um. Í öðru lagi gerðist hluti þeirra atburða sem hér um ræðir á starfstíma þeirra. Þeir eru því ekki lausir undan ábyrgð eins og ýmsir vilja vera láta. Hins vegar er það ekki í anda og ekki í samræmi við starfsvenjur samtryggingarinnar að viðurkenna þessa ábyrgð. Hér höfum við enn eitt dæmið um hvernig hún virkar og það er reyndar þvert á hægri/vinstri litróf íslenskra stjórnmála.

Reyndar er málflutningur hv. þm. Valdimars Indriðasonar, formanns bankaráðs Útvegsbankans, í þessu máli með töluverðum ólíkindum. Í Morgunblaðinu í dag má lesa það eftir honum haft að opinberir aðilar sem málinu tengjast hafi allir saman unnið vel, bæði bankaráðið undir hans forustu og jafnt núverandi sem fyrrverandi bankastjórar Útvegsbankans. Samt stöndum við hér með stærsta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins í höndunum. Hvernig má slíkt vera ef allir hafa unnið svona vel? Það stendur augljóslega ekki steinn yfir steini í málflutningi af þessu tagi.

Hv. þm. Valdimar Indriðason er líka á því að ekki sé á nokkurn hátt hægt að draga Alþingi til ábyrgðar í þessu máli. Þar er ég honum gjörsamlega ósammála. Ég tel að ábyrgð Alþingis, þeirra stjórnmálaflokka sem þar hafa farið með meirihlutavald, sé gríðarleg í þessu efni. Reyndar er það það atriði sem ég tel einna mikilvægast fyrir Alþingi að velta fyrir sér nú, þ.e. hvar liggur ábyrgðin á meðferð almannafjár eins og í Útvegsbanka Íslands? Ég vil skjóta því að í leiðinni að hún liggur varla hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eins og lesa má út úr orðum hv. 3. þm. Reykv. í Morgunblaðinu í dag. Í öðru lagi ættum við að velta því fyrir okkur hvernig má koma í veg fyrir að aftur komi upp ríkisgjaldþrotamál af þessu tagi.

Ljóst er að samkvæmt lögum bera bankastjórar og bankaráð ríkisbankanna ásamt með bankamálaráðherra ábyrgð á stjórn bankanna og meðferð þeirra fjármuna sem þar eru. Bankaráð eru kosin af Alþingi og því ber Alþingi alla ábyrgð á því að til þeirra séu kosnir menn sem eru starfi sínu vaxnir. Jafnframt hefur Alþingi eftirlitsskyldu gagnvart bönkunum og hefur því tvöfalda ábyrgð að því

leytinu til að kjósa ekki menn í bankaráð sem jafnframt eiga að gegna eftirlitsskyldu sem þm. og löggjafar á Alþingi. Í þessu efni er ábyrgð Alþingis mikil. Hvað varðar bankaráð Útvegsbankans má segja að Alþingi hafi brugðist ábyrgðarhlut sínum með því að kjósa starfandi þm. í ráðið og auk þess menn sem áttu viðskiptahagsmuna að gæta gagnvart bankanum. Þar fyrir utan var ósamkvæmni Alþingis með ólíkindum þegar það svo að segja í sömu andránni gagnrýndi af hörku meðferð fjármuna Útvegsbankans og heimtaði rannsókn á málinu og endurkaus um leið fjóra af fimm bankaráðsmönnum hans.

Í öðru lagi ber bankamálaráðherra ábyrgð á málefnum bankans, en hann hlýtur umboð sitt á hverjum tíma hjá Alþingi, þannig að einnig þar er Alþingi ábyrgðaraðili.

Alþingi kýs ekki bankastjóra ríkisbankanna, en þeir eru ráðnir til starfa eftir pólitískum viðhorfum og styrk stjórnmálaflokka þannig að þar koma sömu menn nærri og þeir sem mynda meiri hluta á Alþingi hverju sinni.

Síðast en ekki síst er það Alþingis — og þetta er e.t.v. veigamesta atriðið — að setja lög um skipan bankamála hér á landi. Þannig er það í einu og öllu á ábyrgð Alþingis að setja lög sem eru þannig úr garði gerð að þau fyrirbyggja að mál sem viðskipti Útvegsbankans og Hafskips geti komið upp. Einnig þar hefur meiri hluti Alþingis brugðist.

Alþingi setur bankaleynd í lög sem gerir það að verkum að erfitt er að fylgjast með málefnum ríkisbankanna. Það lætur undir höfuð leggjast að setja lög sem takmarka lánveitingar ríkisbankanna til fyrirtækja við ákveðið hlutfall, lög sem hugsanlega hefðu getað komið í veg fyrir þær hörmungar sem við stöndum nú frammi fyrir. Í lög vantar ákvæði um samskipti ráðherra og bankaráðs, um skyldur bankaráðs gagnvart Alþingi og þannig mætti áfram telja.

Ábyrgð Alþingis er mikil hvernig sem á málið er litið og undan henni þýðir ekki að víkjast.

Vald er vandmeðfarið og það er alveg ljóst að þetta mál krefst þess að þegar í stað verði hafin gagngerð endurskoðun á meðferð og dreifingu valds í íslenska stjórnkerfinu og að þau óljósu skil sem nú eru á milli pólitísks valds og fjármagnsvalds verði tafarlaust skýrð og þetta tvennt vendilega aðgreint. Ella mun seint takast að uppræta það siðleysi og spillingu sem viðgengst í skjóli pólitísks valds sem heldur verndarhendi sinni yfir fjármagnsvaldinu og öfugt og sem viðgengst í skjóli samtryggingar sem leyfir að meðferð almannafjár sé ekki í eðlilegu samræmi við þær efnahagsstærðir sem við blasa svo ég víki aftur að þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir.

Fyrir utan endurbætur á bankalöggjöfinni og ráðstafanir í málefnum Útvegsbankans er þetta, herra forseti, það stóra verkefni sem ég tel að okkur sem hér sitjum beri ótvíræð skylda til að takast tafarlaust á við.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 11. þm. Reykv. fann að því í ræðu sinni áðan að það mál sem hér er til umræðu hafi verið tekið á dagskrá of fljótt, það hafi ekki unnist tími, mátti skilja, fyrir þm. til þess að kynna sér svo mikilvægt mál. Það skal tekið fram að forseti tjáði hv. þm. í gær að það væri ætlunin að taka þetta mál á dagskrá. Það skal tekið fram að þó að mál sé tekið á dagskrá er ekki þar með sagt að það sé tekið til umræðu. Það kemur stundum fyrir eins og alkunna er að einhver þm. kemur að máli við forseta og óskar eftir að mál sem er á dagskrá sé ekki tekið til umræðu. Slík ósk kom ekki fram frá hv. 11. þm. Reykv. Það skal og tekið fram að það var almennur vilji fyrir því að ekki drægist að taka þetta mál til umræðu. M.a. sagði hv. 3. þm. Reykv. í Nd. í gær að hann skoraði á hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir því að þessi umræða gæti farið fram strax á morgun, eins og það var orðað. Forseti taldi þetta vera réttmæta skoðun og þess vegna var málið tekið á dagskrá. Þetta skal tekið fram að gefnu tilefni.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það ber síst að kvarta út af því, úr því að þessi langþráða skýrsla er nú öll komin í réttar hendur, í hendur alþm., að hún skuli tekin til umræðu þegar í stað. Málið hefur lengi verið til meðferðar á Alþingi og satt að segja sýnist mér við lestur þessarar skýrslu að þær upplýsingar sem þar birtast komi ekkert á óvart.

Ég rifja upp, herra forseti, að á sínum tíma, snemma s.l. haust, lögðum við fram, ýmsir þm. Alþfl., Bandalags jafnaðarmanna og Kvennalista, beiðni um skýrslu þar sem við settum fram 13 spurningar sem fyrst og fremst vörðuðu stöðu Útvegsbanka Íslands í ljósi upplýsinga, sem þá höfðu nýlega birst í fjölmiðlum og þó einkum Helgarpóstinum, um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf. Þessar spurningar snerta, sýnist mér nú við lestur skýrslunnar, allan kjarna málsins.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að svar við þessari beiðni um skýrslu barst undir þinglok á 108. löggjafarþingi. Mér hefur satt að segja ekki gefist tóm til að fara rækilega ofan í saumana í samanburði á þeim svörum sem þá bárust við þessari skýrslu og þeirri sem við nú höfum hér til umræðu. Þó er ljóst að þeim ber í veigamiklum atriðum ekki saman. M.ö.o.: miðað við þær upplýsingar, miðað við viðbrögð ráðamanna, hæstv. ráðherra, bankaráðsmanna og annarra ábyrgðarmanna hins pólitíska bankakerfis, og þær upplýsingar sem þeir gáfu þá, þá er nú komið á daginn að það er margt með öðrum hætti en fyrstu svör þeirra gáfu til kynna.

Mér sýnist, herra forseti, að kjarni þessa máls birtist í einni málsgr. á bls. 67 í þessari skýrslu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þegar litið er til þess að Útvegsbankinn varð fyrir það miklu tapi við gjaldþrot Hafskips að allt eigið fé bankans glataðist er eðlilegt að viðbrögð „kerfisins" séu skoðuð nánar. Þar sem stjórnendur bankans

sitja áfram þrátt fyrir áfall bankans, þá er eðlilegt að spurt sé hvort ríkisbankakerfið sé þannig upp byggt að enginn beri ábyrgð á því sem gerst hefur."

Þetta sýnist mér vera kjarni málsins. Það er sama hvernig við orðum þessar spurningar, hverjir bera ábyrgð á óförunum, hverjir bera ábyrgð á því að rúmlega milljarður af fé skattgreiðenda að lokum er fokinn út í veður og vind. Er það Alþingi sem sætir nokkurri gagnrýni í þessari skýrslu? Eru það hin pólitískt kjörnu bankaráð? Eru það hinir pólitískt ráðnu bankastjórar? Er það bankaeftirlitið? Er það yfirstjórn Seðlabankans sem hefur húsbóndavald yfir bankaeftirliti? Er það viðskrh.? Er það ríkisstjórn? Eða er það hið sameinaða pólitíska kerfi sem haldið hefur verndarhendi sinni yfir þeirri skipan bankamála sem er dálítið einkennandi fyrir stjórn efnahagsmála í þessu landi og óvenjuleg ef við lítum til samanburðar til grannþjóða okkar annarra á Vesturlöndum? Hver ber ábyrgð?

Það er sama hvernig við veltum þessum spurningum fyrir okkur. Mér sýnist kjarni málsins í þessari skýrslu vera sá að höfundar skýrslunnar spyrja að lokinni rannsókn sinni hvort ríkisbankakerfið sé þannig uppbyggt að enginn beri ábyrgð á því sem gerst hefur. Og vantar þó ekki að við getum talið upp langan lista af mönnum sem við héldum að bæru ábyrgð.

Það vantar ekki að hér er staðfest alvarleg gagnrýni á þá aðila sem ég var að telja upp. Að vísu kemur fram að viðskiptaráðherrar þeir sem gegnt hafa embætti á undanförnum árum eru ekki taldir hafa rækt sín störf með þeim hætti að þeir verði beinlínis dregnir til ábyrgðar. Það eru rifjuð upp afskipti þeirra af harmkvælum Útvegsbankans fyrr, sem eru satt að segja orðin ærin, framlög af almannafé upp á rúmlega 500 millj. eða 535 millj. á tólf árum í ítrekuðum björgunarleiðöngrum. En um bankaráðin er sagt í fyrsta lagi að þau hafi látið undir höfuð leggjast að marka almenna útlánastefnu fyrir bankann, m.a. leiði af þeirri gagnrýni að það þurfi að kveða á um hámark útlána og ábyrgðar til einstakra viðskiptamanna með hliðsjón af stöðu bankans á hverjum tíma, og í annan stað að þau hafi ekki fylgst með stærstu lánþegum bankans, skuldbindingum þeirra og tryggingum. Reyndar er það staðfest að bankaráð þessa tiltekna banka tók þetta mál ekki á dagskrá, þrátt fyrir að það var á almannavitorði í viðskiptalífinu, þrátt fyrir að það var komið til umræðu í fjölmiðlum, fyrr en eftir dúk og disk þegar skaðinn var skeður.

Gagnrýni er beint að Alþingi, ekki hvað síst fyrir það að um leið og Alþingi lýsti áhyggjum sínum af þróun þessa ríkisbankakerfis með því að samþykkja ný lög um viðskiptabanka, sem m.a. gáfu tilefni til þess að kjósa bankaráð upp á nýtt, staðfesti Alþingi, eða öllu heldur þeir þingflokkar flestir hverjir sem hér eiga aðild og stilla mönnum upp á framboðslista til bankaráða, vilja sinn til að taka á af ábyrgð með formlegum hætti, þótt ekki sé í reynd, á óförunum með því að endurkjósa þá menn sem höfðu verið kjörnir til setu í bankaráðum þrátt fyrir að þessi sömu bankaráð eru hér harðlega gagnrýnd.

Aðeins ein undantekning var á því. Þingflokkur Alþfl. bauð ekki fram til endurkjörs þann fulltrúa sem hafði setið fyrir hönd þess þingflokks í bankaráði og valdi til þess annan mann sem hafði verulega starfsreynslu sem bankamaður, hafði m.a. gegnt starfi sem útibússtjóri við Landsbankaútibú á Ísafirði og starfað ekki aðeins við Landsbankann heldur einnig Framkvæmdabanka Íslands, var m.ö.o. bankamaður. Við áréttuðum þannig að við teldum í fyrsta lagi ekki rétt að endurkjósa þann fulltrúa sem setið hafði í bankaráðinu sem hér er gagnrýnt fyrir að hafa ekkert aðhafst og vildum leggja áherslu á vilja okkar til breytinga með því að velja þar sem fulltrúa okkar mann sem teldist vera fagmaður í bankamálum.

Það sem kannske einna helst vekur athygli hér og menn staldra við er hversu harkalega hinir pólitískt ráðnu bankastjórar eru gagnrýndir. Því er slegið föstu að það sé að dómi nefndarinnar engum vafa undirorpið að bankastjórar Útvegsbankans beri meginábyrgð á þeim áföllum sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips, enda þótt bankastjórarnir hafi að vísu einhverjar málsbætur. Þrátt fyrir þær málsbætur segir hér að þegar litið er til Útvegsbankans og viðskipta hans við Hafskip sé greinilegt að mistökin séu hins vegar of mörg, of mikil og of afdrifarík til þess að unnt verði að afgreiða þau slétt og fellt með vísan til annarra málsbóta eins og t.d. verðfalls á skipum á alþjóðlegum markaði eða öðrum slíkum skýringum. Helstu mistök bankastjóranna í viðskiptum við félagið eru eftirfarandi að mati skýrsluhöfunda: að hafa ekki gætt þess að hafa nægar tryggingar fyrir skuldbindingum Hafskips, að fylgjast ekki nægilega vel með rekstri og fjárhag Hafskips, einkum eftir 1981, að hafa ekki gert ráðstafanir til þess að knýja fram gjaldþrot eða sölu á eignum fyrirtækisins löngu fyrr en raun varð á, að gjalda ekki varhug við Atlantshafssiglingunum sem hófust haustið 1984. Þetta er satt að segja miklu alvarlegri gagnrýni en nokkur alþm. leyfði sér að bera fram í þeim umræðum sem um þetta mál fóru fram hér á hinu háa Alþingi á liðnum vetri. Og þessi gagnrýni er rökstudd allítarlega, bæði að því er varðar vanrækslu við að ganga frá öruggum tryggingum, vanrækslu að því er varðaði eftirlit með upplýsingum frá fyrirtækinu og andvaraleysi gagnvart síendurteknum beiðnum fyrirtækisins um skuldbreytingar og ný langtímalán með vísan til fyrri reynslu af viðskiptum fyrirtækisins og bankans og ekki hvað síst með ítarlegri umfjöllun um hvílíkt glapræði það hafi verið þegar bjarghringurinn fyrir fyrirtækið átti að vera fólginn í nýrri útrás í Atlantshafssiglingum einmitt á þeim tíma þegar samdráttartilhneigingar í þeim voru hvað mestar og samkeppni hörðust.

Bankaeftirlitið fær líka þrátt fyrir allt sinn skerf af gagnrýni þó að þar skiptist á annars vegar að því er hælt fyrir viðvaranir sínar frá fyrri tíð, en engu að

síður komist að þeirri niðurstöðu að það sé gagnrýnisvert að bankaeftirlitið hafði aldrei á tímabilinu frá marsmánuði 1980 og þar til í júlímánuði 1985 eða í meira en fimm ár skoðað skuldastöðu Hafskips við Útvegsbankann. Þrátt fyrir að því er hælt fyrir skarpskyggni og vandvirkni í fyrri athugunum eru þetta líka alvarlegar ásakanir. Og partur af þessari gagnrýni hlýtur líka að lenda á seðlabankastjórn sem hefur húsbóndavald yfir því bankaeftirliti sem ekki hefur fengist enn til að gefa sjálfstæða stöðu.

Að því er varðar þá gagnrýni sem fram kom um hagsmunaárekstur og varðaði stöðu hæstv. iðnrh. nú þegar hann gegndi á tveggja og hálfs árs tímabili hvoru tveggja embættinu, formennsku í bankaráðinu og stjórnarformennsku í fyrirtækinu, þá er sagt í þessari skýrslu að sú gagnrýni sé réttmæt. Þar segir:

„Almennt eiga ráðamenn að forðast að komast í þá aðstöðu að vera á sama tíma í fyrirsvari fyrir tvo aðila, sem geta lent í hagsmunaárekstri, en það getur augsýnilega hent þegar um lánveitanda og lánþega er að ræða. Eigi fer vel á því að fulltrúar skuldaranna stjórni bankastofnun. Á þessum forsendum liggur beint við að gagnrýna Albert Guðmundsson fyrir það að gefa kost á sér til setu í bankaráði Útvegsbankans án þess að víkja úr stjórn Hafskips. En sökin er ekki fyrst og fremst hans heldur Alþingis, sem kaus hann í bankaráðið vitandi um stöðu hans hjá Hafskipi, en Albert Guðmundsson og aðrir bankaráðsmenn urðu sjálfkjörnir í ráðið. Síðan hnykkti þáv. viðskrh." — sem mig minnir að hafi verið núverandi seðlabankastjóri Tómas Árnason frá Hánefsstöðum — „á þessari andvaralausu kosningu með því að skipa Albert Guðmundsson formann bankaráðsins."

Hæstv. iðnrh. hefur svarað þessari gagnrýni í þessum umræðum með vísan til þess að hann hafi verið þrábeðinn af þáverandi stjórnarflokkum, þ.e. hæstv. þáv. forsrh. og samstarfsflokkum hans, Framsfl. og Alþb., að taka að sér þessa stöðu. Vera má að hann hafi ekki verið kosinn til þess sem fulltrúi Sjálfstfl. þó að það hafi legið fyrir að Sjálfstfl. hafi gefið samþykki sitt. Þetta er út af fyrir sig ekki kjarni málsins heldur er hann að mínu mati sá sem hér stendur, að þetta sé gagnrýnisvert, þarna hafi verið boðið upp á hagsmunaárekstra, þeir séu óeðlilegir og allir aðilar málsins, sá sem tók kjöri og þeir sem buðu það, hefðu átt að vita betur og breyta á annan veg.

Ég minnist þess að í málsvörn hæstv. ráðh. á sínum tíma að því er varðaði bankann hafi hann fullyrt að hann hafi aldrei haft í starfi sínu sem stjórnarformaður bankaráðsins nein afskipti af lánamálum í Hafskip og hann hefur einatt vísað til þess að staða fyrirtækisins hafi á þeim tíma alls ekki verið gagnrýni verð, hún hafi verið með blóma. Þess vegna finnst mér athyglisvert það sem segir í skýrslunni á bls. 96, með leyfi forseta:

„Eigi verður séð að Albert Guðmundsson hafi á því skeiði, er hann var bæði bankaráðsformaður og stjórnarformaður, fylgst neitt að ráði með vinnubrögðum framkvæmdastjóra Hafskips og annarra ráðamanna varðandi reikningsskil og verðmat skipa. Hann telur þetta tímabil hafa verið blómaskeið Hafskips, en það er mikill misskilningur eins og fram kemur í þessari skýrslu."

Herra forseti. Í raun og veru verður að játast að það er umhugsunarefni, svo að ekki sé meira sagt, að það skuli hafa verið fulltrúi fjórða valdsins, fulltrúi fjölmiðlanna, og þá fyrst og fremst hið umdeilda blað Helgarpósturinn, sem tók þessi stóru mál til gagnrýninnar umfjöllunar fyrst en ekki þessar viðamiklu stofnanir, sem ríkið þrátt fyrir allt hefur í sinni þjónustu, og er ég þá að vísa til þessa mikla pýramída frá bankaráðunum sem hafa vissulega skyldum að gegna þótt hér sé því lýst nánar hversu öndvert er fyrir komið samskiptareglum annars vegar pólitískt kjörinna bankaráðsmanna og hins vegar þingflokkanna þar sem er um að ræða lagafyrirmæli um þagnarskyldu sem m.a. geta útilokað að þingflokkarnir geti þá í reynd beitt einhverju eftirliti sem hlýtur að byggjast á því að þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum.

M.ö.o.: það voru ekki bankaráðin, sem ræddu ekki einu sinni málið fyrr en allt var komið í óefni að sögn þessarar skýrslu, jafnvel vikum og mánuðum eftir að umrætt blað, Helgarpósturinn, hafði birt upplýsingar sem hlutu að teljast svo alvarlegar að maður skyldi hafa ætlað að bankaráðið brygðist við, vaknaði upp, og það var ekki bankaeftirlitið, sem á fimm ára tímabili gerði enga rannsókn eins og ég vitnaði til áðan, og það voru ekki bankastjórnarmennirnir sem ekki þótti þá ástæða til eftir því sem hér er sagt að leggja staðreyndir á borðið fyrir bankaráðið og vara við ástandi mála í tæka tíð. Nei, það var ekkert af þessum viðamiklu eftirlitsstofnunum hins pólitískt rekna bankakerfis sem brást við í tæka tíð áður en skaðinn var skeður. Það var eitt mjög svo umdeilt vikublað og er ekkert launungarmál að af hálfu varðmannakerfisins hafa þeir kunnað því blaði litlar þakkir fyrir.

Sú umræða öll vekur upp ótal spurningar og getur verið tilefni til langrar rökræðu, en eftir stendur þessi meginstaðreynd: að eftirlitskerfið brást og það var fulltrúi fjórða valdsins, fjölmiðlunarinnar, sem fyrst hreyfði málinu og nú er upplýst að upplýsingarnar, sem þar voru birtar en vefengdar um leið og jafnvel lýstar firrur og óhróður, voru í sumum tilvikum ekki aðeins réttar heldur reyndar ekki eins tæmandi og nú er komið á daginn að þær voru í reynd.

Herra forseti. Í raun og veru er þá eftir ein spurning. Skaðinn er skeður, en spurningin er þessi: Hvað getum við lært af óförunum? Það er ekki lengur aðalatriðið í þessari umræðu að rekja það stig af stigi, enda ljóst að eftirlitskerfið er ónýtt. En hvað getum við lært af þessu? Hvaða hugmyndir eru uppi um að breyta þessu pólitíska ríkisbankakerfi sem upplýst er að enginn ber ábyrgð á, ekki nokkur einasti maður? Það mál verður hér á dagskrá

væntanlega innan tíðar vegna þess að það hafa liðið ekki aðeins vikur og mánuðir heldur misseri án þess að tekin væri ákvörðun um hvað ætti að gera varðandi örlög Útvegsbankans sem nú er í gjörgæslu og rekinn á ábyrgð ríkissjóðs og Seðlabanka. Það bendir til þess að þetta sé heldur silalegt kerfi og erfitt að fá skjótar ákvarðanir því öllum ber saman um það og allir hafa talað um það hver á fætur öðrum og hver upp í annan mánuðum og vikum saman að það mál þoli enga bið.

Nú er þrátt fyrir allt búið að leggja fram álitsgerð frá stjórn Seðlabankans um það efni, stilla upp valkostum, og kominn tími til að taka afstöðu í því máli. Ég ætla ekki að fara út í efnislega umræðu um þá skýrslu, enda er hún ekki á dagskrá nú, en ég ætla að lýsa því stuttlega hver eru mín viðbrögð við þessari hrakfallasögu og meginniðurstaða. Hún er þessi: Þetta ábyrgðarlausa pólitíska ríkisbankakerfi getur ekki staðist óbreytt svona lengur. Þetta kerfi gengur ekki og því á að breyta. En það er hægt að hugsa sér að breyta því í áföngum. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að stefna að því að endurskipuleggja bankakerfið hér á Íslandi á þann veg að við komum upp hlutafélagabönkum og ríkið hætti beinum afskiptum af rekstri viðskiptabanka.

Þetta er ekki mjög róttækt sjónarmið því að almennt séð má segja að þetta sé sú skipan bankamála sem viðgengst í flestum vestrænum löndum. Hitt skal svo sagt að vel má vera að meðan við fikrum okkur áfram út úr þessu pólitíska og ábyrgðarlausa miðstýringarkerfi viljum við, a.m.k. á ákveðnu tímaskeiði, hafa hér einn öflugan ríkisbanka til að tryggja á umþóttunarskeiði að samkeppni verði milli tveggja slíkra aðila, en ég er ekki í nokkrum vafa um að núverandi kerfi hefur gengið sér til húðar og við eigum að stefna að því að koma á hlutafjárbönkum þar sem væri um að ræða raunverulega dreifða eignaraðild og þar sem bankastjórnir, þeir sem annast rekstur og bankaþjónustu, séu undir aðhaldi frá raunverulegum hlutafjáreigendum um bæði hagkvæmni í rekstri og arðsemi. Við erum búnir að fá rækilega reynslu af þeim hörmulegu mistökum sem þrifist hafa í núverandi kerfi, ekki bara í útþenslu þessa kerfis, ekki bara í skipulagsleysi þess, ekki bara í skriffinnskunni, útþenslunni, mannahaldinu o.s.frv. heldur ekki hvað síst í þeim hrikalegu mistökum sem þar hafa átt sér stað vegna þess að þessir bankar eru ekki reknir á faglegum grundvelli sem bankastofnanir heldur verða þeir alltaf að lúta pólitísku forræði öðrum þræði og verja fé þvert gegn öllum venjulegum reglum vegna pólitísks þrýstings. Það kerfi getur aldrei endað nema á sama veg, þennan sem við höfum hér fyrir augunum, og er kerfi sem er þrautreynt á ýmsum pörtum jarðarkringlunnar. T.d. gætu Pólverjar sagt okkur hvernig slíkt kerfi endar ef það er látið renna sitt skeið til rökréttrar niðurstöðu.

Í fljótu bragði sýnist mér það koma mjög vel til álita og beri að skoða mjög vandlega þann kost sem nefndur er um sameiningu Útvegsbankans og einkabankanna þó að mér sé kunnugt um að það muni verða erfitt í framkvæmd, ekki hvað síst vegna þess að veikleiki einkabankanna er gífurlegur. Þetta eru ekki öflugir bankar. Þetta er raunverulega lítið meira en sparisjóðir. Þau ákvæði í núverandi viðskiptabankalögum sem kveða t.d. á um hlutfall eigin fjár og fjárfestingar í bæði húseignum og fastabúnaði eru af því tagi að þessir bankar hafa ekkert vaxtarskeið til mikillar fjárfestingar eða útþenslu á næstu árum og spurning er um hvort þeir séu raunverulega nægilega öflugir til að valda sínu hlutverki í slíkri sameiningu.

A.m.k. er eitt ljóst. Það ber ekki að fara úr öskunni í eldinn, það ber ekki að fara úr miðstýrðu og ábyrgðarlausu ríkisbankakerfi yfir í klíkurekstur örfárra fjármagnseigenda sem raunverulega eru líka partur af hinu pólitíska skjólstæðingakerfi. Þessi banki, einkabanki ef af verður, verður að vera með fjöldaaðild og með mjög dreifðri hlutafjáreign þannig að það verði tryggt að hann verði ekki í reynd, þótt undir öðrum formerkjum eða nöfnum sé, undir klíkustjórn pólitískra forréttindaaðila í þessu þjóðfélagi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er um margt mjög merkileg. Hún lýsir ekki aðeins glæfralegum rekstri eins stærsta fyrirtækis landsins, barnalegri oftrú Útvegsbankans og vanhæfni stjórnenda hans heldur er hún um leið saga um pólitísk tengsl, óeðlilega fyrirgreiðslu og siðleysi. Skýrslan um samskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. lýsir ákaflega vel einum geira íslensks samfélags þar sem fornar venjur kunningsskapar, reddinga og hagsmunatengsla ráða ríkjum, en hagsmunir almennings í landinu eru grafnir og gleymdir.

Þessi skýrsla svarar mörgum spurningum, en hún vekur líka spurningar um ábyrgð, hlutverk stjórnenda opinberra stofnana og ekki síst þær kröfur sem stjórnendur og stjórnmálamenn gera til sjálfra sín.

Niðurstöður skýrslunnar eru þær helstar að Útvegsbankinn hafi fylgst ákaflega illa með málefnum Hafskips, stærsta viðskiptavinar síns. Lánveitingar urðu miklu meiri en eðlilegt gat talist, tryggingar skorti, stjórnendur bankans treystu blint á upplýsingar Hafskips og þeir aðilar sem áttu að sinna eftirliti sváfu á verðinum. Meginniðurstaðan er svo auðvitað sú að stjórnendur Útvegsbankans hafi verið og séu í raun óhæfir til þeirra starfa sem þeir hafa valist til.

Þegar saga samskipta bankans og Hafskips er skoðuð og í ljós kemur að fyrirtækið rambaði á barmi gjaldþrots 1973, 1977 og átti við vaxandi erfiðleika að etja eftir 1982 verður nær óskiljanlegt hversu illa bankinn fylgdist með gangi mála. Að vísu sýndu reikningar fyrirtækisins allt aðra útkomu en hún raunverulega var og svo virðist sem Hafskip hafi átt mjög traustan stuðningsmann innan bankans sem í skýrslum sínum sýndi ótrúlega tryggð við skipafé-

lagið og afhenti gagnrýnislaust upplýsingar um veð sem ekki stóðust. Hvað eftir annað var skipafélaginu bjargað út á lygnan sjó að því er bankinn taldi.

Að sjálfsögðu þarf það ekki að vera neitt óeðlilegt að fyrirtækjum sé hjálpað yfir erfiðan hjalla, t.d. til að koma í veg fyrir atvinnuleysi eða jafnvel hrun lítilla byggðarlaga. Vandinn er hins vegar sá hvar eigi að draga mörkin, hvenær rekstur er orðinn vonlaus. Og þar brást stjórnendum Útvegsbankans bogalistin. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Þótt ársreikningi 1984 hafi verið áfátt í ýmsum veigamiklum atriðum þurfti samt enginn að vera þess dulinn að félagið var gjaldþrota í árslok 1984."

Í árslok 1984 voru þeir bankastjórar sem enn starfa við Útvegsbankann komnir til starfa og hvað gerðist? Enn einu sinni átti að bjarga skipafélaginu. Hlutafjáraukning og yfir máta bjartsýnar áætlanir um Atlantshafssiglingar áttu að koma fleytunni á flot að nýju þrátt fyrir mikið tap á siglingum yfir Atlantshafið. Á miðju ári 1985 reyndu bankaráð og stjórn bankans að klóra í bakkann gagnvart fjölmiðlum. Enn var verið að reyna að bjarga því sem bjargað varð. Síðasta ævintýrið var stofnun Íslenska skipafélagsins, örlítil lenging á hengingarólinni sem mun kosta bankann litlar 20–30 millj. að mati rannsóknarnefndarinnar. Þetta gerðist á tíma þeirra bankastjóra og þess bankaráðs sem enn sitja.

Hvers vegna fór sem fór? Samkvæmt skýrslunni svara bankastjórarnir því svo á bls. 76, með leyfi forseta:

„Þeir treystu því að ársreikningar félagsins, undirritaðir af löggiltum endurskoðanda þess, væru öruggir. Þeir treystu upplýsingum frá Hafskipi um verðmæti eigna félagsins. Þeir treystu því að Hafskip fengi varnarliðsflutningana aftur. Þeir treystu fyrirætlunum Hafskips um Atlantshafssiglingarnar. Þeir treystu á styrk hluthafanna í félaginu og fjármálareynslu stjórnarmanna þess. Svo kom það í ljós að Hafskip brást þessu trausti og því fór sem fór."

Niðurstaða mín eftir þennan lestur er sú að því miður sitji og hafi setið í stjórn Útvegsbankans menn sem ekki eru starfi sínu vaxnir. Og hvers vegna skyldi það vera? Mín skoðun er sú að um sé að kenna þeirri staðreynd að bankastjórar og bankaráðsmenn eru valdir pólitískt. Peningastofnanir þjóðarinnar eru eign allra landsmanna og það er sameiginlegur sjóður allra landsmanna, ríkissjóður, sem ber ábyrgðina og tekur á sig skellinn þegar dæmið verður endanlega gert upp. Almenningur í landinu á að geta treyst því að við stjórnvölinn sitji menn sem vinna með almannaheill í huga en setja ekki hagsmuni einstaklinga, þótt valdamiklir séu, í öndvegi.

Sú venja hefur skapast hér á undanförnum áratugum að bankastjóraembættin, býsna mörg, eru eins konar atvinnubótavinna fyrir þreytta þingmenn og fyrrv. ráðherra sem um leið eiga auðvitað að treysta hagsmunatengslin. Hér þarf að verða stefnubreyting. Allar stöður bankastjóra á að auglýsa, líka í Seðlabankanum, og velja til starfa menn sem hafa þá viðskipta- eða hagfræðimenntun og reynslu sem nauðsynleg er.

Eins og fram kemur í skýrslunni var bankalegra sjónarmiða, eins og það er kallað, ekki gætt í samskiptum Útvegsbankans og Hafskips heldur var viljinn til að bjarga Hafskipspiltunum, þessum grónu viðskiptavinum bankans, hagsmunum bankans yfirsterkari. Það sýnir svo að ekki verður um villst að þrátt fyrir þau ummæli sem höfð eru eftir bankaráðsmönnum um að bankinn hefði ekki mátt missa af reynslu bankastjóranna og þekkingu þeirra á málefnum bankans, að reynslan ber vott um hið gagnstæða.

Það vekur athygli við lestur skýrslunnar hve öllu eftirliti með starfsemi bankans var áfátt. Ekki vantar þó kerfið í kringum hann, ráðherra, bankaráð, bankaeftirlitið. Bankaráðið fylgdist ekki með viðskiptum Hafskips. Bankaeftirlitið leit ekki á málið árum saman þrátt fyrir fyrri erfiðleika Hafskips. Lögum samkvæmt á bankaráð Útvegsbankans að hafa yfirumsjón með starfsemi hans. Hvað þýðir það? Fær bankaráðið ekki reglulegt yfirlit um stöðu bankans? Fer það ekki yfir ársreikninga bankans? Fylgist það ekki með útlánum og innlánum? Ég vildi gjarnan heyra skýringar frá formanni bankaráðsins, hv. þm. Valdimar Indriðasyni.

Það væri hægt að hafa langt mál um þessa skýrslu, en ég vil að lokum fjalla um það atriði sem mér finnst vera aðalatriðið í þessu máli öllu, það siðferði sem skýrslan endurspeglar og það siðferði sem kemur fram í viðbrögðum þeirra manna sem nú verja sig og sína í fjölmiðlum.

Að mínum dómi eiga stjórnmálamenn að gera miklar kröfur til sjálfra sín, meiri kröfur en aðrir. Alþm. hafa því hlutverki að gegna að setja landinu lög og að sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þeir verða að halda árunni hreinni, halda sig utan við hagsmunapot úti í þjóðfélaginu og forðast að koma sér í þá aðstöðu að hægt sé að beita þá óeðlilegum þrýstingi. Kjósendur í landinu eiga að geta treyst því að allar ákvarðanir séu teknar með almannaheill í huga að bestu manna yfirsýn. En því miður er langt frá að svo sé. Að mínum dómi er það blettur á Alþingi að alþm. sitji í bankaráðum og það er Alþingi til vansæmdar að hafa kjörið aftur þá bankaráðsmenn sem sátu í súpunni þegar Hafskipsmálið komst í hámæli. Hvort sem þeir vissu eða vissu ekki um hin einkennilegu samskipti Útvegsbankans og Hafskips hefðu þeir ekki átt að gefa kost á sér og Alþingi alls ekki að kjósa þá. Það sýnir vægast sagt undarlegt mat að senda aftur að bankaráðsborðinu þá menn sem hefðu átt að fylgjast betur með en gerðu það ekki.

Allt vekur þetta þá spurningu hvar sjálfsvirðing manna er stödd sem sitja sem fastast þrátt fyrir mesta fjármálahneyksli aldarinnar hér á Íslandi og spurningu um hvaða kröfur menn gera til sjálfra sín. Ég varpa þeirri spurningu fram hvaða viðbrögð menn haldi að hefðu komið fram erlendis við máli

eins og þessu í löndum eins og Norðurlöndunum eða Bretlandi. Halda menn að viðkomandi ráðamenn hefðu setið áfram?

Í blöðunum í morgun reyna menn hver um annan þveran að verja sig og nánast skella skuldinni á rannsóknarnefndina. Bankamálaráðherra ver bankastjórana með þeim rökum að þeir hafi starfað svo skamman tíma. En ég spyr: Hvað gera menn sem taka við stjórn fyrirtækis? Kynna þeir sér ekki stöðu fyrirtækisins? Hvað gerðu bankastjórarnir í þeirri stöðu sem upp var komin í árslok 1984 þegar Hafskip var í raun gjaldþrota eftir því sem segir í skýrslunni? Þeir ætluðu enn að bjarga málum þótt lán til Hafskips væru komin upp úr öllu valdi og orðin miklu meiri en eiginfjárstaða bankans þoldi. Er þetta afsakanlegt, herra bankamálaráðherra?

Bankastjórarnir verja sig og skjóta í laumi á hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson sem er nánast hvítþveginn í skýrslunni eins og hér hefur komið fram. Um Albert Guðmundsson segir að skjalfestar upplýsingar um afskipti hans af málefnum Hafskips meðan hann sat báðum megin borðsins sem formaður bankaráðsins og stjórnarformaður Hafskips hafi ekki komið fram. Í Þjóðviljanum í morgun er haft eftir Lárusi Jónssyni bankastjóra að þau orð að Albert hafi ekki beitt áhrifum sínum innan bankans séu ekki frá þeim bankastjórunum komin. Enn vaknar spurning: Er þáttur Alberts Guðmundssonar enn óupplýstur?

Af þessu öllu saman dreg ég eftirfarandi ályktun: Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. ber bankaráðsmönnum að segja af sér þegar í stað og bankastjórum að láta af störfum. Banki með slíka stjórn og slíka fjármálapólitík á sér varla viðreisnar von eftir útkomu þessarar skýrslu nema þar verði stórfelldar breytingar gerðar. Sé þingmönnum annt um virðingu Alþingis og heill umbjóðenda sinna ættu þeir að snúa sér alfarið að þingstörfum og velja til bankaráðsstarfa fólk úr atvinnulífinu, launafólk, karla og konur sem hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í stað þröngra flokkssjónarmiða og samtryggingar hinna sterku sem stundum reynast þó veikari en sýnast.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég byrja á að þakka ráðherra fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér lagt fram og er til umræðu. Ég tel að hún sé um margt athyglisverð og umhugsunarverð.

Ég hef hlustað þó nokkuð á mál manna um hvaða lærdóm megi af henni draga og satt best að segja gerast allundarlegir hlutir í þeim málflutningi.

Hv. 4. landsk. þm. fullyrðir að þar sem bankaráðsmenn þurfi að lúta bankaleynd sé óhæfa að Alþingi kjósi þá þar sem þeir geti ekki gert grein fyrir stöðu mála hér á þingi. Með sömu rökum væri þá hægt að segja að það væri óhæfa að kjósa menn í utanrmn. Þeir eru látnir þegja þar yfir mikilsverðum upplýsingum sem þeir fá í staðinn fyrir að gera Alþingi grein fyrir þeim. Ástæðan er sú að það er talin nauðsyn að þannig sé að málum staðið. Og ég veit ekki betur en allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafi litið svo á að þannig ætti þetta að vera. Ég tel að það sé eðlilegt að þeir þm., og ég að sjálfsögðu ekki undanskilinn, leiti eftir því að sú leynd verði þá rofin fyrst og almennum þm. og þjóðinni verði trúað fyrir málum utanrmn. að fullu ef menn eru að tala um að afnema hér leynd. Hlýtur það ekki að vera fyrsta skrefið?

Ég held að það blasi við og hljóti að vera rökrétt að líta svo á að ábyrgð Alþingis byggist á þeirri lagasetningu sem ríkið hefur sett og hún byggist á kosningu bankaráðanna sem þó er dálítið skondið að setja upp þannig að það sé Alþingi sem kýs bankaráðin. Fulltrúarnir eru kosnir á Alþingi. Á þessu er nokkur munur. Þá hlýtur hver og einn að bera ábyrgð á þeim fulltrúum sem hann hefur kosið. Ég er reiðubúinn að segja af mér þingmennsku ef dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að Jóhann Einvarðsson hafi í starfi sínu í bankaráði Útvegsbankans gerst brotlegur við íslensk lög. En ég vil fá dóm dómstóla, enda eiga þeir að dæma samkvæmt stjórnarskránni. Hitt vænti ég að verði upplýst hér og nú hvað Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri braut af sér og að formaður Alþfl. liggi ekki á því að upplýsa þingheim um það hvers vegna hann var settur af, hvað hann braut af sér, yfir hverju hann þagði. Hvað vissi hann og kom ekki á framfæri við Alþfl. sem hann átti að gera?

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að formaður Alþfl. komi í salinn og geri grein fyrir þessu, hlusti á þessa hluti, því að eini maðurinn sem hefur verið dæmdur til þessa er Arnbjörn Kristinsson, maður úr atvinnulífinu, prentsmiðjustjóri, ekki gjörspilltur stjórnmálamaður.

Hér hefur því verið haldið fram af hv. 5. þm. Reykv. að aðallærdómurinn sem megi draga af því sem gerst hefur sé að ríkisbankar eigi ekki að vera til, það eigi að vera hlutafélagsbankar. Og alveg sérstaklega, vegna þess að ég veit að hv. 5. þm. Reykv. er nokkuð góður í Íslandssögu, nokkuð vel að sér í Íslandssögunni, held ég að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hann nokkurra spurninga varðandi þetta.

Eins og allir vita var starfandi í þessu landi banki sem bar nafnið Íslandsbanki hf. Hann starfaði nákvæmlega í anda þess sem hv. 5. þm. Reykv. telur að banki eigi að starfa. Hann var hlutafélagsbanki, hann var í eign þó nokkuð margra, hann var í eign manna sem hugsuðu um að fá arð af þeim peningum sem voru í bankanum. En hvað gerðist? Það urðu gjaldþrot og með leyfi forseta vil ég minna á að Ólafur Björnsson prófessor ritaði bók sem ber nafnið „Saga Íslandsbanka hf. og Útvegsbanka Íslands 1904–1980.“ Þetta er góð bók.

Það hefði kannske ekki verið svo óeðlilegt að þeir sem nú kveða upp dóm yfir ríkisbönkunum sem gersamlega óhæfum kynntu sér þessa bók. Það fóru nefnilega fyrirtæki á höfuðið þó að þau væru í

viðskiptum við Íslandsbanka og þau urðu til að skaða bankann. Undur og stórmerki! Hvernig mátti það gerast að hlutafélagabanki, alfullkominn banki, yrði fyrir slíkum skaða? Fulltrúar arðsins, auðsins sátu yfir því að velja menn í bankastjórastöður og heimtuðu arð út úr bankanum, meira að segja þegar reksturinn gekk illa. Þeir sátu uppi með stórkostuleg gjaldþrot.

Hér er, með leyfi forseta, á bls. 35 kaflafyrirsögn sem ber heitið „Syrtir í álinn fyrir Íslandsbanka. Gjaldþrot Milljónafélagsins." Þetta er miklu flottara nafn en nokkurn tíma Hafskip hf. Hvenær gerðist það að þeir sem töldu sig eiga að leiðbeina öðrum, kenna þeim hvað læra mætti af sögunni, teldu að það væri nóg að taka fyrir tíu ára tímabil? Það yrði hálfskrýtin útkoma í söguskýringum ef slíkt væri lagt til grundvallar. Nei, ætli það sé ekki staðreynd að hlutafélagabankar um alla Evrópu hafa farið á höfuðið. En hverjir hafa þá tapað fé? Það var almenningur í þessum löndum, það var fólkið sjálft, fátækir verkamenn sem höfðu trúað þessum bönkum fyrir sínu fé, millistéttarfólk sem varð að öreigum við þessi gjaldþrot um alla Evrópu á svipuðum tíma, í heimskreppunni miklu.

En fjármálamennirnir höfðu valsað með þetta fé. Er það það sem við fyrst og fremst hörmum hér í dag að þannig skyldi hafa til tekist að það séu ekki sparifjáreigendur Útvegsbankans sem töpuðu öllu sínu? Er það það sem hv. 5. þm. Reykv. grætur í dag, að fólkið sem sparaði fé í þessum banka fær það greitt og það er tryggt? Er hann að harma að þeir skyldu ekki hafa orðið fyrir þessum skelli?

Ég hygg að það væri rétt að hann læsi þessa bók um sögu Íslandsbanka og Útvegsbankans og kynnti sér hverjir voru fyrstu bankastjórarnir í nýreistum Útvegsbanka. (**Gripið fram í:** Hann heitir nú í höfuðið á honum.) Hann heitir í höfuðið á þeim manni, upplýsir einn þm. í salnum. Skyldi það nafn hafa orðið honum til falls eða vegsemdar í þessu lífi? Ætli sá sem réði því að hann fékk það nafn hafi ekki metið það svo að það yrði honum til vegsemdar?

Nei, nú er staðan sú að hann telur að þeir sem þá sátu yfir taflinu og tóku þær ákvarðanir sem teknar voru hafi verið menn sem vissu ekkert hvað þeir voru að gera og komi á gerspilltu bankakerfi. Það er niðurstaðan. Ætli hann fari ekki að skila nafninu? Auðvitað væri það rökrétt, það minnsta sem hægt væri að gera í stöðunni.

Ég vara við því að menn komi hér upp og dragi þær ályktanir að ríkisbankar séu úrelt form. Hitt hlýtur Alþingi Íslendinga að verða að gera. Þar hljóta menn að verða að setjast niður og brjóta um það heilann og komast að niðurstöðu, og þá þm. hver og einn: Hvað er það sem hægt er að kveða skýrar á um í bankalöggjöfinni til að koma í veg fyrir það, hvort heldur er hjá einkabönkum eða ríkisbönkum, að stórfelld gjaldþrot eigi sér stað? Og þar kemur fram eitt atriði sem hefur komið fram hér í umræðu. Það er spurningin hvort ekki verði að takmarka útlán til einstakra aðila, að þau megi aldrei fara yfir visst hlutfall af fjármunum bankans. Þetta hlýtur að verða atriði sem þarf að skoða.

Ég tel að það sé ekki verkefni Alþingis að annast dómstörf og ég tel að það hljóti að verða að koma í ljós, það hefur ekki enn verið neitt endanlegt í þeim efnum, hvort þetta mál er búið eða hvort ríkissaksóknari á eftir að höfða mál á hendur einhverjum mönnum vegna þess galdþrots sem varð. Auðvitað hljótum við að ætla að þetta mál verði rannsakað ofan í kjölinn eins og hægt er. Hitt vil ég fullyrða að það sem stendur á bls. 77 hlýtur mjög oft að koma upp þegar bankastjórar þurfa að meta hvort þeir eigi að halda áfram að lána fyrirtæki eða hvort þeir eigi að stöðva lánveitingar og gera það upp. Þar segir svo í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Bankastjórarnir stóðu löngum frammi fyrir þeim vanda í viðskiptum við Hafskip að velja á milli þess að hætta lánveitingum til félagsins og stöðva rekstur þess eða gera það gjaldþrota, og eiga þá víst nokkurt tap fyrir bankann, ellegar að halda áfram áhættusömum lánveitingum í von um batnandi hag félagsins. Þetta kom greinilega fram árin 1973 og 1978 þegar ákveðið var að bjarga félaginu. Það er skiljanlegt að bankinn vilji halda tryggð við gamalgróinn viðskiptavin og knýi hann ekki til uppgjafar eða gjaldþrots nema brýna nauðsyn beri til, en valið í þessum efnum er vandasamt." – Þarna er slegið úr og í á vissan hátt.

Alþingi Íslendinga ræður litlu um rekstrargrundvöll fyrir alþjóðlegum siglingum og Útvegsbankinn ræður litlu um rekstrargrundvöll fyrir alþjóðlegum siglingum. Þar getur orðið breyting á örstuttum tíma á þann veg að það sem líta mátti á sem sæmileg veð getur orðið verðlítið eða verðlaust á morgun. Þetta verða menn að hafa í huga. Hins vegar hefur Alþingi með lagasetningu, eins og t.d. þeirri lagasetningu að stöðva innflutning á fiskiskipum til landsins, haft þau áhrif að fiskiskip hér á landi eru komin hátt yfir heimsmarkaðsverð. Lítil skip eru á hærra verði en margfalt, margfalt stærri flutningaskip. Það skyldi þó ekki vera að ástæðan fyrir þessu hefði að hluta til verið sú að menn vildu tryggja veð sem voru í þessum skipum og gjaldþrot sem hefðu ella blasað við.

Herra forseti. Ég tel að hjá því verði ekki komist þegar umræðurnar hefjast um hvað nú beri að gera í stöðunni að ræða það á nýjan leik hér í þingsölum hvort hlutafélagsbankar og einkabankar séu lausn á öllum vanda. Mér er ekki kunnugt um að það séu nein lög í þessu landi sem banni hlutafélagsbönkunum að stækka og verða stórir. En er ekki eðlilegt að þeir sjái sjálfir um að stækka og verða stórir? Auðvitað er ágreiningurinn fyrst og fremst um það atriði og hvort söguskýringin eigi að verða á þann veg að lýðræðið sé nánast óhæft til að bera ábyrgð á fjármálum hjá þjóðinni.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Það er aðeins lítil leiðrétting sem ég vil gera vegna ummæla hv. þm. Kristínar

Ástgeirsdóttur. Hún vitnaði í dagblöð. Ég held að það sé Þjóðviljinn í dag sem hún vitnaði í. Þar eru höfð eftir ummæli Lárusar Jónssonar bankastjóra Útvegsbankans. Ég hygg ég hafi skrifað það orðrétt, en hún sagði að ekki hefði það komið frá bankastjórum Útvegsbankans að Albert Guðmundsson hefði ekki skipt sér af málefnum Hafskips. Nú vil ég taka fram að ég var hættur störfum hjá Hafskip og ég var hættur störfum hjá Útvegsbanka Íslands þegar fyrrv. hv. þm. Lárus Jónsson, núverandi bankastjóri, hóf störf í bankanum. En í skýrslunni segir á bls. 96, með leyfi hæstv. forseta, og ég les upp þann kafla sem snertir þetta mál:

„Því verður ekki á móti mælt að Albert Guðmundsson komst í alveg sérstaka aðstöðu til áhrifa í samskiptum Útvegsbankans og Hafskips. Þar með er ekki sagt að hann hafi misnotað þessa aðstöðu þótt hann sjálfur telji sig „fyrirgreiðslureddara“ og nefndin dragi þá staðhæfingu út af fyrir sig ekki í efa. Ekkert hefur komið á daginn sem bendir til þess að Albert Guðmundsson hafi beitt áhrifum sínum í Útvegsbankanum til hagsbóta fyrir Hafskip. Bankastjórarnir, sem á umræddu tímabili störfuðu í Útvegsbankanum, hafa allir lýst því yfir að Albert Guðmundsson hafi aldrei farið þess á leit við þá að þeir veittu félaginu fyrirgreiðslu“ og ég vona að hv. þm. geri mun á hvort rætt er við bankastjóra sem störfuðu með mér sem bankaráðsformanni eða bankastjóra sem hóf störf löngu eftir að ég hafði lokið mínum störfum hjá Útvegsbankanum og Hafskipi líka.

Ég harma það, hæstv. forseti, að hv. 5. þm. Reykv. skuli vera farinn úr salnum vegna þess að hans ræða sýnir hve lítið hann fylgist með málum. Hann segir í sinni ræðu að stefna í útlánum hafi verið engin og meinar þá líklega Útvegsbankann því að hann er til umræðu. En ég gæti alveg eins trúað að hann ætti við alla bankana.

Ég vil draga athygli að því að Útvegsbankinn tók strax upp þá stefnu eftir að ég gerðist þar bankaráðsformaður að draga í land með útlán, hætta útlánum til þeirra staða, byggðarlaga, fyrirtækja þar sem bankinn hafði ekki útibú, hafði ekki sparifé fólksins í sinni veltu. Þetta þýddi að Seðlabankinn varð að aðstoða Landsbankann til að yfirtaka þó nokkuð af stórum, þungum, útgerðarfyrirtækjum á 7 eða 8 stöðum víðs vegar um landið. Á sama tíma og Seðlabankinn veitti Landsbankanum þessa fyrirgreiðslu og Útvegsbankinn hafði eilítið meira svigrúm var stofnuð sérstök deild í Útvegsbankanum sem var nýjung þá og hét Átak og er áreiðanlega til enn þá þó minna fari fyrir henni nú en þá. Átaksdeildin var til þess að aðstoða sjúka og fólk sem hafði þurft á endurhæfingu vegna drykkju að halda til þess að komast aftur inn í atvinnulífið til að byggja sig upp. Ég held að þetta hafi verið þörf starfsemi sem bankinn tók upp og var ný stefna í peningamálum. Þá tók bankinn upp ráðgjöf fyrir einstaklinga sem allir bankarnir tóku síðan upp. Það er fleira af þessu tagi. Þetta var gert til að ná til einstaklingsins, ná til litla mannsins og menn geta, sérstaklega þm. sem hafa lagt á sig mikið verk til að kynna sér starfsemi Útvegsbankans, kynnt sér hvað afgreiðslunum fjölgaði í bankanum á þeim tíma. Þannig mótmæli ég því að Útvegsbankinn hafi ekki haft og hafi ekki útlánastefnu þó svo að einu og einu fyrirtæki og þar með Hafskipi mistakist í sínum rekstri.

Ég ætla ekki fara út í að svara hér og nú hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Það er svo oft þegar hann talar að hann talar í skeytasendingaformi og reynir að fá fólk til að hlæja. Hann vildi meina að í ríkisbönkunum og þá yfirleitt peningastofnunum ætti slagorðið að vera: „Í ríkisbönkum er ábyrgð engin.“ Hann talaði líka um að skýrslan, sem hér liggur frammi, væri með ólíkindum af skýrslu að vera og lokaþátturinn væri eins og grínleikrit. Ég sá fyrir mér, þegar ég hlustaði á hann, mann í sárum, mann í hálfgerðri sorg, ekki vegna þess að hann hafi meitt sig heldur að náinn ættingi hafi orðið fyrir áfalli. Þá fór ég að hugsa: Hver getur þessi ættingi verið? Það skyldi þó aldrei vera Gróa á Leiti?

Valdimar Indriðason:

Herra forseti. Það er farið að líða á dag og þessi skýrsla er búin að vera hér mikið til umræðu sem eðlilegt er og það er auðheyrt á mörgum ræðumanna að þeir líta á hana sem stóra sannleik, en því miður get ég ekki lýst því yfir fyrir mína parta því það eru þættir í henni sem ég þekki allt of vel til þess og ég get ekki annað en gagnrýnt þá.

Auðvitað er sjálfsagt og ég er fyrir það þakklátur að fá þessa skýrslu að mörgu leyti einmitt fyrir það að við getum áttað okkur á ýmsum hlutum í okkar kerfi sem mættu betur fara. Ég er alls ekki að halda því fram að Útvegsbankinn sé hvítþveginn af öllum málum sem þar fara fram. Hins vegar verðum við að lesa þetta með nokkuð opnum huga án þess að draga beinar ályktanir af því sem þarna er sagt. Lítum t.d. á bls. 72 þar sem talað er um bankastjórana. Það er harður dómur sem stendur þar, með leyfi forseta, í næstneðstu greininni:

„Að dómi nefndarinnar er það engum vafa undirorpið að bankastjórar Útvegsbankans bera meginábyrgð á þeim áföllum sem bankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips, enda þótt bankastjórarnir eigi sér líka nokkrar málsbætur.“

Þeir bera meginsök á öllu, segir skýrslan. Þetta finnst mér harður dómur af þeim aðilum sem um þetta fjalla. Við skulum gera okkur það ljóst, það hefur komið fram hér í umræðunum, að þessir þrír bankastjórar, sem þarna er um að ræða, eru menn sem eru búnir að starfa þarna um skamman tíma Halldór Guðbjarnason frá því í maí 1983, Ólafur Helgason og Lárus Jónsson frá því í júní 1984.

Það kom fram í umræðunni einnig að þessir menn gerðu ekkert til að reyna að beygja af þeirri braut sem allir sáu að fyrirtækið var komið á. Þetta kom fram sérstaklega áðan hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og skal ég fara nokkrum orðum um þetta.

Skýrslan segir að staða Hafskips 1983 hafi verið slæm. Reikningar sem við fáum í bankaráðinu 1984 um mitt sumar, endurskoðaðir, frá Hafskipi, segja okkur að það sé rekstrarhagnaður á fyrirtækinu um 22,5 millj. og fylgja áætlanir með um frekari starfsemi. Það er rétt að við létum ekki sérstaka endurskoðendur fara ofan í að endurskoða löggiltan endurskoðanda við fyrirtækið. Hvernig værum við stödd þá í okkar þjóðfélagi ef við gætum ekki treyst löggiltum mönnum í þessum störfum? Ég læt þetta koma fram hér til að skýra nokkuð og sem afsökun í leiðinni fyrir því hvað við vorum bláeygir í þessum efnum. Þessu geta menn lært af vegna seinni tíma. Það má ekki treysta öllum hlutum.

Þegar líður á haustið sjáum við að áætlanir standast alls ekki. Það er þá sem nýju bankastjórarnir taka sig til. Í desembermánuði 1984 kalla þeir fyrir sig forsvarsmenn Hafskips og segja að þetta gangi ekki lengur. Annaðhvort verði fyrirtækið stöðvað eða þá að þeir komi því í annarra manna eign. Forustumenn Hafskips fóru þá og leituðu hófanna um samninga við Eimskip. Það var ekki bankinn sem það gerði heldur þeir sjálfir. Þeir samningar gengu ekki. Þeir komu og báðu um meiri fyrirgreiðslu og því var gersamlega neitað. Það var gerð krafa um það því að það blasti við gjaldþrot ef ekkert var gert. Það kom einnig fram áðan hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að menn eiga stundum um erfiða kosti að velja. Þetta er rétt. Það blasir við þér: Á ég heldur að taka þann möguleika að lána mönnum í viðbót einhverja upphæð en að tapa nokkur hundruð milljónum eins og málið blasti við? Það var samþykkt að lána þeim viðbót, ef þeir gætu aukið hlutaféð um 80 millj., til þess að þeir gætu haldið áfram út á þær áætlanir sem þeir gerðu sjálfir og voru mjög bjartsýnar. Þetta var samþykkt á hluthafafundi hjá þeim og það voru sterkir menn, vil ég segja, sem komu með ábyrgðir fyrir hlutafjárloforðum.

Ég tek við formennsku bankaráðs 16. jan. 1985 og við fáum reikningana frá bankanum í júnímánuði 1985. Þá fáum við reikningana fyrir 1984 og milliuppgjör og áætlanir sem voru fyrir 1985. Þær áætlanir sýndu okkur að það var full bjartsýni á því, það var kölluð óskhyggja í dag og hefur sjálfsagt verið það, að þetta mundi ganga upp. Við bíðum í einn mánuð. 17. júlí 1985 var mælirinn fullur. Þá sögðum við algert stopp. Þá var farið á stúfana að leita eftir að koma þessu fyrirtæki í annarra manna eigu. Það var aftur leitað til Eimskips en það gekk treglega. Það gekk ekki, náðist ekki samkomulag. Bankastjórnin fór svo í þetta sjálf þegar leið á haustið. Það endaði ekki með því að Útvegsbankinn seldi Eimskipafélaginu sem slíku en búið var að lýsa yfir gjaldþroti 6. des. áður en hægt var að ná samkomulagi. Þann punkt vil ég aðeins minnast á vegna þess að við munum það þm. að í þingsölum í fyrra um þetta leyti var mikil umræða um Hafskipsmálið. Ég fullyrði í þessum stól að hefðum við fengið að vera í friði þá með það að selja fyrirtækið og koma því í verð hefði það munað, ég fullyrði það, 150 millj. hefðu ekki fjölmiðlar og hv. Alþingi hent þetta eins mikið á lofti og gert var þá. Það gerspillti öllum sölumöguleikum. Skeytunum rigndi yfir að utan, verðin féllu. Það var beint strik niður. Endaði á að hlutir sem við gátum sennilega selt á 12,5 millj. dollara eða jafnvel 15 hröpuðu niður í 7,5 millj. dollara. Þetta urðum við að búa við í fyrrahaust. Svo er sagt að við höfum ekkert gert.

Það er ósköp eðlilegt, þegar búið er að lesa þessa skýrslu, að álykta að við höfðum verið bláeygir og ekki staðið að málum eins og átti að gera. Það legg ég ekki dóm á sjálfur. En þannig blöstu málin við. Það má dæma okkur alla sem að þessu stóðum þegar að því kemur, en það er ekki hlutur skýrslunnar að segja til um hvaða dóm hver og einn skal hljóta.

Í sambandi við bankaráðið, sem er fjallað allítarlega um á bls. 78 en ég ætla ekki að lesa sérstaklega fyrir þingheim, það er búið að gera í dag, er því blákalt haldið fram að bankaráðsmenn, af því að þeir eru kosnir af pólitískum flokkum, hljóti þeir að vinna samkvæmt og eftir fyrirskipunum sinna pólitísku flokka. Þessu mótmæli ég alfarið hér. Þetta kalla ég dylgjur. Þann tíma sem ég hef verið í þessu og þeir menn sem með mér hafa unnið höfum við ekki í einu einasta tilviki verið beittir þrýstingi, ekki ég af Sjálfstfl., ekki Jóhann Einvarðsson af Framsfl., ekki Garðar Sigurðsson af Alþb. og ekki Kristmann Karlsson af Sjálfstfl. og ég veit ekki heldur til þess með Þór Guðmundsson af Alþfl. Ég vildi gjarnan að þessir menn fengju að svara þeim sökum sem hér eru bornar á þá, að þeir hljóti að vinna eftir pólitískri línu og þrýstihagsmunahópum utan úr bæ, annars gætum við ekki verið þarna. Ég bið þm. að ræða varlega um slík mál áður en þeir kynnast þeim betur. Þessir menn eru fjarverandi. Ég er einn til að svara fyrir þá. Þetta er algerlega rangt. Það fullyrði ég hér.

Það kom fram í umræðunum fyrr í dag að bókun á málum Hafskips hafi ekki sést í bókum bankaráðs — ég man ekki hvaða tíma — allverulegan tíma, er sagt. Þetta má vel vera rétt. Ég hef ekki skoðað það svo, ætla ekkert að vefengja það hér. En það er atriði sem mætti taka til athugunar þegar þetta er betur skoðað af þeim sem setja reglugerð um þessa starfsemi alla að það sé ítarlegar bókað í bankaráðum. En ég fullyrði að þessi mál voru oft rædd fram til 1985 a.m.k. meðan ég átti sæti í bankaráði. Bankastjórar og fulltrúar frá hagdeild bankans komu og gerðu skil á ýmsum þáttum. Það kom einnig fram, það er í skýrslunni, að það hefði ekki neitt komið frá hagdeild bankans frá 1981 þar til í mars 1985. Ég ætla ekki að verja forvera minn að þessu leyti, en ég held að það sé fyrst og fremst skortur á því að þarna hafi verið bókað eins mikið og skyldi. Þess vegna má fá slíka útkomu til að gera allt tortryggilegt.

Þá kem ég að bankaráðinu aftur og einmitt að lokaorðum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur: Við eigum að velja fólk úr atvinnulífinu til að stjórna

bankamálum og öðrum stofnunum þjóðfélagsins. Í þessum dúr var þetta. Það er ekki orðrétt hjá mér. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Er það blettur á mér að ég hef verið 27 ár framkvæmdastjóri fyrir atvinnufyrirtæki? Er það blettur á mér að ég skuli vera settur í bankaráð Útvegsbankans? Fyrirtækin sem ég hef stjórnað hafa aldrei skipt við Útvegsbankann. Og eitt í viðbót. Það er ekkert einasta útibú frá Útvegsbankanum í Vesturlandskjördæmi. Er maðurinn á götunni betur fær um þetta en ég af því ég hef álpast inn á þing? Er ég óhæfur af því að ég er á þingi? Svona röksemdir skil ég ekki og mótmæli þeim algerlega.

Ég ætla ekki, held ég, að eyða fleiri orðum að þessu. Það er búið að segja það mikið. En margt má segja um þetta í viðbót. Ég tek undir að það er ýmislegt sem má laga og ég mun beita mér fyrir því eins og ég get við viðskrh., ræða um það betur. Það mætti laga ýmislegt í bankakerfinu og ekki síst ríkisbankakerfinu. Ég vona að hinir ríkisbankarnir séu í mjög góðu lagi. Ég dreg það ekki í efa. En það eru ýmsir liðir sem þar mættu betur fara. Hámarkslán t.d. hafa ekki verið ákveðin í þessum bönkum að ég best veit, enda væri það erfitt viðureignar, en sjálfsagt að athuga.

En ég held að ég láti máli mínu lokið. Ég hef gefið stuttar skýringar á því hvernig staðan er. Ég vona að hv. þm., a.m.k. Kvennalistans, hafi fengið svör við því sem að mér var beint áðan.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég vil aðeins draga inn í umræðuna um þetta mál einn þátt þessa máls sem ég tel óhjákvæmilegt að ræða lítillega og þar á ég við þátt eftirlitsaðila málsins, þátt bankaeftirlitsins og frammistöðu þess og einnig hvernig með álit og starf bankaeftirlitsins hefur verið farið.

Það er haft, herra forseti, eftir kerlingu fyrir austan, eins og við segjum, að til þess séu slysin að varast þau og mun konan hafa átt við að menn ættu að reyna að læra af mistökunum og varast vítin þar sem þeir vita um þau. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það fyrirkomulag eftirlitsmála í bankakerfinu sem við höfum búið við og stendur til að búa við samkvæmt núgildandi og nýjum seðlabankalögum verði tekið til rækilegrar skoðunar í framhaldi af þessu máli og reynt að læra af mistökunum og girða fyrir að bankaslys, svo ég vitni nú í hæstv. viðskrh., af þessu tagi geti átt sér stað.

Í því sambandi vil ég benda á bls. 80 og áfram í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu um viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Ég vil enn fremur minna á, eins og reyndar er getið í skýrslunni, að hér var lögð fram á Alþingi í fyrra skýrsla um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans samkvæmt beiðni okkar þm. Alþb. Í þeirri skýrslu eru greinargóðar upplýsingar um öll samskipti bankaeftirlitsins og Útvegsbankans og einnig er sérstakur kafli sem fjallar um samskipti þessara nefndu aðila þar sem Hafskip hf. tengist málinu á einn eða annan hátt. Höfundar þessarar skýrslu komast reyndar að þeirri niðurstöðu á bls. 83 að þegar á heildina sé litið, með leyfi forseta, hafi bankaeftirlitið sýnt bæði skarpskyggni og vandvirkni í þeim athugunum sem það hefur gert og hvað eftir annað varað sterklega við þróun mála í samskiptum Hafskips og Útvegsbankans. Hins vegar gagnrýna þeir bankaeftirlitið fyrir að hafa ekki á tímabilinu frá því í mars 1980 og þar til í júlímánuði 1985, í meira en fimm ár, skoðað stöðu Hafskips við Útvegsbankann.

Ég tek undir með höfundum skýrslunnar hvað það varðar og ég fullyrði að bankaeftirlitið sem slíkt brást ekki skyldu sinni, þeirri skyldu að vara við og vekja athygli á þeim hættum sem hér væru á ferðinni. Um það má deila hvort bankaeftirlitið hefði átt að halda málinu áfram og fylgjast tíðar og betur með stöðu málanna á þessu tímabili sem áður var nefnt, en ég bendi á að á þessu tímabili voru í gangi að segja má stanslausar viðræður, og það kemur fram í þessum gögnum, milli forráðamanna Útvegsbankans og Seðlabankans um stöðu hins fyrrnefnda og þar á meðal stöðu Hafskips sem stórs viðskiptavinar. Þetta kemur fram í skýrslunni. Ég get því ekki álasað bankaeftirlitinu sérstaklega fyrir þess þátt, m.a. vegna þess að þar hafa menn væntanlega vitað að þessar viðræður áttu sér stað nær samfellt á þessu tímabili.

Mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp úr skýrslu þeirri, sem dreift var á Alþingi í fyrra og var 172. mál Sþ. á þskj. 692, rétt til að nefna dæmi um hversu sterklega bankaeftirlitið tók til orða í skýrslum sínum á árunum 1975–1978 um stöðu Hafskips og þær hættur sem Útvegsbankanum stöfuðu af því. Þannig segir t.d. í skýrslu sem skilað var 31. mars 1975 og byggir á athugun á viðskiptum þessara aðila allt frá árinu 1972, með leyfi forseta:

„Þróun þessara skuldaviðskipta er þannig allt fram á árið 1973 að vægast sagt verður ekki séð að hún hafi á neinn hátt verið í samræmi við hagsmuni bankans."

Ég get ekki, herra forseti, séð að öllu sterklegar verði tekið til orða en að fullyrða að öll þessi viðskipti hafi engan veginn verið í samræmi við hagsmuni bankans. Og enn segir:

„Á hinn bóginn er bankinn nú kominn í ískyggilega miklar ábyrgðir fyrir fyrirtækið. En þær eru á erlendum lánum og við síðustu gengisfellingu fóru heildarskuldbindingar við bankann upp fyrir fram lagðar tryggingar eins og fram kemur hér á undan. Hér er því enn um mjög erfið viðskipti að ræða fyrir bankann og óséð hvort honum tekst að sigla þar fyrir öll sker."

Þegar á árinu 1975 bendir bankaeftirlitið á að skuldirnar fara upp fyrir settar tryggingar og varar sem sagt, eins og ég hef áður rakið, mjög sterklega við því að þetta sé ekki í samræmi við hagsmuni bankans.

Síðan er á árinu 1977 skilað skýrslu um viðskipti

þessara aðila. Hún kemur fram í nóvember 1977. Þar er einnig mjög sterklega tekið til orða og bankaeftirlitið tekur fram að þróun þessara viðskipta frá árinu 1975 hafi komið því mjög á óvart eftir fyrri viðvaranir. Og það er sagt:

„Ekki verður annað sagt en þær staðreyndir, sem nú blasa við um þróun viðskiptanna við Hafskip hf. s.l. 2–3 ár og stöðu þeirra mála í dag, hafi komið bankaeftirlitinu á óvart. Með tilliti til fyrri reynslu bankans af þessum viðskiptum og með hliðsjón af *mjög erfiðri fjárhagsstöðu bankans sjálfs mátti ætla* að ýtrasta aðhald og aðgát yrði sýnd í þessu máli."

Og enn fremur segir í þessari skýrslu frá árinu 1977:

„Hvernig sem á þetta mál er litið er ljóst að staða Útvegsbankans er orðin stórlega viðsjárverð. Komi til gjaldþrots hjá fyrirtækinu", þ.e. Hafskipi hf., „gæti bankinn á skömmum tíma þurft að leysa til sín kröfu upp á hundruð milljóna kr."

Síðan er reyndar tekið fram að heildarskuldir fyrirtækisins eru þá þegar komnar upp fyrir eigið fé bankans þannig að þá má öllum ljóst vera *hvílík* hætta er á ferðum fyrir bankann ef þessi viðskiptavinur hans rúllar.

Ég gæti vitnað áfram í skýrslu sem kemur fram á árinu 1978 og í afskipti bankaeftirlitsins á árunum 1978–1980. Það er allt á einn veg, herra forseti, og þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Bankaeftirlitið varar mjög sterklega við þessari þróun og bendir yfirvöldum sínum á að þessi viðskipti séu stóralvarleg fyrir hagsmuni bankans.

Það má velta því fyrir sér hvernig frammistaða þeirra var sem tóku við ábendingum bankaeftirlits, þ.e. í flestum tilfellum bankastjórn Seðlabankans. Hvernig var þeirra frammistaða í því að vekja athygli á þessum viðvörunum og gera eitthvað í málunum? Mér sýnist fljótt á litið að einungis einu sinni hafi viðskrh. á öllu þessu tímabili í raun haft bein afskipti af þessum málum, þ.e. á árinu 1979. Þá verður einnig að spyrja: Hvað var hæstv. viðskrh. eða ráðherrar áranna 1980–1985 að gera? Það var vitað að yfir stóðu allan þennan tíma viðræður yfirmanna Seðlabankans við Útvegsbankann um alvarlega stöðu hins síðastnefnda. En ekki verður séð að viðskrh. á þessum tímum hafi beitt sér í þessu efni.

Þess vegna vek ég sérstaklega athygli á þessu, herra forseti, að ég tel og fullyrði að bankaeftirlitið sem slíkt hafi staðið í stykkinu í öllum meginatriðum, en það sem hafi brugðist sé stjórnskipuleg staða bankaeftirlitsins sjálfs til að hafa áhrif á framgang mála, til að koma skoðunum sínum á framfæri og fylgja þeim eftir. Ég verð að segja alveg eins og er að í ljósi þessa máls og þess lærdóms sem af því verður að draga finnst mér niðurstaðan í nýju seðlabankalögunum algerlega óviðunandi. Og ég spyr hæstv. viðskrh., eigi hann eftir að taka hér til máls: Hefur ekki læðst að hæstv. ráðh. grunur um að þetta fyrirkomulag, sem við höfum búið við og virðumst eiga að búa við áfram skv. nýjum lögum, sé gallað, að m.a. þess vegna hafi þessir hlutir getað gengið svona langt í heilan áratug þrátt fyrir að öllum var ljós þessi hætta eða átti að vera hún ljós, vegna þess að eftirlitsaðilinn, í þessu tilfelli bankaeftirlitið, hafði staðið í stykkinu og komið sínum ábendingum á framfæri?

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á að við hv. fjórir þm. Alþb. höfum flutt frv. til l. á þessu þingi, reyndar endurflutt frá síðasta ári, um sjálfstæða stofnun sem heiti Bankaeftirlit ríkisins. Þar er í *öllum meginatriðum tekið mið af því fyrirkomulagi* sem er í okkar nágrannalöndum. Það er nánast undantekningarlaust þannig í nálægum löndum að bankaeftirlitin eru sjálfstæðar óháðar stofnanir og yfirleitt öflugar stofnanir sem hafa víðtækar heimildir til að fylgjast með í bankakerfinu og grípa til aðgerða ef málin fara þar úr böndunum. Ég get ekki skilið að það sé í raun og veru eðlilegt samkvæmt þeim aðskilnaði verkefna sem yfirleitt er reynt að viðhafa í opinberu stjórnkerfi að bankaeftirlitið skuli vera deild og undirsáti í einni bankastofnun. *Það er með öllu óeðlilegt. Rétt eins og Ríkisendurskoðun gæti t.d. bara verið deild eða undirsáti í einhverju ríkisfyrirtækinu.* Dettur mönnum yfirleitt í hug að slíkt fyrirkomulag gæti gengið? Ég held ekki. Nú hefur einmitt verið með nýjum lögum gerð skipulagsbreyting sem við gætum að mínu viti látið vísa veginn í þessum efnum, þar sem er hin nýja staða Ríkisendurskoðunar samkvæmt nýlega samþykktum lögum. Ég vil t.d. vitna í 3. gr. í þessu frv. og mun ég nú fara að stytta mál mitt þar sem segir:

„Bankaeftirlitið skal fylgjast með að útlán og greiðslutryggingar viðskiptaaðila séu í samræmi við fjárhagslegan styrk innlánsstofnunar og eigið fé viðskiptaaðila. Það skal einnig fylgjast með heildarskuldbindingum viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum viðskiptaaðilum að nauðsynlegt er talið að líta á þær í heild."

Það þarf að vera til stofnun sem hefur þetta verkefni og sem hefur stöðu í stjórnkerfinu til að koma á framfæri ábendingum og grípa til aðgerða fari þessi mál úr böndunum.

Ég ítreka að ég tel að lærdómar af þessu máli, verði þeir einhverjir dregnir, og vonandi hefst þá eitthvað upp úr því af því taginu að menn verði einhverri reynslu ríkari, hljóti m.a. að verða þeir að menn taki til endurskoðunar stöðu bankaeftirlitsmála á Íslandi. Og ég ítreka þá spurningu mína til hæstv. viðskrh. hvort ekki hafi að honum læðst efasemdir um það fyrirkomulag sem var við lýði á þeim tíma sem þetta bankaslys, eins og hann hefur orðað það, átti sér stað og er enn samkvæmt gildandi lögum.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég segja honum að ég hef gegnt embætti viðskrh. í rúmt ár og það hafa ekki liðið margir dagar á milli afskipta minna af bankamálum þennan tíma. Þeir verða ekki taldir í mánuðum eða árum. Það hafa

verið eiginlega flestir dagar sem hefur komið til mikilla afskipta af bankamálum í landinu. Ég hygg að aldrei hafi það verið oftar en núna.

Það er að sumu leyti nokkur lærdómur að hlusta hér á umræður manna og hvernig talað er um banka og bankastarfsemi. Við höfðum bankalöggjöf til skamms tíma sem voru lög um ákveðnar bankastofnanir og tilgang þeirra. En lögin sem núna eru gildandi tóku gildi 1. janúar 1986 um alla viðskiptabanka, bæði ríkisviðskiptabanka og hlutafélagabanka. Þau hafa sem sagt ekki verið í gildi í heilt ár enn þá. En á meðan allt þetta gekk yfir og allt þetta kom fyrir voru í gildi lög um Útvegsbankann þar sem segir: „Hlutverk Útvegsbanka Íslands er að reka hvers konar bankaviðskipti, styðja sjávarútveg, iðnað og verslun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra er stunda þessar atvinnugreinar." Það eru greinileg fyrirmæli um að styðja við atvinnureksturinn í landinu. Sama var að segja um Landsbankann. Þar segir: „Hlutverk Landsbankans er að reka hvers konar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna."

Hver hefur gefið bönkunum þessi fyrirmæli? Alþingi Íslendinga hefur gefið bönkunum þessi fyrirmæli og eftir þessum fyrirmælum hafa stjórnendur bankanna orðið að fara hvort sem þeir hafa viljað eða viljað ekki, hvort sem þeir hafa verið í bankaráðum eða eru bankastjórar sem vitaskuld hvílir á allur daglegur rekstur. Halda menn svo að hjá því hafi farið að stofnanir sem slíkar hafi á liðnum árum oft þurft að taka áhættu hvað eftir annað? Á svo alltaf að klifa á því að áhættan, sem þessar stofnanir hafa orðið að taka, hafi orðið til vegna einhvers kunningsskapar, vegna þrýstings frá stórhættulegum stjórnmálamönnum og þingmönnum? Það er litið af þingmönnum sjálfum á aðra þingmenn eins og þeir séu óalandi og óferjandi. Ég hugsa að það sé hvergi talað í öðrum hópi jafnsvívirðilega hver til annars og á hinu háa Alþingi. Ég vil ekki halda því fram að þeir menn sem þjóðin velur til setu á Alþingi séu ótíndir dónar eða eitthvað enn verra. Ég hef á þeim tíma sem ég hef verið á Alþingi verið með ágætu fólki, að vísu misjafnlega góðu eins og gerist og gengur, en yfirleitt hefur þetta verið fólk sem hefur átt trausti og vinsældum að mæta á öllum þessum tíma. Ég sat í fjárveitinganefnd í tólf ár. Það var töluverður skóli fyrir mann. Við urðum þar, menn úr hinum mismunandi stjórnmálaflokkum, miklir vinir. Við rifumst um fjárveitingar og annað og auðvitað verður alltaf kjördæmapot á milli manna og þess háttar. En í bankamálum hef ég aldrei leyft mér að fara fram á það við bankastjóra að hann geri hluti sem eru andstæðir hagsmunum bankans og hagsmunum stjórnvalds.

Ég bið menn að gæta þess í orðum sínum að það hefur verið unnið gífurlegt starf í bankamálum. Setning laganna um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. janúar s.l., er gjörbreyting frá fyrri stefnu. Það eru allt aðrar skyldur lagðar á bankana með þeim. Þar er farið inn á að treysta innviði bankanna með stofnun tryggingarsjóðs o.fl. Þetta er rétt að byrja. Það stóð ekkert á reglugerðinni. Hún átti að vera til mánuði seinna eftir lögunum.

Hins vegar er aftur mjög slæmt að lögin um Seðlabanka tóku gildi 1. nóvember. Það átti samkvæmt þeim að kjósa bankaráð fyrir Seðlabankann. Forseti sameinaðs þings tók þetta á dagskrá á tilskildum tíma, en það hefur ekki verið kosið enn þá vegna þess að ákveðnir flokkar biðja um frest á því. Það er ekkert bankaráð í Seðlabankanum svo menn geta sparað sér að skamma það. (**Gripið fram í:** Hverjir báðu um frest?) Ekki ég. Ég hef ekki beðið um frest.

Ég vil líka minna menn á að það hafa orðið áföll í íslensku efnahagslífi og peningamálum fleiri en þetta þó ég sé á engan hátt að gera minna úr þessu máli, sem ég hef ekki gert, hvorki fyrr í dag í ræðu minni eða áður, en það er eiginlega aldrei minnst á það. Hvað er Fiskveiðasjóður búinn að tapa miklu að undanförnu á tiltölulega fáum skipum? Af hverju tapaði hann? Hverju hefur Byggðasjóður tapað líka? Fiskveiðasjóður tekur fyrsta veð í skipum. Efnahagsstefnan sem hér var ríkjandi þegar íslenska krónan féll gagnvart dollar yfir 100% t.d. á einu ári gerði það að verkum að eigið fé þessara útgerða brann upp á tiltölulega örfáum vikum, jafnvel á einum mánuði. Síðan fór að brenna upp fé það sem Byggðasjóður lánaði og síðan hluti af fjármagni Fiskveiðasjóðs. Áttum við ekki að reka þá alla hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði og bankanum? Ástæðan var fyrst og fremst sú að gengið féll svona heiftarlega. (**ÓÞÞ:** Þið lögðuð Byggðasjóð niður.)

Mörg gjaldþrot eiga sér stað í okkar landi, því miður, allt of mörg gjaldþrot. Sennilega verða mörg gjaldþrot til fyrir óraunsæi manna. Sum verða líka til fyrir óviðráðanlega erfiðleika þó allir séu á eitt sáttir um að berjast harðri baráttu og sé ekki hægt að kenna mönnum persónulega um. Það er stórt gjaldþrot t.d. í Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Við skulum ekkert dæma það. Það kemur á sínum tíma. Gjaldþrot eru hjá prjónastofum og hér í Reykjavík eru tugir gjaldþrota alltaf í meðferð með mismunandi móti. Stundum eru þetta óviðráðanlegir hlutir. Oft er líka um óheiðarleika að ræða. Við eigum bara ekki að dæma fyrir fram. Það er þetta dómsvald sem ákveðnir menn og ákveðnir stofnanir eru farin að taka í sínar hendur, þetta að reka og reka. Ég sá í Morgunblaðinu í dag viðtal við presta út af Hjálparstofnun kirkjunnar. Þeir telja að það eigi að hengja þá þarna í Hjálparstofnun. En þeir koma á hverjum sunnudegi og messa yfir manni að maður eigi að innræta sér kristilegan kærleika og fyrirgefa öðrum syndir og það sem þeir gera rangt gagnvart manni. En mildin nær ekki lengra. Og hver er sökin? Jú, þeir munu hafa tvöföld prestlaun þessir skarfar þarna hjá Hjálparstofnun kirkjunnar. Ha. Ætli það megi ekki halda áfram í þessum dúr? Endilega. Þetta er alveg stórkostlegt.

Við skulum taka sem dæmi Flugleiðir fyrir örfáum

árum, þegar Flugleiðir urðu fyrir stórfelldu áfalli. Af hverju? Var það vegna þess að það væru vondir menn sem stjórnuðu þeim? Nei, það varð of mikið framboð á flugleiðum. Það var vitfirringslegt kapphlaup um farþegana yfir Atlantshafið sem gerði það að verkum að rekstrargrundvöllur félagsins hrundi. Átti þá ekki að segja: Gerum Flugleiðir upp, gerum Flugleiðir gjaldþrota á stundinni. Hvar stæðum við í dag? Við ættum engar Flugleiðir og ættum ekkert flugfélag. Við þyrftum að fljúga með erlendum flugfélögum, þ.e. ef þau teldu það þess virði að koma við á þessu skeri.

Það verður stundum að líta á hlutina frá fleiri en einni hlið. Nú hafa Flugleiðir rétt sig við. Þær þrefölduðu hlutabréfaeignina á s.l. ári og vonandi heldur útgáfa jöfnunarhlutabréfa áfram eftir fleiri ára hlé þar sem enginn arður var greiddur og hlutabréfin voru hátt á annan áratug óbreytt að krónutölu í þeirri verðbólgu sem þá var hér. Eigum við ekki að hafa þetta líka með í myndinni? Þurfum við ekki að staldra aðeins við?

Ég held að ég komist ekki hjá að ræða örfá atriði, sérstaklega í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann er fundvís maður. Hann staldraði við á bls. 44 á skýrslunni. Þar segir:

„2. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru duglegir og hæfir stjórnendur sem hafa sterkt afl á bak við sig."

Hann fann það út að sterka aflið á bak við þá væri Sjálfstfl. sem öllu réði í peninga- og bankamálum. Nú spyr ég hv. alþm.: Í hvaða banka á Sjálfstfl. meiri hluta, í hvaða ríkisbanka? Hann á hvergi meira en tvo menn í bankaráðum af fimm. Það finnst hvergi nema einn maður í bankastjórn sem telst til Sjálfstfl. Og það þarf alltaf tvo, skal ég segja mönnum, til að skuldbinda tvo bankastjóra til að skuldbinda banka. Þetta veit ég að hv. 3. þm. Reykv. veit vel. En hann þurfti að bregða svolítið á leik.

En ég gæti líka brugðið á leik og túlkað þessi orð „sem hafa sterkt afl á bak við sig". Þetta er skrifað 1. apríl 1981. Það skyldi þó aldrei vera að sterka aflið á bak við forsvarsmenn fyrirtækisins hafi verið ríkisstjórnin sem þá sat? Þar átti 3. þm. Reykv. sæti. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherradómur?) Hann var heilbr.- og trmrh. Það er mikilvægt atriði í þessu.

Hæstv. iðnrh. hefur marglýst því yfir að hann fór í bankaráð af því að þeir gengu á eftir honum, sérstaklega hv. 3. þm. Reykv. og hv. fyrrverandi þm. sem verður í 2. sæti á lista Alþb. í Reykjaneskjördæmi í næstu kosningum, að fá hann til að verða formann bankaráðs. Þetta hefur hæstv. iðnrh. marg margoft sagt mér. En það hafa engir hræsnað meira í þessum ræðum en væntanlegur annar maður á lista Alþb. í Reykjaneskjördæmi og hv. 3. þm. Reykv.

Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir að hann tók undir þá hugmynd að það væri sjálfsagt og eðlilegt að stofna sterkan einkabanka. Ég er ekki að segja að ríkisbankar séu ómögulegir. Ég held að þróunin í heiminum sé sú að það er ekkert endilega sjálfsagt að eitthvað annað en þetta kerfi eigi að vera alls ráðandi. Hér eru einkabankarnir svo litlir þegar á heildina er litið að þeir þyrftu að styrkjast. Þeir eru líka allt of margir, þyrftu að vera færri. Þeir eru fjórir og eru of litlir. Þetta eru of litlar einingar sem við erum að tala um. Ekki er í raun og veru verið að deila um hvort það eigi að vera ríkisbankar eða einkabankar. Það er fyrst og fremst verið að deila um að þessar einingar séu of litlar og þurfi að stækka þær. Ég er ekki að halda neinu ákveðnu fram, en ég held að það sé bráðnauðsynlegt að við eignumst tiltölulega sterkan einkabanka.

Ég ætla, út af því sem hv. 3. þm. Reykv. og fleiri sögðu, að minna á að ég gaf til kynna í fyrri ræðu minni í dag að það væru tiltekin atriði sem væri nauðsynlegt að endurskoða nánar og ég teldi rétt að hafa samvinnu um við þingflokka almennt, ekki við stjórnarliðið eitt. Ég held að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi ekki hlustað vel á ræðu mína í dag því inn á þessi atriði kom ég öll.

Í sambandi við bankaeftirlitið, að gera bankaeftirlitið að sjálfstæðri stofnun. Ég held að það sé ekki það sem við þurfum, að bæta við fleiri stofnunum. Með seðlabankalögunum, sem tóku gildi 1. þ.m., er bankaeftirlitið gert mun sjálfstæðara en áður var. Það er gert ráð fyrir samstarfsnefnd í þeim lögum þar sem forstjóri bankaeftirlitsins á sæti, annar er skipaður af viðskrh., ég held að það séu engar deilur um það, og þriðji er skipaður af bankastjórn Seðlabankans, en með kaflanum um bankaeftirlitið fær bankaráð Seðlabankans meiri áhrif en var í eldri lögum. Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum einhverja reynslu áður en við hlaupum til að gjörbreyta því sem við vorum að ganga frá. Það er t.d. mjög mikill misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. þegar hann setti fram tiltekinn fjölda atriða í lok síns máls og sagðist vilja fá breytingu á. Ein breytingin er á ráðningu bankastjóra, ekki eingöngu í lögunum um viðskiptabanka heldur einnig í lögunum um Seðlabanka, að bankastjórar eru skipaðir hér eftir til sex ára. Það er eins og menn muni ekki stundinni lengur hvað er komið í lög og hvað ekki.

Eins og ég hef áður sagt er það sem skiptir mestu máli það að búið er að gera verulegar breytingar um aukið aðhald í bankastarfseminni. En ég hygg að við verðum mörg að vera eilítið mildari í dómum við þá menn sem eiga að starfa að þessum málum. Það mun aldrei finnast maður í þessi störf sem ekki verður hægt að setja eitthvað út á. Þegar við gerum auknar kröfur til bankaráða getum við ekki í sömu andránni neitað því að þeir eigi að hafa laun og það sé litið á bankaráðin eins og hverja aðra bitlinga sem menn vinni ekki fyrir. Ef það á að leggja mikil störf á menn og ábyrgð verða Alþingi og stjórnvöld að meta og vega að það þarf að greiða fyrir þau störf með sæmilegum hætti. Ég er ekki að tala um nein ofsalaun, en þannig laun að menn sem fara í svona störf, sem eru til skamms tíma í einu og það er lögð á þá mikil ábyrgð, fái greiðslu fyrir þá ábyrgð.

Ég hef kynnst allmörgum bankastjórum, bæði á síðasta ári og löngum áður, og yfirleitt verð ég að

segja að við höfum, Íslendingar, verið að verulegu leyti lánsamir með marga af okkar stjórnendum í bönkum. Þetta hafa verið miklir hæfileikamenn og harðduglegir menn. Hins vegar geta alltaf átt sér stað undantekningar frá því og þá er sjálfsagt, ef það eru ekki menn sem eru hæfir til starfa, að þeir fari.

En að síðustu þetta: Við skulum ekki dæma menn fyrir fram, hvorki sýkna né seka. Þeir verða að bíða eftir því að fá eðlilega umfjöllun dómstóla ef það er talið að þeir hafi ekki staðið við sínar skyldur og ábyrgð. Þá verðum við að hafa biðlund eftir dómstólum en rasa ekki um ráð fram í gagnrýni okkar og dómum.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég skal ekki fara með langt mál. Hér hefur margt verið rætt og þessi skýrsla gefur að sjálfsögðu tilefni til margvíslegra íhugunarefna. En ég vil segja það fyrst að mér þykir þess gæta í málflutningi sumra þm. og nú seinast hjá hæstv. ráðh. að menn skjóti sér á bak við að menn eigi að bíða eftir því að gá hvort sé um lögbrot að ræða hjá þeim aðilum sem hérna eru til umfjöllunar og þá fyrst og fremst bankastjórn Útvegsbankans.

Auðvitað er það ekki hlutverk Alþingis að dómfella menn fyrir lögbrot eða sakargiftir af því tagi, en í mínum huga er það ekki það mál sem er á dagskrá. Það vill nefnilega þannig til að við erum í sæti atvinnurekandans. Við erum með menn í vinnu. Það er eðlilegt og sjálfsagt og reyndar skylda Alþingis, tel ég, að dæma frammistöðu þeirra sem það hefur í vinnu, dæma frammistöðu þeirra sem það hefur trúað til mikilla verka. Og spurningin er: Stóðu þeir sig eða stóðu þeir sig ekki? Samkvæmt þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir er niðurstaðan þar sú að þeir hafi ekki staðið sig. Og það er þetta sem er vissulega mikið umhugsunarefni og er sjálfsagt umræðuefni hér og menn mega ekki blanda því saman við spurninguna um refsivert athæfi eða lögbrot af einhverju tagi. En það er jafnframt skylda Alþingis að líta til með þeim sem það hefur í vinnu og hafa skoðun á því hvort þeir standi sig eða standi sig ekki.

Þessi skýrsla er unnin að sérstakri ósk Alþingis. Hún er auðvitað bara álit þriggja manna. En þeir hafa væntanlega vandað sig eins vel og þeir gátu. Það er ekki endanlegur dómur. Það er Alþingis að ákveða hvort það álit, sem þarna kemur fram, sé rétt eða ekki. En ég tel það skyldu alþm. að gera upp við sig hvort þeir telja að það álit sem þarna er sett fram um störf þessara aðila sé nægilega vel rökstutt eða ekki eða hvort það þarfnist frekari athugunar áður en menn kveða upp dóm sinn um hvernig mennirnir hafa staðið sig.

En það er annað atriði sem mig langar að drepa á. Manni verður það umhugsunarefni við að lesa þessa skýrslu hvort hér sé um einstakt fyrirbæri að ræða, Hafskip, eða hvort víðar kunni að vera pottur brotinn. Hæstv. ráðh. gerði það að umræðuefni að vitaskuld væru gjaldþrot hér og hvar í þjóðfélaginu. Það er ekki nema eðlilegt í okkar þjóðfélagi að slíkt komi fyrir. Það er öryggisventill á því hagkerfi sem við búum við. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort það geti verið að fleiri stórviðskiptaaðilar ríkisbankanna, svo við höldum okkur eingöngu við þá, hafi hlotið lánafyrirgreiðslu sem sé að einhverju leyti í hátt við það sem hér hefur gerst, þ.e. þar sem tryggingar séu ónógar eða ógætilega að farið. Það ganga annað veifið sögur um að svo sé. Lestur þessarar skýrslu vekur upp þá hugsun hvort svo kunni að vera. Ég tók eftir því að einhverjir þm. orðuðu það svo að þetta væri aðeins fyrsta vers, málin væru ekki tæmd. Ég veit ekki hvort þeir voru að hugsa um að einhverjir yrðu dæmdir fyrir lögbrot. En ég get alveg eins hugsað áfram: Eru einhver mál af þessu tagi í farvatninu, annaðhvort í Útvegsbankanum eða einhverjum öðrum banka? Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvort hann telji að svo geti verið eða líklegt sé að svo sé eða hvort hann telji það ólíklegt eða hvort hann muni láta kanna það sérstaklega eða hafi látið kanna það sérstaklega. Það væri vissulega alvarlegt.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég get ekki sagt að það séu mál á svipuðu stigi og Hafskipsmálið. Hins vegar eru til fyrirtæki sem standa mjög höllum fæti í bankakerfinu og sem unnið er að rannsókn á. Ég get ekki á þessu stigi fullyrt um hvort um gjaldþrot sé þar að ræða eða ekki.

Efnisskrá.

Aðför (143. mál, kostnaður vegna gerðar) 823.
Auglýsingalöggjöf (84. mál) 826.
Aukning fjár Byggingarsjóðs verkamanna (100. mál) 751.
Áreiðanleiki skoðanakannana (123. mál) 775, 828.
Bann við tilraunum með kjarnavopn (111. mál) 747.
Búseta í heimabyggð (134. mál) 753.
Dagvistarheimili fyrir börn (71. mál, uppeldisáætlun og fósturliðar) 706, 803.
Drengskaparheit unnið 726, 826.
Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (107. mál) 705.
Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga (83. mál) 768, 827.
Grunnskóli (89. mál, skólaráð) 685.
Hagkvæmni útboða (93. mál) 771, 827.
Húsnæðissparnaðarreikningar (59. mál) 741.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (113. mál) 750.
Lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins (57. mál) 734.
Lífeyrissjóður allra landsmanna (17. mál) 826.
Lögtök og fjárnám (142. mál, úskurðir og innheimtukostnaður) 821.
Minnst látins fyrrverandi alþingismanns 824.
Notkun almannafjár til tækifærisgjafa (58. mál) 739.
Opinber innkaup (125. mál) 792.
Rannsókn kjörbréfa 723, 726, 825.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins (72. mál, flutningur til Hvanneyrar) 766, 827.
Reiðvegagerð (82. mál) 826.
Réttur launafólks til námsleyfa (65. mál) 762, 826.
Sjóefnavinnslan á Reykjanesi (133. mál) 727.
Skipan opinberra framkvæmda (124. mál, yfirstjórn verklegra framkvæmda) 787.
Stjórnarskrárnefnd (69. mál) 745.
Sveitarstjórnarlög (115. mál, sameining sveitarfélaga) 687.
Tékkar (103. mál, Lánastofnun sparisjóðanna) 706, 803.
Tæknimat (73. mál) 767, 827.
Um þingsköp 803 (skýrsla um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips).
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 776.
Umræður utan dagskrár 756 (skemmdarverk á eignum Hvals hf.).
Umsóknir um húsnæðislán (45. mál) 731.
Varamenn taka þingsæti 685, 775.
Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir (137. mál, verðbreytingar) 814.
Viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. (144. mál) 828.
Þinglýsingalög (120. mál, skrásettar bifreiðir) 787.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 723, 726, 727, 734, 756, 824, 825, 826, 856.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 685, 775.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 804, 814.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 739, 740, 746, 747, 754, 757, 813.
Félmrh. Alexander Stefánsson 732, 733, 734, 735, 737, 739, 742, 745, 751, 752.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 787, 792, 797.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 728, 730, 760, 798, 813, 844, 868.
Landbrh. Jón Helgason 776, 786, 787.
Samgrh. Matthías Bjarnason 805, 807, 811, 828, 876, 882.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 747, 750, 760.
Björn Dagbjartsson 697.
Davíð Aðalsteinsson 691, 701, 766, 767, 768, 770.
Egill Jónsson 702.
Friðrik Sophusson 706, 809.
Guðmundur Einarsson 746, 759, 805, 809, 845.
Guðmundur J. Guðmundsson 706, 720.
Guðni Ágústsson 727, 729, 731, 754, 755.
Gunnar G. Schram 756, 761.
Halldór Blöndal 743, 744, 745, 819, 820, 821, 822, 823.
Haraldur Ólafsson 725, 726, 785, 825.
Helgi Seljan 693, 771, 781.
Hjörleifur Guttormsson 731, 732, 734, 747, 749, 755, 758.
Jóhanna Sigurðardóttir 734, 737, 738, 739, 740, 741, 743, 744, 745.
Jón Baldvin Hannibalsson 803, 808, 856.
Jón Kristjánsson 692.
Jón Magnússon 814, 817, 822, 823.
Kjartan Jóhannsson 881.
Kolbrún Jónsdóttir 702, 784.
Kristín Ástgeirsdóttir 862.
Kristín Halldórsdóttir 717, 752, 753.
Kristín S. Kvaran 712, 722.
Magnús H. Magnússon 691, 780.
Ólafur Þ. Þórðarson 716, 745, 746, 759, 865.
Salome Þorkelsdóttir 685, 750, 751, 783.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 795, 852.
Skúli Alexandersson 687, 698, 704, 796, 801.
Steingrímur J. Sigfússon 767, 814, 818, 820, 873.
Svavar Gestsson 733, 746, 762, 806, 812, 835.
Valdimar Indriðason 695, 870.
Þórdís Bergsdóttir 774.
Þórður Skúlason 765, 769.

EFRI DEILD

12. fundur, mánudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Ed., dags. 10. nóv. 1986:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Vigfús Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í minn stað frá og með 17. nóv. n.k. að telja.

Björn Dagbjartsson,
5. þm. Norðurl. e."

Vigfús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi. Kjörbréf hans hefur því verið rannsakað og er hann boðinn velkominn til starfa.

Opinber innkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki er mér alls kostar ljóst hvernig þær athugasemdir sem ég gerði við þetta frv. á síðasta fundi hér í hv. deild gátu framkallað þá ræðu sem hæstv. iðnrh. hélt í framhaldi af athugasemdum mínum. Ég tók það skýrt fram í máli mínu að megintilgangur frv. væri af hinu góða, að það að samræma þær aðferðir sem beita skal við innkaup á vegum ríkisins sé augljóslega til þess fallið að auka hagkvæmni í innkaupum. Ef til vill var ræða hæstv. iðnrh. einhvers konar ósjálfráð viðbrögð.

Ég gerði tvær athugasemdir við frv. Sú fyrri var við 5. gr. þess og tók til síðustu setningarinnar í greininni þar sem stendur: „Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir."

Þetta fannst mér standa þarna heldur óvarðað, ef svo má segja, og óskilgreint vegna þess að það er hvergi að finna, hvorki í greininni sjálfri né í athugasemdum með henni, að stofnunin ráðstafi eigum ríkisins eftir að þar til gerðir aðilar hafi tekið ákvarðanir þar um. Hæstv. iðnrh. taldi að þarna væri munur á eigum annars vegar og eignum hins vegar, að eigur vísuðu til ýmislegs lauslegs, eins og húsgagna og þess háttar, en eignir hins vegar til stærri hluta eins og ríkisstofnana. Ég vil þá benda hæstv. iðnrh. á það að í athugasemd við 5. gr. er orðið „eignir" notað þó að orðið „eigur" sé notað í frumvarpsgreininni sjálfri þannig að höfundar frv. gera þarna greinilega engan greinarmun á.

Ég held að aðeins þurfi að bæta um betur hvað varðar þessa grein þannig að augljóst sé annaðhvort af lagagreininni sjálfri eða þá að það komi fram í nefndaráliti frá hv. fjh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar að þessi stofnun komi ekki til með að ráðstafa eigum ríkisins fyrr en þar til gerðir aðilar hafi tekið ákvarðanir þar um.

Í öðru lagi gerði ég athugasemd við 6. gr. frv. og fannst óþarfi og finnst enn að það sé bundið í lagagrein að þeirri meginreglu skuli fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar eins og þar segir. Ég held að það sé öllu heppilegra að stofnunin hafi frjálsar hendur um að ákveða hvaða aðferð hún beitir hverju sinni og því fráleitt að binda hendur hennar með þeim hætti sem þessi lagagrein kveður á um. Hæstv. fjmrh. benti á það í málsvörn fyrir þessu ákvæði greinarinnar að nauðsynlegt væri að hafa einhverjar ákveðnar verklagsreglur um framkvæmd útboða þegar þau eru viðhöfð. Ég tel þetta réttmæta ábendingu og vandalaust að koma henni við með því að orða þennan hluta greinarinnar á þá leið að sé sú leið farin að bjóða út kaup á vörum og þjónustu skuli tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara o.s.frv. Ég mun leggja þessa hugmynd fyrir hv. fjh.- og viðskn. og ef hún hlýtur ekki hljómgrunn þar mun ég flytja brtt. þessa efnis við 2. umr. þessa máls.

Að lokum vil ég taka undir það sem sagt hefur verið í umræðunni um að æskilegt sé að ríkið leggi áherslu á innlendar iðnaðarvörur í innkaupum sínum. Slík innkaupastefna er svo sannarlega í anda hinnar hagsýnu húsmóður og við Kvennalistakonur höfum ítrekað haldið henni fram. Ég fagna því ummælum hæstv. fjmrh. þess efnis að ekki standi til að falla frá þeirri innkaupastefnu sem mörkuð var af Alþingi ekki alls fyrir löngu og felur það í sér að leggja skuli áherslu á að ríkið kaupi innlendar iðnaðarvörur til sinna þarfa. En ég tel jafnframt rétt að athuga hvort koma megi fyrir einhverjum hvata í þessa átt í frv. því að við vitum það af reynslunni að framkvæmdarvaldið ber dálítið misjafna virðingu fyrir ályktunum Alþingis.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um opinber innkaup ber býsna ljúft yfirbragð og það sem segir í 1. gr. þess, að tilgangur þessara laga sé að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjmrn.

Ég hafði því miður ekki tíma fyrir síðustu helgi til þess að kynna mér innihald þessa frv. en ég gat notað helgina til þess. Og ég verð að segja eins og er að mér brá þegar ég áttaði mig á því hver hinn eiginlegi tilgangur þessa frv. er. Hann er ekki sá að bæta, efla og auka og styrkja innkaup hins opinbera, heldur þvert á móti. Ég tel mjög nauðsynlegt að hv. þm. fái í hendur þá reglugerð sem liggur uppi í fjmrn. og fylgir þessu frv. því að með því að fletta þeirri reglugerð kemur allt annað í ljós en frv.

kveður á um. Það segir í athugasemdum við lagafrv. þetta að nefnd sú sem skipuð var í tíð fyrrverandi fjmrh., hæstv. núv. iðnrh., Alberts Guðmundssonar, hafi skilað ráðherra drögum að frv. til laga um opinber innkaup ásamt drögum að reglugerð sem byggi á frv. En dokum nú aðeins við og lítum á hvað segir í 11. gr. þessarar reglugerðar. Þar segir orðrétt:

„Innkaupastofnun ríkisins annast eða hefur milligöngu um öll vörukaup á innlendum markaði skv. ákvörðun stjórnar — þ.e. þeirrar stjórnar sem nú á að setja yfir Innkaupastofnun ríkisins. — Stjórnin getur sömuleiðis látið Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum erlendis frá fyrir ríkisstofnanir ef um er að ræða samræmingu á vörukaupum ríkisstofnana enda sé þá um magnútboð að ræða."

Hvað segir þetta? Þetta segir það einfaldlega að það er verið að takmarka möguleika Innkaupastofnunar ríkisins á vöruinnkaupum. Þetta segir það sem hefur lengi legið í láginni að íslenskir stórkaupmenn sjá ofsjónum yfir starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins og vilja fá í sinn hlut verulegan hluta af því sem Innkaupastofnunin kaupir inn.

Ef farið verður eftir þessari reglugerð þýðir það einfaldlega að sú stjórn sem nú á að setja yfir Innkaupastofnun ríkisins getur ráðið því hverju sinni hvað stofnunin á að kaupa inn fyrir ríkisstofnanir. Þetta segir mér þá sögu á einföldu máli að það eigi að skerða Innkaupastofnun ríkisins en ekki efla hana. Ég vænti þess að menn hafi sömu hagsmuna að gæta fyrir hönd Innkaupastofnunar ríkisins og Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar. En þar segir í samþykktum m.a.:

„Enn fremur skal Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar annast öll innkaup á vörum erlendis frá fyrir Borgarsjóð Reykjavíkur og borgarstofnanir."

Þetta gengur þvert á það sem þessi reglugerð segir og segir mér þá sögu að hér sé á ferðinni tilraun til þess að mola og brjóta niður Innkaupastofnun ríkisins en ekki til að efla hana.

Menn geta síðan velt því fyrir sér hvernig þetta verður til. Hver er þróunin í þessum málum? Hún er einfaldlega þessi: Fyrrverandi hæstv. fjmrh., sem jafnframt hefur fengist við störf sem stórkaupmaður, setur á stofn þessa nefnd. Og hverjir eiga sæti í þessari nefnd? Nú skulum við aðeins kynna okkur það, og hvaða hagsmuna þessir menn hafa að gæta. Í þessari nefnd er fulltrúi frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga sem mun hafa gífurlegra hagsmuna að gæta vegna innkaupa til hins opinbera. Þarna er arkitekt, erindi hans í nefndina skil ég ekki. Þarna er starfsmaður þingflokks Sjálfstfl., að ég hygg, og þarna er framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands. Hvers vegna eru þessir menn skipaðir í nefndina? Er það til að gæta hagsmuna Innkaupastofnunar ríkisins? Mér er spurn. Nei, það er ekki til þess. Það er til þess að gæta hagsmuna annarra aðila í þjóðfélaginu, íslenskra stórkaupmanna og þeirra aðila sem kaupa inn stórt að öðru leyti.

Ég vil benda hv. deild á það að Innkaupastofnun ríkisins er ein af þeim ríkisstofnunum sem hefur staðið sig hvað best í þessu landi og eru til margar umsagnir um það. Ég vil t.d. benda á að Innkaupastofnun ríkisins hefur náð þeim árangri — náði þeim árangri 1980 þegar enginn var farinn að bjóða út frakt hér á landi — að hún bauð út frakt að verðmæti 713 millj. kr. og fékk 471 millj. kr. í afslátt, en það ár var heildarkostnaður við alla starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins 340 millj. eða aðeins 72% af þessum eina lið sem sparaðist. Það eru fjöldamörg dæmi til um það hvernig Innkaupastofnun ríkisins hefur verið rekin á þann hátt að til mikillar fyrirmyndar er. Ég vil nefna sem dæmi, með leyfi forseta, og fá að lesa úr skýrslu um starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins sem gerð var árið 1985. Þar segir:

„Eins og fyrr greinir er vörusala Innkaupastofnunarinnar veruleg á íslenskan mælikvarða. Er reynt að tryggja með útboðum að sem allra lægst verð vöru fáist í hverju tilfelli. Auk þess er samið um lægstu fáanleg tryggingagjöld og um afslætti af flutningsgjöldum vörunnar ýmist með því að bjóða út flutningana eða með sérstökum samningum við skipafélögin. Innkaupastofnun tekur þóknun fyrir þjónustu sína á bilinu 0,5%–6% í formi álagningar á seldar vörur, mismunandi eftir verðmæti pantana. Kostnaður við vörukaup er aðeins 2–3% af vörusölu en meðalálagning 3–4% og hefur alltaf skilað rekstrarhagnaði allt að 1% af vöruveltu."

Nú vil ég að menn beri þetta saman við þá álagningu sem gengur og gerist í heildverslun á Íslandi og spyrji sjálfa sig: Hvernig stendur á því að nú vilja hæstv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh., sem lagði drögin að þessari frumvarpssmíð, draga úr möguleika þessarar stofnunar á því að kaupa inn hagkvæmt fyrir íslenska ríkið? Það er vegna þess sem ég sagði í upphafi og er opinbert leyndarmál að íslenskir stórkaupmenn sjá ofsjónum yfir innkaupum Innkaupastofnunar ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög nauðsynlegt að þetta mál fái miklu, miklu meiri umræðu hér í deildinni heldur en verið hefur. Þessu er skellt inn sem frv. til laga um bættan rekstur tiltekinnar ríkisstofnunar. Það er gert m.a. með því að setja henni nýja stjórn. Og hver á að setja henni stjórnina? Það er fjmrh. hæstv. Og hverja teljið þið, hv. þm., að fjmrh. hæstv. velji í slíka stjórn? Þm. verða að svara því hver fyrir sig. Ég hygg að það yrðu menn sem ekki hefðu verulegan áhuga á því að auka og efla hag Innkaupastofnunar ríkisins.

En alvarlegast í þessu er sú 11. gr. sem ég las upp áðan og er í reglugerðinni sem þm. hafa ekki séð og liggur uppi í fjmrn. Sú reglugerð gengur þvert á tilgang þessa frv. sem er til umræðu, gengur þvert á tilganginn. Hún segir það með berum orðum að þessi stjórnarnefnd Innkaupastofnunar ríkisins geti ráðið því hverju sinni hvað verður boðið út fyrir ríkisstofnanir. Og ef fjmrh. skipar í þessa nefnd þá menn sem honum hugnast að fari með stjórn Innkaupastofnunar ríkisins munu þeir ráða alfarið hvað

verður keypt inn fyrir ríkið og hvað ekki. Það má kannske vera að þau magninnkaup sem þarna er rætt um í 11. gr. séu salernispappír og bleyjur fyrir sjúkrahús og ríkisstofnanir sem eru sannarlega til samræmingar á vörukaupum til ríkisstofnana, en hvað um aðra þætti? Hvað um aðra hluti? (**Iðnrh.:** Ertu að ræða málið á dagskrá?) Hæstv. iðnrh., ég er að tala um reglugerð sem liggur uppi í fjmrn. um þessar mundir og fylgir með því frv. sem er til umræðu. (**Iðnrh.:** Nú.) Já, ég vænti þess að það sé svo gott samband á milli iðnrn. og fjmrn. að þær reglugerðir gangi þar á milli. (**Iðnrh.:** Ég finn ekki 11. gr.) Nei, það er ekki von, sú 11. gr. sem ég er að vitna í er í reglugerð sem heitir „Reglugerð um opinber innkaup" og er í tengslum við það frv. sem við erum að ræða um. Það getur vel verið að það komi hæstv. ráðherra á óvart að mér skuli hafa lukkast að ná í þessa reglugerð, en hún hefði auðvitað átt að fylgja þessu frv. sem fylgiskjal. Hún segir allt um þetta mál. (**Iðnrh.:** Það er engin reglugerð með þessu.)

Ég vil, virðulegi forseti, benda á þetta og vil að hv. þm. geri sér grein fyrir því hvað hér er raunverulega verið að ræða um. Það er ekki verið að ræða um það að bæta rekstur Innkaupastofnunar ríkisins. Og það merkilega raunar gerist í sambandi við þetta mál að hér ríkir Parkinsons-lögmálið sem Sjálfstfl. með hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar hafa barist gegn eða segjast berjast gegn. Þeir eru að setja stofnuninni stjórn, stofnun sem hefur sannað það í mörg ár að hún er vel rekin og um það vitna fjölmargir vitnisburðir. Ég held að mikil nauðsyn sé á því áður en þetta mál verður afgreitt frá hinu háa Alþingi að þessi atriði verði athuguð mjög nákvæmlega og mjög gaumgæfilega og menn hugi að því hvað hér er raunverulega á bak við. Ég verð að segja það alveg eins og er að þegar ég las þetta frv. fyrst þótti mér það býsna geðfellt vegna þess að ég vil stuðla að bættum innkaupum hins opinbera. En ég vil ekki gera það á þann hátt að Innkaupastofnun ríkisins verði brotin niður og þau innkaup sem hún hefur séð um og annast færð íslenskum stórkaupmönnum. Það held ég að verði ekki hinu opinbera til bóta og er sannfærður um að verður ekki.

Ég vil einnig í þessu sambandi minnast á það að Innkaupastofnun ríkisins hefur beitt tilteknum aðferðum við útboð sem eru raunar amerískar aðferðir og ættu því að hugnast vel þeim mönnum sem stuðla vilja að tilteknu þjóðfélagi hér á Íslandi. Innkaupaaðferðir Innkaupastofnunar ríkisins, þ.e. að leita eftir alþjóðlegum tilboðum, opna þau að viðstöddum bjóðendum og tilkynna öllum fyrirtækjum um fram komið verð, skapar mjög þýðingarmikla sérstöðu á útboðsmarkaði vegna þess að hjá öðrum Evrópuþjóðum eru tilboð yfirleitt ekki opnuð að viðstöddum bjóðendum og bjóðendur fá ekki upplýsingar eftir á um tilboð annarra. Fyrirtækjum þykir því mjög fýsilegt að taka þátt í útboðum á Íslandi og geta hampað því á hinum frjálsa sölumarkaði að þeir hafi verið lægstbjóðendur vöru í opnum samkeppnisútboðum á Íslandi þar sem keppinautar þeirra áttu einnig tilboð. Þetta hefur það í för með sér að opinberir aðilar á Íslandi fá stundum 10–20% lægri fob-tilboð en aðrir kaupendur í Evrópu, að sögn Dana og Svía, vegna þess að erlendu fyrirtækin hafa efni á því til að auka álit sitt að selja til hins smáa markaðar á Íslandi á lægra verði en til annarra.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja þessa umræðu en ég vil vísa þessu erindi mínu, um að menn kanni málið dulítið betur heldur en þeir hafa gert, til þeirrar virðulegu nefndar sem fær málið til athugunar vegna þess að ég held að hér hafi verið komið í bakið á hv. þm. Ég held að þeim hafi raunverulega ekki verið gerð grein fyrir því hvað hér er verið að fara fram á. Það er verið að fara fram á það að hluti af þeim innkaupum sem Innkaupastofnun ríkisins annast núna verði afhentur öðrum. Um það snýst þetta mál.

Ég vil hins vegar endurtaka það að allt sem stuðlar að bættum innkaupum hins opinbera er mér mjög að skapi. (**Iðnrh.:** Þú ert kominn í hring.) Ég er ekki farinn nokkurn hring, hæstv. iðnrh., og hef aldrei gert það.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á þessu. Ég vænti þess að þessar athugasemdir mínar komi til umræðu þegar málið fer í nefnd og lýk hér með máli mínu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom ýmislegt allrar athygli vert fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Og ef það er rétt að til séu drög að reglugerð eða fullsmíðuð reglugerð uppi í fjmrn. sem gengur þvert á yfirlýstan vilja og tilgang þessa frv. þá er það vitaskuld stóralvarlegt mál. Ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann um að ég mun óska eftir því í fjh.- og viðskn. að nefndin fái slík drög, ef til eru, til umfjöllunar.

Hitt er svo allrar íhugunar vert og löngu tímabært að hv. þm. velti fyrir sér, en það er samspil laga og reglugerða og hvort ekki sé kominn tími til að reynt verði að samhæfa betur en nú er þessa tvo þætti löggjafarstarfsins. Þegar hlutir eins og hér hefur verið látið að liggja að kunni að gerast er það að sýnu býsna tilgangslítið fyrir Alþingi að setja vönduð lög sem síðan er breytt með einu pennastriki af ráðherra með reglugerð. Það er því tímabært að við veltum því fyrir okkur hvort hverju stjfrv. eigi ekki að fylgja drög að þeirri reglugerð sem ráðuneytið hyggst setja við það, nái það fram að ganga.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Í ræðu hv. 6. landsk. kom fram, sem reyndar kemur hér fram í athugasemdum við frv., að það liggja fyrir drög að reglugerð í sambandi við þetta frv. og hv. 6. landsk. þm. upplýsti að í þeim drögum sem hann hafði aflað sér í fjmrn. væru þættir sem gengju þvert á efni þessa frv. Ég tel því fulla ástæðu til þess að þessi drög að reglugerð sem þm. hafði í fórum sínum verði einnig afhent öðrum hv. þm. áður en þeirri umræðu lýkur sem á sér stað nú.

Ef það er raunverulega þannig að fyrir liggur fullsamin reglugerð um allt annan tilgang þessara laga en fram kemur í frv. fara hlutirnir að gerast dálítið einkennilegir og það er náttúrlega full krafa þm. að fá að sjá það plagg ef það er tilætlun ráðherra að nota þetta plagg síðan sem reglugerð bak við þessi lög.

Þá nefndi hv. þm. í sambandi við frv. og reyndar innihald reglugerðarinnar að þessi lög væru til þess að draga úr gildi og stöðu Innkaupastofnunar ríkisins. Mér finnst að það sé ekki í frv., alls ekki, og ég ítreka það sem ég sagði í fyrri hluta umræðunnar að ég tel það jákvætt að stofnuninni skuli vera skipuð stjórn en mér virtist aftur á móti að hv. 6. landsk. þm. telji ekki jákvætt að þessi stofnun hefði verið rekin vel hingað til og þess vegna væri ekki ástæða til að skipa henni stjórn. Mín skoðun er sú að það sé eðlilegt að ríkisstofnanir hafi stjórn en ég er aftur á móti ekki sammála því að sú stjórn sé skipuð af ráðherra. Eðlilega ætti slík stjórn að vera kjörin af Alþingi og þá fimm manna stjórn eins og hæstv. iðnrh. nefndi í fyrri hluta umræðunnar.

Ég ítreka að ég tel æskilegt að þessi drög að reglugerð berist þm. áður en þessari umræðu verði lokið og ef ekki er hægt að koma því í kring verði þessi drög til umfjöllunar í nefndinni sem fær þetta mál til meðferðar og þar fáist upplýsingar um hvað mikið tillit eigi að taka til þessara draga í sambandi við framkvæmd laganna.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Þetta skal ekki verða langt því að þegar ég las þetta frv. yfir sýndist mér það satt að segja um margt til bóta og sýnist enn að þær greinar sem þar eru ótvíræðar kveði í raun og veru allar á nokkuð ótvírætt um eflingu þessarar stofnunar sem ég tel að sé nauðsynleg. Þessi stofnun hefur virkilega haft á sér gott orð varðandi þennan þátt. Hitt er svo annað mál að við höfum oft deilt hér á Alþingi um annan þátt, þ.e. um framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar og hvernig hún hefur verið. Út í það ætla ég ekki að fara hér, enda í raun og veru annað mál. Ég minnist þess m.a. að hv. núverandi flokksbróðir þeirra hv. 5. landsk. þm. og 6. landsk. þm., hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson, lagði það til í hitteðfyrra að Innkaupastofnunin, sú deild hennar sem héti framkvæmdadeild, væri hreinlega lögð niður og sagði ýmislegt þá um það mál sem ég ætla ekki að fara að rekja hér.

Hitt er svo annað mál að eftir ræðu hv. 6. landsk. þm. stingur maður nokkuð við fótum varðandi fylgi við þetta frv. sé það rétt að menn ætli að lesa það svipað og ákveðinn höfðingi les ákveðið rit og framkvæma svo eftir því. Ég bendi hins vegar á að það er ekkert í þessu frv., og ég vildi þá fá skýr svör við því hjá hæstv. ráðherrum, sem mér sýnist réttlæta reglugerðarsetningu af því tagi sem vitnað var í hér áðan. Og það er auðvitað útilokað að setja inn í reglugerð eitthvað sem ekki á sér beina stoð í lagagreininni sjálfri. Þar af leiðandi skil ég þetta hreinlega ekki, nema hið sanna innræti komi í ljós í reglugerðinni sem er vandlega falið í lagafrv. sjálfu, því að það vita auðvitað allir þm. að það er útilokað að setja reglugerð sem stangast á í einhverri grein við þau lög sem samþykkt hafa verið. Þess vegna verð ég að líta svo á að þau drög sem þarna eru og hefur verið minnst á og lesið upp úr muni hreinlega aldrei geta staðist. (**EgJ:** Er það ekki reglugerð við önnur lög?) Nei, ekki eftir því sem hv. þm. las upp. Við höfum ekki séð þessa reglugerð. Það sem hv. þm. las upp stangast hins vegar rækilega á við frvgr. Það stenst hreinlega ekki að setja reglugerð af því tagi.

Það væri þá kannske í framhaldi af því spurning til hæstv. fjmrh. hvort hann teldi í raun og veru mögulegt að setja inn í reglugerð ákvæði af því tagi sem hv. 6. landsk. þm. las upp miðað við að þetta frv. fari óbreytt í gegnum þingið. Ég tel það ekki. Ég tel engan grundvöll fyrir því eins og frv. liggur hér fyrir. Ég tek hins vegar undir að það er vissulega ástæða til þess fyrir okkur að huga miklu betur að reglugerðarþættinum hér á Alþingi en við höfum gert. Það hef ég oft sagt í ræðustól og tek undir það með hv. 11. þm. Reykv. Hitt verður svo að játast á okkur alþm. að þegar við höfum í nefndum verið að fjalla um ýmis viðkvæm mál, vafaatriði, túlkunaratriði og annað því um líkt hefur okkur sjálfum hætt til þess að segja: Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð. Kannske er það það allra hæpnasta sem við höfum verið að gera á undanförnum árum að taka ýmis atriði, sem eiga að vera klár og skýr í lögum, til að leysa kannske deilur í nefnd eða eitthvað því um líkt um hvernig túlka skuli, jafnvel um viðkvæm og vandasöm mál, og setja einfaldlega inn í lok lagagreinarinnar þetta margfræga: Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð — og í raun og veru úr því skal skorið í reglugerð hvernig með skuli fara því það þýðir í raun og veru ekkert annað en það.

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður, vildi aðeins fá svör við þessu varðandi annars vegar frv. og reglugerð, því allir vita auðvitað að þessi reglugerð er ómarksplagg þangað til lögin hafa verið samþykkt og hægt er að setja reglugerð eftir þeim lögum sem við samþykkjum hér, og þá vil ég ekki trúa því á hæstv. fjmrh. að hann geri það í nokkru að setja reglugerð þvert á þær lagagreinar sem hér hafa verið samþykktar eins og var glöggt á drögunum sem lesið var upp úr áðan.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Mér láðist að geta um eitt atriði áðan þegar ég fjallaði um það mál sem nú er til umræðu og láðist að beina einni spurningu til hæstv. fjmrh. Í því frv. til l. sem við nú ræðum, um opinber innkaup, stendur m.a. í 5. gr.:

„Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum

á vörum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningar um einstök vörukaup eftir því sem þörf gerist."

Lokasetningin og sú mikilvægasta er þessi:

„Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir."

Í athugasemdum frv. við þessa grein segir:

„Eina nýmælið efnislega er ákvæðið í 5. gr. um að stofnunin ráðstafi eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Hins vegar hefur þetta ákvæði verið framkvæmt í reynd þar sem Innkaupastofnun ríkisins hefur séð um sölu ýmissa eigna ríkisins, svo sem bíla, fasteigna o.s.frv."

Og þá er komið að spurningunni: Í Morgunblaðinu á sunnudag, í gær, birtist stór auglýsing þar sem ríkissjóður leitar tilboða og þar segir:

„*Ríkissjóður hefur ákveðið að leita tilboða í* eftirtaldar grasköggla*verksmiðjur*" — og þær eru taldar upp þrjár. Síðan segir neðanmáls: „Ástand og viðhald húsnæðis og verksmiðjanna er í góðu lagi. Allar frekari upplýsingar um ofangreindar verksmiðjur gefa Dan Valgarð S. Wiium lögfræðingur, fasteignasölunni Kjöreign, Ármúla 21, Reykjavík" — og síðan koma símar — „og Hreinn Pálsson á skrifstofu grasköggla*verksmiðjanna*" o.s.frv.

Nú er spurning mín til hæstv. fjmrh.: Úr því að það segir í athugasemdum við 5. gr. að þetta ákvæði hafi verið framkvæmt í reynd um sölur á eignum ríkisins, því er þetta nýja form tekið upp í sambandi við sölu á grasköggla*verksmiðjunum*? Ég vildi gjarnan fá svar við þessari spurningu og ég veit að hæstv. fjmrh. veitir það.

Magnús H. Magnússon:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að í þessu frv. sé heimild fyrir Innkaupastofnun ríkisins til að annast innkaup fyrir sveitarfélögin í landinu. En á undanförnum árum hefur Innkaupastofnunin annast slík innkaup í stórum stíl. T.d. hefur hún séð um kaup á öllu malbiki fyrir sveitarfélögin og ýmsum öðrum vörum eftir beiðni sveitarfélaganna hverju sinni. Sveitarfélögin telja sér þessi viðskipti mjög hagkvæm og hafa lengi gert. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh. hvort Innkaupastofnun ríkisins verði eftir setningu þessara laga heimilt að annast innkaup fyrir sveitarfélögin eftir beiðni þeirra.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég ætla fyrst að víkja að fsp. hv. 5. landsk. þm. út af hugsanlegum viðskiptum sveitarfélaga við Innkaupastofnun ríkisins. Ég sé í sjálfu sér ekkert á móti því að Innkaupastofnunin geti annast innkaup fyrir sveitarfélög ef um semst þeirra á milli. Það er auðvitað ekki hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins að annast innkaup fyrir sveitarfélög, en náist samningar á milli Innkaupastofnunar og viðkomandi sveitarfélaga sem þess óska sé ég ekki að þetta lagafrv., ef að lögum verður, komi í veg fyrir að þeir samningar geti orðið.

Að því er varðar fsp. hv. 6. landsk. þm. um sölu á eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir tel ég ekkert óeðlilegt við að opinberir aðilar feli einkaaðilum, sem hafa slík störf með höndum í einstökum tilvikum, að fara með sölu á opinberum eignum. Við höfum hér í landinu margs konar þjónustu einkaaðila sem ríkið getur hagnýtt sér, þar á meðal sölu á eignum og ég sé ekkert athugavert við það nema síður sé að ríkið hagnýti sér slíka þjónustu. Það getur á margan hátt verið til hagræðis fyrir báða aðila og fyrir því mun þessi háttur hafa verið á hafður varðandi grasköggla*verksmiðjur* sem auglýstar hafa verið til sölu og leitað hefur verið eftir tilboðum í.

En almennt vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram er það alveg skýrt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar getur, ef hún óskar eftir því, fengið álit nefndarinnar sem samdi þetta frv. og fylgifrv. sem áður hefur verið rætt í hv. deild. Það er að sjálfsögðu engin fyrirstaða fyrir því að nefndin fái nál. í heild sinni til skoðunar. En það er nauðsynlegt að taka það fram til þess að taka af öll tvímæli í því efni að af hálfu ráðuneytisins hefur engin afstaða verið tekin til reglugerðar með þessu frv. og ráðherra hefur ekki tekið neina afstöðu til þess.

Ég féllst á tillögur nefndarinnar af því er varðaði þær tillögur um breytingar á lögum sem hún lagði fram. Aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar til tillagna nefndarinnar og því liggja ekki fyrir af hálfu ráðuneytisins neinar tillögur að svo stöddu um reglugerð með þessu frv., enda eðlilegt að slík vinna hefjist þegar lög hafa verið samþykkt frá hinu háa Alþingi. Auðvitað er deginum ljósara, sem ekki þarf að eyða mörgum orðum að hér á hinu háa Alþingi, að framkvæmdavaldið hefur enga heimild til að setja í reglugerð ákvæði sem ganga í berhögg við lög. Það er þess vegna alveg útilokað fyrir framkvæmdavaldið að víkja lagaákvæðum til hliðar, en löggjafarvaldið getur gefið framkvæmdavaldinu heimild til að setja fyllri ákvæði og útlistanir um lög í reglugerð og um þessa skipan mála þarf í sjálfu sér ekki að eyða mörgum orðum.

Ég er þeirrar skoðunar og lýsti þeirri skoðun í framsöguræðu fyrir þessu frv. að það er ekkert sjálfgefið að Innkaupastofnun ríkisins annist öll innkaup fyrir opinbera aðila. Það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að búa svo um hnútana að Innkaupastofnunin annist öll innkaup fyrir opinbera aðila. Ég lýsti því mjög skýrt í framsöguræðu að í ýmsum tilvikum getur hentað betur að einstakar ríkisstofnanir sjái sjálfar um innkaup til sinna þarfa og á þjónustu sem kaupa þarf að. Þetta getur farið mjög svo eftir þeirri starfsemi sem við á í hverju falli og hvort viðkomandi stofnanir hafa aðstöðu til að byggja upp eigin innkaupadeildir og það sé eðlilegur þáttur í þeirra störfum. Þetta getur verið mismunandi eftir því hvaða vörur eða þjónustu er verið að kaupa. Það getur verið álitaefni, ef um er að ræða kaup á sérhæfðum vörum til tiltekinnar opinberrar stofnunar sem ekki eru keyptar til annarra, að viðkomandi stofnun annist þau innkaup. Ef hins vegar er um að ræða tæki sem almennt eru notuð í

ríkisrekstrinum, eins og til að mynda tölvur, kann að vera miklu hagkvæmara að gera það á heildargrundvelli og leita eftir tilboðum fyrir ríkisstofnanir í heild. Reynslan sýnir að slík innkaup á tölvum til að mynda hafa gefið mjög góða raun.

Mín skoðun er sú að það væri rangt að setja um þetta alveg fastmótaðar reglur sem ekki væri hægt að víkja frá. Þetta lagafrv. gerir ráð fyrir að það sé hægt að heimila einstökum ríkisstofnunum að annast sín innkaup. Það er líka hægt að kaupa inn til ríkisins beint frá heildsöluaðilum. Þetta verður að meta í hverju falli. Meginmarkmiðið er hins vegar að það eru settar almennar reglur um hvernig skuli standa að þessum innkaupum, hvort heldur sem þau fara fram á vegum Innkaupastofnunar eða einstakra stofnana. Það er auðvitað höfuðatriðið að það séu almennar reglur sem farið er eftir burtséð frá því hvort það er Innkaupastofnun eða einstakar opinberar stofnanir.

Ég vísa því alveg á bug að það hafi nokkurn tíma verið tilgangurinn með þessu frv. að keyra öll opinber innkaup inn í eina stofnun. Það er ekki ætlunin með frv., það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að búa svo um hnútana. Hitt er miklu æskilegra. Ég vísa því á bug öllum fullyrðingum um að það hafi á nokkurn hátt verið gerð tilraun til að fara á bak við þm. með flutningi þessa máls.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. hans svör og mér þykir það nokkur trygging að sú reglugerð sem ég hef undir höndum og var send út til umsagnar 15. janúar 1985 verði kannske ekki afgreidd frá fjmrn. eins og hún er í þeirri mynd sem ég hef hana í höndum, en hún hefur líklega verið send út í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh.

Í öðru lagi vegna spurningar minnar um sölu á grasögglaverksmiðjum og hvers vegna fasteignasala hefði verið fengið það verkefni að sjá um þá sölu, þá hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að grunnurinn að spurningu minni var sá að einhver sölulaun hlýtur fasteignasalinn að taka fyrir. Ég var að velta því fyrir mér hvort Innkaupastofnun ríkisins kynni að taka lægri sölulaun en fasteignasalinn.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna athugasemdar sem fram kom í ræðu hv. 6. landsk. þm. um sölulaun vil ég upplýsa að Innkaupastofnun ríkisins tekur þóknun fyrir innkaup og sölu á eignum ríkisins og þetta frv. gerir ráð fyrir að því verði haldið áfram. Það er m.ö.o. gert ráð fyrir því að stofnunin standi undir rekstri sínum og verði því að fá sölulaun í sinn hlut eins og aðrir aðilar sem annast slíka starfsemi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Tékkar, 1. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánastofnun sparisjóðanna). — Þskj. 105.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, sem ég mæli fyrir, og það er lagt fram hér á hv. Alþingi í samræmi við það fyrirheit sem gefið var við setningu laganna um sparisjóði. Í XII. kafla þeirra laga er að finna ákvæði sem heimilar Sambandi ísl. sparisjóða að gangast fyrir stofnun Lánastofnunar sparisjóða, en hún var stofnuð 19. sept. á þessu hausti. Hlutverk þessarar lánastofnunar er að annast sameiginlega í þágu sparisjóðanna hagsmuni og er lánastofnun því heimilt að annast þau verkefni sem sparisjóðum eru falin utan innláns- og útlánsviðskipta við almenning. Til þess að lánastofnun geti gegnt því hlutverki er henni er ætlað að hafa samkvæmt lögunum um sparisjóði er brýnt að stofnunin fái heimild til að gefa út tékka eins og lagt er til með þessu frv.

Ég tel ekki þörf á að fylgja frv. úr hlaði með fleiri orðum, en vil ítreka að grundvöllur þessara lagabreytinga er í raun lagður með setningu laganna um sparisjóði. Þetta frv. fór greiðlega í gegnum Nd. og var samstaða um afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands, 153. mál á þskj. 163.

Tilgangur frv. er að veita Iðntæknistofnun Íslands heimild til að eiga minnihlutaaðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem stofnuð eru eða starfrækt til að hagnýta niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni. Það skilyrði er þó sett fyrir slíkri þátttöku að fyrirtæki séu hlutafélög þannig að áhætta ríkisins verði takmörkuð við hlutafjárframlög. Hér er um merk nýmæli að ræða sem ætlað er að auka tengsl

stofnunarinnar við atvinnulífið til hagsbóta fyrir báða aðila.

Iðntæknistofnun Íslands starfar skv. lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Þróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnrn. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar. Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu er stofnunin hefur yfir að ráða. Hlutverki sínu skal stofnunin gegna m.a. með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti.

Stofnunin skiptist í ellefu deildir sem hverri fyrir sig er stýrt af deildarstjóra og hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafarnefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Þegar komið hefur að þeim tíma hins vegar að hagnýta rannsóknirnar skortir fyrirtækin oft fé. Því er mikilvægt að Iðntæknistofnun geti lagt sinn rannsóknakostnað fram sem hlutafé þannig að fjárhagslega veikburða fyrirtæki geti við upphaf starfsemi nýtt sitt eigið fé til frekari uppbyggingar og hagnýtrar úrvinnslu hugmynda.

Iðntæknistofnun mun á næstu árum einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað sem byggist á nýrri tækni. Trétæknideild hefur boðið út á markaði íslenskra rafeindafyrirtækja verkefni um tölvustýringu í tréiðnaði. Raftæknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og málmiðnaði. Tæknibreytingar auka mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnunin fylgist með þeim nýjungum sem fram koma og miðlar þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi. Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á upplýsingatækni, efnistækni og matvælatækni.

Til marks um umsvif stofnunarinnar á árinu 1985 skal þess getið að starfsmannafjöldi var um 60 manns. Heildargjöld námu 67 millj. kr. og voru sértekjur stofnunarinnar 28,4 millj. kr. Framlag ríkisins var 32,2 millj. kr.

Hæstvirtur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma hér upp og lýsa yfir eindregnu fylgi við þetta frv. Ég fagna því alveg sérstaklega því hér er gengið þvert á hina svokölluðu frjálshyggjustefnu í þessum málum sem gengur öll út á það að þurrka út öll áhrif ríkis og ríkisstofnana sem allra víðast. Hér er hæstv. iðnrh. blessunarlega að leggja til að ríkisstofnun, þarfri og ágætri, sem hann rakti hér áðan, verði heimiluð þátttaka í fyrirtækjum og atvinnulífi og hann leiðir að því í grg. og í ágætri ræðu gild rök að hér sé farið inn á rétta braut með þátttöku þessarar ríkisstofnunar, m.a. vegna þess að hún sér um rannsóknir og þróun ýmissa verkefna og getur svo einbeitt sér að því að taka þátt í framkvæmd þeirra sömu verkefna í „praxís", ef svo má segja.

Hér er raunverulega lögð til ákveðin aukning á hlutdeild ríkisins í atvinnulífinu, sér í lagi varðandi nýjungar, þar sem farið er inn á nýjar brautir, beinar tilraunir jafnvel í atvinnurekstri eins og hæstv. iðnrh. kom inn á, nýjar atvinnugreinar sem oft eiga erfitt uppdráttar, eins og hann tók fram, og þurfa virkilega á stuðningi að halda. Þá er vitanlega rétt og gott að fara til ríkisins og fá þar nauðsynlega aðstoð. Ég vona að þarna verði farið inn á nýjar brautir og Iðntæknistofnun taki þátt í þessum verkefnum og að þau verkefni leiði til góðs. Það verður vonandi ekki farið út í nein ævintýri, a.m.k. ekki nema þau ævintýri sem enda vel. Þetta frv. á því minn stuðning allan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 136. mál (iðgjöld til lífeyrissjóðs). — Þskj. 142.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. leggja til að iðgjöld greidd lífeyrissjóðum skuli draga frá tekjum manna óháð því hvort valinn er 10% frádráttur eða ekki og að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu skatta árið 1987 vegna tekna ársins 1986.

Áður en lengra er haldið til að rökstyðja þetta frv. vill 1. flm. segja það sem sína skoðun að eitt hið brýnasta verkefni sem bíður hv. alþm. er að endurskoða í heild sinni lögin um tekju- og eignarskatt. Þess er vart að vænta að það þing sem nú situr og ber einkenni þess að kosningar eru í nánd nái samstöðu um það mál, en mikilvægt er að stjórnmálaflokkar og sem flest öfl í þjóðfélaginu geti náð samstöðu um

breytingar sem stuðla að jöfnuði í þjóðfélaginu og að réttlætið megi sem fyrst sigra það ranglæti sem hér hefur ríkt í þessu efni á síðustu árum.

Ekkert mál sem rætt er í þjóðfélaginu í dag veldur jafnsársaukafullri reiði og álagning tekjuskattsins. Þar kemur til að þeir sem virðast oft og tíðum hafa best lífskjör geta, miðað við þær flóknu frádráttarreglur sem nú gilda, reiknað sig skattlausa, svo og hitt að skattsvik og svonefnd „svört atvinnustarfsemi" eru talin til sjálfsbjargarviðleitni.

Við Íslendingar, sem búum í litlu kunningjasamfélagi, þurfum á að halda einföldu og auðskiljanlegu skattkerfi. Ég endurtek: Brýnasta verkefnið í réttlætismálum hér innanlands er að stjórnmálaflokkarnir hætti að slá úr og í í þessu máli heldur setji afl og þekkingu í gang að finna leiðir sem sættir þjóðfélagsþegnana í þessu máli.

Ég tel að þetta frv. sé góður áfangi á þessu þingi og að Alþingi sýni þar í verki, ef að lögum verður, að menn skynja tvennt: Fyrst og fremst hversu ranglátt er að skattleggja iðgjöld sem lögð eru í sjóð til framtíðarinnar og koma fólki til tekna löngu, löngu síðar.

Hér er heldur ekki um stórt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð og að auki auðvitað mjög ranglátt að tvískatta þessar tekjur fólks eins og gert er nú í ríkum mæli. Enn fremur er framtíðin ekki bara áhyggjuefni þeirra sem aldraðir verða heldur hinna sem nú eru að spretta úr grasi hvernig þeir geti skammlaust séð öllu því fullorðna fólki farborða á fyrstu tugum næstu aldar.

Margt fleira kemur til greina, ekki síst að ríkisvaldið t.d. greiddi fyrir því að fólk mætti stofna eigin eftirlaunasjóði. Um það sagði, með leyfi forseta, Sigurður B. Stefánsson í gagnmerkum greinum í Morgunblaðinu nýlega, greinum um skattkerfisbreytingar Bandaríkjamanna og tekjuöflunarkerfi íslenska ríkisins:

„Lífeyriskerfi Íslendinga hefur verið í endurskoðun um árabil og hefur raunar verið bætt og lagfært til muna á síðustu árum með því að veita þeim ákveðin lágmarksréttindi sem höfðu engin eða hverfandi réttindi fyrir. Á hinn bóginn er kerfið enn klofið í marga tugi lífeyrissjóða sem allir eru opinberlega viðurkenndir, t.d. með því að greiðslur lífeyrissjóðsgjalda til þeirra njóta skattafrádráttar. Þau lífeyrisréttindi sem sjóðir þessir lofa eru þó afar mismunandi. Talið er að margir sjóðanna geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þjóðin tekur að eldast eða þegar fólk á vinnualdri verður orðið miklu færra hlutfallslega í samanburði við börn og unglinga og lífeyrisþega en nú er.

Í nágrannalöndum hefur í auknum mæli verið farin sú leið til að bæta úr ástandinu í lífeyrismálum að gefa fólki kost á að koma sér upp eigin eftirlaunasjóðum. Sjóðir þessir geta verið einkaeign þess sem sparar, einstaklings eða fjölskyldu eða á vegum fyrirtækja fyrir hönd starfsmannanna. Þessir eftirlaunasjóðir, sem jafnan njóta einhvers konar skattfríðinda til jafns við opinber lífeyriskerfi, eru einkum hugsaðir sem viðbót við þann lífeyri sem opinbera kerfið tryggir. Með þessum hætti er þeim sem vilja fresta neyslu og spara til síðari tíma gefinn kostur á að leggja fyrir og sá sparnaður nýtur sömu og svipaðra skattfríðinda og iðgjaldagreiðslur í opinberu lífeyriskerfi."

Þarna er hreyft mjög athyglisverðu máli.

Í grg. sem fylgir þessu frv. segja flm.: „Lífeyrismál verða okkur sífellt nærtækari eftir því sem sýnt er að meðalaldur þjóðarinnar hækkar. Því er ekki ólíklegt að menn spyrji sig hvernig við ætlum að sjá farborða þeim mikla fjölda fólks sem verður að ljúka starfsævi sinni á 3. og 4. tug næstu aldar. Að bestu manna yfirsýn hefur það orðið að ráði að freista þess að safna í sjóði og ávaxta þá svo þessar byrðar leggist ekki af fullum þunga á börn okkar og barnabörn því að líklegt er að þegar þau verða komin á legg muni fjórir vinnandi menn í þjóðfélaginu þurfa að standa undir hverjum einum lífeyrisþega í stað átta vinnandi manna sem nú er.

Ef lífeyrisiðgjöld verða frádráttarbær mun það hvetja til þess að þau verði betur innt af hendi, en á því er mikill misbrestur nú, og mun það þannig stuðla að eftirliti og betri framkvæmd laga nr. 55 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Hryggilegt er að sjá hvernig almennu lífeyrissjóðirnir, sem stofnaðir voru um 1970, brunnu upp í verðbólgunni. Margur, er hugði sig vel settan í sínum lífeyrissjóði, er það ekki eins og koma mun í ljós þegar að úttekt á einstökum sjóðum kemur á næstu árum. Verður þá brýnt að hvetja einstaklinga til kaupa á lífeyrisréttindum og búa þannig í haginn fyrir efri árin. Gagnvart ríkissjóði hefur þetta einnig þá þýðingu þegar til lengri tíma er litið að létt verður af útgjöldum þeim sem samfélagið hefur nú af tekjutryggingu og eftirlaunum til aldraðra.

Ekki skyldi vanmetinn þáttur uppsafnaðs lífeyris sem uppsprettu innlends sparnaðar. Nægir í því sambandi að minna á mikilvægi þessa sparnaðar við uppbyggingu húsnæðislánakerfisins og vissulega veitti þar ekki af meira fé.

Minna má á að þrátt fyrir að hið nýja skattkerfi Bandaríkjamanna geri ráð fyrir færri frádráttarliðum en áður tíðkuðust og að mönnum þar vestra gangi til einföldun skattkerfisins, þá hafa Bandaríkjamenn séð ástæðu til að halda eftir sem áður inni möguleikum á frádrætti á fjármunum þeim, sem lagðir eru til lífeyrissjóða, áður en til skattálagningar kemur. En það er trú manna að skattkerfi Bandaríkjamanna verði haft til fyrirmyndar á Vesturlöndum á næstu árum og áratugum."

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að hér er hreyft miklu réttlætismáli sem hv. 109. löggjafarþingi væri sómi að að leiðrétta, ekki síst þar sem verið er að ræða um iðgjöld sem lögð eru í sjóð til framtíðarinnar og ríkisvaldið ástundar að tvískatta.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, 1. umr.

Frv. SDK o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Eins og fram kemur í grg. með frv., með leyfi forseta, hefur umönnun og uppeldi barna fyrstu æviár þeirra lengstum verið í höndum kvenna. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist verulega og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppeldi ungra barna leggur þeim á herðar.

Tilgangur frv. er að koma til móts við þessar breyttu aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barns án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

1. gr. frv. kveður á um að foreldri eigi rétt á að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns án þess að eiga á hættu að missa starf sitt og þau kjör sem það býður. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða lengist þessi réttur um eitt ár og verði þrjú ár vegna þess að umönnun fleirbura og fatlaðra barna er að jafnaði umfangsmeiri en umönnun annarra barna.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að ákvæði þess geti á engan hátt skert þau lög sem í gildi eru á hverjum tíma um fæðingarorlof. Með þessari grein er fyrst og fremst verið að fyrirbyggja að hægt sé að túlka þetta frv., verði það að lögum, á þann hátt að foreldri sem nýtir sér ákvæði þessa frv. missi í einhverju við það rétt sinn til launaðs fæðingarorlofs. 2. gr. frv. er því fyrst og fremst fyrirbyggjandi.

3. gr. þarfnast ekki skýringar, trúi ég.

Síðan segir í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Frv. kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna“ — og ég vil bæta því hér við að hún verður vitaskuld ekki tryggð fyrr en aðilar vinnumarkaðarins semja um dagvinnulaun sem nægja til heimilisframfærslu, en á það skal einnig benda að lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta eru ákaflega brýnar til að tryggja efnalega afkomu þessa þjóðfélagshóps. „Þetta frv. beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Í skýrslu Byggðastofnunar, Vinnumarkaðurinn 1984, sem út kom í febrúar 1986 og er nýjasta skýrsla þeirrar stofnunar um vinnumarkaðinn, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn því að margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðnum. Þetta veldur því að konum reynist iðulega erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn, en það hefur ásamt öðru í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frv. miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Það er rétt að taka það fram að frv. hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér. Þetta er fyrst og fremst réttindafrv. sem miðar að því að taka umönnun barna með sem eðlilegan þátt í skipulagi vinnumarkaðarins og tryggja að öryggisleysi foreldra á vinnumarkaði og hætta á tekjutapi síðar meir verði ekki til þess að koma í veg fyrir að foreldri geti sinnt barni sínu óskipt fyrstu tvö árin í ævi barns. Nóg er nú samt sem hamlar gegn því. Jafnframt tekur frv. á einum þætti hins kynbundna launamisréttis eins og ég rakti áðan.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Jöfnun á námskostnaði, 1. umr.

Frv. RA, 118. mál (lágmark námsstyrkja). — Þskj. 122.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ég hleyp í skarðið fyrir hv. þm. Ragnar Arnalds til að mæla fyrir frv. er hann flytur á þskj. 122, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 69 1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. og 5. gr.

Að lágmarki skal við það miða að námsstyrkir nægi fyrir helmingi áætlaðs fæðis- og húsnæðiskostnaðar."

Þannig hljóðar frvgr. Í grg. segir:

„Opinber stuðningur við framhaldsskólanemendur, sem verða að sækja nám fjarri heimabyggð sinni, er óhjákvæmilegur í því skyni að stuðla að jafnrétti til menntunar.

Samkvæmt lögum nr. 69 frá 1972 skal veita nemendum styrki „að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum ..." Hins vegar hafa þessir styrkir rýrnað svo hrapallega í tíð núverandi stjórnar að ekki verður við unað. Í frumvarpi þessu er að því stefnt að lögbinda lágmarksstyrki vegna fæðis- og húsnæðiskostnaðar. Til skamms tíma námu þessir styrkir þriðjungi áætlaðs fæðiskostnaðar og helmingi húsnæðiskostnaðar. En seinustu ár hafa þessir styrkir lækkað mjög ört eins og best sést á því að framlag ríkisins á fjárlögum 1987 er 20 millj. kr., var sama árið 1986 og 1985 og tæpar 18 millj. kr. árið 1984 og þó hækkar framfærsluvísitala yfir 80% á þessum tíma.

Með frumvarpinu er bundið í lög að styrkir skuli að lágmarki nema helmingi fæðis- og húsnæðiskostnaðar. Ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi á þessu ári hefðu styrkir orðið um það bil fjórfalt hærri en nú er og kostnaður aukist úr 20 millj. kr. í 80 millj. kr. Er það heldur ríflegri stuðningur til jöfnunar á aðstöðumun nemenda en lengstum var eftir setningu laganna þar sem löngum var miðað við þriðjung fæðiskostnaðar en verður samkvæmt frumvarpinu helmingur fæðis- og húsnæðiskostnaðar.

Einnig er ákvæði í frumvarpinu þess efnis að styrkir skuli veittir án tillits til búsetu ef efnaleysi torveldar nemendum að sækja skóla en nú er aðeins heimild til að veita styrki af þessari ástæðu og mun litlu fé varið í þessu skyni."

Um ástæður fyrir framlagningu þessa frv. væri auðvitað hægt að hafa uppi miklu lengra mál. Í dæmigerðum fjölbrautaskóla úti á landi er dvalarkostnaður nú í heimavist um 10 þús. kr. á mánuði. Auðvitað er þessi kostnaður mun hærri þar sem heimavist er þó ekki til staðar. Hins vegar væri jöfnunarstyrkur til hvers nemanda í þeim fjölbrautaskóla sem ég tók dæmi af hér áðan, greiddur í febrúar eða mars á þessu ári, um 11 þús. kr. á nemanda fyrir allt árið 1985. Greiðsla fyrir árið 1986 verður væntanlega ekki greidd út fyrr en í upphafi næsta árs, en upphæðin verður svipuð. Í þessum skóla dugar því jöfnunarstyrkurinn því sem næst fyrir uppihaldskostnaði eins mánaðar, en skólarnir eru 8–9 mánaða skólar.

Af þessu sést í hvert óefni er komið í þessum efnum. Sjálfur þekki ég af eigin raun vel til þessa máls þar sem ég hef átt börn í framhaldsnámi fjarri heimabyggð s.l. vetur og á raunar enn og ég þekki einnig til fleiri en einnar fjölskyldu er berst í bökkum vegna kostnaðarsamrar skólagöngu unglinga fjarri heimabyggð og veit dæmi til þess að nemendur hafa ekki treyst sér í framhaldsnám vegna kostnaðar við uppihald. Slík dæmi þekkja eflaust fleiri hv. þingdeildarmenn.

Þá má nefna í þessu sambandi þá mörgu er flutt hafa búferlum af landsbyggðinni til að geta fylgt eftir börnum sínum er leitað hafa t.d. hingað suður til framhaldsnáms. Þungbær uppihaldskostnaður framhaldsskólanema á þess vegna ekki lítinn þátt í þeim búferlaflutningum sem til komnir eru af þeim sökum.

Verði þetta frv. samþykkt, sem ég vona að verði, verður það vissulega stórt spor til jöfnunar á aðstöðu til náms, en greinilegt er að það hefur verið upphaflegt markmið með lagasetningunni á árinu 1972. Það markmið hlýtur enn að vera í fullu gildi þótt fjármunir til að ná því fram hafi verið skornir svo mjög við nögl að undanförnu.

Með samþykkt frv. væri tryggt að námsstyrkir til jöfnunar næmu að lágmarki helmingi áætlaðs fæðis- og húsnæðiskostnaðar. Þar með væru fjárupphæðir til jöfnunar á námskostnaði ekki lengur háðar duttlungum fjárveitingavaldsins á hverjum tíma.

Ég legg svo til að að lokinni umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. MHM o.fl., 141. mál (röð frambjóðenda á lista). — Þskj. 150.

Flm. (Magnús H. Magnússon):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og Kolbrúnu Jónsdóttur auk mín. Efnislega samhljóða frv. var flutt á 105. og 106. löggjafarþingi, en fékk ekki afgreiðslu.

Mér sýnist að áður hafi verið full þörf á breytingum í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir, en nú sé það mikil nauðsyn. Við sjáum vandræðin sem hljótast af núverandi kerfum allt í kringum okkur.

Meginmarkmið frv. er að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna, gefa þeim kost á að ráða alfarið röðun frambjóðanda á viðkomandi framboðslista um leið og kosning fer fram.

Á síðari árum hafa kröfur um persónuval í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna farið mjög vaxandi og er það af hinu góða að mati flm.

Kjósendur una því ekki lengur að fáir menn raði frambjóðendum á lista og þeir láta sér ekki lengur lynda að geta einungis valið á milli flokka. Þeir vilja einnig velja á milli frambjóðenda.

Flestir stjórnmálaflokkar hafa reynt að koma til móts við þessar kröfur með prófkjörum í ýmsum myndum, opnum prófkjörum þar sem allir 18 ára og eldri, í sumum tilvikum jafnvel 16 ára, mega taka þátt, hálfopnum prófkjörum þar sem flokksbundið fólk og þeir sem skrifa sig á sérstakan stuðningsmannalista mega taka þátt, lokuðum prófkjörum þar sem flokksbundnum einum er heimil þátttaka og prófkjörum innan fulltrúaráða eða stækkaðra fulltrúaráða o.s.frv. o.s.frv. Sumir flokkar notast við ýmiss konar forvöl og skoðanakannanir meðal flokksbundinna manna einna.

Allt er þetta til bóta frá því sem áður var þegar fáir einstaklingar réðu í raun hverjir komust á lista og í hvaða röð. Ýmsir gallar hafa þó komið í ljós við þessar aðferðir. Í fyrsta lagi eru í mörgum tilvikum of fáir í framboði í prófkjörum og í of fá sæti til að kjósendur fái umtalsvert valfrelsi. Í öðru lagi fylgir prófkjörunum gjarnan verulegt umstang og umtalsverður kostnaður sem betur væri varið á öðrum sviðum stjórnmálastarfseminnar. Í þriðja lagi geta og hafa mikil sárindi samherja hlotist af prófkjörunum og undirbúningi þeirra. Hafa slík sárindi jafnvel leitt til klofnings flokka í kjördæmum. Í fjórða lagi hafa ýmsir, sem alls ekki ætla sér að styðja viðkomandi flokk í kosningum og eru jafnvel flokksbundnir í öðrum flokkum, reynt að hafa áhrif á röð frambjóðenda annarra flokka og í sumum tilvikum a.m.k. með það í huga að gera þeim flokki óleik.

Ýmsar þjóðir hafa tekið tillit til óska kjósenda að þessu leyti í kosningalögum sínum, t.d. Danir og Írar. Á Írlandi kjósa menn annars vegar lista og ræður sú kosning hve marga frambjóðendur hver flokkur fær kjörna í viðkomandi kjördæmi. Hins vegar raða kjósendur frambjóðendum upp að vissu marki ef þeim svo sýnist og ræður það röð frambjóðenda á hverjum lista. Kjósendur mega einnig að vissu marki raða mönnum á listum sem þeir ekki kjósa.

Margt gott má um þetta kerfi segja, t.d. það að kjósendur geta stuðlað að kosningu góðra manna, að þeirra mati, þótt þeir séu á öðrum framboðslista en þeim sem þeir annars kjósa. Menn finna írska kerfinu það helst til foráttu að það sé flókið í framkvæmd og að vafasamt sé að leyfa kjósendum að raða frambjóðendum flokka sem þeir alls ekki styðja. Það vald mætti allt eins nota til neikvæðra hluta eins og jákvæðra, allt eins til þess að spilla fyrir öðrum flokkum eins og til þess að styðja góða menn að mati viðkomandi kjósenda. Það að kerfið sé flókið í framkvæmd á varla við lengur þegar komið er fram á tölvuöld þannig að þau rök eru ekki lengur í gildi.

Í Danmörku er sá háttur á hafður að flokkarnir ráða því sjálfir hvort þeir bjóða fram raðaða eða óraðaða lista. Allir flokkar þar í landi að tveim smáflokkum undanskildum bjóða fram óraðaða lista og hafa ekki hug á að breyta til fyrra fyrirkomulags aftur. Þó flokkur bjóði fram óraðaða lista má hann ákveða efsta mann listans sem nokkurs konar vísbendingu til kjósenda um hvern flokkurinn kýs að hafa í efsta sæti. Að öðru leyti breytir það engu um endanlega röð frambjóðenda. Kjósendur ráða því alfarið sjálfir hvort og þá að hve miklu leyti þeir vilja hafa áhrif á röð listans. U.þ.b. helmingur kjósenda í Danmörku nýtir sér þann rétt og ræður þar með röð listanna.

Virðulegi forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að flokkarnir skuli leggja fram óraðaða lista. Þeir leggi listana fram í stafrófsröð en yfirkjörstjórn hluti til um hvaða nöfn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum lista á sama hátt og gert er á hinu háa Alþingi þegar atkvæðagreiðsla fer fram með nafnakalli. Vilji kjósandi raða kjósendum á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn einn fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna tvo fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni o.s.frv. að svo miklu leyti sem hann vill ráða röð frambjóðenda. Kjósendur hafa sem sagt algerlega óbundnar hendur um hvort og að hve miklu leyti þeir vilja ráða röð listans. Þeir þurfa ekki að gera það. Þeir mega velja efsta mann, efstu tvo o.s.frv. og þeir mega ráða öllum nöfnum á listanum ef þeim svo sýnist.

Til að finna hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu þannig: Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista til að ákveða hvort og þá hve marga þingmenn eða sveitarstjórnarmenn hver listi fær kjörna. Síðan raðar yfirkjörstjórn frambjóðendum á lista þannig: Efstur er sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í fyrsta sæti, annar sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í fyrsta og annað sæti að atkvæðum efsta manns frátöldum o.s.frv. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því að kjósendur viðkomandi framboðslista ráði einir röðun listans og prófkjör verða þá með öllu óþörf.

Ekki skal því haldið fram að sú leið sem frv. gerir ráð fyrir leysi allan vanda, en ókostir leiðarinnar eru smávægilegir í samanburði við þá galla sem prófkjörum eru samfara og þá annmarka sem fylgja því að hafa engin prófkjör.

Árið 1977 flutti Jón Skaftason frv. sem gekk í svipaða átt og það frv. sem hér er til umræðu. Það fékk mikla umræðu á þingi veturinn 1977–1978, en hlaut ekki afgreiðslu.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að flokkarnir skuli leggja fram óraðaða lista. Það mætti auðvitað hugsa sér að flokkarnir réðu því sjálfir hvort þeir leggja fram raðaða eða óraðaða lista eins og dönsku lögin gera ráð fyrir. Ég sting þessu að hv. allshn. sem kemur til með að fjalla um málið. Það getur verið að það sé auðveldara fyrir hv. þm. að samþykkja frv. þannig. En ég er viss um að þróunin yrði eftir sem áður eins og í Danmörku, að allir alvöru stjórnmála-

flokkar muni velja það að leggja fram óraðaða lista.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Oft hefur verið þörf á breytingu í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir, en nú er það nauðsyn.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði eftir þessa umræðu vísað til allshn. og til 2. umr.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft stóru og þýðingarmiklu máli og hugmyndin í fyllsta máta allrar athygli verð þó að ég geri að vísu nokkra athugasemd um hversu langt skuli ganga. Aðalvangaveltur hv. 1. flm. gengu reyndar út á það hvort hér ætti að vera eingöngu um að ræða frá hálfu flokkanna óraðaða lista með öllu eða hvort þeir ættu einhverju þar um að ráða. Það er, eins og hann drap á, ekki nýtt að menn reyni að finna leið til þessa margfræga valfrelsis kjósenda um að velja hina bestu menn og þá sem það vill helst, eins og það er stundum orðað. Hann minnti á frv. hv. fyrrv. þm. Jóns Skaftasonar í þessu efni. Ég man eftir að ég var meðflm. hv. þm. Ragnars Arnalds að svipuðu máli á sínum tíma þar sem hugmyndir af þessu tagi voru reifaðar. Ég man líka glöggt eftir að undirtektir þá við þær hugmyndir voru ekki miklar, enda voru menn þá að sigla inn í tíma prófkjöranna. Þá voru prófkjörin í algleymingi. Þau áttu að leysa allan vanda. Allt átti að ákveðast fyrir fram. Það var þess vegna óraunhæft að vera að hugsa til þess að menn leystu þessi mál með röðun á lista á eftir. Sannleikurinn var sá að menn gengu svo langt, m.a. í flokki hv. þm., að telja að það væri út af fyrir sig alveg útilokað að hægt væri að koma fram sómasamlegum lista nema með því að viðhafa prófkjör og það svo, að í því mættu allir taka þátt sem á annað borð hefðu kosningarrétt, því að í þessu gilti það að það væri fólkið en ekki flokkarnir, þ.e. það góða fólk en ekki þessir vondu flokkar, sem ætti að ráða því hverjir væru á framboðslista.

Auðvitað vitum við að hér var um oftúlkun að ræða á þessu. Það hefur margt breyst á langri leið. Ekki skal ég draga úr þeim óheillavænlegu áhrifum sem prófkjör hafa haft og þeim skrípaleik sem maður sér stundum í sambandi við prófkjör. Ég ætla ekkert að dæma um hvort fólkið velji endilega bestu mennina, það er ekki mitt að dæma um það, í þessum prófkjörum, en stundum læðist að manni meira að segja efi um að þetta ágæta fólk velji endilega þá allra bestu í öllum tilvikum.

Það er hins vegar alveg ljóst að prófkjör með því formi sem menn vildu hafa eru gengin sér til húðar, að menn engjast í raun og veru í þessu í dag. Menn eru jafnvel komnir það langt, eins og menn þekkja, að hér er orðið um stórkostlegt fjárhagslegt atriði að ræða. Þá er nú langt gengið ef við ætlum að „ameríkanisera“ okkur svo rækilega að hingað inn komist helst engir aðrir en þeir sem geta lagt nógu mikla peninga í prófkjörsbaráttu, ef það gengur svo langt.

Ég er á þeirri skoðun að vitanlega eigi flokkarnir hér um að véla að miklu leyti, hvort sem við gefum kjósendum svo ákveðið valfrelsi á eftir um að hafa áhrif á sinn lista sem er auðvitað mjög takmarkað í dag, næstum útilokað að hafa nokkur teljandi áhrif á það ef fólk er óánægt á annað borð. Vitanlega eru þetta ekki bara frambjóðendur fólksins. Þetta eru frambjóðendur tiltekinna flokka sem flokkarnir velja sér. Hins vegar skal tekið undir að ákveðið val fólks varðandi þetta er vel athugandi og ég tek undir hugmyndir af því tagi.

Hitt er svo annað mál og til umhugsunar okkur sem sitjum hér í dag og þeirra sem eiga hér eftir að sitja hvort í gegnum allt þetta lýðræði hafi fengist betra fólk til setu á Alþingi en áður var þegar þröngur hópur réði því hverjir þar áttu sæti. Þegar ég hitti a.m.k. hinn almenna borgara úti í þjóðfélaginu í dag, að ég nú tali ekki um þegar ég les lesendabréfin þar sem hins liðna tíma er minnst með miklum söknuði, þegar verið er að geta um hina fornu skörunga sem nú sjáist ekki lengur á Alþingi, þessa skörunga sem voru valdir af þessum þröngu hóp, set ég spurningarmerki um hvort þetta margfræga blessaða lýðræði hafi í raun og veru leitt til þess að við losnuðum við skörungana en fengjum meðalmennskuna í staðinn.

Ólafur B. Óskarsson:

Virðulegi forseti. Hér er flutt athyglisvert mál að mínu mati og ég tek undir það með hv. 1. flm. að oft hafi verið þörf á að flytja slíkt mál en nú sé það nauðsyn. Þá lít ég til þess sem blasað hefur við í fréttum fjölmiðla nokkurn tíma undanfarið um mjög hatrömm átök sums staðar um framboðsmál flokkanna. Þó að þetta fylli ágætlega upp í fréttatíma fjölmiðlanna er ekki þar með sagt að það sé alls kostar æskilegt.

Í þessu frv. felst leið sem ég hef lengi verið fylgjandi og oft talað fyrir í umræðum innan míns flokks. Ég fagna því að þetta frv. er lagt fram og skora á hv. þm. að taka það til mjög gaumgæfilegrar athugunar.

Það hafa lengi verið uppi kröfur kjósenda um aukinn rétt til að hafa áhrif á val sinna þingmanna, persónulegt val. Prófkjörin, eins og drepið hefur verið hér á, eru sú leið sem hefur verið mest í tísku undanfarið, en á þeim hafa þótt ýmsir agnúar nú í seinni tíð. Er það mála sannast að sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu eru þessi prófkjör komin út í hreina vitleysu þar sem það er orðið slíkt fjárhagslegt fyrirtæki að taka þátt í þeim að það er orðið á fárra færi nema þá að þeir hafi einhverja fjársterka aðila á bak við sig sem kosti þetta. Það verður að teljast heldur óæskilegt. Ef svo væri og frambjóðandi næði árangri, kæmist á þing hugsanlega út á þetta, er líklegt að viðkomandi fjársterkir aðilar teldu sig eiga einhverja hönk upp í bakið á þeim frambjóðendum sem þannig væru studdir.

Með þessu frv. er það nánast alfarið lagt í vald þeirra sem kjósa framboðslistann hverjir af honum

ná kosningu. Ég tel þetta fullkomlega koma til greina. Ég álít að miðað við að það sé lagður fram listi með tvöfaldri tölu kjörinna manna þá fari inn á þann framboðslista flestallir eða allir þeir sem hafa eitthvert marktækt fylgi á bak við sig innan viðkomandi stjórnmálaflokks í því kjördæmi. Þar með verði komist að verulegu leyti hjá þeim átökum sem eru í dag um skipan framboðslistanna. Í öðru lagi leggur þetta fyrirkomulag verulega miklar skyldur á herðar frambjóðenda um starfshætti í kosningunum. Það hefur verið fundið þessu fyrirkomulagi til foráttu að mönnum þyki það ógæfulegt að frambjóðendur séu að berjast innbyrðis um sæti í kosningabaráttunni sjálfri. En ég er ekki sammála því að þar sé um verulegan galla að ræða því þetta bindur menn við það að vinna fyrst og fremst málefnalega að þeim málefnum sem viðkomandi flokkur berst fyrir, en séu beinlínis tilneyddir að þoka til hliðar ýmsum persónulegum viðhorfum og því sem sumir kalla framapot.

Það kom fram í framsöguræðu að áður hefðu verið flutt frv. svipaðs eðlis eða eins, en þau hafi dagað uppi, eins og svo er kallað, hér á hv. Alþingi. Mér kemur það ekki mjög á óvart því líklegast er að sitjandi þingmenn séu ekki stórhrifnir af því að leggja höfuð sitt undir þá fallöxi sem í þessu gæti falist, að undanteknum kannske varaþingmönnum. En miðað við þá þróun sem hefur verið í framboðsmálum að undanförnu og ég gat um áðan og það neikvæða viðhorf til stjórnmála almennt sem þetta leiðir af sér legg ég til að menn íhugi mjög alvarlega þá leið sem hér er lögð til.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft stórmerkilegu máli sem ég hygg að allflestir þm. þyrftu að tjá sig dálítið um því það snertir flesta okkar og hefur gert að undanförnu.

Ég minnist þess þegar ég barðist fyrir því fyrir allmörgum árum í Alþfl. að upp yrði tekið prófkjör við val frambjóðenda á framboðslista flokksins. Þá var ég þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag, það form mundi leysa mjög verulegan vanda sem við töldum vera við val frambjóðenda vegna þess að við litum svo til, sem þá vorum yngri menn í flokknum, að það væri fámenn valdaklíka í flokknum sem sæi um listann hverju sinni, hvernig hann yrði, hvernig hann liti út, hvaða menn veldust á hann. Ég verð að játa að það voru ekki liðin mörg ár frá því þetta fyrirkomulag var tekið upp og að ég var farinn að hafa mjög miklar efasemdir um það. Þær efasemdir mínar hafa nú orðið að þeim veruleika að ég er mjög andsnúinn prófkjörum í þeirri mynd sem þau eru háð um þessar mundir.

Ég held að síðasti hv. ræðumaður hafi komist að kjarna málsins þegar hann sagði að þær aðferðir sem hafa verið notaðar við val á frambjóðendum á framboðslista stjórnmálaflokkanna hafi stórskaðað stjórnmálastarfið í landinu. Það held ég að sé kjarni þess máls sem við erum að ræða hér og kannske kjarni þess sem hið háa Alþingi ætti að tala um nokkuð oftar en það gerir. Mér hefur virst í þeim prófkjörum, opnum, lokuðum, forvölum, skoðanakönnunum í smáum hópum og stórum, sem hafa verið notuð, að þessar aðferðir hafi oft snúist upp í það að verða eins konar hringleikahús, fjölmiðlum og ýmsu fólki í landinu til skemmtunar, en starfandi mönnum innan stjórnmálaflokka, þingmönnum og þinginu öllu til skammar og sárrar raunar. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að flokkarnir séu komnir í sjálfheldu með val á framboðslista og það sverð sem gæti höggvið á þann hnút, sem flokkarnir eru komnir í, væri virkilega þess virði að beita og beita því rösklega.

Mér finnst satt að segja þau óþrif sem hafa safnast í kringum prófkjör á allra síðustu árum vera orðin slík að ekki sé þolandi miklu lengur. Vegna prófkjöranna hafa komið upp hugleiðingar manna um tvennt í megindráttum. Í fyrsta lagi sú innbyrðis barátta sem hefur átt sér stað í stjórnmálaflokkunum með þeim hörmulegu afleiðingum sem við höfum oft orðið vitni að, persónulegum illdeilum og ágreiningi og sárum sem vart hafa gróið um heilt. Í öðru lagi hef ég óttast það nokkuð vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í sambandi við prófkjörin, vegna þeirra gífurlegu peningaútláta sem hafa átt sér stað í kringum þessi prófkjör, að það yrði á næstunni, ef fram heldur sem horfir, vart á færi annarra en efnamanna að komast inn á Alþingi. Ég held að í þessu sé falin mjög alvarleg hætta fyrir allt stjórnmálalíf í landinu. Ef við eigum að standa frammi fyrir þeim bandarísku staðreyndum, að enginn geti gert sér von um að komast inn á þing nema hann njóti til þess stuðnings fjármálaafla eða að hann sé sjálfur svo auðugur að hann hafi efni á því að heyja hina gífurlega kostnaðarsömu kosningabaráttu eins og hún er tíðkuð í Bandaríkjunum, ef við ætlum að fara að tíðka slíka siði hér á Íslandi er ég hræddur um að stjórnmálalífið og stjórnmálaflokkarnir séu í stórri hættu. Ég mælist eindregið til þess að hv. þm. taki þetta frv. til mjög alvarlegrar íhugunar, umhugsunar, athugunar, umræðu og finni helst einhverja lausn í anda þess sem gæti orðið breyting á þeim kosningalögum sem nú eru í gildi.

Ég hef haft af því mjög umtalsverðar áhyggjur sem áhorfandi utan þings um tæplega fjögurra ára skeið og getað fylgst með þessari stofnun, sem mér var farið að þykja verulega vænt um eftir að hafa setið hér í fimm ár, hvernig þingið hefur raunverulega orðið að lúta í lægra haldi fyrir tilteknu almenningsáliti, sem oft hefur skapast vegna þess hvernig menn hafa staðið að prófkjörum, forvali, skoðanakönnunum og hvað sem þetta heitir nú allt saman. Ég verð að viðurkenna það og játa fyrir hverjum sem er að mér þykir lakara að Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkunda þjóðarinnar, skuli þurfa að lúta svo lágt sem hún hefur gert; því hún hefur gert það. Ég tek eindregið undir það, sem hv. þm. sagði á undan mér, að það sem hér er að gerast er farið að valda stjórnmálastarfinu í landinu stórkostlegu tjóni

sem kemur m.a. fram í því að ýmsir ágætustu menn vilja hvergi koma nálægt. Þetta hrindir frá þeim mönnum sem kannske ættu fremur að eiga sæti á Alþingi en þeir sem þar sitja nú, bæði vegna andúðar á starfsaðferðunum, þeim persónulega ágreiningi og deilum sem eiga sér stað og auk þess kostnaðinum. Þau kerfi sem við höfum notað, það kerfi sem ég sjálfur barðist fyrir fyrir æðimörgum árum, tel ég úrelt, úr sér gengin og hafi í raun og veru ekki átt rétt á sér í upphafi, því miður.

Virðulegi forseti. Ég mælist eindregið til þess að þetta frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis fái þá umfjöllun á hinu háa Alþingi sem það á skilið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er ekki mjög algengt að umræður hér í hv. deild snúist á þann hátt sem sú umræða sem hér hefur átt sér stað hefur snúist, þ.e. að hingað komi upp hver þm. á fætur öðrum og lýsi því yfir að fyrri skoðun hans hafi verið röng, það sem hann hafi barist fyrir fyrir nokkrum árum standist ekki og hafi ekki staðist tímans tönn.

Þær lýsingar, sem hér hafa komið fram í sambandi við prófkjörin, eru frekast á þann máta að maður gæti látið sér detta í hug að sú aðferð til að velja forustumenn þjóðarinnar sé þegar fyrir bí. Hér hafa menn komið upp hver á fætur öðrum og lýst prófkjörunum með þeim ósköpum og tíundað þeirra vankanta að ég get varla ímyndað mér annað en að þar sé að vissu leyti verið að lýsa ákveðinni afstöðu almennings í landinu gagnvart þeim vanköntum sem þau prófkjör, sem í gangi hafa verið og eru í gangi, hafa verið búin til að færa kjósendum aðstöðu til að velja sína forustumenn á lýðræðislegan máta.

Mér sýnist því miður að frv., sem hér er til umræðu og er mjög gott og gilt og gott að fá til umræðu á hv. Alþingi, leysi ekki þau vandamál sem verið er að tala um, þ.e. að ekki verði hætta á að það verði sárindi og slagur á milli félaga innan hvers flokks eða fjáraustur í sambandi við hvernig lokaniðurstaðan í kosningunum verður þegar á að fara að velja á milli frambjóðendanna. Við erum þá komin á lokastig ákvörðunartökunnar og slagurinn er innan þess hóps sem er í framboði. Við erum þá búin að binda prófkjörin síðustu ákvörðunartökunni. Vont er að hafa prófkjör, að mínu mati, nokkrum mánuðum fyrir kosningar og þau verða sjálfsagt sár og heiftúðleg og ýmsir vankantar koma fram og kannske mjög lítið lýðræði vegna þess að það er ýmsum aðferðum beitt í sambandi við að safna til sín atkvæðum eins og hefur komið fram í umræðunni. Fjársterkir menn hafa betri aðstöðu o.s.frv., það eru ýmsir sem hafa kannske öflug félagasamtök bak við sig og annað eftir því. En þegar þessi átök eiga sér stað á kjördaginn sjálfan er ég ansi hræddur um að það verði enn þá grimmari átök og við séum ekki að búa til neitt betri aðferð nema síður sé en þá sem við höfum verið að reyna undanfarin ár.

Inn í þessa umræðu fléttast svo þær fullyrðingar, sem alltaf hafa verið í gangi og voru eitt af aðalatriðunum þegar verið var að koma prófkjörunum á, að það væru fámennar valdaklíkur í flokkunum sem fengju að ráða því hverjir væru settir á listana. Hv. 6. landsk. þm. sagði að hann hefði haft þá skoðun í upphafi, en eftir orðum hans að dæma virtist sem þessi skoðun væri ekki alveg eins ákveðin í hans huga nú, að í ákvörðun með gamla laginu með uppstillingarnefnd og á þann hátt sem var áður en prófkjör kom til sögunnar hafi verið sérstaklega mikið einræði fólgið. Vitaskuld var þar fulltrúaval á sama máta og við erum fulltrúakjörnir fulltrúar og eigum að ráða ákveðnum hlutum og ráðum ákveðnum hlutum í lagasamþykkt fyrir þjóðina. Þá var uppstillingarnefnd falið það vald að velja menn á lista.

Það hefur fylgt líka að þegar hefur verið rætt um þetta hafa flokkarnir einhvern veginn verið dregnir niður um leið, þessi vondu samtök í þjóðfélaginu. En hvað eru pólitískir flokkar annað en... **(Forseti:** Forseti vill ekki eyðileggja þessa ágætu ræðu fyrir hv. þm., en benda honum á að nú er fundartími liðinn. Þá er spurning hvort hann vilji ekki fresta ræðunni og taka upp þráðinn ef hann er ekki alveg að ljúka.)

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

12. fundur, mánudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frh. 1. umr.

Frv. SJS, 137. mál (verðbreytingar). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lögtök og fjárnám, frh. 1. umr.

Frv. HBl, 142. mál (úrskurðir og innheimtukostnaður). — Þskj. 151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Aðför, frh. 1. umr.

Frv. HBl, 143. mál (kostnaður vegna gerðar o.fl.). — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Skattadómur og rannsókn skattsvikamála, 1. umr.

Frv. SvG og GeirG, 150. mál. — Þskj. 160.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 160 flyt ég ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni frv. til l. um skattadóm og rannsókn skattsvikamála. Frv. þetta er flutt m.a. í tilefni af skýrslu nefndar sem fjallaði um umfang skattsvika og skilaði áliti til fjmrh. fyrr á þessu ári. Hún starfaði skv. þál. um skattsvikamál sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1984 og nefndin var undir forustu Þrastar Ólafssonar hagfræðings.

Í skýrslu nefndarinnar koma fram ítarlegar upplýsingar um skattsvik hér á landi, bæði að því er varðar beina skatta og óbeina, og í niðurstöðum nefndarinnar koma fram tillögur um varnir gegn skatt- og bókhaldsbrotum og ábendingar um úrbætur. Í aðalniðurstöðu nefndarinnar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. — Verg landsframleiðsla á þessu ári er sennilega í kringum 140 milljarðar kr. þannig að hér er um að ræða upphæð á þessu ári sem sjálfsagt er í kringum 8–9 milljarðar króna.

Nefndin segir: Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum króna árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu. Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla 2,5–3 milljarða króna á árinu 1985. — Hér er þess vegna um að ræða gífurlega háar upphæðir í þessu sambandi og ég er reyndar þeirrar skoðunar að mat nefndarinnar sé að þessu leytinu til yfirleitt ákaflega varfærið.

2. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar sem gerð var á vegum nefndarinnar og matsaðferðar sem nefndin beitti eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi — þetta er orðalag nefndarinnar, tek ég fram, þannig að menn eigni mér ekki textann í smáatriðum, málfarslega a.m.k., þó að efnið sé gott — og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi:

a. Byggingarstarfsemi,

b. Persónuleg þjónusta, svo sem bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir og síðan hárgreiðslu- og snyrtistofur.

c. Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur.

3. Engar óyggjandi leiðir eru til að áætla söluskattssvik, segir nefndin. Skv. þeirri aðferð sem lýst er í 5. kafla í nefndarálitinu má þó gera ráð fyrir að umfang söluskattssvika hér á landi sé um 11% af skiluðum söluskatti. Þetta jafngilti um það bil 1,3 milljörðum króna 1985 — þ.e. sennilega á verðlagi þessa árs um 1,5 milljarðar króna sem tapast í söluskatti.

4. Helstu ástæður skattsvika eru þessar:

a. Flókið skattakerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar leiðir til undanskots frá skatti.

b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

c. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér þessa möguleika og þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri.

d. Auk þessa ber að nefna að efalaust eiga ýmsar þær opinberar reglur sem settar eru í þessum efnum sinn þátt í því að örva skattsvik.

Að því er varðar þær ástæður sem nefndar eru af nefndinni, ástæður skattsvika, er ég í fyrsta lagi sammála nefndinni um það að skattakerfið sé flókið, frádráttarleiðirnar eru margar og undanþáguleiðir verulegar, sérstaklega fyrir þá sem kunna á kerfið eins og það er gjarnan kallað. Norrænn sérfræðingur í skattamálum kom hér við á Íslandi fyrir nokkrum misserum. Ég hitti hann að máli s.l. haust og spurði hvernig honum litist á íslenska skattakerfið, hvort hann hefði kynnt sér það. Jú, hann sagðist hafa gert það. Og hvernig honum hefði litist á það. Hann sagði að íslenska skattakerfið hlyti að vera paradís endurskoðendanna vegna þess að það væri í raun og veru útilokað fyrir menn að komast í gegnum skattaframtöl eða skattaálagningu öðruvísi en hafa til þess sérmenntun og vera sérfróður í því hvernig með málin er farið.

Ég vil fyrst og fremst taka undir þessa ástæðu nefndarinnar og leyfi mér jafnframt að draga hinar kannske nokkuð í efa sem hér voru taldar áðan.

Nefndin gerir þær tillögur til úrbóta í fyrsta lagi að einfalda verði skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.

Í öðru lagi segir nefndin: Endurskoða þarf ákvæði

um refsingu og álag. Setja þarf ný refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í almenn hegningarlög þar sem fangelsi allt að sex árum yrði lagt við brotum.

Eins og kunnugt er er það ákvæði nú í skattalögum að það sé unnt að dæma menn í fangelsi allt að sex árum fyrir stórfelld skattsvik. Þetta ákvæði hefur hins vegar ekki verið sett inn í hegningarlög. Mér skildist á ummælum fjmrh. s.l. sumar, blaðaummælum, að það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja frv. um breytingu á hegningarlögunum í þessu skyni. Ég vænti þess að ríkisstjórnin haldi við þessa stefnu en ef hún ekki flytur slíkt frv. er auðvitað sjálfsagt að hjálpa henni til við það og flytja frv. af þessu tagi um breytingu á hegningarlögunum. En fróðlegt væri, af því að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra er staddur hér í salnum, að inna hann eftir því hvort ætlun ríkisstjórnarinnar er að flytja breytingarfrv. við hegningarlögin, m.a. með tilliti til skattalaga.

Þá segir nefndin að nauðsynlegt sé að herða bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar auknar heimildir, svo sem sektarheimildir vegna bókhaldsbrota.

Þá segir nefndin: Lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota. — Í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt hefur nefndin, ríkisskattanefnd, heimildir til að úrskurða sektir vegna skattabrota en aftur á móti ekki heimildir til að úrskurða sektir vegna bókhaldsbrota og er þetta í rauninni mjög bagalegt vegna þess að þessi mál fara náttúrlega mjög oft saman þannig að hér er nefndin með beina tillögu um að heimila ríkisskattanefnd að úrskurða sektir vegna bókhaldsbrota.

Síðan segir: Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Setja þarf í bókhaldslög ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.

Þá segir nefndin: Endurskoða þarf ákvæði í almennum hegningarlögum um stórfellda óreglu í færslu bókhalds. Verknaðarlýsing ákvæðisins er óljós og refsimörk eru mjög væg.

Að lokum segir: Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.

Ég vil ítreka fsp. mína til hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra einnig um þetta efni, ekki aðeins er varðar þá breytingu á hegningarlögunum sem lýtur að fangelsisrefsingu fyrir stórfelld skattsvik heldur vil ég einnig inna hann eftir því hvort dómsmrn. hefur fjallað um aðrar ábendingar í skýrslu þessarar nefndar.

Þá gerir nefndin tillögu um skatteftirlit og segir fyrst: Embætti ríkisskattstjóra verði breytt í stofnun er fari með heildarstjórn skattamála, bæði faglega og verkstjórnarlega. Það býður upp á mun meiri möguleika til bættrar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða sem bæta munu skattaeftirlit. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum færi fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk er fyrir hendi í nægilegum mæli. Skattstofur í núverandi mynd legðust niður en eftir yrðu aðilar sem myndu veita upplýsingar til almennings og hugsanlega afla gagna vegna framtala.

Til vara er lagt til af nefndinni að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl verði unnin hjá embættinu, svo og álagning og eftirlit með söluskatti. Skattstofunum verði fækkað en haldi þó áfram fyrrverandi störfum að undanskildum atvinnurekstrarframtölum, undir beinni verkstjórn ríkisskattstjóra.

Gert verði verulegt átak í menntunarmálum starfsfólks á skattstofum. Endurvekja þarf skattskólann og festa hann betur í sessi. Komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl. Endurskoðuð verði ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

Hér hefur nú verið getið um helstu ábendingar nefndarinnar sem fjallaði um skattsvik og skilaði áliti til fjmrh. á þessu ári. Ég hef ekki orðið var við það að ríkisstjórnin hafi enn þá flutt nein þingmál í samræmi við þær tillögur sem nefndin gerði og er það auðvitað slæmt vegna þess að þegar er verulegur tími liðinn af þinginu. Nógur tími hefði verið til þess að fjalla um þessi mál hér. Málin liggja ljóst fyrir og þess vegna ætti ekki að þurfa neinn óratíma fyrir ríkisstjórnina til þess að koma sér niður á tillögugerð í þessum efnum.

Ég var lengi þeirrar skoðunar að það ætti að reyna að leysa þessi mál innan hins almenna skatta- og dómsmálakerfis. Ég var m.ö.o. þeirrar skoðunar að það væri hæpið að setja upp sérdómstól í skattamálum eins og ég held að það sé yfirleitt varasamt að setja upp sérdómstóla. Reynslan er hins vegar sú að hjá dómsmálayfirvöldum og rannsóknaraðilum hins almenna réttarkerfis vilja þessi mál mæta afgangi, af hverju svo sem það er. Það vill dragast úr hömlu, jafnvel árum saman, að tekið sé á skattsvikamálum í réttarkerfinu hér á landi.

Ég held þess vegna að það sé kominn tími til þess að settur verði upp a.m.k. um sinn skattadómur sem hafi eingöngu með þessi mál og skyld mál og náskyld mál að gera. Þess vegna og eftir að hafa farið rækilega yfir þessa skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika sem var lögð fyrir Alþingi 18. apríl s.l. komumst við að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera þá beinu tillögu hér á Alþingi að settur yrði upp dómstóll í skattamálum.

Frv. skýrir sig í rauninni sjálft. Það er 8 greinar og í 1. gr. frv. segir:

„Setja skal á stofn sérstakan sakadóm fyrir landið allt og nefnist hann Skattadómur.

Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík eða næsta nágrenni."

Í 2. gr. er hlutverk Skattadómsins skilgreint:

„Hlutverk Skattadóms er að rannsaka fyrir dómi og dæma í málum sem höfðuð eru af ríkissaksóknara til refsingar vegna brota á skattalögum og brota sem tengjast skattsvikum, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum.

Leiki vafi á hvort aðalþáttur brots teljist skattsvik eða annars konar brot ákveður ríkissaksóknari hvort mál skuli höfðað fyrir Skattadómi eða öðrum dómstólum."

Hér er það m.ö.o. lagt í vald ríkissaksóknara að meta hvar málið eigi að höfðast, hvort það á að gera fyrir hinum almennu dómstólum eða fyrir skattadómnum.

Í 3. gr. segir:

„Dómsmrh. skipar sakadómara í skattamálum — skattadómara — og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála.

Skattadómarinn nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar.

Skattadómari getur háð dómþing hvar sem er á landinu."

Í 4. gr. segir:

Við Skattadóm er heimilt að ráða dómarafulltrúa ef þörf krefur að mati dómsmrh. Dómarafulltrúar skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðrir dómarafulltrúar. Dómsmrh. ræður og Skattadómi annað starfsfólk eftir því sem þörf þykir á.

Í 5. gr. segir:

„Um meðferð mála fyrir skattadómi og lögregluransókn skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á, þar á meðal um meðdómendur."

6. gr. fjallar um rannsókn þessara mála og þar segir svo:

„Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins starfar deild er annast hvarvetna á landinu rannsókn á brotum þeim sem getið er um í 2. gr. laga þessara. Fela skal forstöðu deildarinnar sérstökum deildarstjóra sem lokið hefur lögfræðiprófi og aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins er heimilt að fela deild þessari rannsókn annarra mála á skyldum sviðum eftir því sem aðstæður leyfa."

Nú er í dag starfandi deild hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem hefur með fjármálaafbrot að gera. Með frv. og ef það yrði samþykkt yrði þessari deild skapaður nýr lagagrunnur til að starfa á. Með því yrði vægi deildarinnar aukið auk þess sem þess yrði krafist að forstöðumaður deildarinnar væri sérmenntaður til starfsins. Eðlilegt þykir að heimila rannsóknarlögreglustjóra að fara með rannsókn annarra mála, enda sé um að ræða skyld mál, þó meðferð þeirra mála megi undir engum kringumstæðum tefja afgreiðslu aðalverkefna deildarinnar.

Í 7. gr. segir síðan:

„Heimilt er að hafa uppi skattakröfu á hendur ákærða fyrir Skattadómi. Um meðferð slíkrar kröfu skal fara eftir ákvæðum 17. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er að gefa út ákæru vegna brota á skattalöggjöf þótt ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun skattkröfu."

Hér er um að ræða mjög mikilvægt ákvæði, að það sé heimilt að gefa út ákæru vegna skattbrota þó að ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun skattkröfunnar sjálfrar en það hefur oft og tíðum tafið mjög verulega meðferð þessara mála og útgáfuákæru að deilur hafa staðið langtímum saman um nákvæma upphæð skattkröfunnar hverju sinni.

Herra forseti. Þegar Vilmundur Gylfason gegndi embætti dómsmrh. flutti hann stjfrv. um rannsókn skattsvikamála og skattadómstól. Það frv. náði ekki afgreiðslu, m.a. vegna þess að margir voru þá þeirrar skoðunar að það væri ekki skynsamlegt við þær aðstæður sem þá voru að setja upp sérstakan dómstól í skattamálum, m.a. af því að þá höfðu nýlega verið samþykkt ný lög um tekju- og eignarskatt og menn töldu eðlilegt að láta reyna á úrræði þeirra almennu laga áður en tekin yrði ákvörðun um sérstakan skattadómstól.

Frá því að Vilmundur Gylfason flutti frv. sitt hefur það breyst í meðferð málanna frá þeim tíma að Rannsóknarlögregla ríkisins hefur nú starfandi á sínum vegum sérstaka deild sem rannsakar svokölluð „hvítflibbabrot" eins og ég gat um áðan. Þar starfa nú lögreglufulltrúi og lögreglumenn en enginn þeirra er sérmenntaður til þessara starfa. Þá hefur sakadómurum í Reykjavík verið fjölgað og var fyrirhugað að þeir tækju sérstaklega að sér að sinna málum af því tagi sem frv. fjallar um. Ekki er þó um að ræða deildaskiptingu í sakadómi í þessu skyni, að því er mér er best kunnugt um. Vegna fjölgunar sakadómara er þó talið að mál hafi gengið þar hraðar fyrir sig að undanförnu en áður var.

Þrátt fyrir þetta töldu flm. rétt að halda inni ákvæðum 6. gr. frv. eins og það var upphaflega með lítils háttar breytingum.

Í frv. eins og það er byggt upp er gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri annist almennt eftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Síðan annist deild Rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn skattsvika og brota sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í þeim málum. Þá taki við sérstakur sakadómur í skattamálum — Skattadómur — og skal umdæmi hans vera landið allt.

Heyrst hafa hugmyndir um að hafa alla rannsókn og dómsmeðferð skattsvikamála á einni hendi. Þessari hugmynd er hafnað með þessu frv. því flm. telja ekki rétt að blanda þannig saman rannsóknarvaldi og dómsvaldi. Þá er þeirri hugmynd einnig hafnað, sem gæti þó komið til greina og hefur stundum verið rædd, að skattrannsóknarstjóri annist rannsókn á refsiþætti skattamála. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að slíkt ákvæði gæti dregið úr almennu eftirliti hjá embætti skattrannsóknarstjóra.

Oft hefur verið um það rætt, herra forseti, að því fylgi ókostir að hafa sérdómstóla eins og ég hef vikið

að. Þar hefur einkum verið bent á þann vanda sem upp kemur þegar sami maður er grunaður um mörg mismunandi brot bæði skyld og óskyld skattsvikabrotum. Í frv. er gert ráð fyrir því að skattadómstóllinn geti fjallað um skattabrot og tengd brot, svo sem skjalafals, brot á bókhaldslögum eða gjaldeyrislögum. Aðaláherslan er lögð á skattalagabrotið, enda geta brot á þeim lögum varðað allt að sex ára fangelsi. Telji hins vegar ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattalagabrot getur hann höfðað mál fyrir almennum dómstóli eins og ég gat um áðan.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara mikið ítarlegar út í frv. þetta. Hér er tekið á mjög stóru og alvarlegu vandamáli í okkar þjóðfélagi. Vandinn er að mínu mati sá að það sem heitir samneysla eða félagsleg þjónusta er í hættu ef við erum ekki með skattakerfi sem fólk getur nokkurn veginn unað við. Ég tel því brýnt út frá félagslegum sjónarmiðum að á þessum málum sé tekið.

Við munum Alþýðubandalagsmenn síðar á þessu þingi flytja ýmis fleiri skattamál sem tengjast hinum almennu ákvæðum skattalaganna og gera þá grein fyrir þeim jafnóðum og þau mál verða flutt, en auðvitað nægir skattadómur ekki í þessu efni. Auðvitað verður að einfalda skattalögin. Auðvitað verður að grisja frádráttarfrumskóginn og auðvitað verður í framhaldi af því að hækka verulega tekjuskattsfrelsismörkin frá því sem þau eru nú. Það er auðvitað með öllu fráleitt að staðan skuli hafa verið þannig að á þessu ári voru menn, sem höfðu 544 000 í árstekjur 1985, skattlagðir í hæsta skattþrepi sem hátekjumenn. Slíkt skattakerfi er vitlaust. Það kallar á misnotkun, það kallar á það að menn treysti því ekki og þess vegna er óhjákvæmilegt að á þessum málum verði tekið.

Það hefur verið skýrt frá því hér utan þingsalanna að ríkisstjórnin ætli að flytja frv. um breytingu á tekju- og eignarskattslögunum. Ég ætla ekki að fara að hefja umræðu um þær tillögur nú. Ég geri það þegar þær koma — og ég segi „þegar" en ekki „ef". Það er að vísu búið að segja oft að þetta frv. sé að koma, en það er ekki komið enn. Kannske kemur það næstu daga eins og eitthvað fleira af þessum 95 stjfrv. sem meiningin er að afgreiða hér í vetur samkvæmt listanum sem var lagður fram fyrir nokkrum vikum en gengur treglega að koma þeim frá sér í stjórnarflokkunum.

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. Alþingi taki þessu frv. vel og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Fyrir nokkru var fjallað ítarlega um það í dómsmrn. hvernig ná mætti betri árangri í meðferð efnahagsbrota, eins og þau eru nefnd, og þar undir falla að sjálfsögðu brot á skattalögum. Það varð niðurstaðan af þeirri athugun að gera allmikið átak til að koma þeim málum í betra horf og er það að nokkru leyti rakið í grg. þess frv. sem hv. 3. þm. Reykv. var að mæla hér fyrir. Niðurstaðan af þessum athugunum varð m.a. sú að ekki skyldu settir upp sérstakir dómstólar eða sérstakar stofnanir, hvorki til rannsókna né dóma á þessum málaflokki.

Hv. flm. rakti það að hann hefði sjálfur verið andvígur slíku og nefndi eitt atriði sem er neikvætt, þ.e. ef sama málið tengist fleiri en einum brotaflokki. Til viðbótar vil ég nefna það að vegna okkar fámennis og þar sem málafjöldi á einstökum sviðum er misjafn frá ári til árs þá er það heppilegra að geta notað stærri stofnun til að fjalla um málin þegar álag verður mikið, þá er hægt að beita meira starfsliði heldur en væri starfandi við sérstakan dómstól. Niðurstaðan af þessari athugun varð sú að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins yrði komið upp sérstakri deild sem fjallaði um þessi mál og rannsóknarlögreglumönnum fjölgað í því skyni. Ég þori að fullyrða að árangurinn af þessari breyttu skipan er þegar kominn í ljós. Hann hefur komið í ljós við rannsókn þeirra umfangsmiklu brotamála á þessu sviði sem því miður hafa komið upp síðan þessi skipan var tekin upp. Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að rannsókn þessara mála hafi gengið betur en menn þorðu fyrir fram að vona, vegna þess hversu umfangsmikil þau eru, og betur en áður hefur gerst í slíkum málum.

Jafnframt þessu var ákveðið að fjölga um einn sakadómara og þá með það í huga að hægt væri að fela einum manni, og það hefur verið gert, sérstaklega þennan málaflokk, en hins vegar er þar ekki búin til nein sérstök deild af þeirri ástæðu sem ég gat um áðan, að álag er misjafnt í einstökum málaflokkum og því ekki heppilegt að binda það algjörlega niður. Einnig var sakadómurum fjölgað og þar var það eins, að gert var ráð fyrir því að einhverjum af sakadómurum yrði falið sérstaklega að fjalla um þessi mál, þó að þar sé um fleiri starfsmenn að ræða og því hægt að skipta þeim á milli fleiri þegar álag verður mikið.

Ég held því að það sé rétt að það komi enn betur í ljós hvort þessi skipan, sem ég hef rakið og ég hef beitt mér fyrir, nái ekki því markmiði sem ætlast er til að þetta frv. geri, og nái þá því markmiði á þann hátt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði sjálfur að hann hefði talið hingað til að væri æskilegt að hafa þessa skipan á þeim málum.

Þá vil ég víkja að einu atriði í sambandi við skýrslu þá sem hann gat um að nefnd á vegum fjmrh. hefði skipað og skilaði áliti á síðasta sumri í sambandi við skattsvik. Í tillögu nefndarinnar var vikið að einu atriði sem sérstaklega beindist að dómsmrn. Þar var um að ræða breytingu á almennum hegningarlögum til þess að meira tillit yrði tekið til þessara ákvæða en ef það væri eingöngu innan skattalaga. Frv. um þetta hefur verið samið. Það hefur verið lagt fyrir ríkisstjórnina og afgreitt þar með heimild til að leggja það fyrir þingflokka stjórnarinnar. Þar er það til meðferðar nú og ég vonast til þess að það taki ekki langan tíma svo að hægt verði að leggja það

fram á Alþingi innan mjög skamms tíma. Einnig er gert ráð fyrir að það ákvæði nái þá til brota á lögum um bókhald en að öðru leyti mun ég á þessu stigi ekki fjalla nánar um það frv. þar sem ég vonast til að fá tækifæri til þess hér innan skamms.

Ég vil svo að lokum, vegna niðurlagsorða hv. þm., benda á það að þau eru orðin þó nokkur frv. sem ég hef flutt á vegum dómsmrn. þegar á þessu þingi og vonast til þess að njóta stuðnings hv. þm. og hans flokks við að vinna að framgangi þeirra því að sum þeirra eru mjög viðamikil. Ég held að flest eða öll þeirra séu ekki ágreiningsmál milli flokka og vonast því til að þau fái góða afgreiðslu.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það er algeng viðbára þegar upp koma vandamál í okkar hagkerfi, félagslegri þjónustu eða annars staðar, að það megi ekki taka sérstaklega á því máli, það megi ekki setja sérlög, það eigi að leysa málið á almennum grundvelli. Ég þekki þetta ákaflega vel t.d. úr þeim málaflokkum sem ég hafði með að gera í heilbr.- og félmrn. fyrir fáeinum árum þar sem uppi höfðu verið þau sjónarmið að alls ekki mætti setja sérlög. Það ætti að leysa þetta í heild í tengslum við annað o.s.frv. Niðurstaðan varð þó sú að í mjög veigamiklum málaflokkum voru sett sérlög, vegna þess að þeir málaflokkar voru þannig á sig komnir að það varð að taka á þessum málum sérstaklega, og þau sérlög hafa skilað góðum árangri.

Nú liggur það fyrir að þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru sett 1978 þá vorum við mörg þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að láta reyna á ákvæði þeirra laga bæði varðandi ríkisskattstjóra, skattsektanefnd og rannsóknaraðila skattamála. Það er hins vegar ljóst eftir að skýrsla skattsvikanefndarinnar kemur út hér á s.l. sumri og er lögð fyrir Alþingi 18. apríl 1986, þá er ljóst samkvæmt niðurstöðu opinberrar nefndar, þar sem eru fulltrúar frá ýmsum aðilum, sérfræðingar o.s.frv., að hér er um stórfellt vandamál að ræða. Okkur grunaði það, við getum sagt við vissum það, en opinber nefnd hefur sent frá sér ítarlega skýrslu um þetta mál. Það er um að ræða vanda upp á 7–9 milljarða króna á þessu ári sem hverfa út úr landsframleiðslunni, 7000–9000 millj. kr., og koma ekki til skatts. Og það er talið að ríkið og opinberir aðilar tapi á þessu 3000 millj. kr. Það er meira en fer til allra framkvæmdaframlaga ríkisins samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1985, sem þarna er um að ræða. Þeir sem hér eru geta borið í huganum þessa upphæð saman við ýmsar fjárveitingar eða kostnaðarliði í ríkisútgjöldunum á næsta ári. Ætli þetta væri ekki drjúgt t.d. upp í kostnaðinn við heilbrigðisþjónustuna, svo ég nefni dæmi? Eða almannatryggingakerfið, svo ég nefni annað dæmi? Það er alveg augljóst mál að ef Alþingi ekki svarar þeim kröfum og niðurstöðum, sem fram koma í áliti skattsvikanefndarinnar frá s.l. sumri, þá er tilgangslaust að leggja hlutina á borðið eins og gert er í þessu fyrir hv. Alþingi vegna þess að menn gera ekki neitt. Menn aðhafast ekki neitt og segja: Þetta er ekki hægt að afgreiða með sérlögum. Þetta verður að gera innan ramma hins almenna kerfis.

Ég er alveg sammála því að hæstv. dómsmrh. hefur þó nokkuð ýtt á þessi mál í sinni ráðherratíð og ég er sannfærður um það að þær ákvarðanir, sem hann hefur tekið í þeim efnum og dómsmrn., hafa skilað sér í því að meðferð ýmissa meiri háttar mála, fjármálabrota, hefur gengið hraðar fyrir sig en áður var. Ég er heldur ekki að halda því fram að það að setja niður skattadóm leysi málið, en það mundi sýna alvarlega viðleitni af hálfu Alþingis til að koma til móts við þessar alvarlegu niðurstöður skattsvikanefndarinnar.

Ég held að Alþingi verði að taka ákvarðanir í þessum efnum sem hinn almenni skattgreiðandi skynjar sem alvöru en ekki sem kák, ekki sem hálfkák og ég held að ákvörðun um Skattadóm væri ákvörðun og yfirlýsing af hálfu Alþingis um það að hérna ætti að fara að taka á hlutunum af alvöru og festu. Ef menn hins vegar hér á hv. Alþingi gera það ekki, þá er með því verið að lýsa því yfir að þetta rammgötótta skattakerfi sem hér er eigi bara að vera si svona áfram. Það auðvitað gengur ekki. Þar með eru menn orðnir tvöfaldir og margfaldir í roðinu, þegar þeir eru að gagnrýna skattsvik, ef þeir vilja ekki aðhafast neitt til þess að taka verulega myndarlega á þeim málum.

Ég vil sem sagt segja það að ég hef tekið eftir því sem hæstv. núv. dómsmrh. hefur verið að aðhafast í tengdum málum og ég tel að það sé þakkarvert sem þar hefur verið gert, en ég er einnig þeirrar skoðunar að þegar skattsvikaskýrslan liggur fyrir sé málið komið á nýtt stig og þar af leiðandi eigi að taka nýjar ákvarðanir, m.a. um að endurskoða fyrri ákvarðanir í þessum efnum, t.d. um það að setja upp sérstakan skattadóm.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Reykv. hér áðan að vísasti vegurinn til þess að draga úr skattsvikum svo um muni sé að gera mikilsverðar umbætur í skattamálum og vil vænta þess að okkur takist nú á þessu þingi að ná því fram að veruleg nýskipan verði lögfest varðandi bæði tollskrá og að það nái fram að ganga að virðisaukaskattur verði tekinn upp í stað söluskatts sem er vitaskuld mjög þýðingarmikið atriði bæði varðandi samkeppnisútflutningsgreinar, til að styrkja stöðu þeirra, og eins til þess að unnt verði að ná til þeirra aðila sem hafa of frjálsar hendur nú og of mikla möguleika til þess að komast undan greiðslu á söluskatti.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. að nauðsynlegt er að setja mun einfaldari reglur varðandi tekjuskattinn. En allt þetta hefur verið boðað af hæstv. fjmrh. í hans ræðu fyrir fjárlagafrv. og ég stend hér upp til þess að láta í ljósi ánægju mína yfir þeim undirtektum sem þessi nýskipan fær frá hv. þm. Þó ég á hinn bóginn geri mér að sjálfsögðu grein fyrir að í því felst ekki stuðningur við einstök

efnisatriði þessarar nýskipanar, þá er hann a.m.k. sammála okkur um að hún er nauðsynleg til þess að unnt verði að draga verulega úr skattsvikum og með þeim hætti gera skattbyrðina réttlátari hér á landi.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég vil á sama hátt og síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Norðurl. e., lýsa ánægju minni yfir því að þessi mál skuli vera komin til umræðu á Alþingi vegna þess að það er svo sannarlega full ástæða til þess að ganga til atlögu við þau skattsvik sem hér á landi tíðkast og hafa lengi tíðkast. Nú er það svo að skattsvik fyrirfinnast í öllum þjóðfélögum og sennilega munu þau seint verða með öllu upprætt hér eða annars staðar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að þær niðurstöður eru uggvænlegar sem fram komu í skýrslu fjmrh. fyrr á þessu ári, um undandrátt frá skatti hér á landi. Niðurstaða starfshóps þessa var að tap hins opinbera vegna vangoldinna skatta, beinna skatta og söluskatts, og hér vegur náttúrlega söluskatturinn í þessu dæmi mjög þungt, er áætlað 2,5–3 milljarðar króna. Og það var alveg rétt, sem hv. frsm., 3. þm. Reykv., sagði áðan, að hér er um gífurlegt fé að ræða ef það er borið saman við það fé sem til verklegra framkvæmda rennur eða til félagslegrar þjónustu. Öðruvísi mundu fjárlög líta út ef þó ekki nema hluti af þessu fé skilaði sér í ríkissjóð. Þess vegna er það mikið mál og tímabært sem er hreyft hér af hv. 3. þm. Reykv. Annað mál er það hins vegar hvaða ráðum er tækast og best að beita í þessu efni.

Í frv. því til laga sem hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt hér fram er gert ráð fyrir stofnun Skattadóms og rannsókn skattsvikamála. Það er ein leiðin. Eins og frsm. gat um hefur þó jafnan gætt tregðu til þess hjá löggjafarvaldinu að setja á laggirnar sérdómstóla og hann sagðist einmitt sjálfur hafa verið andvígur því hér framan af en síðan hafi hann breytt um skoðun, m.a. í ljósi umfangs þeirra skattsvika sem talið er að eigi sér stað í þjóðfélaginu í dag. Það er vitanlega ein leiðin. En aðrar leiðir eru fyrir hendi. Eins og hæstv. dómsmrh. vék að er æskilegt ef unnt væri að uppræta slíkt innan núverandi kerfis vegna þeirra mörgu örðugleika sem felast í sérdómstólum, þar sem sama brotið getur ekki aðeins tekið til skattsvika heldur til margvíslegra annarra brota á hegningarlögum og raunar á öðrum lögum.

Áhrifaríkasta og nauðsynlegasta leiðin er vitanlega sú að breyta skattalögunum á þann hátt að þau verði í fyrsta lagi gerð einfaldari og í öðru lagi að skattbyrði, og þá á ég fyrst og fremst við skattbyrði einstaklinga og fjölskyldna í landinu, verði gerð mun minni og léttari. Hvort tveggja mun þetta horfa í þá átt, auk breytinga á söluskattskerfinu sem boðaðar hafa verið, að gera skattskil mun einfaldari og draga tvímælalaust úr þeim skattsvikum sem eiga sér stað í dag.

Hæstv. fjmrh. hefur í fjárlagaræðu sinni boðað umfangsmiklar breytingar á þessu sviði. Ég ætla ekki að gera þær að umtalsefni sérstaklega nú, enda eru þau frv. ekki á dagskrá. Það hefur verið boðuð framlagning frv. um staðgreiðslu skatta, um virðisaukaskatt í stað söluskattsins, og í þriðja lagi frv. sem nú hefur í dag verið dreift hér í deildinni, frv. til laga um breytingu á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, sem er 158. mál þingsins. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta síðasta mál mun horfa mjög til bóta, einnig í því efni sem hv. frsm., 3. þm. Reykv., vék að áðan. Það er vegna þess að með þessu nýja frv. um breytingar á tekjuskattinum og eignarskattinum, sem hann vék að í sinni framsöguræðu en hafði þá raunar ekki verið dreift, er gert ráð fyrir allverulegri lækkun skattbyrðar einstaklinga og heimilanna í landinu. Eins og fram kemur í grg. þess frv. munu skattleysismörk barnlausra hjóna á næsta ári af tekjum þessa árs liggja u.þ.b. við 720 000 kr., þ.e. 720 000 kr. verða tekjuskattslausar. Hjá hjónum með eitt barn eru tekjuskattsleysismörkin um 840 000 kr. Hjá hjónum með tvö börn eru tekjuskattsleysismörkin 960 000 kr. og hjá hjónum með þrjú börn eða fleiri yrðu tekjur að upphæð rúmlega 1 millj. kr. tekjuskattslausar. Ég er ekki í vafa um að þau ákvæði sem í þessu frv. felast munu eiga allnokkurn þátt í því að draga úr þeim undandrætti frá skatti sem viðgengist hefur í þjóðfélaginu til þessa.

Hér er stigið mikilsvert spor á þeirri braut að einfalda allt skattakerfi landsins og gera það mun réttlátara en það er nú. Það er sanngirnisatriði og það er atriði sem einnig hefur bein áhrif á skattsvikin í þjóðfélaginu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd vegna þeirra orða hv. 3. þm. Reykv. að ekki mætti gera sérstakt átak þegar þörf er á. Ég vildi undirstrika það sem ég sagði í mínu máli áðan að það var vegna augljósra þarfa sem ég lét athuga þetta fyrir nokkru síðan, hvernig bættri skipan yrði á komið, og niðurstaðan varð sú að gera þær ráðstafanir sem ég rakti og raunverulega er ætlað að ná þeim tilgangi sem þetta frv. á þskj. 160 gerir ráð fyrir. En að mati þeirra sem þá fjölluðu um, á hagkvæmari hátt.

Og í öðru lagi varðandi það að ekki sé tekið tillit til skýrslu nefndarinnar, sem skilaði sínu áliti í sumar og skipuð var af hæstv. fjmrh., þá skýrði ég frá því að því atriði sem að dómsmrn. vikur er verið að koma í framkvæmd.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið og þá umræðu sem hér hefur farið fram. Bent hefur verið á að væntanleg séu allmörg frv. um skattamál hér á komandi vikum.

Þar er í fyrsta lagi bent á það frv. sem hér er nú dreift á borð alþm., um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, en það gerir ekkert annað en að færa skattstigana til og breyta þeim. Þar er hvergi tekið á

frádráttarfrumskóginum sem ég held að sé í raun og veru aðalvandamál skattakerfisins á Íslandi í dag. Ef menn ætla sér að lækka skatta, tekjuskatt á einstaklingum, þá er alveg ljóst að menn þurfa jafnframt að leggja til hvað á að koma í staðinn nema menn vilji skera niður félagslega þjónustu á móti þessari skattalækkun. Ég tel að það sé alveg augljóst og hægt að sýna fram á það með tölum að fyrirtæki hér á landi bera mjög litla skatta. Þau eru í skjóli af þessum frádráttarfrumskógi. Ég held að leiðin til að lækka verulega tekjuskatt á einstaklingum og hækka skattfrelsismörk í raun til frambúðar sé sú að flytja skattbyrðina að einhverju leyti í staðinn yfir á fyrirtækin. Í öðru lagi hefur verið minnt aðeins á frv. um virðisaukaskatt, en ég ætla ekki að fara neitt út í umræðu um það, og í þriðja lagi hefur verið nefnt hér frv. um breytingu á tollalögum.

En þannig háttar til, herra forseti, að um það er talað að það fari jafnvel fram alþingiskosningar fyrir miðjan apríl á næsta ári. Fari það svo, sem mér skilst að sé krafan í flokki fjmrh., þá þýðir það að menn þurfa að komast hér til kosningabaráttu, þó ekki væri annað, þegar kannske einn eða tveir mánuðir eru liðnir af næsta ári. Það þýðir að tíminn til starfa hér á Alþingi, m.a. til að taka á stórum og þýðingarmiklum málum eins og grundvallarbreytingu á lögum um óbeina skatta, sem væri upptaka virðisaukaskatts, eins og á tollalögum, tíminn til að taka á þessum málum er að verða hverfandi lítill. Ég verð enn og aftur að láta í ljós undrun á því hvernig á því stendur að menn eru þennan tíma að þvælast með málin í stjórnarflokkunum þegar jafnvel er búið að afgreiða þau í ríkisstjórninni eins og þetta mál sem hæstv. dómsmrh. greindi frá áðan varðandi einfalda, alveg nauðaeinfalda breytingu á hegningarlögunum sem er í raun og veru bara samræming við skattalögin. En það er einhver brotalöm í verkstjórninni á ríkisstjórnarheimilinu í þessum efnum. Ef það er ekki það að þeir hlaupi með leyndarmálin hver fyrir öðrum þá er það eitthvað annað sem þeir eru að bauka við.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og vænti þess að þær geti aukið skilning á þessu máli í heild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 147. mál (lán til nýrra fiskiskipa). — Þskj. 157.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns aðeins ítreka þann skilning sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. í ræðu hans hér áðan að vitaskuld geta alþingiskosningar ekki orðið síðar en í aprílmánuði þegar kjörtímabilið rennur út. Ég held að það sé alveg augljóst mál að alþm. eru kjörnir til fjögurra ára og ég held að það sé mjög hæpið að nokkrum þm. detti í hug að Alþingi hafi á einhverjum tíma samþykkt stjórnarskrá og í henni felist að Alþingi ætlist til þess að það verði lagt niður svo og svo langan tíma í staðinn fyrir að rétt sé að kjósa að fjórum árum liðnum. Venjan er nú sú og almennur málskilningur að auðvitað kjósa menn að nýju þegar kjörtímabil rennur út. Engin bein ákvæði eru í stjórnarskránni eru um að Alþingi eigi að leggja niður. Þvert á móti er skýrt kveðið á um það í stjórnarskránni að Alþingi fari með löggjafarvaldið þó svo heimild sé til þess að ríkisstjórn geti, ef sérstök nauðsyn ber til, gefið út brbl., en ég fæ ekki séð að hægt sé að túlka þessi ákvæði stjórnarskrárinnar með þeim hætti að Alþingi geti undir einhverjum sérstökum kringumstæðum lagst niður, t.d. vegna þess að menn nenni ekki að undirbúa kosningar á réttum tíma, og síðan skuli allt löggjafarvald falið ráðherrum. Ég kannast ekki við að hafa gefið þessari ríkisstjórn svo mikið umboð og þekki raunar engan almennan þingmann nema fáa sem gætu hugsað sér slíkt. En hins vegar hefur verið sterk tilhneiging hjá þeim sem í hinum háu stólum sitja að taka til sín meira vald í einstökum málum en Alþingi hefur gefið þeim og er það síst til fyrirmyndar.

Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta mál. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Forseti biður hv. þingdeildarmenn um að gefa hv. ræðumanni möguleika á því að tala fyrir máli sínu.) (**Menntmrh.:** Hann heldur sig ekki við umræðuefnið.) Ég veit að hæstv. menntmrh., sem einu sinni var hæstv. forseti þessarar deildar, skildi á þeim tíma sem hann sat í forsetastólnum að ógerningur væri að ná máli fram í þinginu nema í tíma væri til þess tekið hvenær ætla mætti að þinglausnir yrðu. Með þeim formála sem ég hef nú verið að gera á mínu máli er ég að leggja áherslu á að sú nefnd sem þetta frv. fær til meðferðar hraði störfum sínum svo að tími vinnist til þess að það fái afgreiðslu nægilega tímanlega til að hv. Ed. geti einnig gert góða athugun á málinu og vinnist tími til að afgreiða það á þessu þingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af þeirri ástæðu að á s.l. vetri gaf hæstv. sjútvrh. út reglugerð um Fiskveiðasjóð, en í þeirri reglugerð fólst það m.a. að jafnhátt lán skyldi veita úr sjóðnum til nýsmíða fiskiskipa hvort sem í hlut ætti skip sem smíðað væri hér á landi eða skip sem smíðað væri erlendis. 50% lán skyldi veitt í báðum tilvikum. Þetta reglugerðarákvæði er að mínu viti í beinni andstöðu við margyfirlýstan vilja Alþingis um hið gagnstæða og þess vegna hef ég á þskj. 157 endurflutt frv. til l. um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands ásamt þeim hv. 5. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni, hv. 3. þm. Reykv. Svavari

Gestssyni og hv. 12. þm. Reykv. Pétri Sigurðssyni.

Efni þessa frv. er í stuttu máli að taka af skarið um að óheimilt sé að ákveða með reglugerð eða samþykkt stjórnar Fiskveiðasjóðs að munur á lánum til skipa smíðaðra hér á landi og erlendis sé minni en hér er kveðið á um eða 15%. Lagt er til að lán til skipa, sem smíðuð séu hér á landi, megi nema allt að 75% sem er í samræmi við þær ályktanir sem Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur samþykkt og með sama hætti gert ráð fyrir að lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, megi hæst vera 60% kostnaðar- eða matsverðs. Auðvitað er það álitamál hvort rétt sé að miða við 60% varðandi hin erlendu skip á meðan svo stendur á sem nú er, að við höfum engin viðbrögð sýnt gegn þeim framleiðslustyrkjum sem erlendar skipasmíðastöðvar hafa fengið. Það er auðvitað hægt að rökstyðja að nægilegt sé að 50% matsverðs eða kostnaðarverðs skips skuli lánuð ef um erlenda smíði er að ræða, en við göngum ekki svo langt hér til þess að reyna að ná samkomlagi um þetta mál og eigum von á því að frv. þetta geti gengið greiðlega gegnum þingið.

Ég vil, herra forseti, víkja að skipasmíðaiðnaðinum og starfsaðstöðu hans í heild í tilefni af þessu frv. og styðst þar ekki síst við ályktanir Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, en aðalfundur þess var haldinn síðustu dagana í októbermánuði.

Á þessum aðalfundi kom fram að á síðustu árum hefur starfsfólki í skipaiðnaði fækkað talsvert og sárafáir hafið nám í skipasmíði undanfarin þrjú ár. Á sama tíma hafa nýsmíðar nánast legið niðri og meginviðfangsefni stöðvanna verið viðgerðir og endurbætur. Þetta er í samræmi við fyrri reynslu, að þegar nýsmíði liggur niðri fækkar starfsfólki og viðgerðir og endurbætur aukast. Skipaviðgerðir hafa raunar vaxið sérstaklega á undanförnum mánuðum og má þakka það betri stöðu útgerðarinnar.

Hins vegar kom skýrt fram á fundinum að þrátt fyrir góða verkefnastöðu skipasmíðastöðvanna hafa flestar þeirra aðeins verkefni í sjónmáli til tveggja eða þriggja mánaða. Það er því alger misskilningur að verkefnastaða stöðvanna nú gefi tilefni til þess að beina verkefnum við skipasmíðar og viðgerðir til útlanda eins og gert hefur verið.

Fundarmenn voru sammála um að enn stefni í eina flóðbylgju í innflutningi skipa ef ekki verður gripið til ákveðinna aðgerða í málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Jafnframt færist nú mjög í aukana að skip séu send til útlanda til viðgerða og endurnýjunar. Fundurinn samþykkti ítarlega ályktun þar sem sérstaklega var tekið mið af þessum atriðum.

Í ályktuninni er bent á eftirfarandi leiðir til að leysa þann vanda sem nú er við að etja í íslenskum skipasmíðaiðnaði. 1. gr. þeirrar ályktunar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggt verði að innlend lán og heimildir til erlendrar lántöku vegna nýsmíða, endurbóta eða viðgerða á fiskiskipum verði ekki veitt án undangenginna útboða á verkþáttum þar sem borin eru saman verð þeirra sem þjónustuna bjóða og viðurkenndar viðskiptalegar aðferðir eru viðhafðar."

Ástæðan fyrir þessari samþykkt Félags dráttarbrauta og skipasmiðja er augljóslega sú að það virðist vera orðin regla hér á landi nú að menn festi kaup á fiskiskipum erlendis án þess að íslenskum skipasmíðastöðvum sé gefinn nokkur kostur á því að bjóða í slík verkefni. Það virðist vera orðin viðtekin venja og virðist ekki skipta máli hvort fyrir slíkum kaupum á skipum erlendis frá standi opinberir sjóðir og hafi þar öll tök á málunum eða einstaklingar. Þetta er algerlega óþolandi staða, einkanlega með tilliti til þess að skipasmíðaiðnaðurinn hefur ekki farið fram á það fram að þessu að með opinberum aðgerðum verði honum bættar upp þær niðurgreiðslur og framleiðslustyrkir sem erlendar skipasmíðastöðvar njóta eða með því að sérstakt gjald verði sett á þau fiskiskip sem smíðuð eru erlendis, en sá háttur virðist mjög viðhafður erlendis. Gott dæmi um það er sú staðreynd að þegar Slippstöðin á Akureyri varð hlutskörpust í alþjóðlegu útboði á kassavæðingu og lengingu allmargra skuttogara frá Nova Scotia brugðust þingmenn þar mjög hart við og gerðu harða hríð að okkur Íslendingum fyrir þá sök að hér væri skipasmíðaiðnaðurinn styrktur verulega með opinberu fé og af þeim sökum hefði okkur tekist að ná svo hagstæðu útboði. Auðvitað var þessi misskilningur leiðréttur, en þetta sýnir glögglega hversu stjórnmálamenn í öðrum löndum gæta vel að þessum iðnaði, enda ógerningur að hugsa sér að hér á landi sé rekin meiri háttar útgerð án þess að fullnægjandi þjónusta sé jafnframt og þekking í landinu til að sinna nauðsynlegum viðgerðum og endurbótum fyrir þennan flota.

Við flm. höfum ekki í þessu frv. lagt til að sú regla verði upp tekin í Fiskveiðasjóði varðandi nýsmíði fiskiskipa að lánsbeiðandi sýni fram á að hann hafi gefið íslenskum skipasmíðastöðvum tækifæri til að bjóða í nýsmíðina, en auðvitað hlýtur það að verða umhugsunarefni hvort ekki sé nauðsynlegt að sá háttur sé upp tekinn ef það á að vera regla og venja að opinberir sjóðir hafi meiri áhuga á því að leysa verkefni þeirra sem vilja leita erlendis en hinna sem láta á það reyna hvort innlendar stöðvar séu sambærilegar erlendum í verði, en við vitum að þær eru það í verkþekkingu og verkgæðum.

Ég vil líka í þessu sambandi geta þess að fyrir skömmu fór fram annað útboð varðandi endurbætur á skipum frá Kanada og það var mikið gleðiefni fyrir okkur Íslendinga og við vorum stoltir yfir því að Slippstöðin á Akureyri varð númer tvö í því alþjóðlega útboði, var með næstlægsta tilboðið annað skiptið í röð. Það er okkur líka mikið ánægjuefni að Kanadamenn hafa leitað hingað með enn frekari verkefni vegna þess að þeir telja að verð á vinnu íslenskra skipasmíðastöðva sé ekki hátt borið saman við þá verkþekkingu og gæði sem þar er um að tefla.

Í öðru lagi segir í ályktun Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, með leyfi hæstv. forseta:

„Veittar verði sambærilegar bankaábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innanlands og veittar eru þeg-

ar verkefnin eru unnin erlendis."

Svo mörg eru þau orð. Ég sé ekki, herra forseti, að um það þurfi að fara mörgum orðum hversu óeðlilegt sé að viðskiptabankar hér á landi, ég tala ekki um ríkisbankar, skuli vera viljugir og sýna því mikinn áhuga að tryggja hagsmuni erlendra skipasmíðastöðva, vilja ganga í ábyrgðir fyrir útgerðarmenn til að geta gert upp við erlendar skipasmíðastöðvar á sama tíma og íslenskum skipasmíðastöðvum er ógerningur að ná sambærilegum samningum. Ég hygg að slík afstaða peningavaldsins þekkist hvergi í víðri veröld nema hér á landi.

3. gr. ályktunar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ávallt verði tryggt 80% lánshlutfall til allra skipaiðnaðarverkefna sem unnin eru hér á landi svo sem leitast hefur verið við að gera með sérstakri lánveitingu Byggðasjóðs til endurbótaverkefna að undanförnu."

Ég vil um þetta segja að ekki er nóg með að peningastofnanir hér á landi hafi verið fúsar til að veita ábyrgðir vegna endurbóta og viðgerða sem fara fram erlendis heldur hefur líka komið í ljós að slíkum aðilum hefur verið gert auðveldara fyrir en þeim sem versla við íslenska að fá erlend lán ýmist til lengri tíma en eins árs eða þá innan ársins til að geta gert upp við skipasmíðastöðvarnar erlendis. Á sama tíma hefur það verið hlutverk skipasmíðastöðvanna hér á landi í sumum tilvikum að veita útgerðarmönnum greiðslufresti, sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt hjá þeim stöðvum sem það geta, en það hlýtur að vera mjög miklum takmörkunum háð hversu öflugar stöðvarnar eru í slíkri fyrirgreiðslu.

Það hefur náðst fram fram að þessu að 80% kostnaðar við meiri háttar viðgerðar- eða endurbótaverkefni hefur verið lánað hér á landi ef verkið hefur verið unnið í innlendri skipasmíðastöð og hafa þær lánveitingar farið í gegnum Byggðasjóð. Ég hygg að það sé allra mat að framkvæmdin hafi verið mjög til sóma. Það er líka ánægjuefni að þessi sérstöku lán hafa innheimst mjög vel. Útgerðirnar hafa staðið vel í skilum með þessi lán.

Þessi lánafyrirgreiðsla er hugsuð þannig að skipasmíðastöðvarnar hafi viðunandi samkeppnisstöðu gagnvart erlendum stöðvum varðandi lánsfyrirgreiðslu. Ég vil taka fram í þessu samhengi að þær 150 millj. sem í frv. til lánsfjárlaga eru ætlaðar til þessa verkefnis eru hvergi nærri nógar. Á þessu ári voru lánaðar nær 200 millj. í þessu skyni og auðvitað er óhjákvæmilegt að á næsta ári verði sú tala hækkuð a.m.k. hlutfallslega og helst meir vegna þess að á yfirstandandi ári voru hér mikil verkefni frá Kanada sem drógu úr getu skipasmíðaiðnaðarins til að sinna þeim verkefnum sem féllu til hér á landi þannig að ég tel nauðsynlegt að það komi skýrt fram að þessar 150 millj. kr. eru ónógar og ég lít eingöngu á þær sem bráðabirgðatölu.

Í 4. gr. ályktunar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja segir svo, herra forseti:

„Framleiðslulán til skipaiðnaðarfyrirtækja verði aðgreind frá hinum endanlegu lánveitingum til kaupa."

Svohljóðandi grein er gerð fyrir þeirri hugsun sem býr að baki þessum orðum í drögum að ályktun aðalfundar félagsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að innlendur skipaiðnaður búi við svipaðar aðstæður og erlendir samkeppnisaðilar að því leyti að lánafyrirgreiðsla til verkefna í vinnslu, framleiðslulán, fari fram á einum stað, hjá einum sjóði. Lánin nemi 80% af kostnaði og lánstíminn verði 7–8 ár. Lánveitendur útgerðarfyrirtækjanna, sem lána þeim hin endanlegu fjárfestingarlán eða stofnlán, endurkaupi síðan framleiðslulánin að hluta eða öllu leyti og breyti þeim í það lánsform sem þeir nota. Sá hluti lánsins sem ekki yrði endurkeyptur yrði þá samkeppnislán þannig að lánshlutfallið yrði sambærilegt við erlent lánshlutfall, 80%, þótt þessi hluti lánsins héldi áfram að vera til 7–8 ára."

Ég vil bæta því við það sem hér stendur að nú er starfandi svokallaður útflutningslánasjóður sem hýstur er í Landsbankanum en er í eigu Landsbanka, Seðlabanka og Iðnaðarbanka. Hlutverk þessa sjóðs er að veita sérstök framleiðslulán til iðnaðarverkefna sem unnin eru hér á landi til að bæta stöðu þessara iðnfyrirtækja gagnvart erlendum iðnaði. Ég tek tekið sem dæmi: Ef t.d. yrði keypt færiband í verksmiðjutogara og þetta færiband yrði smíðað hér á landi mundi útflutningslánasjóðurinn lána 50% til smíði þess. Þetta er hugsað sem sérstakt framleiðslulán.

Ég hef spurst fyrir um hvernig á því stóð að skipasmíðaiðnaðurinn skyldi ekki koma inn í útflutningssjóðinn þannig að hann mundi einnig veita sérstök lán til að bæta samkeppnisstöðu hans og var mér sagt að það væri af þeim sökum að verkefnin í skipasmíðastöðvunum væru svo fjárfrek, þar væri um svo háar fjárhæðir að tefla að ógerningur væri að færa það verkefni inn í útflutningslánasjóðinn heldur yrði að taka á málefnum skipasmíðaiðnaðarins með sérstökum hætti.

Nú hefur það verið gert í gegnum Byggðasjóð. Ég get vel fallist á að það sé kannske ekki verkefni Byggðasjóðs sérstaklega að greiða fyrir þessum iðnaði, en þá er á hitt að líta að enginn annar sjóður í landinu virðist tiltækur til að taka þetta verkefni að sér og í öðru lagi er erfitt að sjá að aðrar atvinnugreinar standi strjálbýlinu nær, hinum dreifðu byggðum, en einmitt skipasmíðaiðnaðurinn, þessi hliðargrein sjávarútvegsins sem óhjákvæmileg er ef við viljum halda hér uppi nútímafiskveiðum. Þetta mál hlýtur því að verða til athugunar og mikil spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að taka þetta sérstaka atriði fyrir á þessu þingi, hvernig rétt sé í framtíðinni að standa að því að eðlileg framleiðslu- og samkeppnislán falli skipasmíðaiðnaðinum í skaut.

Í ályktunum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja er lagt til að nálgast það markmið með þeim hætti að lögum um Fiskveiðasjóð verði breytt á þann veg að skipaiðnaðurinn tilnefni einn mann í stjórn sjóðsins á meðan hann er framleiðslulánasjóður skipaiðnað-

arins. Ég er ekki sannfærður um að þessi leið sé rétt. Eins og lög um Fiskveiðasjóð eru nú er hann hugsaður sem stofnsjóður sjávarútvegsins. Ég get fremur fellt mig við það, sem fram kemur í öðrum stað í ályktunum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, að framleiðslulánin fari fram á einum stað, í einum sjóði, en síðan komi stofnsjóður sjávarútvegsins inn í, sem í þessu tilviki er Fiskveiðasjóður, og yfirtaki þann hluta framleiðslulánanna sem eðlilegt er að líta á sem stofnlán af þeim hluta sem eðlilegt er að lána af heildarframkvæmd.

Hér er, herra forseti, ályktað um að lánshlutfall Fiskveiðasjóðs til nýsmíða innanlands verði hækkað a.m.k. upp í 75%, en það er einmitt lagt til í því frv. sem hér liggur fyrir.

Í sjöunda lagi segir í ályktun Félags dráttarbrauta og skipasmiðja:

„Veitt verði sérstök samkeppnislán, óafturkræf að hluta, til þess að mæta einstökum undirboðstilboðum frá erlendum skipasmíðastöðvum."

Þessi ályktun er að sjálfsögðu samþykkt vegna þeirrar tregðu sem hefur verið á því að skipasmíðaiðnaðurinn fái eðlilega fyrirgreiðslu og geti gengið að fjármagni vísu og þannig bætt samkeppnishæfni sína gagnvart erlendum keppinautum. Þessi grein ályktunarinnar er svo rökstudd í drögunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar um er að ræða beinar erlendar niðurgreiðslur á einstökum verkum, eins og tíðkast upp á síðkastið, t.d. í formi endurgreiðslu á vöxtum, er óhjákvæmilegt að gerðar verði hliðstæðar gagnráðstafanir. Það er óþolandi að erlendar skipasmíðastöðvar, sem í krafti opinbers stuðnings bjóða hagstæð lán, geti gengið að því sem vísu að íslenskur skipasmíðaiðnaður sé ekki í aðstöðu til að bjóða hliðstæð kjör. Á þennan hátt hafa stór verk, sem eru undirstaða tækniværðingar og stöðugleika í innlendum stöðvum, verið hrifsuð hvert á fætur öðru úr höndum íslenskra aðila. Vaxtaendurgreiðslur má flokka undir „dumping" sem í öllum iðnvæddum löndum mundi verða svarað á viðeigandi hátt. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja telur að rétt sé að meta slík tilvik hverju sinni og ef nauðsynlegt reynist að grípa til þessara sérstöku ráðstafana."

Svo mörg voru þau orð. Ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við. Ég hef, herra forseti, fram að þessu ekki tekið undir að rétt sé að styðja skipasmíðaiðnaðinn með þessum hætti. Hins vegar hlýtur maður að endurskoða þá afstöðu sína þegar fyrir liggur að jafnvel opinberir sjóðir ganga svo gersamlega fram hjá íslenskum stöðvum að þeim er ekki einu sinni gefinn kostur á að bjóða í þau verkefni sem þó eru fyrir hendi. Nú er mér sagt að sex fiskiskip séu í smíðum erlendis og ég veit að ekki eitt einasta þeirra hefur verið boðið út á innlendum markaði þannig að íslenskum stöðvum hefur ekki verið gefinn kostur á því að bjóða í smíði þessara skipa. Auðvitað geta einstök verkefni verið svo hagstæð að erfitt er fyrir okkur að keppa við þau. Við getum tekið sem dæmi það heildarútboð sem gert var í sambandi við vélaskipti og endurbætur á Japanstogurunum í Póllandi því þar var um svo miklar niðurgreiðslur að ræða að það var mikið álitamál og kannske óverjandi að þar yrði gripið inn í, enda hef ég ekki heyrt að að því hafi sérstaklega verið fundið af talsmönnum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, en það breytir á hinn bóginn ekki því að við höfum verið mjög kærulaus að þessu leyti í málefnum þessa iðnaðar.

Herra forseti. Mál mitt hefur að vísu orðið kannske óþarflega langt, en það skýrist af því að mér er mikið niðri fyrir varðandi þennan iðnað og vil biðja um að þessu frv. verði vísað til sjútvn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

17. fundur, þriðjudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn, ein umr.

Fsp. SvG, 48. mál. — Þskj. 48.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum lagði ég fram í þinginu á þskj. 48 fsp. til fjmrh. um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn. Fsp. er á þessa leið:

„1. Hvenær skilar endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis tillögum sínum um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og „aukinn jöfnuð og öryggi þeirra sem lífeyris njóta"?

2. Hyggst ríkisstjórnin leggja málið fyrir Alþingi í vetur?

3. Hvaða ágreiningsmál eru enn óleyst við undirbúning að frv. um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn?"

Eftir að fsp. þessi var samin og henni útbýtt hér á hv. Alþingi mun átta manna lífeyrisnefndin hafa skilað áliti og hin stærri lífeyrisnefnd, sem starfað hefur alllengi, fjallað um nál. Þess vegna er í rauninni fyrst og fremst um það að ræða að nauðsynlegt er að fá svar við því hvort ríkisstjórnin hyggst leggja þetta mál fyrir Alþingi í vetur og hvaða ágreiningsmál, ef einhver eru, eru enn óleyst við undirbúning að frv. um samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda starfar sérstök átta manna nefnd innan endurskoðunarnefndar um lífeyriskerfið. Hún hefur unnið

að tillögugerð í þessu efni að undanförnu og þess er að vænta að hún skili nú í þessari viku tillögum varðandi þetta mál og í frumvarpsformi.

Í kjarasamningum Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í febr. s.l. féllust samningsaðilar í meginatriðum á tillögur átta manna nefndarinnar um myndun lágmarksréttinda í lífeyrissjóðum og greiðslu iðgjalda af öllum lánum. Í tillögunum er gert ráð fyrir að kveðið verði á um þessi atriði í lögum um starfsemi lífeyrissjóða og þessi ákvæði, svo og lögin öll, taki með sama hætti til allra lífeyrissjóða. Jafnframt er reiknað með að á móti tilteknu lágmarksiðgjaldi standi tiltekin myndun lágmarksréttinda og verði sjóðum ekki heimilt að veita minni réttindi og ekki heldur meiri réttindi nema gegn hærra iðgjaldi. Meginhugmyndin að baki þessu er sú að iðgjaldagreiðslur og lífeyrisréttindi verði eins hjá öllum starfandi mönnum. Er þá haft í huga að kjör manna á almennum vinnumarkaði séu ekki sambærileg við kjör opinberra starfsmanna vegna þess hve hinir síðarnefndu hafa miklu betri lífeyri sem þeir greiða þó ekki fyrir með iðgjöldum.

Á hinn bóginn hafa umbjóðendur átta manna nefndarinnar ítrekað látið koma fram að með þessum tillögum sé ekki stefnt að því að skerða heildarkjör opinberra starfsmanna, heldur að tryggja öllum sambærilegan lífeyri eftir sambærilegar greiðslur í lífeyrissjóð.

Ég geri ráð fyrir að geta lagt fram frv. um þetta efni á þessu þingi. Ég hef ekki enn fengið í hendur tillögur nefndarinnar en auðvitað hlýtur framgangur málsins að ráðast af því hversu góð og víðtæk samstaða næst um efnisatriði þeirra tillagna sem nú eru fyrir hendi af hálfu nefndarinnar. Það verður auðvitað að ráða framgangi málsins hér á hinu háa Alþingi.

Nefndin hefur ekki gert mér grein fyrir neinum höfuðágreiningsefnum að því er þetta varðar en auðvitað er það svo, eins og kunnugt er, að um ýmis atriði í lífeyrissjóðamálum eru skoðanir skiptar og þeim ágreiningi verður sjálfsagt seint útrýmt. En það er vert að hafa í huga í þessu sambandi að samkomulag um lífeyrissjóðamál, sem gert var á hinum almenna vinnumarkaði og ég hef áður vikið að, byggir á því að breytingar verði gerðar á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna eigi reglur þeirra sjóða að falla að almennum lögum um lífeyrissjóði. Og með samkomulagi fjmrh. og samtaka opinberra starfsmanna s.l. vetur um sérstaka nefnd til viðræðna um lífeyrismál er nú til vettvangur til umræðu um lífeyrissjóði á samningssviði opinberra starfsmanna. Fastlega verður að reikna með að lausn lífeyrismála opinberra starfsmanna krefjist sérstakra samninga þar að lútandi. Þessir samningar hljóta að verða vandasamir þar sem þeir þurfa að taka til heildarkjara opinberra starfsmanna og skiptingar þeirra á starfsævina eða lífeyrisævina ef þannig má að orði komast.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur komið með við fsp. minni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að niðurstöður lífeyrisnefndanna komi hér fyrir þingið í vetur, helst í frumvarpsformi. Það ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði í þeim efnum ef sautján manna nefndin nær sæmilegu samkomulagi um þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir frá átta manna nefndinni.

En eins og þm. heyra er hér verið að tala um samræmt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Það er ekki verið að tala um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, að öllum sjóðum verði steypt saman í einn, heldur samræmt lífeyrisréttindakerfi. Það er alveg ljóst að ef því kerfi verður komið á mun það þrengja verulega að hinum minnstu lífeyrissjóðum um leið og þetta kerfi sem er verið að ræða um hlýtur að einfalda málin verulega frá því sem nú er. Og jafnframt á að vera unnt með samræmingu lífeyriskerfisins, sem er aðalatriðið, að tryggja betur lífeyri en nú er kostur á í þeim fjölmörgu lífeyrissjóðum sem eru starfandi og eru sumir mjög litlir, máttlitlir, og geta í rauninni ekki tryggt iðgjaldagreiðendum lífeyrisréttindi sem skyldi.

Ég tel að umræðan um lífeyrismálin hafi oft verið býsna mikið í þoku á undanförnum misserum. Menn hafa talað um þessi mál að mér hefur fundist án þess að hafa kafað ofan í þau. Þetta eru flókin mál og þess vegna er brýnt að þetta mál verði lagt fyrir þingið í vetur, helst í frumvarpsformi en auðvitað mætti hugsa sér að til þrautavara væri betra að fá málið inn í skýrsluformi til umræðu en alls ekki því að ég held að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki á þessu máli. Hér er um að ræða gífurlega stórt réttindamál í fyrsta lagi og í öðru lagi gífurlega stórt efnahagsmál, því að hér er um að ræða milljarða króna sem eru undir höndum lífeyrissjóðanna.

Ég vil sem sagt endurtaka þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf og heita á hann að leggja málið fyrir þingið til alvarlegrar umræðu og helst ákvörðunar á yfirstandandi löggjafarþingi.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Reykv. talaði um að menn hefðu talað um þessi mál í þoku oft á Alþingi. Ég vil sérstaklega bera það af mér að ég hafi talað um þessi mál í þoku vegna þess að ég og fleiri þm. Alþfl. höfum flutt afdráttarlausa tillögu um það hvernig við viljum skipa þessum lífeyrissjóðsmálum í einum sameiginlegum lífeyrissjóði og um raunhæfa leið til þess að koma því í kring sem að okkar dómi er langtum raunhæfari, betri og öruggari en þær þreifingar sem hér er verið að lýsa og hafa verið kák að undanförnu og allt lítur út fyrir, samkvæmt því sem fjmrh. hefur sagt, að verði haltrandi líka í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):
Herra forseti. Það er óþarfi fyrir hv. 3. þm. Reykn. að taka það endilega til Alþfl. þó að talað sé um þoku í þessum ræðustól.

Hússtjórnarfræðsla, ein umr.

Fsp. SalÞ, 112. mál. — Þskj. 115.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstvirtur forseti. Á s.l. vori kom það fram í fréttum að ákvörðun hefði verið tekin um að hætta rekstri hússtjórnarskólanna að Laugum í Þingeyjarsýslu, Varmalandi í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu frá 1. sept. s.l.

Nú er það ljóst að rekstur hússtjórnarskóla hefur átt erfitt uppdráttar. Aðsókn að þeim hefur minnkað á seinustu árum sem eflaust má rekja til þeirrar þróunar sem orðið hefur í þjóðlífinu. Heimilisstörf eru í raun orðin aukastörf og stúlkur, sem áður hefðu hugsanlega farið í hússtjórnarskóla, leita sér nú menntunar sem færir þeim starfsréttindi en það gerir hússtjórnarnámið ekki. Það er þó augljóst að það er ekki síður nauðsynlegt nú, einmitt vegna breyttrar stöðu fjölskyldunnar, að leggja áherslu á hússtjórnar- eða heimilisfræðslu og það á öllum stigum náms. Það þarf að auka hana og efla einnig á framhaldsskólastigi þar sem hún gæti tengst fjölbrautar- og menntaskólanámi og veitt viss réttindi á þeirri námsbraut eða punkta eins og nú er kallað.

Því leikur mér hugur á að fá vitneskju um ástæðuna fyrir ákvörðun hæstv. menntmrh. um að hætta rekstri þeirra hússtjórnarskóla sem ég nefndi hér í upphafi, sbr. 1. lið fsp. minnar sem er að finna á þskj. 115, einnig hve margir hússtjórnarskólar eru nú starfandi í landinu og hvort fyrirhugaðar eru ráðstafanir til að efla hússtjórnarfræðslu í framhaldsskólum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):
Herra forseti. Vegna hinna miklu breytinga sem orðið hafa á framhaldsskólakerfi landsins s.l. áratug með auknu námsframboði í öllum landshlutum hefur aðsókn að hússtjórnarskólum minnkað stöðugt og undanfarin ár hefur aðsókn að hefðbundnu hússtjórnarnámi verið svo takmörkuð að ekki þótti fært að halda áfram rekstri umræddra hússtjórnarskóla sem hv. fyrirspyrjandi nefnir í fsp. sinni. Tveir hússtjórnarskólar starfa nú með hefðbundnum hætti og bjóða upp á þriggja mánaða hússtjórnarnámskeið. Þetta eru hússtjórnarskólarnir á Hallormsstað og í Reykjavík. Auk þess er í þessum skólum boðið upp á styttri námskeið í matreiðslu, vefnaði o.fl. Við hússtjórnarskólann á Ísafirði fer ekki fram hefðbundið hússtjórnarnám en þar er haldið uppi styttri námskeiðum fyrir almenning. Geta má þess að Hússtjórnarskóli Akureyrar var einn af þeim skólum þar í bæ sem sameinuðust í Verkmenntaskóla Akureyrar og er húsnæði hans nýtt til kennslu á hússtjórnarsviði.

Það hefur verið ljóst undanfarin ár að hefðbundin hússtjórnarfræðsla í hússtjórnarskólunum hefur ekki laðað til sín nemendur. Því var orðið brýnt að huga að flutningi þessa mikilvæga náms inn í almenna framhaldsskóla, að færa það til nemendanna.

Ég skipaði í haust starfshóp til að gera áætlun um nám í hússtjórnar- og heimilisfræði í framhaldsskólunum, einkum þó í fjölbrautaskólunum. Formaður nefndarinnar er Þór Vigfússon, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, en með honum Ingibjörg Þórarinsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, tilnefnd af Bandalagi kvenna, og Gerður Hulda Jóhannsdóttir, tilnefnd að Hússtjórnarkennarafélagi Íslands. Er starfshópnum í erindisbréfi falið að hafa samráð og samvinnu við alla þá aðila sem starfa að þessum málum, bæði innan skólakerfisins og utan, og hraða starfi eftir föngum.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):
Hæstvirtur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Það kom fram að nú væru aðeins tveir hússtjórnarskólar starfandi í landinu. Fyrir einu ári síðan þegar hv. 10. landsk. þm. bar fram fsp. hér á hv. Alþingi um svipað efni kom fram að sex hússtjórnarskólar voru starfandi í landinu svo það er augljóst að þróunin er hröð í þessum efnum. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði fyrr í máli mínu, þ.e. þýðingu þess að allt verði gert til þess að efla og auka heimilisfræðslu í framhaldsskólum.

Samningaviðræður tannlækna og Tryggingastofnunar, ein umr.

Fsp. KolJ, 126. mál. — Þskj. 131.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir):
Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 131 að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um samningaviðræður tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins.

Eins og hv. þdm. og þm. er kunnugt er tannheilsa Íslendinga með því lakara sem við þekkjum í nágrannaríkjum okkar ef ekki þar allra lökust og er því brýnt verkefni að reyna að bæta þar úr. En á meðan ekki er einu sinni hægt að setjast niður við samningaborðið og ræðast við um taxta þá sem Tryggingastofnun mun greiða fyrir tannlæknaþjónustu er lítil von til þess að úr tannheilsu bætist hér á landi.

Eins og öllum er kunnugt slitnaði upp úr viðræðum milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins í júlí s.l. Tannlæknafélagið hefur sent bréf til formanns samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins þar sem lögð var áhersla á að þriðjudaginn 28. október yrði hafist handa að nýju þar sem fyrir lægju þá þær upplýsingar sem talið var að þyrfti til þess að viðræður gætu haldið áfram og m.a. voru það upplýsingar sem safnað var saman á

Norðurlöndunum varðandi tannlæknakostnað þar. Svar við þessu bréfi hefur borist þar sem fram kom að formaður samninganefndar var í sumarfríi og var því ekki hægt að halda áfram samningaviðræðum. Önnur bréf hafa borist varðandi þetta mál þar sem hefur verið varað við því að uppbygging á tannlæknaþjónustu skólabarna sé í hættu vegna þessa máls. Því hef ég lagt fram þessa fsp. í tveimur liðum til hæstv. ráðherra:

„1. Mun ráðherra beita sér fyrir að fram verði haldið samningaviðræðum Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands?

2. Ef svo er, hvenær er von til þess að samningaviðræður hefjist að nýju?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mun svara fsp. hv. þm. eins og þær liggja fyrir. Fyrri fsp. hljóðar svo: „Mun ráðherra beita sér fyrir að fram verði haldið samningaviðræðum Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands?" Og síðari fsp. hljóðar svo: „Ef svo er, hvenær er von til þess að samningaviðræður hefjist að nýju?"

Ég kýs að svara báðum spurningunum í einu, enda verða þær ekki með góðum móti aðskildar í svarinu.

Eins og alþjóð er kunnugt settu tannlæknar sér einhliða nýja gjaldskrá frá og með 1. ágúst s.l. eftir að slitnað hafði upp úr samningaviðræðum þeirra við Tryggingastofnun ríkisins. Það var skylda ráðuneytisins skv. 44. gr. laga um almannatryggingar að setja sérstaka gjaldskrá þar sem samningur væri ekki fyrir hendi. Það er ekki ætlun mín að rekja þá sögu frekar hér. Þetta var gert og jafnframt var þess farið á leit við aðila að þeir settust niður við samningaborð að nýju. Þetta átti ekki að þýða það að samningaviðræður legðust af.

Í framhaldi af því var ákveðið að fulltrúar beggja samningsaðila færu og skoðuðu með eigin augum og fengju frá fyrstu hendi upplýsingar um samsetningu tannlæknakostnaðar á Norðurlöndum. En það var eitt þeirra atriða sem mjög höfðu verið notuð sem forsenda í kröfugerð. Samninganefnd ríkisins komst að þeirri niðurstöðu að nokkuð væru á reiki upplýsingar um hvaða stærðir væru í þessum forsendum sem tannlæknar höfðu mjög notað og þess vegna var þessi för farin. Skýrslur liggja nú fyrir um árangur þeirrar farar.

Um þetta leyti skipaði ég einnig nefnd fulltrúa ráðuneytisins, Tannlæknafélags Íslands og fjmrn. til þess að kanna hvaða þýðingu niðurfelling tolla og gjalda á rekstrarvörum til tannlækninga hefði til lækkunar á tannlæknakostnaði. Þessi nefnd hefur lokið störfum og skýrsla nefndarinnar hefur verið send hlutaðeigandi aðilum og samningaviðræður halda áfram á allra næstu dögum. Þær lágu niðri á meðan beðið var niðurstaðna frá þessum tveimur aðilum, annars vegar ferðamönnunum og hins vegar þeim sem áttu að athuga þýðingu opinberra gjalda í tannlæknakostnaðinum.

Við þetta má bæta að tvær aðgerðir enn voru framkvæmdar af hálfu ráðuneytisins en þær hafa verið meðal þess sem tannlæknar hafa mjög óskað eftir að gert yrði. Annars vegar var það að lengi hefur staðið á því að Tryggingastofnunin gæfi út eyðublað til þess að sundurgreina kostnað við tannlækningar, samkomulag hafði ekki náðst um það. En á næstu dögum eftir að gjaldskrá ráðuneytisins var sett var eftir fyrirmælum ráðuneytisins gefið út slíkt eyðublað. Nokkur tregða var á því í fyrstu að tannlæknar notuðu það eyðublað almennt, en þeir bættust fleiri og fleiri í þann hóp sem fóru að settum reglum að þessu leyti. Enn fremur hafði verið mikið áhugamál allra þeirra sem að þessum málum koma að auka mjög fræðslu og ýmsar aðgerðir til þess að bæta tannheilsu og fyrirbyggja hinar dýru tannskemmdir. Framlög til þessara starfa hafa verið fjórfölduð úr Tannverndarsjóði og það hefur verið verulegt átak í gangi — ef ég má nota svo slæmt mál að kalla það svo. Það hefur farið mjög mikilvægt starf fram í þessu skyni nú undanfarið og verulega verið tekið á eins og landsmenn hafa væntanlega orðið varir við. Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda að tannheilsa Íslendinga er því miður lakari en skyldi, ekki síst meðal ungs fólks, og það er einmitt eitt af því sem við verðum að hyggja mjög vandlega að í forvarnaraðgerðum okkar bæði til að spara fyrir einstaklinga og þjóðarheildina.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og lýsi ánægju minni yfir því að aukin áhersla er lögð á fræðslu og til að bæta tannheilsu landsmanna með auknum framlögum úr Tannverndarsjóði og einnig að nú skuli verða teknar upp viðræður á allra næstu dögum, eins og ráðherra orðaði það, því að ég held að þær deilur, sem hafa átt sér stað að undanförnu, hafi því miður markað spor sín á það starf sem þó hefur farið fram hingað til varðandi skólatannlækningar. Það má bara nefna deilur um eyðublöð. Nú kom það fram í gærkvöld í útvarpi að tannlæknar færu fram á 500 kr. fyrir að fylla út eyðublöð. Deilur gera því oft mjög erfitt fyrir. Því vil ég endurtaka ánægju mína með þau svör hæstv. ráðh. að nú verði sest niður og ekki verði framvegis notaðar afsakanir eins og þær að menn séu jafnvel í sumarfríum. Það verður þá að koma maður í stað. Það má ekki verða orsök þess að samningaviðræður geti ekki átt sér stað um brýnt mál eins og þetta, án þess að ég taki nokkra afstöðu til þess hver hefur rangt eða rétt fyrir sér.

Lyfjakostnaður, ein umr.

Fsp. HÓ, 127. mál. — Þskj. 133.

Fyrirspyrjandi (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Á þskj. 133 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um hvort í undirbúningi sé að gera ráðstafanir til að lækka lyfjakostnað hér á landi. Nú þegar ber ríkið gífurlegan kostnað af lyfjum. Áætlað er að það muni verða um 1 milljarður á þessu ári. Það gefur auga leið að ef hægt væri að lækka þennan lið gæti það haft veruleg áhrif á framlög á fjárlögum. Fyrir utan þetta er kostnaður sem sjúklingar bera sjálfir.

Í upplýsingum frá landlækni kemur fram að algengt er að fólk noti a.m.k. um 1000 kr. á mánuði til lyfjakaupa, þ.e. verulegur hluti af fólki á aldrinum 18–70 ára, um það bil 20%, greiðir um 1000 kr. á mánuði fyrir lyf. Í þessum hópi eru að sjálfsögðu margir öryrkjar og aðrir þeir sem ekki eiga auðvelt með miklar greiðslur.

Í heild verður að segja að lyfjakostnaður hér á landi er óeðlilega hár. Í upplýsingum frá landlækni kemur fram að smásöluálagning, um 68% sem nú er, sé varla réttlætanleg hvernig sem á það mál er litið. Er þetta allmiklu hærra en gerist annars staðar í Vestur-Evrópu þar sem algeng álagning er 28—37%.

Þá hefur einnig verið rætt um að svokallað afhendingargjald, sem mun vera 32 kr. á hvert lyf, geti numið verulegum upphæðum. Í dæmi sem landlæknir hefur tekið af einu algengu krabbameinslyfi kemur í ljós að ef það er notað í hálft ár daglega, viss skammtur, er afhendingarkostnaðurinn 60 þús. kr. til lyfsalans. Þá er ekki verð lyfsins þar innifalið. Það bætist ofan á. Það er því augljóst mál að frá hvaða sjónarmiði sem er er mjög nauðsynlegt að lækka þennan lið og einnig að taka til athugunar hve lítill munur er á þeim lyfjum sem framleidd eru hér úr þekktum prófuðum lyfjaefnum og þeim lyfjum sams konar sem koma erlendis frá. Framleiðsla hér er í því fólgin að útbúa lyfjaform, töflur, stungulyf o.s.frv., sem áður er vitað að eru nothæf, í fyrir fram þekktum skömmtum. En þó eru þessi lyf seld á mjög svipuðu verði, oft aðeins 5–10% lægra verði en lyf sem koma erlendis frá. Landlæknir hefur bent á að sanngjörn verðlagning á þessum lyfjum mundi hafa í för með sér gífurlegan sparnað.

Ég tel að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að þessi mál séu tekin til rækilegrar athugunar og fundnar leiðir bæði til þess að lækka hina gífurlega háu smásöluálagningu sem er á lyfjum og eins til að draga úr öðrum kostnaði í sambandi við lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. spyr: „Eru í undirbúningi ráðstafanir af hálfu heilbr.- og trmrn. til að lækka lyfjakostnað í landinu, m.a. með lækkun álagningar á lyf eða með öðrum aðgerðum?“

Tilefni fsp. hv. þm. er væntanlega fréttir fjölmiðla um lyfjakostnað og aðra þætti er að lyfjanotkun lúta og er hv. þm. ekki einn um að hafa áhyggjur af miklum lyfjakostnaði.

Áður en spurninginni er svarað beint er rétt að eftirfarandi komi fram í þessu sambandi og skal ég reyna að hafa hraðan á.

1. Árið 1984 námu útgjöld sjúkrasamlaga vegna lyfja 544 millj. kr., en 1985 um 798 millj. kr. Þetta þýðir 2260 kr. á hvern einstakling fyrra árið en 3299 seinna árið. Framreiknað til verðlags 1985 er hér um 8,6% hækkun að ræða.

2. Árið 1984 námu útgjöld sjúkrasamlaga vegna lækna rúmum 193 millj. kr., en 1985 um 337 millj. kr. Þetta þýðir 804 kr. á hvern einstakling fyrra árið en 1396 kr. seinna árið. Framreiknað til verðlags árið 1985 er hér um 29,1% hækkun að ræða.

3. Verð sérlyfja á tímabilinu 1. jan. 1985 til 1. jan. 1986 hækkaði um 28,4%. Meðaltal framfærsluvísitölu á sama tíma hækkaði um 34,4%. Álagning sérlyfja í prósentustigum lækkaði á árinu 1985 um 2 stig, þ.e. úr 72% í 70%, og hefur á þessu ári verið lækkuð í 68%. Jafnframt lækkaði heildsöluálagning úr 18 í 17%, hvort tveggja miðað við 1. apríl s.l.

4. Hinn 1. jan. 1985 eru skráðir 862 aðilar með lækningaleyfi hér á landi, en samkvæmt upplýsingum Læknafélags Íslands eru það um 700 sem greiða árgjöld til félagsins.

Á sama tíma eru skráðir 133 læknakandídatar sem eiga ófengið lækningaleyfi. Í byrjun árs 1985 eru læknar með heimilislækningar sem sérgrein skráðir 43 og fjölgar þeim um 10 á árinu og á þessu ári hafa 6 hlotið viðurkenningu sem heimilislæknar. Þá fengu 77 almennt lækningaleyfi á síðasta ári og það sem af er þessu ári hafa 44 aðilar fengið almennt lækningaleyfi. Samkvæmt þessu hefur sérfræðingum í heimilislækningum fjölgað um 16 eða um 37%. Hafa ber í huga að flestir ef ekki allir stunda almennar heimilislækningar. M.ö.o. má segja að aðgangur hins almenna sjúklings að læknum hefur orðið betri á undanförnum árum.

5. Þar sem hvorki Tryggingastofnun ríkisins né sjúkrasamlög telja lyfjaávísanir á lyfseðlum né lyfseðla, sem þeim eru sendir vegna greiðslna almannatrygginga á lyfjakostnaði, hefur tala lyfjaávísana verið reiknuð út frá rekstrarskýrslum apóteka sem lyfjaverðlagsnefnd fær sendar, en nánar verður vikið að lyfjaverðlagsnefnd síðar. Út frá þessum rekstrarskýrslum var talið að á tímabilinu 1981–1983 væru lyfjaávísanir um 1,1 millj. á ári, en nú virðist sem gífurleg aukning sé að verða hér á, því að 1984 telst mönnum til að þær séu 1,2 millj. og um 1,3 millj. á síðasta ári. Hér er því um 18% aukningu að ræða á tveim árum. Varla hefur heilsufari okkar hrakað svo að það eitt réttlæti þessa aukningu.

6. Á undanförnum árum hafa komið fram mörg ný og dýr lyf. Hér skal tekið eitt dæmi: Notkun lyfja sem notuð eru við eða til varnar sársjúkdómi í skeifugörn og magasári hefur sjöfaldast á árunum 1978–1986, en sala þeirra á síðasta ári nam um 6,4% af sölu sérlyfja eða um 80 millj. kr. Líklegt má telja að þessi lyf hlífi mörgum sjúklingum við þeirri raun að gangast undir uppskurð vegna þessa sjúkdóms.

Augljóst má öllum vera að erfitt er að meta slíkt til fjár, en þessi aukna notkun er hugsanlega mælanleg á tíðni tilfella viðkomandi sjúkrahúsadeilda. Hér má því tala um tilfærslu útgjalda í heilbrigðisgeiranum.

Ég vildi, herra forseti, nefna þetta til þess að mönnum væri ljóst að breyting á innlögnum í sjúkrahús getur birst í auknum fjölda lyfjaávísana. Eftir því sem færri leggjast inn á sjúkrahús getur þetta aukist. Ég hef því miður ekki vegna ákvæða þingskapa tækifæri til að lesa það svar sem ég hafði látið vinna fyrir mig með upplýsingum. Ég vil einungis bæta því við að ýmsar ráðstafanir eru gerðar til að hvetja lækna til að draga úr fjölda ávísana á sýklalyf sem eru afar dýr, en talið er að Íslendingar noti af einhverjum ástæðum meira af sýklalyfum en aðrar þjóðir.

Enn fremur er unnið að því að fá samvinnu við lækna í því efni að ávísa fremur á ódýrari lyfin en hin dýrari ef um er að ræða lyf sem hafa sömu verkan og verðum við að skírskota til samviskusemi lækna í þessu sambandi og líka að gera þær ráðstafanir sem við getum gert til að fylgjast með þessu. Eitt af því er tölvuvæðing apóteka sem stendur fyrir dyrum.

Ég hef ekki tækifæri til að svara fsp. frekar, en þakka forseta fyrir umburðarlyndið þessa seinustu mínútu.

Fyrirspyrjandi (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svarið, en þó tel ég að í þeirri ágætu skýrslu og fróðlegu sem hæstv. ráðh. flutti sé meginspurningu minni ósvarað: Eru í vændum einhverjar sérstakar ráðstafanir til að draga úr lyfjakostnaði með lækkun álagningar eða öðrum ráðum, breytingum á rekstri lyfjaverslunar, sem vel gæti komið til greina, eða þá beinum lækkunum á þeim samlyfjum sem hér eru framleidd. Ég held að það hljóti að vera meginatriðið að fá þessa liði kannaða.

Ég benti á í framsögu minni að smásöluálagning lyfja hér virðist vera allt frá 30 til 40% hærri hér en annars staðar í Evrópu og ég tel það óeðlilegt og eins, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, er ýmislegt í rekstri lyfjaverslunar sem vissulega væri ástæða til að taka til ítarlegrar athugunar, en til þess er hvorki staður né stund að þessu sinni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil nota þann möguleika sem ég kann að hafa til að tala frekar í málinu til að ljúka svarinu.

Það hefur komið fram í sambandi við læknaávísanir að það munu vera um 8–10 læknar í Reykjavík sem ávísa sýklalyfjum sem svara til 40% af heildargreiðslum Sjúkrasamlags Reykjavíkur vegna lyfja. Þetta er að vísu hátt hlutfall, en erfitt er að fullyrða á þessu stigi nokkuð um réttmæti eða óréttmæti þessara lyfjaávísana. En þar sem nú stendur yfir tölvuvæðing samlagsins er það von manna að í framtíðinni verði unnt að fylgjast nánar með notkun einstakra lyfja og ávísanavenjum lækna og þar með hafa áhrif á lyfjaval lækna og verðskyn með raunhæfa notkun í huga.

Hér skal aðeins minnst á lyfjaverðlagsnefnd, en til hennar var ábendingum landlæknis í sambandi við verð lyfja og álagningu á lyf vísað. Það hefur í stuttu máli samt komið fram í þeirri álitsgerð að sú nefnd er ekki sammála landlækni um sum atriði að því er þetta varðar og þess vegna stendur nánari athugun á þessu máli yfir.

Lyfjaverðlagsnefnd notar rekstrarskýrslur lyfjabúða til að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja. Ef nefndarmenn í lyfjaverðlagsnefnd eru allir á einu máli segir í 35. gr. viðkomandi laga að þá skuli ákvörðun þeirra vera bindandi.

Ég vil einungis bæta við þau atriði sem ég hef hér nefnt um aðgerðir til lækkunar lyfjakostnaðar að lyf hafa þrátt fyrir allt ekki hækkað til jafns við aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar. Álagning á lyf, bæði í heildsölu og smásölu, hefur raunverulega lækkað samkvæmt því sem áður sagði. Heimilislæknum hefur fjölgað verulega og þar með aðgangur sjúklinga að læknum aukist, ef svo má segja, og lyfjaávísunum fer mjög fjölgandi. Ný lyf koma að öllum líkindum í sumum tilfellum í stað skurðaðgerða. Að lokum er þess að geta að hlutur sjúklinga í lyfjagreiðslum er aðeins hækkaður einu sinni á ári og þá um áramót þannig að kostnaðurinn leggst með mismunandi miklum þunga á tryggingakerfið eftir því á hvaða árstíma er. En það verður haldið áfram að vinna að aðgerðum til þess að unnt verði í framtíðinni að veita betra aðhald vegna lyfjakostnaðarins og við munum kappkosta að beita nútímatækni í því skyni.

Hafnamál, ein umr.

Fsp. ÞSk, 148. mál (líkanstöð og framkvæmdir). — Þskj. 158.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Á þskj. 158 hef ég flutt fsp. til hæstv. samgrh. um hafnamál.

Með setningu nýrra hafnalaga á árinu 1984 var mörkuð ný, ákveðin og skýr stefna um hlutverk Hafnamálastofnunar ríkisins og hlutverki hennar breytt í veigamiklum atriðum. Ekki er lengur gert ráð fyrir að stofnunin annist framkvæmd flestra verkþátta í höfnum eins og áður var heldur er það falið í hendur eigenda hafnanna, sveitarfélögum og hafnarstjórnum.

Hlutverk stofnunarinnar er hins vegar að vera fjárhagslegur og tæknilegur eftirlitsaðili með framkvæmdum ásamt því að annast allar frumrannsóknir sem ríkissjóður greiðir að fullu.

Einn þýðingarmesti þátturinn í frumrannsóknum eru straumfræði og líkantilraunir er stofnunin hefur unnið að að undanförnu með góðum árangri. Til

þeirra hluta á stofnunin dýr og sérhæfð tæki og hefur yfir að ráða sérhæfðu starfsliði. Það skýtur hins vegar nokkuð skökku við eftir að þessar skýru línur voru lagðar um rannsóknarhlutverk stofnunarinnar að þessari þýðingarmiklu rannsóknarstarfsemi skuli hætt og líkanstöðinni lokað 1. mars s.l. vegna fjárskorts. Því er spurt:

„Má vænta þess að Hafnamálastofnuninni verði gert fært að starfrækja líkanstöð sína á næstunni?"

Í öðru lagi: Velflest hafnarmannvirki víða um land eru nú komin mjög til ára sinna. Hafnarsjóðirnir hafa hins vegar haft yfir litlu fjármagni að ráða, það litlu að eðlilegt viðhald hefur tæpast getað farið fram. Stór hluti hafnarmannvirkja er því í algerri niðurníðslu og sums staðar eru þau að hruni komin. Kröfur útgerðarinnar um nýframkvæmdir í höfnum eru hins vegar háværar um þessar mundir vegna sífelldra breytinga á skipaflota og þjónustuhlutverki hafnanna. Þörfin á nýframkvæmdum í höfnum hlýtur því að vera aðkallandi víða um land, ekki síst vegna ótrúlega lítilla framkvæmda nú allra síðustu ár. Því er spurt:

„Hver er áætluð endurnýjunarþörf eldri hafnarmannvirkja og þörf á nýframkvæmdum í höfnum landsins á næsta ári?"

Í þriðja og síðasta lagi: Með tilliti til þess hve margt er óunnið í höfnum landsins tel ég ekki vansalaust að ekki skuli lögð fram ný fjögurra ára áætlun um hafnargerðir eins og kveðið er á um í hafnalögum. Því spyr ég:

„Hvenær má vænta þess að ný fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir verði lögð fram?"

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Svar við fyrstu spurningu: Hafnamálastofnun ríkisins lagði áherslu á í tillögum sínum til fjárlaga fyrir árið 1987 að fé yrði veitt á fjárlögum til að byggja yfir líkanstöð stofnunarinnar. Samgrn. tók undir þessa tillögu stofnunarinnar og lagði til við Fjárlaga- og hagsýslustofnun að í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 yrði gert ráð fyrir 10 millj. kr. fjárveitingu til byggingar skemmu yfir líkanstöðina. Þrátt fyrir þessa tillögu ráðuneytisins komst þessi liður ekki inn í fjárlagafrv.

Ég hef skrifað fjvn. Alþingis bréf þar sem ég fer þess á leit við nefndina að hún við meðferð og umfjöllun um fjárlagafrv. taki upp í frv. að 10 millj. kr. verði veitt til byggingar húss fyrir líkanstöð Hafnamálastofnunar. Hvort pólitísk samstaða næst um veitingu þessa fjár ræður því hvort Hafnamálastofnun verður fært að starfrækja líkanstöð sína á næstunni.

Svar við 2. spurningu: Samgrn. hafa borist óskir frá hafnarsjóðum um að framkvæmt verði fyrir 800 millj. kr. í almennum höfnum á næsta ári. Ríkishluti framkvæmdanna yrði samkvæmt því um 600 millj. kr. Telja verður að þessar óskir séu að einhverju leyti óraunhæfar þar sem ekki verður séð að hafnarsjóðir geti í öllum tilvikum staðið við sinn hluta í framkvæmdunum. Nákvæm sundurliðun annars vegar á endurnýjunarþörf eldri hafnamannvirkja og hins vegar á þörf á nýjum hafnarmannvirkjum liggur ekki fyrir. Hins vegar er það álit Hafnamálastofnunar að nauðsynlegt sé að framkvæma fyrir um það bil 400 millj. kr. á ári í almennum höfnum og e.t.v. eitthvað meira í 2–3 ár meðan verið er að komast út úr þeim vanda sem skapast hefur síðustu árin. Hér er um að ræða bæði endurnýjun á eldri mannvirkjum sem búin eru með sinn líftíma og endurbætur á mannvirkjum til aðlögunar breyttum kröfum vegna framþróunar í útgerð og flutningatækni.

Hér að framan er einungis gerð grein fyrir nauðsynlegum framkvæmdum við hinar hefðbundnu fiski- og flutningahafnir. Verði ákveðið að byggja hafnir á nýjum stöðum, t.d. iðnaðarhafnir, verður að ætla til þeirra framkvæmda fé umfram þær 400 millj. kr. sem að framan er getið.

Svar við 3. spurningu: Í apríl 1985 lagði Hafnamálastofnun fyrir samgrn. fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir árin 1986–1989. Þegar hins vegar kom í ljós hversu fjárveitingar til hafnaframkvæmda fyrir árið 1986 urðu litlar var öllum grundvelli kippt undan áætluninni og hún því ekki lögð fram á Alþingi. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir 160 millj. kr. til stofnkostnaðar hafnarmannvirkja, en samkvæmt bráðabirgðayfirliti yfir hafnaframkvæmdir ársins 1986 má áætla að vangreiddur hluti ríkissjóðs um n.k. áramót verði 115–120 millj. kr. Af þessu sést að ekki hefur verið mikið svigrúm til nýframkvæmda í höfnum landsins. Það hefur því takmarkaðan tilgang að leggja fram fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir fyrr en ákveðið hefur verið að veita auknu fé til þessa málaflokks.

Þær framkvæmdir sem unnið hefur verið að í hafnagerðum seinustu tvö árin hafa að mestu leyti verið nauðsynlegt og tilfallandi viðhald og endurbygging sem í mörgum tilvikum er erfitt að tímasetja nákvæmlega fyrir fram. Þrátt fyrir óvissu með fjárveitingar til hafnaframkvæmda er nú, í skjóli þess að framkvæmdafé hefur verið hækkað nokkuð, hafin í Hafnamálastofnun vinna við undirbúnng og gerð langtímaáætlunar um hafnargerðir. Hins vegar gæti fjögurra ára áætlun legið fyrir með skömmum fyrirvara þar sem mörg verk eru til hönnuð og jafnframt mörgum verkum ólokið sem byrjað hefur verið á og hef ég í huga að leggja fram þessa áætlun eftir áramót eða fljótlega eftir að þing kemur þá saman.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör við spurningum mínum. Ég fagna því að hann skuli beita sér fyrir því að það verði veittar 10 millj. kr. til að byggja yfir líkanstöðina. Ég tel að með því móti yrði því forðað að sérhæft starfsfólk, sem stofnunin hefur yfir að ráða til þess að annast straumfræði- og líkanrannsóknir, mundi segja upp og þessi starfsemi mundi flytjast til útlanda, en þar voru slíkar tilraunir gerðar áður en þessi stofnun tók til starfa.

Í sambandi við þörfina á nýframkvæmdum og

endurnýjun eldri mannvirkja liggur ekki fyrir hve mikið þarf í hvorn lið fyrir sig, en það liggur hins vegar fyrir að til hafnarmannvirkjagerðar í heild sinni þarf mikla fjármuni. Ég er hins vegar ósammála því sjónarmiði, sem kom fram hjá ráðherranum, að hugmyndir sveitarstjórnanna um hafnarframkvæmdir væru óraunhæfar. Ég held að það eigi ekki við nema í einstaka undantekningartilvikum.

Ég fagna því að ráðherrann hyggst leggja fram fjögurra ára áætlun um hafnargerðir. Ég held að það sé ekki hægt að bera því við að áætlanir hafi ekki verið gerðar þó að fé hafi verið lítið. Ég held að það sé einmitt enn meiri ástæða til að gera nákvæmar og ítarlegar áætlanir ef fjármagnið er af skornum skammti.

Hins vegar vil ég vekja athygli á að frá árinu 1975 til 1983 er umfang hafnaframkvæmda um 300–400 millj. kr. öll árin, en það er einmitt sú upphæð sem Hafnamálastofnun áætlar að þurfi að vera til staðar árlega til þess að hafnarmannvirki drabbist ekki niður og að eðlileg endurnýjun í höfnum landsins geti átt sér stað.

Síðustu 2–3 ár eru hafnaframkvæmdir þó mun minni. Fjárveiting til allra hafna, eins og hér hefur komið fram, var um 70 millj. kr. á árinu 1986 og áætluð um 160 millj. kr. á næsta ári. Stærsti hluti þessara fjárveitinga fer til greiðslu á vangreiddum ríkishluta eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. Hér er auðvitað ekki um fjárskort að ræða heldur breyttar áherslur. Það eru til nægir peningar til að byggja t.d. brennivínsbúð hérna upp í Kringlu fyrir 40 millj. kr. og þannig mætti lengi telja. Það er líka hægt að veita peningum til þess utan fjárlaga að kaupa hús eins og hús Vörumarkaðarins og súrmjólkurstöðina sem var til umræðu á þingi fyrir stuttu. En það er eins og stjórnvöld hafi gleymt því um þessar mundir hver undirstaðan er undir velferð þessarar þjóðar. Það er furðulegt ef stjórnvöld í eyríki, sem byggir allt sitt á siglingum og sjósókn, sjá ekki nauðsyn þess að byggja góðar hafnir umhverfis landið.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. fyrirspyrjanda um og ég held að samráðherrar mínir í ríkisstjórn hafi orðið heldur betur varir við það að fjárveitingum til hafnamála hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Ég hef verið mjög óánægður með það og það er í hróplegu ósamræmi við það sem ég hef lagt til sem samgrh. Hins vegar skulum við líta á að það hafa verið nokkrar aukafjárveitingar, einkum á s.l. ári og árinu þar á undan, þannig að þessar tölur eru ekki eins lágar sem hefur verið í brýnustu tilfellum um að ræða.

Varðandi samanburð sem hv. þm. gerði hvað snertir byggingu brennivínsbúðar og kaup á súrmjólkurstöð, eins og hann kallaði það, og vörumarkaði, þá held ég að við hefðum lítið fengið til viðbótar til hafnarframkvæmda af þeim peningum sem hafa þegar verið lagðir fram í þessu skyni. Það er sitt hvað að kaupa og yfirfæra skuldir og annað eins og á þessum húsum, en það mál er óháð hafnarframkvæmdum og framlögum til hafnarmála. Ég er enginn sérstakur talsmaður þessara dæma sem hann nefndi, en þó þeir fjármunir sem ríkið hefur þegar lagt til þeirra hefðu farið til hafnarframkvæmda hefði það ekki orðið til að auka þær mikið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ég vil bara minna á það, sem kom fram hjá hæstv. samgrh., að framlag til hafna hefur síðustu ár verið það lítið að ekki er hægt að una því miðað við ástand hafnanna. Það voru 74 milljónir á yfirstandandi ári. Nú eru áætlaðar 160 milljónir. Ef ætti að borga upp þann hala sem er á þessum málaflokki mundu ekki vera nema 40–45 milljónir til framkvæmda á næsta ári. Það er neyðarástand víða um land í þessum málum og er ekki nokkur leið að sætta sig við þá fjárveitingu sem er í fjárlagafrv.

Ég nota þetta tækifæri, fyrst þetta mál er á dagskrá, til að koma þessu á framfæri. Ég fyrir mitt leyti get með engu móti sætt mig við þessa fjárveitingu eins og ástandið er í mörgum hafna landsins.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég vil bara benda á út af orðum hæstv. ráðh. áðan að það þarf ekki að fara út fyrir samgrn. til þess að komast að því að það eru til nægir peningar. Mér skilst að skv. fjárlagafrv. næsta árs sé áætlað að leggja 500 millj. kr. í montflugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, ein umr.

Fsp. KÁ, 152. mál. — Þskj. 162.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Hinn 11. nóv. s.l. voru greidd atkvæði í afvopnunarnefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um till. þá sem kennd hefur verið við Svíþjóð og Mexíkó. Till. fjallar um tafarlausa stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar, en með stöðvun er átt við allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar sem þeim fylgir.

Að þessi sinni féllu atkvæði þannig að 118 ríki greiddu till. atkvæði sitt, tólf voru á móti en fjögur sátu hjá. Í síðast talda hópnum var Ísland ásamt Kína, Hollandi og Spáni. Meðal þeirra ríkja sem greiddu till. atkvæði voru Svíþjóð, Danmörk, Noregur og Finnland. En þau ríki sem greiddu atkvæði á móti voru fyrst og fremst tíu NATO-ríki, ásamt Japan og Ísrael. Það er því ljóst að meginþorri þjóða heims, og þeim þjóðum fer fjölgandi, vill að framleiðsla kjarnorkuvopna verði stöðvuð þegar í stað.

Örfá ríki en valdamikil eru komin út í horn á veraldarheimilinu þar sem þau ríghalda í þá afstöðu að geta stigið næsta skrefið í vígbúnaðarkapphlaupinu upp úr hafinu, frá landi, út í himingeiminn þar sem hið alsjáandi auga á að taka við með geislum og speglum og „tryggja" jarðarbúum u.þ.b. 99% öryggi að sögn spámanna stjörnustríðsáætlana. Verst að þetta 1% sem eftir er dugar til að eyða öllu lífi á stórum hluta jarðar og kalla yfir okkur kjarnorkuvetur.

Afstaðan til till. Sviþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja snýst því ekki aðeins um vilja þjóða heims til að stöðva framleiðslu þeirra kjarnorkuvopna sem við nú þekkjum heldur einnig um að stöðva tilraunir með ný vopnakerfi, þar á meðal stjörnustríðsáætlunina umdeildu, og reyna þar með að stöðva hrikalegt vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna.

Í ljósi atburða þess árs sem nú á skammt eftir í aldanna skaut, kjarnorkuslyssins í Chernobyl, kjarnorkukafbátaslyss suður í höfum, vaxandi mengunar frá kjarnorkuverum og ekki síst fundar þjóðarleiðtoganna í Reykjavík í síðasta mánuði, sem því miður færði heiminum engan áþreifanlegan árangur, verður æ brýnna að taka ákveðna afstöðu og leggja sitt af mörkum til að knýja stórveldin, og þá fyrst og fremst Bandaríkin, til breyttrar afstöðu og raunhæfra aðgerða. Þar geta Íslendingar lagt eitt lóð á vogarskálina. En því miður: íslenska ríkisstjórnin kaus að sitja hjá hinn 11. nóv. og tók enn einu sinni sæti í býsna hæpnum félagsskap í stað þess að fylkja liði með þjóðum Norðurlanda og þorra þjóða heims.

Því leyfi ég mér, herra forseti, á þskj. 162 að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar að sitja hjá við afgreiðslu ályktunartillögu Sviþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 11. nóvember s.l. um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar stórveldanna?

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. vil ég segja þetta: Íslendingar hafa ekki breytt afstöðu sinni til þeirrar till., sem nefnd hefur verið sænsk-mexíkanska tillagan, um svokallaða frystingu kjarnavopna sem afgreidd var í 1. nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fyrir viku. Eins og undanfarin ár sátu Íslendingar hjá við afgreiðslu tillögunnar. Ástæður þessa eru m.a. eftirfarandi:

Till. er í öllum meginatriðum óbreytt frá fyrri tíð. Að vísu hefur verið felld niður setning sem áður var í henni og fól í sér gagnrýni á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Hins vegar eru enn í till. ýmsar vafasamar fullyrðingar, t.d. um að jöfnuður sé með risaveldunum í hernaðarmætti og þannig horft fram hjá gífurlegum yfirburðum Sovétmanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar, auk þess sem að þeim atriðum sem um er fjallað í ályktun Alþingis frá 1985 er ekki þar farið.

Það er ógjörningur að skrifa undir slíkar fullyrðingar. Frysting mundi t.d. ekki hafa áhrif á flugvéla- og kafbátavarnir Sovétmanna sem eru gífurlega öflugar með hefðbundnum vopnum og mundu halda áfram að eflast. Þannig yrði dregið úr stöðugleika og aukið á óvissu þegar til lengri tíma er litið.

Smám saman hafa menn færst frá hugmyndinni um frystingu sem síðan yrði að fylgja eftir með tímafrekum og erfiðum viðræðum um niðurskurð. Nú þykir eðlilegra að ræða fyrst um afvopnun og síðan aðgerðir til að tryggja jafnvægi og öryggi til langs tíma.

Þá finna menn það till. til forátttu eins og áður að í henni er aðeins almennt orðað og alls ófullnægjandi orðalag um eftirlit. Það verður aldrei of oft lögð áhersla á mikilvægi þess að eftirlitið sé fullnægjandi og þannig að aðilarnir geti unað við það og treyst.

Í öllu falli verða menn að gæta raunsæis í þessu efni þar sem ályktanir allsherjarþingsins skipta engu nema til komi samkomulag risaveldanna sjálfra. Forsendur þess eru að frysting og bann séu liður í víðtækari samningum um afvopnun sem sé fylgt eftir með alþjóðlegu eftirliti er sé framkvæmt þannig að aðilar uni því og treysti. Sænsk-mexíkanska tillagan uppfyllir ekki þetta skilyrði.

Á undanförnum vikum og mánuðum hafa afvopnunarmálin tekið nokkuð nýja stefnu. Á fundi leiðtoga risaveldanna í Reykjavík var fjallað um stórfelldan niðurskurð í birgðum kjarnavopna og sýndu bæði ríkin vilja ekki aðeins til að frysta núverandi ástand heldur til þess að skera niður birgðir kjarnavopna. Þessar viðræður eru enn í gangi og það er undir þessum ríkjum komið hvort árangur næst eða ekki.

Það er ankannalegt að á sama tíma og risaveldin eru að ræða sín á milli um niðurskurð skuli önnur ríki halda fast við hugmyndir um frystingu. Frysting kemur meira að segja varla til greina lengur sem fyrsta skref í viðræðum risaveldanna í átt til afvopnunar eins og vikið var að hér að framan. Sovétmenn töluðu t.d. aðeins um frystingu þegar þeir höfðu greinilega yfirburði á sviði meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu fyrir 3–4 árum og á það skal bent að á yfirstandandi allsherjarþingi flytja þeir engar tillögur um frystingu eins og þeir hafa gert áður.

Vegna þessara breyttu forsendna hafa ýmis vestræn ríki hert afstöðu sína gegn þessari till. T.d. sátu Lúxemborg og Vestur-Þýskaland hjá í fyrra, en greiddu nú atkvæði gegn. Af ríkjum Atlantshafsbandalagsins voru það aðeins Danir, Norðmenn og Grikkir sem greiddu till. atkvæði. Norðmenn breyttu um afstöðu í fyrra með grg. um atkvæðagreiðsluna þar sem þeir nánast lýstu sig andvíga tillögunni. Þrjú ríki, Íslendingar, Spánverjar og Hollendingar, sátu hjá, en hin NATO-ríkin greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Þess má að lokum geta að Kínverjar sátu hjá við afgreiðsluna, en Japanir greiddu atkvæði gegn henni.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin, en ég verð að segja að ég fellst ekki á þau rök sem hann setur hér fram. Það er margt við þessi mál að athuga.

Það hefur borið við í sölum Alþingis að rökum um eftirlit er hampað af hæstv. ráðh. En eftirlit er frekar spurning um tæknileg atriði en pólitísk. Það hefur verið sýnt fram á að eftirlitið er mjög auðvelt með þeirri tækni sem menn ráða yfir núna. Það er hægt að fylgjast með því sem gerist á jörðu með gervihnöttum, koma upp jarðskjálftamælum með gagnkvæmum samningum stórveldanna og vilja þeirra sem með þessi mál fara. Allt er þetta spurning um vilja.

Hæstv. utanrrh. minntist á að það væri ekki jöfnuður í vígbúnaði stórveldanna. Það hefur löngum tíðkast sú kúnst að bera saman tölur og fjölda vopna af ýmsum stærðum og gerðum, en í raun og veru skiptir það sáralitlu máli því að sá vígbúnaður sem við höfum hér á jörðinni er miklu meiri en dugar til að eyða öllu lífi og það margfaldlega þannig að sú röksemd er að mínu mati einskis verð.

Ég er ekki sammála hæstv. utanrrh. um að hugmyndir um frystingu séu orðnar úreltar og ég held að allar þjóðir heims eigi að leggjast á eitt til að þrýsta á stórveldin, bæði stórveldin og önnur kjarnorkuveldi, þar á meðal Kína, sem ekki tekur þátt í þeirri umræðu sem fram fer í heiminum um afvopnun. Ég held einmitt að það sé raunsæi að koma slíkum hugmyndum á framfæri og lýsa þannig vilja þjóðanna. Samþykkt Alþingis skiptir þar engu minna máli en samþykki annarra þjóða. Ég vona að Alþingi muni samþykkja tillögu sem hér liggur fyrir þinginu um breytta stefnu og fara sömu leið og þjóðþing Noregs og Danmerkur og breyta þar með stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Utanrrh. landsins upplýsti hér við umræðu að afstaða hans til till. um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar sé óbreytt, sé hin sama og á síðasta allsherjarþingi. Það hefur ekkert gerst nýtt á heimili utanrrh. í þessum efnum. Spurningin verður hins vegar um hver er vilji Alþingis til þessa máls. Hver er afstaða samherja hæstv. utanrrh. í ríkisstjórn til þessa máls, framsóknarmanna, sem hér töluðu sumir hverjir nokkuð digurbarkalega um þetta efni í fyrra og fluttu raunar tillögu sem beindist, ef ég skildi hana rétt, að breyttri afstöðu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Fyrir þinginu liggur 15. mál á öðrum fundi, þáltill. um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, og það er brýnt að sú tillaga komi hér fyrir þingið til afgreiðslu og ályktunar eftir skoðun í utanrmn.

SAMEINAÐ ÞING

18. fundur, þriðjudaginn 18. nóv., að loknum 17. fundi.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1986 til 31. október 1990, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru aðalmenn Ólafur B. Thors forstjóri, Davíð Aðalsteinsson alþm., Guðmundur Magnússon prófessor og Haraldur Ólafsson alþm., en varamenn Davíð Scheving Thorsteinsson forstjóri, Leó Löve lögfræðingur, Halldór Ibsen framkvæmdastjóri og Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi. Á B-lista voru aðalmenn Þröstur Ólafsson og Björn Björnsson, en varamenn Birgir Björn Sigurjónsson og Davíð Björnsson.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hefur verið vakin athygli forseta á því að það sé vissara að hann skýri út með hverjum hætti hv. þm. eigi að kjósa. En forseti taldi að það væri óþarfi því að menn eru svo vanir að kjósa þó að nú sé nokkuð umliðið frá því að slík kosning sem hér er um að ræða hefur farið fram og verða því ekki gefnar frekari skýringar nema óskað sé eftir.

A-listi hlaut 37 atkv., en B-listi 19 atkv. 3 seðlar voru auðir.

Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru:

Aðalmenn:
Ólafur B. Thors forstjóri (A),
Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri (B),
Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Guðmundur Magnússon prófessor (A),
Björn Björnsson hagfræðingur (B).

Varamenn:
Davíð Scheving Thorsteinsson forstjóri (A),
Birgir Björn Sigurjónsson hagfræðingur (B),
Leó Löve lögfræðingur (A),
Halldór Ibsen framkvæmdastjóri (A),
Davíð Björnsson (B).

Kosning tveggja skoðunarmanna Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1986 til 31. október 1990, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 33. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Erna

Hauksdóttir viðskiptafræðingur og Sigurgeir Bóasson löggiltur endurskoðandi. Á B-lista var Gunnar R. Magnússon endurskoðandi. — A-listi hlaut 36 atkv., B-listi hlaut 19 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru:

Erna Hauksdóttir viðskiptafræðingur (A),
Gunnar R. Magnússon endurskoðandi (B).

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borin hefur verið fram ósk um að hér fari nú fram utandagskrárumræða um hrun rækjustofnsins í Húnaflóa. Það verður orðið við þessari ósk. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. og hefst nú þegar.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli Alþingis og ríkisstjórnar á því sem ég kalla hrun rækjustofnsins í Húnaflóa. Jafnframt vil ég í því sambandi beina nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að í Húnaflóa hafa nú í allmörg ár verið ein gjöfulustu rækjumið við landið. Fimm þéttbýlisstaðir við flóann hafa að verulegu leyti byggt afkomu sína á rækjuveiðum og vinnslu. Venjulega hefjast rækjuveiðarnar í október og standa fram í mars til apríl. Undanfarnar vertíðir hefur aflakvótinn verið 2500–2800 tonn.

Á síðustu vertíð var afbragðsgóð veiði alveg til vertíðarloka, en við rannsókn rækjumiðanna í haust brá hins vegar svo við að nánast ekkert fannst af rækju í flóanum en um meiri þorskgengd var þar að ræða en venja er til. Töluvert fannst þó af smárækju á Miðfirði er síðan var lokað fyrir veiðum. Að öðru leyti var minna af rækju en nokkru sinni fyrr síðan rækjuveiðar hófust í Húnaflóa og virðast veiðarnar síðan ætla að staðfesta það. Niðurstaðan varð þó sú að heimilað var að veiða 500 tonn.

Veiðar hófust mánuði seinna en vant er eða í byrjun nóvember og ef þær ganga eðlilega yrði kvótinn búinn um næstu mánaðamót. 1100 tonn voru hins vegar veidd á haustvertíð á árinu 1985.

Sjómenn telja að því hafi verið lofað að sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar fylgdust náið með veiðunum og ástandi rækjunnar á hinu lokaða svæði í Miðfirði og 500 tonna aflakvótinn endurskoðaður í framhaldi af því. Á þeirri rannsókn hefur ekkert bólað enn þá.

Þær upplýsingar bárust hins vegar frá Hafrannsóknastofnun í gær að engar líkur væru á að aflakvótinn yrði aukinn. Það sætir mikilli furðu meðal heimamanna að slík yfirlýsing skuli gefin án ítarlegrar rannsóknar. Yrði það niðurstaðan að kvótinn yrði ekki aukinn umfram þessi 500 tonn blasir við algert hrun í rækjuveiðum og vinnslu á svæðinu. Því vil ég beina nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh., en þessar spurningar eru allar byggðar á hugmyndum heimamanna um hvernig við þessu ástandi skuli brugðist.

1. Er ráðherra tilbúinn að hlutast til um það að sérfræðingar verði nú þegar sendir til að fylgjast náið með veiðunum og athuga ástand rækju á lokaða svæðinu í Miðfirði?
2. Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að nú þegar fari einnig fram gagnger rannsókn á þorskstofni í flóanum með tilliti til sem bestrar nýtingar á svæðinu?
3. Er hann tilbúinn að taka til vinsamlegrar athugunar umsóknir útgerðarmanna um botnvörpuveiðar í flóanum til handa rækjuveiðibátunum?
4. Er hann tilbúinn til að auka botnfiskveiðikvóta rækjubátanna sem flestir eru með sóknarmark?

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í októbermánuði fór rannsóknaskipið Dröfn í árlegan rækjuleitarleiðangur innan fjarða. Dagana 11.–15. okt. var Húnaflói kannaður. Niðurstaða þessarar könnunar var sú að ástand rækjustofnsins virðist óvenjulélegt. Þó fannst talsvert af smárækju á Miðfirði og stórri rækju í Ófeigsfjarðarflóa.

Þessi slæmu tíðindi bárust strax til rækjusjómanna og vinnsluaðila við Húnaflóa. Töldu þeir könnunina ófullnægjandi og óskuðu eftir að hún yrði endurtekin. Ráðuneytið beitti sér fyrir því að rannsóknaskipið Dröfn hæfi athuganir að nýju ásamt fimm bátum, einum frá hverri verstöð við Húnaflóa.

Þann 25. og 26. okt. var Húnaflói athugaður að nýju, en skemmst er frá því að segja að ekki fannst meiri rækja en í fyrri athuguninni. Þó varð vart meiri rækju í vestanverðum Hrútafirði en í fyrri athugun. Meiri þorskgengd virðist í Húnaflóa en oftast áður. Niðurstöður leiðangranna benda til að margfalt minna rækjumagn sé í Húnaflóa en undanfarin ár.

Í framhaldi af þessum athugunum lagði Hafrannsóknastofnun til að leyfðar yrðu veiðar á 500 lestum af rækju á Húnaflóa og þar af yrðu veiddar 70 lestir í Ófeigsfjarðarflóa en veiðar bannaðar í Miðfirði vegna smárækju. Að fenginni þessari niðurstöðu héldu starfsmenn ráðuneytisins fund með rækjuveiðimönnum og forráðamönnum rækjuvinnslustöðva við Húnaflóa. Á þessum fundum voru ræddar niðurstöður leiðangranna og hvernig skyldi bregðast við þessum vanda. Helst var rætt um hvort einhverjar aðrar veiðar og aukinn botnfiskkvóti gætu bætt hlut rækjuveiðimanna.

Niðurstöður þessara viðræðna voru í stuttu máli að þar sem veiðar voru hafnar og þessar 500 lestir nægðu til veiða fram eftir hausti væri vandamálið meira næsta árs.

Ráðuneytið lofaði að beita sér fyrir því að miðin yrðu athuguð að nýju. Í framhaldi af þeim athugunum, sem væntanlega geta orðið í næstu viku, a.m.k. í

þessum mánuði, lægi væntanlega fyrir betri vitneskja um ástand miðanna. Kæmi ekki í ljós betra ástand yrði að endurskoða botnfiskkvóta bátanna um áramót og fella niður skerðingu með tilliti til minni rækjuafla.

Að því er varðar þorskveiðarnar hefur það komið fram í athugun Hafrannsóknastofnunar að óvenjumikil þorskgengd er í Húnaflóa. Á fundum með ráðuneytinu komu fram spurningar frá rækjuveiðimönnum eins og stundum áður um hvort opna megi sérstök togveiðihólf innan núverandi togveiðimarka. Á slíkum svæðum væri aðeins mögulegt að veiða þorsk en ekki vannýttar tegundir. Þar af leiðandi þyrfti að breyta lögum til að auka veiðiheimildir togbáta á þessu svæði sem lítil eða engin fordæmi eru um eftir því sem ég best veit. M.a. hefur það verið rætt varðandi Ísafjarðardjúp. Ýmislegt mælir þess vegna á móti slíkum heimildum. Vissulega mundi það laga stöðu stærri rækjubátanna sem geta stundað veiðar með fiskitrolli. Aftur á móti er þetta smáfiksslóð og skyndilokunum oft beitt í Reykjafjarðarál sem kunnugt er. Fiskur sem veiddist í rækjuleiðangri rannsóknaskipsins Drafnar var að mestu leyti undirmálsfiskur.

Vænti ég að þetta svari þeim spurningum sem fram voru bornar.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að draga úr vanda byggðarlaganna við Húnaflóa vegna hvarfs rækjunnar af miðum þeirra og ekki að draga úr óskum þeirra um aukinn þorskkvóta til að bæta upp minnkandi rækjuafla. En það sem hefur verið að gerast verður að líta á í miklu víðara samhengi. Rækjan hefur verið að hverfa af hverjum firðinum á fætur öðrum og nú er svo komið að rækja er horfin af Öxarfirði, Berufirði, Skagafirði og Tálknafirði. Þessi vandi er því vandi miklu fleiri byggðarlaga en byggðarlaganna við Húnaflóa. Ég vil þess vegna í sambandi við þá umræðu sem hér á sér stað beina þeim tilmælum til hæstv. sjútvrh. að sú athugun, sem hér er verið að fara fram á, nái til fleiri staða á landinu en Húnaflóa.

Ég tel að þarna sé á ferðinni, samkvæmt upplýsingum fiskifræðinga, mjög stórfellt vandamál. Rækjan hefur horfið um leið og smáþorskur hefur sótt inn á firðina vegna breytinga á hitastigi sjávar og þarna virðast hafa átt sér stað mjög stórfelldar breytingar sem fiskifræðingar hafa mjög verulegar áhyggjur af og telja að geti staðið a.m.k. í einn áratug. Þess vegna mælist ég eindregið til þess, ef gerðar verða einhverjar ráðstafanir vegna ástandsins við Húnaflóa, að athuganir, rannsóknir og betrumbætur á ástandi vegna byggðarlaganna nái t.d. til byggðarlaga við Öxarfjörð svo að ég nefni einhvern annan stað.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um áhyggjur manna af ástandi í Húnaflóa. Það eru hvorki meira né minna en 120–140 manns sem hafa haft atvinnu sína af rækjuvinnslu við Húnaflóa og rækja er unnin á einum fimm stöðum við flóann. Einnig má þess geta að það eru líklega um 40 bátar sem hafa stundað þessar veiðar þannig að ekki fer milli mála að hér er um tilfinnanlegt tjón að ræða sem menn verða fyrir.

Í lögum um sérveiðar, svo sem um rækjuveiðar, er ákvæði þess efnis að verði aflabrestur á sérveiðum sé heimilt að endurskoða botnfiskveiðileyfi viðkomandi skipa og aflahámark. Ég mælist til þess og tek undir það, sem reyndar kom fram áðan hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að þessi mál verði skoðuð. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að huga að svæðum úti fyrir öllu Norðurlandi, svo miklu skiptir þetta fyrir þær byggðir sem þar eru. Ég treysti því að hæstv. sjútvrh. beiti sér fyrir því að það verði gert og að sem allra best samráð og samvinna verði höfð við heimaaðila í þessum efnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi umræða á sér stað þó að hún breyti að sjálfsögðu engu um þær fiskifræðilegu athuganir sem gerðar hafa verið og blasa við varðandi rækjuna. Ég hygg að það sé mjög tímabært að fram fari úttekt á því á Húnaflóanum hvaða skelfisktegundir aðrar megi nýta en þar eru nýttar nú. Ég tel að auðvitað sé sjálfsagt að farið verði í að athuga um auknar heimildir hjá þeim skipum sem nú fá ekki það sem gert var ráð fyrir að menn fengju varðandi rækjuna. En hitt hlýtur að vera ekki síður atriði að nú þegar verði gerð allsherjar úttekt á því hvaða möguleikar eru til að nýta aðra skelfiskstofna í Húnaflóa. Satt best að segja er það eitt af því sem Íslendingar hafa farið ákaflega rólega út í að mínu viti, þ.e. að kanna þá möguleika sem eru í nýtingu á skelfiski. Við höfum haldið okkur þar við fáar tegundir, en möguleikarnir eru að mínu viti miklu meiri.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki ónýtt fyrir þingheim að eiga jafnfróðan þm. og hv. 5. þm. Vestf. sem getur upplýst þingheim um að það sé ekki líklegt að umræður á Alþingi muni breyta miklu um líffræðilegar aðstæður í sjónum. Þetta er skarplega athugað og örugglega alveg rétt.

En hér á Alþingi getum við hins vegar hugsanlega gripið til ýmissa ráðstafana sem hjálpa því fólki sem nú á við erfiðleika að etja vegna þess að líffræðilegar aðstæður hafa breyst í sjónum. Ég tek undir með hv. þm. Árna Gunnarssyni að það eru fleiri staðir víða um land, til að mynda Kópasker og byggðirnar við Öxarfjörð, sem orðið hafa illa úti af þessum sökum. Til þeirra þarf að líta. Ég spyr hæstv. sjútvrh. sérstaklega í framhaldi af umræðum, sem komið hafa upp upp á síðkastið um það að e.t.v. verði settur kvóti eða með einhverjum hætti takmörkuð sókn í djúprækju á næsta ári, hvort aðstæður þessara staða komi þá til skoðunar með það í huga að reyna

að bæta þeim upp þann mikla missi sem þeir verða fyrir við hrun innanfjarðarrækju í ívilnunum í veiðiheimildum á djúprækju. Enn fremur spyr ég að því hvort þeim stöðum, eins og Kópaskeri, þar sem lítur út fyrir varanlegan brest á þeim nánast eina stofni sem hefur verið byggt á, innfjarðarækjunni, verði þá með einhverjum hætti gert kleift að sækja á djúprækju og halda þannig uppi atvinnu og e.t.v. fái þeir heimildir til að flytja inn skip eða verði aðstoðaðir við að kaupa skip í því skyni. Það er alveg ljóst að sumir þeir bátar sem menn hafa notað með ágætum árangri til að stunda veiðar á innanfjarðarrækju duga ekki til að sækja á djúprækju, a.m.k. ekki allt árið. Þá gæti að mínu viti komið til greina að líta bæði til veiðiheimilda og einnig bátakosts á þessum stöðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Málshefjandi þessarar umræðu hreyfir hér miklu og alvarlegu máli fyrir sitt byggðarlag og byggðirnar við Húnaflóa. Ég þakka honum fyrir að gera það.

Eins og hér hefur verið vakið máls á geta áföll sem þessi snert fleiri því að líklegt er að hér sé um að ræða breytingar í lífkeðju hafsins sem taki til stærri svæða. Ég ætla ekki að ræða það hér frekar, herra forseti, en ég vísa til þess að ég ásamt öðrum þm. Alþb. hef lagt fyrir beiðni um skýrslu til sjútvrh. m.a. vegna rækjuveiða og þar á meðal um það hvaða ákvarðanir og áætlanir liggi fyrir varðandi fjárfestingu í þessum þáttum og mat á veiðiþoli rækjustofna á Íslandsmiðum og væntanlega ræðum við þau mál hér síðar.

Ég vil einnig vegna þess sem hér hefur komið fram í umræðunum vekja athygli á till. til þál., sem vísað hefur verið til atvmn. Sþ., um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi. Þar er vakin athygli á því nauðsynjamáli að það fari fram skipulegar rannsóknir á grunnsævi við landið, á hagnýtingarmöguleikum ýmissa stofna sem bæði eru nú þegar nýttir en einnig á stofnum sem ekkert hafa verið nýttir eða sáralítið til þessa. Vandinn er m.a. að búa svo sem þarf af fiskveiðiþjóð að hafrannsóknum. Og við tökum eftir því hversu litlu fjármagni er varið til þessara mála, allsendis ónógu. Fiskiþing hefur einmitt rætt þau mál í gær að ég hygg þar sem þingfulltrúar hafa lýst áhyggjum sínum yfir mjög knöppum og ónógum fjárveitingum til hafrannsókna.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það eru, eins og komið hefur fram, alvarlegar horfur í byggðarlögunum við Húnaflóa út af þeim rækjubresti sem við stöndum frammi fyrir. Ég stend hér upp til að leggja áherslu á að við þurfum að leggja stóraukna áherslu á rannsóknir á rækjunni. Þetta er auðlind sem við eigum að nýta en megum ekki eyðileggja. Við þurfum að nýta hana af forsjálni.

Við vitum ekki mikið um rækjuna, hvorki í Húnaflóa hvað þá úthafsrækjuna. Töluvert vitum við reyndar um Húnaflóarækjuna en sáralítið um úthafsrækjuna. Ég legg höfuðáherslu á að það verður að stórauka rannsóknir á rækjunni. Það hefur verið gífurleg sókn í þennan stofn og það er óforsvaranlegt að láta ganga svo áfram óðruvísi en menn viti hvað þeir eru að gera. Ég held að það sé rétt að reyna að stjórna þessari sókn og það sé rétt stefna hjá sjútvrh. Jafnframt vil ég hvetja til samstarfs við Grænlendinga um rækjurannsóknir og rækjunýtingu því að Grænlendingar eiga líka mjög mikið undir rækjuveiðum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er þörf umræða sem hér hefur verið hafin, umræða um hvað blasir við í sambandi við rækjuveiðar, og ég tek undir það, sem hv. 6. landsk. þm. nefndi áðan, að að sjálfsögðu er þetta ekki staðbundið við Húnaflóa þó að vandamálin séu þar kannske skýrust í dag.

Það hefur komið í ljós í sambandi við umræður á fiskiþingi að nú eru tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að takmarka veiðar úr úthafsrækjustofninum, þær verði ekki á næsta ári meiri en þær verða í ár. Það eru upplýsingar um að það eru ákveðin svæði úthafsrækjunnar sem munu vera þegar fullnýtt. Þar er nefnt rækjuveiðisvæði norðanlands sem var í sumar allmikið stærra en áður hefur verið. Sumir þakka það fyrst og fremst því að hafísinn náði yfir ákveðna veiðislóð og ýtti flotanum austur eftir og sótti hann þar inn á ný rækjumið, en hvernig sem á því hefur staðið er það mat fiskifræðinga að þetta svæði sé þegar fullnýtt. Einnig er talað um að Héraðsdjúp og Kolluáll séu fullnýtt veiðisvæði.

Þetta er alvarlegt mál, en það er samt von hjá mörgum að það séu enn til ókönnuð svæði. Ég hef áhuga fyrir því í sambandi við þessa umræðu að spyrja hæstv. sjútvrh. um hvort ekki sé möguleiki til þess að kanna frekar og betur svæðin út af Breiðafirði. Rækjuveiðimenn við Breiðafjörð halda því fram að svæðið út af Breiðafirði sé ekki nærri því nógu vel rannsakað og hafa jafnvel haft uppi þau orð að það þyrfti að koma hafís yfir þau veiðisvæði sem eru nú stunduð til þess að það yrði farið að kanna frekar þau svæði út af Breiðafirði sem líkur eru fyrir að rækja geti verið á. Þegar að þessum mörkum er komið, að það skuli þurfa að takmarka sóknina, er mjög nauðsynlegt að öll þau svæði sem sjómenn telja að séu nýtanleg sem veiðisvæði séu frekar rannsökuð.

Í tengslum við þetta kemur vitaskuld upp sú umræða sem var hafin á fiskiþingi um að framlag til Hafrannsóknastofnunar sé svo skert að hún geti ekki sinnt því hlutverki að kanna þessa veiðislóð eða aðrar. Þegar það gerist í þjóðfélagi eins og okkar að stofnun eins og Hafrannsóknastofnun er meira skorin niður en önnur hliðstæð fyrirtæki í þjóðfélaginu, þá hljótum við að mótmæla því og ekki síst við þær aðstæður sem nú eru varðandi rækjustofninn.

Ólafur B. Óskarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þórði Skúlasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli sem er mjög alvarlegt fyrir byggðirnar við Húnaflóa. Í þessum tiltölulega smáu byggðarlögum verður hrun í einni atvinnugrein til muna alvarlegra en gerist í stærri samfélögum. Þetta er stærri hluti af atvinnulífi þar en víða annars staðar gerist. Við það bætist að í mörgum þessara byggðarlaga er um mjög litlar botnfiskveiðar að ræða og þeim mun verra við þetta mál að fást.

Það voru nokkur vonbrigði að heyra það og sjá á hæstv. sjútvrh. að hann væri tæpast meðmæltur því að auka möguleika til botnfiskveiða, þ.e. dragnótaveiða og annarra sem til greina kæmu, því að hugsanlega gæti það lagað stöðuna nokkuð í þessum málum. T.d. er á Hvammstanga aðstaða a.m.k. til saltfiskverkunar.

Það vakna margar spurningar í sambandi við þessar rækjuveiðar. Það hefur verið geysilega mikil aukning í þessum veiðum á undanförnum árum og uppbygging rækjuverksmiðja og hefur sumum vissulega þótt nóg um og óttast að þetta gæti endað með ósköpum áður en lyki. Að vísu hefur verið stjórn á innfjarðarækjunni um nokkuð langan tíma, en það á ekki það sama við um úthafsrækjuna. Það hefur ekki verið annað að heyra á rannsóknarmönnum, og *mig minnir helst að ég hafi heyrt það á hæstv.* sjútvrh. líka, en að það væri ekkert annað við þetta að gera en veiða og láta reyna á hvað stofninn þyldi. Þá er spurningin: Hvað skeður þegar kemur að mörkunum og hrun verður?

Ég legg áherslu á nauðsyn þess að verksmiðjurnar á þessu svæði verði aðstoðaðar við t.d. tilraunavinnslu í tengslum við rannsóknir þær sem gerðar yrðu á öðrum tegundum sem veiða mætti, þær yrðu aðstoðaðar við tilraunavinnslu og markaðssetningu á þeim afurðum sem þar kæmu til greina. Þetta gæti hugsanlega bætt nokkuð úr.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef oft hér á Alþingi verið gagnrýninn á hæstv. sjútvrh., en ég gat ekki tekið undir með málshefjanda varðandi þá gagnrýni sem þar kom fram varðandi ákvarðanatöku og þær athuganir sem gerðar hafa verið í Húnaflóa. Ég tel að þar hafi verið eðlilega að málum staðið. Þess vegna orðaði ég það svo sem ég gerði í minni fyrri ræðu og virðist hafa farið fyrir brjóstið á hv. 4. þm. Norðurl. e., en það er ekki í fyrsta skiptið sem honum gengur heldur illa að átta sig á mínum hugsunarhætti og mér finnst stundum erfitt að átta mig á hans jarðfræðilega útsýni. Mér hefur stundum fundist að þar sé fullskuggsýnt.

Ég er aftur á móti sammála því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl., að það er mjög brýnt að það sé gerð úttekt á því hvaða skeldýrastofna megi nýta og ég er sannfærður um að það er hægt að gera verulegt átak í því að auka atvinnustarfsemi á þessum stöðum með nýtingu á þeim stofnum.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin við spurningum mínum þó að ég sé misjafnlega ánægður með þau svör. En spurningarnar voru byggðar á hugmyndum heimamanna um úrlausnir og heimamenn munu fylgja þeim eftir á öðrum vettvangi.

Ráðherra svaraði engu spurningum mínum um hvort hann vildi beita sér fyrir því að það yrði gerð gagnger rannsókn á þorskstofninum í Húnaflóa sem ég held að sé full ástæða til að gera í þessu sambandi.

Það er einnig misskilningur hjá ráðherranum að vandinn sé næsta árs. Aflakvótinn verður búinn um næstu mánaðamót ef veiðarnar ganga sæmilega.

Eins og líflegt svar ráðherrans áðan bar með sér er raunar ekkert verið að gera í þessu stóra máli í sjútvrn., ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég vil hins vegar fagna því, sem fram kom hjá ráðherranum, að nú skuli eiga að standa við það fyrirheit, sem er búið að gefa fyrir alllöngu, að það skuli fylgst nákvæmlega og ítarlega með veiðunum frá degi til dags og einnig með þeim svæðum sem hefur verið lokað. Það held ég að sé mjög nauðsynlegt. Ég fagna því að það skuli nú vera brugðið við í þeim efnum.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að það sé svipaður vandi uppi annars staðar í sambandi við rækjuveiðar. Ég held að það séu fá svæði sem eru jafngersamlega háð rækjuveiðum og Húnaflóasvæðið. Ég held að raunverulega verði ástandið alvarlegast hjá þeim sjómönnum er veiðarnar stunda á um 20 bátum, langflestum innan við 30 tonn að stærð. Þessir bátar hafa ekki að öðrum veiðum að hverfa nema gripið verði til sérstakra ráðstafana og einhverra af þeim ráðstöfunum sem ég hef hér bent á.

Vinnslustöðvarnar í landi yrðu líka fljótt hráefnislausar, en það vinna 120–140 manns á svæðinu við Húnaflóa beint við vinnsluna og flest konur.

Í efnahagslegu tilliti yrði um að ræða gífurlegt áfall fyrir svæðið í heild sinni, en áætla má að aflaverðmæti á síðustu vertíð hafi numið um 250 millj. kr. miðað við verð á rækju í dag.

Hér er um stórmál að ræða fyrir Húnaflóasvæðið sem huga þarf fljótt að lausn á. Stjórnvöld verða að láta þetta mál til sín taka sem allra fyrst og skoða hugmyndir heimamanna með velvilja. Ég treysti því raunar að hæstv. sjútvrh. hafi góðan skilning og vilja í því efni.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vona að þm. skilji að það er ekki mjög þægilegt fyrir ráðherra að svara máli sem þessu á tveimur mínútum og eiga síðan að svara varðandi nánast öll málefni rækjunnar á þeim tveim mínútum sem hann síðan fær til umráða. Það verður að bíða seinni tíma.

En ég vitna til upplýsinga sem ég lagði fram í ræðu á fiskiþingi sem hefur verð birt að einhverju leyti og verður væntanlega birt aftur á morgun þó ég vilji á engan hátt komast hjá því að ræða þau mál sem vissulega þarf að tala hér um.

Ég mótmæli því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér, að það væri ekkert verið að gera í ráðuneytinu. Ég upplýsti hvernig hefði verið brugðist við. Við höfum verið í mjög nánu sambandi við aðila á þessu svæði eins og yfirleitt á öllum þessum svæðum þegar upp hafa komið vandamál. Þetta er því miður ekki í fyrsta skipti. Það hafa komið upp mjög alvarleg vandamál við Ísafjarðardjúp, við Öxarfjörð og víðar. Það verður að sjálfsögðu að taka tíma í að leysa þau. Þau verða því miður ekki leyst í umræðum utan dagskrár á Alþingi þó að það sé sjálfsagt að ræða þau og fjalla um þau. Ég vil algerlega mótmæla því að það sé ekkert verið að gera í þessu máli.

Það er búið að lofa því að senda aftur rannsóknarleiðangur. Væntanlega hefur hv. þm. ekki tekið eftir því. Hitt er svo annað mál að það er ekki einfalt að bæta hér um. Þm. þykir kannske sjálfsagt að fara í að opna allan Húnaflóa með trolli og veiða smáþorsk. Það þótti ekki sjálfsagt að gera það á Ísafjarðardjúpi og mæltu allir gegn því. Það mun ekki leysa vandamál þessara byggðarlaga. Að sjálfsögðu þarf að taka tíma í það. Ég veit ekki betur en við séum í stöðugu sambandi við heimamenn sem eru að sjálfsögðu óþolinmóðir og sjá fram á mikil vandamál.

En við erum að reyna að gera okkar besta til að vinna að þessu máli. Það eru fyrir því heimildir í lögum að ef rækjuveiði bregst verði kvóta skipanna breytt að nýju, sem hefur verið gert t.d. að því er varðar Ísafjarðardjúp, en það leysir því miður ekki vandamál þeirra litlu báta sem hafa mjög takmarkaða möguleika til að stunda þorskveiðar á þessum tíma. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina að beita stórum flota á smáþorsk á Húnaflóa. Það verður að liggja ljóst fyrir að þar sé ekki um undirmálsfisk að ræða.

Endurmat á störfum kvenna, fyrri umr.

Þáltill. SDK o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurmat á störfum kvenna, en flm. auk mín eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að nú þegar skuli hafist handa við að endurmeta störf og laun kvenna hjá ríkinu, hvort heldur um er að ræða störf kvenna í félögum ríkisstarfsmanna eða öðrum stéttarfélögum. Alþingi leggur á það áherslu að við slíkt endurmat verði nýtt verðgildi starfa lagt til grundvallar og að umönnunar-, uppeldis- og þjónustuþættir kvennastarfa verði metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Hið nýja starfsmat skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 1987."

Eins og fram kemur í grg. með till. voru árið 1976 fyrst sett lög hér á landi um jafnan rétt kvenna og karla. Í þessum lögum og þeim endurbótum sem á þeim voru gerðar vorið 1985 er skýrt kveðið á um að óheimilt sé að mismuna fólki eftir kynferði hér á landi eða eins og segir í 4. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að „konum og körlum skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf". Því miður taka þessi lög ekki tillit til þeirrar staðreyndar að verðmæti starfa er háð mati hverju sinni og því hafa lögin ekki reynst þess megnug að leiðrétta það kynbundna launamisrétti sem nú viðgengst á vinnumarkaðnum í skjóli verðmætamats sem metur hefðbundin karlastörf hærra en hefðbundin kvennastörf.

Í skýrslu Byggðastofnunar, Vinnumarkaðurinn 1984, sem kom út í febrúar 1986 og er nýjasta skýrsla þeirrar stofnunar um vinnumarkaðinn, kemur fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984. Raunar eru það aðeins 14 ára unglingspiltar og 75 ára karlar og eldri sem fá lægri meðallaun á ársverk en sem nemur meðallaunum allra kvenna.

Einnig kemur fram að konur hópast í ákveðnar starfsgreinar, einkum þjónustu- og umönnunarstörf, og að meðaltekjur kvenna hækka minna með aldri en meðaltekjur karla. Í síðustu kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins var engin tilraun gerð til að endurmeta kvennastörfin sérstaklega eða til þess að hækka konur í launum á einhvern hátt þannig að vísast er útkoman svipuð hvað varðar meðallaun eftir kyni í ár og hún var árið 1984.

Tilgangur þessarar till. er að taka á þessu kynbundna launamisrétti og fá því til leiðar komið að þau störf sem konur inna af hendi verði metin til jafns við þau störf sem karlar stunda. Því er lagt til að nú þegar skuli hafist handa við gagngert endurmat á störfum og launum kvenna, sem hjá ríkinu starfa, og að þeir þættir sem einkum einkenna kvennastörfin, þ.e. umönnunar-, uppeldis- og þjónustuþættir, verði í nýju starfsmati metnir til jafns við ábyrgðar- og frumkvæðisþætti hefðbundinna karlastarfa. Þessir þættir kvennastarfanna, sem margir eru þeir sömu og í hefðbundnum heimilisstörfum, eru vissulega engu síður mikilvægir en þeir þættir karlastarfa sem skila körlum meira en helmingi hærri launum en konum að meðaltali þó mikið skorti á að það sé viðurkennt á borði ekki síður en í orði. Við slíkt vanmat hefðbundinna kvennastarfa verður ekki lengur unað og því er þessi till. flutt.

Ég minni einnig á að á s.l. vori, þegar þáltill. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum var hér til umræðu, komu hv. þm. í ræðustól hver á fætur öðrum til að ítreka mikilvægi þessara starfa. Ég skora á þessa hv. þm. að standa við orð sín og sjá til þess að þeir þættir sem einkenna þessi störf verði metnir að verðleikum í launakjörum

eins og þessi till. kveður á um.

Till. nær eingöngu til þeirra sem hjá ríkinu starfa og er hún hugsuð sem skref í átt að gagngeru endurmati á störfum kvenna á vinnumarkaðnum. Nái hún fram að ganga á hún að geta komið öllum launakonum til góða þar sem samtök launafólks geta á grundvelli hennar samið um sambærilegar leiðréttingar á verðgildi kvennastarfa á hinum almenna vinnumarkaði. Í raun er hér lagt til að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og endurmeti kvennastörfin í sínum eigin ranni með það í huga að slíkt endurmat verði einnig tekið upp á hinum almenna vinnumarkaði.

Hjá ríkinu starfa nú 6000 konur og 3495 karlar í 14 félögum ríkisstarfsmanna. Hjá launadeild fjmrn. fengust þær upplýsingar um skiptingu stöðugilda og yfirvinnu í launaflokka eftir kynjum að á meðal þeirra sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi Bandalags kennarafélaga eru aðeins 83 stöðugildi af 1618 stöðugildum kvenna alls sem ná þeim meðallaunum eða hærri sem körlum innan félagsins eru greidd. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 22% af dagvinnulaunum á móti 48,7% hjá körlum. Innan BHMR eru þau stöðugildi kvenna sem ná meðallaunum karla í félaginu eða þar yfir aðeins 84 af 805 stöðugildum kvenna alls. Yfirvinnugreiðslur til kvenna eru þar 31,7% af dagvinnulaunum á móti 42,1% hjá körlum. Innan BSRB eru það 1116 stöðugildi kvenna af 3945 stöðugildum kvenna sem ná meðallaunum karla innan félagsins eða þar yfir og þar eru yfirvinnugreiðslur til kvenna 32,2% af dagvinnulaunum á móti 65,5% hjá körlum. Í heildina eru það því aðeins 1283 stöðugildi kvenna af 6368 stöðugildum alls eða aðeins um 20% sem ná meðallaunum karla í þessum félögum eða þar yfir og yfirvinnugreiðslur karla eru í öllum tilvikum hærri en til kvenna.

Jafnframt vil ég benda hv. þm. á að lesa vandlega svar fjmrh. við fsp. frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um launagreiðslur starfsfólks Stjórnarráðsins, en það svar er að finna á þskj. 130 og var nýlega dreift hér í þinginu. Þar kemur ítarlega fram hvernig launakjörum kvenna og karla, sem starfa hjá ríkinu, er háttað og má auka þeim upplýsingum við þær upplýsingar sem ég hef hér borið fram.

Að auki starfa hjá ríkinu um 1500 félagar í verkakvennafélögunum Sókn, Framsókn og Framtíðinni, nánast eingöngu konur. Þeim eru greidd laun samkvæmt töxtum þessara félaga en þeir eru meðal þeirra lægstu á landinu. Það er því ljóst að launamunur eftir kynjum er umtalsverður hjá ríkinu og stjórnvöldum skylt að ráða þar tafarlaust bót á vilji þau að tilgangur þeirra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem þau hafa sjálf sett, sé í heiðri hafður.

Tekið skal fram í þessu sambandi að samkvæmt till. teljast til kvennastarfa öll þau störf þar sem konur eru a.m.k. helmingur þeirra sem störfin hafa með höndum. Þeir karlar sem slíkum störfum sinna njóta vitaskuld einnig þeirra kjarabóta sem það endurmat kvennastarfa sem hér er lagt til gæti haft í för með sér.

Hvað varðar framkvæmd till. er eðlilegast að félmrh. skipi starfshóp til að annast verkið í samráði og samstarfi við þau hagsmunasamtök sem hlut eiga að máli. Æskilegast væri að hið nýja starfsmat gæti legið fyrir fyrir lok núgildandi samningstímabils og verið til viðmiðunar við gerð næstu kjarasamninga. Slík tímasetning getur varla talist raunhæf þar sem nú er komið vel fram í nóvember og samningar lausir um áramót og því er lagt til að starfsmatið liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 1987.

Eins og ég sagði áður er það eitt af markmiðum núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að konur og karlar standi jafnt að vígi á vinnumarkaðnum. Raunveruleikinn er þó annar eins og ég hef hér lýst. Með því endurmati á störfum og launum kvenna sem hér er lagt til að framkvæmt verði er leitast við að koma í verk þeirri hugsun, sem í gildandi jafnréttislögum býr, að konum og körlum skuli ekki mismunað eftir kynferði á vinnumarkaðnum. Ég tek það fram í þessu sambandi að nú þegar liggja fyrir nægar upplýsingar um hvernig launakjörum eftir kyni er háttað, bæði hjá ríkinu og eins á hinum almenna vinnumarkaði, þannig að það er ekki nokkur ástæða að fresta því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis á þeirri forsendu að afla þurfi um það frekari upplýsinga.

Á undanförnum árum hefur sú viðbára oftar en ekki verið uppi höfð að þessum málum skuli skjóta á frest þar til fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir. Okkur vantar ekki meiri upplýsingar. Við höfum allar þær upplýsingar sem við þurfum. Það sem nú þarf eru aðgerðir og það er það sem þessi till. gengur út á.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að till. verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif markaðshyggju, fyrri umr.

Þáltill. SvG og RA, 21. mál. — Þskj. 21.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 21 flytjum við hv. þm. Ragnar Arnalds till. til ál. um rannsókn á áhrifum markaðshyggju ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Ég mun nú fara yfir tillöguna, herra forseti, og gera jafnóðum athugasemdir eins og efni hennar gefur tilefni til.

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna þingmannanefnd til að kanna afleiðingarnar af þeirri óheftu markaðs- og gróðahyggju sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur byggt stefnu sína á. Ljóst er að markaðshyggjan — auðhyggjan — hefur sett svip

sinn á allt þjóðfélagið í vaxandi mæli. Ekki aðeins verslunarálagningu og vaxtaokur, heldur hefur stefnan einnig komið fram í öllu lífi fjölskyldnanna, lélegum kaupmætti launa, byggðaröskun og landflótta, öryggisleysi í skólakerfinu og vannýtingu heilbrigðisstofnana langtímum saman.

Nefndin skal einkum beita sér að því að fá svar við eftirfarandi spurningum." Síðan eru taldar upp 14 spurningar sem nefndin eigi að fjalla sérstaklega um:

Í fyrsta lagi er spurt hve mörg nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði fólks hafi farið fram á tímabilinu frá 1. jan. 1984 til þess dags er nefndin lýkur störfum.

Þegar um er að ræða fjölda nauðungaruppboða liggja fyrir ítarlegar tölur um það efni, m.a. hjá borgarfógetanum í Reykjavík, tölur sem ég birti á síðasta þingi í umræðum um húsnæðismál, þar sem kom fram að nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði í Reykjavík einni voru á tímabilinu frá nóvember 1985 til apríl 1986 19 talsins og höfðu aldrei farið fram jafnmörg nauðungaruppboð. Þá hefur það einnig komið fram að tilkynningum um nauðungaruppboð hefur fjölgað mjög verulega í Lögbirtingablaðinu þannig að lengst af hefur það verið þannig á stjórnartímabili þessarar ríkisstjórnar að Lögbirtingablaðið hefur nánast verið dagblað og þannig sameiginlegt málgagn stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., því að það að gefa Lögbirtingablaðið út tvisvar eða þrisvar í viku hefur ekki dugað til að taka við þeim ótíðindum sem stjórnarstefnan hefur leitt yfir heimilin í landinu.

Tölur um þetta hafa einnig birst, en það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta og verðugt verkefni fyrir þá nefnd sem hér um ræðir að fara ítarlega yfir það mál.

Einhverjir kunna að halda því fram að fráleitt sé að kenna ríkisstjórninni um fjölgun nauðungaruppboða. Það er hins vegar á misskilningi byggt. Ástæðan fyrir þessu atriði í till. er sú að sú lækkun launa sem fólst í ákvörðunum ríkisstjórnarinnar vorið 1983, veruleg lækkun launa, hafði það í för með sér að fólk gat ekki tryggt sér húsnæði með sama hætti og áður. Ofan á þetta bættist síðan gífurleg hækkun vaxta í þjóðfélaginu. Það er því augljóst mal að stjórnarstefnan er meginástæðan fyrir þeirri fjölgun nauðungaruppboða sem hefur átt sér stað.

Formaður Framsfl., sem jafnframt er forsrh. landsins enn þá, lýsti því í viðtali við blað sitt Tímann fyrir þremur, fjórum misserum að þessar tilkynningar um nauðungaruppboð væru ekki ævinlega til marks um mikil vandamál. Iðulega væri það trassaskapur sem ylli því að íbúðir fólks lentu á nauðungaruppboði. Það vakti athygli mína í sambandi við yfirlýsingar formanns Framsfl. að tölur um fjölgun tilkynninga um nauðungaruppboð voru langhrikalegastar fyrir Vestfjarðakjördæmi. Ef það hefði átt að taka mark á forsrh., sem ég geri svona eftir hendinni, var ljóst að trassaskapur hefði aukist í Vestfjarðakjördæmi meira en í öðrum kjördæmum landsins. Ég hygg að svo sé ekki. Þar hafi vandi atvinnulífsins ósköp einfaldlega verið meiri eða a.m.k. ekki minni en í öðrum byggðarlögum.

Í öðru lagi segir hér að nefndin eigi að fjalla um verkefnið hve mörg bú hafi verið lýst gjaldþrota eftir 1. jan. 1984 og þar til nefndin lýkur störfum.

Á fyrri hluta þessa árs voru um 750 bú lýst gjaldþrota í þessu landi. Þar var um að ræða mjög verulega fjölgun frá fyrri árum, tvöföldun frá fyrri árum, þannig að hér er einnig um að ræða vandamál sem á sér einhverjar efnahagslegar skýringar. Það er verðugt viðfangsefni að velta því fyrir sér, fyrir þá sem eru að fara í kosningabaráttu fyrir stjórnarflokkana og ætla að biðja kjósendur um að styðja sig, bæði þá sem hafa orðið fyrir nauðungaruppboðunum og þá sem hafa séð á eftir fyrirtækjum sínum í gjaldþrot, og afla sér upplýsinga um hvaða afleiðingar sú stefna hefur haft sem þeir hafa fylgt hér á hv. Alþingi með stuðningi við þá ríkisstjórn sem hér situr. Því miður er það þannig að þó að hér séu margir mætir varaþingmenn í salnum bera þeir einnig þarna verulega ábyrgð. Það á alveg jafnt við um kjósendur í Árnessýslu og Dalasýslu og Reykjavík. Allt þetta fólk hefur orðið fyrir barðinu á stjórnarstefnunni. Og þeir sem hafa skipað sér aftar á framboðslistana í síðustu kosningum þannig að þeir sluppu við að lenda inni á þingi í það skipti bera einnig ábyrgð á niðurstöðum þessarar stjórnarstefnu.

Í þriðja lagi er bent á það sem verðugt verkefni fyrir nefndina að kanna hve mörg rúm á sjúkra- og öldrunarstofnunum hafa verið ónotuð og hve lengi vegna skorts á starfsliði.

Hér er um að ræða eitt alvarlegasta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir á síðustu árum í mjög vaxandi mæli. Fólk fæst ekki til að starfa á þessum stofnunum vegna þess að launin eru lág. Það er einn alvarlegasti vandi launakerfisins í okkar þjóðfélagi í dag að umönnunarstörf hvers konar, hvort sem um er að ræða börn eða aldraða, eru metin lítils. Þetta kemur auðvitað alveg sérstaklega niður á konum sem hafa gjarnan gegnt þessum störfum.

Í fjórða lagi er hér sagt: Hve lengi hafa barnaheimili eða einstakar deildir þeirra lokast vegna skorts á starfsliði, hvaða barnaheimili eru það og hve mörgum börnum hefur verið úthýst vegna skorts á starfsliði?

Þetta á einkum við um Reykjavík. Ég hygg að það sé ekki um að ræða vandamál af þessu tagi jafnalvarleg í öðrum byggðarlögum og í Reykjavík. Það hafa birst tölur um það, m.a. í svari við fsp. okkar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um fjölda barnaheimila í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu. Ég mun hafa einhver ráð með að koma á framfæri leiðréttingum við þeim svörum sem þar birtust vegna þess að þau gefa ekki rétta mynd af veruleikanum. Í Reykjavík hefur það gerst aftur og aftur núna á þessu kjörtímabili að barnaheimili hafa lokast vegna skorts á starfsliði. Svar Dagvistar Reykjavíkur við þessum vanda hefur verið að opna barnaheimilin í Reykja-

vík fyrir börnum starfsfólksins í auknum mæli þó að það tilheyri ekki svokölluðum forgangsflokkum og er útkoman núna orðin sú að börn starfsliðsins taka með þessum hætti upp marga tugi barnaheimilisplássa hér í borg sem er viðbótarvandi við barnaheimilisreksturinn hér.

Það eru mörg dæmi um það í Reykjavík að börn foreldra sem tilheyra svokölluðum forgangshópum, *bæði námsmanna og einstæðra foreldra, hafa orðið* að bíða mánuðum saman og reyndar árum saman og þekki ég af því mörg dæmi á undanförnum mánuðum. Forstöðumaður Dagvistar Reykjavíkur, Bergur Felixson, hefur tjáð mér að vandinn við að vista börn á barnaheimilum í Reykjavík og biðlistar hafi aldrei verið eins hrikalegt vandamál á hans starfstíma og er í dag. Og hvað kemur þetta frjálshyggjunni við? Hvað ætli þetta komi frjálshyggjunni við? Jú, það kemur henni þannig við að meginkennisetning hennar er sú að umsvif opinberra aðila eigi að vera lítil. Það eigi að skera niður skatttekjur opinberra aðila. Og þegar skornar eru niður skatttekjur opinberra aðila kemur það niður á einhverjum. Það kemur m.a. niður á hinni félagslegu þjónustu af hvaða tagi sem hún er. Í Reykjavík hefur þetta komið niður á börnum og öldruðum. Þegar við horfum fram á þá staðreynd að Framsfl. og Sjálfstfl. leggja til að varið verði heilum 20 millj. kr. til byggingar allra barnaheimila á Íslandi á næsta ári, 20 millj. kr., en það er helmingurinn af því sem það kostar að innrétta nýju brennivínsbúðina í Hagkaupshúsinu, sjá menn hvert ríkisstjórnin er í rauninni komin með þessi mál vegna þess að hún hefur ákveðna trúarsetningu, kreddu, sem er að markaðurinn, hin milda hönd markaðarins eigi að leysa allan vanda. En hún leysir ekki vanda þess aldraða fólks sem bíður eftir að komast inn á elliheimili um þessar mundir og hún leysir ekki vanda þeirra fjölskyldna sem núna bíða eftir því að koma börnunum sínum á barnaheimili hér í Reykjavík og víðar.

Í fimmta lagi er hér spurt: Hverju nemur á föstu verðlagi niðurskurður til menningarmála, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, framkvæmda í heilbrigðismálum allt frá 1983 til fjárlaga eins og þau verða samþykkt fyrir árið 1987?

Einnig í þessu efni er um að ræða verulegan niðurskurð til Framkvæmdasjóðs fatlaðra upp á á annað hundrað millj. kr. á þeim tíma sem þessi stjórn hefur setið. Það er sama stjórnin og felldi niður skatt á ferðamannagjaldeyri. Það var m.ö.o. brýnna að fella niður skatt á ferðamannagjaldeyri en að halda uppi eðlilegri þjónustu og framkvæmdum á vegum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Svona eru hlut*irnir settir í forgangsröð á þessum bæ og von* að menn fari út undir slíkum lestri.

Framkvæmdir í heilbrigðismálum hafa verið skornar stórkostlega niður á þessum tíma og framlög til menningarmála hafa aldrei núna á 10–15 ára bili verið jafnlágt hlutfall af þjóðarframleiðslu og þau eru í dag. Einnig þetta er afleiðing af frjálshyggjunni, markaðshyggjunni og þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, að auðmagnið, fjármagnið eigi að hafa frelsið þó að það kosti að það þrengi að fólkinu í landinu.

Í sjötta lagi er spurt: Hverju nemur hækkun vaxta á tímabilinu?

Það er ljóst að nú eru vextir að hækka einmitt þessa dagana og það er talað um að 1% vaxtahækkun yfir línuna þýði 50 millj. kr. byrði fyrir húsbyggjendur í þessu landi. Við erum þeirrar skoðunar, Alþýðubandalagsmenn, að það eigi að setja þak á raunvexti og að stjórnvöld eigi að hafa vald í þeim efnum. Vextir sem fara umfram það mark séu rétt taldir og rétt dæmdir okurvextir.

Í sjöunda lagi er spurt: Hverjir hafa einkum aukið eignir sínar á undanförnum árum að mati nefndarinnar? Engin svör liggja fyrir við þessari spurningu vegna þess að það hefur ekki farið hér fram nein eignakönnun. Þó hygg ég að það sé tiltölulega auðvelt að sýna fram á að sú atvinnugrein sem einkum hefur aukið eignir sínar á síðustu árum séu *milliliðirnir, sé verslunin og að framleiðsluatvinnu*vegirnir hafi að sama skapi tapað verulegum fjármunum svo nemur milljörðum króna. Svar við þessari spurningu hef ég ekki frekar en aðrir, en það væri þess virði að kanna hvernig þetta hefur þróast vegna þess að eignaþróun er eitt gleggsta dæmi sem til er um stefnu stjórnvalda og ég er sannfærður um að hér hefur átt sér stað milljarða tilflutningur á eignum á undanförnum árum.

Í áttunda lagi er spurt: Hver hefur orðið byggðaröskun í landinu frá árinu 1983?

Tölur um þetta efni liggja fyrir úr flestöllum byggðarlögum landsins. Það er veruleg byggðaröskun og fólksflótti. Það er úr sjávarplássunum sjálfum þar sem fólk stendur frammi fyrir því að eignir þess eru orðnar verðlausar og menn komast ekki frá þeim. Þeir sem fara skilja eftir tóm hús víða. Það er í sveitunum. Það eru heilu hrepparnir sem hafa verið lagðir í eyði á síðustu árum.

Það er til sýsla sem heitir Barðastrandarsýsla. Það hefur verið gengið svo nærri henni á síðustu árum að það er með ólíkindum eins og þeir vita sem þekkja til. Það þarf ekki að fara lengra en rétt upp fyrir Borgarfjörðinn til að sjá hvaða afleiðingar þessi stefna hefur haft fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Allt er þetta stefna. Það er útilokað fyrir þá sem hér eru að yppa öxlum og segja: Þetta er ekki okkur að kenna. Það er stefna sem hefur haft þetta í för með sér, tiltekin pólitísk kredda sem menn hafa tekið trú á, jafnvel þótt þeir hafi ekki áttað sig á því, en eins gott að þeir komist að því í tæka tíð fyrir næstu alþingiskosningar áður en þeir fara að biðja fólk um atkvæði í þessum byggðarlögum til að geta haldið áfram að leggja þau í eyði.

Í níunda lagi er spurt: Hve margir eru brottfluttir frá Íslandi umfram aðflutta árin 1984, 1985 og 1986?

Það er ljóst að landflótti er hafinn héðan á ný, verulegur landflótti. Þeir sem þekkja til, t.d. Íslendingar sem starfa eða eru við nám erlendis, þekkja

það viðhorf sem nú er uppi þar hjá þó nokkrum hópi Íslendinga, námsmanna, að þeir treysta sér ekki til að koma heim.

Þegar ég var við nám fyrir allmörgum árum erlendis heyrði það til hreinna undantekninga ef menn ekki ætluðu skilyrðislaust að koma heim að loknu námi. Nú er þetta breytt. Tónninn er allt annar í fólki en var áður. Landflóttinn birtist okkur með þessum hætti á nýjan leik á svipaðan hátt og á viðreisnarárunum 1968–1970. Þannig hefur Framsfl. farið í sama farið og Alþfl. á sínum tíma, að hjálpa íhaldinu við að flæma fólkið úr landinu með þeirri pólitísku stefnu sem fylgt hefur verið.

Í tíunda lagi er spurt: Hve mörgum frystihúsum hefur verið lokað frá 1983 og hver eru þau?

Þetta væri nokkuð fróðlegur listi, einkum fyrir þá sem þekkja til t.d. í Reykjaneskjördæmi þar sem um þetta er að ræða í verulegum mæli.

Ég spyr hér um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja sem væru vissulega verðugt verkefni fyrir þessa nefnd að kanna. Hve margir opinberir starfsmenn hafi sagt upp störfum og hve langan tíma. Sjúkraliðar eru nefndir sem dæmi. Hvernig hefur kaupmáttur kauptaxta þróast frá janúar 1983 til janúar 1986 og hvernig hefur vinnutími þróast á tímabilinu?

Hér eru nefnd fjöldamörg verkefni fyrir þessa nefnd til að fjalla um og ég væri vissulega þakklátur þingheimi fyrir ábendingar um fleiri verkefni vegna þess að ég veit að af nógu er að taka.

Hér er lagt til að fram fari rannsókn á markaðshyggjunni og afleiðingum hennar. Nú kynnu einhverjir að ætla að þetta sé kannske fyrst og fremst verkefni sem við Alþýðubandalagsmenn óskum eftir að verði framkvæmt, en ég trúi því að það séu fleiri á hv. Alþingi sem vildu gjarnan að þessi athugun færi fram og það eigi ekki aðeins við um stjórnarandstöðuna heldur líka stjórnarþingmennina sjálfa. Ég held að það væri ákaflega hollt fyrir þá að fá úttekt á því unna hvert stefna þeirra hefur leitt þjóðina á síðustu árum þannig að þeir geti endurskoðað hana áður en þeir leggja í víking í kosningabaráttunni á næsta ári.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að till. verði vísað til hv. félmn.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég sé mikla ástæðu til að taka undir þann tillöguflutning sem hér á sér stað. Ég hefði að vísu viljað kalla þetta till. til þál. um rannsókn á áhrifum óheftrar markaðshyggju. Markaðshyggja er í eðli sínu ekki slæm en þegar hún verður óheft verður hún alvarleg og hún verður hættuleg hverju þjóðfélagi þar sem hún er tekin upp.

Ég hef gagnrýnt mjög harkalega þá óheftu markaðshyggju sem hefur átt sér stað undir stjórn núverandi stjórnarflokka og hefur verið nefnd öðru nafni „nýfrjálshyggja". Þessi nýfrjálshyggja hefur tröllriðið ýmsum þjóðum Vesturlanda á undanförnum árum og áratugum og með skelfilegum afleiðingum víða. Við skulum líta til Bretlands og athuga hvernig nýfrjálshyggja frú Thatcher hefur leikið þá þjóð á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá að nýfrjálshyggjupostular Sjálfstfl. hafa komið ár sinni svo rækilega fyrir borð í þessu þjóðfélagi að það er hreint með ólíkindum. Ég held að það hljóti að vera sárt fyrir þá sem ég oft kalla hefðbundna sjálfstæðismenn að horfa upp á þessa ungu nýfrjálshyggjupostula Sjálfstfl. æða fram, ná tökum á efnahagslífinu, eins og þeir hafa gert á undanförnum árum, og breyta þessari þjóð, eins og fyrri ræðumaður talaði um, í þjóð sem í góðæri verður vitni að því að hjá henni verður stórfelldur landflótti.

Það vildi svo til að ég reiknaði með annarri utandagskrárumræðu í dag um vanda íslenskra húsbyggjenda. Ég gerði það þess vegna að gamni mínu og til upplýsingar fyrir þingheim að taka saman fjölda nauðungaruppboða, sem hafa átt sér stað hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík á þessu ári, og bera saman síðustu árin. Þá kemur í ljós að það sem af er þessu ári eru nauðungaruppboð á eignum í Reykjavík, íbúðarhúsnæði fólks, 43 það sem af er árinu og árið er ekki liðið. (**Gripið fram í:** Út október.) Út október. Árið 1985 voru 28 eignir seldar á nauðungaruppboðum og er þá átt við íbúðarhúsnæði. Árið 1984 er talan 13. Árið 1983 er talan 6. Árið 1982 7. Árið 1981 6. Það hefur verið látlaus stígandi í nauðungaruppboðum á þessum árum og menn geta getið sér til um hvers vegna.

Fjármagnstilfærslan, sem hefur átt sér stað í þessu þjóðfélagi frá launafólkinu til fjármagnseigenda, er með slíkum ólíkindum að menn hafa talað um að hér í landinu lifi nú tvær þjóðir og að hér hafi því miður átt sér stað stéttaskipting í efnalegu tilliti — í því þjóðfélagi sem hefur státað af því undanfarna áratugi að vera stéttlaust!

Ég spurðist líka fyrir um gjaldþrotaskipti og þar verða tölurnar enn þá skelfilegri. Skiptaráðandinn í Reykjavík hefur fengið fram til 17. þ.m., til dagsins í dag, samtals 797 beiðnir um gjaldþrotaskipti. Hann reiknar með því að þessar beiðnir verði um eða yfir 1000 á þessu ári.

Við skulum aðeins líta aftur í tímann. Árið 1985, allt árið, voru þær 762. 1984 voru þær 527. 1983 dettur talan niður í 246. 1982 210 og 1981 195. Miðað við að beiðnirnar verði 1000 á þessu ári hafa þær fimmfaldast frá árinu 1982, beiðnir um gjaldþrotaskipti. Þetta segir mér í raun og veru miklu meiri sögu en flest annað sem er að gerast í kringum okkur í dag um það hvernig hið eiginlega ástand er. Þetta segir mér þá sögu fyrst og fremst að almenningur í þessu landi, launafólkið, fólkið sem er að berjast fyrir því að halda íbúðarhúsnæðinu sínu, sé orðið svo hart keyrt að við vitum ekki hálfan sannleikann í því máli.

Það er af þessum ástæðum og mörgum, mörgum öðrum að ég tek eindregið undir þessa tillögu. Það er vegna þess að ég tel að hér hafi verið gerð þvílík atlaga að velferðarkerfi sem hefur tekið verkalýðshreyfingu og alþýðu þessa lands áratugi að byggja upp að annað eins hafi ekki gerst frá því að ég fór að

fylgjast með pólitík fyrir u.þ.b. 30 árum.

Ég vil minna á hvað er að gerast í heilbrigðiskerfinu. Hvað er að gerast á barnadeild Landspítalans þar sem foreldrar verða að fara heim með börn sín á kvöldin vegna þess að það er ekki til fólk til að fylgjast með þeim á næturnar? Það fæst ekki. Launin eru svo lág. Þar standa sjúkrarúmin auð vegna þess að læknar eru ekki nægilega margir til þess að fylgjast með og hjúkrunarfólkið ekki heldur.

Eigum við að líta á öldrunarmálin, hvernig er staðan þar? Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar er með 1100 manns á biðlista um aðstoð af ýmsu tagi.

Eigum við að hyggja dálítið að menntakerfinu og athuga hvernig hefur verið ráðist á það? Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl., á flokksráðsfundi Sjálfstfl. á dögunum að hann talaði um og taldi það flokki sínum og ríkisstjórninni til ágætis að það hefði verið aukið dálítið fjármagnið í Kvikmyndasjóð. Það var þáttur í eflingu menningar á Íslandi. Ég get tekið undir það. Það var þáttur í eflingu menningar á Íslandi, enda skrifuðu nokkrir af helstu kvikmyndaframleiðendum landsins upp á beiðni til kjósenda Sjálfstfl. að styðja aðstoðarfjármálaráðherrann í prófkjöri í Reykjavík.

Annað sem hefur gerst á menningarsviði kem ég ekki auga á nema að það væri um að ræða frjálst útvarp sem hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. státaði af.

Þetta eru nokkur dæmi um hvernig komið er fyrir okkur undir þessari ríkisstjórn. Þessi ríkisstjórn státar jafnframt af því að hafa gert þessa hluti nokkurn veginn fyrir sína eigin peninga að manni skilst, þ.e. að ástandið hafi verið bætt fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar. En það er allt annað sem hefur gerst. Það eru náttúruöflin sem hafa gripið í taumana plús verkalýðshreyfingin sem tók völdin af stjórninni við gerð síðustu kjarasamninga. En þessari ríkisstjórn hefur tekist að ráðast meir og betur gegn íslensku velferðarkerfi en nokkurri annarri ríkisstjórn sem ég man eftir.

Það er hægt að styðja þetta mörgum, mörgum fleiri rökum og það er í rauninni skelfilegt að í jafnlitlu landi, þar sem samhjálp, samhygð, félagshyggja þarf að vera jafnsterk og hér til þess að við komumst af, að hin óhefta markaðshyggja skuli fá að brjóta niður það velferðarkerfi, það velferðarsamfélag sem við höfum búið til, í eins ríkum mæli og núverandi ríkisstjórn hefur gert. Þessi ríkisstjórn þarf að fara frá.

Herra forseti. Ég styð eindregið þessa till.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Ég kem ekki upp til að færa fram varnir fyrir nýfrjálshyggjuna í Sjálfstfl., sem Árni Gunnarsson talaði um, en ég kem hins vegar upp til að vekja athygli á að það kann að vera að það séu dregnar vitlausar ályktanir af þeim tölulegu staðreyndum sem Árni Gunnarsson fór með áðan varðandi fjölda nauðungaruppboða og gjaldþrotaskipti.

Í fyrsta lagi skiptir máli að fyrir nokkrum árum var sett ákveðið tryggingargjald varðandi gjaldþrotaskipti sem var á þeim tíma nokkuð hátt. Þá fækkaði gjaldþrotaskiptum mjög verulega vegna þess að menn fóru ekki almennt út í að biðja um skiptameðferð á einstaklingum eftir að gerð hafði verið árangurslaus aðför nema þeir teldu töluverðar líkur að sú skiptameðferð bæri árangur. Vegna verðbólguþróunar um nokkurt skeið hefur þetta tryggingargjald nánast orðið að engu sem hefur aftur gert það að gjaldþrotaskiptabeiðnum hefur fjölgað til muna.

Við skulum líka gera okkur grein fyrri því að áður en kemur til skiptameðferðar er sú krafa sem skiptameðferð byggist á venjulegast orðin a.m.k. eins og jafnvel tveggja ára gömul áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Þegar við erum að tala um gjaldþrotaúrskurði vegna 1986 er það venjulegast afleiðing af fjárskuldbindingum sem hafa átt sér stað á árinu 1984 eða jafnvel fyrr. Þannig getum við ekki, miðað við þessar upplýsingar, hygg ég, dregið þá ályktun að gjaldþrotaskiptabeiðnirnar einar og sér beri vitni um eitthvað sérstakt hvað markaðshyggjuna snertir eins og síðasti ræðumaður vildi vera láta.

Varðandi fjölda nauðungaruppboða er ljóst að þeim hefur fjölgað, en ég vek athygli á því líka að hvað þau varðar tekur u.þ.b. eitt ár og jafnvel lengri tíma frá því að uppboðsbeiðni er send þangað til nauðungarsala á sér stað þannig að venjulegast er fjárskuldbindingin vegna þeirrar nauðungarsölu u.þ.b. tveggja ára eða jafnvel eldri. Þetta held ég að menn verði að hafa í huga ef menn ætla að nota þessar tölur og byggja einhverjar staðhæfingar á þeim.

Ég hygg að það sé hins vegar ljóst varðandi fjölda nauðungaruppboða að það stafar að hluta af því að fleiri og fleiri hafa ekki ráðið við þau verðtryggðu lán sem í síauknum mæli eru notuð til kaupa og sölu á fasteignum. Ég hygg að vandamál þeirra sem keyptu á sínum tíma á árunum 1983–1984 hafi komið sérstaklega fram þegar verðbólgan fór af stað á nýjan leik og þar af leiðandi samsvarandi vísitölur. Á sama tíma gerðist það að verð á fasteignum hækkaði ekki á Reykjavíkursvæðinu, en slík þróun hafði ekki átt sér stað um mjög langt árabil. Þessi nánast verðstöðvun á fasteignum, sem varð á markaðnum, gerði að verkum að áhvílandi lán á eignunum fóru iðulega fram yfir mögulegt söluverð á þessum eignum þannig að í mörgum tilvikum var um ekkert annað að ræða en nauðungarsölu vegna þess að fólkið sem hafði keypt og átt litla peninga þegar af stað var lagt réði hreinlega ekkert við málið. Ég hygg því að í sjálfu sér segi þessar tölur okkur mjög litla sögu og mundu þarfnast mun nákvæmari könnunar á ýmsum þáttum til hliðar við þetta til þess að hægt væri að draga einhverjar almennar ályktanir af þeim.

Ég get hins vegar tekið undir það með síðasta ræðumanni, sem mér heyrðist hann segja, að hann

væri ekki á móti markaðshyggju en hins vegar væri hann á móti óheftri markaðshyggju. Ég lýsi mig algerlega sammála þeim sjónarmiðum. En þá er spurningin um hvernig á að bregðast við óheftri markaðshyggju. Það gerist fyrst og fremst með því að byggja upp ákveðnar varnaraðgerðir þeirra sem veikari eru á markaðnum hverju sinni og það gerist fyrst og fremst með því að hið virðulega Alþingi gefi meiri gaum að hlutum eins og t.d. neytendastarfi og neytendavernd.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni og hv. 4. þm. Reykv. Jóni Magnússyni, en ábendingar hans voru góðra gjalda verðar og eru í raun og veru til marks um að það er nauðsynlegt að þetta mál sé skoðað betur eins og hér er gerð tillaga um, að rannsóknir fari fram á áhrifum markaðshyggjunnar, eða óheftrar markaðshyggju ef menn vilja orða það þannig frekar, m.a. með því að fara yfir ástæður nauðungaruppboða og gjaldþrotabeiðna eins og þetta tvennt hefur þróast á undanförnum árum. Ég hygg að það sé hárrétt, sem hv. þm. Jón Magnússon sagði, að þetta þarfnast nákvæmari könnunar, en til þess er einmitt till. flutt þannig að það voru bersýnilega mistök að bjóða ekki einhverjum þm. Sjálfstfl. að flytja till. með mér.

Það er hins vegar rétt, sem hv. þm. Jón Magnússon segir, að þær fjárskuldbindingar sem valda nauðungaruppboðum eru yfirleitt tveggja ára gamlar a.m.k. eða svo, en kaupið sem fólk á að borga með nauðungaruppboðin og kröfurnar er yfirleitt ekki tveggja ára gamalt. Það er svona mánaðar gamalt eða svo. Og kaupið lækkaði. Þegar kaupið lækkar og vextirnir hækka er auðvitað erfiðara að borga en áður.

Um þessi mál og þróun þeirra eru til margar óyggjandi tölur, tölur sem þarf ekkert að deila um og tölur sem þarf ekki að velta fyrir sér af hverju hafa hlotist. Gleggsta heimild sem ég sé um þessi efni eru árlegar skýrslur Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar gefur út árlega skýrslur um fjölda þess fólks sem leitar til stofnunarinnar og samkvæmt þeim tölum sem komu fram í skýrslu Félagsmálastofnunar fyrir árið 1985 fjölgaði þeim sem leituðu til Félagsmálastofnunar og fengu þar fyrirgreiðslu úr um 1800 manns árið 1982 upp í 2240 manns árið 1985, fjölgaði sem sagt um 400 á þessum tíma því fólki sem leitar ekki til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar nema til þrauta-, þrauta-, þrautavara. Á vegum þess fólks sem leitaði til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, en þið vitið hvaða upphæðir það eru sem skjólstæðingar Félagsmálastofnunar fá á mánuði, hv. þingheimur veit kannske að það eru innan við 15 þús. kr. á mánuði, — á vegum þessa fólks voru 1998 börn á árinu 1985. Ætli þurfi nokkuð frekari vitna við um það á hverju og hverjum þessi stefna er að bitna um þessar mundir? Það eru líka börn. 2000 börn eru á vegum einstaklinga sem leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar.

Það er einnig fróðlegt í þessu sambandi, vegna þess að það eru engar tæknilegar tölur sem lög eða reglugerðir hafa haft áhrif á með svipuðum hætti og tölurnar um gjaldþrotin, að skoða tölurnar um málefni aldraðra í Reykjavík sem hafa t.d. birst í Alþýðublaðinu að undanförnu, ákaflega sláandi tölur. Það segir í Alþýðublaðinu 28. okt. s.l. að það eru 1100 Reykvíkingar á biðlista eftir plássum fyrir aldraða, 1100 manns. Þar af eru 300 sem sérfræðingar og starfslið borgarinnar kalla bráðatilfelli. 300 aldraðir! Samt er það þannig að dregið hefur verið verulega úr framkvæmdum í þágu aldraðra. B-álma Borgarspítalans hreyfist varla. Þetta eru afleiðingarnar af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið. Það er rétt, sem hv. þm. Jón Magnússon sagði, að það þarf auðvitað að draga úr því með einhverjum ráðum að þessi stefna nái fram að ganga. Besta leiðin í þeim efnum er auðvitað að Sjálfstfl. fái sem minnst fylgi.

Þessi tvö dæmi, um nærri 2000 börn og gamla fólkið, 300 á biðlista, segja sína sögu. Aðeins þetta fólk, sem hér er talað um, annars vegar börnin um 2000, hins vegar skjólstæðingarnir um 2000, síðan aldraðir á biðlistum um 1100, samtals gerir þetta 5500 nanns í þessu byggðarlagi. Þetta er álíka fjöldi og í heilum kjördæmum utan Reykjavíkur. Þetta fólk týnist kannske í manngrúanum hér í Reykjavík og það er sjaldan sem talað er fyrir þetta fólk af nægilegum krafti. Og það er sjaldan sem menn fást til að gefa sig að því verkefni, sem okkur ætti að vera skyldast af öllu, að sjá um að þetta fólk geti allt haldið sjálfsvirðingu sinni og staðið upprétt því að um það snýst það starf, ef við viljum taka mark á því, sem við erum hér á hv. Alþingi að reyna að vinna.

Ég held að þær umræður sem hér hafa farið fram hljóti að leiða menn í allan sannleika um að hér er þarft mál á ferðinni. Ég þakka undirtektir hv. þm. og vænti þess og vona að undirtektir hv. þingnefndar verði jafngóðar og hér hafa birst í dag.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg um þessa till. þó að flm. sé e.t.v. búinn að segja sitt síðasta orð í bili. Ég tek undir efni þessarar till. Mér þykir það ákaflega brýnt að menn reyni að gera sér grein fyrir því hver áhrif þeirrar stjórnarstefnu eru sem hér hefur ríkt undanfarin bráðum fjögur ár því að ég held að þau séu ákaflega alvarleg.

Sú stefna hefur ríkt í íslensku samfélagi frá öndverðu að samfélaginu og þegnunum bæri að taka ábyrgð á þeim sem á einhvern hátt eiga við vanda að stríða. Þær hugmyndir eru vissulega í samræmi við það sem stundum er kallað kristilegt siðgæði. Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Á undanförnum áratugum hafa ýmsar hreyfingar, svo sem verkalýðshreyfingin,

kvennahreyfingin og ýmsar félagshreyfingar, stuðlað að því að byggja hér upp velferðarkerfi, kerfi sem tryggir þegnunum sem jafnasta stöðu og kemur til aðstoðar ef eitthvað bjátar á.

En á undanförnum árum hafa átt sér stað ákaflega alvarlegir hlutir á Íslandi að *mínu dómi*. Ég lýsi því í sem stystum orðum þannig að leiftursóknarstefnunni, sem sett var fram árið 1978, hafi verið komið í framkvæmd hér á undanförnum árum. Hún felst í því að sauma sem fastast að þeim sem halda uppi velferðarkerfinu, þeim sem starfa í því í þeim tilgangi að hrekja fólk út úr heilbrigðiskerfinu, út úr skólunum og út í einkarekstur. Eitt nýjasta dæmið um þetta eru hugmyndir bæði meiri hluta borgarstjórnar í Reykjavík og *menntmrh.* um að breyta nú lögum um dagvistarmál. Það var nýlega samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur eða borgarráði a.m.k., ég er ekki viss um að það sé búið að samþykkja það í borgarstjórn, að dagvistarmálin fari alfarið í hendur borgarstjórnarinnar. Það þýðir að dagvistarmálin verði þar með tekin undan eftirliti ríkisins eða að dagvistarmálin eigi að heyra undir ákveðin lög sem gera kröfu til vissrar þjónustu og aðbúnaðar barna.

Allt ber þetta að sama brunni, þessum leiftursóknarhugmyndum Sjálfstfl. sem hafa náð allt of langt. Það er einmitt spurning dagsins hvernig eigi að bregaðst við þessum hugmyndum og til hvaða ráða verður gripið á næstu mánuðum til að stöðva þessa stefnu.

Ég vil geta þess líka, af því að hér urðu umræður um nauðungaruppboð og húsnæðismál, að hvernig sem hægt er að túlka slíkar tölur er þó eitt víst að mun fleiri eiga í erfiðleikum með að standa við sínar skuldbindingar en áður. Það sést í Lögbirtingablaðinu og á þeim háu tölum sem voru raktar áðan.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það blasir við að íslenska þjóðin er að eldast. Það er stöðug fjölgun í eldri árgöngum. Og varla getur það þýtt að lífskjör Íslendinga séu á niðurleið. Við erum ekki með hæstan meðalaldur í heimi. Við erum númer tvö. (**GJG:** Hæstan meðalaldur kvenna.) Þannig er ástandið. Samt stendur hv. 3. þm. Reykv. upp og talar eins og himinn og jörð séu að farast vegna þess að gamalt fólk á Íslandi búi við að manni skilst svo miklu verri aðstæður en úti í heimi.

Hv. 7. þm. Reykv. vekur athygli á því að við séum með hæstan meðalaldur kvenna. Ekki veit ég hvort þetta er út frá jafnréttissjónarmiðum sett hér fram. En það er mikill munur á því hvort hér séu erfiðleikar og vandamál sem þarf að leysa á þessu sviði. Ég get alveg tekið undir að það er margt sem er að, en mér finnst skrýtið þegar málflutningurinn er á þann veg að það væri miklu líklegra að ástandið væri hér á þann veg að við værum með einhvern lægsta meðalaldur sem þekktist á Vesturlöndum, eftir málflutningnum að dæma.

Ég hygg að þegar menn halda því fram að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi tekið upp leiftursóknina og komið henni í höfn hafi menn gleymt að takmarkað atvinnuleysi eða visst atvinnuleysi var ein af grunnhugmyndum þeirrar stefnu. Með því að gera hæfilega marga Íslendinga atvinnulausa væri hægt að beygja hina til að vera til friðs. Þetta var hugsunin á bak við þessa stefnu. Var þetta það sem ríkisstjórnin gerði? Nei. Hún leitaði eftir víðtæku samkomulagi með aðilum vinnumarkaðarins um aðgerðir. Ég ætla ekki að færa einum né neinum heiðurinn af því að þessir aðilar náðu saman, en ég fagna því að það tókst. Ég skil ekki þann hugsunarhátt þegar menn telja að það sé leiftursóknin sem verið er að framkvæma þegar það er alger andstæða hennar í þessum efnum sem verið er að framkvæma, þ.e. leið samkomulags í staðinn fyrir að ætla að svínbeygja annan aðilann í duftið.

Við höfum búið við miklar sviptingar í stjórn þessa lands og það hefur stundum verið siglt hátt í þeim efnum. Ég er ekki viss um að jafnvel þó hv. 3. þm. Reykv. hefði verið ráðherra áfram hefði hann treyst sér til að halda áfram þeirri siglingu sem var uppi í lok þess tímabils sem hann sat í ráðherrastól. Ég hygg að hann hefði lagt til að það yrði örlítið rifað. Ég skil út af fyrir sig vel að þeir séu sumir orðnir óþreyjufullir að bíða eftir nýjum alþingiskosningum. Það byrjaði nú mjög skjótt sá áróður að það væri nauðsyn að hafa alþingiskosningar strax og þær yrðu í síðasta lagi — ja, alltaf næsta sumar, var sagt. Nú liggur alveg ljóst fyrir að þingkosningar eru fyrir stafni. En það blasir engu að síður við að ekki er víst að allir verði jafnhressir, hvorki stjórnarflokkar né aðrir, þegar þær fara fram.

Ég tel að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi það sér helst til ágætis að hún hefur tekið á vissum vandamálum. Það er ábyggilegt t.d. að það samkomulag sem gert var í vetur varðandi húsnæðismál á eftir að verða til hagsældar fyrir þjóðina í framtíðinni. Hér aftur á móti setja menn hlutina fram á þann veg eins og gert er með spurningu nr. 10: „Hve mörgum frystihúsum hefur verið lokað frá 1983 og hver eru þau?“

Er það tala frystihúsanna í landinu sem skiptir höfuðmáli? Er ekki hin raunverulega spurning sem skiptir máli: Er atvinnuleysi í landinu? annars vegar og hins vegar: Hefur framleiðslan dregist saman? Er það virkilega svo að að sé talan sem skiptir máli? (**SvG:** Flyttu brtt.)

Það er vel að sá samkomulagsvilji er uppi að hv. flm. leggur til að það verði flutt brtt. við hans eigin till. við frumumræðu um málið. Ef ég ætti sæti í umræddri þingnefnd mundi ég vafalaust ekki setjast á það að sumt af þeim rannsóknaratriðum sem hér er óskað eftir færi í gegn til skoðunar. En ég held aftur á móti að það sé ekki rökrétt að gera ráð fyrir því, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að allir þeir eyrnamerktu tekjustofnar í íslenskum lögum sem eru í dag geti farið til þeirra verkefna sem lögin gera ráð fyrir. Ég bendi á að hv. flm. var ráðherra í ríkisstjórn þar sem klásúlan var inni um að þrátt fyrir ákvæði þessara laga skyldi við ákvörðun um

fjárlög ýmsir hlutir skornir niður.

Herra forseti. Ég skal ekki verða til að misbjóða þolinmæði forseta og mun ljúka máli mínu.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hygg að ræða hv. 5. þm. Vestf. hafi sýnt glöggt að hér er brýnt mál á ferðinni. Það er nauðsynlegt að þessir hlutir verði rannsakaðir ofan í kjölinn. En það var í rauninni ákaflega athyglisvert að það skyldi vera þm. af Vestfjörðum sem reis upp til að andmæla þessari till., einmitt frá Vestfjörðum. (**KP:** Hann er ekki búsettur þar.) Maður skyldi ætla að hann þekkti þar þó til, hv. þm. Karvel Pálmason. Ég veit að hann gerir það. Ég hefði þó haldið að það væri ekki sú gullöld og gleðitíð uppi á Vestfjörðum, t.d. í hans fæðingarsveit, að það væri ástæða til að hrópa fagnandi á afrek ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar úr þessum ræðustól. Ég hygg satt að segja að það séu fá byggðarlög á Íslandi sem hafi orðið eins hrottalega fyrir stjórnarstefnunni og pláss sem heitir Suðureyri við Súgandafjörð þar sem fólk hefur yfirgefið íbúðarhús sín í stórum stíl. Fyrir liggur að íbúum fækkar á skömmum tíma úr 420 í 350 í þessu eina plássi. Ég nefni þetta pláss til að sýna hv. þm. alla sanngirni vegna þess að ég veit að hann þekkir þarna betur til en annars staðar og getur betur varið sig á þessum slóðum en kannske annars staðar. (**ÓÞÞ:** 350 sagði ræðumaður.) Hér er auðvitað um hrikalega fækkun íbúa að ræða í þessu byggðarlagi, hrikalega fækkun íbúa, og þetta eru tölur sem komu fram á fundi sem ég sat ásamt hv. þm. um húsnæðismál á Suðureyri s.l. vor og hann mótmælti þeim þá ekki.

Ég vil aðeins, herra forseti, af því að ég hef ekki leyfi til að tala lengi, benda á þann hálfkæring sem kemur fram í máli hv. þm. Öldruðum fjölgar, segir hann, og þó að ríkisstjórnin hafi verið vond er meðalaldur hár á Íslandi. Ja, þakka skyldi að Steingrímur Hermannsson og ríkisstjórn hans skuli ekki hafa lagt að velli áhrif fúkkalyfjanna og nútímalæknisvísinda með svo að segja einu höggi. Þvílíkt og annað eins. (**ÓÞÞ:** Eru það fúkkalyfin sem hafa lengt meðalaldurinn?) Nútímalæknavísindi hafa m.a. átt hlut í því að lengja hér meðalaldurinn. (**ÓÞÞ:** Eru þau ekki kunn í Rússlandi?) Ég þekki ekki svo vel til þar. Hv. þm. getur kannske frætt mig betur um það en ég kann á. Hins vegar gæti hann kannske spurt hæstv. forsrh. um hvernig þetta er í Kína eða í Svíþjóð eða á Grænhöfðaeyjum svo að ég nefni þrjá nýjustu lendingarstaði hans.

Ég skora á hv. 5. þm. Vestf. að taka þessari till. vel eins og aðrir hér hafa gert og vera ekki að drepa málinu á dreif með útúrsnúningum. Það er alveg óþarfi. Hér er um að ræða mál sem hefur verið ágætlega tekið í af fulltrúum þriggja þingflokka og hv. þm. taldi að það mætti laga eina spurninguna aðeins frá því sem þarna er. Ég vil koma til móts við hv. þm. að þessu efni til og fallast á hans ábendingar og skora á hann að skipa sér í þá sveit sem rannsakar áhrif frjálshyggjunnar, m.a. á byggðarlagið Vestfirði og kannske einkum og sér í lagi á Suðureyri í Súgandafirði sem mætti út af fyrir sig rannsaka alveg sérstaklega í þessu efni. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. hafi neitt á móti því.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í handbók sem þm. hefur verið send frá Sambandi ísl. sveitarfélaga segir svo um mannfjölda á Suðureyri að þar séu um 418 íbúar.

Það er rétt að Ögmundur Jónasson o.fl. boðuðu til almenns fundar á Suðureyri. Þeir tilkynntu okkur í lok ræðu, þeim þm. sem þar mættu, að ætlunin væri að láta okkur skjálfa fram á haustið. Þá ætluðu þeir að boða aftur til fundar ef engar úrbætur hefðu verið gerðar. Til þess fundar hefur ekki verið boðað. Ég hygg að hver sem skoðar það af nokkurri sanngirni viti að m.a. á Suðureyri hafa hlutir verið að snúast til betri vegar í erfiðri stöðu.

Ég tel aftur á móti að hv. 3. þm. Reykv. geri sér illa grein fyrir því hver sé ástæðan fyrir langlífi þessarar þjóðar. Ég hef ekki neitt í höndunum sem segir að það séu fúkkalyfin. Ég veit ekki betur en þeir hafi fúkkalyf á Norðurlöndum líka, Svíarnir, Danirnir og Norðmenn. Kannske gefa þeir búfé of mikið af fúkkalyfjum. Standa læknavísindin framar á Íslandi en annars staðar í heiminum? Ja, það eru stórtíðindi ef svo er. Ég segi það bara. Það eru stórtíðindi. Ég ætla ekki að gera lítið úr íslenskum læknum. Ég veit að það eru hinir hæfustu menn.

En sannleikurinn er sá, hvort sem hv. þm. vill viðurkenna það eða kýs að stinga höfðinu í sandinn, að það hefur tekist að skapa á Íslandi það velferðarþjóðfélag sem hefur skilað þessum árangri. Þó að menn séu utan stjórnar þýðir ekki að fyllast slíkri heilagri reiði í garð þeirra sem stjórna landinu að það verði nánast myrkur um hábjartan dag eins og hjá Axlar-Birni forðum og þeim finnist að allt sé að farast.

Ég held að sú hugsun sem kemur fram um nýtingu sjúkrastofnana, það megi vissulega um það deila eins og fleira, hvort það er rétt stefna í heilbrigðismálum að leggja mest upp úr sjúkrarúmunum eða fara í fyrirbyggjandi aðgerðir í miklu ríkari mæli en gert er. Og ég er sannfærður um það að þróunin verður sú í framtíðinni að það verður lögð rík áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir en ekki hitt að beina umræðunni inn á þá braut hvort sjúkrarúmin eigi að vera nýtt til hins ýtrasta. En ef málflutningurinn er af þeirri nákvæmni, sem hér kom fram, að það er sagt að í sveitarfélagi búi 350 manns, þegar hagskýrslur tala um 418, þá er náttúrlega ekki skrýtið þó útkoman verði dálítið undarleg.

Flm. (Svavar Gestsson:)

Herra forseti. Ég þakka þolinmæði hæstv. forseta og vil benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á að lesa opinberar tölur sem liggja fyrir um þróun íbúafjölda á Suðureyri við Súgandafjörð frá síðustu árum en þeim hefur fækkað úr nokkuð á sjötta hundrað þegar þeir voru flestir og, samkvæmt þeirri tölu sem

hann las upp hér áðan, niður í liðlega 400. Þessi afrek liggja fyrir og ég endurtek tilboð mitt um að rannsóknin á áhrifum frjálshyggjunnar og markaðshyggjunnar beinist fyrst og fremst að byggðarlaginu Suðureyri við Súgandafjörð.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Oft hefur nú verið þörf á leiðréttingu. En hafi íbúum við Súgandafjörð fækkað nokkuð á sjötta hundrað eins og hér kom fram þá hafa þeir verið yfir þúsund. (**SvG:** Þetta er útúrsnúningur.) Yfir þúsund samkvæmt einfaldri stærðfræði og ég vil óska eftir því að hv. 3. þm. Reykv. *stundi heimanám áður en hann tekur til að* fræða þingheim á þann veg sem hann er hér að gera. (**SvG:** Þetta er ómerkilegur útúrsnúningur.)

Nýting sjávarfangs, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 135. mál. — Þskj. 141.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Hér er lögð fram till. til þál. um aukna nýtingu sjávarfangs. Flm. álykta að Alþingi skori á ríkisstjórnina að beita sér fyrir ráðstöfunum til að efla fullnýtingu sjávarafla, m.a. með því að auðvelda aðgang fiskiðnaðarins að áhættufé.

Í ítarlegri grg. benda flm. m.a. á eftirfarandi leiðir til að stórauka útflutningsverðmæti sjávarfangs:

1. Veita fiskiðnaðinum betri aðgang að áhættufé til fjárfestingar í úrvinnslu.
2. Auka aðstoð við vöruþróun og búa fyrirtækjum aðstöðu til hennar.
3. Stórefla markaðsleit.
4. Hvetja fyrirtæki til að leggja aukinn hluta veltu í tilrauna- og þróunarverkefni, til dæmis með framlögum ríkisins á móti eigin fé fyrirtækja.
5. Og síðast en ekki síst að hvetja útgerðarfyrirtæki og sjómenn til að sinna þessum hlutum.

Á tímum harðnandi samkeppni á mörkuðum heimsins, og sýnt þykir að sá sem ver bæði fjármagni til vöruþróunar og markaðssetningar verði sá sem sér og sigrar, er full ástæða fyrir okkur Íslendinga að huga sérstaklega að þeirri atvinnugrein sem ræður langmestu um lífsafkomu þjóðarinnar í bráð og lengd. Það kom fram á dögunum að t.d. Danir eru að taka sér tak hvað vöruþróun og markaðssetningu varðar á afurðum sjávarins og setja sér langtímamarkmið og ríkið veitir miklum upphæðum inn í sjávarútveginn þar í þessu skyni.

Þessi þáltill. beinist fyrst og fremst að aukinni nýtingu sjávarfangs, að menn átti sig á þeirri staðreynd að margt af því sem nú fer forgörðum, og reyndar er hent í hafið aftur, eru verðmæti sem gætu stóraukið tekjur þjóðarbúsins. Sóunin í heiminum er mikil og við erum sífellt að reka okkur á það að ýmislegt sem þykir einskis virði í dag er á öld tækninnar orðið að verðmætum á morgun. Ef við t.d. áttum okkur á stærðum í þessu sambandi þá er t.d. árlega hent a.m.k. 60 þús. tonnum af efni af togurunum einum saman sem úr mætti vinna bæði lýsi og mjöl. Um 20% af afla skuttogara fer útbyrðis sem slóg. Um 60% af afla frystitogara fer útbyrðis í vinnslunni um borð. Af þorskafla okkar Íslendinga fara einungis 40% í verðmæta útflutningsvöru en afgangurinn fer í gúanó eða er hent. Nú er það ljóst að til eru þekktar vinnsluaðferðir til að vinna verðmæta vöru úr nær öllu því sem hent er og oft eru markaðir fyrir hendi.

Flutningsmenn nefna í grg. dæmi um framleiðslu sem *lítið er um hér en gæti gefið stóra markaði með* háu verði. Er þar ekki síst að nefna gæludýrafóður sem gerir kröfur um mikil gæði og stöðugt og vaxandi framboð. Enn fremur t.d. fiskeldisfóður, kraftur og bragðefni, sem er mikil eftirspurn eftir á heimsmarkaði, svo og súrími og ensímvinnsla. Flutningsmönnum er ljóst að t.d. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á fullnýtingu sjávarafla og gert raunhæfar vinnslutilraunir og þróað ýmsar nýjungar. Svo það góða starf nýtist verða stjórnvöld að veita fiskvinnslufyrirtækjum fjárhagslega aðstoð og fyrirgreiðslu. Slíkir peningar munu skila sér fljótt í gjaldeyri til baka. Vöruþróunin og vinnsla sjávarafla verður ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Stjórnvöld þurfa að skapa skilyrði fyrirtækja til að gera markaðskannanir og ráðast í vöruþróunarverkefni, m.a. í samvinnu við opinberar stofnanir. Enn fremur er ljóst að fyrirtæki sem hafa tæknimenntaða menn á sínum snærum sinna vöruþróun best. Efling menntunar, fjárhagsleg hvatning til fyrirtækja um að stunda vöruþróun og efling rannsóknarstarfseminnar eru líklegustu ráðin til að efla fullvinnslu sjávarafurða hér á landi.

Ég vil að lokum minna á eftirfarandi. Eitt af því sem oft veldur erfiðleikum þeim er hefja vilja frekari nýtingu sjávarafla er tregða útgerðar og sjómanna til að safna svokölluðum úrgangi. Til að hvetja til þessarar söfnunar geta stjórnvöld t.d. aukið kvóta til þeirra skipa er sinna henni. Má hugsa sér að aukaafli komi ekki til skipta en að sjómenn haldi honum óskiptum. Gefa má heimild til að *leggja fé er fæst fyrir hann í sameiginlega sjóði* skipverja er varið yrði til félagslegra þarfa og teldust ekki til skatttekna.

Að máli mínu loknu og umræðunni lokinni legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. atvmn. og 2. umr.

Ég hef lokið máli mínu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. *Hér er á ferðinni mjög gott mál en* því miður er þetta umræða sem búin er að vera í gangi í þjóðfélaginu undanfarinn áratug eða jafnvel undanfarna áratugi án þess að mikið hafi verið gert. Það hafa jafnvel verið samþykktar till. hér á hv. Alþingi um það að stefnt skuli að þessu markmiði, að nýta betur það sjávarfang sem aflað er, en þessi

till. er enn þá jafntímabær og þær till. sem hér hafa áður verið fluttar.

Nú skyldi maður halda að á síðustu árum, á meðan flokksbræður hv. flm. hafa setið í sjútvrn., að eitthvað sérstakt hafi verið gert í þessum málum. En því miður, það ber ekki mikið á því. Jafnvel sú setning, sem er önnur greinin í grg., þar sem sagt er að kvótinn hafi gert einhverja sérstaka hluti í sambandi við þetta, því miður, kvótinn hefur ekki orðið til þess að breyta einu eða neinu, nema síður sé, til þess að nýting sjávarafla hafi verið aukin á þeim árum sem kvótinn hefur verið.

Það er nú svo að kraftasóknin hefur ekki horfið með kvótanum og kraftasóknin hér á landi er enn þá í fullum gangi. Það að afla mikið eða sinna því ekki hvernig sá afli, sem á land er borinn eða í skip er fenginn, er nýttur. Kvótinn hefur jafnvel orðið til þess að þessir hlutir hafa farið á hinn verri veg þannig að sú fiskveiðistjórnun, eða kvótinn, sem við búum við núna hefur orðið til þess að aflinn hefur ekki verið fluttur í land heldur verið kastað í sjóinn strax á miðunum. Það er því hinn mesti misskilningur sem segir hér í grg., með leyfi hæstv. forseta, þar sem segir:

„Með tilkomu kvótans er því tímabili sögunnar lokið þegar afkoma fiskiskipa fór aðallega eftir því hversu mikill afli barst að landi og hversu hratt." Þetta kemur hvergi heim og saman og enn er sagt í grg.: „Nú er afkoma frekar komin undir því að verðmæti þess afla er heimilt er að veiða sé sem mest."

Það hefur ekki borið á þessu og kraftasóknin er sú hin sama og áður var. En miðað við allt það umtal sem átt hefur sér stað í sambandi við ágæti þeirrar fiskveiðistjórnunar og ágæti þess ráðherra sem hefur stjórnað hér sjávarútvegsmálum undanfarin fjögur ár, þá gæti maður búist við því að till. eins og sú sem hér er til umræðu væri algjörlega óþörf. Fjölmiðlar og ráðuneyti hafa lýst ágæti fiskveiðistefnunnar það rækilega á undanförnum mánuðum og undanförnum árum að það virtist sem svo að svona till. væri algjörlega óþörf. Aukin verðmæti, aukinn afli, aukið verðmæti afla, betri nýting fiskiskipa og betri nýting fiskvinnslustöðva. Þetta er sem sagt það sem hefur fylgt þeirri stefnu sem Framsfl. og ríkisstjórnin hefur fylgt á undanförnum árum. En eins og ég sagði áðan þá er þessi till. jafnþörf nú og hún var fyrir tíma framsóknarráðherra í sjútvrn. Þess vegna er leiðari eins og sá sem birtist í Tímanum fyrir nokkrum dögum um markvissa stjórnun sjávarútvegsmála eins og hálfgerður gríntónn í sambandi við þessa hluti.

Í Fiskifréttum föstudaginn 6. júní s.l. kom frétt þar sem sagt er frá upplýsingum sem Ingólfur Arnarson hjá Fiskifélagi Íslands gaf á ráðstefnu um þróun sjávarútvegs sem haldin var í Reykjavík þá vikuna á undan. Með leyfi forseta, þá segir svo:

Hann leiddi tölurök að þeim staðhæfingum sínum að kastað hefði verið í sjóinn hrognaverðmæti upp á 316 millj. kr. fyrstu þrjá mánuði ársins. Á ofangreindu tímabili hefði þorskaflinn numið 160 þús. tonnum miðað við óslægðan fisk. Af þessum afla hefði slægður þorskur togaranna numið 44 000 tonnum en slægt um borð á bátum 28 000 tonnum. Samtals slægt úti á sjó 72 000 tonn. Ef gengið væri út frá viðurkenndum nýtingartölum gæfi þetta 4230 tonn af hrognum.

Ingólfur sagði að miðað við innvigtunarskýrslur hefðu í mesta lagi 150 tonn af þessu magni skilað sér í land. Getur það verið að á tíma fiskveiðistjórnunar, eins og nú á sér stað, þá eigi sér stað slík sóun sem þessi? Væri ekki, ég segi ekki nær, væri ekki þörf á því, þegar við erum að ræða þessi mál, að nauðsynlegt sé að flytja slíka till. sem þessa, að það væri tekið í taumana í sambandi við slíka sóun og þá sem ég nefndi hér og haft er eftir Ingólfi Arnarsyni fulltrúa í Fiskifélaginu? Hvernig stendur á því að sjútvrn. grípur ekki í taumana þegar slíkir hlutir sem þessir eiga sér stað, þegar stjórnunin er það miðstýrð að hverju fiskiskipi hringinn í kringum landið er stjórnað, gefinn ákveðinn skammtur, en þessi skammtur er án nokkurra kvaða, án nokkurra skilyrða?

Það kemur líka fram síðar í grg. hvernig hlutirnir eiga sér stað og hvað er að eiga sér stað á miðunum hringinn í kringum landið við þá fiskveiðistjórnun sem við búum við. Flm. nefndi hér í ræðustól áðan að 60 000 tonnum af afla væri kastað úr togurunum. Til hvers erum við að hafa kvóta á skip þegar þetta er leyft, aflakvóta, takmörkun sóknar, og leyft er að kasta, eins og hér er sagt, um 20% af afla skuttogara, um 60% af afla frystitogara? Við búum við það að það er bannað að sækja afla og hann bundinn ákveðnum kvóðum og á sama tíma hendum við þessum verðmætum í hafið.

Eitt af því sem hefur leitt af fiskveiðistjórnuninni eru frystitogarar, bein afleiðing kvótastjórnunarinnar. Hver er munurinn á almennum skuttogara og frystitogara? (Forseti hringir.) Skuttogarinn kastar ekki nema 20% en frystitogarinn 60%. Þetta er það sem sú fiskveiðistefna, sem við höfum við búið við undanfarin ár, er að leiða yfir okkur.

Hér er talað um það að auka aðstoð við vöruþróun og búa fyrirtækjum aðstöðu til hennar og einnig er talað um það að stórefla markaðsleit. Skyldi þetta nú falla heim og saman við þá þróun sem er að gerast í sjávarútvegsmálunum í sambandi við gámaflutningana og ferskfiskútflutninginn? Er þetta eitthvað sem hægt er að kalla vöruþróun, að flytja í auknum mæli út hráefni fyrir erlenda aðila að fullvinna?

Ég held að þó að þessi till. sé góð og gild og sjálfsagt að fara um hana góðum höndum, þá þurfum við fyrst og fremst að huga að því að breyta þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. Ef henni yrði breytt þá eru líkur til að ýmislegt af því sem hér er nefnt mundi fara á betri veg.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. lýsti yfir fullum

stuðningi við efnismarkmið þessarar till. og það er vel. Hann gat ekki á sér setið að hefja aðför að kvótakerfinu og að sjálfsögðu verð ég ekki til að harma það þó hann noti hvert tækifæri sem gefst til að gera slíka hluti. En till. er engin lofgerð um kvótann, ekki einu sinni þær setningar sem hv. þm. las. Alls ekki. Hitt er svo misskilningur að frystitogararnir séu afleiðing kvótakerfisins. Ástæðan fyrir því að frystitogararnir ná þeim árangri sem þeir hafa náð er m.a. sú að feitfiskur geymist mjög illa og verður miklu verðmætari sé hann frystur strax heldur en ef hann er meðhöndlaður til geymslu um borð, svipað og er með þorsk, og þolir þess vegna ekki þessa geymslu. Þetta veit hv. 4. þm. Vesturl. og veit hvaða verðmun þarna er um að ræða og hann veit að þetta er ein af aðalástæðunum fyrir því hvað frystitogararnir hafa komist vel af. Það má nefna grálúðuna sem dæmi í þessu sambandi.

Ég held að menn sem eru að kaupa fisk úti í heimi hafi áttað sig á að það er ekki nóg að fiskurinn sé hraðfrystur. Hitt er ekki síður atriði að hann sé ferskur þegar hann er frystur. Það er kannske það sem við höfum ekki gáð nægilega að á undanförnum árum að fiskurinn væri nægilega ferskur þegar hann er frystur í frystihúsunum á Íslandi.

Ég held að það dyljist engum, sem les þessa þáltill. og það nál. sem hér fylgir með, að flm. eru ekki sáttir við þá stöðu sem þessi mál eru í. Það má alltaf tala um pólitík og segja að ráðherrann sé framsóknarráðherra og það er vissulega rétt. Alþb. hefur átt ráðherra í sjávarútvegi og ég ætla ekki að gera lítið úr störfum þess ráðherra. Aftur á móti held ég að það dyljist engum að það var svona kraftafiskerí á vissan hátt sem hann var hlynntur og kannske er það í Íslendingseðlinu, veiðieðlinu, nánast innbyggt að leggja höfuðkapp á að koma með sem mest að landi. Hins vegar er í þessari till. að finna vissa hluti sem ekki hefur verið hreyft við áður. Hér er t.d. í grg. vakin athygli á því hvort hugsanlegt sé að hafa allt aðra skiptingu um borð við launauppgjör þegar kemur að því hvort sjómenn hafi nýtt ákveðinn hluta af aflanum. Og þar er komið að því, sem er kannske eitt af vandamálunum varðandi það að fá sjómenn til að nýta þetta og skipstjóra til að beita sér fyrir því, sem er náttúrlega líka sjómaður að sjálfsögðu, að mönnum hefur fundist það vera ansi lítið sem þeir bæru úr býtum við þá vinnu miðað við hvað þeir gætu haft ef þeir gengju skarpar til sjálfra veiðanna og létu hitt sigla.

Ég held að við gerum best í því að reyna ekki að koma neinni sérstakri pólitískri ábyrgð yfir á einn eða neinn í þeim efnum að hlutirnir hafa því miður ekki þróast sem skyldi í þá átt að við nýttum vel þau verðmæti sem við fáum úr hafinu. Það hefur orðið afturför á sumum sviðum hvað þetta snertir. Þess vegna get ég alveg tekið undir það sem hv. 4. þm. Vesturl. segir að það er náttúrlega ekki rökrétt miðað við fiskveiðistjórnunina og kvótakerfið, eins og það hefur verið varið og sótt, að skipta sér ekki af þessum málum. Það er ekki rökrétt. Ég tek alveg undir þá gagnrýni hans. Hins vegar vona ég að þingheimur taki vel á þessu máli þó það sé líka vissulega rétt sem hann sagði að hér er um gamalt mál að ræða í þeirri merkingu að þetta hefur oft verið rætt og menn hafa oft reynt að hafa áhrif á þessa hluti. En ég held að staðreyndin sé sú að þegar menn horfa á þróunina hjá þeim fiskveiðiþjóðum sem búa við verulega takmarkaða sóknarmöguleika, horfa á þá þróun hvernig þær reyna stöðugt að bæta nýtinguna á sínum verðmætum úr hafinu, þá getum við Íslendingar ekki gengið um garðinn eins og við gerum og höfum gert. Við þurfum að taka okkur á. Í því sambandi er rétt að ég geti þess að mér finnst að Alþingi Íslendinga þurfi að sameinast um það að knýja á í þessum efnum og e.t.v. er ein af leiðunum sem verður að fara sú að skipta á allt annan hátt þegar kemur að því að skipta þeim verðmætum sem koma inn sem aukaafurðir og að sjómenn fái mun stærri hlut úr þeim og þannig fáist fram það viðhorf að það sé hagkvæmt að nýta þessa hluti sem í dag fara í sjóinn.

Valdimar Indriðason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá ræðumönnum þá er hér ekki um nýtt mál að ræða sem slíkt. Það er búið að ræða þetta oft, hvernig við getum gert betur í því að ná sem fyllstri nýtingu út úr því sjávarfangi sem við öflum. En ég tek undir það að þetta er aldrei of oft kveðið og ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við það að þetta mál sé eins vel kannað og mögulegt er. Það er ekki vansalaust hvernig við göngum þarna um ýmsa hluti.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða um kvóta eða ekki kvóta. Ég heyri að þeir eru svo innilega sammála þar hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Vestf. að ég ætla ekki að blanda mér í það. Það er ekki tími til þess núna. Við munum geta rætt það betur síðar. Hins vegar vil ég aðeins taka það fram að ég vil ekki kenna kvótanum um það að við göngum ekki betur um þetta hráefni en við gerum. Ástæða er til að ætla að þegar menn vildu eitthvað fara eftir kvótanum þá væri það aðeins til þess að ganga betur um það en við höfum gert, einmitt vegna kvótans. En það er bara á öðrum vettvangi sem við skulum ræða það mál. (**Gripið fram í:** Það er dregið inn í grg.) Kvótinn er ekki dreginn inn í hana á þann veg að hann hafi bætt um þetta ástand, en ekki bætt það nóg. Ég er sammála hv. 4. þm. Vesturl. í því að það er ástæða til að ætla að hann ætti að geta bætt þarna um, en hann hefur ekki gert það sem skyldi. En að frystitogararnir skili 60% í hafið aftur getur verið svolítið villandi. Hv. 4. þm. Vesturl. kom nokkuð inn á að það mætti halda að það væri bara ónýtur fiskur sem verið væri að henda fyrir borð. En það er aðeins úrgangur sem þarna fer úr flökuninni um borð í skipunum.

Auðvitað þarf að ganga fastar að. Ég er svo róttækur í þessu að ég vil skylda frystitogarana, sem verða byggðir hér eftir, til að vinna afla um borð.

Það eru ekki svo stór fyrirtæki sem þarf til mjölvinnslu eins og nýju tækin eru orðin. Það er aðallega skortur á geymslu fyrir afurðina, fyrir mjölið og fyrir lýsið, en það eru ekki svo dýr tæki sem þarf í þetta.

Eins er það í sambandi við vinnsluna á fiskimjöli sem ég er allvel kunnugur. Ég tek heils hugar undir þann lið. Í landi er til skammar að það skuli ekki vera nema að ég held núna tvær verksmiðjur sem geta unnið mjöl sem er hægt að brúka til fiskfóðurs og loðdýraeldis. Við það að þurrka mjölið í svokallaðri eldþurrkun fara það mörg bætiefni úr því að það er ekki notað í slíka starfsemi. Ef við tökum bara loðnuvinnsluna, ef framleiðslan færi öll fram við svokallaða loftþurrkun eða gufuþurrkun væri hægt að fá fyrir mjölið miklu hærra verð en nú er. En það er svo mikill veiðimaður í okkur alltaf að við megum ekki vera að þessu. Við höfum göslast í þessu mörg undanfarin ár og áratugi og ekki gefið okkur tíma til að staðnæmast og sjá hvað við gætum fengið best út úr þessu.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég lýsi stuðningi mínum við þessa till., að kannað verði nákvæmlega hvað hægt er að gera í þessu, og ég skal leggja mitt lið til þess að hægt sé að koma slíkum málum sem best í framkvæmd, að við getum nýtt okkar fiskafurðir á sem bestan og eðlilegan hátt.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu á þessu stigi. Ég vil einungis þakka hv. þm. þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið hér. Ég finn það og reyndar vissi að þetta hefur verið áhugamál margra manna um langt skeið. Því er góð vísa ekki of oft kveðin. Það tekur oft ár og áratugi að þróa og koma málum fram. Ég er sannarlega ánægður að hafa fundið að menn úr mörgum flokkum eru tilbúnir að halda undir þetta mál á Alþingi og fylgja því eftir í nefnd og síðar á þingi. Ég vænti þess að þetta mál fái góðan framgang og að ráðamenn átti sig á því að það þarf fjármagn til þess að nýta ýmislegt það sem nú fer forgörðum af verðmætum og þannig bæta hag þjóðarinnar.

Ég lýk máli mínu enn og aftur með því að þakka hv. þm. þær undirtektir sem þeir sýndu í dag.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en minnast á aðeins eitt sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. Flestöllu var ég sammála öðru en því að það væri eitthvert Íslendingseðli, kraftafiskiríið. Því vil ég mótmæla. **(Gripið fram í:** Þetta er dugnaður.) Nei, þetta er heldur ekki dugnaður. Þegar ég var að alast upp og stundaði sjó fékk maður ekki góðar kveðjur frá sínum yfirmönnum ef maður gekk ekki vel frá fiski að öllu leyti. Það var ekki leyfð nein kraftasókn eða neitt kraftafiskirí nema það gengi upp í sambandi við fullkomna meðhöndlun fiskjarins. Ég vildi mótmæla þessu. Ég tel það alls ekki neitt Íslendingseðli sem hefur verið að þróast í sambandi við fiskveiðarnar á undanförnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismál og náttúruvernd, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 90. mál. — Þskj. 90.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er á þskj. 90, um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, en flm. með mér eru fjórir hv. þm. Alþb. Þessi till. er í tíu liðum og gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa og framkvæma tiltekin atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd.

Tillaga þessi hefur verið flutt áður á hv. Alþingi og raunar tvívegis, en ekki náð lengra en til nefndar. Það er hins vegar ástæða til að flytja þetta mál enn einu sinni á þinginu því að hafi verið þörf á því fyrir tveimur árum er hún í raun mun brýnni í dag vegna þess aðgerðarleysis sem ríkt hefur í þessum málaflokki í tíð núv. ríkisstjórnar og er satt að segja hörmulegt. Ég rökstyð þetta með því að minna á helstu áherslur í þessari till.

Í 1. tölul. till. er gert ráð fyrir að í sambandi við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu ráðuneyti ekki síðar en í árslok 1987, en þess verði jafnframt gætt að fela heimaaðilum sem flest verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála.

Þessu máli, sem fyrst var hreyft á náttúruverndarþingi fyrir 14 árum, 1972 og margoft hefur verið ítrekað í ræðu og riti og ályktunum hefur ekkert þokað áfram í reynd. Hér var flutt á síðasta Alþingi sérstakt frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar um Stjórnarráð Íslands, en þar var ekki tekið í neinu á umhverfismálunum í sambandi við það rýra frv. sem dagaði uppi í nefnd, enda flestir þm. sem tjáðu sig um málið sammála um að afgreiðsla þess breytti litlu sem engu og skipti þannig ekki máli, enda hefur ríkisstjórnin ekki séð ástæðu til að endurflytja frv. á yfirstandandi þingi enn sem komið er a.m.k.

Í öðru lagi er í tillögunni gert ráð fyrir því að undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega taki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti og gerð framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum, einnig að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum til varnar mengun og tryggðar verði aðgerðir og eftirlit í samræmi við þá. Einnig hér er um að ræða þátt sem margoft hefur verið ræddur hér á Alþingi og ítrekað hafa komið fram yfirlýsingar um að úr þessu skuli bætt af hálfu stjórnvalda og slík löggjöf verði undirbúin og færð inn í þingið. Mér skilst að það sé hæstv. félmrh. sem af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi

tekið að sér að vinna að þessum málum og hann hefur verið spurður trekk í trekk eftir því hvað liði undirbúningi þessa máls og það hefur alltaf verið að koma. Það eru tvö ár frá því að mál þetta var að koma inn í þingið, en það bólar ekkert á því enn, enda hef ég oft orðað það svo að almanakið hjá hæstv. félmrh. er mjög sérkennilegt og tímaskynið.

Varðandi alþjóðasamninga til varnar mengun vísa ég sérstaklega til fskj., sem er eitt af nokkrum sem fylgja þessari till., sem er lokafréttatilkynning eða ályktun frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri frá 8.–10. sept. 1986. Það er fskj. XV með þessari till. Þar eru tilteknir og nánar í grg. nefndir þeir þættir sem hafa verið undirbúnir og þar sem alþjóðasamningar liggja fyrir, en Ísland hefur ekki tekið á þeim málum og ekki gerst aðili að þeim alþjóðasamningum, m.a. á sviði mengunarmála varðandi brennisteinsútstreymi. Í tengslum við þennan lið hljótum við að minna á stöðuna í sambandi við kjarnorkumálin og aðstöðu Geislavarna ríkisins til að fylgjast með kjarnorkumengun og geislun. Á það mál var auðvitað minnt með mjög óþyrmilegum hætti í tengslum við Chernobyl-slysið í Úkraínu s.l. vor. Hér hefur verið látið fylgja með þessari till. erindi frá Geislavörnum ríkisins sem sýnir í hversu slæmri stöðu sú stofnun er til að sinna nauðsynlegu eftirlitshlutverki í sambandi við geislamælingar, hvað þá í sambandi við viðbúnað varðandi óhöpp eða slys af þessu tagi.

Í þriðja lið tillögunnar er minnt á nauðsyn endurskoðunar laga nr. 109 frá 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en í þeim lögum, sem samþykkt voru hér á Alþingi á sínum tíma, er einmitt sérstakt ákvæði sem kveður á um að það verði reynt að samræma meðferð þessara mála milli ráðuneyta og lögin endurskoðuð með tilliti til þess innan þriggja ára frá samþykkt þeirra.

Í fjórða lagi er lögð áhersla á að fyrir yfirstandandi þing komi frv. til nýrra laga um náttúruvernd sem undirbúið hefur verið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda. Saga þessa máls er ekki síður sérkennileg en margt annað sem kemur fram í þessari tillögu.

Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var undirbúin í samvinnu við Náttúruverndarráð ný löggjöf um náttúruvernd og um hana var fjallað á náttúruverndarþingi 1978 fyrst, síðan 1981 og enn 1984. Það er fyrst á seinni hluta þings 1984–1985 að þáv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir leggur fyrir þingið þetta frv. til laga sem verið hafði í burðarliðnum þetta lengi og lá í rauninni tilbúið þegar núv. ríkisstjórn var sett á stóla. En þetta frv. fór ekki lengra en til nefndar þetta vor og síðan hefur ekkert á því bólað. Síðan hefur málið legið afvelta hjá ríkisstjórninni og ekkert af því frést. Nú er kominn annar maður í stól menntmrh. Hann átti á sínum tíma, sá hæstv. ráðherra, sæti á stól iðnrh. og stóð þá í nokkuð sérkennilegum útistöðum við Náttúruverndarráð. Hann hefði átt þess kost með því að flytja hér inn nýja löggjöf, sem Náttúruverndarráð hefur undirbúið og ýmsir fleiri komið að því máli, að bæta ráð sitt með því að koma með þetta frv. inn í þingið. Það er einmitt hvatt til þess að það verði gert skv. 4. tölul. þessarar till.

Í 5. tölul. till. er lögð áhersla á að gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu, m.a. í tengslum við breytta búskaparhætti og stjórnun og eftirlit í þessu skyni verði bætt, einnig minnt á nýja landgræðsluáætlun, sem nú á að vera í mótun, að hún verði mótuð með hliðsjón af slíku endurmati og nýjum viðhorfum í þessum málum.

Ég hlýt, herra forseti, að minna á nauðsynina á að í sambandi við búháttabreytingar, sem æskilegar geta talist að vissu marki, verði einmitt tekið tillit til ástands gróðurlenda með allt öðrum hætti en gert hefur verið, því að það hefur nánast ekki verið gert. Þess hefur ekki gætt í stjórnun landbúnaðarmálanna. Ég ætla ekki að ræða það hér frekar undir þessum dagskrárlið, en þar er sannarlega úrbóta þörf.

Í sjötta lagi er vikið að nauðsyn rannsókna á dýrastofnum á landi og sjó við Ísland. Þar höfum við flm. í huga hafrannsóknirnar og fiskistofnana alveg sérstaklega. Það hefur verið rætt á þessum fundi, herra forseti, um það mál, reyndar utan dagskrár, nauðsyn þess, en einnig er þarna um að ræða aðra dýrastofna á landi og í sjó sem mjög hafa verið umtalaðir og mikið deilt um stjórnun þeirra mála. Þar eru t.d. hvalirnar, þar eru selastofnarnir, þar er hreindýrastofninn og svo má telja upp marga stofna þar sem ófullnægjandi rannsóknir liggja fyrir og öll stjórn mála er handahófskennd svo að ekki sé meira sagt.

Í sjöunda lagi er vikið að skipulagsmálunum þar sem brýn nauðsyn er lagabóta með langtímasjónarmið í huga og að þeim aðilum sem eiga að fjalla um þessi mál verði gert kleift að taka á þeim með eðlilegum hætti, t.d. með því að grunnþáttur eins og gerð korta yfir landið og einstaka þætti verði gerð möguleg, gerð slíkra undirstöðugagna, þannig að hægt sé að koma við nútímalegum vinnuaðferðum.

Þetta minnir á þá skýrslu sem er uppskera af starfi svokallaðrar landnýtingarnefndar, skýrslu sem kom út að ég hygg fyrri hluta síðasta sumars og talsvert mikil umræða varð um. Þar var aðeins um að ræða forsendur fyrir landnýtingaráætlun. Það hefur ekkert frést um hvernig stjórnvöld hyggjast taka á því máli framhaldandi þannig að áherslur Alþingis í þáltill. varðandi landnýtingarskipulag nái fram að ganga.

Í áttunda lagi er vikið að áætlun um verndun vatnsfalla, jarðhitasvæða, fossa og hvera, slíkra náttúruverðmæta, og nauðsynina á að það verði undirbúin af hálfu Náttúruverndarráðs í samráði m.a. við yfirvöld orkumála slík áætlun sem lögð verði fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar. Þetta tengist m.a. nýtingu orkulindanna og að röðun framkvæmda á því sviði sem öðrum taki eðlilegt tillit til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar.

Í níunda lagi er hér áhersla á mótun opinberrar stefnu í ferðamálum sem tæki tillit til verndar náttúru landsins og breyttra samgönguhátta og til mjög aukins ferðamannastraums. Á þetta hefur verið minnt undanfarin ár. Þarna ríkir í senn skipulagsleysi og fjárhagslegt svelti þeirra aðila sem eiga lögum samkvæmt að fjalla um þessi mál. Þar er Náttúruverndarráð vissulega einn aðilinn en Ferðamálaráð Íslands ekki síður, en þannig háttar að lög um Ferðamálaráð hafa í rauninni aldrei náð fram að ganga, þ.e. ákvæði þeirra sem varða tekjur Ferðamálaráðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Í tíunda lagi er fjallað um fræðslu um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir landsins sem fyrirbyggjandi þátt og einn hinn þýðingarmesta á þessu málasviði og gert ráð fyrir að á því verði tekið með allt öðrum hætti en gert hefur verið til þessa og þeim aðilum sem var ætlað að sinna slíkri fræðslu verði gert það kleift.

Niðurstaða till., herra forseti, er sú að ríkisstjórnin láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu tíu ára um æskilegar úrbætur samkvæmt þeim þáttum sem hér liggja fyrir og taki auðvitað á þeim verkum sem liggja sumpart fyrir í skrifborðsskúffum ráðherranna, ég á ekki von á að þau liggi ofan á borðinu hjá þeim, það hefur a.m.k. ekki orðið vart við að þau bærust inn á Alþingi að undanförnu, þannig að eitthvað hreyfist á þessu geysilega þýðingarmikla sviði.

Ég vil svo áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, vísa til greinargerðar og fylgigagna með þessari till. Þar sem reynt hefur verið að draga upp stöðu þessara mála þannig að það geti verið öllum hv. þm. ljóst og þingnefnd, hv. allshn., sem ég legg til að enn fái þetta mál til meðferðar, hver er staðan á þessu sviði. Einnig hafa verið prentaðar í þessu þskj. umsagnir þeirra aðila sem veitt hafa umsagnir um málið á síðustu tveimur þingum. Ég vek athygli hv. þm. og sérstaklega þeirrar nefndar sem fær þetta mál til meðferðar á jákvæðum undirtektum, nánast undantekningarlaust, allra þeirra mörgu sem hafa sinnt kvaðningu hv. menntmn. og beðnir voru um álit á þessu máli. Það er mjög mikil áhersla lögð á það af mörgum þessum umsagnaraðilum, eins og hv. þm. geta kynnt sér, að till. fái jákvæða meðferð í þinginu og á þessum málum verði tekið.

Ég hef í blaðagreinum m.a. vakið athygli á því hvernig staða þessara mála er og hver hlutur hæstv. ríkisstjórnar er í þessu máli. Það er alveg brýnt, herra forseti, að þingið taki á þessu þar sem það er borin von að ríkisstjórnin, sem á ekki langt eftir ólifað, taki á þessum málum eins og ætlast var til og eins og ástæða var til að ætla ef tekið var mark á orðum, yfirlýsingum og loforðum ráðherranna svo að ekki sé minnst á samþykktir stjórnmálaflokkanna sem að ríkisstjórninni standa, alveg sérstaklega Framsfl. sem hefur þóst leggja sérstaka áherslu á þennan málaflokk, en það er óhætt að segja að sá áhugi endurspeglast ekki í meðferð mála í hæstv. ríkisstjórn né heldur í tillöguflutningi framsóknarmanna hér á Alþingi, og vil ég þó ekki endilega taka þá sérstaklega út úr því að hlutur hins stjórnarflokksins er auðvitað ekki heldur góður í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám einokunar ríkisins á innflutningi áfengis, fyrri umr.

Þáltill. BJóh, 154. mál. — Þskj. 164.

Flm. (Bessí Jóhannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um afnám einkasölu ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks.

Eins og segir í grg. með till. er hún flutt sem liður í þeirri stefnu að færa sem flest verkefni, sem nú eru í höndum ríkisvaldsins, til atvinnulífsins. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar kemur fram í kaflanum Endurskipulagning í stjórnkerfi og peninga- og lánastofnunum þar sem rætt er um stjórnkerfið, með leyfi forseta:

„Markmið slíkra stjórnkerfisbreytinga er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafans með framkvæmdarvaldinu.“

Til þess að draga úr ríkisumsvifum þarf ríkisstjórnin að færa verkefni frá opinberum aðilum til einkaaðila m.a. með því að selja ríkisfyrirtæki og bjóða út verkefni.

Umsvif ríkisins hafa vaxið mjög á undanförnum áratugum. Ríkisvaldið hefur tekið að sér sífellt fleiri málaflokka í stað þess að fela þá einkaaðilum. Nú er það svo að höfuðágreiningur í stjórnmálum er um það hversu mikil ríkisafskipti skuli vera og hvernig þeim skuli beitt. Þeir stjórnmálamenn sem aðhyllast frjálshyggju í stjórnmálum vilja að afskipti ríkisvaldsins séu sem allra minnst og um leið að einkarekstur sé sem mestur og frjálsastur.

Stefna núv. ríkisstjórnar er í mörgu í anda frjálshyggju eins og sést vel á stefnuyfirlýsingu hennar. Ríkisstjórnin hefur sýnt ýmsa ágæta tilburði til að draga úr ríkisumsvifum. Má þar nefna: Fyrirtæki hafa verið seld, svo sem Landssmiðjan og Umferðarmiðstöðin. Hlutur ríkisins í einkafyrirtækjum hefur verið seldur, svo sem í Iðnaðarbankanum (27%), í Flugleiðum (20%) og í Eimskipafélagi Íslands (25%). Rekstri óarðbærra fyrirtækja hefur verið hætt og hluti af áður hefðbundnum rekstri hefur verið færður til einkaaðila. Má þar nefna þætti af þjónustu Pósts og síma. Þessari þróun þarf markvisst að halda áfram. Þessi till. styður hana.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins var stofnuð til þess að annast sölu svokallaðra Spánarvína árið 1922. Á þeim tíma mótaðist stefnan í efnahagsmál-

um mjög af auknum ríkisrekstri. Stefnubreyting varð með stjórn Íhaldsflokksins árið 1924, en hún fylgdi frjálshyggju í efnahagsmálum og afnam ýmsar leifar af ríkisrekstri, m.a. einkasölu ríkisins á áfengi og tóbaki árið 1926.

Árið 1927 myndaði Framsfl. ríkisstjórn. Þá jukust mjög ríkisafskipti á öllum sviðum. Má þar nefna síldareinkasölu 1928, tóbakseinkasölu 1931, lög sem tóku gildi 1. jan. 1932, einkasölu af viðtækjum 1930 og einkarétt til útvarpsreksturs með lögum frá 1929, en útvarpsrekstur hófst 1930.

Margvísleg rök voru höfð til að styðja þessa stefnu. Má þar einkum nefna tryggari tekjuöflun og auðveldara eftirlit með innflutningi og dreifingu. Vitanlega var það þó í raun skipulagshyggja sósíalismans sem réð hér ferðinni, vantrú á einstaklingum, frjálsu markaðskerfi og oftrú á skömmtunarstefnu pólitískra gæðinga. Segja má að þessi stefna hafi ráðið ferðinni allt fram til 1950, en í heild einkenndist sjötti áratugurinn af miklum vöruskorti og haftastefnu sem fylgdi mikið brask og pólitísk spilling.

Það var fyrst með viðreisnarstjórninni 1959 sem þáttaskil urðu. Þá var horfið frá haftastefnu til blandaðs hagkerfis sem einkenndist af sterkum frjálshyggjustraumum. Grunnurinn að því velferðarþjóðfélagi sem við búum við nú var að verulegu leyti lagður á árunum milli 1960 og 1970.

Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma að fá stjórnmálamenn til að skila aftur þeim völdum, sem þeir hafa tekið sér í efnahagsmálum, til atvinnulífsins. Sala á áfengi og tóbaki er þar engin undantekning. Samt er hér um að ræða vöru sem lýtur í grundvallaratriðum sömu lögmálum og aðrar vörur.

Felldur hefur verið niður einkaréttur hins opinbera á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar sölu útvarpsviðtækja og til útsendingar útvarps. Einkasala á áfengi og tóbaki fer að verða eins og nátttröll í samtímanum. Hún er í hróplegu ósamræmi við þá hugarfarsbreytingu sem átt hefur sér stað hjá almenningi á undanförnum árum og endurspeglast í stefnu núverandi ríkisstjórnar eins og ég gerði að umtalsefni hér að framan.

Meginrökin fyrir afnámi einkasölu áfengis og tóbaks önnur en sú stefna að ríkisvaldið skuli hafa sem minnst með rekstur fyrirtækja að gera eru:

1. Það sparast umtalsvert fé og starfsmönnum hins opinbera fækkar við að hætta rekstri Áfengisverslunar ríkisins. Hvaða einkafyrirtæki dytti í hug að vera með jafnmarga starfsmenn við afgreiðslu áfengis mánudaga og föstudaga? Óþarft er að láta opinbert fyrirtæki vera með innflutning og birgðahald fyrir umboðsmenn. Mikill kostnaður fylgir slíku birgðahaldi.

2. Bætt þjónusta við notendur þessarar vöru. Hér í Reykjavík er það svo að fólk sem býr í nágrenni útsölustaða kemst vart heim til sín á föstudögum vegna örtraðar bifreiða.

3. Ríkissjóður tapar engu í tekjum við það að innheimta innflutningsgjöld af þessum vörum sem öðrum og þó þessi breyting væri gerð er samt unnt að halda áfram því eftirliti sem menn telja nauðsynlegt við sölu á þessum varningi.

Hvað varðar smásölu tóbaks er hún algerlega frjáls. Sala á áfengi fer nú aðeins fram í ákveðnum útsölum Áfengisverslunar ríkisins. Í þáltill. er gert ráð fyrir breytingu á þessu þannig að verslun með áfengi væri einnig algerlega frjáls. Það má einnig um hana segja að engin þörf er á að ríkisvaldið sé að vasast í rekstri sem einkaaðilar geta vel annað.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er þessi till. flutt sem innlegg í þá stefnu að flytja verkefni frá ríkisvaldinu til einkafyrirtækja. Hún byggir á þeirri staðreynd að rekstur fyrirtækja er betur kominn á markaðnum en hjá opinberum aðilum.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera margorður um till. sem hér liggur fyrir til umræðu, en ég tel vera fyllstu ástæðu til að kanna rækilega efni hennar og tel reyndar að hæstv. fjmrh. eigi að gera það sem allra fyrst. Það er auðvitað hægt að spyrja að því, eins og reyndar kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv., hvort þetta sé hægt. Ég held að svarið hljóti að liggja í því, sem hefur gerst víða annars staðar, að það er farið öðruvísi með verslun á áfengi en gerist hér á landi og hægt að ná meiri fjármunum út úr þessari verslun en hingað til hefur tekist. En eins og allir vita er litið á áfengisverslun sem hluta af skattheimtu ríkisins. Auðvitað þarf eftirlit að vera til staðar, eins og kom réttilega fram hjá hv. flm., en það er annað sem við þurfum að gæta að. Það er að á undanförnum árum hefur það gerst í atkvæðagreiðslum hjá vissum sveitarfélögum að samþykkt hefur verið að leyfa opnun á áfengisútsölum, en síðan gerist það að fjmrn. treystir sér ekki til að standa að opnun nema kannske einnar verslunar og menn bíða eftir þessari þjónustu sem ríkið býður upp á. Með því að breyta fyrirkomulaginu þyrfti ríkisvaldið ekki að leggja fjármuni í verulegar fjárfestingar og hefði heldur ekki þau áhrif sem ríkið hefur í dag á hvar heppilegast er að versla bæði hér í borg og annars staðar. Nýlegt dæmi um ágreining, sem hefur komið upp, er að Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hefur gert kröfu til þess að áfengisútsala verði sett sem fyrst niður í Mjóddinni þar sem kaupfélagið nýlega keypti verslun af einkafyrirtæki. Þetta er dæmi um hvernig opinber aðgerð getur haft áhrif á stöðu og gengi almennra verslana í bænum, svo að ég taki Reykjavík sem dæmi, og hefur auðvitað óheppileg áhrif.

Að mínu áliti kæmi fremur til greina að það yrðu opnaðar sérverslanir með áfengi. Það er þægilegra að hafa eftirlit með slíkum verslunum og ugglaust einnig þægilegra fyrir þá sem telja, með rétti að mínu viti, að það verði a.m.k. að fara hægt í sakirnar og það sé ekki ástæða til þess í einu vetfangi að færa verslun með áfengi, sem er bölvaldur eins og við

þekkjum, inn í hvaða verslun sem er í landinu. Það er að vísu gert víða, þar á meðal í okkar nágrannalöndum, en ég er hræddur um að hér verði að fara hægar í sakirnar.

Að öllu samanlögðu tel ég að það sé lofsvert að fá þessa till. hér fram og mér finnst fyllsta ástæða til þess að hæstv. fjmrh. láti kanna þetta mál á grundvelli till. sem hér liggur fyrir og hvet til þess að hv. allshn. láti þá athugun fara fram og óski eftir upplýsingum frá fjmrn. um þetta mál þegar hún tekur þetta mál til meðferðar í nefndarstörfum sínum.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Aðeins örfá orð þó ég viðurkenni að hér sé um mál að ræða sem þarfnast mikillar umræðu og snertir vitanlega áfengislög okkar í heild og áfengismálastefnu okkar í heild.

Ég vil fyrst þakka hv. flm. þessarar till. fyrir hreinskilna ræðu áðan. Það er óvenjulegt að heyra jafnmikla hreinskilni og hér kom fram varðandi hina svokölluðu frjálshyggju. Hér var hún sögð umbúðalaust og ekkert dregið af, en hv. flokkssystkin hennar hér á Alþingi vefja þetta gjarnan í fallegar umbúðir eða vilja þá jafnvel ekki viðurkenna að nein frjálshyggja sé á ferðinni hjá þeim. Það er full ástæða til að þakka fólki í hvert skipti sem það kemur til dyranna eins og það er klætt, en vefur sig ekki innan í einhverjar flíkur sem eiga að fela innrætið eins vel og unnt er.

Þetta var að vísu sérkapítuli. Auðvitað getum við alltaf deilt um það endalaust á Alþingi hversu mikil ríkisafskipti skuli vera í heild sinni og að hversu miklu leyti markaðurinn skuli ráða og ekki ætla ég að fara út í þá umræðu hér. Það er vissulega ýmislegt sem þarf að athuga varðandi það fyrirkomulag sem er á sölu áfengis hér á landi og snertir bæði innflutning umboðssalanna, það fyrirkomulag sem er varðandi umboðssalana, sem eru á sínum stað með sína þóknun og sín umboðslaun þrátt fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé með þessa verslun. Auðvitað má segja að síst ætti maður að mæla því bót að ríkið sem slíkt fari með sölu á þessari vöru sem maður telur að sé ógæfuvaldur í þjóðfélaginu, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á og benti réttilega á og vildi greinilega fara miklu gætilegar í sakirnar varðandi þessi mál en flokkssystir hans. Í raun og veru kom mér ræða hans á óvart fyrir það hvað hann vildi fara varlega í sakirnar því hingað til hefur hann farið nokkuð geyst í þessum ræðustól varðandi áfengismál og ekki sýnt mikla varkárni í þeim efnum. Nú var varkárni á hverju strái. Ég vona að það hafi ekki verið beinir hagsmunir ríkissjóðs sem hafa haldið fyrir honum vöku sem varaformanni Sjálfstfl.

En það situr síst á mér að mæla yfirleitt með einu eða neinu sérstöku fyrirkomulagi á sölu þessa varnings. Hins vegar verð ég að segja að miðað við þann mikla kostnað sem ríkið hefur af völdum áfengis, þann stórkostlega kostnað sem ríkið hefur þar af, er það kannske einlægast, úr því að menn eru með þetta á annað borð, að það sé þá með þann „gróða“ í huga sem af þessu kannn að vera.

Hins vegar held ég að það þurfi að gera heildarúttekt á öllu þessu, bæði innnflutningi og sölufyrirkomulagi. Það þarf einnig — við eigum að taka okkur tíma í það og gera það einhvern tímann í alvöru — að skoða gróðahliðina og kostnaðarhliðina í þessu efni því það er gjarnan bent á hversu mikill gróði ríkissjóðs sé af sölu áfengis en hinu er hins vegar gleymt hversu gífurlegur beinn kostnaður er af þessu fyrir utan þann mannlega harmleik sem við horfum oft upp á af þess völdum.

Því verð ég að segja að af tvennu illu vil ég þó heldur að ríkið sé með þetta en að einstaklingar fari út í þetta og hirði enn meiri „gróða“ af þessu. Síðan verði í framhaldi af því öllu sleppt lausu enn meira en nú er. Það er sá ótti sem ég ber í brjósti varðandi það ef slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður þakkaði hreinskilnina fá að þakka honum hreinskilni. Hann hefur ávallt verið hreinskilinn þegar rætt er um brennivínið úr þessum ræðustól og það hefur enginn farið í grafgötur með afstöðu hans til þess og á hann heiður skilinn fyrir það.

Það er ugglaust rétt, sem kom fram hjá honum, að það má færa nokkrar líkur fyrir því að útgjöld vegna neyslu áfengra drykkja séu harla mikil og kannske svo mikil að sá „gróði“ sem ríkið fær í aðra hönd fái ekki einu sinni staðið undir þeim kostnaði. Staðreyndin er samt sem áður sú að það er erfitt fyrir okkur að einangra íslenska þjóðfélagið. Það var reynt á sínum tíma og það var ekki einungis reynt hér á landi heldur víða annars staðar að koma á allsherjarbanni. Það var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, aflagt í annarri þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er saga sem við þekkjum.

Þetta mál, sem hér er til umræðu, snýst um allt annað. Snýst um það hvort ekki sé meira hagræði af því, þ.e. að það fari minna í sjálft sig ef við breytum fyrirkomulagi á þessu.

Það sem hefur mesta þýðingu fyrir það hvort menn drekka mikið eða lítið áfengi er án efa á hvaða verði það fæst út úr búð til þess sem að endingu neytir þess. Það þarf að tryggja að ekki verði um verðlækkun að ræða. Ég hygg að það verði aldrei svo að ríkið sleppi hendinni af verðlagsákvörðunum. Þær verðlagsákvarðanir hljóta að gerast með sérstökum skatti eins og víðast gerist þar sem áfengi er notað sem nokkurs konar skattandlag í stórum stíl eins og hjá okkur Íslendingum og reyndar hjá flestum norðlægum þjóðum.

Spurningin er aðeins þessi: Er hugsanlegt að það megi spara talsverða peninga og gera þessa hluti öðruvísi og komumst við kannske að þeirri niðurstöðu að eðlilegra sé að þeim sem vilja taka þetta að sér og leggja á sig vinnu í því sambandi sé betur treystandi en að nota áfram það kerfi sem við búum

við og leiðir til þess að hægt er bókstaflega að mismuna aðilum eftir því hvar settar eru niður verslanir á hverjum tíma? Þetta eru meginspurningarnar frá mínum bæjardyrum séð og enn fremur, eins og kom rækilega fram hjá hv. flm., hluti af þeirri hugsun að reyna að koma meira af því starfi sem ríkisvaldið þarf ekki að sjá um á annarra hendur. — Það er erfitt að tala um ríkið í þessu sambandi því þegar maður segir ríki er það oftast misskilið. Auðvitað er átt við ríkið með litlum staf, eins og síðasti hv. ræðumaður benti réttilega á og hann þekkir manna best. Um það og þessi atriði snýst þetta mál öðru fremur.

Flm. (Bessí Jóhannsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir við mál mitt og tek það fram, eins og skýrt hefði átt að koma fram í minni ræðu, að ég er enginn sérstakur brennivínspostuli og er alls ekki þeirrar skoðunar að neysla áfengis eða annarra vímuefna eigi að aukast hér á landi. Þvert á móti. Ég tel að það verði skylda okkar í vaxandi mæli að hafa uppi fyrirbyggjandi aðgerðir á öllum aldursstigum gegn þeim vágesti sem áfengi eins og önnur vímuefni er.

Eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. er þarna fyrst og fremst um að ræða tilflutning á því hver á að sjá um sölu og innflutning á þessu efni.

Vitanlega tekur sinn tíma að vinna hugmynd sem þessari fylgi. Ég átta mig vel á því. Við skulum horfa aftur í tímann og líta til þess þegar það þótti af mörgum sjálfsagt að höft væru á sölu mjólkur, bifreiða, símtækja og útvarpstækja svo að nokkuð sé nefnt. Það er tiltölulega nýskeð að við getum farið út í búð og keypt okkur síma. Fyrir fáeinum mánuðum var það þannig að ef einhver álpaðist til þess að kaupa síma í útlöndum og ætlaði að koma með hann inn í landið, þó ódýrt tæki væri, því að þau tæki eru ódýrari erlendis eins og flest annað í þessu þjóðfélagi, var hann orðinn brotlegur við lög.

Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. um að það sé fyllilega tímabært að gera heildarúttekt á þessum málum og vænti þess að fjmrh. taki jákvætt í efni þessarar þáltill.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa hv. 2. þm. Reykv. þakkir fyrir gætilega umræðu um þessi mál. Ég tel það eftir atvikum nokkuð vel ráðið að þessari till. verði vísað til allshn. og mun að sjálfsögðu vinna að því að það verði fjallað um hana með eðlilegum hætti.

Ég get tekið undir það með grg. að það eru sérstæð vinnubrögð að fara út í útsölu á áfengi eins og gert hefur verið. Vissulega er umhugsunarefni hvernig ríkið eigi að komast hjá því að bera kostnaðinn af birgðahaldi við áfengi í Áfengisverslun ríkisins. Það er hugsanlegt í því sambandi að ríkið taki upp þá reglu að selja áfengið í umboðssölu, eins og venjulegur bóksali gerir. Þá yrðu þeir aðilar sem í dag hafa umboðslaunin á hreinu að vera eigendur birgðanna í öruggri vörslu ríkisins undir þeim kringumstæðum. Mér sýnist að það væri ekki óeðlilegt.

Sú hugmynd sem hér er sett fram er að sjálfsögðu hlutur sem ber að skoða án sérstakra fordóma í þeim efnum. En ég játa að í mínum huga eru vissir hlutir e.t.v. í meiri hættu ef þetta yrði gert. Það er m.a. hvort það takist að koma í veg fyrir að aðilar undir lögaldri keyptu áfengi. Við vitum að það á sér stað að þeir gera það í dag með því að fá aðra til að fara inn í verslunina fyrir sig og kaupa áfengið og taka svo við því fyrir utan dyrnar. Spurningin er hvort það yrði auðveldara hjá þeim sem vildu ná sér í áfengi undir lögaldri að ná í það ef þetta yrði tekið upp. Þetta er ein af þeim spurningum sem mundu vakna.

Vissulega er ég sammála því sjónarmiði, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að stærsta málið í þessu með áfengið er spurningin um verðlagninguna á því. En því hefur einnig verið haldið fram að fjöldi útsölustaða hafi þar einhver áhrif.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, en að sjálfsögðu er hér hreyft mjög stóru máli í skipulagi þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. MHM o.fl., 141. mál (röð frambjóðenda á lista). — Þskj. 150.

Skúli Alexandersson (frh.):

Virðulegi forseti. Ætli sé ekki rétt hjá mér að byrja á því að leiðrétta smámissögn í Alþýðublaðinu? Það er kannske ekki nema eðlilegt að þar komi einhverjar missagnir vegna þess að annir ritstjórans eru miklar, sjálfsagt — en frétt um málið sem við erum að ræða er á fyrstu síðu Alþýðublaðsins. Þar segir í fyrsta lagi að ég hafi lýst mig alveg mótfallinn tillögunni eða lagafrv. sem ég gerði ekki þó að ég lýsti ekki neinni hrifningu yfir því. Í öðru lagi er mér gerð upp skoðun hv. þm. Helga Seljans — (**HS:** Það er hálfu verra.) Nei, ekki segi ég það — og þar með gefið til kynna að fyrir nokkrum árum hafi ég verið stuðningsmaður svipaðs frv. og hér er verið að ræða. Það er haft eftir hv. 5. landsk. þm. að svona hafi umræðan verið í þinginu. Ég vil aðeins koma leiðréttingu fram í sambandi við þetta. (Gripið fram í.) Ja, það getur verið að blaðið hafi tekið þetta vitlaust upp eftir hv. þm., ég tel það trúlegra.

Fyrst ég er farinn að leiðrétta Alþýðublaðið langar mig að gera svolítið meira að því þó að það tilheyri kannske frekar hv. Nd. en að það sé gert í Ed. Það er um atkvæðagreiðslu í þeirri hv. deild

fyrir tveimur árum síðan. Í Alþýðublaðinu segir, og er haft eftir hv. þm. Karvel Pálmasyni, að formaður Alþb. hafi greitt atkvæði gegn breytingartillögum í sambandi við heimild til aukinna línuveiða, sem er ekki rétt, og einnig að hann hafi greitt atkvæði gegn breytingartillögu hv. þm. Karvels Pálmasonar um sérstaka breytingu á kvóta vegna uppbyggingar atvinnuvega á hverju svæði. Þar sat hv. þm. Svavar Gestsson, formaður Alþb., hjá en greiddi ekki atkvæði á móti.

Ég var kominn þar í umræðu um frv. að ég var að ræða um flokkana og benti á það að oftast nær, þegar verið er að tala um prófkjör og verið að tala um aukið lýðræði, fylgir einhver neikvæð umræða um flokkana, þessa félagseiningu sem við byggjum okkar stjórnkerfi á. Og að vissu leyti hefur þetta tengst þeirri umræðu sem fer fram um það að röðun skuli eiga sér stað á lista eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, það sé verið að flýja frá valdi flokkanna til þess að gefa hinum almenna kjósanda betra tækifæri til þess að ráða við flokksvaldið. Ég held að þessi umræða sé röng og það sem frekar eigi að stefna að, þegar umræða fer fram á þennan hátt, sé að þá verði leitað einhverra ráða og tillagna um það að auka lýðræði og betrumbæta stjórnmálaflokkana og kannske undir mörgum kringumstæðum benda á ágæti þeirra.

Í sambandi við það að raða mönnum á lista bendi ég á að ég tel að við slíka uppstillingu sé mjög hætt við því að málefnaleg pólitísk umræða hverfi eða minnki og að það verði fram á síðasta dag fyrst og fremst rætt um manninn en ekki málefnin. Við getum kannske lent í svipaðri stöðu og við höfum séð myndir af í okkar ágæta sjónvarpi, hvernig kosningabarátta átti sér stað fyrir skömmu vestur í Bandaríkjunum. Þar var fyrst og fremst verið að ræða um persónur þeirra sem voru í framboði, ekki þau málefni eða þann málefnagrundvöll sem þessi eða hinn barðist fyrir. Ég tel mjög vafasamt hvort í eðli sínu sé verið að auka lýðræði með þessari aðferð sem hér er lagt til að tekin verði upp.

Að vissu leyti má segja að hinum almenna kjósanda er boðið upp á meiri möguleika, en er hann nokkuð betur upplýstur eða hefur hann raunverulega meiri möguleika til að velja þarna heldur en að velja beinlínis á flokksvettvangi og starfa innan flokks þeirrar félagseiningar sem við byggjum stjórnkerfið á? Ég held að innan flokksins verði maðurinn betur upplýstur en að ákvörðunartaka við þær aðstæður sem hér er lagt til að verði verði ansi yfirborðskennd.

Yrði það nú ekki frekar til þess að auka lýðræðið að leita þeirra ráða að leggja stjórnmálaflokkunum einhverjar ákveðnar skyldur á herðar gagnvart sínum félögum og þeim sem ætla að styðja þá? Ég hef þá tilfinningu að það sé sú besta leið sem við getum farið. En hér eru ekki neinar reglur um starfsemi flokka. Þeir geta sett sínar reglur hver fyrir sig og annar verið lýðræðislegur, hinn einræðislegur, og þeir sem eru valdir á vegum flokka til ýmissa trúnaðarstarfa hafa mjög frjálst val eins og við þekkjum héðan frá hv. Alþingi. Hvað skeði hér? Heill þingflokkur lagði sjálfan sig niður og gekk inn í tvo aðra flokka. Það var engin skylda gagnvart þeim flokki og gagnvart þeim kjósendum sem höfðu kosið þessa menn. Það hefði ekki breytt einu eða neinu þó að þessir hv. þm. hefðu verið kjörnir og valdir eftir þeirri aðferð sem hér er lögð til.

Það eru ýmsir þættir sem þarf að leita að til þess að auka lýðræðið og auka ábyrgð þeirra sem taka að sér það að vera valinn fulltrúi til þessa eða hins starfsins. Ég lýsi ekki andstöðu minni gegn þessu frv. en vil ekki lýsa stuðningi mínum á þann veg að ég telji að þetta sé sú leið sem sé heppilegust til þess að auka lýðræðið og að það verði gert á þann máta sem við erum öll að leita eftir, að það skapi ekki og skilji ekki eftir vandræði eftir ákvörðunartökuna eins og hér var lýst í sambandi við prófkjörið í fyrri hluta þessarar umræðu.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir verulegum breytingum á lögum um kosningar til Alþingis. Að sumu leyti lítur þetta vel út á yfirborðinu og að mörgu leyti held ég að flestir geti tekið undir það að sú aðferð sem almennast er nú notuð, þ.e. prófkjörin, hefur algjörlega gengið sér til húðar.

Ég held að ég geti tekið undir svo til allt sem hv. 6. landsk. þm. hafði að segja um þetta mál við umræðuna á mánudaginn var. Prófkjörin eru þegar orðin hreinn skrípaleikur. Þau eru komin út í þá sjálfheldu að það er ekkert sem getur bjargað þeim annað en að leggja þau niður í því formi sem þau eru nú. Þetta er ekki einungis orðin spurning um að óhemju fjármagni er veitt til þeirra sem veldur því að annaðhvort verða menn að vera mjög efnum búnir til þess að geta tekið þátt í stjórnmálabaráttu eða þá, sem er langtum lakara, að hafa á bak við sig aðila, samtök eða jafnvel fyrirtæki sem fara beinlínis að kosta kosningabaráttu einstakra aðila. Þá held ég að fulltrúalýðræðið sé komið út í algjöra ófæru, reyndar fúafen, ef fjársterkir aðilar í þjóðfélaginu fara beinlínis að velja sína menn inn á löggjafarsamkunduna.

Ég held að þetta sé atriði sem menn hafi ekki veitt nægilega athygli hvert geti leitt og ég vara eindregið við því að þessari aðferð verði haldið áfram nema með einu skilyrði, því skilyrði að sett verði lög um framkvæmd prófkjara, og það gæti verið í sambandi við mjög nauðsynlega löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka sem hlýtur að koma til. Það er aldeilis með fádæmum að stjórnmálaflokkar landsins sem eru hornsteinar lýðræðis, sem eru stofnanir sem hafa gífurleg völd og áhrif, sem velta miklum fjármunum, skuli ekki hafa neina skyldu til að upplýsa um starfsemi sína eða fjármögnun og í raun og veru hafa ekki neinum skyldum að gegna við þjóðfélag að þessu leyti sem aðrar stofnanir þurfa að inna af hendi. Verði farin sú leið að setja lög um prófkjör

eða val frambjóðenda væri eðlilegast að það væri í sambandi við löggjöf um stjórnmálaflokkana.

Hvað er það þá sem um er að ræða? Hér er í rauninni lagt til að prófkjörin verði færð inn á kjördaginn. Ég var lengi mjög spenntur fyrir írsku aðferðinni sem einmitt byggir á þessu og sömuleiðis hafa kosningaaðferðir Dana vakið athygli mína. Ég sé þó ýmsa vankanta á þessari aðferð en ég vil taka það skýrt fram að ég tel þessa aðferð betri og heppilegri en það kraðak prófkjara sem nú fer fram um land allt og hefur farið fram fyrir undanfarandi kosningar. Og þegar ég tala um kraðak á ég við það að það er ekki einasta að það sé mismunandi frá kosningum til kosninga hvaða aðferð er notuð eða mismunandi aðferðir flokka, heldur getur sami flokkur haft margs konar aðferðir við undirbúning sömu kosninganna. Þetta er náttúrlega aldeilis fráleitt og í sumum tilvikum, sem ég þarf ekki að nefna vegna þess að allir þekkja við hvað er átt, er beinlínis fundin upp prófkjörsaðferð sem gerir sitjandi þingmönnum mjög erfitt fyrir og raunverulega krefst þess að þeir berjist innbyrðis, en það er náttúrlega algjörlega andstætt öllum reglum, því auðvitað er það styrkur flokka að standa saman og geta haft áhrif á þann hátt að vilji kjósenda nái fram að ganga án þess að örlítill meiri hluti geti jafnvel komið í veg fyrir að maður, sem væri með mjög mikið fylgi í annað sæti, lenti niður í 4., 5. eða 6. sæti á listanum. Þetta er náttúrlega alveg fáránlegt fyrirkomulag.

Nú stendur það í stjórnarskrá að þingmaður skuli einungis bundinn af sannfæringu sinni. En langflestir þingmenn munu nú sennilega einhvern tíma hafa fórnað a.m.k. broti af sannfæringu sinni fyrir flokkinn sinn og verður ekki hjá því komist. Það kerfi að einangra menn í baráttu innan síns flokks fyrir sæti á framboðslistum getur leitt til þess að flokksbönd riðlist mjög verulega. Og þar sem þingræði ríkir hefur þetta vissar hættur í för með sér. Ef menn fara að spila mjög mikla einleiki í undirbúningsbaráttu undir kosningar getur það leitt til þess að þeir verði annaðhvort að slá mjög af þegar til alvörunnar er komið, þ.e. inn á þing, ég tala nú ekki um ef menn lenda í þeirri erfiðu stöðu að vera stjórnarþingmenn, eða að þingið verður bókstaflega óstarfhæft vegna þess að hver og einn fer sína leið. Þetta atriði hefur ekki svo mikið að segja þar sem þingræði er ekki, þar sem mjög skýr greinarmunur er á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Í Bandaríkjunum getur þetta gengið þó að margir séu farnir að ræða um að þar sé komið í mikið óefni hvað þetta snertir og flokkarnir eru raunverulega ekki annað en nafnið tómt og hver þingmaður siglir meira og minna annaðhvort eigin sjó eða þá í kjölfar einhvers öflugs leiðtoga.

Þar sem þingræði hins vegar er eru flokkarnir nauðsynlegir til þess að unnt sé að marka nokkuð ákveðna og mótaða stefnu eitthvað verulega fram í tímann. En í sambandi við þetta held ég að við ættum að hafa í huga orð Max Webers sem mikið hefur skrifað um einmitt hlutverk stjórnmála og stjórnmálamanna. Hann sagði einhvern tíma að stjórnmálamönnum mætti skipta í tvennt: þá sem lifa á stjórnmálum og þá sem lifa fyrir stjórnmál. Og ég held að við ættum að vara okkur örlítið á því í okkar litla og að mörgu leyti samstæða samfélagi að ekki séu allt of margir sem beinlínis lifa á stjórnmálum. Og ég held að ef sú þróun yrði sem ég impraði á í upphafi máls míns gæti svo farið að við sætum uppi með allstóran hóp manna sem væri farinn að lifa á stjórnmálum í stað þess að lifa fyrir þau.

Nú er það svo að þeir sem á þing setjast þurfa oft og tíðum að taka þátt í afgreiðslu mála á þann hátt að ekki er nákvæmlega í samræmi við það sem þeir gjarnan vildu og ég hef þegar rætt um hvernig þetta getur birst. Þegar ég fyrst settist inn á Alþingi sem varaþingmaður fyrir sex árum var þar góðkunningi minn fyrir sem hafði setið í nokkur ár hér, ég held ein 7–8 ár, og hann sagði: Þú veist það að stjórnarþingmaður, sem ekki er ráðherra, þarf aðeins að kunna tvennt. Það er að þegja og rétta upp hægri höndina.

Nú er þetta að vísu dálítið kuldaleg lýsing en ef við rýnum aðeins nánar í þetta er það kannske þetta sem er grundvöllur þess að við getum búið við þingræðisskipulag, að við getum rætt málin innan flokkanna, þar sé mótuð stefna. Það er oft sagt að átökin á Alþingi fari fram í þingflokksherbergjunum, ekki þingsölunum, og ég held að þegar upp í þingsalina kemur reyni a.m.k. stjórnarþingmenn í flestum tilfellum að sætta sig við þá niðurstöðu sem orðið hefur í hinum lokuðu þingflokksherbergjum.

Ef hins vegar rís upp sú stétt manna sem byggir á mjög sterkum aðilum utan flokkanna, hjá fyrirtækjum, hjá samtökum og öðrum slíkum, gæti svo farið að þingflokkarnir yrðu áhrifalausir og hvert einasta mál gæti lent í miklum hrakningum vegna þess að samstaða flokkanna innbyrðis væri með öllu rofin. Ég bendi aðeins á að þetta atriði er nú mikið rætt, m.a. í Bandaríkjunum, enda þótt þeir búi við aðra skipan en við, en til þess að stjórnmálaöfl í landinu færist ekki algjörlega út frá því sem við gætum kallað hið „ideala“ eða hugmyndafræðilega, þar sem menn stefna að ákveðnu þjóðfélagsformi, ákveðinni þjóðfélagsgerð, að það gleymist ekki heldur komi í staðinn það sem kalla mætti hagsmunapot sem aðeins lítur til næstu mánaða eða í mesta lagi til næsta fjárhagsárs.

Að endingu, hæstv. forseti, lýsi ég yfir ánægju minni með þær umræður sem hafa farið fram um þetta frv. Ég tel margt í því athyglisvert en ég er ekki tilbúinn að styðja það vegna þess að ég tel að það verði að kanna miklu nánar hvort við getum ekki fengið betri og heppilegri leið við val og kjör frambjóðenda flokkanna.

Og ég vil einnig minna á það í lokin að í þeim kosningalögum sem verða í gildi við næstu alþingiskosningar er mjög harkalega vegið að sérframboðum og aukaframboðum. Um það má deila en á hinn

bóginn var það hugsað sem aðferð til þess að koma í veg fyrir of mikinn klofning, of mörg smábrot sem ekki er talið æskilegt að eigi of greiðan aðgang að Alþingi. Ég held að þetta megi samræma þannig að öll sjónarmið verða að njóta nokkurs verulegs stuðnings á landsmælikvarða til þess að þau eigi erindi inn á löggjafarsamkomuna.

Flm. (Magnús H. Magnússon):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við dagskrármálið.

Ég hef ekki séð Alþýðublaðið í morgun og get því ekki fullyrt hvort rétt hafi verið eftir mér haft eða ekki en þó heyrist mér á öllu að svo hafi verið. Ég sagði blaðinu að hv. 4. þm. Vesturl. hefði einn þeirra þm. sem til máls hefðu tekið í þessari hv. deild s.l. mánudag lýst andstöðu við frv. Blaðamaðurinn spurði mig hvort fram hefði komið að Alþb. hefði flutt svipað mál áður og ég sagði að það hefði komið fram í umræðunum og eignaði það hv. 4. þm. Vesturl. í stað þess að það átti að vera hv. 2. þm. Austurl. Ég biðst afsökunar á því að hafa líklega víxlað þessum ágætu hv. þm. í viðtali mínu við Alþýðublaðið.

Hv. 4. þm. Vesturl. sagði að innanflokksátök færðust frá prófkjörunum yfir á kjördaginn sjálfan ef frv. yrði samþykkt. Þetta er auðvitað að einhverju leyti rétt. En þau átök verða jákvæðari en gengur og gerist í dag eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. kom inn á í sinni ágætu ræðu hér s.l. mánudag. Menn og konur koma til með að keppast við að sýna almenningi, ekki aðeins virkum flokksmönnum, sínar jákvæðu hliðar í stað þess að grafa hver undan öðrum eins og dæmi eru um með núverandi fyrirkomulagi og menn hætta að sækjast eftir stuðningi utanaðkomandi afla. Menn hætta að sækjast eftir stuðningi annarra flokka manna. Það gefur auga leið. Kostnaðurinn minnkar verulega. Verði einhver auglýsingakostnaður kemur hann öllum flokknum til góða en ekki bara að það sé verið að auglýsa einn mann upp á kostnað hinna. Menn koma til með að skrifa í blöð um sín áhugamál og auglýsa sig eftir smekk og getu hvers og eins eins og verið hefur. En ég er viss um að þetta verður allt með miklu jákvæðari hætti en nú hefur viljað brenna við.

Það sem mér sýnist að verði kannske einna erfiðast er hvernig á að ákveða hverjir frambjóðenda komi fram í sjónvarpi á vegum viðkomandi flokks. En auðvitað verður að skipta því sem jafnast. Ég tel að þróunin verði sú að sjónvarp og aðrir fjölmiðlar muni kynna hvern frambjóðanda með stuttum viðtölum um áhugamál þeirra en formenn flokka og þingflokka verða líklega eins og hingað til mest áberandi þegar flokkarnir takast á framan við upptökuvélar útvarps og sjónvarps. En auðvitað ber að skipta því á frambjóðendur líka eftir því sem hægt er.

Við megum ekki gleyma því að þm. koma til með að hafa, eins og nú, verulegt forskot á flesta aðra. Þeir eru yfirleitt miklu þekktari en flestir aðrir frambjóðendur. Kynning frambjóðenda mun fara mjög vaxandi í fjölmiðlum, blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Það gefur auga leið að þegar svona margir eru inni í myndinni eru það ekki bara fyrstu menn sem verður að kynna, það verður að kynna þá alla.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta. Ég hef rætt við marga Dani um kosningafyrirkomulagið hjá þeim en þeir hafa nú um árabil haft það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Allir sem ég hef talað við, undantekningarlaust, ef þeir á annað borð hafa minnsta áhuga á pólitík, hafa verið ánægðir með núverandi kerfi í Danmörku og enginn þeirra hefur viljað taka upp gamla fyrirkomulagið með röðuðum listum, enginn. Og það er alveg sama hvort ég tala við hinn almenna kjósanda, ef ég get sagt sem svo, eða stjórnmálamenn. Þeir eru allir sama sinnis um það, að þetta kerfi sé margfalt betra en það sem áður var, sem var svipað því sem við búum við.

Ég mælist eindregið til þess við hv. þm., ekki síst þá sem sitja í hv. allshn., að þeir kynni sér reynslu Dana í þessum efnum. Reynslan er ólygnust.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Aðför, 1. umr.

Frv. JM, 157. mál (aðfararstaður). — Þskj. 167.

Flm. (Jón Magnússon):

Virðulegi forseti. Á þskj. 167 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á 33. gr. aðfararlaganna, og legg til að hún orðist svo:

„Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. Fógeti getur ex officio eða skv. beiðni dómhafa boðað dómfellda til að mæta við fyrirtöku gerðarinnar með áskorun sem hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda a.m.k. sjö dögum fyrir fyrirtökuna. Í áskoruninni skal getið um tilefni fyrirtökunnar og hvenær og hvar hún fari fram.

Mæti dómfelldi ekki við fyrirtöku gerðarinnar getur fógeti að kröfu og ábendingu dómhafa gert aðför í þinglýstum og skráðum eignum eða eignarréttindum dómfellda. Fógeti skal tilkynna dómfellda um aðförina með ábyrgðarbréfi.

Verði aðför ekki framkvæmd skv. ofangreindu getur fógeti framkvæmt hana að heimili dómfellda,

starfsstöð hans eða þar sem dómfellda er að finna.

Ef dómur dæmir mann til að framselja muni eður af hendi láta má aðför hefja þar er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi og er þá rétt aðför að hefja þar er hann verður fyrir eða munir hans eru sem til fullnægingar má nota."

Ég vek athygli á því að síðustu tvær málsgreinarnar eru samhljóða síðustu málsgreinum núverandi 33. gr. aðfararlaganna.

Hér er lögð til sú breyting á aðfararlögunum að miðað er við það að aðför geti hafist skv. mati fógeta eða beiðni dómhafa á starfsstöð viðkomandi fógeta. Þegar um slíkt er að ræða, sem er jú frávik frá þeirri meginreglu aðfararlaganna að aðför skuli hefja á heimili dómfellda, þá er gert ráð fyrir því miðað við þessa tillögu að gerðarþola sé birt áskorun um fyrirkall með a.m.k. sjö daga fyrirvara fyrir fyrirtökuna og mæti hann ekki við fyrirtökuna þá megi framkvæma aðför í þinglýstum eða skráðum eignum hans eða eignarréttindum. Þegar um slíkt er að ræða þá er lögð sú skylda á hendur fógeta að hann tilkynni gerðarþola í ábyrgðarbréfi um það að aðför hafi átt sér stað í þar tilgreindum réttindum.

Þessi breyting er lögð til fyrst og fremst til þess að draga úr kostnaði við aðfarargerðina. Aðfarargerðir hér á landi nema að líkindum nokkrum þúsundum á ári. Í mörgum tilvikum, sérstaklega þegar um er að ræða aðfarir vegna vangreiddra gjalda til ríkis eða sveitarsjóða, er um það að ræða að sami embættismaður framkvæmir mjög margar aðfarir í einu, eða um svipað leyti. Það leiðir af sjálfu sér að það kostar ákaflega mikinn tíma og fjármuni þegar fógeti með þeim hætti þarf að fara hús úr húsi ásamt tveimur til þremur mönnum í stað þess að geta kvatt viðkomandi gerðarþola að mæta á starfsstöð sína og tjá sig um eignir og hann getur síðan framkvæmt aðförina.

Í langsamlega flestum tilvikum er vitað um eignir gerðarþola þá aðför er framkvæmd. Úti á landsbyggðinni skiptir þetta kannske enn þá meira máli vegna þess að þar eru jú að sjálfsögðu vegalengdir mun lengri. Þess eru dæmi að aðfararkostnaður sé margfaldur kostnaður upphaflegs höfuðstóls plús vaxta og málskostnaðar.

Ýmsir fógetar og lögmenn hafa um langan tíma haft áhuga á því að breyting í þessa veru yrði gerð. Fyrst og fremst í því skyni að draga úr kostnaði fyrir gerðarþola og til þess að minnka starfsálag á embættismönnum. Í því skyni er þetta frv. flutt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

19. fundur, fimmtudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Endurmat á störfum kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SDK o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Áhrif markaðshyggju, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og RA, 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Umhverfismál og náttúruvernd, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 90. mál. — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 44 shlj. atkv.

Nýting sjávarfangs, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 135. mál. — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til atvmn. með 43 shlj. atkv.

Afnám einokunar ríkisins á innflutningi áfengis, frh. fyrri umr.

Þáltill. BJóh, 154. mál. — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 42 shlj. atkv.

Samfélagsþjónusta, fyrri umr.

Þáltill. KSK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er 62. mál þingsins um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu. Flm. auk mín eru hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Árni Johnsen, Friðjón Þórðarson og Valdimar Indriðason.

Í ályktunargreininni segir svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi og einnig orðið til þess að gera skilorðsdóma markvissari. Slík vinna yrði samkvæmt nánari ákvæðum laga og ákvörðunum ákæruvalds og dómstóla."

Herra forseti. Það er ýmislegt sem mælir með þessari aðferð sem úrræði þegar dæma þarf í refsimálum. Ég hef undanfarið ár verið að vinna að því að kynna mér hvernig þessari þjónustu er háttað á Norðurlöndum og Englandi. Ég hef aflað mér gagna og ég hef átt viðræður við þá sem hafa haft veg og vanda af umsjón og eftirliti með þessari samfélagsþjónustu. Með því hef ég komist að raun um að það er afskaplega fátt, ef nokkuð, sem mælir á móti henni.

Samfélagsþjónusta var tekin upp á Englandi 1973, í Danmörku 1982 og í Noregi 1984. Felst hún í því að gera dómendum kleift að ákveða að dæmda beri skylda til að fullnægja dómi með störfum í þágu samfélagsins. Flm. telja að þetta geti í allmörgum tilvikum komið í stað óskilorðsbundinna dóma og eftir atvikum í stað annarrar refsingar og þar með stuðlað að því að gera skilorðsdóma gagnlegri og markvissari og með því fengist aukið aðhald.

Skilorðsdómar verða markvissari með því að þessi úrræði væru til staðar. Það yrðu skarpari skil á milli óskilorðsbundinna og skilorðsdóma. Núverandi kerfi gerir ráð fyrir að sá möguleiki geti skapast að dæmdu séu látnir lausir úr fangelsi gegn skilorði, þ.e. að hluti refsingar er tekinn út í fangelsi og afgangur tímans í skilorði. Með þeim úrræðum sem till. gerir ráð fyrir er hins vegar ljóst að þeir sem afplánuðu dóm sinn með samfélagsþjónustu í stað fullnustu í fangelsi fengju ekki frádreginn neinn tíma eftir að þeir á annað borð hefðu gengist undir að fullnægja dómi með störfum í þágu samfélagsins. Með þessu móti er fengið aukið aðhald og skarpari skil mynduðust.

Á þessu upphafsstigi í umræðum og áður en málið er fullkannað vilja flm. ekki útiloka þann möguleika að til umræðu geti verið að nýta þessi úrræði eftir atvikum í stað annarra refsinga, t.d. þar sem reynslulausn hefði verið hugsanleg og einnig að nefndin kanni hvort skilorðsdómar geti komið inn í dæmið. Flm. vilja ekki loka á neitt þó þeir telji meginregluna eiga að vera að þetta gildi fyrst og fremst um óskilorðsbundna dóma.

Reynslan af því að hafa skilorðsdóma með í myndinni hefur verið misjöfn. T.d. hefur það ekki gefist vel í Englandi. En ég tel sjálfsagt að nefndinni yrði falið að athuga alla möguleika til fulls og hvað það er sem á best við í okkar viðurlagakerfi og við okkar aðstæður.

Þau atriði eru augljós sem mæla með þessu úrræði og ber þá fyrst að nefna hve langur tími líður oft á tíðum frá því að dómur fellur og þar til afplánun hefst. Það er mál þeirra manna sem að fangelsismálum starfa að slík bið geti oftlega orðið til þess að gera endanlega út um framtíð viðkomandi. Í millitíðinni frá dómi og að úttekt hans er hann e.t.v. búinn að koma sér nokkurn veginn á réttan kjöl í lífinu, farinn að stunda fasta atvinnu og stundum kominn með fjölskyldu á framfæri. Þá kemur að því að taka út dóminn og má þá segja að allt sem byggt hafi verið upp hrynji.

Þá ber að telja fram þann þátt sem ekki er hvað minnst mikilvægur, sem er að fangelsi getur víst seint talist vera mannbætandi stofnun. Sumir ganga svo langt að segja að þeir sem setið hafa í fangelsi, og þá sérstaklega ef um ungt fólk er að ræða, bíði við það óbætanlegt tjón. Víst er að töluvert er um fíkniefnanotkun í fangelsum erlendis og reyndar fullsannað að fjöldamargir ánetjast fíkniefnum þar. Það hefur reyndar verið staðhæft að það eigi einnig við um fangelsi hérlendis og notkun er töluverð. Að aflokinni fangelsisvist tekur auðvitað ekkert betra við. Þá liggur leiðin oft beinustu leið í gamla félagsskapinn aftur og endurtekning brota hefst.

Með þessari þáltill. er markmiðið fyrst og fremst að skora á ríkisstjórnina að skipuð verði nefnd til að kanna hvort hérlendis megi koma á samfélagsþjónustu við ákveðnar aðstæður. Auðvitað þarf einnig að kanna hvort heimild sé að finna í gildandi lögum fyrir þess konar úrræðum. Flm. telja þó að heimild geti verið að finna í lögum, hegningarlögum, þar sem fjallað er um skilorðsdóma, en þar er heimildina að finna sem Norðmenn byggja þessa dóma á. Einnig telja flm. V. kafla laganna, þar sem fjallað er um refsingar, geta gefið tilefni fyrir heimildina og á ég þar við 34. gr. almennra hegningarlaga, en þar segir, með leyfi herra forseta:

„Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.

Þegar lögin leggja fangelsi við afbroti er átt við

fangelsi um tiltekinn tíma nema annað sé sérstaklega ákveðið."

Það er þetta atriði „nema annað sé sérstaklega ákveðið" sem orkar tvímælis um hvort túlka megi sem heimildargrein. Nefndin þarf einnig að kanna á hvern hátt verði hægt að koma við úrræðum af þessum toga, hvar hægt yrði að inna þjónustuna af hendi og á hvern hátt tímamælingu refsingar yrði háttað.

Líklegt má telja að nefndinni reynist auðvelt að hafa til samanburðar þá reynslu sem fengist hefur á Norðurlöndum, en þar fer slík samfélagsþjónusta fram að miklu leyti í tengslum við líknarfélög, ýmiss konar góðgerðarstarfsemi og hjá bæjar- og sveitarfélögum. En þó er töluvert um að einkafyrirtæki sækist eftir að taka verkefni að sér. Samfélagsþjónustan felst svo í því að hinn dæmdi innir þessi störf af hendi utan ákveðins vinnutíma eða skólatíma og þá eru það einkum kvöldin og helgar sem eru nýtt í þessum tilgangi, og þá yfirleitt svona 5–8 klukkustundir á viku. Þó er það svolítið misjafnt. Þessi vinna getur falist í svo ótal mörgu og má þar nefna t.d. hreingerningar, viðhald, viðgerðir, ýmiss konar garðyrkja og margt fleira. Þessi störf eru þá framkvæmd undir stjórn ákveðinna aðila sem hafa ábyrgð og eftirlit með því að hinn dæmdi leysi þau af hendi eins og til var ætlast og á þeim tíma sem fyrir fram hafði verið ákveðinn. Það er lengd þess dóms eða dóma, sem viðkomandi hefur hlotið, sem ræður skyldunni í samfélagsþjónustunni og er höfð til viðmiðunar því hvaða klukkustundafjöldi er hæfilegur. Danir hafa þá höfuðreglu að samfélagsþjónusta geti komið í stað 6–8 mánaða dóma og að ungir afbrotamenn sitji fyrir að komast að. Svipað er að segja um önnur lönd, en viðmiðunin er yfirleitt sú að fjögurra mánaða dómur er 80 klst., 6 mánaða dómur frá 80 klst. og upp í 120 klst., 8 mánaða dómur tekur 120–150 klst. og 12 mánaða dómur 150–200 klst. Mjög svipað hlutfall gildir í öðrum löndum þar sem þessi þjónusta hefur verið tekin upp en fer þó upp í 240 klst. í Englandi.

Eftir því sem árin hafa liðið hefur dómum í samfélagsþjónustu farið fjölgandi og má nefna sem dæmi að í Englandi urðu þeir á árinu 1984 tæplega 38 þús. Í Danmörku er hlutfall þeirra sem dæmdir eru í samfélagsþjónustu svipað, en það er u.þ.b. ¼ allra dæmdra sem taka út dóminn í samfélagsþjónustu. Bendir allt til þess að þróunin verði á sama veg í Noregi, en þessi úrræði eru svo nýlega komin til sögunnar þar, eins og ég greindi frá fyrr í máli mínu, og þar af leiðandi ekki komin reynsla á það til hlítar.

Reglan virðist aðallega vera sú að lágmarksdómstími til þess að fara í samfélagsþjónustu eru þrír mánuðir en hámark 12 mánuðir. Þau afbrot sem yfirleitt eru höfð til viðmiðunar við þessa dóma, sem er breytt í samfélagsþjónustu, eru fyrst og fremst svokölluð auðgunarbrot, bílþjófnaðir, innbrot, skemmdir á eignum o.s.frv. Ölvunarbrot og önnur hin grófari brot, svo sem líkamsmeiðingar ýmiss konar koma yfirleitt ekki til greina.

Við lestur þeirra gagna sem ég aflaði mér og af samtölum við hlutaðeigendur má ráða margt mjög merkilegt, og mér þykir einna verst að geta ekki komið nema örlitlu broti af því á framfæri hér við þessar umræður, en þar var t.d. að finna lýsingar þeirra sem höfðu fengið dóm um samfélagsþjónustu. Oft var um að ræða fólk sem hafði framið síendurtekin afbrot, svokallað síbrotafólk. Þar af leiddi auðvitað fangelsisvist hvað eftir annað og hafði gert í gegnum árin. Yfirleitt var þetta fólk vart komið út úr fangelsi fyrr en afbrotaferillinn byrjaði aftur. Það virtist í nær öllum tilfellum útilokað að brjóta upp þann vítahring sem þetta fólk var komið í. Lífsferillinn breyttist hins vegar umtalsvert þegar þeir fengu dóm um samfélagsþjónustu.

Ef hinir dæmdu voru atvinnulausir fyrir úttekt dóms við samfélagsþjónustu var gengist í það að útvega viðkomandi fasta vinnu, en eitt af grundvallarskilyrðum fyrir því að samfélagsþjónusta nái tilgangi sínum er að hún sé unnin utan venjubundins vinnutíma eða skólatíma. Með því er gamli farvegurinn brotinn upp og oft fer það svo að gömlu vinirnir verða minna mikilvægir en áður var og færi gefst á því að brjóta upp óæskilegan félagsskap. Einnig kemur fram að það nýja umhverfi sem hinn dæmdi komst í og það að kynnast fólki sem leit lífið allt öðrum augum en hann átti áður að venjast, það hafði annað hugðarefni og sinnti áhugamálum sínum launalaust, átti sinn þátt í því að koma hinum dæmda á réttan kjöl aftur.

Það var og mjög sterkur þráður í frásögnunum hve þessu fólki virtist hafa tekist að ná fram þeirri tilfinningu með sjálfu sér að það væri með þessari þjónustu að bæta fyrir afbrotið sem það hafði framið og taldi sig að því loknu geta sagt skilið við þessa braut. Í fangelsinu hafði þetta sama fólk hins vegar ekki fengið það á tilfinninguna að það væri að bæta fyrir neitt, fremur þvert á móti. Þegar það hafði lokið afplánun í fangelsi kom það yfirleitt enn harðara út en það hafði áður verið og að ýmsu leyti hatrammara í hugsun út í það samfélag sem hafði sent það í fangelsi. Meðan á samfélagsþjónustunni stóð og að henni aflokinni náði það oft að losa um þessa heiftugu hugsun út í samfélagið og réttarkerfið og fannst sem nú væri komið að því að það gæti hagað sér í samræmi við þau lög og þær reglur sem samfélagið hefur sett sér. Þó ber að taka fram að þessar frásagnir voru langt í frá að vera einhver glæsimynd. En þó örlaði reyndar á framför hjá hinum dæmda í átt að nýtum þjóðfélagsþegn, í fyrsta sinn frá því að afbrotaferillinn hófst, og fannst mér það nú þó nokkuð.

Nú kynni einhverjum að detta í hug að með þessu móti sleppi hinn dæmdi allt of vel. Hann sleppi við að fara í fangelsi. Þessi skoðun kom einmitt mjög sterklega fram hjá öllum þeim sem ég talaði við og einnig í þeim gögnum sem ég hef yfirfarið, og má segja að þetta hafi einnig verið fyrstu viðbrögð manna almennt, líka dæmdra. En það kom fljótlega annað hljóð í strokkinn þegar til kastanna kom og

ljóst var að dæmdi verður að lifa mjög reglubundnu lífi, sem er nú nokkuð sem mörgum fannst jafnast á við frelsissviptingu. En það er einmitt frítíminn sem *er notaður til að inna af hendi* þessa endurgjaldslausu þjónustu eins og áður sagði.

Í þessum dómum er lögð mjög rík áhersla á það að ef um afbrot verður að ræða á tímabilinu eða ef samningur er rofinn, svo sem eins og með því að mæta of seint eða í slæmu ásigkomulagi eða koma alls ekki og láta ekki vita af sér, þá er strax tilkynnt um það af eftirlitsmönnum á staðnum og afgreiðsla málsins gengur þá mjög hratt fyrir sig eftir annað brot, þ.e. fyrst fær viðkomandi áminningu en síðan er strax farið út í það að rjúfa samfélagsþjónustuna og þá tekur við fangelsi.

Það virðist vera nánast eins farið um þetta atriði alls staðar þar sem þetta hefur verið reynt. Megináhersla er lögð á það að dómar sem fjalla um brot á samfélagsþjónustu gangi mjög fljótt fyrir sig. Gengist er í það að fá fram nýjan dóm.

Ég vil að lokum geta um það að allir þeir, sem ég hef rætt þetta mál við bæði heima og heiman og starfað hafa að þessum málum og reyndar einnig þeir sem tekið hafa út slíkan dóm, þeim virðist ekki blandast hugur um ágæti slíkra úrræða og segir það nú allnokkuð. Þess vegna vonast flm. til þess að þessi till. hljóti jákvæða umfjöllun og afgreiðslu þannig að unnt reynist að bæta þessu við sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er rætt um till. til þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu. Fyrsti flm. hefur gert glögga grein fyrir þessari till. í ræðu sinni. Till. gengur út á það að setja saman nefnd til þess að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi og einnig orðið til þess að gera skilorðsdóma markvissari. Auðvitað yrði slík vinna að falla að ákvæðum laga og ákvörðunum ákæruvalds og dómstóla.

Aðalstarf okkar hér á hv. Alþingi er að sjálfsögðu að setja lög. Við ætlumst til þess að þeim lögum sé fylgt. Þessi lög eru að sönnu mjög misjöfn, sum góð og gagnleg, önnur vafasamari. Til þess er ætlast að þeim sé fylgt því að við höfum alltaf byggt á þeirri grundvallarreglu að með lögum skuli land byggja. En það eru alltaf einhverjir sem af einni ástæðu eða annarri geta ekki farið að settum lögum. Því eru afbrot framin og þegar slíkt hefur gerst er það frumskylda þeirra sem um þau mál *fjalla* að upplýsa brotin. Það er eitt þýðingarmesta atriðið á öllum þessum ferli að fá brot nægjanlega upplýst þannig að öll gögn liggi á borðinu og það sanna komi í ljós í hverju máli. Þá kemur að dómnum og þar er yfirleitt um að ræða viðurlög sem við könnumst öll við, *fjársektir og refsivist*.

Það er rétt hjá hv. frsm. að ég hygg að þeir sem fást við fangelsismál á Íslandi hljóti oft að leiða hugann að þessum viðkvæmu og vandasömu málum. Það er talið nokkuð augljóst að ekki sé mannbætandi að sitja í fangelsi. Við verðum að ganga út frá því sem meginreglu. Þó er nokkuð misjafnt hvernig á þeim málum er haldið og fangelsi eru afskaplega misjöfn, bæði hér á landi og erlendis. Ég get ekki látið hjá líða að skjóta því hér fram t.d. að það hefur komið fyrir að fangar, sem hafa tekið út refsivist sína á Kvíabryggju á Snæfellsnesi, hafa látið það verða sitt fyrsta verk að fara vestur aftur og færa vistheimilinu góðar gjafir. Ekki ber slíkt vitni um vondan hug í garð þeirra sem þar hafa stjórnað málum. En um þessi mál má margt segja og það er alveg rétt að það er áreiðanlega mjög erfitt fyrir menn að koma aftur út í samfélagið eftir langa fangelsisdvöl og falla að því þjóðfélagi sem þeir verða þá að samlagast.

Í þriðja lagi er bent á það í grg. að það sé mjög erfitt og illt við að fást hve langur tími líði oft frá því að dómur fellur og þar til afplánun hefst. Ég hygg að þetta sé mjög algengt atriði sem talið er gagnrýnisvert. En þetta er líka áreiðanlega sá þáttur sem einna erfiðast er að fást við í öllum löndum þar sem svipaðar reglur gilda í þessum málum og hér á landi.

Að mínum dómi er það ekki höfuðatriði að láta menn sitja sem lengst inni í fangelsi í afplánun. Þvert á móti tel ég að gera beri fangavistina sem stysta, svo að hún verði sem bærilegust fyrir þann sem hana á að þola. Það er margt sem við þurfum að huga að í okkar fangelsismálum. Ég get ekki stillt mig um að benda á það að hversu gott sem þjóðfélag okkar er þá þurfum við að sjálfsögðu að hafa fangelsi sem geta verið sæmilega útbúin sem dvalarstaður fyrir þá menn sem þar þurfa að dveljast um lengri eða skemmri tíma. Hér uppi við Tunguháls í Reykjavík er grunnur að fangelsi sem búinn er að standa þar óhreyfður árum saman. Hugmyndin er að byggja þarna upp fangelsi sem geti leyst af hólmi gömlu húsin við Skólavörðustíg 9 og Síðumúlann, en það má segja að því húsnæði sé orðið svo ábótavant, á báðum þessum stöðum, að varla sé hægt að láta við svo búið sitja. Auðvitað þarf að halda áfram við þessa framkvæmd á Tunguhálsi áður en það eyðileggst sem þar er búið að gera.

Refsirétturinn hefur þróast á liðnum árum og öldum eins og önnur svið réttarins. Í staðinn fyrir hina gömlu reglu um „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn" hefur yfirleitt rutt sér til rúms miklu mildari stefna, mannúðarstefna. Og það má geta þess að á vegum dómsmrn. er starfandi hegningarlaganefnd sem ávallt hefur í huga, og á að fást við, hugmyndir um breytingar á hegningarlögum og ákvæðum um *refsivist*.

Ég vil endurtaka það sem sérstaklega ber að hafa í huga. Það er að gera mönnum bærilegt að taka út refsingu. Þeir eiga ekki að þurfa að vera nema sem allra skemmst í fangelsi nema um ofbeldisafbrot sé að ræða eða menn sem eru hættulegir umhverfi sínu.

Eins og flm. gat um er vikið að því í grg. að sú regla sem till. gengur út á hafi verið reynd í Englandi

og á Norðurlöndum. Eins og við vitum öll er löggjöf Norðurlanda mjög svipuð í þessum efnum. Ég tel alveg sjálfsagt að kynna sér þá reynslu sem önnur Norðurlönd hafa af þessum málum.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri, en vil að lokum benda á og ítreka að þessi till. snertir svo mikilvæg málefni að hún er verð nánari skoðunar.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Sú till. sem hér er á dagskrá er ákaflega athyglisverð og ákaflega nauðsynlegt að þær hugmyndir sem felast í henni fái skoðun og sérstök ástæða er til að þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir hennar framsöguræðu hér áðan. Það var í henni býsna mikill fróðleikur.

Það má nú ræða þessi mál lengi og ég hef gert það hér áður í þessum stól. Þrátt fyrir allt og allt er ákaflega mikil stöðnun í þessum málum. Það er meira um athuganir en athafnir og meira um góðviljaðar yfirlýsingar sem oft vilja verða harla lítils virði. En þessi þáltill. um að skipa nefnd er ákaflega athyglisverð tilraun til úrbóta. Ég finn helst að till. nafnið á henni. Það er stofnanamál á henni mikið, það áttar sig enginn á að það sé verið að ræða um fangelsismál, en ekki treysti ég mér til að segja flm. til í íslensku.

Aðeins örfá orð um ástandið í fangelsismálum á Íslandi. Það er mjög slæmt. Það hefur þó að ýmsu leyti skánað í seinni tíð og langsamlega dugmestur í úrbótum í þessum efnum var Ólafur heitinn Jóhannesson, fyrrv. dómsmrh. Engu að síður er ástandið slæmt og sannleikurinn er sá að það þarf ákaflega sterka persónuleika til þess að dvelja t.d. á Litla-Hrauni um einhvern tíma án þess að það hafi ævilangt mjög skaðleg ef ekki niðurbrjótandi áhrif, ævilangt í mörgum tilfellum, á viðkomandi aðila. Að fróðra manna sögn, það er alltaf hættulegt að vera að nefna tölur, eiga a.m.k. 70% þeirra 50–56 fanga sem þar eru að staðaldri við alvarleg áfengisvandamál að stríða eða eru háðir hinum margvíslegu vímuefnum. Ein raunhæfasta aðgerðin sem eitthvað hefur verið gert af væri að gefa mönnum kost á, það má aldrei segja öllum o.s.frv., en að gefa sem flestum kost á að dveljast á meðferðarheimilum SÁÁ. Meðferðarstofnanir þessar hafa náð undraverðum árangri þó að það sé ekki hægt að fullyrða um hvern og einn. Helstu breytingar á afbrotaflokkum eru þær að þeim sem neyta eiturlyfja eða hafa selt eiturlyf hefur fjölgað verulega á undanförnum árum og afbrotum undir áhrifum slíkra efna hefur einnig fjölgað. Eitt af því skuggalega, og ég bið þm. að taka eftir, er að eiturlyfjum er í verulegum mæli smyglað til fanga á Litla-Hrauni og dæmi eru til þess að ungir menn hafa komið þaðan stórskuldugir út, úr betrunarhúsinu, vegna kaupa á fíkniefnum í fangelsinu. Nú þýðir ekkert að hlaupa til og fara að loka alla inni. Um slíkt er auðveldara að tala en úr að bæta en einungis er þetta eitt örlítið dæmi um ástandið hvað það er slæmt og hvað það er erfitt í fangelsismálum.

Ég skal viðurkenna að sá sem gefur sig að úrbótum í fangahjálp eða fangelsismálum verður alltaf fyrir vonbrigðum. Þetta eru það viðkvæm og vandasöm mál, sú góða hugsun sem að baki liggur bíður oft skipbrot, en það þýðir ekki að það eigi að gefast upp. Sú efnislega tillaga sem hér liggur fyrir um þessi mál er að mínu mati til mikilla bóta, að þessi leið sé athuguð.

Mér er sagt af kunnugum mönnum, eins og kom hér fram hjá frsm. áðan, að Bretar hafi fyrstir sett löggjöf um vinnuskyldu í stað refsingar. Þetta gafst illa í Bretlandi og þær upplýsingar sem ég hef eru eiginlega öllu verri en fram komu hjá flm., en vera má að mínar upplýsingar séu ekki jafnnákvæmar. Það gafst fyrst og fremst illa vegna þess að dómar voru þannig að í upphafi var þetta eingöngu bundið við skilorðsbundna dóma, þannig að maður sem var dæmdur skilorðsbundið var dæmdur í vinnuskyldu. Þetta þýddi í raun þyngingu refsingar og þyngingu dóma. Og vegna mikils atvinnuleysis í Bretlandi, þá snerust verkalýðsfélög mjög harkalega á móti slíkum dómum.

Svíar hafa ekki tekið þetta form upp um vinnuskyldu í stað fangelsisvistar. Túlkun sérfræðinga í þessum málum, t.d. í Svíþjóð, er að ekki megi nota vinnuna sem hugsanlega hegningu eða eitthvert böl. Hins vegar reka þeir opin fangelsi og fleiri form á fangelsisvistun, misjafnlega ströng eftir eðli afbrota. Eitthvað í þá átt sem hér er lagt til mun vera til í Vestur-Þýskalandi gagnvart ungu fólki, t.d. mun þekkjast eitthvað í sumum fylkjum að þeir sem staðnir eru að ljótum umferðarbrotum eru látnir vinna á sjúkradeildum sem vista bæklaða sem lent hafa í og slasast hafa í slæmum umferðarslysum. Hér á Íslandi yrðu þá ökuníðingar með slæm umferðarbrot látnir vinna á Grensásdeildinni og þá við umönnun þeirra sem slasast hafa í umferðarslysum. Ég held að það væri nú fátt sem frekar hjálpaði ungu fólki. Ég er ekki endilega að segja að þetta ættu að vera menn sem hafa valdið slysum, ég held að þeir geri sér það enn þá betur ljóst.

Dómarnir eru yfirleitt þannig, eins og kom fram hjá frsm., að vinnuframlag kemur í stað ákveðinnar fangelsisvistar. Skilorðseftirlitið annast þessa vinnumiðlun og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Viðkomandi sem dæmdur hefur verið til refsingar verður að skrifa undir yfirlýsingu um að ef hann brjóti af sér í starfi, þá verði hann að taka út fangelsisdvöl. Vitanlega eru ekki í þessum hópi menn sem hafa verið dæmdir fyrir t.d. kynferðisafbrot eða annað þess háttar eða annað það sem gerir þá mjög hættulega umhverfi sínu. Mér er sagt að í Danmörku fari fjölgandi mælidómum yfir ungu fólki til samfélagsþjónustu utan vinnutíma og reyndar í Noregi líka, en þetta mun þó vera komið lengst í Danmörku. Þess vegna ber að fagna þessari till. sem hér liggur fyrir, en við skulum gera okkur fyllilega ljóst að fámennið hér gerir öll þessi mál vandasamari og viðkvæmari.

Ég hef áður lýst hér í þingræðum andstyggð minni

á ástandi íslenskra fangelsismála og afstaða mín er enn sú sama. En ég held að óhjákvæmilegt sé að efla skilorðseftirlitið, þ.e. eftirlit með þeim sem hlotið hafa skilorðsbundna dóma. Ég held að þar sé unnið ákaflega jákvætt starf sem hafi afstýrt fleiri fangelsisdómum og þar sé einnig hægt að bæta og ég held að hægt sé að spara óhemjufé og afstýra mikilli mannlegri ógæfu ef skilorðseftirlitið væri eflt.

Tími minn er á þrotum. Ég vil þó að endingu tipla hér á þremur atriðum. Það er ógurlegur skortur á allri félagslegri þjónustu í fangelsum hérlendis og menntunaraðstæður hafa aftur staðnað. Ég vil ítreka þakklæti mitt fyrir þessa till. sem hér kemur fram til flm. og framsögu. Ég þekki of marga, bæði af æskufélögum og yngri menn sem ég hef haft kynni af, sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar og hafa komið þaðan stórskaddaðir út svo að jafnvel hefur enginn möguleiki verið á björgun. Ég held að þess vegna ætti að taka þessa till. alvarlega og í nefnd væri unnið að málinu.

Ég fékk samþykkta nefndarskipun hér fyrir fjórum eða fimm árum síðan. Mér er sagt að sú nefnd sé enn að störfum. Ég held að dómsmrn. ætti frekar að snúa sér að þessum jákvæðu úrræðum en að elta tillögur refsiglaðra og skammsýnna deildarstjóra í þessum málum og er þar mál að linni.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Hér er hreyft viðkvæmu og vandmeðförnu máli, máli sem hefur ekki komið oft til umræðu hér á Alþingi á mínum þingtíma. Ég held að þetta sé í annað skiptið sem það kemur til verulegrar umræðu hér. Það var í tilefni till. okkar hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem þessi mál komust hér á dagskrá í heild sinni á sínum tíma fyrir líklega einum þremur eða fjórum árum síðan, eins og hv. 7. þm. Reykv. minntist á áðan. Þar fórum við yfir þessi mál og ég sé enga ástæðu til þess að vera að endurtaka það sem þar var sagt. Ég man eftir að þessi umræða vakti mikla athygli einmitt sakir þeirrar þrumuræðu sem hv. 7. þm. Reykv. flutti við það tækifæri og þeirrar ádeilu sem í þeirri ræðu fólst á ýmsa aðila í kerfinu, hvernig þeir meðhöndluðu mál, þannig að úr varð hinn mesti hvellur.Trúlega hefur sú umræða öll orðið til þess að sú till. okkar, um heildarendurskoðun fangelsismála, þar sem tekið væri á öllum þáttum, þar sem allra úrræða væri leitað um úrbætur, fékkst samþykkt og í framhaldi af þeirri samþykkt var kosin hér nefnd á Alþingi sem átti að taka öll þessi mál til endurskoðunar eins og hv. 7. þm. Reykv. kom inn á áðan.

Í máli okkar þá kom fram að við yrðum þarna að gæta hins vandmeðfarna meðalhófs, ekki láta refsigleðina ráða um of, og auðvitað ekki heldur að láta lögbrot vaða yfir. Hér er vissulega um vandmeðfarið mál að ræða og ekki drógum við neitt úr því. Hér er komið inn á hugmynd allrar athygli verða, sem skylt er að skoða, um einn möguleika út úr þessum vanda, út úr þeim vítahring vil ég segja sem margir lenda í sem verða, oft á unga aldri, fyrir því að fremja jafnvel minni háttar afbrot í upphafi en enda sína ógæfubraut svo oft með enn alvarlegri afbrotum. Inn í þetta fléttast svo spurningin um þessi ágætu hús okkar, sem við köllum oft fínu nafni betrunarhús, og hversu mikil betrun fylgir því að vera þar inni. Inn á það kom hv. síðasti ræðumaður og ég ætla ekki að fara nánar út í það. En ekki síður varðar það miklu hvert viðhorf samfélagsins er svo eftir á þegar viðkomandi hefur tekið út sína refsingu, er búinn að gjalda fyrir að fullu það sem hann hefur af sér brotið og á að vera jafnhlutgengur þjóðfélagsþegn á eftir. Spurningin er um það hvernig honum er þá tekið úti í samfélaginu. Mig grunar að þar sé kannske mest pottur brotinn í öllu þessu þrátt fyrir það slæma ástand sem enn þá ríkir um of í okkar fangelsismálum.

Aðalerindi mitt upp í þennan ræðustól var annars vegar að lýsa yfir stuðningi við þetta úrræði, sem hér er nefnt hjá hv. 1. landsk. þm. og meðflm. hennar, úrræði sem ég tel skylt að skoða, og hins vegar að spyrja hæstv. dómsmrh. um það hversu þessum málum reiðir af hjá hans ráðuneyti. Ég sé það á málaskrá hæstv. ríkisstjórnar nú að þar er ráðgert að leggja fram frv. um fangelsismál og reikna ég með því að það sé byggt á nál. því sem við höfum verið að bíða eftir og þar séu málin tekin öll í heild til endurskoðunar. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvað um raunhæfa lausn á þessu máli á þann veg að hér verði lagt fyrir Alþingi heildstætt frv. um fangelsismál eins og reyndar er boðað? Ég hef nefnilega grun um að starfið sé ekki komið lengra en það enn þá að hér sé um hæpinn hlut að ræða á jafnstuttu þingi og við sjáum fyrir okkur nú, ekki síst eftir síðustu sviptingar í stjórnarflokkunum, þá veit náttúrlega enginn hvernig þau mál standa. En miðað við alla venjulega hluti og að þar komist aftur á sátt og samlyndi eins og venja er í þeim herbúðum þegar menn eru búnir að ræða málin „í botn" eins og þar stendur, og að þing standi svona nokkuð eðlilegan tíma, þá spyr ég hæstv. dómsmrh.: Verður lagt fram frv. á þessu þingi um fangelsismál og í hverju verða þá höfuðatriði þess fólgin? Er þar tekið heildstætt á málum eða er þar aðeins um lítilvægar úrbætur að ræða?

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Efni þessarar þáltill. á þskj. 62 tel ég vera mjög athyglisvert. Það var ekki löngu eftir að ég kom í dómsmrn. sem þetta mál kom þar til umræðu þar sem þessi skipan hefur verið tekin upp annars staðar á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku. Ég óskaði eftir því að það yrði sérstaklega athugað hvernig reynslan hefði orðið af því þar og einnig í Noregi. Það hefur verið gert, en hins vegar eru aðstæður nokkuð aðrar hér í þessu fámenni hjá okkur en meðal fjölmennari þjóða og margt sem kemur þar til með að hafa áhrif.

Það er nokkur vandi að finna störf sem þarna geta komið til greina þar sem þetta má ekki koma í staðinn fyrir annað vinnuafl. Ekki er talið æskilegt

að þetta sé í samkeppni á vinnumarkaði, heldur þurfi að reyna að finna upp einhver störf sem eru til gagns en sem ekki eru þá innt af hendi af öðrum. Það er alveg augljóst mál að út af fyrir sig er þetta ekki ódýrara fyrir þjóðfélagið en það kerfi sem við höfum, en hins vegar hef ég mikinn áhuga á þessu. Ég vil ekki taka undir orð hv. 7. þm. Reykv. að dómsmrn. sé eitthvað sérstaklega refsiglatt. Því er lögð sú ákveðna skylda á herðar að framkvæma fullnustudóma sem upp eru kveðnir og undan því getur það ekki vikist. Hins vegar neita ég því ekki að í hvert skipti sem einhver dæmdur kemur til mín, þá er fyrsta hugsunin sem kemur fram í minn huga sú: Hvað er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir að það hendi fólk að lenda í þessari stöðu? Hvað er hægt að gera til þess að fyrirbyggja það? Ég hef bent á orsakarvald sem er ákaflega stór í því sambandi og hef lagt áherslu á að þar yrði reynt að draga úr. En það hefur nú ekki verið vel séð af öllum.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi um frv. til fangelsismála sem boðað var að ég mundi flytja hér á þessu þingi og vék nokkuð að aðdraganda þess máls, sem er nefndarkosning á Alþingi til að fjalla um þessi mál. Ég ætla ekki að fara að rekja störf þeirrar nefndar, enda er það Alþingi sem kaus hana en ekki ráðuneytið sem skipaði hana. Starf hennar hefur tvímælalaust gengið hægar en allir sem að því stóðu óskuðu eftir, en í haust voru mér gefnar vonir um að hennar starfi mundi ljúka með heildstæðu frv. þar sem fjallað væri um öll svið fangelsismálanna. Ég vona enn þá að slíkt frv. verði afgreitt af nefndinni og reiknaði ég þá með því að hún mundi skila því til ráðuneytisins og ég mundi þá gera mitt til að það kæmi sem fyrst inn á Alþingi. Ég mun leggja áherslu á að það nái fram að ganga.

Að lokum vil ég bara ítreka það að mér hefur þótt þessi hugmynd um samfélagsþjónustu mjög athyglisverð. Það hefur verið reynt að fylgjast með því í ráðuneytinu hvernig það gengur erlendis. Því verður haldið áfram og að sjálfsögðu mun nefnd sú sem fær þetta mál til meðferðar geta fengið upplýsingar um það í ráðuneytinu. En hins vegar eru ýmsir erfiðleikar sem fylgja því að hrinda því í framkvæmd hér hjá okkur.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Út af fyrir sig veit ég ekki hvort ástæða er til að veitast sérstaklega að hæstv. dómsmrh. Ég held að hann hafi í sjálfu sér góðan hug í þessu máli. En hann vék að því að ég réðist að dómsmrn. fyrir refsigleði, það væri bundið af lögum og dómum o.s.frv. Veit ég víst. En sannleikurinn er sá, eins og komið hefur hér fram áður, að frá því að afbrot er framið og þar til viðkomandi á að taka út refsingu líða kannske 4–5 ár. Þá getur staðið hið versta á, þetta er kannske ungur maður eða kona, og hagir gjörbreyttir, eins og hv. 1. flm. kom inn á áðan. Oft og tíðum hefur maður horft upp á að ef ekki fæst frestun á úttekt dóma, sem eru við fimm ára gömlu broti, leggjast fjölskyldur í rústir.

Ég skal að vísu viðurkenna að viðkomandi dómsmálaráðherrar hafa yfirleitt lagt þarna gott til mála. En það eru menn í kerfinu sem virðast ekki líta glaðan dag ef, vegna heimilisaðstæðna eða annars, er um frestun að ræða. Ég held að þarna þurfi mikið dýpri skoðun. Ég ítreka að af heilum hug og harla glaður styð ég þáltill. og þakka framgöngu hennar. En ég held að það þurfi að skoða öll þessi mál mikið betur. Og ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir þeim nefndarmönnum sem kosnir voru í þetta, ég man ekki hvort það eru 3–4 ár, eitthvað svoleiðis, að það er þokkalegur tími til að skila áliti. Þarna hefur ekkert fram komið. Ég ítreka að menn verða fyrir vonbrigðum sem gefa sig að úrbótum í þessu. En það er ákaflega hættulegt að alhæfa hvað gera skuli við þann sem afbrot hefur framið. Ég verð að segja að ég, eins og ég sagði áðan, hef mjög dimma reynslu af ungu fólki sem ég hef haft afskipti af, hvernig fangelsisvist leikur það. Dæmið sem ég nefndi áðan um eiturlyfjasöluna á Litla-Hrauni er ekki nefnt til að viðra þá skoðun að loka eigi Litla-Hrauni heldur er ég aðeins að benda á að þetta er eitt dæmi. Ég gæti nefnt 20 og fer ekki út í þá umræðu hér.

Ég held að það sé ákaflega brýnt, eins og hv. 2. þm. Austurl. kom fram með, að það komi einhver till. frá ríkisstjórninni eða lagafrv. um fangelsismál. Hæstv. dómsmrh. tók fram að þetta væri ákaflega erfitt hér á landi í sambandi við vinnu. Ég býst við því. T.d. eru í Noregi sérstakir vinnuhópar. Menn eru dæmdir í vinnuhópa. Það mundi ekki þýða á Íslandi að láta einhvern fangavinnuhóp laga brýr eða annað þess háttar. Við erum of fáir. Mér er sagt að t.d. í Danmörku vinni þeir ýmis garðyrkjustörf við umhverfi opinberra stofnana, elliheimila og dvalarheimila ýmiss konar, við hús og lóðir líknarfélaga, annist viðgerðir á húsnæði hjá öldruðu fólki, séu ráðnir til einkafyrirtækja og sumir, það mun vera reynslan í Danmörku, annast heimilishjálp hjá öldruðu fólki. Þetta virkar fjarstæðukennt, en í mörgum tilfellum hefur þetta gefist ótrúlega vel. En þá þarf skilorðseftirlitið að vera í lagi, að það sé fylgst vel með. Ef skilorðseftirlitið væri í betra lagi, þeir sem afplána skilorðsbundna dóma væru undir betra eftirliti, betri ráðgjöf, er hægt að koma í veg fyrir margt.

Ég held að eitt það brýnasta sé að efla skilorðseftirlitið. En ég vil taka undir við 1. flm. Ég nefni hér nokkrar greinar. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að út af fyrir sig getur verið nokkuð erfitt að koma þessu við hér, en þó höfum við mikið betri aðstæður vegna þess að við erum ekki með atvinnuleysi. Það er snúist harkalega á móti þessi t.d. í Bretlandi vegna atvinnuleysisins. Þeir segja: Það er verið að taka frá okkur vinnu. Þá er kominn fjandskapur á milli. Við erum lausir við þetta. Við höfum ekki haft af atvinnuleysi að segja nema þá tímabundið eða í ákveðnum landsfjórðungum.

Öll þessi mál eru ákaflega vandasöm og flókin og

skal ég ekki lengja umræður um þetta. Ég vonast til þess að dómsmrh. komi með frv. um fangelsismál og ég vona að þessi nefnd, sem kosin var hér á Alþingi, skili áliti.

Hitt vil ég segja hæstv. dómsmrh. algjörlega kalalaust til hans persónulega og ég skal ítreka það utan Alþingis ef óskað er að ég hef skömm á þeim vinnubrögðum sem tíðkast við framkvæmd dóma af hálfu dómsmrn.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól aðeins vegna þess að það hefur verið minnst á þá nefnd sem er að vinna að undirbúningi frv. um fangelsismál þar sem ég er einn af nefndarmönnum. Því miður er formaður nefndarinnar ekki á þessum fundi sem gæti að sjálfsögðu betur svarað fyrir hvað líður störfum nefndarinnar. En það eru ekki margir dagar síðan ég spurði hann hvað liði drögum að frv. sem verið er að smíða, ef svo má að orði komast. Hann tjáði mér að þess væri ekki langt að bíða að við fengjum að sjá þessi drög. En nefndin hefur ekki séð þau enn þá. Það er verið að setja frv. saman eftir þeim niðurstöðum sem nefndin hefur unnið að. Það er alveg rétt að þetta er búið að taka langan tíma og lengri tíma en við hefðum áreiðanlega öll óskað, en það má gjarnan geta þess að m.a. hefur nefndin skoðað öll fangelsi sem eru í landinu í dag til að kynna sér hvernig aðstæður eru þar og hvernig starfsemin fer fram innan veggja þeirra.

Ég er meðflm. að þessari þáltill. sem hér er til umræðu og það upplýsir væntanlega minn hug í þessu máli. Ég tel það mjög brýnt að gera úrbætur í fangelsismálum á Íslandi. Ég hef áður látið þá skoðun í ljós á hv. Alþingi. Ég held að það sé meginmálið, eins og ég tel að þessi þáltill. einmitt fjalli um og kom reyndar fram í máli hv. 7. þm. Reykv., að hjálpa þeim sem þurfa að taka út refsingu til að verða betri og nýtari þjóðfélagsþegnar eftir en áður.

Flm. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni að það má aldrei alhæfa í þessum efnum frekar en öðrum, ekki í neinu tilliti. Auðvitað er það svo sem betur fer að fangelsin eru mjög misjöfn bæði hér á landi og erlendis. Þess vegna er mjög misjafnlega erfitt fyrir menn að taka út dóma og mismikið álag því fylgjandi bæði andlega og líkamlega.

Bygging nýrra fangelsa er orðin brýn. E.t.v. ættum við frekar að snúa okkur að því að bæta úr þeim stöðum sem nú gegna því hlutverki að vera fangelsi og fyrir eru. Ég leyfi mér í þessu sambandi að lesa upp úr bréfi frá fyrrverandi refsifanga sem ég fékk um daginn. Hann gaf mér góðfúslega leyfi til að nota þetta bréf alveg eins og ég vildi. Það gefur nokkuð góða mynd af því hvernig fangelsi eru í dag. Svo ég grípi þar niður, með leyfi forseta, kemur að því að hann segir:

„Starfandi er þingnefnd sem skipuð var 1982 til að gera úttekt á fangelsismálum í landinu, tillögur til úrbóta og drög að opinberri stefnu. Sú nefnd hefur með höndum viðamikið langtímaverkefni og það er með engri sanngirni hægt að vísa til hennar um lausn á aðkallandi vanda dagsins í dag, enda er hún aðeins ráðgefandi aðili."

Svo gríp ég aftur niður síðar. Þar segir: „Í hegningarhúsinu var öll þjónusta, sem stendur í valdi starfsmanna að veita, með ágætum. Hins vegar er fangarýmið sjálft ófullnægjandi sem mannabústaður, enda húsið orðið aldargamalt og tíu árum betur. Fangarýmið samanstendur af um þrettán svefnklefum, snyrtiaðstöðu, þvottahúsi og gangi eftir rýminu endilöngu, engu sameiginlegu athvarfi öðru. Svefnklefar eru með brýnasta búnaði, einu til þremur rúmum sem boltuð eru niður í steingólfið. Fyrir klefagluggunum eru voldug járnvirki og klefahurðir eru járnslegnar og efnismiklar með tvöföldum öflugum læsingarbúnaði. Allt eru þetta minjar frá öldinni sem leið um ríkjandi viðhorf stjórnvalda þess tíma til glæpamanna sem ógnuðu lífshagsmunum fólks og voru hættulegir nánasta umhverfi sínu.

Íslenskir afbrotamenn eru í dag að stærstum hluta meinleysingjar innan múranna sem í einu og öllu hlýða fyrirmælum gæslumanna sinna. Um þá má gilda allt önnur varsla og meðferð en gerðist fyrir öld síðan. Sjálfsagt er að gera endurbætur á fangarými hegningarhússins og bæta við það félagslegri aðstöðu. En það sem öllu máli skiptir um velfarnað refsifanga er að látið verði af geymslusjónarmiðum í fangelsismálum.

Í hegningarhúsinu er nánast ekkert við að vera fyrir fanga allan liðlangan daginn. Þarna eru þeir geymdir og verða að hafa ofan af fyrir sér sjálfir. Mest kvörtunarefni fanganna sín á milli var iðjuleysið. Þeir höfðu engar skyldur til nýtilegra verka og þjáðust af leiðindum og auðnuleysiskennd. Iðjuleysið var undirrót óánægju um alla mögulega hluti og skapaði einnig þörf fyrir daglega skammta af róandi lyfjum, raunverulega þörf fyrir þá fanga sem því miður stóðust ekki álagið. Þó verður að taka fram að þessi lyf lágu alls ekki á lausu."

Í lok bréfsins kemur fram: „Að lokum vil ég fullvissa þig um að fangelsisdvöl er svo miklu verri en frelsissviptingin ein sér með öllu því sem henni fylgir svo að meðalhraustir menn og þaðan af lélegri þurfa viðeigandi lyf til að geta haldið stillingu sinni við þær aðstæður sem nú ríkja í sumum fangelsum fyrir úttektarfanga. Meðan ekkert er aðhafst verður það alls ekki mannbætandi að sitja í fangelsi. Þau halda áfram að framleiða afbrotamenn og flestum mun reynast afar erfitt að koma út í samfélagið eftir fangelsisdvöl."

Af þessum lestri má ráða að úrbætur á þeim fangelsum sem við eigum í dag eru mjög brýnar svo ekki sé meira sagt. En við skulum ekki láta þær ástæður trufla okkur sem helstar hafa verið neikvæðar taldar annars staðar, svo sem eins og að það sé verið að taka atvinnu frá öðrum með því að koma

á samfélagsþjónustu. Hér er alls ekki atvinnuleysi, eins og hefur komið fram hér og við vitum öll, en hins vegar er það mjög mikið í öðrum löndum eins og t.d. í Danmörku þar sem einmitt hefur komið fram þetta umkvörtunarefni í sambandi við samfélagsþjónustuna. Það er heldur ekki tíðkað í sambandi við samfélagsþjónustu að fangar séu í vinnuhópum. Það er alveg í þeirri mynd sem hv. ræðumaður lýsti að væri í Danmörku. Það er þannig annars staðar líka þar sem um samfélagsþjónustu er að ræða.

Ég á heldur ekki nokkra von á því að það verði litið á það sem niðurlægingu á nokkurn hátt eða hættu á því að fá á sig stimpil og alls ekki meiri stimpil en að fara í fangelsi að takast á hendur þessa endurgjaldslausu vinnuþjónustu. Þá skoðun styð ég með þeirri reynslu sem ég hef öðlast eftir að þessi þáltill. kom fram á sjónarsviðið. Það hefur hringt til mín fjöldinn allur af fólki og átt við mig viðtöl og nú síðast fékk ég það bréf sem ég var að lesa upp úr. Það bendir til þess að þessu fólki finnst það geta orðið til gagns í þjóðfélaginu, fólki sem hefur áður setið í fangelsi, og að það geti unnið þarfaverk. Það hefur verið nefnt við mig að það gæti t.d., þó ekki væri annað, reynt að afla félaga í Rauða krossinn þannig að það væri hægt að styrkja ýmsa starfsemi í fangelsinu í líknarfélögum og annað. Dæmi eru þess að menn sem t.d. eru alkóhólistar og verða fyrir því óláni að hrasa á þrönga veginum geta átt von á því, þrátt fyrir að hafa staðið sig mjög vel í að standa á móti Bakkusi í mörg ár, að það takist ekki þegar þeir þurfa að sitja af sér dóma í fangelsi við þær aðstæður sem koma fram í bréfinu frá fyrrverandi refsifanganum. Fólk vill heldur vinna af sér með því að vinna samfélaginu gagn en að láta þetta sama samfélag standa straum af kostnaði sem hlýst af veru í fangelsi. En kostnaðurinn er gífurlegur.

Ég vil að lokum þakka þann stuðning sem þessi þáltill. hefur fengið bæði hjá hv. þm. og hæstv. ráðh. og ég vonast þess vegna eftir mjög jákvæðum framgangi þessa máls.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstvirtur forseti. Ég hlýt að mótmæla þeim rakalausu ósanngjörnu fullyrðingum, er komu fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að þeir sem sjá um framkvæmd fullnustu dóma séu haldnir einhverju ofsóknaræði eða mannvonsku. Ég man ekki hvernig hann orðaði það nákvæmlega, en meiningin var sú. Það er vissulega ekki skemmtilegt starf að þurfa að annast slíkt og ég lýsti því hvaða tilfinning kæmi upp í minn huga í hvert skipti sem einhver sem í slíku hefur lent kemur á minn fund. Það er reynt að skoða rækilega mál hvers einasta manns sem óskar eftir breytingu á sínum dómi eða náðun. Það gerir sérstök nefnd sem skipuð er mjög hæfum mönnum og samviskusömum og þar er áreiðanlega ekki refsigleði í efsta sæti.

En hitt get ég tekið undir að það er mjög slæmt hvað langur tími líður oft frá því afbrot er framið og þangað til dómi er fullnægt. Stundum er það vegna þess hve rannsókn og meðferð hjá dómstóli tekur langan tíma, en stundum er það líka einnig sök þess sem afbrot fremur. Hann óskar eftir fresti. Síðan er mjög algengt að menn óska eftir fresti á framkvæmd fullnustu og við því er reynt að verða innan skynsamlegra marka þegar menn benda á ástæður til. Þó að ég telji að í flestum tilvikum sé best fyrir menn að ljúka fullnustu sem fyrst geta aðstæður verið þannig að hitt sé heppilegra. En ekki er því að neita að stundum kemur í ljós að það hefði verið betra fyrir þann sem frestinn fékk að ljúka henni strax en draga ekki.

Aðstæður manna eru því miður misjafnar. Hv. 1. flm. þessarar till. las upp úr bréfi. Ég vil geta þess að af mörgu er að taka í þessu sambandi. Fyrir hefur komið að við mig hefur verið talað um að óska eftir fresti á framkvæmd dóms, en þegar málið hefur verið athugað hefur kannske þurft að færa viðkomandi mann í fangelsi þar sem hans gjörðir hafa þá bitnað svo mjög á fjölskyldunni. Þetta eru því mjög vandasöm mál.

En ég vil að lokum taka undir það, sem hér hefur komið fram, að þörf er á úrbótum í fangelsismálum. Það er augljóst, þegar þjóðfélagsaðstæður valda því að sífellt fleiri lenda í þeirri ógæfu að fá á sig dóma sem þarf að framkvæma á þennan hátt, að það hlýtur að þurfa að laga aðstæður. Ég hef ítrekað óskað eftir því að meira fjármagni yrði veitt til þessara mála og nú stendur yfir athugun með samstarfi dómsmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á hvaða verkefni eru þarna brýnust. Ég vona sannarlega að það beri þann árangur að þarna verði einhverjar úrbætur á.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur verið hreyft gagnrýni gagnvart þeirri nefnd sem starfað hefur að fangelsismálum og sú gagnrýni er réttmæt því það hefur dregist úr hömlu að nefndin skilaði sínu áliti. Kannske hefur það átt sinn þátt í hve seint hefur gengið að þetta verkefni er meira og stærra en nokkrum nefndarmanni hefur flogið í hug þegar hann féllst á að taka þátt í nefndinni og ákvarðanataka öll erfiðari en virðist við fyrstu sýn.

Það liggur í sjálfu sér ljóst fyrir að einstakir nefndarmenn hafa orðið margs vísari á þessum tíma, áttað sig á mörgu. Eitt af því sem blasir við og hér hefur verið rætt er að það er allt of lítil vinnustarfsemi í fangelsunum á Íslandi. Tíminn er lengur að líða hjá þeim sem þar eru inni af þeirri ástæðu og fangelsin sennilega af þeirri ástæðu einnig meiri refsivistarstofnanir en betrunarhæli, ef svo mætti komast að orði. Það blasir aftur á móti við að sá hópur manna sem mildasta fær dóma lætur sér síst segjast. Það er sá hópurinn sem lendir í mestum voðaverkum sem lætur sér segjast og lendir ekki aftur inn fyrir fangelsismúrana. Hinir sem fá minni dóma eru að koma inn aftur og aftur. (**GJG:** Það er hættulegt að alhæfa.) Það er hættulegt að alhæfa.

Það er alveg hárrétt athugað. En það var mjög fróðlegt að kynnast viðhorfum fanganna sjálfra í þessum efnum og átta sig á því að ábyggilega hugsa þeir margir hverjir mjög mikið um þessi mál.

Ég er þeirrar skoðunar að stundum gleymist, þegar umræðan er tekin um að það sé harkalegt að taka menn úr umferð og setja þá inn fyrir fangelsisveggina, að að hluta til er þetta öryggisatriði gagnvart mönnunum sjálfum vegna þess að refsigleði samfélagsins er einnig veruleg. Við verðum gjarnan varir við það. Ég er ekki viss um að á öllum sviðum sé nokkurt vit í því að stytta dóma eða minnka vegna þess að ég óttast þá að samfélagið mundi ekki una slíku og teldi að mennirnir fengju of milda meðferð miðað við það sem þeir hefðu aðhafst.

Ég fagna þeirri hugmynd sem hér er sett fram og tel sjálfsagt að hún verði reynd. Ég óttast aftur á móti að í sumum tilfellum geti þetta leitt til þess að menn geti haldið áfram upptekinni iðju þann tíma sem þeir vinna ekki að þeim störfum sem ætlast er til og að það komi í ljós ýmsir vankantar í framkvæmdinni. En það væri vel ef það væri ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útboð opinberra rekstrarverkefna, fyrri umr.

Þáltill. FrS, 26. mál. — Þskj. 26.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 26 að flytja till. til þál. um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna. Till. er stutt og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni."

Þessi till. varð eigi útrædd á síðasta Alþingi. Reyndar kom hún ekki til umræðu því hún kom svo seint fram á þingtímanum. Grg. er afar stutt. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Um margra ára skeið hafa opinberar framkvæmdir verið boðnar út og hefur sá háttur verið hafður á í vaxandi mæli að undanförnu. Þetta hefur gefið góða raun og sparað umtalsvert fjármagn eins og dæmin sanna, t.d. í vegagerð.

Mun minna hefur verið gert af því að bjóða út einstök rekstrarverkefni til einkaaðila. Þvert á móti virðist á ýmsum sviðum sem opinberir aðilar fastráði starfsmenn til að annast þjónustu sem auðvelt væri að bjóða út. Í sumum tilvikum draga skattareglur úr áhuga opinberra aðila og stórfyrirtækja á útboðum þótt færa megi veigamikil rök að því að útboð á sérhæfðum verkefnum séu eðlilegri og hagkvæmari."

Á undanförnum árum hefur útboðum opinberra framkvæmda fjölgað og verk sem áður voru nær einungis unnin af viðkomandi ríkisstofnunum eru nú boðin út. Margvísleg rök eru fyrir því að bjóða opinberar framkvæmdir út. Útboðsverk eru venjulega betur undirbúin. Eftirlit er með framkvæmd verktaka, en þegar ríkisstofnanir framkvæma er hönnun, framkvæmd, eftirlit og úttekt í höndum sömu stofnunar. Útboð hafa sannarlega leitt til minni kostnaðar, eins og kom fram í grg., og meira magn framkvæmda á útboðsmarkaði hefur tryggt vel rekin verktakafyrirtæki í sessi og lengt lífaldur þeirra.

Þótt lögin um opinberar framkvæmdir, sem sett voru að frumkvæði Magnúsar Jónssonar, þá fjmrh., hafi reynst ákaflega góður grundvöllur útboðs verklegra ríkisframkvæmda vantar enn á að í öllu sé farið eftir ákvæðum þeirra laga. Má í því sambandi t.d. nefna svokallað skilamat sem er mat á því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun og samanburð við hliðstæð verk sem þegar hafa verið metin. Þrátt fyrir þetta er ljóst að útboðsstefnan hefur gjörbreytt opinberum framkvæmdum til góðs.

Mér er enn fremur ljóst að í aðsigi eru nokkrar breytingar hjá Innkaupastofnun ríkisins. Nefnd sem kannaði þau mál hefur lokið störfum, skilað áliti sínu til hæstv. fjmrh. og í yfirliti um væntanleg þingmál kemur fram að slíkt frv. verður flutt á þessu þingi.

Ég vil einnig segja frá því að fyrir nokkrum árum gerði ég fsp. um skilamat sem auðvitað er bráðnauðsynlegt að verði tekið upp, einkum og sér í lagi fyrir hv. fjárveitinganefnd Alþingis. Þá var sagt að það mundi senn verða gert, en enn bólar ekki á því að verk séu tekin út með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Meðal nágrannaþjóða hefur verið unnið að því skipulega að auka útboð opinberra rekstrarverkefna til einkafyrirtækja. Sérstaklega hafa útboð átt sér stað þegar um ný verkefni er að ræða eða verið að gera breytingar á opinberum rekstri. Þær greinar sem einkum hafa þótt heppilegar til útboðs eru m.a. þvottar, hreingerning, vaktþjónusta, útgáfa, mötuneyti, hönnun, áætlanagerð, eftirlit, viðhald og viðgerðir. Er ég þá fyrst og fremst að tala um þau rekstraratriði sem boðin eru út í nágrannalöndum. Í Bandaríkjunum þekkist hins vegar útboð á miklu fleiri sviðum. Vegna þess að hér á undan var verið að ræða um fangelsismál, þá þekkist það að fangelsisrekstur hafi verið boðinn út til einkaaðila, spítalar jafnframt. Það á sjálfsagt ekki við hér á landi en er dæmi um það að einkaaðilum er treyst fyrir verkefnum og síðan er stjórnvöldum ætlað að sjá um eftirlit.

Þau rök sem m.a. hafa verið færð fyrir útboðum opinberra rekstrarverkefna eru m.a. eftirfarandi:

1. Launamunur starfsmanna við sömu störf mundi ekki grundvallast á því að sumir séu opinberir starfsmenn en aðrir starfi í einkarekstri. Þannig mundi tortryggni og samanburður hverfa.

2. Útboð stuðla yfirleitt að lægra verði og minni kostnaði.

3. Útboð opinberra verkefna stækka útboðsmarkaðinn, styrkja þannig einkareksturinn og efla samkeppni.

4. Útboð ýta undir það að skattareglur verði samræmdar en mismuni ekki aðilum eins og nú er. Hér er ég að vísa til söluskattsinnheimtunnar, en einmitt á síðasta þingi voru þau mál til umræðu og bent á að í sumum tilvikum njóta fyrirtæki skattfríðinda ef þau eiga sjálf tæki en þurfa ekki að kaupa þjónustu að. Nefnd voru til tvö dæmi. Annars vegar var um að ræða niðurstöðu í svokölluðu Eimskipsmáli sem fjallaði um uppskipunarkrana Eimskipafélags Íslands og hins vegar það þegar ákveðið kvikmyndahús hér í bænum réð til sín bólstrara til þess að sleppa við söluskattsgreiðslur til bólstrara úti í bæ sem áður var verslað við, til þess eingöngu, eins og ég hef sagt, að losa sig undan skattgreiðslum. En þetta þýðir að menn sitja ekki við sama borð.

5. Útboð krefjast undirbúnings og áætlunar, sem auðveldar opinberum aðilum að stjórna og setja sér markmið, örva leit að hagkvæmum leiðum við lausn verkefna og fjölga úrlausnarkostum.

6. Útboð stuðla að eðlilegri verkaskiptingu þar sem framkvæmd og eftirlit eru ekki hjá sama aðila ef það tryggir betri árangur. Og í raun er þetta kannske stærsta ástæðan hjá sumum, einkum og sér í lagi hjá stjórnmálamönnum sem telja að það sé verkefni stjórnmálamanna að stjórna og taka ákvarðanir en síðan sé það annarra en ríkisvaldsins að sjá um hvernig einstök verkefni eru leyst á þeim grundvelli sem lagður hefur verið af stjórnvöldum á hverjum tíma. Útboð opinberra framkvæmda hafa sannað gildi sitt og meðal annarra þjóða hafa útboð opinberra rekstrarverkefna leitt til skilvirkari reksturs. Engin ástæða er til að ætla að slíkt eigi ekki við hér á landi.

Fjölgun opinberra starfsmanna á undanförnum árum og áratugum á m.a. rætur að rekja til þess að ríkið ræður starfsfólk til að sinna þjónustu sem hægt væri að fela öðrum án þess að þjónustustigið minnkaði. Þunglamaleg stjórnun í opinberum rekstri veldur oft seinagangi og dregur úr sveigjanleika. Launaákvarðanir eru miðstýrðar og valda oft óánægju starfsmanna sem flýja í önnur störf. Með auknum útboðum má gera ráð fyrir að margir þeirra, sem nú starfa í margvíslegum þjónustustörfum fyrir ríki og sveitarfélög, mundu stofna eigin fyrirtæki og bjóða í verkefni. Þannig gætu þeir með útsjónarsemi og á grundvelli eigin ákvarðana leitað hentugastra leiða við reksturinn og ráðið sjálfir meiru um framkvæmdina.

Á fskj. sem fylgir þessari þáltill. er lausleg þýðing á leiðbeiningum sem danska hagsýsludeildin sendi ráðuneytum sumarið 1984. Mig langar til að vekja athygli á því að í 3. tölul., sem fjallar um útboð, er bent á að hægt er að fara fleiri en eina leið til þess að bjóða út verkefni. Mér finnst vera ástæða til þess að hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans í samráði við aðra ráðherra kanni hvort ekki sé möguleiki á að taka upp útboð í stærri stíl en verið hefur og gera á því könnun hvort opinber þjónusta á Íslandi sé það mikið öðruvísi en sams konar þjónusta í okkar nágrannalöndum að hún þoli ekki útboð eins og þar tíðkast. Af þessu tilefni, herra forseti, er þessi þáltill. flutt í trausti þess að þingnefnd kanni þetta mál og að í framhaldi af því megi þingheimur og þjóð eiga von á að breytingar verði í opinberum rekstri að þessu leyti.

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að fá þessu máli vísað til hv. fjvn. en mér er ljóst að það kunni að vera áhöld um það til hvaða hv. nefndar slíkt mál á að fara. Sjálfur hefði ég talið eðlilegt, af því að þar er fjallað um opinberan rekstur, að hv. fjvn. fengi aðstöðu til að kynna sér þetta mál og skila áliti, en ef, herra forseti, talið er að þetta mál eigi fremur erindi til hv. allshn. mun ég ekki gera ágreining um það.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að vara við þeirri hugsun sem fram kemur í þessari till. eða liggur að baki hennar. Ég held að öllum sé ljóst hvað hv. flm. er að fara í þessum efnum. Þó að vísað sé til leiðbeininga í fskj., þar sem ekki er meðtalið menntakerfið og heilbrigðiskerfið í heild sinni, heldur aðeins einstakir þættir, er auðvitað alveg ljóst að hér er verið að vísa til þess að fjmrh. og aðrir ráðherrar geri athugun á því á hvaða sviðum ríkisreksturs sé hagkvæmt að efna til útboða. Ég vek sérstaka athygli á því. Það er hagkvæmnisþátturinn sem vísað er til sérstaklega. Það er ekki þjónustuþátturinn eða þjónustan við almenning sem hér situr í fyrirrúmi þegar mælt er fyrir þessu máli og við höfum orðið vör við það hér á Alþingi hvar hjartað slær hjá flokksmönnum hv. flm. þessa máls. Hér síðast var verið að mæla fyrir tillögu á síðasta fundi Sþ. m.a. um að leggja niður Áfengisverslun ríkisins og láta einkaaðila um að koma áfenginu á markað og þannig má nefna mörg dæmi. Við þekkjum þá viðleitni í heilbrigðiskerfinu sem er til þess að færa þjónustuna til einkaaðila sem sannanlega hefur þegar skert þjónustu sína gagnvart almenningi og er mjög varhugaverð þróun og ekki síður þær hugmyndir sem varða menntakerfið í landinu og einkaskólinn, Tjarnarskóli, var nú einn vísir að því. En auðvitað skyldi ríkið taka á sig áhættuna og bera í raun kostnaðinn til þess að koma hugsjónamálum af því tagi eitthvað áleiðis.

Ég vara mjög við þeirri hugsun sem er að baki þessu og þau mál voru raunar rædd af hv. 3. þm. Reykv. þegar hann mælti fyrir þáltill. sem hann er 1. flm. að um úttekt á markaðshyggju þeirri sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og afleiðingar hennar á íslenskt þjóðfélag þannig að í rauninni þyrfti þessi hugsun, sem hér er á ferðinni og hér er mælt fyrir, að koma einnig þar til sérstakrar skoðunar.

Ég vildi auk þess vekja athygli á í þessu samhengi þskj. 94, sem er till. til þál. um könnun á hagkvæmni

útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra þar sem 1. flm. er hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan og varðar að vísu annað mál. Þar er verið að vara við því að einstakir stórir aðilar í samfélaginu, ríkið, hagi sinni útboðsstarfsemi þannig að einkaaðilar í héruðum eða þeir sem hafa sinnt verkefnum heima fyrir í héruðum missi þau til stórra aðila sem undirbjóða. Við höfum séð að nokkru leyti til hvers slík útboðsstefna hefur leitt í opinberum framkvæmdum, m.a. hjá Vegagerð ríkisins, þar sem fjöldi aðila eða a.m.k. þó nokkuð margir hafa farið á hausinn og skilið verk eftir í ólestri. Þeir sem hafa tekið að sér útboð og boðið langt undir kostnaðarverði og kostnaðarverðið eða réttara sagt það sem út úr útboðunum kemur hefur verið að færast nær kostnaðaráætlun og jafnvel verið yfir kostnaðaráætlun þegar um vegagerð er að ræða. Þarna var hreyft nauðsynjamáli sem nú er til athugunar í nefnd og hefur áður verið flutt hér á Alþingi, sem er eðlilegt að sé skoðað, og varðar útboð. En hér er á ferðinni allt annar hlutur og allt önnur hugsun sem ég sé sérstaka ástæðu til að vara við.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi tillaga fær og sýnist mér af þeim að þetta mál sé mjög gott, enda átti ég ekki von á öðru en að fulltrúar argasta afturhaldsins á Alþingi stæðu upp og mæltu gegn þessari þáltill. Tel ég það vera málinu mjög til framdráttar og vil ég þakka hv. síðasta ræðumanni kærlega fyrir hjálpina.

Hv. síðasti ræðumaður gat þess að fyrir lægi önnur tillaga en það er tillaga hv. 2. þm. Austurl. Þar er um að ræða útboð á verklegum framkvæmdum og varðar samskipti einkum vörubílstjóra og verktakafyrirtækja. Af því tilefni vil ég taka fram að því hefur verið haldið fram, og hæstv. samgrh. hefur staðfest það, að sú útboðsstefna sem fylgt hefur verið á síðustu árum hafi sparað verulega fjármuni og gert það að verkum að framkvæmdamáttur fjármagnsins sem fer til vegagerðar til að mynda hafi verið talsvert meiri en ella. Og ég lýsi því hiklaust yfir að þeirri stefnu á auðvitað að halda áfram því að það er skylda opinberra aðila fyrst og fremst að nýta fjármagn skattborgaranna vel en ekki að vera þjónustufyrirtæki fyrir einstaklinga sem kannske hafa keypt sér bíla eða minni fyrirtæki og ætla að lifa á ríkisframkvæmdum. Þeir geta sameinast og boðið í verk og hafa sums staðar gert það með góðum árangri. Ég skil það vel að í sumum tilvikum þarf að gefa nokkurn aðlögunartíma þar sem um breytingu er að ræða en ég hef ekki áhyggjur af því. Þegar menn í framtíðinni sjá um hvað málið snýst verða þeir ekki í vandræðum sjálfir að stofna sín eigin verktakafyrirtæki og bjóða í verk sem unnin eru t.d. á vegum Vegagerðar ríkisins.

En hér erum við að tala um aðra hluti en þá sem ég er að nefna og nefndi í minni fyrri ræðu og þáltill. gengur út á eins og hv. síðasti ræðumaður benti réttilega á. Ég er að leggja til að útboðsstefnan nái ekki eingöngu til verklegra framkvæmda heldur einnig þjónustunnar. Og þá heldur hv. síðasti ræðumaður því fram að þar með séum við að kasta þjónustunni fyrir róða. Ég segi: Við erum að tryggja það að hlutirnir séu gerðir á sem hagkvæmastan hátt. Við erum að undirstrika það að það er hlutverk stjórnmálamanna og stjórnvalds að sjá um slíkt eftirlit en það geti þvert á móti orðið til þess að lakari þjónusta fáist ef eftirlitið og framkvæmdin er á sömu hendi eins og nú er. Og ég bendi á að í nágrannalöndum okkar hefur það um árabil verið þannig að ýmis opinber þjónusta, sem hér er stunduð af opinberum aðilum, er stunduð af einkaaðilum og hefur gengið ágætlega. Og ég hygg að slíkt geti einnig gerst hér á landi. Ég tók það skýrt fram í minni framsöguræðu að það er ekki verið að reyna að minnka þjónustustigið. Ég hafði þessa ræðu reyndar skrifaða og ég tók það alveg skýrt og skortinort fram að þessi tillaga var ekki flutt til þess heldur til þess að nýta fjármagnið betur en gert er í dag.

Það kemur auðvitað ekki nokkrum manni á óvart, allra síst hv. alþm., að fulltrúar Alþb. mæli gegn þessari tillögu. Þeir eru fulltrúar þeirrar stefnu sem vill haga málum þannig að helst öll atvinnustarfsemi sé í höndum ríkisins, að þeir sjálfir, þegar þeir komast til valda, ákveði hvað sé gert og hvernig það sé gert og ráði sjálfir mannskapinn til þess. Það er ekki langt síðan við höfðum ríkisstjórn sem hv. síðasti ræðumaður átti aðild að. Þar sat hann og hann ákvað gjaldskrár fyrir sveitarfélögin í landinu, fyrir orkufyrirtæki, og var með nefið ofan í hvers manns koppi. Þannig var ástandið þá. Það sem við viljum gera og erum ekkert feimnir við að segja er að breyta hlutunum á þann veg að þeir sem fara með völd á hverjum tíma taki ákvörðun um hvað eigi að gera og leyfi síðan þeim sem eru sem best í stakk búnir til þess að framkvæma það undir því eftirliti sem hlýtur að vera í höndum hins opinbera. Um þetta er auðvitað meginágreiningur í stjórnmálum og það þekkjum við. Það kemur engum á óvart að þetta hljóð kom úr þessu horni og ég vil einungis nota tækifærið til þess að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans orð því að ég tel þau vera málinu til mikils framdráttar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ja, það er ágætt að hv. 2. þm. Reykv. komi út úr sínu sauðahúsi og tali tæpitungulaust og reyni að gera öðrum upp skoðanir í leiðinni. Það er ágætt að þeir sem hafa þurft að sjá um þjónustu víða um landið, m.a. einkaaðilar eins og vörubílstjórar og aðrir slíkir sem eru að vinna að nauðsynjaverkum í byggðarlögunum, heyri hvaða álit talsmenn Sjálfstfl. á Alþingi hafa á þeirra störfum og að það komi fram með þeim hætti sem það gerði hjá hv. síðasta ræðumanni, að hann telur að hinir stóru eigi ótvírætt að ganga yfir hina minni í samkeppni fjármagnsins og síðan eigi byggðarlögin að sjá um sig, væntanlega, þegar hinir stóru — ef

ekki héðan af Reykjavíkursvæðinu þá helst frá útlöndum, eins og nú er verið að reyna að draga hér í landið í sambandi við framkvæmdir á stóru verkefni austur á landi, sem búið er að vera í höndum núv. ríkisstjórnar allt kjörtímabilið, þar sem verið er að reyna að draga erlenda aðila fyrst og fremst sem ábyrgðaraðila í öllum verkum. Þetta er stefna Sjálfstfl.

Við hv. 2. þm. Reykv. stóðum saman að því í tíð síðustu ríkisstjórnar að fá hér samþykkta á Alþingi till. til þál. um iðnaðarstefnu sem hefst á því að það sé hvatt til þess að dreift frumkvæði fái að njóta sín í sambandi við smærri verkefni í landinu, í sambandi við uppbyggingu iðnaðar í landinu. Svo kemur hv. þm. hér og segir: Alþb. vill færa allt undir ríkisvaldið, allt undir stóra bróður. Hvers konar rugl er þetta? Auðvitað veit hv. þm. það að þetta er ekki stefna Alþb. Stefna Alþb. er að láta heimafólkið og samtök heimamanna á hverju svæði um eins mikið af verkefnunum og hægt er og skynsamlegt er í sambandi við framkvæmdir og líka í sambandi við margháttaða þjónustustarfsemi. En það er Sjálfstfl. sem ekki fæst til að taka undir það efni, tillögur um valddreifingu og hugsanlega nýtt stjórnsýslustig í landinu til þess að færa verkefni út í héruðin frá bákninu í Reykjavík. Það eru engar undirtektir við þá stefnu hjá hv. 2. þm. Reykv. og hans flokki.

Nei, það er ekki sama hver í hlut á. Hv. þm. segir: Einkaframtakið á að fá að spreyta sig. Svo á ríkið að fylgjast með því. Ég skal taka eitt dæmi um hvernig að því er staðið af hv. þm. eða réttara sagt af hans flokki og framkvæmdarvaldi.

Ég flutti fyrir tveimur þingum síðan og reyndar á þinginu þar áður þáltill. um bætta þjónustu við farþega í innanlandsflugi og vakti athygli á því að þar væri margur pottur brotinn og eins varðandi flutning farþega að flugvöllum og þjónustu við þá. Hver er aðalrekstraraðilinn í innanlandsflugi í landinu? Fyrirtæki sem heitir Flugleiðir og fær einkaleyfi til flutnings á farþegum á ákveðna flugvelli og nokkrir aðilar spreyta sig á öðrum leiðum. Í flugrekstrarleyfum, einkaleyfum til þessa einkaframtaks, er ekki að finna eitt einasta orð um skyldur þessara aðila, um þjónustu við það fólk sem verið er að flytja, ekki orð.

Þessa tillögu mátti ekki samþykkja hér á Alþingi. Það var algert bannorð að Alþingi tæki efnislega afstöðu til hennar og það var sagt, af því að málið var auðsjáanlega skynsamlegt, að það væri nefnd í gangi sem væri að fjalla um flugmálin í landinu. Ég held að hún hafi sáralítið sinnt þessum þætti sem snýr að þjónustunni við farþega. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki verið að hugsa um þá hluti ef einkareksturinn er í réttum höndum. Það er von að hv. þm. telji sig hafa efni á að tala digurbarkalega og gera öðrum upp skoðanir. Fulltrúi einokunar, ef hún er í réttum höndum, og talsmaður flokks sem stendur að því í reynd að útiloka innlent framtak frá þátttöku í stórum verkefnum, eins og gerðist t.d. í undirbúningi að byggingu kísilmálmverksmiðju austur á landi, og flokks sem leggur fyrir frv. hér uppi í Ed. um opinber innkaup þar sem ekkert tillit er tekið til innlendrar iðnþróunar og þróunarstefnu í tengslum við opinber innkaup.

Sannleikurinn er sá að í tíð núv. ríkisstjórnar hefur ekkert verið hugsað um iðnþróun í landinu og hvernig hægt er að beita þeim verkefnum sem fyrir liggja til þess að styðja við innlendan iðnað og þróunarstefnu, þar sem menn verða að geta horft svolítið fram í tímann. Nei, þar á hagkvæmnin svokallaða ein að ríkja án tillits til heildarhagsmuna þjóðfélagsins. Þetta finnst mér rétt að liggi fyrir í sambandi við þetta hugsjónamál hv. 2. þm. Reykv.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umræðu en tillaga sem ég hef flutt hér á Alþingi í þrígang eða verið 1. flm. að hefur komið inn í þessar umræður og ég vildi þá vekja athygli á því út á hvað sú tillaga gengur og hvers vegna í ósköpunum þeir sem trúa á útboðsstefnuna hafa verið svo tregir til að samþykkja hana sem raun ber vitni.

Tillagan felur það nefnilega í sér að gera skuli heildarúttekt á hagkvæmni útboðanna, bæði þjóðhagslega og byggðalega. Þar er getið um það að ákveðinn aðlögunartími skuli gefinn nákvæmlega eins og hv. 2. þm. Reykv. var að tala um en var ekki gefinn, aðlögunartími fyrir heimaaðila til þess að laga sig að breyttum aðstæðum, að útboðsreglum og auðvelda þeim þátttöku í verkefnum nálægt sinni heimabyggð. Þetta er í raun og veru grundvallaratriði þessarar tillögu. Og ég verð að segja það að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að þessi tillaga skuli ekki hafa fengist samþykkt og að fremstu stuðningsmenn hennar skuli ekki vera úr hópi þeirra sem trúa á blinda útboðsstefnu í öllu, því að heildarúttekt af þessu tagi sem við leggjum þarna til hlýtur að sanna þeirra mál í einu og öllu, ef trúa má þeirra eigin sannfæringu, sem þeir bera á borð æ ofan í æ og hv. 2. þm. Reykv. er nú að bera á borð varðandi önnur verkefni sem hann vill láta bjóða út.

Ég verð því miður — og verð að segja það þrátt fyrir það að hann vitni, eins og í hálfheilagan mann, í hæstv. samgrh., vitni til hans eins og Biblíu og ekki dreg ég úr því að þar fer sannorður maður og réttsýnn — að játa það að við á Austurlandi höfum ekki séð gróðann af þessum útboðum. Við höfum hins vegar séð gjaldþrota fyrirtæki í stórum stíl. Við höfum séð hlaupið frá hálfköruðum verkum í stórum stíl, því miður. Og þá heimaaðila sem hafa verið að reyna í samkeppninni við volduga aðila, sem hafa m.a. getað byggt sig upp á virkjunarframkvæmdum hér syðra og koma svo með sinn tækjakost austur, höfum við séð fara á hausinn í stórum stíl þarna eystra líka, jafnvel heilt ræktunarsamband í eigu bændanna á Austurlandi hefur farið á hausinn af þessum sökum. Og svo eru menn hissa á því þó að við fögnum ekki þessari þróun sem var í raun og veru engin þróun vegna þess að þessu var skellt á

fyrirvaralaust þannig að heimaaðilar höfðu enga möguleika til að laga sig að þessum aðstæðum. Það er nefnilega rétt sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Ef á að gera svona hluti þarf aðlögunartíma. Hann var hreinlega ekki gefinn.

Hér er hins vegar tekist á um grundvallaratriði í þessum málum og ekki skal ég fara frekar út í það hér. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við tryggjum það hér að heimaaðilar geti komið sem allra best að verkum, að þeir geti tekið þátt í eðlilegri verktakastarfsemi að sjálfsögðu og þeim verði auðvelduð leiðin til þess. Ég játa það alveg og hef sagt það í hvert skipti sem ég hef talað um þessi mál: Ég hef ekki á móti útboðum í stórum verkefnum þar sem þarf sérhæfð tæki, sérstaka kunnáttu og annað því um líkt, síður en svo. Þar sem ég er alveg öruggur um að hagkvæmni sé að slíkum útboðum hef ég sannarlega ekki á móti þeim. En að bjóða út allt, stórt og smátt, með engan fyrirsjáanlegan gróða, síst með framtíðina í huga, tel ég hins vegar ranga stefnu og hún hefur komið mörgum í mínu kjördæmi svo hrikalega í koll og ég sé það líka að eftir fáein ár muni byggðirnar eystra, heilu byggðarlögin sem hafa búið allvel að þjónustu þessara aðila, bæði vinnuvélaeigenda og vörubifreiðastjóra, standa uppi án þessarar þjónustu og Vegagerð ríkisins, svo að dæmi sé tekið, af því að hún var nefnd hér sérstaklega, mun heldur ekki geta sinnt sínum verkefnum einfaldlega vegna þess að þegar koma viðhaldsverkefni, verkefni sem koma á óvænt, eru þessi tæki ekki til og Vegagerðin á þau ekki til heldur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið að það þarf að gæta hófs í því að ætla ekki að allt verði hagkvæmara þó að útboðunum sé beitt. Þarna kemur eitt og annað inn í. Það þarf að standa að vegaviðhaldi á þessum svæðum og fari svo að öll tæki sópist burtu af svæðunum getur niðurstaðan orðið sú að ákaflega lítið og ódýrt verk, hefðu tækin verið til staðar, breytist í kostnaðarsama framkvæmd vegna þess að tækin þarf að sækja mjög langa leið.

Annað hefur ekki síður vakið athygli þeirra sem úti á landi eru og fylgjast með þessu en það er sú staðreynd að stærstu verktakafyrirtæki landsins fengu að flytja inn vélar ótollafgreiddar. Þessar vélar áttu að vera notaðar á virkjanasvæðunum og það átti að skrifa niður vinnutímafjöldann. Það átti að byggja tollafgreiðsluna á því hver vinnutímafjöldi vélanna yrði og síðan var hugsunin sú að það gæti farið svo að það yrði að flytja vélarnar beinustu leið út aftur eftir framkvæmdir.

Þetta hefur leitt til þess að í útboðum á Íslandi hafa annars vegar verið til staðar stór fyrirtæki sem ekki þurftu að leggja fram fjármuni fyrir tolli og hins vegar smáaðilar sem urðu að greiða tollinn við móttöku vélanna. Þetta hefur skapað verulegt ósamræmi og ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg vonlaust að standa þannig að því, eins og verið hefur, að stórfyrirtækin fái að flytja inn vélarnar tollfrjálst til virkjananna og geti svo valsað með þær vélar inn í önnur verk. Það verður að vera réttlæti í þessu og það réttlæti er ekki til staðar ef grunnurinn er rangt byggður.

Ég vil líka geta þess hér að svo vill til að okkar söluskattskerfi er þannig útbúið að það er ekki söluskattur af vörubílum, vinnu, en aftur á móti söluskattur af þungavinnuvélum. Það er náttúrlega vitlausara en svo að nokkru tali taki ef á að standa þannig að þessum málum að verktaki geti fært verulegan hluta af verkinu yfir á vörubíla, segja að það hafi verið unnið af vörubílum, og borga engan söluskatt, á sama tíma og ef þetta hefði verið unnið af smærri aðilum hefði það náttúrlega legið alveg ljóst fyrir að sá sem var að vinna verkið notaði til þess þungavinnuvél, t.d. jarðýtu. Ég tel að við höfum stigið sum spor mjög góð í því að taka upp útboð, ég er sannfærður um það. Við höfum lengt vinnutímann yfir árið í framkvæmdum og gert ýmsa góða hluti en við þurfum að gá verulega vel að okkur og gæta þess að fá enga oftrú á þessu, horfa á þetta með gagnrýni og reyna að ná skynsamlegri niðurstöðu í því hvað við setjum í útboð og hvað við teljum eðlilegt að sé framkvæmt með öðrum hætti.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Enn á ný hafa nokkrir hv. þm. tekið til máls um þessa litlu þáltill. sem er til umræðu og kann ég þeim að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir. Fyrst hv. síðasta ræðumanni sem benti réttilega á það sem var eitt af aðalatriðunum í minni ræðu. Það er þær reglur, söluskattsreglur, sem í gildi eru en þær koma bókstaflega í veg fyrir það að menn hagræði hjá sér og ýta undir það að menn svindli. Það var eitt af því sem ég benti rækilega á í minni upphafsræðu og ræddi ég þar um þau dæmi sem upp hafa komið, m.a. hjá Eimskipafélagi Íslands og hjá einu kvikmyndahúsanna hér í borg og varða greiðslu á söluskatti, þ.e. reglur um greiðslu á söluskatti, þannig að ég tek undir þessi sjónarmið með hv. síðasta ræðumanni.

Þeir hv. þm. Austurl. sem hér töluðu ræddu reyndar um aðra þáltill. en þá sem hérna er til umræðu en það var af gefnu tilefni. Ég get að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Það hefði verið betra, og það tók ég fram í minni ræðu, að þessum aðilum hefði verið gefinn viss aðlögunartími. En við skulum hafa það í huga að þarna er verið að ræða um verklegar framkvæmdir en ekki um þjónustuverkefni eins og ég er að tala um í þáltill. þeirri sem hér liggur til umræðu.

Við skulum hins vegar setja dæmið þannig upp að vörubílstjórarnir væru allir ríkisstarfsmenn í dag. Þá mætti segja að mín tillaga gengi út á það að bjóða síka starfsemi út þannig að vörubílstjórar geti tekið að sér verkin því að ég er að tala um athugun á þeim verkefnum sem nú eru unnin af ríkinu.

Ég kann hins vegar vel að meta það að hv. þm.

Austurl., þeir sem hér hafa talað, skuli bera hag vörubílstjóra og smáatvinnurekenda fyrir brjósti, það kann ég vel að meta, og ég veit að þeir á Neskaupstað hafa haft skilning á atvinnurekstri. Ég var á Reyðarfirði fyrir skömmu. Þar kom ég inn á bílaverkstæði sem tekur við viðgerðum hjá Vegagerð ríkisins þegar Vegagerð ríkisins getur ekki sjálf annað öllu. Þarna er sem sagt einkaþjónusta notuð aðeins þegar hinir sjá ekki fyrir sér. Ég spyr: Væri ekki hugsanlegt að þessir einkaaðilar eða einhverjir aðrir, heimamenn, gætu tekið að sér þjónustu í auknum mæli? Auðvitað er hægt að hugsa sér það og það er út á slíkt sem mín tillaga gengur, að kanna hvort ríkið getur komið fleiri verkefnum yfir á einstaklinga. Þarna þekkir hv. 2. þm. Austurl. vel til og þess vegna nefni ég Reyðarfjörð sem sérstakt dæmi því að þangað kom ég fyrir ekki mörgum vikum síðan.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom aftur í ræðustól og ræddi áfram á þeim nótum sem hann hafði áður rætt. Ég hef því miður ekki tíma til þess að eiga orðastað við hann um þau atriði en verð að benda á að þau verkefni sem þar eru boðin út eru samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila og ég minni á að það hefur gerst áður að erlendir aðilar hafa fengið að bjóða út á Íslandi eins og t.d. í öllum virkjunarframkvæmdum. (**HG:** Hvenær hafa ...) Ég ætla ekki að svara þessari spurningu en ég get rifjað upp fyrir hv. þm., sem er fyrrv. iðnrh., að það er nú kannske kominn tími til að ganga í þetta mál, einkum og sér í lagi þegar íslenska ríkið er búið að demba nokkrum hundruðum milljóna í virkjunarrannsóknir fyrir austan.

Varðandi flugreksturinn vil ég aðeins segja þetta. (**Forseti:** Ég vil aðeins vekja athygli hv. ræðumanns á því að það verður naumast sagt lengur að um stutta athugasemd sé að ræða.) Ég skal viðurkenna það, herra forseti, að það verður varla sagt að hún sé örstutt en hún er nú tiltölulega stutt, held ég, miðað við þær ræður sem hafa verið fluttar hingað til og ég vona að herra forseti gefi mér leyfi til þess svo sem eins og í hálfa mínútu í viðbót að fá aðeins að svara hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Það sem ég vildi sagt hafa er þetta: Það er engin lausn frá sjónarhóli mínum né þáltill. sem ég er að flytja að ríkið taki að sér flugreksturinn. Það liggur hins vegar á borðinu og það veit ég að þegar slík þjónusta er boðin út eins og einkaleyfi til flugrekstrar, skv. lögunum, getur ríkið hvenær sem er gert að skilyrði hvernig þjónusta á að vera fyrir hendi. Það er eins auðvelt eins og við erum hér saman í þessum þingsal báðir tveir. Það hefur ekki verið gert en það er hægt á grundvelli gildandi laga því það hef ég kannað sjálfur.

Herra forseti. Mér þykir leitt að hafa þurft að láta reyna svona mikið á þolinmæðina en vona að mér fyrirgefist það einkum og sér í lagi vegna þess að ég er ekki tíður gestur í þessum ræðustól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hinn 27. júní 1985 voru gefin út lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar var markað stórt spor til meiri stjórnunar á landbúnaðarframleiðslu hér á landi en áður hefur þekkst og nauðsyn að stíga það vegna þess misræmis sem orðið var á milli framleiðslunnar og eðlilegra sölumöguleika á vörunni. Vitað var að það yrði að gefa út reglugerðir sem kæmu á framfæri til bænda vilja stjórnvalda um þessi mál og hæstv. landbrh. lá undir verulegu ámæli fyrir það hve seint reglugerðin um mjólkurframleiðslu kom út. Nú hefur það gerst að reglugerðin um sauðfjárafurðir kemur ekki út fyrr en 29. október en fyrir liggur að ákvörðun um bústofn á þessum vetri, sem ræður framleiðslu haustsins 1987, var að sjálfsögðu ákveðin fyrir sláturtíð. Það verður að teljast mjög undarlega að verki staðið að yfirvöld þessara mála sjái sér ekki fært að gefa út reglugerð fyrr en 29. október og ég vil spyrja ráðherra hvað veldur því að slík vinnubrögð eru viðhöfð.

Það kemur einnig fram að það er búið að skipta landinu upp í mjög mörg búmarkssvæði. Á Vestfjörðum gerist það af þeirri ástæðu að fluttur hefur verið frá Vestfjörðum af einu svæðinu, þ.e. Vestur-Barðastrandarsýslu, verulegur framleiðsluréttur á sama tíma og fjölmiðlar, fyrst dagblaðið Tíminn en síðan sjónvarpið, hamra á því í fréttaflutningi að Strandasýsla hafi komið verst út allra svæða á Íslandi samkvæmt þessari reglugerð. Þar kom m.a. í ljós að það 3% magn sem búnaðarsamböndum er ætlað til útdeilingar var ekki inni þegar frá þessum tölum var gengið við Búnaðarsamband Strandasýslu. Ég vænti nú reyndar breytingar á því en ég vil heyra álit ráðherrans á því, hvert hans mat er á stöðu sauðfjárbúskapar í Strandasýslu eftir útkomu þessarar reglugerðar.

Það fer ekki á milli mála að byggð þar þolir engin stóráföll. Með leyfi forseta vil ég lesa hér samþykkt frá almennum bændafundi í Sævangi sem hljóðar svo:

„Almennur bændafundur haldinn í Sævangi 16. nóv. 1986 gerir þá kröfu til stjórnvalda að bændur í Strandasýslu fái fullvirðisrétt er svari til meðalframleiðslu áranna 1981–1986 og haldi honum. Bendir fundurinn á að bú í Strandasýslu eru það smá að ef framleiðslan dregst saman frá þessum árum er ljóst að hrun byggðarinnar er óumflýjanlegt.“

Með þeirri ákvörðun að skipta landinu í framleiðslusvæði hlýtur að verða að líta svo á að einhver framtíðarstefna verði mótuð í þessum efnum, hvar eðlilegt sé að halda áfram sauðfjárframleiðslu að fullu og hvar beri að draga verulega úr framleiðslunni. Það er að mínu viti eðlilegt að skoðuð verði nýting á landinu og þar sem afréttir eru ofbeittir sjái menn sóma sinn í að minnka framleiðsluna svo að ekki sé níðst á landinu. Ég vil spyrja hæstv.

landbrh.: Kom þetta aldrei inn í umræðuna þegar fullvirðisréttinum var útdeilt?

Haustið 1987 ábyrgist ríkið fullt verð fyrir 11 000 tonn en Framleiðnisjóður fullt verð fyrir 800 tonn. Að vísu ábyrgist ríkið einnig hluta af því magni ef samningar takast um niðurskurð vegna riðu. Sú spurning brennur mjög á bændum í dag hvort gera megi ráð fyrir því að þeirra framleiðsla verði skert ár frá ári eða hvort ætlunin sé að stoppa nú við og skerða ekki fremur en orðið er framleiðslurétt þeirra bænda sem halda áfram sauðfjárbúskap. Það er mjög brýnt að bændur fái að vita þetta. Í mörgum tilfellum blasir það við að það er ekki skynsamlegt að bíða með ákvarðanatöku um að bregða búi ef fyrirsjáanlegt er að framleiðslurétturinn heldur áfram að minnka.

Sú spurning brennur einnig í hugum margra framleiðenda í hverju ábyrgð ríkisins á framleiðslu afurðanna sé fólgin. Er hún fólgin í því að bændur fái fullt verð fyrir afurðirnar og jafnframt í því að það megi gera ráð fyrir því að þegar framleiðsluárið er liðið verði gert upp við sláturleyfishafa þannig að þeir fái fullt verð fyrir þær afurðir og ríkið sé þá eigandi að því sem eftir er, eða má búast við því að sláturleyfishafar sitji uppi með að selja stöðugt eldra og eldra kjöt, þ.e. ef framleiðslan nær ekki jafnvægi gagnvart markaðnum?

Framleiðnisjóði hefur verið markaður tekjustofn til fimm ára og vitað er að stórum hluta af því fjármagni hefur verið ráðstafað nú þegar. Gott væri ef upplýst yrði hve miklu af þessum tekjum hann er búinn að ráðstafa. — Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. frummælanda á því að hann er kominn langt fram yfir sinn tíma. Það eru níu hv. þm. þegar á mælendaskrá og við þurfum að fylgja stranglega þeim reglum sem þingsköp gera ráð fyrir ef þm. eiga að geta komist eðlilega að og ég veit að hv. frummælandi óskar ekki að hamla því að þm. geti talað hér á eftir.)

Ég leyfi mér einnig að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort fyrir liggi upplýsingar um það hve stór hluti þeirra sem selt hafa framleiðslurétt frá jörðum sínum fari út í aðra atvinnustarfsemi án þess að flytja brott af jörðinni. Þetta er spurning um það hvort vænta megi þess að það eigi sér stað atvinnubreyting í sveitum eða hvort kaupin á framleiðsluréttinum séu fyrst og fremst í reynd til þess að auðvelda bændum að hætta búskap en leiði jafnframt til þess að jarðirnar fari í eyði.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Vegna fyrirspurna hv. 5. þm. Vestf., sem voru margar, vil ég reyna að koma örfáum atriðum að.

Samningar fyrir verðlagsárið 1987–88 lágu fyrir fyrst í lok september. Vinna var mikil við setningu reglugerðar um skiptingu á fullvirðisrétti og ráðh. bar lögum skv. að leita til ýmissa aðila um reglugerðina áður en hún var gefin út síðast í október. En byggt var við setningu þessarar reglugerðar á tillögum Stéttarsambands bænda sem og búvörulögunum sem kveða á um að búmarkssvæði skuli að öðru jöfnu falla saman við starfssvæði búnaðarsambanda en hins vegar hefur verið skipt í fleiri svæði. Þá er óskað eftir tillögum frá viðkomandi búnaðarsamböndum um það hvort þau vilja breyta því en byggt hefur verið á tillögum frá Stéttarsambandinu.

Um skiptingu á afurðamagni milli svæða var byggt á tillögu frá aðalfundi Stéttarsambands bænda á s.l. sumri þar sem miðað skyldi við framleiðslu síðustu tveggja ára, þ.e. það árið sem betra var. Öll búmarkssvæði hlutu sína sömu skerðingu, 4,5%, af innleggi haustið 1984–1985 miðað við betra árið. Benda má á að á s.l. 5–7 árum hefur þróun sauðfjárhalds mjög orðið í samræmi við landnýtingarsjónarmið. Þannig hefur sauðfé á Ströndum aðeins fækkað um 3% frá árinu 1977–78 til 1984–85, í Gullbringu- og Kjósarsýslu um 35%, í Skagafirði um 19% og um 28% í Árnessýslu. Ekki var talið fært að ganga lengra í mismunun um sinn, þannig hljóðaði tillaga Stéttarsambandsins, en ráðuneytið telur hins vegar alveg nauðsynlegt að taka fullt tillit til þessa atriðis við næstu skiptingu fullvirðisréttar, þ.e. fyrir verðlagsárið 1988–89. 3%-hlutinn sem ætlaður er búnaðarsamböndunum er þegar tryggður þannig að við það verður staðið.

Ég vil undirstrika það að þessi úthlutun á fullvirðisrétti er lágmarksúthlutun, lágmarkstrygging réttara sagt, sem hverjum bónda er ábyrgst og reynslan á síðan eftir að skera úr því hvort eitthvað þarf að skerða framleiðslu.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, Gunnars Guðbjartssonar, er talið að nú í haust muni verða innan við 100 tonn af kindakjöti umfram verðábyrgð sem þurfi að koma til skerðingar hjá bændum. Það er ljóst að þarna er ekki um mikið magn að ræða þegar því er dreift yfir landið allt. Reglugerðin gerir ráð fyrir því að skerðingin verði þannig að því sem afgangs er verði jafnað út milli einstakra bænda þannig að það komi upp í hlut þeirra sem fyrir mestri skerðingu verða, þannig að þarna verði um eins mikinn jöfnuð að ræða og nokkur kostur er. Og það er sama sjónarmiðið sem gildir í þeirri reglugerð sem nú hefur verið gefin út. Grundvallarsjónarmiðið í samningunum í haust fyrir verðlagsárið 1987–88 og útgáfu reglugerðarinnar er að þeir bændur sem halda áfram búskap þurfi ekki að draga saman frá þessu verðlagsári. Það tel ég ákaflega mikilvægt. Því ætti uppgjörið nú í haust að benda til þess að það muni ekki heldur verða mikil verðskerðing á kjöti hjá bændum við framleiðslu næsta hausts þar sem nú í haust var óvanalega jafngott árferði um allt land.

Um það hvort markmið Framleiðnisjóðs næst um fækkun samkvæmt hans ábyrgð liggur það ekki ljóst fyrir, líkur benda þó til þess. Það eru um 50 000 fjár hjá bændum þar sem riðuveiki er og nokkur hluti

þeirra gengur að þessu tilboði sem þarna er gert. Það mun vera sennilega u.þ.b. þriðjungur þeirra sem sem nú taka við tilboði Framleiðnisjóðs. Aðrir eru svo þeir sem hafa erfiða búrekstraraðstöðu eða eru á leiðinni í að breyta um búskaparhætti o.s.frv.

Meiri hlutinn af samningum við Framleiðnisjóð mun sennilega vera leiga, á að giska ⅔, en enn þá er verið að vinna að þessu og það liggur ekki ljóst fyrir enn þá. Ég tel að þessar upplýsingar bendi til þess að bændur þurfi ekki að örvænta mjög vegna framleiðslu haustsins í haust og þá ekki heldur næsta haust. Þá vil ég taka það fram að lokum að það er verið að gera úttekt á þeim bændum sem verst fara út úr úthlutuninni nú, þ.e. þeim sem hafa verið að byrja búskap síðustu árin og hafa því verið með mjög lítið innlegg. Ég vonast til þess að það liggi fyrir nú allra næstu daga hversu margir þeir eru og þá verður litið á það mál sérstaklega.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég held að hér hafi slysalega til tekist og að þessi reglugerð sé illframkvæmanleg nema með mjög mikilli blóðtöku fyrir sauðfjárbændur. Þessi lög eru gölluð, það þurfti ný búvörulög en blóðtakan er of hröð. Markaðshyggjan hefur að mínum dómi ráðið um of við framkvæmd laganna. Það er rangt að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. ⅔ af búvöruframleiðslunni eru framleiddir af þriðjungi bænda. ⅔ bænda framleiða þriðjung búvöruframleiðslunnar.

Nú er verið að reyna að koma minni bændunum út úr hefðbundinni búvöruframleiðslu svo að stóru bændurnir þurfi ekki að taka á sig nema sem minnsta skerðingu. Ég nefni dæmi: Bóndinn á Stóru-Giljá hefur fullvirðisrétt upp á 950 ærgildi og það er miklu meira en hann þarf að nota. Bóndinn á Litla-Felli hafði fullvirðisrétt upp á 73 ærgildi og nú fékk hann bréf upp á 69 ærgildi og það er minna en hann þarf að nota. Þetta er í sauðfjárframleiðslunni. Í mjólkurframleiðslunni ... (Gripið fram í.) Hann hefur búmark upp á 1450 og slapp með 3% og stendur enn í 950. — Ég held að það þurfi að hjálpa stórbændunum til þess að minnka við sig, ekki að fara illa með þá heldur að hjálpa þeim við það, og þá er nóg pláss fyrir flest það fólk sem er í sveitunum. En það flytur burtu ef því er meinað að hafa hefðbundinn búskap. Það á að hafa aukabúgreinar til stuðnings búi sem gefur of litlar tekjur og þetta má allt gera hagrænt og halda uppi ódýrri framleiðslu og stóru búin framleiða í fæstum tilfellum ódýrari vöru.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fresta framkvæmd þessarar reglugerðar, setja upp nýja reglugerð í vor sem tæki mið af búmarkinu að einhverju leyti, búmarki allt frá 1980. Árið 1980 var réttasta búmarkið og það var eign bænda. Núverandi reglugerð tekur einungis mið af tveggja ára framleiðslu og verðlaunar þá sem drógu ekki saman, hegnir þeim sem urðu við tilmælum stjórnvalda.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er hreyft miklu alvörumáli og ekki ætla ég að lasta það eða vanþakka en það liggur við að manni finnist verra að þessi umræða sé hafin vitandi það að ekki verður hægt að halda henni áfram nema í einar 20 mínútur.

Ég vil því beina þeirri eindregnu áskorun til hæstv. landbrh. að hann beiti sér fyrir því að upp verði tekin á Alþingi opin almenn umræða um framleiðslustjórnun í landbúnaði á næstu dögum og að hann innleiði þá umræðu með skýrslugjöf eða framsöguræðu um stefnu sína í þeim málum. Það er algjörlega óhjákvæmilegt að mínu viti að þessi mál verði tekin hér til ítarlegrar umræðu á Alþingi og það eru miklar kröfur uppi um að það verði gert.

Ég hygg, því miður, herra forseti, að þeir bændur sem hlustað hefðu á ræðu hæstv. landbrh. hér áðan hafi ekki getað dregið aðra niðurstöðu af henni en þá aðallega að þeir verði að leggjast á bæn og biðja guð almáttugan um að forða sér frá góðæri. Góði guð, gefðu okkur nú ekki góðæri svo að við verðum ekki verðskertir næsta haust, gefðu okkur heldur hallæri eða a.m.k. langleiðina það.

Hér eru svo alvarlegir hlutir á ferðinni fyrir ákveðin byggðarlög í landinu að það er óhjákvæmilegt að Alþingi taki á því hvaða afleiðingar þessi stefna, þessi reglugerð, hefur í för með sér. Við þm. Norðurl. e. höfum fengið bréf frá Hólsfjöllum, frá bændum á Hólsfjöllum, þeim sem þar þrauka enn. Menn kannast e.t.v. við það að einu sinni var samþykkt áætlun um að halda í byggð bæjum á Hólsfjöllum og það var talið mikið hagsmunamál allra landsmanna að svo væri gert. Nú er skertur framleiðsluréttur þessara fáu bænda sem eftir eru á Hólsfjöllum, m.a. ungra bænda sem þar hafa verið að taka við búum og hefja búskap og þetta er auðvitað þvert á alla skynsemi, þvert á alla stefnu í byggðamálum o.s.frv. Ég segi það að ég tel óhjákvæmilegt að taka reglugerðina til endurskoðunar og að leiðrétta þá einstaklinga og þau svæði sem verst fara út úr þessu. Það er ljóst að ákveðnar jaðarbyggðir, byggðir við Þistilfjörð, í Strandasýslu, hreppar á Austurlandi, og fleiri dæmi mætti nefna, fara mjög illa út úr þessum viðmiðunarárum og þessari reiknireglu sem hér er lögð til viðmiðunar og það er óhjákvæmilegt að bæta þar úr, að taka þau svæði og þá einstaklinga sem verst fara út úr þessu til leiðréttingar. Það verður að gera með því að bæta hér við eða taka þessa úthlutun upp á nýtt.

Síðan er það eitt enn sem ég vil fá að koma hér að áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, og það er tímasetning þessara aðgerða. Ég bið þann mann, ef einhver er, að gefa sig fram sem mælir með því að fullvirðisréttinum sé úthlutað 3–4 vikum eftir að sláturhús loka, löngu eftir að ásetningur er ákveðinn og svo maður tali ekki um löngu, löngu eftir að borið var á tún og tekið var að afla fóðurs fyrir búpening. Það gengur auðvitað ekki að standa að þessum hlutum með þessum hætti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi umræða opinberar það vel hvernig er ástatt með stjórnun landbúnaðarmála hjá okkur. Hér hefur hv. 5. þm. Vestf. umræðu og ég þakka honum fyrir frumkvæðið. Hæstv. landbrh. telur að þessi mál séu í besta lagi, það sé von á góðri tíð að ári liðnu eða svo. Formaður þingflokks Framsfl. kemur hér og hrópar af þá stefnu sem hæstv. landbrh. fylgir. Þetta er ástandið í kringum stjórnun þessa málaflokks og annað er eftir því. Hér stendur Framsfl. og ríkisstjórnin í heild fyrir stefnu sem ýtir undir landeyðingu og leiða mun til landauðnar á stórum svæðum ef heldur fram sem horfir. Tímasetning þessarar reglugerðar þarf kannske ekki að koma svo mjög á óvart eftir að sami hæstv. ráðherra setti reglugerð um mjólkurframleiðslu á miðju framleiðsluári. Það var kominn mánuður fram yfir ásetning eða sláturtíð núna og auðvitað voru bændur búnir að setja á.

Hvað eiga þeir bændur að gera sem verst standa, smábændurnir í landinu og frumbýlingar sem hafa kostað miklu til á jörðum sínum? Hvað eiga þeir að gera til þess að standa undir skuldbindingum sem þeir sumpart hafa undirritað í sambandi við bjargráð, skuldbreytingar og annað þess háttar, þar sem miðað er við óskertan framleiðslurétt á liðnum árum? Nú fá þeir skerðingarbréf upp á hundruð ærgildisafurða sumir hverjir — skerðingin nemur jú 13% hjá sumum þeirra — svo nemur hundruðum ærgildisafurða sem þeir þurfa að taka á sig eftir að búið er að setja á fyrir það verðlagsár sem reglugerðin tekur til.

Herra forseti. Hér er á dagskrá þessa fundar tillaga um könnun á búrekstraraðstöðu sem ég mun væntanlega fá tækifæri til að mæla fyrir á eftir. Þá gefst betri tími til að ræða þessi alvarlegu mál og þessa röngu stefnu sem ekki bara tengist þessari reglugerð heldur allri siglingu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Í yfirlýsingu stjórnar landssamtaka sauðfjárbænda er áréttað að á árunum 1984–85 hafi farið fram á vegum búnaðarsambandanna fjárhagsleg könnun á stöðu bænda sem áttu í greiðsluerfiðleikum. Meðal skilyrða sem þeim bændum voru sett sem fengu lánafyrirgreiðslu var að þeir hefðu óskerta framleiðslu næstu tíu árin. Síðan gerist það að með einu bréfi frá Framleiðsluráði er grundvelli kippt undan áframhaldandi búskap margra viðkomandi bænda og þar er kominn mergurinn málsins. Í flestum tilvikum er um að ræða frumbýlinga með góðar byggingar og mikla fjárfestingu. Benda má á að einstöku byggðarlög standa verulega höllum fæti með tilliti til búsetu og við núverandi fullvirðisrétt á þeim svæðum má gera ráð fyrir að byggð fari í eyði. Ef gert er ráð fyrir sömu stefnu varðandi sauðfjárframleiðslu í landinu má ætla að það verði að gera þær kröfur til stjórnvalda að það verði að taka á því og menn verði að gera upp við sig hvar eigi að framleiða það sem hægt er að framleiða í stað þess að láta það viðgangast, eins og er að mínu mati í stöðunni í dag, að drepa alla bændur jafnt. Það er verið að sneiða jafnt og þétt af mönnum í stað þess að takast á við vandann og ef það er óumflýjanlegt að skerða á þann hátt sem gert er verður að taka á því í staðinn fyrir að fljóta sofandi að feigðarósi eins og raun ber vitni.

Ég hef í ræðum á Alþingi bent á að með sókn í markaðsmálum, skipulagningu á nútímalegan hátt sé hægt að snúa vörn í sókn. En það tekur tíma. Það er einnig að mínu mati vandamál í þessu með samtök bænda, sem hafa fjallað um þessi mál í heild, að það hefur verið allt of mikil stífla í pípunum hjá þeim við að fjalla um þau. Það mætti benda á mörg dæmi þess að menn hafa fengið rétt til framkvæmda og byggginga, byggja upp en síðan er framleiðsluréttur inn skertur svo að í fjölda tilvika sitja menn uppi með byggingar og fjárfestingu sem eru snara um háls þeirra sem sjálfstæðra bænda. Þess vegna er komið að því að það verður að stokka upp þessi spil kalt og ákveðið. Það verður að losa bændur úr þeirri óvissu sem þeir búa við og hafa gert um langt árabil. Þetta er ekki nokkurra ára bil. Það er uppsafnaður vandi til langs tíma sú þróun sem hefur átt sér stað.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði verið að undirbúa það að taka þetta mál upp með þinglegum hætti þegar ég frétti um að málið yrði tekið fyrir nú utan dagskrár. Má út af fyrir sig fagna því að tilefni gefist til þess nú að segja nokkur orð um þetta viðamikla mál.

Ég vil fyrst segja að það virðist liggja ljóst fyrir að þannig sé gengið frá reglum um fullvirðisréttinn að ekki er tekið tillit til þess ef einstök byggðarlög standa mjög höllum fæti og jafnvel þótt sýnt sé að sá fullvirðisréttur sem veittur er muni óhjákvæmilega valda því að til landauðnar komi. Ég vil í þessum efnum sérstaklega taka eina sýslu sem dæmi. Það er Norður-Þingeyjarsýsla sem kannske má segja að sé harðbýlasta hérað landsins. Það er augljóst að bændur á þeim slóðum hafa ekki tök á því að fara í aðrar búgreinar svo neinu nemi nema fiskeldi þá í Kelduhverfi og kannske í Öxarfirði. Ég hef ekki séð hvernig fullvirðisrétturinn kemur út í Öxarfirði og Núpasveit. Við vitum að það er mikið um niðurskurð í Kelduneshreppi. Aftur liggur það fyrir í Þistilfirði að viðmiðunarárin tvö, 1984 og 1985, eru langrýrustu ár sem þessi sveit hefur búið við kannske í áratug.

Ég held að það sé samdóma álit manna sem vilja skoða þessi mál með sanngirni að það sé hart að þeir bændur þar sem hafa viljað taka mark á þeim aðvörunarorðum að það eigi að draga úr framleiðslu skuli nú gjalda þess tvöföldu verði með því að það eru tekin tvö rýrustu árin eftir að þeir drógu úr framleiðslunni. Ég vil líka segja að þarna er um land að ræða þar sem úthagar eru góðir og afréttir þannig að

ef tekið yrði tillit til landnýtingarstefnu mundi ekki svo hart sorfið að þessari byggð. Langanesströnd stendur einnig höllum fæti.

Síðast en ekki síst, herra forseti, vil ég taka undir orð hv. þm. Steingríms Sigfússonar sem hann sagði um Hólsfjallabyggð. Þaðan hefur okkur borist bréf sem sýnir glögglega fram á að ef haldið verður við þann fullvirðisrétt sem þangað hefur verið úthlutað muni sú sveit fara í eyði. Hjá því verður ekki komist. Þar eru nú fjögur býli. Þessi sveit er mikill öryggisstaður. S.l. ár voru útköll hjálparsveitar skáta á þessum stað fleiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Nú síðast fyrir tveim dögum var hjálparsveitin kölluð út til að leita manns sem síðan fannst í bíl sínum á Vopnafjarðaröræfum.

Það er auðvitað ekki um margar sauðkindur að ræða þegar við tölum um þessa fjóra bændur á Hólsfjöllum, herra forseti, en ég held að óhjákvæmilegt sé að við reynum að gaumgæfa þetta. Ég vil að síðustu segja að við þm. Norðurlandskjördæmis eystra munum ræða þetta mál sérstaklega við hæstv. landbrh., en ég sé ekki að stóryrði bæti okkur neitt eins og staðan er í þessum málum.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Á tveimur mínútum er ógerlegt að ræða þessi mál þannig að gagni megi koma.

Við setningu þeirrar reglugerðar sem dagsett er 29. okt. s.l. er enn fylgt reglu sem ég hef harðlega gagnrýnt, reglu um að miða fullvirðisrétt við framleiðslu áranna 1984 eða 1985 en að engu leyti við búmark sem bændur höfðu treyst á og töldu sig eiga rétt til að væri virt. Með þessum aðgerðum er farið aftan að bændum. Þeim er hyglað sem aukið hafa framleiðsluna eða haldið fullri ferð í framleiðslu, en hinum er refsað sem hafa dregið saman framleiðslu sína og farið að tilmælum stjórnvalda á undanförnum árum við að draga framleiðsluna saman. Ég tel að með þessu sé verið að kollvarpa trausti bænda á framleiðslustjórnun í landbúnaði þegar ekki er samhengi í aðgerðum. Ég tel að með þessu sé um leið verið að kollvarpa trausti bænda á framtíðina. Það hefur verið sagt hér ýmislegt sem ég get tekið undir um það efni.

Hæstv. ráðh. sagði í þessari umræðu að bændur þurfi ekki að örvænta, hvorki í haust né næsta haust. Ég vænti þess að það sé ekki hægt að ásaka hæstv. ráðh. um ókunnugleika á þessum málum. Því miður er ég samt hræddur um að þetta sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Ég er einmitt hræddur um að bændur séu nú farnir að örvænta.

Tímasetningar ætla ég ekki að ræða hér. Þær eru nokkuð í samræmi við annað í framkvæmd þessara mála, því miður. En það er einkennilegt að í reglugerðinni, sem gefin er út fyrir fáum dögum eða 29. okt., segir að athugasemdir megi gera við útreikninginn fyrir 1. des., en gera einnig athugasemdir eða óskir um úrbætur til búnaðarsambands fyrir 1. okt. 1987. En einmitt í gærkvöld heyrði ég auglýsingar frá landbrn. þess efnis að ef bændur óskuðu eftir einhverjum leiðréttingum skyldu þeir gera búnaðarsambandi sínu viðvart fyrir næstkomandi mánaðamót. Það er alveg þvert ofan í þá reglugerð sem þó er nýsett. Veit maður ekki á hverju er von þegar þannig er að málum staðið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er rösklega lokið þeim tíma sem þingsköp gera ráð fyrir í þessari umræðu. En það eru sjö á mælendaskrá. Þeim verður gefið orðið í trausti þess að hver og einn haldi sig innan þeirra marka sem þingsköp gera ráð fyrir, tali ekki lengur en í tvær mínútur. Það er gert ráð fyrir að frummælandi og ráðherra tali í lok umræðunnar, en ekki gert ráð fyrir að fleiri tali nema ef einhver skyldi þurfa að bera af sér sakir eða eitthvert slíkt alvarlegt mál kæmi upp í umræðunni. En þess er naumast að vænta svo málefnalegar sem þessar umræður eru.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Það er svo sannarlega tímanna tákn að þegar þetta brýna hagsmunamál bænda og alls dreifbýlisins fæst loks tekið upp hér á hinu háa Alþingi skuli teknar til þess heilar 30 mínútur. Einn skitinn hálftími af tíma þingsins er til aflögu til að ræða þetta stóra mál. Þó stóðu fundir í neðri deild aðeins í sjö mínútur í gær þannig að nægur tími er auðvitað til. Það er ekki hægt að bera öðru við. Það er hins vegar jafngreinilegt að það eru einhverjir sem vilja forðast að ræða málið og hafa ekki góðan málstað að verja. Maður getur svo sem rétt ímyndað sér hverjir það eru. Ég vil þó ítreka ósk um að hæstv. landbrh. beiti sér fyrir því að þetta mál verði tekið upp hér í þinginu og það með öðrum hætti.

Ég gæti auðveldlega sagt hér frá og rakið mjög skelfileg dæmi frá mínu héraði um hvernig staðið er að kaupum fullvirðisréttar og ekki síst hvernig staðið er að úthlutun framleiðsluréttar um þessar mundir. Bændur, sem notið hafa sérfræðilegrar aðstoðar við fjárhagslega úttekt búa sinna fyrir örfáum árum og staðið að uppbyggingu samkvæmt því, fá í mörgum tilfellum ekki nema lítinn hluta þess framleiðsluréttar er þeir þyrftu til að standa undir þeirri fjárfestingu er þeir hafa lagt út í samkvæmt sérfræðilegri ráðgjöf. Þessir menn eru með þessum skelfilegu aðgerðum nú gerðir eignarlausir og jarðirnar og byggingarnar einskis virði. Leyfi sveitarstjórnar ætti raunar að þurfa til sölu framleiðsluréttar líkt og sölu fiskkvóta. Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því að víða á Norðurlandi vestra og í Strandasýslu er fjöldi smárra búa sem enga skerðingu þola og margar sveitir orðnar svo strjálbýlar að ef einn eða tveir bæir fara úr byggð brestur byggðin. Hún þolir ekki svona áföll.

En þessi aðferð snertir fleiri en sveitirnar. Hún kemur líka niður á ýmsum þéttbýlisstöðum víða um land. Ég nefni t.d. staði eins og Hvammstanga, Blönduós og Sauðárkrók. Þessir staðir allir byggja afkomu sína að verulegu leyti á þjónustu við sveitirnar. Þessi skipulagslausa niðurskurðarstefna bitnar

líka á þessum stöðum. Það er núna t.d. verið að tala um að leggja niður mjólkurbú á Sauðárkróki, Blönduósi eða Hvammstanga. Það skeður á sama tíma og það er verið að byggja mjólkurstöð í Reykjavík sem kostar tæpan milljarð. Þessi stefna bitnar allt öðruvísi á þessum litlu þéttbýlisstöðum úti á landi en á borginni. Hún hefur í raun og veru engin önnur áhrif hér en þau að hingað flytur fleira fólk á mölina. Þá vil ég í þessu sambandi líka minna á að ullar- og skinnaiðnaðurinn, sem framleiðir úr hráefnum landbúnaðarins, hefur verið vaxtarbroddurinn í íslenskum iðnaði að undanförnu, ekki stóriðjan. Auðvitað þarf að tryggja þessum iðnaði hráefni.

Þessari aðför að bændum og landsbyggðinni verða bændur að hrinda af höndum sér. Það þarf lengri frest og lengri aðlögunartíma. Sú leið kostar peninga, ég geri mér grein fyrir því, en til lengri tíma litið verður hún ódýrari og farsælli fyrir þjóðarheildina en eyðibýlastefna hæstv. landbrh.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mönnum hafa verið mislagðar hendur um stjórnun landbúnaðarmála og víst er að bændur eiga betra skilið en þá óstjórn sem þeir hafa mátt búa við.

Það má kalla með ólíkindum hvernig þeim hefur verið att út í fjárfestingar og offramleiðslu með alls kyns afskiptasemi og svo þegar á að taka á þessu og reyna að skipta framleiðslunni á milli þeirra sem enn vilja búa er það gert með þeim hætti að helst virðist sem verið sé að búa til vinnu handa mönnum í Bændahöllinni við Hagatorg en minna hugsað um bændurna sjálfa.

Úthlutun búmarks fór algerlega úr böndum, eins og sást m.a. í svari hæstv. landbrh. við fsp. minni um aukningu búmarks á 107. löggjafarþingi. Þar kom m.a. fram að frá 1. janúar 1980 til apríl '85 hefði leyft búmark aukist um 9,72%, nokkuð misjafnlega eftir landsvæðum, og þar kom einnig fram að 3295 ærgildi í mjólk voru veitt til jarða sem ekki höfðu áunnið sér rétt viðmiðunarárin. Það er von að hægt gangi með úrbætur.

Ég heyrði sögu af því þegar einn ágætur bóndi, reyndar kona, bankaði upp á hjá úthlutunarkónginum og sagðist ekki geta framfleytt heimilinu á því búmarki sem þau hjón hefðu fengið í sinn hlut. Viðmælandi þekkti til hrossakyns á þessum bæ sem hann lofaði í löngu máli og spurði svo: Hvað þarft þú mikið í viðbót, væna? Þetta er náttúrlega mjög notaleg og manneskjuleg afgreiðsla, en á lítið skylt við þá stjórnun sem ætlunin var að koma á, hvort sem hún hefði svo orðið til góðs eða ekki ef hún hefði í raun og veru verið framkvæmd.

Hér virðist enginn endir ætla að verða á vitleysunni eins og það atriði sýnir sem fyrst og fremst er til umræðu hér í dag, þ.e. sú töf sem verður æ ofan í æ við setningu reglugerðar.

Þá er og ljóst að bændur hafa brugðist ákaflega misjafnlega við. Margir voru löngu búnir að sjá hvert stefndi og höguðu sér í samræmi við það. Auðvitað var þeim svo refsað fyrir eins og hér hefur verið bent á. Aðrir virðast ekki hafa trúað því að nokkur alvara væri á bak við þessi áform stjórnvalda og héldu áfram að auka við sig, enda dyggilega studdir af stjórnvöldum í raun. Má furðulegt heita hversu áræðnir margir hafa verið í byggingum og vélakaupum, en þá hefur heldur ekki vantað hvatninguna að ofan, sem sést á því að á síðastliðnu ári voru veitt lán út á 80 fjós, eins og ekki sé nóg til af fjósum í landinu. Hvaða vit er í slíku?

Enn vil ég nefna hér að það er að mínu viti algerlega forkastanlegt að ekki skuli vera tekið tillit til hlunninda við úthlutun búmarks eða fullvirðisréttar. Það er reyndar alveg augljóst mál, að ég held, að þessir bændur, þ.e. hlunnindabændur, hljóti að hafa algera sérstöðu á næstu árum. Þeir verða e.t.v. þeir einu sem eftir standa að þessum gjörningum afstöðnum og svo kannske þeir sem ekkert hafa fjárfest síðan verðtrygging lána tók gildi.

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir að hefja þessa umræðu og tek undir gagnrýni á þann seinagang sem verið hefur á setningu reglugerðarinnar.

Siggeir Björnsson:

Herra forseti. Ég vissi ekki um að þetta mál yrði rætt hér fyrr en ég gekk inn í þennan sal í dag. Það er sjálfsagt sannast mála að það er ekki margra góðra kosta völ í landbúnaðarmálum nú til að mæta afleiðingum af þeirri offramleiðslu á landbúnaðarafurðum sem raunar er alls ekki sérístenskt vandamál heldur vandamál landbúnaðar um alla Evrópu.

Með vaxandi tækni hefur framleiðslugetan margfaldast. Ráðstafanir Framleiðnisjóðs eða tilboð um kaup á fullvirðisrétti er of seint fram komið. Þetta tilboð hefði átt að koma fram a.m.k. í aprílmánuði s.l. áður en bændur gerðu ráðstafanir til kaupa á rekstrarvörum fyrir sumarið, áburði o.fl. Hey munu nú vera almennt mikil og góð í landinu og eru því lítt seljanleg. Má því segja að þetta tilboð Framleiðnisjóðs sé ekki án frádráttar.

Ég óttast að þessar ráðstafanir geti leitt til skipulagslausrar grisjunar í byggð landsins. Mikil grisjun byggðar getur leitt til þess að of miklir erfiðleikar geta orðið fyrir þá, sem eftir vilja vera og eftir þurfa að vera, á ýmsum sviðum félagslegra verkefna, svo sem heilbrigðismála, skólamála, almennrar menningarstarfsemi og félagsmála sem nauðsynlegt er að halda uppi í hverju sveitarfélagi ef við viljum halda uppi eða stefna að velferðarríki í þessu þjóðfélagi.

Skipulagsleysið á þessum málum virðist vera svo mikið að á sama tíma og talað er um nauðsyn þess að fækka bændum eru dæmi þess að verið er að byggja upp á jörðum, m.a. ríkisjörðum sem hafa verið í eyði sama sem eða alveg í mörg ár þó að búseta hafi verið þar kannske að nafni til. Einhliða stjórnun á framleiðslu sauðfjárafurða eða fullvirðisrétti þeirra leiðir til þess að allur samdráttur í sölu kjötafurða bitnar á framleiðendum sauðfjárafurða þegar til

lengdar lætur. Það þarf því að koma á stjórnun í allri kjötframleiðslu í landinu ef stjórnun á að vera á annað borð.

Einn liður í þessum skipulagslausu ráðstöfunum til að minnka framleiðsluna hefði ég talið að ætti að vera að efla Lífeyrissjóð bænda. Með þessum ráðstöfunum verða jarðirnar jafnvel óseljanlegar eða lítt seljanlegar. Það hefði því þurft samhliða þessu og í framhaldi af því að efla Lífeyrissjóð bænda og gera mönnum þannig kleift að geta hætt með reisn sínu lífsstarfi, en árangurinn af því liggur að mestu leyti í umbótum á jörðum þeirra.

Það er því brýnt hagsmunamál að efla Lífeyrissjóð bænda og mín skoðun er sú að til þess þurfi fé úr ríkissjóði. Ég sé heldur ekki annað en að Framleiðnisjóður hefði eins getað lagt fé til þeirra verkefna.

Ólafur B. Óskarsson:

Herra forseti. Ég hlýt að þakka hæstv. landbrh. fyrir að fullvissa bændur um það hér að þeir þurfi í engu að kvíða uppgjöri í sauðfjárræktinni, hvorki á þessu hausti né heldur hinu næsta. En því miður er ég hræddur um að ýmsum muni þykja þessi fyrirheit létt í vasa þegar þeir standa frammi fyrir þeim úthlutunum sem þeir gera nú.

Það er ekki hægt að komast langt í umræðum um þessi mál á tveimur mínútum, en ég bendi aðeins á hlut Framleiðnisjóðs sem hefur verið töluvert mikið í umræðunni að undanförnu. Fulltrúar hans hafa verið á yfirreið vítt og breitt um landið og hvetja menn til að selja sitt búmark eða fullvirðisrétt. Þessa aðferð, að kaupa upp fullvirðisrétt bænda vítt og breitt um landið, leyfi ég mér nokkuð að gagnrýna vegna þeirrar grisjunar sem getur orðið á byggð og endanlega getur skipt sköpum um hvort tiltekin byggðarlög fara hreinlega í eyði eða ekki.

Markmið Framleiðnisjóðs, eitt af höfuðmarkmiðum hans eftir því sem ég veit best, átti að vera að styðja við og byggja upp aðra atvinnustarfsemi í sveitum en hina hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu. Þarna sýnist mér vera nokkuð öfugt að farið að kaupa upp hin smærri bú og reyna að stækka búin og fækka þeim. Flestallt það sem getur komið til viðbótar annarri atvinnuuppbyggingu í sveitum er tímabundið við ákveðna árstíma og sé fótunum kippt undan hinni hefðbundnu framleiðslu er horfin sú hvatning til fólks ef það vill hafa búsetu á þessum svæðum.

Það er mergurinn málsins, sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi áðan, að sé hin hefðbundna landbúnaðarframleiðsla ekki til staðar hrynur byggðin.

Það sem þm. þurfa að athuga, ekki bara þeir sem eru tengdir landbúnaði heldur bæði þm. dreifbýlis og þéttbýlis, er að gera upp við sig hvort það eigi að halda við byggðinni vítt og breitt um landið eða ekki. Þeir þurfa líka að móta raunhæfar tillögur um hvernig það skuli gert. Ef á að draga saman hina hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu viljum við vita nákvæmlega hvernig á að viðhalda byggðinni og hvað eigi að koma í staðinn. Við sem stöndum í því úti um land að efla eða halda við okkar byggðum þurfum að vita hver stefnan er og hvort við raunverulega stöndum frammi fyrir möguleikum, eða hvort við erum að berjast við vonlaust verkefni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er náttúrlega ekki hægt að ræða þessi mál þegar ræðutíminn er tvær mínútur, en ég minni suma hv. þm. á hvernig hefur verið staðið að þessum málum. Árið 1979 var breytt lögum um jarðræktarframkvæmdir og dregið úr styrkveitingu til þeirra og átti að nota það fjármagn sem þannig fékkst til að byggja upp eitthvað annað. Hverjir skyldu hafa verið ráðherrar á þeim tíma þarna á eftir og hvernig var staðið að þessum málum? Landbrh. var hv. þm. Pálmi Jónsson. Fjmrh. á þeim tíma var Ragnar Arnalds. Það var staðið við þetta fyrsta árið og það mun standa upp á ríkissjóð um á annað hundrað milljónir. Það átti að nota þetta fé til að byggja upp eitthvað vegna þess að það blasti þá við að það yrði að draga úr hinni hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu. Ég held að menn ættu að muna eftir þessu og taka mið af því og gæta sín dálítið á að ráðast á þann ráðherra sem nú er vegna þess að þeir hafa alls ekki hreinan skjöld í þessu máli.

En það er ágætt að heyra hljóð í sumum af þessum mönnum nú. Það er mikill vandi í landbúnaði. Ég vona að það sé ekki bara í þessari umræðu að menn hafi vilja á því að rétta hlut þeirra sem verst eru settir. Það mun reyna á það. Það er mikill vandi. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að sumar byggðirnar eru að hrynja ef ekki verður brugðið við. Ég treysti núv. hæstv. landbrh. að gera það sem í hans valdi stendur. En hann getur ekki mikið nema það sé stuðningur þingsins við þessi mál. Við skulum láta reyna á það.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ræður manna bera þess glöggt vitni að þeir hafa skamman tíma. Það er rétt svo að menn geta sagt: Þetta er gagnrýni vert. Það var ekki ég, ekki ég. Mér finnst vera búið að byggja allt of mikið af fjósum. Ég lagði það ekki til o.s.frv.

Sannleikurinn er sá að við eigum sammerkt í því alþm. að við höfum lítt hafst að þó að látlaus ósanngjarn áróður hafi dunið á bændastéttinni árum saman í öllum mögulegum fjölmiðlum. En þeim áróðri hefur lítt verið svarað. Ég held að það væri ágætt að við gæfum okkur góðan tíma til að íhuga þessi mál. Ég hygg að allir flokkar hafi á sinni stefnuskrá að byggja landið allt. En fylgir hugur máli? Við þurfum að taka tíma til að ræða þessi alvörumál nú þegar þessir sérstöku óvissu- og erfiðleikatímar ganga yfir landið. Viljum við byggja landið allt eða ekki? Við slíkar umræður, þar sem menn hefðu svolítinn tíma, væri kannske hægt að rýna í hvað mönnum býr raunverulega í brjósti.

Vigfús B. Jónsson:

Herra forseti. Mér finnst það fullrótgróinn siður hér á landi að ef illa gengur þarf endilega að hengja einhvern og þá ekki alltaf um það skeytt hvort það er bakarinn eða smiðurinn sem er hengdur. Mér finnst umræðan um þetta vandamál, bæði hér á Alþingi og úti um land á fundum, hafa farið of mikið í það að leita að sökudólgum og ásaka aðra. Við leysum engin vandamál með því. Við erum sammála um að hér er vandamál sem þarf að leysa. Við erum að berjast við kjötfjall sem er gríðarstórt. En ég vil vekja athygli á því að þetta kjötfjall er ekki bara úr lambakjöti. Þrátt fyrir að við bændur höfum fækkað fénu mjög, milli 20 og 30% á fáum árum, minnkar ekki fjallið. Samt beina menn geirunum nær eingöngu að sauðkindinni, þessari líka voðaskepnu sem á lífið í íslensku þjóðinni.

Það er ekki sama hvernig við komumst frá vandamálinu. Ég álít að þau lög sem sett voru um verðlagningu og sölu landbúnaðarafurða 1985 séu að því leyti gölluð m.a. að sá aðlögunartími sem bændum er ætlaður til búháttabreytinga er of stuttur. Það þarf enginn að segja mér að það sé hægt að breyta aldagömlum framleiðsluháttum á jafnstuttum tíma og lögin gera ráð fyrir. Ég er ekki með patentlausn á þessu máli, en ég held að það sem við verðum að gera sé að lengja umþóttunartímann í tíu ár, lengja hann um helming. Það kostar okkur auðvitað eitthvað. En ég held að hitt væri dýrara. Ef nú heldur sem horfir held ég að lausnin verði engin. Það bara skeður að vandamálið flyst til í þjóðfélaginu. Og hvert ætli það fari? Það fer beint inn á vinnumarkaðinn. Hvert á fólk að fara sem á ekki lífvænt í sveitunum lengur?

Ég tek undir orð Friðjóns Þórðarsonar. Mér finnst tími til kominn að menn fái hér viðunandi ræðutíma og menn ræði þetta af sanngirni. Þetta er ekki bara vandamál bændanna. Þetta er vandamál allrar þjóðarinnar. Við erum ein þjóð í þessu landi og við verðum að hafa tilfinningu fyrir því.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira. Tíminn er hvort sem er svo stuttur að maður gerir þessu máli engin viðunandi skil.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og þakka einnig þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það fer aftur á móti ekki milli mála að áhyggjur bænda eru ærnar, m.a. vegna þeirrar ákvörðunar sem felst í þeirri reglugerð sem nú hefur verið gefin út og ekki síður vegna hinnar staðreyndarinnar að á seinasta verðlagsári var ekki selt nema 9,2 þús. tonn en framleiðslan sem samið er um er upp á 11 þús. Þarna er um verulega skekkju að ræða og þess vegna spyrja menn: Við hverju getum við búist?

Það hvað reglugerðin var seint gefin út gerir það að verkum að bændur voru sviptir möguleikum á eðlilegri hagstjórn á búum sínum. Þeir sátu upp með það að hafa gert áburðarkaup. Þeir sátu uppi með það að hafa heyjað og hafa gengið frá sínum sláturmálum áður en þeir fengu að vita hvað þeir mættu framleiða á næsta ári.

Miðað við þá stöðu sem þessi mál eru komin í, ef hægt er að koma af stað annarri framleiðslu á búunum, þá held ég að sú stefna að kaupa upp fullvirðisréttinn sé rétt. Ég vil aftur á móti lýsa því yfir að þegar maður horfir á hinar veiku byggðir sem verða fyrir þessu, hér hafa svæði eins og Hólsfjöllin verið nefnd, í okkar kjördæmi má segja að t.d. Gufudalssveitin sé hliðstæða hvað það snertir að hún er eins konar öryggisventill í samgöngumálum Vestfirðinga, þá blasir það við að menn verða að taka afstöðu til þess hvernig á að standa að þessum málum sem heild. Ég fagna hugmyndum um að farið verði út í umræður um þessi mál hér á þinginu með eðlilegum ræðutíma manna. En ég segi það hér í lokin að ég trúi því ekki að mönnum sé það ekki ljóst og að menn vilji standa þannig að því að svæði, sem lifa á sauðfjárrækt og munu ekki lifa á öðru og hér hafa verið nefnd dæmi um í ýmsum kjördæmum og m.a. Strandasýslan er gott dæmi um, ég trúi því ekki að mönnum sé alvara með að það eigi að herða svo að á þeim svæðum að sveitirnar flosni upp.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég held að margt af því sem hér hefur verið sagt í þessari umræðu sýni að menn horfi heldur skammt. Það sem um er að ræða er að hér voru árið 1985 samþykkt lög á Alþingi sem ákváðu þann ramma sem landbúnaðurinn skal búa við. Það var ekki möguleiki á að ganga lengra þar en raun varð á og samningar hafa síðan verið gerðir á grundvelli þessara laga, m.a. tvívegis um kindakjöt. Fyrsta árið sem lögin voru í gildi fór það þannig að bændur þurftu ekki að verða fyrir neinni skerðingu á sinni framleiðslu á kindakjöti. Það var hægt innan marka laganna og samningsins að greiða það að fullu. Ég vitnaði hér áðan í orð framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, þar sem hann telur að það muni verða um 100 tonn að hámarki sem verður umfram samninginn nú á þessu verðlagsári og sambærilegt ætti að verða fyrir þá bændur sem halda áfram framleiðslu á næsta verðlagsári á grundvelli þess samnings sem gerður var í haust og reglugerðin var gefin út í samræmi við hann.

Mér finnst dálítið furðulegt það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. segir að hér sé um svo gífurlega blóðtöku að ræða. Ég get ekki skilið það. Og ég get ekki skilið það heldur sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að bændur þyrftu allir að leggjast á bæn og biðja um hallæri. Það var góðæri, það er óhætt að segja það, það var góðæri á þessu ári og þrátt fyrir það er þetta niðurstaðan, eins og ég gat um, að líkur eru til að það verði tiltölulega mjög lítið sem er umfram verðábyrgðina. Mér sýnist varla hægt að vænta þess að við fáum svo jafngott árferði um allt land aftur eins og var á þessu ári. Það er út frá því sem ég taldi að hér væri verið að mála hlutina of dökkum litum.

Svo virðist líka sem menn hafi lesið þessa reglugerð takmarkað þegar þeir segja að hún taki ekkert mið af búmarki. Úthlutunin eða verðskerðingin til

einstaklinganna byggist algerlega á búmarki manna. Hins vegar er það svo að jafnframt er tekið mið af betraársframleiðslu síðustu tvö árin. Og hjá yfirgnæfandi meiri hluta bænda er það svo að þeir fá úthlutað meiri fullvirðisrétti en framleiðslan var lakara árið þannig að þarna er ekki eins mikill munur og árferðissveifla getur haft í för með sér. En slíkt er alltaf mismunandi milli einstaklinga og milli svæða hvernig árferðið er. Ég vil undirstrika það að hér er um lágmarksréttindi að ræða, lágmarkstryggingu sem reynslan hefur síðan sýnt að nokkur viðbót verði við og því er þess að vænta að þarna verði hægt að ná því nokkurn veginn að um takmarkaða eða mjög litla skerðingu verði að ræða.

Ég vil taka undir það að Alþingi styðji bændur sem allra best og vonandi kemur það fram í afgreiðslu hér á Alþingi, þessu Alþingi sem nú situr, í sambandi við málefni landbúnaðarins, að þar verði honum veittur öflugur stuðningur.

Endurskipulagning tannlæknaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 108. mál. — Þskj. 111.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 111 um endurskipulagningu á tannlæknaþjónustu, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson og Kolbrún Jónsdóttir.

Till. þessi felur í sér að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta löggjafarþing tillögu að endurskipulagningu tannlæknaþjónustu ásamt kostnaðaráætlun. Í tillgr. eru tilgreindir nokkrir þættir sem leggja skuli til grundvallar við þá endurskipulagningu.

Í fyrsta lagi felur till. í sér að komið verði á tannlæknaþjónustu sem ríki og sveitarfélög kosti og reki sameiginlega fyrir þá hópa sem greitt er fyrir samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga; heimilt verði að ráða erlenda tannlækna sé þess talin þörf.

En hvert er þá helsta markmiðið með að tannlæknaþjónustan verði endurskipulögð með þessum hætti? Fram kemur í grg. með þáltill. að stjórnvöldum beri skylda til að kanna allar leiðir til að lækka og halda niðri verði á tannlæknaþjónustu án þess að þjónustan skerðist. Ein leiðin er að stjórnvöld kanni ítarlega áhrif þeirrar endurskipulagningar á tannlæknaþjónustunni sem tillagan gerir ráð fyrir og leggi fyrir Alþingi tillögur og kostnaðaráætlun þar að lútandi. Hér er um að ræða sömu leið og farin hefur verið víða erlendis, t.d. í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og einnig Bretlandi. Þar eru tannlækningar barna og unglinga reknar algerlega af sveitarfélögunum og/eða ríki. Tannlæknar eru síðan ráðnir að tannlæknaþjónustunni fyrir föst umsamin laun. Auk þeirrar hagræðingar sem ætla má að slík endurskipulagning hafi í för með sér getur ríkið og sveitarfélög einnig náð fram betri stjórnun og eftirliti með tannlæknaþjónustunni og kostnaði við tannlækningar.

Í þeirri endurskipulagningu sem hér er gert ráð fyrir er hugmyndin sú að ríki og sveitarfélög reki tannlæknaþjónustuna fyrir þá hópa sem tryggingakerfið greiðir fyrir. Ráðnir verði tannlæknar í þjónustu ríkis og sveitarfélaga fyrir ákveðin umsamin laun, en náist ekki samningar við tannlækna verði heimilt að ráða erlenda tannlækna sem starfi við tannlæknaþjónustuna. Ætla má að með því fyrirkomulagi, þ.e. að færa tannlæknaþjónustuna fyrir tryggða alfarið til sveitarfélaga og/eða ríkis, mætti ná fram töluvert meiri hagræðingu í rekstri tannlæknaþjónustunnar. En megintilgangurinn er að kannað verði ítarlega hvort með þeirri endurskipulagningu sem till. gerir ráð fyrir megi nýta betur það fjármagn sem fer til greiðslu á tannlæknakostnaði skv. ákvæðum almannatryggingalaga.

Í öðru lagi er í till. bent á ýmsa þætti sem áhrif gætu haft til að lækka tannlæknakostnað. Má þar nefna að könnuð verði áhrif þess að lækka opinber gjöld af helstu aðföngum til tannlækninga. Stjórn Tannlæknafélagsins hefur upplýst að vegna tryggðra sjúklinga væru opinber gjöld af aðföngum til tannlækninga um 27 millj. kr. sem þá gæti leitt til 6% lækkunar á gjaldskrá.

Einnig er í till. lagt til aukið og virkt aðhald með gjaldskrá tannlækna, sem mjög hefur skort á hingað til. Í því skyni verði skipuð gjaldskrárnefnd sem ákvarði gjaldskrá tannlækna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar tannlækna, ríkis, sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, Neytendasamtakanna og Verðlagsstofnunar. Einnig er lagt til að endurskoðaðir verði frá grunni allir verðmyndunarþættir í gjaldskrá tannlækna. Ekki ósvipaður háttur er hafður á í Noregi. Þar er það neytenda- og stjórnsýsluráðuneyti sem gerir samning við tannlækna sem gildir til eins árs í enn. Gjaldskráin gildir um allar tannlækningar hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum, jafnt þær sem almannatryggingar taka þátt í að greiða og aðrar tannlækningar. Sérstaklega var athugað í Noregi á s.l. ári hvort rétt væri að hætta því fyrirkomulagi og fella gjaldskrá tannlækna undan verðlagsákvæðum að frjálsri samkeppni. Niðurstaðan varð sú að enn er haldið í óbreytt fyrirkomulag í Noregi og hefur verðlagning á tannlæknaþjónustunni ekki verið gefin frjáls.

Í þriðja lagi er lagt til í till. að stóraukin áhersla verði lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og tannvernd. Ég tel að sá þáttur sé hvað mikilvægastur til að draga úr tannlæknakostnaði landsmanna og að stjórnvöld hafi verið of afskiptalaus að því er þennan mikilvæga þátt varðar.

Eitt annað mikilvægt atriði vil ég nefna sem fram kemur í 6. lið till. Sá liður fjallar um að greiddur verði að fullu tannlæknakostnaður fyrir börn og unglinga til 20 ára aldurs. Tannskemmdir eru mjög algengar hjá þessum aldurshópi og er brýnt að hið opinbera stuðli að reglubundnu eftirliti með þessum

aldurshópum sem væri stór þáttur í tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðum. Ég tel því brýnt að aldursmörkin verði fyrst í stað hækkuð jafnframt því að kannaður verði kostnaður því samfara að greiða 25% kostnaðar af almennum tannlækningum.

Í 7. tölul. tillögunnar er lagt til að skattstjóri hafi heimild til að lækka tekjuskattsstofn þeirra sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Þetta mál hefur oft verið til umræðu hér á Alþingi og um það hef ég margsinnis flutt frv. Ég þarf því ekki að fara um þennan þátt tillögunnar mörgum orðum, en víst er að þessi leið er mikilvæg til að létta undir með heimilum sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga.

Þar sem ég hef undanfarið nokkuð verið milli tanna tannlækna vegna þessarar till. sem ég mæli hér fyrir, þá vil ég í lokin fara um það nokkrum orðum, ekki síst þar sem upplýsingar sem frá tannlæknum hafa farið nýlega eru e.t.v. meginröksemdin fyrir því að kanna beri gaumgæfilega þær leiðir sem hér eru lagðar til í till. A.m.k. þrjár blaðagreinar hafa birst frá tannlæknum nýlega vegna þessarar till., m.a. frá stjórn Tannlæknafélagsins. Þar er ekki rætt efnislega um till. sjálfa heldur hafa tannlæknar sett fram ýmsar upplýsingar um tannlæknakostnað og tekjur tannlækna. Er það vel að tannlæknar séu reiðubúnir að ræða um tekjur sínar og tannlæknakostnað í landinu almennt. Ég verð þó að segja að eftir þessi skrif tannlæknanna er ég í raun engu nær um tekjur tannlækna eða heildartannlæknakostnað á landinu því mótsagnir eru svo miklar í því sem fram hefur komið hjá tannlæknum. Þær upplýsingar sem fram hafa komið, sérstaklega upplýsingar frá stjórn Tannlæknafélagsins, styðja það því mjög að stjórnvöld taki þessi mál föstum tökum og hugi vel að því hvort ekki sé rétt að endurskipuleggja tannlæknaþjónustuna með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Tilefni þess að stjórn Tannlæknafélagsins hefur kosið að fjalla opinberlega um laun tannlækna eru upplýsingar sem fram koma í grg. till. og telur stjórn Tannlæknafélagsins að þær byggi á ótraustum heimildum. Þessar „ótraustu heimildir", sem stjórn Tannlæknafélagsins orðar svo, eru upplýsingar frá tannlæknum sjálfum sem fram komu á samningafundi tannlækna við Tryggingastofnun ríkisins, sem og opinberlega í fjölmiðlum. Það sem tannlæknar sjálfir upplýstu var að 10–15% tannlæknaverka eru vegna tryggðra sjúklinga sem fá endurgreiddan hluta eða allan tannlæknakostnað. Það eru sem sagt upplýsingar frá tannlæknum sjálfum, sem lagðar eru til grundvallar í grg., sem tannlæknar hafa nú mótmælt. Nú þegar þeir mótmæla að 10–15% tannlæknaverka séu vegna tryggðra sjúklinga og setja fram aðrar tölur má spyrja: Hvernig stóð á því að enginn í samninganefnd tannlækna mótmælti staðhæfingu um að 10–15% tannlæknaverka væru vegna tryggðra sjúklinga á samningafundi þar sem þessar upplýsingar komu fram hjá einhverjum af samninganefndarmönnum tannlækna? Af hverju mótmælti heldur enginn tannlæknir þegar þessar upplýsingar komu fram opinberlega hjá formanni samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins í Morgunblaðinu í september s.l.? Getur verið að á þeim tíma hafi það hentað tannlæknum að veifa þessari tölu á samningafundi um greiðslur vegna tryggðra sjúklinga? Getur verið að vopnin hafi einfaldlega snúist í höndunum á þeim sjálfum? Nú átti þeir sig allt í einu á því að þessar upplýsingar frá þeim eru óhagstæðar þegar áætlað er hver heildarlaunakostnaður vegna tannlækninga er á landinu út frá þeirra eigin upplýsingum og forsendum um hlut tryggðra í tannlæknaverkum? Og hvað er þá tekið til bragðs? Jú, leitað að nýrri forsendu til að fá út sem lægst laun hjá tannlæknum. Meginforsendan sem þar er byggt á er að tryggðir sjúklingar séu 39,7% af þjóðinni og meðal annars dregin af því sú ályktun að hlutur tryggðra sjúklinga sé á milli 50 og 60% tannlæknaverka. Með þessa forsendu að leiðarljósi nú fá þeir út að heildarvelta á hvern tannlækni sé að meðalali 3 millj. kr. eða 1,3 millj. í tekjur á hvern tannlækni. Þessi forsenda gefur þeim einnig að heildartannlæknakostnaður hafi numið 746 millj. kr. á árinu 1985 og hafa þeir sett fram þá tölu opinberlega. En lítum nánar á þessa niðurstöðu tannlæknanna.

Heildarkostnaður við tannlækningar vegna tryggðra sjúklinga á árinu 1985 var 373 millj. kr. Ef heildartannlæknakostnaður hefði numið 746 millj. kr., eins og tannlæknar sjálfir setja fram, þá fá þeir þá niðurstöðu að 373 millj. kr. séu vegna aldurshópanna 17–67 ára, sem ekki fá greitt úr tryggingunum. Þetta er rúmlega 60% þjóðarinnar eða 146 þús. manns. Samkvæmt þessari forsendu tannlækna er meðaltalstannlæknakostnaður á hvern 17–67 ára einstakling um 2500 kr. á ári. Ég læt öðrum eftir að meta þessa tölu út frá útgjöldum heimila vegna tannlækninga. Það verður líka að telja hæpið að heildartannlæknakostnaður vegna tryggðra sé sá sami eða jafnvel minni en fyrir aldurshópinn 17–67 ára, ekki síst þar sem dýrari tannviðgerðir, gullfyllingar, krónur og brýr eru að mestu leyti hjá þessum aldurshópum en ekki tryggðum sjúklingum, börnum, unglingum, öryrkjum og öldruðum.

Samkvæmt því sem tannlæknar hafa sjálfir sett fram á samningafundi, og því atriði í grg. þáltill. hefur stjórn Tannlæknafélagsins ekki mótmælt, er rekstrarkostnaður tannlæknastofa á núgildandi verðlagi 3 millj. kr. Hvernig gengur það þá upp við þá staðhæfingu tannlækna í Morgunblaðinu 14. nóv. s.l. að heildarvelta á tannlækni sé að meðaltali 3 millj. kr.? Hver einasta króna gengur samkvæmt þessari formúlu í reksturinn, ekki eftir ein króna í laun til tannlækna. En látum liggja á milli hluta 3 millj. kr. rekstrarkostnað. Höldum okkur við þá staðhæfingu Tannlæknafélags Íslands að heildarveltan á hvern tannlækni sé að meðatali 3 millj. kr. og laun tannlækna séu að meðaltali 1,3 millj. kr. Í samningaviðræðum við tannlækna hefur verið gengið út frá 1236 virkum vinnustundum á ári. Það er 23–24 virkar vinnustundir á viku sem gefa

tannlæknum að meðaltali um 1050 kr. á hverja virka vinnustund. Ef miðað er við 8 stunda dagvinnu eins og gengur og gerist hjá öðrum er tímakaup tannlækna að meðaltali 626 kr. á hverja klst. Ég læt öðrum eftir að dæma hversu raunhæf sú tala er einnig.

Stjórn Tannlæknafélagsins gefur upp í Morgunblaðinu 14. nóv. að launahluti tannlæknakostnaðar sé rúmlega 43% en kostnaðarhluti rúmlega 56%. Á það skal ég ekki leggja mat en ég bendi hins vegar á það að samkvæmt atvinnuvegaskýrslu frá 1984, sem Þjóðhagsstofnun gefur út og byggð er á skattaframtölum tannlækna, kemur fram að launahlutur sé um 60% en ekki 43%, en rekstrarkostnaður um 40% en ekki rúmlega 56%. Hér ber mikið á milli og það um svo þýðingarmikinn hlut í gjaldskrá tannlækna sem veruleg áhrif hefur á gjaldtöku þeirra. Spurningin sem eftir stendur er: Á hvorum upplýsingunum á að byggja, skattskýrslum tannlækna eða forsendum sem haldið er fram við samningaborðið þegar verið er að semja við tannlækna um hlut tryggðra sjúklinga?

Víst er það svo að það er mikill munur á upplýsingum frá tannlæknum við samningaborðið um að tryggður hlutur sjúklinga sé á bilinu 10–15% tannlæknaverka eða hins vegar upplýsingum frá stjórn Tannlæknafélagsins þegar þeir réttlæta laun sín með því að hlutur tryggðra í heildartannlæknakostnaði sé 50–60%. En tannlæknar verða að átta sig á því að það er málstað þeirra lítið til framdráttar að sveifla þessum hlutföllum fram og til baka eftir því sem þeim hentar hverju sinni.

Í Danmörku eiga allir landsmenn kost á tannlækningum almannatrygginga. Að meðaltali taka almannatryggingar þátt í 50% af heildarkostnaði þeirra verka sem þær á annað borð greiða fyrir. Þar í landi taka sjúkratryggingar þátt í tannlæknakostnaði fyrir alla landsmenn og tekjur tannlækna frá sjúkratryggingum nema um þriðjungi af heildartekjum þeirra. Hér á landi taka almannatryggingar aðeins þátt í tannlækningum fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja og oft aðeins að hluta til. Samt er hlutur tryggðra 50–60% af heildarkostnaði við tannlækningar samkvæmt upplýsingum stjórnar Tannlæknafélagsins. Hvernig kemur það heim og saman að 50–60% af heildartekjum tannlækna séu vegna tryggðra sjúklinga þegar þriðjungur af heildartekjum danskra tannlækna er vegna tryggðra sjúklinga, en þar tekur almannatryggingakerfið þátt í kostnaði fyrir alla aldurshópa?

Tannlæknakostnaður, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga, hefur undanfarin ár numið frá 52 til 65% af lækniskostnaði, þ.e. almennum lækniskostnaði og sérfræðingakostnaði. Þó er tannlæknakostnaður aðeins greiddur, eins og ég áður sagði, fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.

Benda má einnig á að á tímabilinu 1. des. 1981 til 1. nóv. 1985 voru almennar launahækkanir í landinu 198%. Launahluti í gjaldskrá tannlækna hækkaði á sama tímabili um 295%. Á þessu ári hafa tannlæknar tvívegis hækkað gjaldskrár sínar einhliða. Nú er svo komið að í gildi eru tvær gjaldskrár, þ.e. gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og gjaldskrá sem heilbrmrh. hefur gefið út. Endurgreiðsla til þeirra tryggðu er miðuð við gjaldskrá heilbrmrh. Vegna þessarar deilu sem nú stendur yfir um gjaldskrána er sá hluti sem hinir tryggðu verða að standa undir um 11% hærri en ella væri.

Að lokum vil ég benda á nýjar upplýsingar um gjaldtöku tannlækna, sem ég tel að ættu að vera stjórnvöldum umhugsunarefni og jafnframt rökstuðningur fyrir því að leitað verði nýrra leiða í tannlæknakostnaði eins og þessi till. gerir ráð fyrir. Upplýst er að kostnaður við tannlækningar hjá Tryggingastofnun ríkisins frá október 1985 til október 1986, eða á heilu ári, hefur hækkað um 22% umfram gjaldskrá þá sem sjúkrasamlagið greiðir eftir. Í þessu sambandi skal bent á að einhliða hækkun tannlækna á sinni gjaldskrá er utan við þessa hækkun þar sem sú hækkun lendir alfarið á viðskiptavinum tannlækna en ekki sjúkrasamlagi. Þannig hafa tannlæknar enn einu sinni gengið fram og hækkað gjaldskrá sína meira en þeir mega. Nú liggja fyrir upplýsingar um samanburð á októbermánuði 1985 og októbermánuði 1986 þar sem fram kemur að kostnaður almannatrygginga vegna tannlækninga hefur hækkað um 22% umfram gjaldskrá þá sem heilbrmrh. hefur sett. Þegar nú er kappkostað að reyna að halda verðlagi á vöru og þjónustu í skefjum og tryggja að forsendur kjarasamninganna frá því í febrúar haldi, þá ber stjórnvöldum auðvitað skylda til að taka á þessu máli því það er ljóst að á mörgum heimilum er tannlæknakostnaður stór útgjaldaliður.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það í máli mínu að miklar mótsagnir eru í upplýsingum sem fram hafa komið hjá tannlæknum og ég tel að stjórnvöld verði að leita leiða til þess að leiða hið rétta í ljós, bæði að því er varðar tekjur tannlækna og að því er varðar heildartannlæknakostnað í landinu. Þessar upplýsingar eru mikilvægar fyrir stjórnvöld þegar verið er að ákveða stefnuna í tannlækningum, hvort eigi að bæta við fleiri aldurshópum eða auka þátttöku tryggðinganna að öðru leyti í tannlæknakostnaði. Því hef ég einnig lagt fram till. í dag um það að fram fari könnun á notkun tannlæknaþjónustu hér á landi og kostnaði neytenda af henni. Skal ég ekki nú fara nánar út í þá till., enda mun hún væntanlega koma á dagskrá hér fljótlega og þá mun ég fá tækifæri til að ræða þessi mál frekar.

Ég vænti þess að þessi till. fái góðar undirtektir hér á Alþingi og að á þessum málum verði virkilega tekið og legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, fyrri umr.

Þáltill. HG, 151. mál. — Þskj. 161.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef virðulegum varaformanni utanrmn., sem gegnir þar störfum í fjarveru formanns nefndarinnar, hv. 9. þm. Reykv., yrði gert viðvart um að umræða fari fram um þetta mál og eins held ég að væri æskilegt ef hv. 2. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, væri viðstaddur umræðuna þar sem ég ætla aðeins að víkja að afstöðu hans til þessa máls á fyrri stigum.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. utanrrh. hefur tekið sér tíma til að vera viðstaddur umræðu hér um þá till. sem ég mæli fyrir en það er till. til þál. á þskj. 161 um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna („frystingu“) og felur ríkisstjórninni að styðja þá tillögu á allsherjarþinginu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þegar gert.“

Þetta er tillögutextinn og í grg. er vikið að flutningi þessarar tillögu og afgreiðslu á fyrri þingum Sameinuðu þjóðanna en þar hefur hún verið flutt um árabil og hlotið stuðning vaxandi fjölda ríkja, yfirgnæfandi stuðning, og er raunar sú tillaga um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins sem hefur notið mests fylgis á þessum vettvangi, og þar sem vestræn ríki, þar á meðal bandalagsríki Atlantshafsbandalagsins, hafa staðið að samþykkt tillögunnar og einnig það gerðist á síðasta allsherjarþingi. Þar hlaut tillagan 131 atkvæði í fyrra. Það voru 10 ríki, fyrst og fremst vestræn stórveldi, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni, en þá sátu 8 ríki hjá, þar á meðal Ísland. Þá greiddu hins vegar aðrar Norðurlandaþjóðir, allar með tölu, Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar, þ.e. þær Norðurlandaþjóðir sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum, tillögunni atkvæði sitt.

Nú liggur sams konar tillaga fyrir allsherjarþinginu, hún kom fram 30. október s.l., um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar, flutt af sama hópi ríkja, eða fimm ríkjum, og er gjarnan kennd við Mexíkó og Svíþjóð sem forustuaðila í þessum tillöguflutningi á undanförnum allsherjarþingum. Hún fékk skjóta meðferð í fyrstu nefnd allsherjarþingsins sem fjallar um afvopnunarmál og öryggi. Þar var hún samþykkt með 118 atkvæðum þann 11. nóv. s.l., 12 ríki greiddu atkvæði á móti, aðallega Nató-ríki, en fjögur ríki sátu hjá, þ.e. Ísland, Holland, Spánn og Kína. Niðurstöður þessarar atkvæðagreiðslu í fyrstu nefnd allsherjarþingsins er að finna á fskj. II með þessari þáltill. þar sem menn sjá svart á hvítu í hvaða ljós Ísland setur sig á þessum vettvangi þjóðanna í sambandi við þetta mál mála, stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins sem lágmarksskref til afvopnunar. Ísland er hér eitt Norðurlanda sem ekki styður málið.

Alþingi hefur enn aðstöðu til að lýsa vilja sínum til þessa máls áður en tillagan gengur til atkvæða á allsherjarþinginu innan fárra vikna.

Alþingi samþykkti ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum 23. maí 1985 þar sem m.a. kemur fram eindreginn stuðningur við stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar. Þessi till. er birt sem þriðja fskj. með þessari þáltill. og það þarf alveg sérstök gleraugu til að finna út rökstuðning fyrir afstöðu Íslands, eins og hæstv. utanrrh. þó telur sig finna, til að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Þetta mál kom til umræðu í fyrradag hér í Sþ. af tilefni fsp. frá hv. 3. landsk. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem bar fram fsp. til ráðherra um afstöðu til málsins, og ráðherrann greindi þá frá sjónarmiðum sínum og á eftir vafalaust í umræðunni að fylgja þeim frekar eftir. Ég hef farið yfir ræðu hæstv. ráðh. við þetta tækifæri og ég sé ekki hvernig í ósköpunum ráðherrann ætlar að verja afstöðu sína og rökstyðja þetta mál því að það er ekki að finna rök í því svari sem kom fram s.l. þriðjudag, eins og ég hef það fyrir framan mig og gæti vitnað til en ætla ekki að sinni að taka tíma í það.

En ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, vegna málsins að við lítum aðeins í fskj. I og þá í sjálfan tillögutextann sem er það sem liggur fyrir til ályktunar. Þar segir:

„Allsherjarþingið“, og síðan fer ég yfir í ályktunartextann sjálfan, tölul. 1, „hvetur enn einu sinni Sovétríkin og Bandaríkin sem tvö fremstu kjarnorkuveldin til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða með sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem verða mundi fyrsta skref í átt til allsherjaráætlunar um afvopnun er að formi og umfangi yrði sem hér greinir:

(a) hún mundi fela í sér

i allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra,

ii algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

iii bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

iv algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi.

(b) Hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum, svo sem þeim sem þegar hefur orðið samkomulag um í SALT-I og SALT-II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum þríhliða samninganna um allsherjarbann við tilraunum sem haldnar eru í Genf.

(c) hún yrði í fyrstu miðuð við fimm ára tímabil með fyrirvara um framlengingu eftir að önnur kjarnavopnaríki gerast þátttakendur í slíkri frystingu eins og allsherjarþingið hvetur þau til.

2. Óskar eftir því [þ.e. allsherjarþingið] við fyrrnefndu tvö mestu kjarnavopnaveldin að þau leggi fram sameiginlega skýrslu eða tvær aðskildar skýrslur til allsherjarþingsins áður en 42. þing þess hefst

um framkvæmd þessarar ályktunar.

3. Ákveður að setja á bráðabirgðadagskrá 42. þingsins dagskrárlið er beri heitið: Framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins nr. 41/um frystingu kjarnavopna."

Þetta er sjálfur ályktunartextinn, en á undan honum fylgja aðfaraorð sem menn geta kynnt sér í fskj. I og hæstv. ráðh. vék að í svari sínu s.l. þriðjudag nokkrum orðum, benti m.a. á að þar hafi orðið breyting sem hafði verið honum áður þyrnir í auga, en þeir eru fleiri þyrnarnir sem hæstv. ráðh. sér í þessari till. og valda væntanlega þeirri niðurstöðu hans að láta fulltrúa Íslands á allsherjarþinginu í fyrstu nefnd greiða atkvæði gegn till. Hæstv. ráðh. hefur lýst þeim ásetningi sínum að staðið verði við þá ákvörðun við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu sjálfu, en gert er ráð fyrir því að þingið standi skemur en oft hefur verið, ljúki e.t.v. störfum viku af desember.

Þetta mál kom upp í fyrra með nokkuð sérstökum hætti. Þá fréttum við af því, fulltrúar í utanrmn., í byrjun desember, eða um svipað leyti árs og nú, að þegar væri búið að taka afstöðu til þessarar till. af hálfu Íslands í fyrstu nefnd þingsins með hjásetu. Þegar vitneskja barst um þetta, og það var reyndar um viku af desember sem málið var tekið upp í Sþ. utan dagskrár, vakti ég sérstaklega athygli á þessari niðurstöðu og óskaði eftir því að þingið hefði aðstöðu til að ræða málið og taka sínar ákvarðanir þar að lútandi.

Í umræðum vegna þessa máls utan dagskrár kom m.a. fram að nokkrir hv. þm. Framsfl., þar á meðal formaður þingflokksins Páll Pétursson, væru ósammála hæstv. þáv. utanrrh. og teldu engin rök að finna í ályktun Íslands frá 23. maí 1985 til stuðnings þeirri afstöðu ráðherrans og í raun ríkisstjórnarinnar sem er þarna að lýsa afstöðu sinni. Þetta leiddi til þess að miklir brestir urðu á 1. hæð þinghússins og síðan í fjölmiðlum, þar sem formaður Sjálfstfl. bar þau skilaboð til hæstv. forsrh. síðdegis sama dag, að ef samþykkt yrði ályktunartillaga sem fæli í sér að Alþingi ályktaði sem svo að Ísland skyldi greiða atkvæði með þessari till. á allsherjarþinginu, væri stjórnarsamstarfinu lokið. Þetta fékk þingflokkur framsóknarmanna reyndar fyrst að heyra í gegnum morgunútvarpið líklega að morgni 7. des., því að forsrh. hafði ekki haft fyrir því að upplýsa þingflokkinn um þennan stól, sem formaður Sjálfstfl. var að setja fyrir dyrnar í stjórnarsamstarfi, ef Framsfl. ekki beygði sig fyrir þessari afstöðu í heild sinni og einhverjir slæddust inn til stuðnings þeirri afstöðu sem ég túlkaði í umræðu um þetta mál með tilvísun í samþykkt Alþingis frá því í maí 1985.

Í framhaldi af þessu komu síðan fram í Sþ. tillögur um málið, till. efnislega eins og sú sem ég mæli hér fyrir um að Alþingi lýsi stuðningi við ályktunartillöguna, en einnig till. frá þm. Framsfl., ég hygg meiri hluta þingsflokksins eða helmingi a.m.k., um frystingu kjarnorkuvopna, á þskj. 223 á síðasta þingi, og flm. voru, með leyfi forseta, hv. þm. Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson. Till. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að lýsa þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að leitast við að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um frystingu á framleiðslu kjarnavopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Ísland skal hafa frumkvæði um tillöguflutning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau mál á grundvelli ályktunar Alþingis 23. maí 1985."

Þetta var till. þeirra framsóknarmanna eftir mjög hörð átök í þingflokki um hvort þingflokkurinn ætti að styðja þá till. sem ég hafði þá undirbúið að flutt yrði. Efnislega er þó niðurstaðan hjá þeim hv. þm. framsóknarmanna, sem þarna töluðu og fluttu till., að Íslandi beri að fylgja öðrum Norðurlöndum varðandi afstöðu til frystingar á framleiðslu kjarnorkuvopna og bann við tilraunum með kjarnavopn, meira að segja að Ísland skuli hafa frumkvæði þar að lútandi að efnislega væri fylgt eftir ályktun Alþingis um þetta efni. Í rauninni voru því hv. þm. Framsfl. að lýsa yfir stuðningi, þó að það væri með svolitlum dulmálsstíl, við tillögu Svíþjóðar og Mexíkó á allsherjarþinginu. Nú reynir á afstöðu þessara hv. þm. á Alþingi því að ég treysti því að þessi till. fái þinglega meðferð í utanrmn., sú till. sem ég mæli hér fyrir, og komi til þingsins þannig að þingviljinn komi í ljós í þessu máli.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða heldur eitt afdrifaríkasta mál mannkyns. Og ég tel það, herra forseti, með öllu óþolandi að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin túlki afstöðu Alþingis frá 23. maí 1985 með þeim hætti sem ráðherrann leyfir sér að gera í sambandi við afstöðu Íslands til þessa máls á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki viðunandi fyrir utan rökleysuna og það ljós sem fellur á Ísland, sem var nýlega gestgjafi fyrir forustumenn risaveldanna, það ljós sem á Ísland fellur með þeirri afstöðu sem hæstv. ráðh. hefur látið fulltrúa sína túlka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það er sannarlega orðið áberandi hvernig íslenska ríkisstjórnin hengir sig aftan í afstöðu Reaganstjórnarinnar í hinum afdrifaríkustu málum. Þetta hefur komið fram hér á undanförnum misserum trekk í trekk. Þetta hefur birst í þeirri furðulegu staðreynd að hæstv. utanrrh. lýsir yfir stuðningi við stjörnustríðsáætlun, geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar og telur fýsilega samvinnu af Íslands hálfu um stjörnustríðsáætlunina. Þetta kemur fram í því að utanrrh. f.h. ríkisstjórnar neitar að lýsa andúð á áframhaldandi tilraunasprengingum Bandaríkjanna í stað þess að leggjast á sveif og nota tækifærið meðan Sovétríkin enn halda að sér höndum til þess að læsa því máli að risaveldin hætti þessum glæfraleik og önnur ríki, sem stunda tilraunir með kjarnorkusprengingar, fái enn meiri þunga almenningsálitsins í heiminum þar að lútandi.

Það má minna á afstöðu til margra fleiri mála eins og í sambandi við þá ákvörðun Bandaríkjastjórnar

að hefja framleiðslu nýrra efnavopna, afstöðu sem tekin var um miðjan maímánuð. Hæstv. utanrrh. frétti ekki af því fyrr en við þm. Alþb. hringdum upp í ráðuneyti til að vekja athygli á því hvað þar væri á seyði. Menn muna eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi árásina á Líbýu sem rædd var hér í Sþ. og svo má lengi telja.

Hæstv. ráðh., sem er að rökstyðja afstöðu sína, segir sem svo: Ja, frysting er bara tímaskekkja þegar stórveldin eru að ræða um eitthvað miklu, miklu meira. En hafa þau samið um eitthvað mikið meira? Hver var niðurstaðan á Reykjavíkurfundinum? Ætli stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins væri ekki stórt skref sem mannkyn mundi fagna með ályktun af þessu tagi og þunga sem á bak við hana liggur um áætlun um afvopnun að því marki sem hér var talað um í Reykjavík en ekki fallist á og síðan framhald hennar með eyðingu kjarnorkuvopna fyrir miðjan næsta áratug?

Ég minni á það, herra forseti, hvernig Bandaríkjastjórn, sem hæstv. utanrrh. er að hengja sig aftan í með hjásetu á allsherjarþinginu, túlkar ABM-sáttmálann með þeim hætti sem menn þekkja eftir Reykjavíkurfundinn, ABM-sáttmálann um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar í sambandi við gagneldflaugakerfi í víðum skilningi. Hún telur sig geta framkvæmt tilraunir með geimvopn innan ABM-sáttmálans, skilningur sem mótmælt er af öllum Vestur-Evrópuríkjum og Bandaríkjastjórn vöruð við. Þessi sáttmáli tengist SALT-I samningnum. Og í sambandi við SALT-II samninginn um þak á langdrægar kjarnorkueldflaugar. Hvað er að gerast þar? Bandaríkin hafa lýst sig óskuldbundin SALT-II samningnum sem fyrrv. forseti Bandaríkjanna stóð að á sínum tíma en Bandaríkjaþing ekki að forminu til staðfesti. Forsetinn lýsti þó yfir 1980, Reagan Bandaríkjaforseti, að hann mundi halda sig innan samkomulagsins, en nú hefur hann nýverið, á þessu ári, tilkynnt að Bandaríkin séu óbundin af þessum samningi. Þessa dagana eru Bandaríkin að sprengja þennan samning í reynd, SALT-II samninginn, en utanrrh. Íslands segir: Það er engin ástæða til þess að standa að tillögu um frystingu þegar verið er að tala um eitthvað allt, allt annað. Það er ekki spurningin um hvað er talað á meðan ekki næst samkomulag. Frysting væri stór áfangi ef hún lægi fyrir í dag og mundi vera fagnað af þjóðum heims, sem auðvitað reisa kröfuna um afvopnun kjarnorkuvígbúnaðarins. Og ég endurtek það sem ég sagði hér um daginn varðandi afstöðu íslenska utanríkisráðherrans til stöðvunar með kjarnorkusprengingar. Á sama hátt er það hneyksli að Ísland skuli ekki skipa sér á bekk með öðrum Norðurlandaþjóðum í afstöðu til þessa máls. Kannske sér hæstv. utanrrh. að sér. En ég er því miður ekki mjög trúaður á það eftir orð hans hér á þriðjudaginn var, en það er skýlaus skylda þingsins að taka afstöðu í máli sem þessu og ég treysti því að þessi tillaga, eftir meðferð í utanríkismálanefnd, komi til afgreiðslu hér áður en afstaða verður tekin á allsherjarþinginu til málsins.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Vegna þeirrar till. sem hér er til umræðu og hv. 5. þm. Austurl. hefur talað fyrir leyfi ég mér að vísa til þess svars sem ég veitti á fundi í Sþ. fyrir tveimur dögum við fsp. hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur varðandi atkvæðagreiðslu í 1. nefnd allsherjarþingsins á hinni svokölluðu sænsk-mexíkönsku tillögu. Eins og þar kom fram hafa engar þær forsendur breyst sem að mínum dómi gefa tilefni til að breyta afstöðunni til hennar.

Í svari mínu vék ég að því hversu afvopnunarmálin hafa tekið nýja stefnu á undanförnum vikum. Um frystingu ræða menn nánast ekki í dag heldur fækkun kjarnorkuvopna og fram koma tillögur um útrýmingu þeirra á ákveðnu árabili. Það væri því að mínum dómi þvert á þá stefnu sem afvopnunarmálin hafa tekið að undanförnu og ekki í samræmi við viðræður stórveldanna nú um afvopnun, sem eru grundvallaðar á umræðum eftir Reykjavíkurfundinn, að Alþingi samþykkti till. þá sem hér er til umræðu auk þess, sem áður hefur komið fram, að sænsk-mexíkanska tillagan er í veigamiklum atriðum í samræmi við þau atriði sem er að finna í samþykkt Alþingis um afvopnunarmál frá 23. maí 1985.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Ég stend upp til að lýsa stuðningi Kvennalistans við þá till. sem hér er til umræðu, en bendi á að Kvennalistinn hefur lagt fram till. um frystingu kjarnorkuvopna sem er til meðferðar í þinginu.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það var hér til umræðu s.l. þriðjudag eins og vikið hefur verið að. En sú till. sem hér liggur fyrir er önnur leið að því sama marki sem við Kvennalistakonur höfum lagt til og þess vegna erum við henni að sjálfsögðu sammála.

Í þessari till. og þessum umræðum um frystingu kjarnorkuvopna er verið að ræða um stuðning við ákveðnar hugmyndir í afvopnunarmálum. Hæstv. utanrrh. nefndi áðan að afvopnunarmálin hefðu tekið nýja stefnu. Ég á satt að segja ákaflega erfitt með að sjá í hverju sú nýja stefna felst því að það verður ekki séð annað en viðræður stórveldanna hafi verið nánast árangurslausar til þessa, þ.e. síðustu ára. Mér vitanlega hafa hugmyndir um frystingu aldrei átt miklu fylgi að fagna meðal stórveldanna. Það eru fyrst og fremst önnur ríki, friðarhreyfingar og ýmsir sérfræðingar sem fjalla um friðarmál sem hafa lagt fram slíkar hugmyndir. Menn minnast þess kannske að það er til í Bandaríkjunum hreyfing sem einmitt kennir sig við frystingu, Freeze-hreyfingin svokallaða.

Það má lengi um það ræða hvaða hugmyndir leiði til árangurs eða hvaða leiðir séu vænlegastar, en öll þessi umræða gengur út á það í raun og veru að ríki heims lýsi yfir ákveðnum vilja, reyni að þrýsta á stórveldin, enda veitir ekki af. Síðan reynir auðvitað á hvort þær tillögur fela í sér einhverja tæknilega

erfiðleika. Sú tillaga sem hér er til umræðu gengur út á það að Alþingi Íslendinga lýsi yfir stuðningi við ákveðnar hugmyndir í afvopnunarmálum og taki þar með skelegga afstöðu með afvopnun í stað þess að horfa á og bíða átekta.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er margt vel um þá till. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flytur hér og að ýmsu leyti svipar henni til þeirrar till. sem við þm. Framsfl. fluttum á síðasta þingi og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði réttilega til í ræðu sinni.

Það vakti mér hryggð að svo ágætur maður sem hæstv. utanrrh. er skyldi ekki fagna þeirri till. sem við þm. Framsfl. fluttum í fyrra, sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. utanrrh. er þaulkunnugur norrænu samstarfi, hefur í tvígang verið forseti Norðurlandaráðs og formaður í norrænu ráðherranefndinni. Auðvitað eigum við að hafa samstöðu með öðrum Norðurlöndum um þessi efni. Sérstaklega þegar ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 kveður svo á, með leyfi forseta:

„Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins. Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun. Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni á milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Ég hef verið að vitna til ályktunar Alþingis frá 23. maí 1985. Ég fellst ekki á þann skilning hæstv. utanrrh. að það sé ósamræmi á milli þessarar ályktunar og tillögu Svíþjóðar og Mexíkó þannig að okkur sé ófært að styðja tillögu Svíþjóðar og Mexíkó. Mér finnst það rökrétt framhald af þeirri ályktun sem samþykkt var á Alþingi.

Mér finnst það líka óþarfafeimni hjá hæstv. utanrrh. að vilja ekki tala um frystingu, jafnvel þó að menn hafi í bjartsýni sinni talað um stærri skref en frystingu. Frysting væri mikilvægt skref í sjálfu sér. Þm. Framsfl. hafa í undirbúningi tillöguflutning um afvopnunarmál og ég vonast eftir því að innan skamms leggjum við hér fram till. um það efni.

Að endingu vil ég láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að stjörnustríðsáætlunin sé forkastanleg og við eigum að leggjast gegn henni þar og þegar við getum.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. landsk. þm. og hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir jákvæðar undirtektir við till. mína og yfirlýsingu sem ég túlka sem stuðning við þessa till. þó að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi ekki orðað það með beinum hætti svo í sínum málflutningi hér. En hann lýsti afstöðu hæstv. utanrrh. þannig að hann fallist ekki á skilning hans og túlkun á ályktun Alþingis frá maí 1985. Það væri rökrétt framhald af þeirri ályktun Alþingis að styðja tillögu Svíþjóðar og Mexíkó á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og það sé óþarfafeimni, eins og hv. þm. Páll Pétursson orðaði það, hjá hæstv. utanrrh. að vilja ekki tala um frystingu þó að rætt sé um eitthvað annað og meira á milli manna.

Á það verður auðvitað að reyna hér í þinginu í atkvæðagreiðslu, hvort þingið styður hæstv. utanrrh. í afstöðu hans varðandi atkvæði Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ég treysti því að hv. 9. þm. Reykv., nú formaður utanrmn. í fjarveru hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem þessa dagana situr einmitt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem fulltrúi Sjálfstfl., greiði fyrir því að þetta mál komi frá utanrmn. til þingsins þannig að þingviljinn komi í ljós.

Ég þarf ekki mikið meira um þetta að segja á þessu stigi máls, herra forseti, en ég tek undir með hv. 2. þm. Norðurl. v. þegar hann víkur að afstöðu Íslands og samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir. Það hefur löngum verið talið til tekna, einnig af þeim sem hafa stutt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, að Ísland reyndi að stilla saman við aðrar Norðurlandaþjóðir í afstöðu til utanríkismála. En hér kveður bara við allt annan tón. Og það kveður við allt annan tón einmitt í þýðingarmiklum málum sem verið er að ræða á norrænum vettvangi og varða í reynd stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins, skref í sambandi við stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins, þ.e. varðandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum eða í Norður-Evrópu. Þar hefur hæstv. utanrrh. Íslands sett öðrum Norðurlandaþjóðum nánast stólinn fyrir dyrnar að taka þetta mál upp til umræðu og undirbúnings í embættismannanefnd á vegum Norðurlanda með því að fallast ekki á tillögu þar að lútandi, sem danska þingið hefur lýst að meiri hluta stuðningi við og flutt hefur verið af fulltrúa dönsku ríkisstjórnarinnar inn á vettvang norrænnar samvinnu. Þar hefur hæstv. utanrrh. lýst sérstöðu Íslands í hópi Norðurlandaþjóðanna að þessu leyti. Þetta er satt að segja háskaleg afstaða því að staða Íslands í vígbúnaðarkapphlaupinu er orðin mjög sérstök. Við erum hér vegna afstöðu íslenskra stjórnvalda á liðinni tíð í fremstu víglínu, eins og Reagan Bandaríkjaforseti var að minna dátana sína á í Keflavík, þegar hann var að halda brott af Reykjavíkurfundinum um daginn. Hann var að hvetja þá til dáða þar sem þeir væru í fremstu víglínu. Er það æskilegt fyrir öryggismál Íslands,

hæstv. utanrrh., að halda Íslandi í fremstu víglínu og stuðla ekki að því með öllum mætti að slökun verði á spennu á þeim slóðum sem við erum sett á hnettinum með því að stuðla að stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins og taka undir hvert það frumkvæði í sambandi við afvopnun sem fram kemur á vettvangi þjóðanna eða frá þeim ríkjum sem eiga hlut að máli?

Ég vænti þess að Alþingi beri gæfu til að lýsa sínum vilja og ég treysti því að hæstv. utanrrh. fari að vilja Alþingis í þessu máli og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. vilji leiða þingviljann í ljós í þessu máli. Ég spyr hæstv. utanrrh. að því áður en ég vík úr ræðustól: Vill ekki hæstv. utanrrh. fá það á hreint hver er afstaða þingsins til þessa máls? Hefur hæstv. utanrrh. stuðning Alþingis varðandi þá afstöðu sem hann hefur lýst? Það hlýtur að vera áhugamál hæstv. ráðh. að þetta verði leitt í ljós og að þessu sinni eru aðstæður ekki þær sömu og í fyrra, þegar þessu máli var teflt út á tíma. Nú hefur þingið öll tök á því að fjalla um þetta mál með fullkomlega þinglegum hætti í nefnd og síðan hér eftir að nefnd hefur um málið fjallað og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. stuðli að því að málið komi aftur til þingsins og það verði skorið úr hver er afstaða þingsins. Hefur ráðherrann meirihlutastuðning á Alþingi fyrir þessari afstöðu, sem ég er andvígur, formaður þingflokks Framsfl. hefur lýst sig andvígan og fleiri þingflokkar hér, Kvennalistinn ítrekað lýst andstöðu sinni við afstöðu ráðherrans? Ég vænti þess að ráðherrann tjái sig um þetta atriði áður en umræðu lýkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldskrá þjónustustofnana, fyrri umr.

Þáltill. JM og FrS, 156. mál. — Þskj. 166.

Flm. (Jón Magnússon):

Virðulegi forseti. Við Friðrik Sophusson höfum leyft okkur að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands."

Ég vil taka það fram að þegar talað er um efnislegar breytingar á gjaldskrám er ekki átt við þær breytingar sem verða vegna almennra verðhækkana. Þær breytingar, sem hér um ræðir, eru breytingar á reglugerðum og gjaldskrám sem varða einstaka kostnaðarliði þannig að hlutfallsbreytingar eigi sér stað innbyrðis í gjaldskránni eða nýir þættir eru teknir inn. Efnislegar breytingar á gjaldskrám taka því samkvæmt framansögðu til allra meiri háttar breytinga, svo og formbreytinga á gjaldskrám opinberra þjónustustofnana.

Að öðru leyti, þar sem þingsalir eru nú orðnir mjög svo þunnskipaðir og þar sem þáltill. sama efnis hefur verið flutt af sömu flm. fjórum sinnum áður, leyfi ég mér að vísa til umræðna sem urðu um þáltill. síðast þegar hún var flutt og birtust í 23. hefti Alþingistíðinda, dálki 4593 og 4594. Ég vísa til þeirra umræðna ásamt ágætri grg. sem fylgir þáltill. þessari.

Svo fer ég fram á að till. verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, fyrri umr.

Þáltill. ÞB, 155. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 165.

Flm. (Þórdís Bergsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér með að flytja till. til þál. um endurskoðun laga um almannatryggingar á þskj. 165. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbr.- og trmrh. að skipa nú þegar nefnd sérfræðinga og fulltrúa þingflokkanna til þess að endurskoða lög um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, þar sem höfð yrði hliðsjón af breyttum viðhorfum, t.d. fyrirbyggjandi heilsuvernd og því að samræma og einfalda löggjöfina. Skal nefndin skila tillögum til ráðherra fyrir árslok 1987."

Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er eins og kemur fram í grg.:

1. Með því að einfalda lögin og samræma verða þau auðveldari bæði fyrir þá sem eiga að vinna eftir þeim og þá sem eiga að njóta þeirra.

2. Að kanna hvort ekki megi draga úr kostnaði ríkisins með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Við framsóknarkonur höfum fjallað um þessi mál, m.a. á ráðstefnu sem Landssamband framsóknarkvenna gekkst fyrir í september s.l. sem nefndist Nýr lífsstíll — betra þjóðfélag. Í umræðuhópi um heilbrigðismál, þar sem m.a. var fjallað um endurskoðun þessara laga, komumst við að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að bæta verðskyn bæði þeirra sem vinna við heilbrigðisþjónustu og þeirra sem njóta hennar og mikilvægt sé að fólk geri sér grein fyrir því hvað tæki, þjónusta, lyf, umbúðir o.s.frv. raunverulega kosta.

Það eru ótal mörg dæmi um að fólk nýtur ekki þeirra réttinda sem því ber samkvæmt lögunum eða hreinlega gefst upp við að leita réttar síns vegna þess hve lögin eru flókin. Þetta skal rökstutt, með leyfi hæstv. forseta. Ég hafði nokkuð ítarlega grg. með þessu vegna þess að ég á ekki von á því að geta fylgt þessu eftir til síðari umr. Með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa grg.:

„Frá því að fyrsti vísir að almannatryggingalögunum var settur með lögum um alþýðutryggingar 1936 hefur aldrei liðið eins langur tími og nú milli heildarendurskoðunar laganna. Fyrstu heildarlög um almannatryggingar voru sett 1946 og endurskoðuð 1956, 1963 og 1971. Á undanförnum árum hafa verið skipaðar nefndir til að endurskoða lögin, nú síðast 1984, en lítið hefur komið út úr vinnu þeirra ef frá eru taldar tillögur nefndar frá 1978 um nokkra þætti almannatrygginga sem lögfestir voru það sama ár.

Liðinn er hálfur annar áratugur frá síðustu heildarendurskoðun. Á þessum tíma hafa milli 40 og 50 breytingar verið gerðar á lögunum, enda hafa viðhorf breyst verulega á þessum tíma og má þar sem dæmi nefna ákvæði um fæðingarorlof og heimilisuppbót. Gefur auga leið að lög, sem svo oft þurfa breytinga við, úreldast og verða almenningi lítt eða ekki skiljanleg. Er nú svo komið að aðeins örfáir sérfróðir menn í ríkiskerfinu þekkja lögin til hlítar. Lög sem almenningur ekki skilur eru ólög. Fyrir því er mjög brýnt að lögin verði felld saman í eina samstæða heild og einfölduð eins og mögulegt er.

Frá því að almannatryggingalög voru endurskoðuð síðast 1971 hafa orðið miklar breytingar í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Sést þetta best á lögum um heilbrigðisþjónustu sem upphaflega voru sett 1973 með gildistöku 1. jan. 1974, nú lög nr. 59 1983. Þar er m.a. kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðva og rekstur heilsuverndargreina. Er þar lögð áhersla á fyrirbyggjandi heilsuvernd. Í lögum um almannatryggingar er hins vegar ekki gert ráð fyrir þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við slíka heilbrigðisþjónustu heldur eingöngu þegar skaðinn er skeður, þ.e. þegar sjúkdómurinn þarfnast lækninga. Má segja að almannatryggingalög vinni óbeint gegn því að landsmenn sinni fyrirbyggjandi heilsuvernd, sem þegar öllu er á botninn hvolft gæti í mörgum tilfellum leitt til sparnaðar, þar sem sjúkdómur næði ekki fótfestu með tilheyrandi kostnaði fyrir sjúkratryggingakerfið. Er mjög brýnt að mörkuð verði stefna í þessu máli þannig að hið opinbera greiði ekki síður fyrir fyrirbyggjandi heilsuvernd en fyrir sjúkraþjónustu á sjúkrahúsum sem er mönnum að kostnaðarlausu.

Til þess að vinna þetta verk er nauðsynlegt að skipa nefnd sérfróðra manna á vegum heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnunar ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga og þingflokkanna og þarf að hraða verkinu svo að frv. til nýrra almannatryggingalaga verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að till. verði vísað til félmn. og síðari umr. að þessari umræðu lokinni.

Magnús H. Magnússon:

Herra forseti. Ég styð eindregið þessa þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjúkra- og iðjuþjálfun, fyrri umr.

Þáltill. HS, 166. mál. — Þskj. 176.

Flm. (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 176 hef ég leyft mér að endurflytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipulegu samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu. Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega."

Till. þessi hefur tvívegis verið flutt áður en ekki fengist afgreidd. Nú skal reynt í þriðja sinn til þrautar. Ég skal láta nægja að vísa til grg. um mál þetta, enda rækilega verið reifað hér áður. Áhersluatriði mín skulu aðeins þau að hér er um hvort tveggja að ræða, forvarnar- og endurhæfingarstarf sem skiptir máli fyrir flestalla þjóðfélagsþegna á einhvern veg. Hér þarf að koma til samvinna skóla og heilsugæslu, færa ákveðna þætti inn í heilsurækt skólanna eins og segir í grg.: „Einhver mikilsverðasti þáttur heilsuræktar í skólum ætti að lúta að því að kenna ungu fólki að standa rétt að verki, að þjálfa líkama sinn rétt til mismunandi vinnubragða hvaða lífsstarfi sem síðan er gegnt."

Hér eiga aðilar eins og stéttarfélög að koma ríkulega inn í myndina, svo og fyrirtæki. Þetta er reyndar sums staðar þegar í gangi til ómetanlegs gagns fyrir þá sem njóta. En eins og segir um vinnuálag okkar og vinnufyrirkomulag yfirleitt: Það er ekki sama á hvern hátt vinnan er leyst af hendi, hversu mikið álag er að baki, hversu mikilli umframorku hefur verið sóað, hversu ranglega hefur verið að verkinu staðið, hversu vinnustellingar hafa verið óhæfar. Nátengt er þetta því hvernig vinnuaðstaðan hefur verið.

Sjúkraþjálfunin er þegar lögbundin inn á heilsugæslustöðvarnar. Það var gert með lagabreytingu 1983. Iðjuþjálfun er það ekki. Hún er hins vegar einn þáttur heilsugæslunnar, varð það líka 1983, en er eingöngu bundin við endurhæfingarstöðvar og stærstu sjúkrahús. Það er vert að vekja athygli á því að í dag er ekki unnt að stunda nám í iðjuþjálfun hér á landi. Það þarf að fara til útlanda til þess og sjúkraþjálfunarbrautin er mjög ásett. Þar þarf að beita takmörkunum sakir þess að ekki er nægileg aðstaða til vinnuþjálfunar eða verkþjálfunar sjúkraþjálfaranema.

Alvarlegast í dag er kannske það hversu launakjör í heilsugæslunni hafa hrakið þetta hæfa fólk og þessa

mikilvægu starfsstétt út í einkarekstur þar sem ekki er skipulag á þessu starfi og auk þess ólíkt erfiðara um vik þess vegna að fá fólk til starfa vítt um land á heilsugæslustöðvunum.

Þar sem sjúkraþjálfun hefur hins vegar verið úti á heilsugæslustöðvunum er aðsókn ótrúlega mikil, en á þeim stöðvum er líka áberandi að færri þurfa að fara til endurhæfingar hingað suður og sparnaður á alla vegu því ótrúlega mikill fyrir utan almenna líðan sem er vitanlega ólíkt betri og fyrr farið fyrir bragðið til þess að leita sér lækningar og lækning þá oft skjótari um leið. En báðar þessar starfsstéttir vinna í dag allt um of að endurhæfingu og hennar er vissulega þörf í mörgum tilvikum, sorglegum tilvikum svo sem eftir slys, eftir alvarleg veikindi o.s.frv., en framar öðru eru þetta dæmigerð forvarnarstörf sem þessar stéttir eiga og þurfa að vinna í framtíðinni úti á vinnustöðunum í okkar vinnuþrælkunarþjóðfélagi, grunnstarf í heilsurækt skólanna og alhliða uppbyggingarstarf auðvitað fyrir fólk almennt, fyrir líkama þess í heild sinni. Ég held að það megi einskis láta ófreistað til að breyta þessu úr endurhæfingu, sem er nær alls ráðandi í dag, yfir í fyrirbyggjandi aðgerðir og þess vegna skulu lokaorð greinargerðarinnar jafnframt vera mín lokaorð nú:

„Forvarnarstarf af þessu tagi er ekki síðri nauðsyn en í mörgu öðru og skiptir miklu um velferð og líðan flestra. Hér ættu fjölmiðlar okkar að koma inn í myndina því að vissulega má þar veita mikla fræðslu og auka skilning fólks á mikilvægi þess að byggja líkamann upp gegn þeirri „bara gigt" sem hrjáir svo marga."

Ef till. þessi mætti verða til vakningar og áherslu, til athafna þó fyrst og síðast, væri máli þessu ekki hreyft til einskis.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kem í þennan ræðustól aðeins til að lýsa eindregnum stuðningi við till. og láta í ljós von um að hennar bíði betri örlög en á undanförnum þingum þar sem hún hefur fengið að sofna í nefnd eins og reyndar fjölmargar aðrar þjóðþrifatillögur. Þegar ég hins vegar ætlaði áðan að punkta eitthvað niður um rökstuðning fyrir þessu máli vafðist mér tunga um tönn, eða kannske væri réttara að segja fingur um pennaskaft, því að það er með þetta mál eins og reyndar mörg önnur svipuð að mér finnst nærri því nóg að segja eins og börnin: Af því bara, og vísa svo til rökstuðnings í grg.

En mig langar að undirstrika það sem hér er lagt til um tengsl við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Það er að mínum dómi svo augljóst mál að við verðum að fara að sinna öllu forvarnarstarfi miklu meira og þá ekki síst fræðslu og heilsurækt í grunnskólum landsins. Ég ætti e.t.v. ekki að segja það hér vegna þess að ég á eftir að kynna mér það mál betur, en sá grunur bærist óneitanlega með mér að ekki sé nógu gott lag á íþróttakennslu í skólum, það sé allt of mikil áhersla á alls konar keppni og tilraunir til að koma blessuðum börnunum og unglingunum yfir hesta og kistur og spotta og hver veit hvað en of lítil áhersla á alhliða þjálfun líkamans við hæfi hvers og eins. Ég held að það mætti endurskoða námsskrá skólanna með tilliti til þess.

Ég vildi aðeins hnykkja á þessu um leið og ég lýsi yfir stuðningi við till. og tek eindregið undir orð hv. flm. og grg. hér um gildi forvarnarstarfs sem er á allan hátt hagkvæmt bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðsla um kynferðismál, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 160. mál. — Þskj. 170.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. á þskj. 170 um fræðslu meðal almennings um kynferðismál. Meðflm. mínir eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir. Fræðslan verði á vegum landlæknisembættisins í samráði við menntmrn. og stofnanir þess, svo sem skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, Æskulýðsráð ríkisins og Ríkisútvarpið. Gerð skal áætlun um kostnað og miðað við að hefja fræðsluna af fullum krafti á næsta ári."

Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem við Kvennalistakonur höfum oftar en einu sinni reynt að ýta við hér á Alþingi og með tilliti til þess að hér er orðið áliðið og fáir viðstaddir er kannske ekki ástæða til að hafa um þetta langt mál.

Við höfum tvívegis reynt að ýta við yfirvöldum menntamála og heilbrigðismála með fsp. hér í þinginu, í nóvember 1983 og í nóvember 1985. Þá var á síðasta þingi lögð fram till. til þál. sams konar og sú sem hér er nú borin fram, en hún hlaut ekki afgreiðslu. Að þessu sinni er reyndar um svolitlar áherslubreytingar að ræða, eins og hv. þm. sjá ef þeir bera tillögurnar saman.

Í fyrsta lagi, að megintilgangur kynfræðslu sé ekki aðeins að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir heldur einnig og ekki síður til að hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sá þáttur hefur vitanlega alltaf verið fyrir hendi, en hefur nú fengið aukið vægi þar eð sjúkdómurinn eyðni hefur nú haldið innreið sína í landið og helsta vörnin gegn þeim banvæna vágesti er fræðsla og aftur fræðsla sem leiðir til aukinnar notkunar getnaðarvarna og gætni í kynlífi.

Í öðru lagi viljum við leggja áherslu á að ekki verði um tímabundið átak að ræða heldur viðvarandi eflingu fræðslu og ráðgjafar um kynlíf og getnaðarvarnir. Til þess að svo megi verða þarf að gera áætlun um þessa starfsemi og tryggja til hennar fjármagn.

Nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst að fengist hefur aukafjárveiting til fræðsluherferðar á vegum landlæknisembættisins til að efla varnir vegna eyðni. Sú herferð er nú að fara í gang og um það er allt gott að segja. En það er ekki nóg að gera tímabundið átak. Það þarf að tryggja fjármagn á fjárlögum til áframhaldandi aðgerða og mun ég gera mitt til þess að reyna að koma því í gegn. Ég get nefnt hér sem dæmi að í tillögum sem landlæknir hefur kynnt fyrir fjvn. er gert ráð fyrir að ekki dugi minna en 4 millj. kr. til þessa starfs á næsta ári. Við vitum að öll kynningarstarfsemi og fræðsla af þessu tagi, svo sem prentun bæklinga og annað því um líkt, er geysilega kostnaðarsamt. Í ár eða hvort það var á síðasta ári, ég man það ekki alveg, það var alla vega fyrir ekki löngu, kom út bæklingur um hættu á eitrunum vegna ýmissa efna sem notuð eru í heimahúsum. Slíkur bæklingur var prentaður og honum dreift í öll hús og hefur gert ómetanlegt gagn. Þessi bæklingur mátti liggja lengi hjá embætti landlæknis þar eð ekki fékkst fjármagn til að gefa hann út en eftir bið og bæn tókst að útvega fjármagn til þess. Það kostaði meira en 2 millj. kr. að prenta þann bækling og koma honum til landsmanna svo að það er ljóst að 2,5 millj., eins og fékkst til þessarar fræðsluherferðar núna á haustdögum, duga skammt. Enn fremur er mér kunnugt um að það eru til áætlanir um fræðslu og átak í þessum efnum sem mundi kosta a.m.k. 7,5 millj. kr. Við sjáum af þessu að það er mjög brýnt að tryggja fjármagn til þessara hluta.

Það er sannfæring flm. till. sem hér er til umræðu að með stóraukinni fræðslustarfsemi og aðgerðum til aukinnar notkunar getnaðarvarna megi koma í veg fyrir fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðingar og barnsfæðingar hjá kornungum stúlkum og enn fremur að slík fræðslustarfsemi sé algerlega óhjákvæmilegur liður í baráttunni gegn eyðni.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og til hv. félmn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Ég hef áður tekið til máls um till. mjög svipaða þeirri sem hér er og lýst yfir stuðningi við hana. Ég ætla ekki að fara náið út í þetta mál nú. Það eru, eins og áðan var vakin athygli á hér, ekki margir í þingsal, enda klukkan orðin svo margt. Þetta er sá tími þegar menn eru yfirleitt gersamlega horfnir héðan og aðeins þeir allra samviskusömustu sitja eftir.

Þetta er mál sem mætti vissulega tala mikið um. Það er vitnað í upphafi grg. til þeirra laga sem við samþykktum á Alþingi 1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir og vitnað í þá lagagrein sem máske var megingrunnurinn að því að málamiðlunarsamkomulag tókst um þessa heildarlöggjöf. Við verðum að játa það, sem stóðum að þessari málamiðlun, sumir vildu ganga lengra, það voru ekki allir sammála henni, sumum þótti allt of langt gengið eins og menn þekkja, en við sitjum uppi með að einmitt þessi megingrunnur hefur legið svo hræðilega eftir sem raun ber vitni, fræðsluþátturinn, ráðgjafarþátturinn sem hér er verið að reyna að hnykkja á og ýta á eftir að verði sinnt með sómasamlegum hætti.

Þó er þarna um að ræða ótvíræðan grunn, eins og ég sagði áðan, að þessari viðkvæmu lagasetningu sem enn þá eru um miklar deilur í þjóðfélaginu. Við sem fylgdum þessari málamiðlun og töldum hana æskilega og eðlilega eigum vitanlega í vök að verjast varðandi allt þetta mál sakir þess að þessum þætti er ekki sinnt sem skyldi. Það er vægast sagt, eins og hv. 1. flm. kom inn á, hræðilegt að það þurfi að koma til ótti við óskaplegan sjúkdóm til þess að það sé gert átak í þessum efnum og menn taki við sér af allt öðrum ástæðum til að sinna því sem sett var í lög fyrir rúmum áratug. Vissulega er rétt að hér á ekki að vera um tímabundið átak að ræða heldur þarf að vera samfelld vinna í gangi hjá þeim aðilum sem gleggst geta um þessi mál fjallað og sinnt þeirri fræðslu sem allra best sem hér þarf að vera í gangi og veitt þá ráðgjöf sem er nauðsynleg fyrir það fólk sem þarf á því að halda og við vitum að hefur ekki verið gert, en er brýn þörf á og kannske brýnni nú en nokkru sinni fyrr einmitt vegna þess hræðilega sjúkdóms sem menn skelfast svo mjög yfir, en auðvitað einnig vegna þeirrar löggjafar sem við settum og verðum að standa við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tannlæknaþjónusta í héraði, fyrri umr.

Þáltill. ÞB og HS, 169. mál. — Þskj. 179.

Flm. (Þórdís Bergsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um sérfræðiþjónustu tannlækna í héraði á þskj. 179. Meðflm. minn er hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbr.- og trmrh. að beita sér fyrir því að sérfræðiþjónustu á sviði tannlækninga verði sinnt í héraði með reglubundnum og skipulegum hætti."

Ég mun ekki hafa annan formála að þessu en grg. vegna þess að það mun hafa verið samþykkt till. hér um svipað efni og eins og segir hér í lokin er þessi till. flutt fyrst og fremst til að herða á þessu máli. En í grg. segir, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er þurfa þeir sem búa í strjálbýlinu að sækja alla sérfræðiþjónustu á sviði tannlækna til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar. Hefur þetta í för með sér miklar fjarvistir frá skólum og vinnu og fjárhagslegt vinnutap þar sem oft er um nokkra daga að ræða.“

Ég get getið þess að t.d. á Austfjörðum er ekki óalgengt að það taki þrjá daga yfir veturinn fyrir fólk að fara í tannréttingar þó að það þurfi að stoppa eins og tíu mínútur í Reykjavík.

„Töluverður kostnaður fylgir þessum ferðum, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og hið opinbera. Erfitt er að meta kostnað einstaklinganna, en samkvæmt upplýsingum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins má reikna með að um 55% greiðslna vegna endurtekinna ferða sjúkratryggðra séu til komnar vegna tannréttinga og tannlækninga. Nam þessi upphæð á árinu 1985 tæpum 13 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur hið opinbera í ríkara mæli reynt að standa fyrir sérhæfðri læknisþjónustu í strjálbýlinu. Má sem dæmi nefna augnlækningaþjónustu og þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Eru allir sammála um nauðsyn þessarar þjónustu og enn fremur að sérhæfðri tannlæknaþjónustu, þ.e. einkum tannréttingum, þurfi að sinna á sama hátt, enda rökin fyrir henni þau sömu og varðandi augna- og eyrnaþjónustu.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi s.l. haust var samþykkt svohljóðandi áskorun á heilbr.- og trmrh., með leyfi forseta:

„Aðalfundur SSA 1986 skorar á heilbr.- og trmrh. að beita sér fyrir að sérfræðiþjónustu á sviði tannlækninga verði sinnt í héraði með reglubundnum og skipulegum hætti eins og t.d. varðandi augnlækningar. Í grg. með till. segir:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að sá aukakostnaður, er fólk í dreifbýli verður fyrir við að sækja þessa þjónustu til Reykjavíkur, er gífurlega mikill. Þess vegna er farið fram á það við heilbrrn. og Tryggingastofnun ríkisins að leita leiða til úrbóta t.d. með því að senda sérfræðinga út á landsbyggðina með reglubundnu millibili til að annast þessa þjónustu. Ekki væri ólíklegt að slíkt fyrirkomulag leiddi til sparnaðar bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið.“

Á það má benda að Alþingi samþykkti 20. júní 1985 þál. um bætt skipulag á þjónustu vegna tannlækninga. Hún var flutt af meðflm. mínum, hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum. Skal um málið leita samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þess. Þessi tillaga er flutt til að herða á þessu máli.“

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessari till. verði vísað til félmn. og síðari umræðu að lokinni þessari umræðu.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Það er ástæðulaust að bæta mörgu við glögga og greinargóða framsögu hv. 4. þm. Austurl., en eins og hún tók fram er í lok grg. greint frá samþykkt þáltill. fyrir hálfu öðru ári. Þá flutti ég till. um aukna skipulega þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Því miður lögðust tannlæknar þeir sem við tannréttingar fást gegn till. Ég tel þá hafa gert það á ákveðnum þröngum markaðsforsendum, töldu ekki kleift að koma til móts við landsbyggðarfólk svo viðunandi væri, a.m.k. ekki fyrir þá greinilega. Mér þótti sú nefnd sem fjallaði um þetta mál taka heldur mikið tillit til þessa álits sem byggðist of mikið á sérhagsmunum þeirra að mínu viti. Engu að síður endaði það þó með því eftir mikla baráttu að tillagan var afgreidd úr nefnd.

Það var svo hins vegar verra að þegar þetta gerðist loksins skyldi koma brtt. á lokastigi um að fella orðin „á landsbyggðinni“ brott. Hvernig í ósköpunum, þó að hann sjáist ekki oft hér í þingsal, hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram gat dottið í hug að það þyrfti nauðsynlega að fella orðin „á landsbyggðinni“ brott veit ég ekki, en það gerði hann. Við vorum þá á síðustu dögum þingsins og annaðhvort var að láta till. svo breytta ná fram að ganga eins og hún er prentuð á þskj. eða hreinlega fá ekkert afgreitt. Ég valdi þennan skárri kost að fá till. afgreidda með þessu orðalagi.

Nú hefðum við flm. við þessa umræðu þurft að fá upplýst hversu eða hvort unnið hefði verið í anda þessarar umræddu þál. En auðvitað er ekki hæstv. ráðh. hér til staðar svo síðla dags til að svara því. Ég veit nefnilega ekki til þess að neitt sérstakt hafi verið aðhafst í þessum efnum. Ég viðurkenni að þetta er ekkert auðvelt verk, sérstaklega ef andstaða er við það hjá þeim sem málið snertir sérstaklega. En þá þarf þeim mun betur að huga að öllum tiltækum lausnum til að koma til móts við fólk á landsbyggðinni sem hefur af þessu þann gífurlega kostnað sem hv. 4. þm. Austurl. rakti áðan.

Ég get ekki stillt mig um að rifja upp úr framsögu minni fyrir þessari till. staðreyndir sem fengnar voru beint frá deildarstjóra tannlækninga í heilbrrn., sem sjálfur er fyrrum formaður Tannlæknafélagsins, um hversu miklu meira er um aðgerðir vegna tannréttinga hér á landi en í nágrannalöndum okkar svo að munar verulega miklu, mörgum tugum prósenta. Sú spurning vaknar óneitanlega hvort menn hafi farið hér offari, hvort hérna sé um tískufyrirbæri að ræða og hvort raunveruleg þörf sé á öllum þessum tannréttingum í öllum tilfellum. Ég held að í tengslum við þetta þyrfti vissulega að athuga þetta vel einnig. Þessi ágæti fyrrv. formaður Tannlæknafélagsins dregur ekkert úr því að menn hafi gengið allt of langt í þessum efnum þó að ég sé ekki að mæla því mót að okkar ágætu þjóð veitir auðvitað ekki af því að fríkka til munnsins enn frekar en hún hefur gert því að allt er þetta víst gert í þeim tilgangi fyrir utan hinar heilsufarslegu ástæður sem eru jafnsjálfsagðar.

En án þess að lengja þetta mál meira vil ég ítreka það, sem kom fram í máli hv. fyrri flm., að hér er um svimháar upphæðir að ræða sem tryggingarnar greiða fyrir tannréttingar. Það er um miklar upphæðir að ræða fyrir einstaklinga og aðstandendur, yfirleitt börn og unglinga sem hér eiga hlut að máli. Hér er um að ræða erfið ferðalög eins og hv. 1. flm. gat um. Þarna hlýst af tap skóla- og vinnudaga, þrír dagar, fjórir dagar geta þeir orðið á vetri með nokkuð reglubundnu millibili. Hér er svo auðvitað, og það er kannske meginmálið, um dæmigert mismununarmál milli landsbyggðar að ræða og suðvesturhornsins, og Akureyrarsvæðisins reyndar, því þar mun vera tannréttingalæknir einnig, mismununarmál sem brýn þörf og knýjandi er að leiðrétta.

En um leið held ég að þurfi heildarathugun allra þessara mála. Við komum enn og aftur líklega að því sama sem við höfum verið að tala um í síðustu tillögum öllum og var orðað hér einu sinni á þann snjalla hátt í ræðustól að betra væri að byrgja brunninn áður en barnið væri dottið ofan í og er í tengslum við þá löggjöf sem ég ræddi hér áðan, það forvarnarstarf sem við þurfum að beina öllu okkar atfylgi að í sambandi við tannvernd og tannheilsu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðför (143. mál, kostnaður vegna gerðar o.fl.) 913.
Aðför (157. mál, aðfararstaður) 1000.
Afnám einokunar ríkisins á innflutningi áfengis (154. mál) 988, 1003.
Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar (151. mál, þáltill. HG) 1051.
Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar (152. mál, fsp. KÁ) 946.
Almannatryggingar (155. mál, endurskoðun laga) 1060.
Áhrif markaðshyggju (21. mál) 962, 1002.
Endurmat á störfum kvenna (11. mál) 959, 1002.
Endurskipulagning tannlæknaþjónustu (108. mál) 1045.
Fiskveiðasjóður Íslands (147. mál, lán til nýrra fiskiskipa) 925.
Fræðsla um kynferðismál (160. mál) 1064.
Gjaldskrá þjónustustofnana (156. mál) 1059.
Hafnamál (148. mál, líkanstöð og framkvæmdir) 942.
Hússtjórnarfræðsla (112. mál) 935.
Iðntæknistofnun Íslands (153. mál, aðild að þróunarfyrirtækjum) 896.
Jöfnun á námskostnaði (118. mál, lágmark námsstyrkja) 902.
Kosning í bankaráð Seðlabankans 950.
Kosning skoðunarmanna Seðlabankans 950.
Kosningar til Alþingis (141. mál, röð frambjóðenda á lista) 904, 994.
Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna (10. mál) 901.
Lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn (48. mál) 932.
Lyfjakostnaður (127. mál) 939.
Lögtök og fjárnám (142. mál, úrskurðir og innheimtukostnaður) 912.
Nýting sjávarfangs (135. mál) 977, 1002.
Opinber innkaup (125. mál) 885.
Samfélagsþjónusta (62. mál) 1003.
Samningaviðræður tannlækna og Tryggingastofnunar (126. mál) 936.
Sjúkra- og iðjuþjálfun (166. mál) 1062.
Skattadómur og rannsókn skattsvikamála (150. mál) 913.
Tannlæknaþjónusta í héraði (169. mál) 1066.
Tekjuskattur og eignarskattur (136. mál, iðgjöld til lífeyrissjóðs) 898.
Tékkar (103. mál, Lánastofnun sparisjóðanna) 896.
Umhverfismál og náttúruvernd (90. mál) 984, 1002.
Umræður utan dagskrár 951 (hrun rækjustofnsins í Húnaflóa); 1030 (ákvörðun um fullvirðisrétt).
Útboð opinberra rekstrarverkefna (26. mál) 1019.
Varamaður tekur þingsæti 885.
Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir (137. mál, verðbreytingar) 912.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 950, 951, 1038.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 885.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 893, 895, 932.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 937, 939, 941.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 896.
Landbrh. Jón Helgason 919, 924, 1012, 1017, 1031, 1044.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 935.
Samgrh. Matthías Bjarnason 896, 943, 945.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 952, 958.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 947, 1056.
Árni Gunnarsson 886, 892, 895, 909, 953, 967.
Árni Johnsen 1035.
Bessí Jóhannsdóttir 988, 993.
Friðjón Þórðarson 1007, 1042.
Friðrik Sophusson 990, 992, 1019, 1023, 1028.
Guðmundur J. Guðmundsson 1009, 1013.
Guðni Ágústsson 898, 977, 983.
Gunnar G. Schram 923.
Halldór Blöndal 922, 925, 1036.
Haraldur Ólafsson 939, 941, 996.
Helgi Seljan 891, 898, 907, 991, 1011, 1026, 1062, 1065, 1068.
Hjörleifur Guttormsson 949, 955, 984, 1022, 1024, 1035, 1051, 1058.
Jóhanna Sigurðardóttir 1045.
Jón Magnússon 969, 1000, 1059.
Kjartan Jóhannsson 934.
Kolbrún Jónsdóttir 936, 938.
Kristín Ástgeirsdóttir 946, 949, 972, 1056.
Kristín Halldórsdóttir 1039, 1063, 1064.
Kristín S. Kvaran 1003, 1015.
Magnús H. Magnússon 893, 904, 999, 1061.
Ólafur B. Óskarsson 908, 957, 1041.
Ólafur Þ. Þórðarson 954, 957, 973, 976, 977, 980, 993, 1018, 1027, 1030, 1043.
Páll Pétursson 955, 1033, 1057.
Pálmi Jónsson 1037.
Salome Þorkelsdóttir 935, 936, 1015.
Siggeir Björnsson 1040.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 885, 890, 901, 959.
Skúli Alexandersson 890, 911, 956, 978, 983, 994.
Stefán Guðmundsson 953.
Stefán Valgeirsson 946, 1042.
Steingrímur J. Sigfússon 954, 1034.
Svavar Gestsson 913, 921, 924, 932, 935, 962, 971, 975, 976.
Valdimar Indriðason 982.
Vigfús B. Jónsson 1043.
Þórður Skúlason 902, 942, 944, 946, 951, 958, 1038.
Þórdís Bergsdóttir 1060, 1066.

EFRI DEILD

14. fundur, mánudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 20. nóv. 1986:

„Þar sem ég að læknisráði get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Reyðarfirði, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Helgi Seljan,
2. þm. Austurl."

Sveinn Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Forseti tók bæði dagskrármálin út af dagskrá.

NEÐRI DEILD

14. fundur, mánudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 168.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram á þskj. 168, 158. máli.

Eins og fram kemur í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir 300 millj. kr. lækkun tekjuskatts á næsta ári. Frv. þessu er ætlað að tryggja að það mark náist sem þar er sett. Áform þessi eru í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að lækka tekjuskatt og afnema í áföngum af almennum launatekjum. Enn fremur er tilgangur frv. sá að aðlaga álagningu tekjuskatts að þeim breyttu aðstæðum í verðlagsmálum sem orðið hafa í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Eins og kunnugt er var fyrsta skrefið í átt til framangreindrar tekjuskattslækkunar stigið við álagningu tekjuskatts árið 1985. Þá var tekjuskattur lækkaður um 600 millj. kr., sbr. lög 121/1984 sem kváðu á um útfærslu þeirrar lækkunar. Með lögum þessum lækkuðu skattar allra gjaldenda, en þeirra sem lægstar tekjur höfðu þó hlutfallslega mest.

Auk þessa var lögfest heimild til millifærslu á allt að helmingi ónýtts hluta neðsta skattþreps hins tekjulægra hjóna til hins makans. Nýmæli þetta hefur mælst vel fyrir, enda hefur reglan dregið nokkuð úr þeim ójöfnuði sem ríkt hefur um skattlagningu hjóna með hliðstæðar tekjur eftir því hvernig tekjuöfluninni er skipt á milli hjónanna.

Við gerð fjárlaga fyrir þetta ár var hins vegar ekki talið vera svigrúm til frekari lækkunar tekjuskatts í það sinn, enda var ekki talið ráðlegt á þeim tíma að gera aðrar skattalagabreytingar sem nauðsynlegar voru taldar ef stíga hefði átt annað skref til lækkunar tekjuskatts. Það voru sem kunnugt er fyrst og fremst verðlagsáhrif vegna breytinga á óbeinum sköttum sem menn vildu forðast í byrjun þessa árs þegar kjarasamningar voru að hefjast. Því var við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár ákveðið að fresta 2. áfanga lækkunarinnar.

Í samræmi við þetta var skattvísitala ákveðin 136 stig. Til grundvallar ákvörðun skattvísitölunnar lá áætlun Þjóðhagsstofnunar um tekjubreytingar á milli ára.

Í byrjun þessa árs féllst ríkisstjórnin á tilmæli aðila vinnumarkaðarins um að lækka m.a. tekjuskatt um 150 millj. kr. í því skyni að liðka fyrir að skynsamlegir kjarasamningar næðust. Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., var lækkun þessi gerð með þeim hætti að öll skatthlutföllin þrjú í tekjuskatti voru lækkuð um hálft stig. Þá var fyrirframgreiðsluskyldan lækkuð til samræmis við þessa breytingu.

Þegar álagning opinberra gjalda lá fyrir á liðnu sumri kom hins vegar í ljós að tekjuskattur var um 600 millj. kr. hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Miklu moldviðri var þyrlað upp af þessum sökum af hálfu stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst og þess m.a. krafist að endurgreiða bæri umræddar 600 millj. kr. sem áætlaðar voru samkvæmt álagningu sem tekjuauki ríkissjóðs.

Þegar meginástæður fyrir þessari hækkun eru hafðar í huga koma þessar endurgreiðslukröfur hins vegar ákaflega undarlega fyrir sjónir. Eins og fram kom í umræðum um þessi mál kenndu stjórnarandstæðingar því um að ríkisstjórninni hefði láðst að breyta skattvísitölunni í samræmi við endurskoðaðar áætlanir Þjóðhagsstofnunar um tekjuhækkun milli ára þegar þær lágu fyrir í lok apríl s.l. Þá kom í ljós að tekjuhækkunin milli áranna 1984 og 1985 var ekki 36% eins og áður var talið heldur höfðu laun hækkað um 42–43%. Misvísun af þessu tagi er að vísu ekki ný af nálinni í skattaframkvæmd hér á landi. Aldrei hefur þó verið talin ástæða til að breyta skattvísitölu á miðju greiðsluári.

Rétt er einnig að hafa í huga að á þeim tíma voru komnar fram vísbendingar um meiri launahækkanir á þessu ári en ráðgerðar voru, en slíkar breytingar voru augljóslega til þess fallnar að færa skattbyrði á ný nær upphaflegu markmiði sem sett var með fjárlögum þessa árs. Í þessu sambandi verða menn að hafa í huga að þegar skattvísitalan 136 var ákveðin lá fyrir að almennar kauptaxtabreytingar sýndu að tekjubreytingin á milli áranna 1984 og 1985

var talin verða um 36%. Hækkun tekna umfram þetta getur átt sér nokkrar skýringar. Má í því sambandi nefna aukið vinnuframlag og launaskrið umfram umsamdar kauptaxtabreytingar.

Enn fremur liggur fyrir að ríkisskattstjóri hækkaði viðmiðunartekjur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri um 50% á meðan tekjur launþega hækkuðu almennt um 42–43%. Þessi ráðstöfun ein jók tekjur ríkissjóðs um um það bil 85 millj. kr.

Þá var mun lengra gengið í því að áætla tekjur þeirra sem ekki skiluðu framtali. Nam aukning þessi um 75% og skýrir um 220 millj. kr. af umræddum tekjuauka. Eðli máls samkvæmt er hér um mjög óvissa álagningu að ræða sem, ef að líkum lætur, lækkar mjög mikið og tekjuaukinn mun þá ekki verða 600 millj. eins og álagningin þó gaf til kynna að gæti orðið. Síðast en ekki síst má ætla að hert skatteftirlit og aukin umræða um skattsvik eigi nokkurn hlut að máli í betri skattskilum.

Mestur hluti umræddra 600 millj. kr. er því tilkominn vegna aukinna áætlana og hækkunar á viðmiðunartekjum einstaklinga með sjálfstæðan rekstur, betri skattskilum og nokkurrar aukningar hjá þeim sem nutu launahækkana umfram það sem almennt gerðist hjá þeim sem fylgja kauptöxtum. Ég hef kosið að vekja athygli á þessum atriðum til þess að leggja á það áherslu að ríkisstjórnin hefur í engu hvikað frá þeim markmiðum sem hún hefur haft um lækkun skattbyrði þeirra sem lágar tekjur hafa.

Þegar álagningin frá í sumar er skoðuð nánar kemur í ljós að 13% gjaldenda greiða 67% af öllum tekjuskattinum. Jafnframt liggur fyrir að 56% gjaldenda lenda aðeins í neðsta skattþrepi og greiða 0,5% af tekjuskattinum. Af þessu má ráða að tekjuskattur hefur verið lækkaður svo að um munar hjá þeim sem hafa tekjur undir meðallagi. Með þessa staðreynd m.a. í huga er í frv. því sem hér er til umræðu lögð áhersla á að fyrirhuguð tekjuskattslækkun komi öllum gjaldendum til góða og þá ekki síður þeim sem verulegan tekjuskatt greiða en hinum sem lítinn eða engan skatt greiða og fá jafnvel útborgun úr ríkissjóði. Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við útfærslu skattalækkunarinnar eru, eins og rakið er í grg. frv., þessar:

Reiknað er með að tekjubreytingin á milli áranna 1985 og 1986 verði 31% og er þá byggt á áætlun Þjóðhagsstofnunar um þessa þróun. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að tekjubreytingin milli áranna 1986 og 1987 verði 15%. Er þá miðað við hækkun launa frá meðaltali ársins 1986 til ársloka að viðbættri hækkun launa á árinu 1987 til jafns við verðlagsbreytingar á því ári eins og þær koma fram í þjóðhagsáætlun, þ.e. 2–3% frá ársbyrjun til ársmeðaltals. Í ljósi þessara áætlana um tekjuþróun milli ára er í frv. þessu gerð tillaga um eftirtaldar meginbreytingar á álagningarkerfinu:

1. Allir frádráttarliðir laganna eru hækkaðir í samræmi við hækkun á álagningarstofninum eða um 31%.

2. Skatthlutföll í skattstiga eru lækkuð sem hér segir: 19,5% í 1. þrepi verði nú 18%. 30,5% í 2. þrepi verði 28,5% og 43,5% í efsta þrepi verði 38,5%. Jafnframt eru skattþrepin hækkuð um rúm 47% í stað 31%. 1. þrepið verður samkvæmt þessu 400 þús. kr. í stað þess að vera 356 320 kr. og 2. þrepið verður 800 þús. kr. í stað þess að vera 712 640 kr. Þá er sem fyrr lagt til að heimiluð millifærsla 1. þreps milli hjóna verði að hámarki helmingur 1. þreps, þ.e. 200 þús. kr. Annars yrði millifærsluheimild þessi að hámarki 178 160 kr.

3. Persónuafsláttur, barnabætur og barnabótaauki eru hækkuð um 20% en ekki um 15% eins og gert hefði verið ef stefnt væri að óbreyttri skattbyrði tekjuskatts á næsta ári. Frv. felur í sér að lagaákvæði um barnabótaauka verði gerð ótímabundin með ákvæðum þar að lútandi í lögum um tekju- og eignarskatt.

4. Skattfrelsismörk eignarskatts eru hækkuð um 23% eða um sama hlutfall og áætlað er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækki frá 1. des. 1985 til 1. des. 1986. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var við skattalagabreytingar í fyrra, þ.e. að láta fasteignamatshækkun á milli ára vera leiðbeinandi um hækkun skattfrelsismarka eignarskatts í stað tekjubreytinga á milli ára. Nái frv. fram að ganga lækkar tekjuskattur um rúmar 330 millj. kr. eða um rúm 8,5% frá því sem hann ella yrði að óbreyttri skattbyrði.

Í því skattkerfi sem við búum við og við þann óstöðugleika í þróun verðlags og kauplags sem við höfum átt að venjast er skattbyrðin hverju sinni háð breytingum margra þátta með mismunandi hætti. Notkun einfaldrar skattvísitölu leiðir til minnkandi skattbyrði í vaxandi verðbólgu, en eykur skattbyrði þegar verðbólga fer lækkandi eins og nú er vonast til og stefnt er að. Því er ekki lagt til að skattvísitala verði notuð að þessu sinni. Aðstæður sem þessar kalla á mismunandi breytingar ýmissa þátta í álagningarkerfinu í þeim tilgangi að náð verði settu marki.

Með frv. þessu er valin sú leið að lækka öll skatthlutföll auk þess sem skattþrepin eru lengd og persónuafsláttur og barnabætur auknar umfram það sem verðbreytingar hefðu gefið tilefni til ef stefnt hefði verið að óbreyttri skattbyrði. Ekki er auðhlaupið að gera grein fyrir áhrifum hvers og eins þáttar, enda er heildarniðurstaðan háð þeim flestum og samspili þeirra.

Athugun á heildaráhrifum breytinga samkvæmt þessu frv. sýna að þótt áhrif á skattbyrði til lækkunar séu tiltölulega jöfn fara þau dvínandi eftir því sem ofar dregur í tekjuskattsstigann. Enn fremur eru áhrifin, þ.e. lækkun skattbyrði, meiri hjá barnmörgum fjölskyldum en hinum barnfærri eða barnlausu.

Frv. felur í sér að skattgreiðslur til ríkisins á næsta ári hefjast að meðaltali við þau mörk á tekjum á þessu ári sem hér greinir: Barnlaus hjón um 720 þús. kr. Hjón með eitt barn um 840 þús. kr. Hjón með tvö börn um 960 þús. kr. Hjón með þrjú börn eða

fleiri um 1 millj. 80 þús. kr. Einhleypingar um 400 þús. kr. Einstæðir foreldrar með eitt barn um 590 þús. kr. Og einstæðir foreldrar með tvö börn eða fleiri um 740 þús. kr.

Ég legg á það áherslu og endurtek að hér er um meðaltalstölur að ræða byggðar á framtölum þessa árs. Frávik geta því að sjálfsögðu verið veruleg vegna mismunandi tekjuskiptingar milli hjóna og mismunandi frádráttar framteljenda.

Hæsti jaðarskattur í núverandi kerfi er 41,5% og er þá útsvar ekki meðtalið. Þessi jaðarskattur náðist við 604 þús. kr. tekjur á árinu 1985 sé reiknað með að framteljandi hafi notað 10% frádráttarregluna. Þetta tekjumark svarar til 792 þús. kr. tekna 1986.

Samkvæmt frv. verður hæsti jaðarskattur hins vegar miðað við tekjuár 36,65% í stað 41,5% ef frádráttur er 10% og næst hann við um 889 þús. kr. tekjur á árinu 1986. Af framansögðu má vera ljóst að verði frv. þetta að lögum nálgumst við óðum það markmið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum sem menn hafa kosið að kalla svo.

Auk þessa frv. verður lagt fram stjfrv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, um að fjárhæðir og afsláttur til útsvars hækki um 31% frá síðustu álagningu. Þetta er nauðsynlegt þar eð bein vísun til hækkunar skattvísitölu fyrir árið 1987 hverfur með samþykkt þessa frv. Enn fremur er af sömu ástæðum nauðsynlegt að breyta lögum um málefni aldraðra, lögum um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu og lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þá er gert ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd um eitt ár með þeirri breytingu að skattfrelsismörk laganna hækki um 31%. Frv. þessi verða lögð fram á næstunni.

Allmiklar umræður hafa orðið að undanförnu um grundvallarbreytingar á tekjuskattskerfinu. Hugmyndir um fækkun frádráttarliða og einföldun skattþrepa hafa verið að ryðja sér til rúms. Jafnframt hafa kröfur um staðgreiðslu farið vaxandi. Ég hef fyrir mitt leyti talið óhjákvæmilegt að huga að þessum nýju viðhorfum. Fyrir því var fyrir skömmu settur á fót starfshópur innan fjmrn. til að fjalla um þessi efni og gera tillögur. Í erindisbréfi starfshópsins segir þetta, með leyfi forseta:

„Hópurinn kanni mögulega valkosti og semji rökstuddar tillögur um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og kanni í því sambandi m.a. eftirfarandi:

1. Einföldun skattkerfisins, m.a. með afnámi sérstakra frádráttarheimilda manna og lækkun skattþrepa.

2. Skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignartekjur og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts. Einnig skattlagningu á tekjur í formi hlunninda.

3. Skattlagningu á fyrirtæki, m.a. með tilliti til afskriftarreglna og þess hvort lækka megi álagningarprósentu en fella niður í staðinn fjárfestingar- og varasjóðstillag.

4. Staðgreiðslu skatta og hvernig hún tengist öðrum breytingum á lögunum."

Nú hefur Alþýðusamband Íslands ályktað um nauðsyn grundvallarbreytingar á tekjuskattskerfinu. Hugmyndir þess virðast vera af svipuðum toga og hér hefur verið rætt um. Af því tilefni er rétt að taka fram að starfshópur fjmrn. er að sjálfsögðu reiðubúinn til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins og samtök launþega sérstaklega um þessi mikilsverðu efni.

Það frv. sem hér er til umræðu lýtur að breytingum á gildandi kerfi til að koma fram nauðsynlegum lagfæringum og lækkun á tekjuskattinum. Á hinn bóginn er ljóst að jafnharðan þarf að vinna að grundvallarbreytingum á þessu tekjuöflunarkerfi ríkisins og sú vinna er nú í góðum gangi og fagnaðarefni að fá launþegasamtökin til samráðs og væntanlega samstarfs þar um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð í upphafi þessarar umræðu, en legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir felur í sér vissar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Ekki eru þær breytingar róttækar heldur tilraun og tillaga um að skila aftur örlitlum hluta af þeirri auknu skattabyrði sem ríkisstjórnin ákvað á s.l. ári.

Ég ætla mér í þessari ræðu minni, herra forseti, að fara yfir nokkur atriði. Í fyrsta lagi um skattbyrði einstaklinga og hvernig hún hefur þróast. Í öðru lagi það sem hefur gerst í skattamálum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Og í þriðja lagi það sem þarf að gerast í skattamálum að mati okkar Alþýðubandalagsmanna.

Ég vík þá fyrst að skattbyrði einstaklinga og hvernig hún hefur þróast. Ég geri ráð fyrir að ríkisstjórnin hafi fengið í hendur eða fjmrh. yfirlit frá Þjóðhagsstofnun, dags. 21. nóv. 1986, sem ber yfirskriftina „Minnisblað um heildarskattbyrði ríkissjóðs 1982–1987." Hæstv. fjmrh. nefndi þetta minnisblað ekki í sinni ræðu og þess vegna óhjákvæmilegt að bæta nokkuð úr með því að fara yfir það.

Samkvæmt þessu minnisblaði liggur fyrir að heildarskattbyrði einstaklinga á vegum ríkis og sveitarfélaga var 12,2% af tekjum á árinu 1983. Þetta hlutfall hækkaði nokkuð á árinu 1984, fyrsta heila árinu sem Sjálfstfl. fór með fjmrn. Hlutfallið lækkaði á árinu 1985, en snarhækkar aftur á árinu 1986. Á árinu 1986 lítur dæmið þannig út, miðað við árið 1985, að skattbyrði einstaklinga til ríkisins hækkar úr 3,9% af tekjum upp í 4,9% af tekjum eða um 25,6% milli áranna 1985–1986. Ef sveitarfélögin eru tekin með á árinu 1986 þyngist heildarbyrði einstaklinga af tekjum ársins til ríkis og sveitarfélaga úr 10,4% í 11,8% eða um 13,5% sem er þynging skattbyrði milli áranna 1985 og 1986 þegar lögð er saman

sú skattbyrði sem um er að ræða annars vegar á vegum ríkis og hins vegar á vegum sveitarfélaga.

Nú er það boðað og lýst yfir af ríkisstjórninni að það sé verið að lækka skatta. Hvað er til í þessu? Milli áranna 1985 og 1986 þyngdist skattbyrði einstaklinga úr 3,9% í 4,9% af tekjum til ríkisins eða á verðlagi þessa frv., sem við erum að ræða, um 1000 millj. kr., þyngdist um 1 milljarð kr. Núna ætlar ríkisstjórnin að skila aftur af þessari auknu skattbyrði heilum 300 millj. kr. Eftir stendur að meðaltalsskattbyrðin á árinu 1987 til ríkisins verður 4,6% af tekjum einstaklinga á næsta ári eða 0,7% hærri en á árinu 1985 sem nemur um 700 millj. kr. Þetta er nú öll rausnin, þetta er nú allt afrekið við að lækka skattbyrði einstaklinganna í landinu sem mun hafa verið stefnumál Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, a.m.k. 2. þm. Reykn. og jafnvel fleiri. Niðurstaðan er sú að skattbyrðin milli áranna 1985 og 1986 þyngist og milli áranna 1985 og 1987 þyngist hún líka.

Í tengslum við síðustu kjarasamninga var tekin um það ákvörðun að lækka nokkuð skatta á þessu ári um 150 millj. kr. Sú skattalækkun, sem þá var ákveðin með lögum samhljóða samþykktum hér á hv. Alþingi, er öll tekin aftur.

Ég held í sjálfu sér, herra forseti, að þetta sé alveg nóg til að sýna að í rauninni er hér ekki um að ræða að það sé verið að létta skattabyrði í landinu frá því sem var á árinu 1985. Hér er um að ræða að það er verið að skila aftur þriðjungnum af þeirri hækkun sem varð á skattabyrðinni hlutfallslega milli áranna 1985 og 1986.

Frv. tekur því ekki á neinum vanda. Þetta er frv. til l. um óbreytt kerfi í þessum efnum, lagar í rauninni ekki neitt, og er yfirlýsing um uppgjöf ríkisstjórnarinnar við róttækar kerfisbreytingar í skattamálum. Sjálfstfl. gekk fram fyrir síðustu kosningar undir þeim kjörorðum að hann ætlaði sér að breyta skattakerfinu í grundvallaratriðum. Sjálfstfl. hefur svikið það fyrirheit eins og ýmis önnur og það er alveg ljóst að breytingarnar verða í rauninni hverfandi úr því sem komið er vegna þess að samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar verður að kjósa á næsta ári hvort sem Sjálfstfl. er það ljúft eða leitt.

Hvað hefur verið að gerast í skattamálum á þeim árum frá því að Sjálfstfl. tók við ríkisfjármálunum? Ég ætla að nefna hér nokkur dæmi, herra forseti.

1. Sjálfstfl. felldi niður skatt á ferðamannagjaldeyri sem var 75 millj. kr. á árinu 1983, væri miðað við aðra þróun tekna ríkisins yfir 200 millj. á þessu ári. Hér er um að ræða lækkun á tekjum ríkisins um samtals milli 800 og 900 millj. kr. á kjörtímabilinu. Þetta var það brýnasta sem Sjálfstfl. og Framsfl. fundu í skattamálum því þetta var ákveðið á fyrstu dögum ríkisstjórnarinnar, að fella niður skatt af ferðamannagjaldeyri sem hafði það svo aftur í för með sér að niðurskurður á ýmsum sjóðum eins og Framkvæmdasjóði fatlaðra hefur verið hrikalegur á þessum tíma.

Í öðru lagi hefur það gerst að skattprósenta af verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur lækkað úr 1,4% í 1,1%.

Í þriðja lagi var eignarskattsprósentu breytt í mars 1984 en hún var svo aftur hækkuð með sérstökum lögum um eignarskattsauka á síðasta ári til þess að afla tekna til Þjóðarbókhlöðu sem eru svo með þeim hætti á næsta ári að þær fara ekki nema að hluta til í Þjóðarbókhlöðuna og verða að hluta til geymdar á milli ára.

Í fjórða lagi lækkaði ríkisstjórnin tekjuskatt fyrirtækja úr 65% í 51% en tekjuskatturinn var áður alltaf miðaður við hæsta jaðarskatt einstaklinga.

Í fimmta lagi ákvað ríkisstjórnin að draga frá tekjum vegna fjárfestingar eða til þess að kaupa hlutabréf.

Í sjötta lagi var dregið úr skattskyldu innlánsstofnana sem lækkaði skattgreiðslur banka til ríkissjóðs um u.þ.b. 500 millj. kr., á verðlagi ársins 1986, fyrir árin 1984–1986.

Í sjöunda lagi ákvað ríkisstjórnin að lækka tekjuskatt 31. des. 1984 um 600 millj. kr. en á móti kom hækkun áfengis og tóbaks umfram verðlagsforsendur og ½% söluskattur sem gaf samtals um 600 millj. kr. þannig að þarna var ekki um að ræða raunverulega skattalækkun.

Í áttunda lagi hefur svo ríkisstjórnin stöðugt hækkað söluskattinn. Fyrst úr 23,5% frá árinu 1980 í 24% í ársbyrjun 1985 og síðan aftur í 25% í tengslum við tekjuöflun til húsnæðismála, en sú upphæð sem þar átti að ná, 700–800 millj. kr., fer nú öll í ríkissjóð.

Hér er um að ræða afrekin. Það er listi yfir afrek Sjálfstfl. í skattamálum á þessu kjörtímabili og það er ástæða til þess að óska Sjálfstfl. til hamingju með þennan glæsilega árangur foringja sinna í skattamálum.

Í rauninni hefur það verið svo á þessu kjörtímabili að einu áhugamál Sjálfstfl. í sambandi við skattamál hafa verið þau að minnka skattbyrði á fyrirtæki og opna fyrir skattafrádrætti vegna fjarfestingar og hlutabréfakaupa. Þá hefur hann fellt niður og dregið úr skattskyldu innlánsstofnana og banka í þjóðfélaginu og hann hefur fellt niður skatt, eins og skatt á ferðamannagjaldeyri, rétt eins og það væri forgangsverkefni í skattamálum. Þetta er það sem hefur verið að gerast. En hvað er það sem þarf að gerast í skattamálum? Ég held að höfuðverkefnið í íslenskum skattamálum núna eigi að vera að grisja verulega frádráttafrumskóg fyrirtækja og einstaklinga og hækka að verulegu marki almenn skattfrelsismörk.

Ég ætla aðeins að víkja að frádráttarheimildum fyrirtækja. Fyrirtæki hafa í dag heimild til þess að færa niður 5% útistandandi viðskiptaskulda til frádráttar frá tekjum um áramót. Þau hafa í dag heimild til að færa niður matsverð vörubirgða um áramót um 10%. Þau hafa í dag heimild til að draga frá 10% af tekjum vegna arðgreiðslna til hluthafa. Þau hafa í dag rýmri heimildir til fyrningar heldur en

áður var — það er eitt af afrekum núverandi ríkisstjórnar að fyrningartíma véla og tækja var breytt verulega fyrirtækjunum í hag. Fyrirtækin hafa heimild til að draga frá allt að 40% í fjárfestingarsjóð og þau hafa áfram heimild til þess að draga frá allt að 20% í varasjóð.

Fyrsta verkefnið sem ætti að ganga í í sambandi við tekju- og eignarskattslögin væri að draga úr þessum frádráttum og afnema suma þeirra algerlega. Að því er varðar tekjuskatt einstaklinga er einnig um það að ræða að þeir eru í sumum tilvikum með frádráttarheimildir sem eru notaðar til þess að stuðla að launamismunun í fyrirtækjunum. Hér á ég sérstaklega við ökutækjastyrkina sem eru orðnir mjög útbreiddir og þýða í tekjutap fyrir ríkissjóð mjög stórar upphæðir á ári nú orðið. Ég hef ekki við hendina þessar tölur en hér er um að ræða mjög stórar tölur sem sjálfsagt teljast í tugum milljóna króna í beint tekjutap fyrir ríkið. Fyrsta verkefnið á að vera að ráðast á þennan frumskóg, frádráttafrumskóg fyrirtækjanna fyrst og fremst, og í beinu framhaldi af því að frádráttafrumskógur einstaklinganna verði athugaður og grisjaður eitthvað líka, á að taka ákvörðun um að hækka tekjuskattfrelsismörk einstaklinganna og láta fyrirtækin, sem bera mjög lága skatta hér á landi, láta þau bera það tap sem ríkissjóður verður fyrir vegna hækkaðra tekjuskattfrelsismarka einstaklinga.

En fleira, herra forseti, verður að koma til í þessu efni. Ég held að einn stærsti vandi skattakerfisins hér á landi sé sá að það verkar flókið, óskiljanlegt og óskýrt fyrir einstaklinga. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að kanna mjög rækilega, og ég mun flytja um það sjálfstæða tillögu við meðferð þessa máls, að einstaklingar geti heimilað skattyfirvöldum og skattstofum að ganga frá framtölum sínum að talsverðu leyti ef menn kjósa að hafa það svo. Skattstofur eiga aðgang að upplýsingum frá opinberum stofnunum, geta átt aðgang að upplýsingum frá bönkum og sparisjóðum og slíkum aðilum. Í Danmörku hefur þetta kerfi verið tekið upp frá og með næstu áramótum sem þýðir það að framtölum einstaklinga, hinum flóknu, smásmugulegum framtölum einstaklinga mun fækka um a.m.k. helming vegna þess að ríkið hefur hvort eð er aðgang að þessum upplýsingum annars staðar frá ef framteljendur kjósa að hafa það svo. Ég held að þetta sé í rauninni gífurlega stórt atriði til þess að gera skattakerfið aðgengilegra fyrir einstaklingana í landinu en það er nú.

Annað atriði sem ég vil hér nefna, og hef í hyggju að flytja um sérstaka tillögu, er um upplýsingaskyldu banka, sparisjóða, verðbréfamiðlara, fasteignasala og annarra skyldra aðila til skattyfirvalda, og að þessir aðilar, ótilkvaddir, sendi skattstjórum eða umboðsmönnum þeirra skýrslur um greiðslur fyrir fjármuni hvort sem um er að ræða vaxtatekjur eða vaxtagjöld, verðbætur á skuldir og innstæður, dráttarvexti, innheimtukostnað, afföll eða annars konar greiðslur fyrir fjármuni sem þessir aðilar lána eða taka á móti eða þá þjónustugjöld þessara stofnana.

Þessi upplýsingaskylda banka og annarra innlánsstofnana væri um leið forsenda fyrir því að unnt væri að skattleggja fjármagnstekjur í landinu. Þar höfum við Alþýðubandalagsmenn rætt um að miða við að fjármagnstekjur umfram tiltekin raunvaxtamörk verði skattskyldar og skattlagðar. Við teljum óeðlilegt, meðan svo er háttað að launamenn verða að tíunda hverja einustu krónu sem þeir fá í kaup, að fjármagnið geti skilað tekjum án þess að það þurfi að borga af þeim skatt. Forsenda þess aftur að leggja skatt á fjármagnstekjur er sú að kveðið verði á um framtalsskyldu þessara stofnana, innlánsstofnana, gagnvart skattyfirvöldum, þannig að þau viti hvað einstaklingar fá eða greiða eftir atvikum í fjármagnstekjur.

Í ályktun miðstjórnarfundar Alþb., sem var haldinn fyrir nokkru, má segja að fram hafi komið í skattamálum sex áhersluatriði:

Frádráttarheimildum fyrirtækja og einstaklinga í rekstri verði fækkað.

Skattfrelsismörk einstaklinga verði hækkuð mjög verulega.

Komið verði á stighækkandi stóreignarskatti.

Tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta.

Skatteftirlit verði hert, viðurlög við skattsvikum verði látin bíta í raun og settur upp skattadómstóll.

Og í síðasta lagi að einstaklingar með rekstur, sem verða uppvísir að skattsvikum, missi rekstrarleyfi.

Hér hef ég, herra forseti, farið yfir nokkur almenn atriði varðandi breytingar á skattakerfinu sem ég tel óhjákvæmilegt að halda til haga um leið og þetta mál er til umræðu hér.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu að sinni, herra forseti, en bendi á eitt atriði að lokum. Alþýðusamband Íslands hefur gert samþykktir í skattamálum sem voru til meðferðar á fundum verkalýðssamtakanna núna um helgina. Þar eru uppi tillögur um verulega einföldun á skattakerfinu, m.a. um það að sameina útsvar, tekjuskatt og fleiri opinber gjöld í einn álagningarþátt. Ég held að það væri miklu skynsamlega fyrir hv. Alþingi nú að fá þessar tillögur inn á borð þingnefnda og þingsins til þess að fara yfir þær og meta þær, fremur en að vera að eyða tíma næstu daga í að ganga frá þessu frv. eins og það er vegna þess að þó að það skili aftur broti af því sem ríkisstjórnin oftók í sköttum á s.l. ári, þá felst ekki í þessu frv. sú róttæka kerfisbreyting sem þarf að eiga sér stað í skattamálum hér á landi og á að hafa það að markmiði að stuðla að jöfnuði, að stuðla að réttlæti og því að skattakerfið sé einfalt, hagkvæmt og ódýrt fyrir þjóðina og sé traust undirstaða undir samneyslu og félagslega þjónustu.

Ég mun því fyrir mitt leyti í þeirri nefnd sem fjallar um málið, fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, óska eftir því að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sem hafa fjallað um skattamál undanfarna daga, verði kallaðir á fund nefndarinnar og beðnir

að gera grein fyrir tillögum sínum, og það verði athugað hvort unnt er í nefndinni og hér í þinginu yfirleitt að ná víðtækri samstöðu um róttækari breytingar, raunverulegar breytingar á skattakerfinu í staðinn fyrir það frv. sem hér liggur fyrir sem nær allt, allt of skammt.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að byrja á að rifja upp að Alþingi Íslendinga markaði þá stefnu með samþykkt þáltill. að tekjuskattur á almenn laun skyldi afnuminn í þremur áföngum. Þessi samþykkt var þannig til komin að þingflokkar Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu flutt um það tillögur, við höfðum flutt um það tillögur allt frá árinu 1973. Sá áfangi náðist að tillögurnar fengu þá umfjöllun í nefnd að um það náðist samkomulag. Þar með hafði Alþingi mótað sína stefnu. Þetta átti að gerast, eins og ég sagði, í þremur áföngum og fyrsti áfanginn átti að koma til framkvæmda á árinu 1985, í fjármálaráðherratíð hæstv. þáv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar. Það er fyrsti og eini áfanginn sem við var staðið af þessari stefnuályktun Alþingis þó að vel megi segja að það hafi verið gagnrýnisvert að á sama tíma og þessi fyrsti áfangi var framkvæmdur, þ.e. niðurfelling 600 millj. kr. í tekjuskatti, hafi um leið ríkissjóði verið bættur skaðinn, ef svo má að orði komast, með hækkun söluskatts um ½ söluskattsstig og verðhækkunum á varningi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns.

Ef menn hafa skilið málflutning hæstv. fjmrh. á þá leið að hann hafi jafnvel viljað ætlast til þess að fá góða umsögn og jafnvel vottorð frá stjórnarandstæðingum um góða frammistöðu í þessu máli, þá er ég hræddur um að við því getum við ekki orðið. Skýringar hans á því sem gerðist á yfirstandandi ári voru heldur ekki viðhlítandi.

Að því er varðar annan áfangann í niðurfellingu tekjuskatts þá kom hann ekki til framkvæmda. En nú er boðað að þetta frv. sé flutt til þess að skila til baka aftur hluta af því sem oftekið var á árinu 1986. Á þessu ári gerðist það að tekjuskattur einstaklinga var áætlaður 2615 millj. og það byggt á áætlun um tekjubreytingu milli áranna 1984 og 1985 sem væri 36% og skattvísitala þannig ákveðin 136 stig miðað við 185. Að vísu gerðist það síðan í framhaldi af kjarasamningum, með frv. til laga um almennar efnahagsráðstafanir, að tekjuskattsáætlun ríkisins var lækkuð um 150 millj. sem liður í víðtækum aðgerðum öðrum. En að þessu loknu, í mars 1986 gerist það að fyrir liggur áætlun Þjóðhagsstofnunar í apríl um það að tekjubreytingar milli ára verði í reynd meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þannig lá það fyrir þá þegar að tekjuaukning ríkisins gæti orðið allt að 400 millj. kr. umfram marsáætlun. En því næst, þegar álagningartölur raunverulega liggja fyrir í júlí, kemur á daginn að tekjuskattsálagning einstaklinga reyndist hvorki meira né minna en 51,2% hærri en á árinu 1985, þ.e. langt umfram tekjubreytingar milli ára. Það sem sérstaklega vakti athygli þessu til viðbótar var að barnabætur og persónuafsláttur var aðeins hækkaður um 32,1%, sem þýðir ósköp einfaldlega að þarna fór saman að álagður tekjuskattur einstaklinga hækkaði nettó milli ára um 64,6% borið saman við 42–43% hækkun tekna, en skattbyrðin var auðvitað þeim mun þyngri á þeim sem lægstar höfðu tekjurnar vegna þess að barnabætur og persónuafsláttur hækkaði miklum mun minna. Í heild þýddi þetta ósköp einfaldlega að ríkissjóður tók til sín, umfram áætlanir, 600 millj. kr. og má þar með segja, orða það á þann veg, að fyrsti áfangi tekjuskattslækkunarinnar frá árinu 1985 hafi allur verið tekinn til baka.

Skýringar hæstv. fjmrh., nefnilega þær að þetta megi skýra með ofáætlunum bæði að því er varðar sjálfstæða atvinnurekendur og aðra, eru ekki viðhlítandi. Að verulegu leyti felst þetta auðvitað í því að auknar tekjur eru til komnar vegna aukinnar atvinnuþátttöku á vinnumarkaði og vegna lengri vinnutíma. Með öðrum orðum: Það sem gerst hefur er það að efndir núverandi hæstv. ríkisstj. á samþykktum yfirlýsingum Alþingis, um niðurfellingu tekjuskattsins í áföngum, hafa verið á þá lund að við þær hefur ekki verið staðið. Það var framkvæmt með þeim hætti strax fyrsta árið að staðið var við fyrsta áfangann en ríkissjóður tryggði sér um leið þar á móti verulega tekjuaukningu. Við annan áfanga var ekki staðið og nú er verið að reyna að klóra í bakkann, þ.e. að færa til baka hluta af því sem oftekið var, en aðeins lítinn hluta.

Á það verður líka að benda að sú skekkja sem þar með er komin inn í skattvísitöluna heldur áfram. Þegar við ræðum um það að skila til baka þessum 300 millj. er viðmiðunin sú sama, m.ö.o. við skattana á yfirstandandi ári samkvæmt eldri áætlun Þjóðhagsstofnunar. Þessi skekkjumörk vegna skattvísitölunnar halda áfram, t.d. af fullum þunga að því er varðar eignarskattinn. Það á sem sagt við um eignarskatt og sjúkratryggingargjald og það sem við getum kallað þjóðarbókhlöðuskattinnn eða eignarskattsaukann. Hér er um að ræða raunhækkun miðað við greiðslubyrði á greiðsluári.

Í athugasemdum við þetta frv. er lögð á það mikil áhersla að hér sé verið að létta skattbyrði vegna þess að skatthlutföll í skattstiga eru lækkuð í einum þremur þrepum. Þannig verði efsta þrep lækkað úr 43,5% í 38,5%. Dæmin, sem tekin eru síðan um skattbyrði, byggjast að verulegu leyti á þessu. Hér bið ég hv. alþm. að taka svolítinn vara á þessum upplýsingum um raunverulega skattbyrði. Ástæðan er einfaldlega sú að það er mikill munur á skattbyrði eftir því hvert verðbólgustigið er þegar við berum saman annars vegar álagningarár og greiðsluár. Þannig getum við tekið til samanburðar að 50% álagning í efsta þrepi á tekjuskatti til ríkisins í 60% verðbólgu þýðir í reynd 31% skattbyrði á greiðsluári, sem hlutfall af tekjum. Ef við miðum við 50% álagningu í efsta þrepi í 80% verðbólgu þá þýðir það í reynd 28% ef við miðum við tekjur á greiðsluári.

Ef við tökum þriðja dæmið um 50% álagningu í efsta þrepi í 130% verðbólgu þá þýðir það í reynd 22% miðað við tekjur á greiðsluári. Þegar við tölum um 38,5%, eins og hér er gerð tillaga um, í 10% verðbólgu, þá er niðurstaðan sú að ef viðmiðunin er greiðsluár þá er álagningin 35%, m.ö.o. 38,5% í 10% verðbólgu er raunverulega hærri álagning en jafnvel öll þau dæmi sem ég nefndi áður miðað við verðbólgu á bilinu 60–130%.

Að því er varðar mat manna á því hver hafi orðið þróun heildarskattbyrði í tíð þessarar ríkisstjórnar þá tek ég undir það sem fram kom í máli hv. fyrri ræðumanns að samkvæmt gögnum sem borist hafa frá Þjóðhagsstofnun og eru dagsett 20. eða 21. nóv., þá fer það ekkert á milli mála að ef spurt er um hlutfall ríkissjóðstekna af vergri þjóðarframleiðslu þá er niðurstaðan sú, ef við berum saman annars vegar spá fyrir árið 1986 og hins vegar áætlunartölur frv. til fjárlaga 1987, þá er um að ræða verulega hækkun á raunverulegri greiðslubyrði sem hlutfall ríkissjóðstekna af vergri þjóðarframleiðslu. Það var 25,7% samkvæmt spá 1986 en er áætlað í frv. til fjárlaga 26%. Sömu sögu er að segja að því er varðar álagningu beinna skatta þó að þessi mælikvarði um hlutfall heildartekna af vergri þjóðarframleiðslu sé kannske sá sem síst er umdeilanlegur.

Herra forseti. Út af fyrir sig gæti verið ástæða til þess að ræða hér ítarlega um skattamál vegna þess að af málflutningi hæstv. fjmrh. má ráða að hann telji að með þessu frv. hafi verið stigin einhver meiri háttar skref í átt til umbóta á skattakerfinu. Það er því miður ekki svo. Umræður um skattamál hafa aukist mjög í þjóðfélaginu en kannske ekki í sama mæli hér á hinu háa Alþingi. Ég minni á tillöguflutning okkar þm. Alþfl. sem hafa beinst að úttekt og rannsókn á skattundandrætti og skattsvikum, tillögugerð um hert viðurlög við skattundandrætti og skattsvikum sem leiddu þó til þess áfanga að hér var lögð fram á Alþingi skattsvikaskýrslan svokallaða, lögð fyrir Alþingi 18. apríl 1986. Þótt þessi skýrsla eða þessi úttekt hafi áreiðanlega verið í varfærnasta lagi þá kom hún þó umræðunni niður á þann grundvöll að menn neituðu ekki lengur staðreyndum um skattundandrátt og skattsvik eins og oft tíðkaðist hér í umræðunni fyrir nokkrum árum síðan. Hún er nú viðurkennd enda þótt hæstv. fjmrh. hafi að vísu látið þau orð falla að skattundandrátturinn sé ef nokkuð er heldur minni en hann hafi raunverulega gert ráð fyrir.

Í málflutningi Alþfl. á undanförnum árum hafa skattamál verið einn af meginstólpunum. Við höfum ósköp einfaldlega komist að þeirri niðurstöðu að núverandi skattakerfi, og það á bæði við um launamannaskattinn, tekjuskatt, og hið hripleka söluskattskerfi, hafi í heild sinni gengið sér til húðar, það sé ónýtt og það þurfi að endurskoða það alveg frá grunni. Það er út af fyrir sig ánægjuefni að við heyrum nú undir þessi sjónarmið tekið og ég læt í ljós þá ósk að þau orð, sem hæstv. fjmrh. lét falla um vilja hans til endurskoðunar á þessu kerfi, boði þá væntanlega betri efndir en verið hefur hingað til.

Skattakerfið okkar brýtur allar meginkröfur sem gera verður til skattakerfis. Þær kröfur eru að það á að vera einfalt, það á að vera auðskilið og það á líka að vera þar af leiðandi réttlátt og kostnaðarlítið í framkvæmd vegna eftirlits. Skattakerfið okkar er vissulega mjög flókið, það er vissulega mjög torskilið og það er vissulega mjög ranglátt. Megingalli kerfisins er sá að það gefur þeim sem best eru settir efnalega mikla möguleika á að komast undan skattheimtu svo sem dæmin sanna frá undanförnum árum. Hér er átt við bæði löglegar og ólöglegar aðferðir. Hver hinn raunverulegi skattundandráttur er er út af fyrir sig ekki gott að segja, en færð hafa verið fyrir því rök að hann væri jafnvel á bilinu 10–15% af vergri þjóðarframleiðslu.

Allir þeir, sem einhvern tímann hafa fengist við að telja fram til skatts fyrir aðra, vita að frádráttarliðir hjá einstaklingum eru allt of margir. Þeir eru reyndar yfir 20 talsins. Þeim er mörgum hverjum ætlað að stuðla að tekjujöfnun en þeir virka oft í reynd þveröfugt vegna þess einfaldlega að þeim tekulægri nýtast frádráttarliðirnir verr en þeim sem eru tekjuhærri. Einfalt dæmi um það eru tveir einstaklingar sem hvor um sig á rétt á 200 þús. kr. vaxtafrádrætti sem er einkennandi fyrir þetta kerfi. Sá sem hefur hærri tekjur og er í hæsta skattþrepi sparar sér 88 þús. kr. í skatt. Sá sem hefur lægri tekjurnar og er í lægsta skattþrepi sparar sér 40 þús. kr. í skatt. Með öðrum orðum hefur sá tekjuhærri verulega mun meiri hag af þessu ákvæði en hinn tekjulægri þó það hafi vafalaust ekki verið hugsað þannig. Þessir frádráttarliðir virka þannig oftast óréttlátt. Þeir koma hinum tekjuhærri að meiri notum en þeim tekjulægri. Þeir gera alla framkvæmd skattalaga erfiða og þeir gera eftirlit með undandrætti oft og tíðum óframkvæmanlegt.

Stærsti galli skattakerfisins er sá hversu margir af hinum efnaðri hluta þjóðarinnar komast hjá því með löglegum eða ólöglegum hætti að greiða sinn hlut. Þeim sem stunda einhvers konar atvinnurekstur er hyglað verulega. Þeir fá margvíslegar skattaívilnanir, auk þess sem þeir geta oft látið fyrirtæki greiða persónulegan kostnað eða þurfa ekki að telja fram allar sínar tekjur eða telja þær fram á tekjulægri meðlimi fjölskyldunnar.

Sem dæmi um skattaívilnanir í atvinnustarfsemi má nefna að í skattalögum eru heimiladir ýmsir reiknaðir frádráttarliðir sem valda því að jafnvel vel stæð fyrirtæki þurfa lítinn sem engan tekjuskatt að greiða svo sem dæmin sanna. Sem dæmi um þessa reiknuðu frádráttarliði, frádrátt frá tekjum eftir að venjulegur rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá, má nefna ákvæði um fyrningar, ákvæði um gjaldfærslu skv. 53. gr., ákvæði um að draga megi frá 5% af útistandandi viðskiptakröfum, ákvæði um að draga megi frá 10% af matsverði vörubirgða, ákvæði um að draga megi 10% frá vegna arðgreiðslna, ákvæði um framlög í fjárfestingarsjóði sem mega nema allt að 40% af hagnaði, ákvæði um

aukafyrningar skv. 44. gr. vegna tekjufærslu og/eða vegna söluhagnaðar, eða það skattahagræði sem felst í því að kaupa fyrirtæki sem eiga tap eins og það heitir á máli bókhaldssérfræðinga.

Svo flókið, torskilið og óréttlátt sem tekjuskattskerfið er þykir þó sumum að það sé hrein hátíð miðað við söluskattskerfið sem er í okkar landi orðið allra kerfa flóknast og torskildast, ekki síst vegna allra þeirra fjölmörgu undanþáguákvæða sem um það gilda. Þetta veldur því að það er mjög erfitt í framkvæmd og eftirlit með því að allt komi til skila og rétt sé fram talið er nær ógerlegt, jafnvel þótt veruleg fjölgun yrði á starfsmönnum sem við skatteftirlit vinna.

Heildarendurskoðun skattkerfisins er því mjög tímabær. Það verður að segja ójöfnuðinum stríð á hendur þegar í stað. Það ástand að efnaðasti hluti þjóðarinnar geti, á löglegan eða ólöglegan hátt, komist hjá því að greiða skatt er óþolandi. Verkefnið er fyrst og fremst að einfalda skattakerfið og gera það auðskilið. Skattaívilnanir á að afnema og hvers kyns undanþágur. Öll hugtök verða að vera vel skilgreind, allt með það í huga að gera framkvæmd og eftirlit sem auðveldast svo að skattundandráttur verði sem torveldastur.

Þá er ekki minnst um vert að kerfið mismuni ekki þegnunum, launamönnum, atvinnurekendum, atvinnustéttum eða rekstrarformum, t.d. eftir því hvort um er að ræða einkarekstur, samvinnurekstur, hlutafélög eða opinberan rekstur.

Það er ástæða, herra forseti, við þessar umræður að vekja máls á enn einu gati í þessu kerfi okkar en það lýtur að skattmeðferð vaxtatekna. Hér er ekki aðeins átt við skattfrelsi ákveðinnar tegundar sparifjár sem menn almennt telja ekki fram, að sögn endurskoðenda, heldur miklu fremur tekjur af verðbréfaviðskiptum sem færast mjög í vöxt eins og öllum er kunnugt. Það er óhætt að fullyrða að mjög lítill hluti þeirra tekna sem menn hafa af þessum viðskiptum komi fram á skattframtölum. Eina leiðin sem til er til þess að koma því til leiðar að skattur sé greiddur af þessum fjármunum er að hverfa frá vaxtafrádráttarreglum, m. ö. o. að leyfa ekki frádrátt vaxtagjalda, leysa t.d. vandamál húsbyggjenda og þeirra sem byggja í fyrsta sinn einfaldlega með mjög ríflegum vaxtafrádrætti fyrstu árin, t.d. þrjú árin, en falla frá að öðru leyti reglunni um vaxtafrádrátt sem er augljóslega ein helsta aðferðin í okkar núverandi skattakerfi til þess að auka misrétti í skattamálum. Auk þess að vera öruggasta leiðin til þess að tryggja það að ríkissjóður hafi tekjur af þessum fjármagnsviðskiptum hefur það í för með sér, augljóslega, minni eftirspurn eftir fjármagni og þar af leiðandi lægri vexti sem er ekki lítið mál þegar við lítum á hagstjórnaráhrif skattakerfis. Það verður m.ö.o. ekki lengur skattalegur ávinningur að skulda til þess að öðlast vaxtafrádrátt ef þessi aðferð væri tekin upp.

Á seinasta flokksþingi Alþfl., sem haldið var nú í byrjun októbermánaðar, var lögð fram mjög ítarleg álitsgerð um heildarendurskoðun skattakerfisins. Þær tillögur fjölluðu um breytingar á tekjuskatti einstaklinga og félaga og einnig voru þar rækilega útfærðar tillögur okkar um stigbreytilegan eignarskatt sem við að vísu hugsum ekki sem varanlegan lið í heildarskattakerfi, auk þess sem fram voru lagðar ítarlegar tillögur og álitsgerðir um framkvæmd skattalaga, bæði um meðhöndlun skattsvika og viðurlagaákvæði við skattundandrætti. Þessar tillögur eru reyndar að verulegu leyti þegar kunnar og hafa verið birtar svo að ég ætla ekki að lengja mál mitt að þessu sinni með því að lýsa þeim ítarlega. Mér nægir að segja að þarna er leitast við að taka upp skattakerfi sem fullnægir þeim kröfum sem við viljum að til þess megi gera, nefnilega í fyrsta lagi að það verði einfalt og auðskilið hverjum þeim sem er þolandi kerfisins, að það verði einfalt og ódýrt í framkvæmd og í þriðja lagi að það verði réttlátt skv. þeim kröfum að þeir hinir efnameiri í þjóðfélaginu greiði sinn hlut til sameiginlegra þarfa þjóðarbúsins.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, fara hér örfáum orðum um þær hugmyndir sem uppi hafa verið um virðisaukaskatt. Ég tel það ekki vansalaust ef hæstv. fjmrh. er að boða tillögur um endurskoðun skattakerfisins að við skulum enn á þessu stigi málsins hafa hér handa í milli tillögur um upptöku virðisaukaskatts sem eru svo meingallaðar að ég tel að það sé nokkurn veginn borin von að þær komist hér í gegnum þingið að óbreyttu. Mér finnst m.ö.o. vinnubrögðin í þessu máli ekki vera nógu góð. Það eru orðin 15 ár síðan þessum málum var fyrst hreyft. Ég man ekki hvort þetta er þriðja eða fjórða útgáfa af frumvarpsmynd um virðisaukaskatt en mér sýnist af því hvernig það er tilkomið að því fari fjarri að þeir hæstv. fjármálaráðuneytismenn hafi unnið heimavinnuna sína.

Að því er varðar óbeina skatta stöndum við frammi fyrir vali. Ef við viljum auka skattbyrðina fyrst og fremst í formi óbeinna skatta stöndum við frammi fyrir því vali hvort við viljum breyta núverandi söluskattskerfi fyrst og fremst í þá átt að gera það sæmilega nothæft í framkvæmd með því að fella niður undanþágur og þá lækka söluskattsprósentuna verulega eða hvort við viljum fara þá leið, sem farin hefur verið í mörgum grannríkjum okkar, að taka upp virðisaukaskatt en hann verður þá að fullnægja ákveðnum skilmálum.

Það er algerlega borin von að menn sætti sig við að taka upp nýtt kerfi, virðisaukaskatt, til frambúðar ef skattprósentan á að haldast uppi í 25% áfram. Það er fáránleg hugmynd og sér í lagi ef rökin og skýringarnar fyrir þessari tillögu eru þær að menn ætli að reyna að kaupa frið um þetta virðisaukaskattskerfi með því að stórauka hrikalegar niðurgreiðslur og stýra þannig neysluvenjum þjóðarinnar í þágu einhvers úrelts framsóknarkerfis sem menn eru nú að vona að verði lagt fyrir róða að loknum næstu kosningum.

Ég vil aðeins vekja athygli á örfáum staðreyndum um virðisaukaskatt, þessar tillögur eins og þær liggja

fyrir. Í fyrsta lagi þetta: Gert er ráð fyrir því að halda skattprósentunni svona gífurlega hárri, 25%, og hafa mismunandi álagningarprósentu, t.d. að því er varðar landbúnað og fiskveiðar. Jafnframt eru uppi þau áform að verja stórum hluta af þessum skatttekjum í ótilgreindar niðurgreiðslur á verði matvæla og niðurgreiðslum á fermetraverði í húsnæði. Það er hætt við því að um virðisaukaskatt sem byggir á þessu, breytilegri prósentu, mishárri, og endurgreiðslukerfi sem á að byggjast á niðurgreiðslum, verði í fyrsta lagi engin samstaða og að gallarnir á því kerfi verði slíkir að við förum úr öskunni í eldinn. Ég vek t.d. athygli á því að að því er varðar núverandi söluskattskerfi eru gjaldendur í því um 9 þús. talsins. Þar af innheimta um 1600 aðilar um 85% skattsins og þar af 300 aðilar um 60% alls af öllum skattinum en aftur á móti 7400 sem innheimta 15% af skattinum.

Það er að vísu rétt að eftirlit með þessu söluskattskerfi er því sem næst ónýtt eða því verður ekki við komið vegna þess hvernig undanþágufarganið er en til samanburðar skulum við hafa í huga að gjaldendur í virðisaukaskattskerfi eru taldir verða allt að því 22 þús. talsins.

Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla sér að koma á virðisaukaskatti með svo hárri álagningarprósentu séu menn raunverulega búnir að eyðileggja höfuðkost þessa skattkerfis, sem á að vera það að skatturinn sé nokkurn veginn hlutlaus gagnvart efnahagslegum áhrifum, ef hann er bæði svona hár og ef hann er með breytilegum álagningarprósentum.

Einn höfuðgallinn á óbreyttu söluskattskerfi er talinn vera hin svokölluðu uppsöfnunaráhrif söluskatts sem er auðvitað verulegt óhagræði fyrir þá innlenda framleiðendur sem keppa við erlendan varning, en skv. úttekt frá Félagi ísl. iðnrekenda hefur það metið þetta óhagræði, uppsöfnunaráhrifin, á þann veg að það sé á bilinu 1–3%, eitthvað mismunandi eftir greinum. Til eru auðvitað leiðir til að koma í veg fyrir þessi uppsöfnunaráhrif innan söluskattskerfis og ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að skoða það mjög vandlega áður en menn gefa það kerfi upp á bátinn ef ekki næst samkomulag um róttækar breytingar á þeim tillögum sem nú liggja fyrir um virðisaukaskatt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að svo stöddu að hafa þetta mál miklu lengra. Niðurstaðan er sú að núv. ríkisstjórn, með því frv. sem hér liggur fyrir, er nánast eins og að finna útrás fyrir slæmri samvisku sinni vegna mjög alvarlegra vanefnda á ekki aðeins loforðum Sjálfstfl. heldur yfirlýsingu Alþingis, samþykkt Alþingis, um afnám tekjuskatts í áföngum. Röksemdir hæstv. fjmrh. um það að honum hafi þótt ótilhlýðilegt þegar menn kröfðust þess að það ætti að endurgreiða þetta hitta nú aðallega fyrir menn í hans eigin flokki, þar á meðal þann sem situr hér á móti mér, hv. þm. Gunnar G. Schram, sem er einhver eindregnasti talsmaður þess að við þessi loforð verði staðið og lýsti þeirri skoðun sinni á sínum tíma svo að nokkra athygli vakti að það væri eðlileg og sjálfsögð krafa.

Mér finnst mikið á skorta að hægt sé að hæla hæstv. fjmrh. fyrir einarðlega framgöngu í því að koma með tillögur um uppstokkun á ónýtu skattakerfi en við skulum vona að í framtíðinni verði meira um efndir á því sviði. Engum er alls varnað og lengi má manninn reyna. En um hitt greinir menn sjálfsagt ekki á nú orðið, hvar í flokki sem menn standa, að það er eitt stærsta og brýnasta verkefnið að taka skattakerfið til heildarendurskoðunar. Í því efni munum við Alþýðuflokksmenn ekki láta okkar hlut eftir liggja.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. ræddi nokkuð um fortíðina hér í máli sínu áðan, m.a. um þá hagstæðu uppákomu fyrir ríkissjóð að fá litlar 600 millj. kr. á þessu ári umfram það sem reiknað hafði verið með, en sá happdrættisvinningur fékkst náttúrlega út á aukna vinnu skattgreiðenda og miklu meira launaskrið en reiknað hafði verið með.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma. Það hafa aðrir gert á undan mér og eiga eflaust eftir að gera. En þar eð hann minntist á tilfærsluna milli hjóna, sem meiri hluti Alþingis er svo hrifinn af, sé ég mig knúna til að minna á ákveðin atriði í því sambandi. Það munu líklega ekki aðrir gera.

Við skulum fyrst minnast þess að hér er aðeins verið að tala um tilfærslu milli hjóna. Það er ekki tekið tillit til annarra sambúðarforma sem geta vitanlega verið með ýmsu móti.

Þá skulum við athuga hvað liggur að baki því að tekjur hjóna eru svo misháar. Í fyrsta lagi er um að ræða kynbundið misrétti í launamálum sem er mikið og raunar hrikalegt eins og allir þekkja. Slíkt misrétti er að sjálfsögðu óþolandi en það á og verður að lagfæra í samningum aðila vinnumarkaðarins, ekki í skattalögum.

Í öðru lagi geta tekjur verið misháar vegna þess að annað foreldrið, konan í 99,9% tilfella, verður að vera heima vegna barna og til þess að tekjurnar dugi til framfærslu fjölskyldunnar eykur hitt foreldrið vinnuna og tekjurnar og fer við það hugsanlega upp í efsta skattþrep. Að mati Kvennalistans á að létta undir með barnafjölskyldum með myndarlegum barnabótum eins og ég mun koma betur að síðar en ekki með tilfærslu persónuafsláttar.

Auk þess er rétt að minna á að tekjuauki fjölskyldunnar, sem fæst með því að tveir afla teknanna, er síður en svo hreinn tekjuauki. Kostnaður vegna heimilishaldsins er umtalsvert þyngri við þær aðstæður og sparnaður að sama skapi töluverður þegar annað hjónanna er heimavinnandi. Ef við tökum ekki tillit til þessa þá erum við að gera lítið úr störfum heimavinnandi húsmæðra hvort sem þar er um karla eða konur að ræða. Ég hlýt að leggja áherslu á þetta atriði.

Í þriðja lagi kann ástæðan fyrir tekjuleysi annars hjónanna að stafa af því að annað þeirra er svo

tekjuhátt að hitt þarf ekki að vinna fyrir tekjum eða þá að vilji þeirra annars hvors eða beggja er einfaldlega sá að hafa þetta svo, þótt þau þyrftu þess ekki aðstæðnanna vegna. Það er þá þeirra mál. Skattakerfið þarf að vera eins hlutlaust og frekast er unnt að þessu leyti sem öðru.

Ég veit ekki hvort ástæða er eða grundvöllur til að taka þetta frekar upp í tengslum við þetta frv. sem er til umræðu en læt við svo búið sitja að sinni. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni minna á þessi atriði.

Við yfirlestur þessa frv. sem er vitanlega mikið mál, þ.e. bæði stórt og þýðingarmikið fyrir einstaklinga og fyrir ríkissjóð, vakna mjög margar spurningar, sem svör verða að fást við í nefndarstörfum, svo sem um peningalegt vægi einstakra liða. Við fljótlega yfirsýn gæti svo virst sem hér væri nánast um rútínufrumvarp að ræða, þ.e. lagfæringu liða í samræmi við tekjubreytingar fyrir utan náttúrlega hækkun skattþrepa umfram það. Við nánari athugun er þó ljóst að hér er um nokkra stefnubreytingu að ræða. Í stórum dráttum má segja að verið sé að færast í þá átt að fletja skattstigann að bandarískri fyrirmynd, en hins vegar er því sleppt sem þar er forsendan fyrir jöfnun skattprósentunnar, að undanþágum sé fækkað. Mér sýnist í sem allra stystu máli sem hér sé nokkuð myndarlega gert við þá sem eru yfir meðallagi í tekjum en fyrir láglaunafólk hafi þessar breytingar lítið sem ekkert gildi. Við erum hér með það í höndunum hvernig 300 millj. kr. tekjuminnkun ríkissjóðs skuli nýtast skattgreiðendum, hverjum hún skuli nýtast og hvernig.

Ég held að ljóst sé að við Kvennalistakonur hefðum dreift þessu á allt annan hátt og við munum að sjálfsögðu reyna af fremsta megni að fá fram breytingar á þessu frv. í samræmi við stefnu okkar. Ég mun skýra það aðeins síðar. Við þurfum ekki að fara í grafgötur með það hverjir eru verst staddir í þessu landi og það er reyndar að örlitlum hluta viðurkennt í þessu frv. En hér er ekki nándar nærri að gert.

Láglaunastefna þessarar ríkisstjórnar hefur leikið almennt launafólk grátt og grafið undan afkomuöryggi heimilanna og hrakið töluverðan fjölda fólks út í sífellt lengri vinnudag og sífellt meiri þrældóm. Nokkrar krónur sem snuð handa þessu fólki, sem svo illa er statt, er til vansæmdar.

Ég held menn þurfi að fara að átta sig á því hvert stefnir í þjóðfélaginu ef ekki verður snúið af þessari braut. Menn skilja það yfirleitt ákaflega vel að burðarþol húsa verður að vera í lagi en það gildir hið sama um grunneiningu þjóðfélagsins, heimilið og fjölskylduna, og við erum virkilega illa á vegi stödd í þeim efnum. Börnin okkar eiga annað og betra skilið.

Þeim sem starfa við að sinna bágstöddum einstaklingum og fjölskyldum berast sífellt fleiri og alvarlegri skilaboð um þau vandræði sem að steðja. Félagsmálastofnanir og aðrar hjálparstofnanir þurfa í æ fleiri horn að líta og sjá ekki fram úr því sem að þeim berst. Aldrað fólk og sjúklingar eiga í miklum erfiðleikum en langsamlega verst stödd eru einstæð foreldri. Þeim tilheyra um 20% allra barnafjölskyldna í landinu og eru einstæðar mæður þar í miklum meiri hluta. Flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur til framfærslu og lengri vinnutími og mikið vinnuálag leiða til fjarvista foreldra frá heimili og til aukinnar streitu þeirra. Hvort tveggja gerir þeim erfiðara að gegna foreldrahlutverkinu sem skyldi og þau vildu og allir í fjölskyldunni líða fyrir þetta, börnin mest. Einstæð foreldri bera svo tvöfalda foreldraábyrgð að auki. Við eigum ekki að líða þetta ástand, við verðum að breyta því.

Það væri alveg ástæða til að halda langa ræðu um þessi efni því að þetta er stóra málið og við getum tekið á þessu með myndarlegri hætti en gert er í þessu frv. Við getum dreift þessu fé á annan hátt og þá fyrst og fremst með aukningu barnabóta. Barnabætur eru skv. frv. hækkaðar meira en sem svarar tekjubreytingum milli ára. En ef menn líta á þá krónutölu sem felst í þessari prósentuhækkun barnabóta veit ég ekki hvort hæstv. ríkisstjórn hefur ástæðu til að berja sér á brjóst. Ef barnabætur með einu barni, þ.e. með fyrsta barni, hefðu hækkað hlutfallslega í hátt við tekjubreytingar eins og annað, hefðu þær átt að verða 11 730 kr., en verða skv. frv. 12 250 kr. Þarna munar rúmlega 500 kr. á ári og um það bil 800 kr. með hverju barni umfram eitt.

Það er stefna og markmið Kvennalistans að hækka barnabætur svo myndarlega að foreldra muni um þær. Þær eiga að vera svo háar að foreldrar geti í raun og veru valið um það hvort þeir annast börn sín sjálfir eða fela þau öðrum. Örlítið skref í þá átt væri hægt að stíga nú.

Ég hafði vonast til þess að geta lagt fram brtt. fyrir þessa umræðu svo að hv. þm. hefðu þær fyrir framan sig um leið og ég skýrði þær. Af því gat ekki orðið en þær munu birtast hér á borðum okkar fljótlega. Ég get þó lýst því í stórum dráttum í hverju þær verða fólgnar.

Við munum leggja það til að skattprósentan í efsta þrepi verði óbreytt en barnabætur hækkaðar sem því nemur. Skv. lauslegum útreikningum gætu þær við það hækkað um 11–12% umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar er hægt að hækka þær enn meira ef við lækkum efsta skattþrepið eða öllu heldur hækkum það aðeins um 31% í samræmi við meðaltekjubreytingu milli ára, og ef við gerum þetta tvennt, þ.e. látum efsta skattþrepið halda sér óbreytt og prósentuna líka fengjust við það um 130 millj. kr. og þá gætum við hækkað barnabæturnar sæmilega eða um 40–45%. Þá gætum við væntanlega hækkað töluna í 5. gr. frv., þ.e. barnabætur með einu barni, í 15 þús. kr. og með hverju barni umfram eitt í 22 þús. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra færu þá upp í um 30 þús. kr. á ári og barnabótaaukinn yrði um 30 þús.

Ég nefni þessar tölur þótt ég geti ekki tekið ábyrgð á þeim vegna þess að það er enn verið að reikna þetta út og reyna að fá þetta sem nákvæmast. Þetta gefur þó fyllilega hugmynd um okkar vilja og

ég bið hv. þm. að íhuga þetta gaumgæfilega og skoða tillögur okkar vel þegar þær birtast hér á borðum. Ég á afar erfitt með að skilja það og trúa því að menn vilji ekki heldur láta þessar skattalagabreytingar nýtast fyrst og fremst þeim sem svo sárlega þurfa þess með. Og mér þykir miður að hér eru fáir inni af þeim sem sæti eiga í hv. fjh.- og viðskn. en Kvennalistinn hefur haft áheyrnaraðild að nefndinni og mun fylgja þessu eftir þar því að það er vitanlega fyrst og fremst þar sem þessi mál þarf að ræða og skoða.

Við gætum vitanlega gert svo miklu, miklu meira til að skipta kökunni réttlátlegar eins og nefnt hefur verið af þeim sem hér hafa talað á undan mér.

Hér var áðan minnst á ferðamannagjaldeyrinn og þá ráðstöfun að fella niður skatt af honum en sá skattur hefði líklega numið a.m.k. 200 millj. kr. á næsta ári. Einnig má benda á lið 2 og 3 í 1. gr. frv. þar sem menn fá ívilnanir vegna hlutabréfaeignar og vegna fjárfestingar í atvinnurekstri en allt þetta þrennt kemur auðvitað tekjuháu fólki fyrst og fremst til góða. Þær eru reyndar ýmsar, holurnar. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram að við verðum að fara að taka þetta kerfi allt saman til gagngerðrar endurskoðunar.

En ég læt hér staðar numið. Ég vil aðeins að lokum spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað líður undirbúningi þess að tekin verði upp staðgreiðsla opinberra gjalda?

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vildi víkja nokkrum orðum að fáeinum atriðum sem fram hafa komið af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu, fyrst að því er varðar tvö atriði sem fram komu í ræðu hv. 7. landsk. þm. Þm. innti eftir því hvað liði undirbúningi að staðgreiðslukerfi skatta en ég hygg að um það sé e.t.v. víðtækari samstaða en oft áður að taka þurfi upp staðgreiðslu. Að þessu hefur verið unnið að undanförnu í fjmrn. Það er okkar mat að staðgreiðsla miðað við núverandi tekjuskattskerfi sé á ýmsa lund flókin og erfið í framkvæmd og það sé þess vegna æskilegt að gera víðtækar breytingar, grundvallarbreytingar á tekjuskattskerfinu og tengja upptöku staðgreiðslu við slíkar breytingar. Eins og fram kom í framsöguræðu minni við upphaf þessarar umræðu hefur sérstökum starfshópi verið falið að kanna og gera tillögur um slíkar grundvallarbreytingar, einföldun kerfisins með afnámi sérstakra frádráttarliða, athugun á skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignartekjur með tilliti til eignarskattsálagningar, athuga skattlagningu á fyrirtæki, afskriftareglur og frádráttarliði ýmiss konar með það hins vegar í huga á móti að lækka skatthlutfallið, og í fjórða lagi að gera tillögur um upptöku staðgreiðslu á tekjuskatti í samræmi við slíkar nýjar tillögur og grundvallarbreytingar á kerfinu. Að mínu mati er eðlilegt að miða upptöku staðgreiðslu við slíkar kerfisbreytingar.

Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að um þetta skuli vera allvíðtæk samstaða en auðvitað þarf að huga að þessum málum mjög gaumgæfilega. Frádráttarliðirnir hafa margir hverjir komið inn í gegnum tíðina í skattalögin sem sérstök fríðindi til handa ákveðnum hópum. Frádráttarliðirnir hafa þannig verið, hver um sig, réttlætismál á sinni tíð en þegar safnast saman stöndum við allt í einu uppi með kerfi sem felur í sér heildaróréttlæti og þess vegna er ekki einfalt mál að vinda ofan af þessu kerfi og búa til nýtt. Ég held hins vegar að það sé framkvæmanlegt og óhjákvæmilegt. Það má segja að sú skattkerfisbreyting, sem gerð var í Bandaríkjunum að frumkvæði Reagans Bandaríkjaforseta, hafi ýtt við mönnum á Vesturlöndum að þessu leyti og það er sérstakt fagnaðarefni að heyra það hér að þessar hugmyndir, sem Reagan Bandaríkjaforseti kom í gegnum bandaríska þingið, skuli í grundvallaratriðum njóta svo víðtæks fylgis sem raun ber vitni um og jafnvel helstu talsmenn vinstri flokkanna á Íslandi skuli taka undir kerfisbreytingar af þessu tagi.

Hv. 7. landsk. þm. minntist einnig á að Kvennalistinn hefði dreift þessari upphæð með öðrum hætti og auðvitað er unnt að gera það, en þó er rétt að leggja á það áherslu að í þeirri útfærslu sem hér er verið að fjalla um eru barnabætur hækkaðar meir en almennar verðlagsbreytingar hefðu gefið tilefni til og þó að markmiðið hafi verið að nota þessa takmörkuðu upphæð, og ég legg á það áherslu að þetta er tiltölulega lítil upphæð sem hér er til umráða við lækkun tekjuskattsins, þótti okkur rétt að haga dreifingunni á þann veg að hún kæmi flestum skattgreiðendum að einhverjum notum. Þó að augljóst sé að barnabæturnar hækka með þessum hætti meira en annað megi færa að því rök að barnafjölskyldur njóti fremur þessarar lækkunar en aðrir hópar.

Þingmaðurinn taldi að það hefði verið eðlilegra að lækka minna skatthlutfall í efsta skattþrepi. Við verðum að hafa í huga að nú er svo komið að 13% gjaldenda greiða um ⅔ af tekjuskattinum og það væri óeðlilegt að mínu mati ef þessi aðgerð til þess að lækka tekjuskatt kæmi ekki að neinu leyti fram hjá þeim hópi sem á annað borð greiðir tekjuskattinn. Það er augljóst að í því væri fólgið ranglæti ef þessi lækkun væri einvörðungu notuð í því skyni að hækka neikvæða skattinn, þ.e. það sem greitt er út af tekjuskattinum, en kæmi á engan hátt þeim til góða sem borga tekjuskattinn. Þess vegna er það mitt mat að hér hafi verið stigið skref með eðlilegri dreifingu á því takmarkaða fjármagni sem til umráða er og það er augljóst að hér er ekki verið að stíga stórt skref í lækkun tekjuskattsins. Svigrúm til þess er því miður ekki fyrir hendi og það takmarkaðist eðlilega eftir að ríkisstjórnin gekk til samninga við aðila vinnumarkaðarins í byrjun þessa árs, en á þeim tímapunkti lögðu aðilar vinnumarkaðarins meiri áherslu á að lækka óbeina skatta en beina skatta í því skyni að ná niður verðlagi í landinu og þótti rétt að gera þá samninga á þeim tíma.

Ég tel hins vegar að það þurfi að gera á skattkerfinu grundvallarbreytingar eins og ég hef lýst og unnið er að og ég hef greint frá að fjmrn. er fyrir sitt leyti reiðubúið til viðræðna við aðra aðila, ekki síst launþegasamtökin sem sett hafa nú um helgina fram hugmyndir um þessi efni í því skyni að ná fram víðtækri samstöðu ef kostur er á því. Auðvitað er betra ef samstaða næst um það skattkerfi sem fólkið í landinu á að búa við. En að hinu leytinu er óhjákvæmilegt að koma fram nú þegar breytingum á núverandi kerfi til lækkunar eins og þetta frv. gerir ráð fyrir og þó að full ástæða sé til að hraða sem mest má verða tillögum um grundvallarbreytingar verður ekki komist hjá því að gera nú þegar þessar lágmarksleiðréttingar á núverandi kerfi og væri óhyggilegt og óráðlegt að ætla að fresta þeim eða tefja meðan verið er að vinna að framgangi meiri háttar breytinga, en það hlýtur að taka einhverjar vikur að fá botn í það mál og ákveða hvernig unnt er að haga gildistöku þeirrar breytingar. Það sjá menn auðvitað ekki fyrr en sú vinna liggur fyrir og menn sjá heildardæmið fyrir sér.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því hér fram að með þessu frv. væri aðeins verið að skila hluta af ofteknum sköttum og var þar að vísa til þeirrar umræðu sem fram fór um skattamál á liðnu sumri og hv. 5. þm. Reykv. tók undir þessi sjónarmið. Ég hélt satt að segja, þegar þessar kröfur um endurgreiðslu á þessum umræddu 600 millj. kr. komu fram í sumar af hálfu stjórnarandstöðunnar, að það hefði á þeim tíma byggst á því að stjórnarandstaðan hafði ekki fyllstu upplýsingar um hvernig þessi upphæð greindist í sundur. Það var ofur eðlilegt að fyrstu viðbrögð talsmanna stjórnarandstöðunnar yrðu með þessum hætti. Ég taldi sem sagt ekki að þarna væri um það að ræða að stjórnarandstaðan vildi endurgreiða þá hækkun sem stafaði af því að reiknaðar tekjur atvinnurekenda voru hækkaðar. Það hefur verið eitt helsta gagnrýnisefni stjórnarandstöðunnar að það skuli ekki á undanförnum árum hafa verið gengið lengra fram í því að fá fram meiri tekjur í tekjuskatti af reiknuðum tekjum sjálfstæðra atvinnurekenda. Þegar þetta svo gerist koma hins vegar fram hörðustu kröfur um að þetta skuli allt saman endurgreitt. Ég hélt í fyrstu að þetta væri byggt á misskilningi vegna ónógra upplýsinga, en þegar krafan er endurtekin hvað eftir annað fer að flögra að manni að það standi kannske ekki mikið á bak við öll stóru orðin um að á þessum vanda þurfi að taka, að það komi ekki nægjanlega eða réttlátlega niður skiptingin á tekjuskattinum og sjálfstæðir atvinnurekendur skili ekki því sem þeim ber að skila. Það fer ekki hjá því, þegar þessar kröfur eru endurteknar hvað eftir annað eftir að upplýsingar liggja fyrir, að manni detti í hug að það standi ekki mikið á bak við þessi stóru orð um að ekki hafi verið tekið á þessum vanda. En sannleikurinn er sá, eins og fram hefur komið, að hluti af þessum tekjuauka stafar af því að viðmiðun við reiknaðar tekjur atvinnurekenda var hækkuð. Í annan stað stafar stór hluti af þessu af því að skattstjórar áætluðu nú meira en fyrr á þá sem ekki skiluðu framtölum. Með þessu skýrist auðvitað stærsti hluti af þessum tekjuauka og svo hinu að það er eðli tekjuskattsins, sem lagður er á í hlutfalli af tekjum, að skila meiri tekjum ef tekjurnar í þjóðfélaginu hafa aukist. Það er auðvitað aldrei dregið fram í þessari umræðu að það er fagnaðarefni að í ljós kom að tekjurnar á milli áranna 1984 og 1985 höfðu hækkað miklum mun meir en menn höfðu áður ráðgert og var þó tekjubreytingin sem betur fer allnokkur fyrir. En að hluta til, eins og fram hefur komið, stafar þetta af misvísun í skattvísitölu vegna þess að þegar hún var ákveðin með lögum hér frá Alþingi lágu ekki fyrir betri upplýsingar en raun ber vitni um og um það er ekki að sakast. Það er ekki nýtt af nálinni. Það hefur nánast gerst í hvert einasta sinn sem skattvísitala hefur verið notuð, en auðvitað á þann veg að misvísunin hefur verið misjafnlega mikil.

Hv. 3. þm. Reykv. fór um það mörgum orðum að þetta frv. mælti í raun og veru fyrir, ef ég skildi hann rétt, um verulega aukningu á skattbyrði og skattbyrði hefði í tíð þessarar ríkisstjórnar aukist einhver lifandis býsn. Hann hélt því einnig fram að það væri eina niðurstaðan af þeim breytingum sem átt hefðu sér stað í tíð þessarar ríkisstjórnar að skattbyrði einstaklinga hefði verið aukin stórlega en skattar atvinnufyrirtækja verulega lækkaðir. Þetta er stef sem hv. þm. og flokksbræður hans syngja gjarnan í umræðum um skattamál. Bæði hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. vísuðu af þessu tilefni og til rökstuðnings þessum fullyrðingum til minnisblaðs frá Þjóðhagsstofnun sem gefið var út fyrir nokkrum dögum síðan um skattbyrði. Þeir hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. virðast hafa lesið þetta skjal með verulega lituðum gleraugum. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að vitna nokkuð frekar til þess. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp úr inngangi þessa minnisblaðs, en þar segir:

„Það gefur auga leið að tekjur ríkissjóðs endurspegla hvort tveggja í senn almennar tekju- og verðlagsbreytingar í landinu og breytingar á skatthlutföllum. Á því tímabili sem hér er lagt til grundvallar hafa orðið töluverðar breytingar á báðum þessum þáttum og þær setja óhjákvæmilega mark sitt á tekjuþróun ríkissjóðs. Ein leið til þess að meta raunverulegar breytingar á skattbyrði er að ganga út frá hlutfalli ríkistekna af þjóðarframleiðslu ár hvert og umreikna tekjurnar miðað við síðustu spár um þjóðarframleiðslu, t.d. fyrir árið 1987. Þetta er gert í töflum 3 og 4. Með þessu fæst vísbending um það hver skattbyrðin hefði verið ef þjóðarframleiðslan hefði verið óbreytt allt tímabilið. Tekjunum er síðan skipt niður á einstaka stofna í sömu hlutföllum og fram koma í töflum 1 og 2. Þessi aðferð gefur þá niðurstöðu t.d. að heildartekjurnar hafi lækkað úr 40,1 milljarði kr. 1982 í 38,6 milljarða 1987 miðað við fjárlagafrv. Þessi lækkun skiptist þannig að beinir skattar lækka um 300 millj., óbeinir skattar

um 1700 millj., en á móti vegur hækkun fjármagnstekna upp á 600 millj. Tekjur á hvert mannsbarn lækka úr 164 þús. kr. 1982 í tæplega 158 þús. skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1987. Þessar meðaltölur leyna hins vegar töluverðum sveiflum í einstökum tekjustofnum. Þannig lækka gjöld af innflutningi verulega á þessu tímabili en söluskattur hækkar. Launatengd gjöld eru hins vegar nokkuð stöðug allt tímabilið."

Þeir hv. 3. þm. Reykv. og 5. þm. Reykv. lesa svo þá niðurstöðu út úr þessum ummælum að skattbyrðin hafi ekki lækkað, eins og hér segir, úr 164 þús. á mann frá því að hv. 3. þm. Reykv. var í ríkisstjórn niður í 158 þús. heldur hafi skattbyrðin aukist um 1000 millj. Eigi að síður eru hér hinar tölulegu staðreyndir úr því minnisblaði sem þeir vildu gjarnan að ég hefði vitnað til í upphafi máls míns og rétt að gera það og gera það enn frekar.

Skattbyrði í hlutfalli við landsframleiðslu er algengasti mælikvarðinn á breytingum á skattbyrði einstaklinga. Auðvitað er þetta ekki hárnákvæmur mælikvarði og sveiflur í þjóðarframleiðslu og í verðbólgu geta haft veruleg áhrif hér á. En sé tekið mið af síðasta heila árinu sem hv. 3. þm. Reykv. sat í ríkisstjórn var skattbyrði einstaklinga 6,1% af þjóðarframleiðslu. Hún er nú áætluð skv. fjárlagafrv. að muni verða 4,6% af þjóðarframleiðslu á næsta ári.

Auðvitað eru viðmiðanir við einstök ár af þessu tagi ekki algildar því að sveiflur bæði í tekjum og framleiðslu geta haft hér áhrif á. Það væri hægt að taka mið frá tíma fyrri ríkisstjórnar sem sýndi enn meiri skattbyrði, allt upp í 6,3%, en út af fyrir sig er ekki sanngjarnt að gera það að hinni einu viðmiðun sem unnt er að taka varðandi skattastefnu þeirrar ríkisstjórnar. Hitt er augljóst og kemur glöggt fram á þessum tölum að skattbyrðin hefur minnkað verulega, tekjuskattsbyrðin, frá því að fyrri ríkisstjórn var við völd. Þá var skattbyrðin 6,3%, 5,9, 5,6 og 6,1 1982. En hún hefur frá 1983 verið 5,4%, 4,9% 1984, 3,9% 1985, 4,9% 1986 samkvæmt spá og væntanlega 4,6% á næsta ári. En það er augljóst að sveiflur geta haft hér á áhrif. Árið 1985 fór þetta hlutfall niður í 3,9%, en að því hafði verið stefnt við fjárlagaafgreiðslu að skatthlutfallið yrði um 4,4%, lækkaði frá 4,9% á árinu 1984 niður í 4,4. En í kjölfar verðbólgusamninganna haustið 1984 jukust tekjur meira en áætlað var og verðbólga og það ásamt með 600 millj. kr. tekjuskattslækkun færði skatthlutfallið niður í 3,9% þannig að lækkunin á því ári varð allmiklu meiri en ráð var fyrir gert.

Heildarniðurstaðan er sú að hér hefur verið um allverulega lækkun að ræða. Það er fráleitt að halda því fram að það hafi í engu miðað að því marki, sem Alþingi setti, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Þegar það skref hefur verið stigið að samþykkja frv. sem hér liggur fyrir munu hjón með tvö börn, sem hafa 70–80 þús. kr. á mánuði, vera tekjuskattslaus á næsta ári að meðaltali samkvæmt meðaltalsútdreifingu á skiptingu tekna og frádráttar. Auðvitað er það spurning hvað eru meðaltalslaun, en ég hygg að það sé erfitt að mæla á móti því að þegar hjón með tvö börn og 70–80 þús. kr. tekjur á mánuði þurfi ekki að greiða tekjuskatt hafi verið gengið verulega í átt að því marki að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Hv. 3. þm. Reykv. fór einnig mörgum orðum um að tekjuskattur einstaklinga hefði raunverulega verið hækkaður en lækkaður á atvinnufyrirtækjum. En hvað segir minnisblað Þjóðhagsstofnunar sem hv. þm. lagði svo mikla áherslu á að ég vitnaði til? Árið 1982, þegar hann átti sæti í ríkisstjórn, síðasta heila árið sem hann átti sæti í ríkisstjórn, voru beinir skattar einstaklinga tæplega 13% af tekjum ríkisins, en þeir eru á þessu ári 11,4%. Árið 1982 voru beinir skattar félaga 2,6% af tekjum ríkisins, en eru samkvæmt minnisblaði Þjóðhagsstofnunar áætlaðir munu vera 3,5% á þessu ári. Þ.e. niðurstaðan er sú að tekjuskattur einstaklinga er nú minna hlutfall af heildartekjum ríkisins en var þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn, en beinn skattur félaga er meiri hluti af tekjum ríkissjóðs en áður var. Þetta er heildarniðurstaðan af því sem átt hefur sér stað og kemur glöggt fram í minnisblaði Þjóðhagsstofnunar.

Það eru margar leiðir, eins og Þjóðhagsstofnun bendir á, til að meta breytingar á sköttum. Fjmrn. hefur látið meta þær breytingar sem gerðar hafa verið á sköttum meðan þessi ríkisstjórn hefur setið við völd. Þar koma til bæði breytingar til hækkunar og lækkunar. Það er lækkun á tollum 1983, afnám álags á ferðamannagjaldeyri, lækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lækkun þóknunar af gjaldeyrisviðskiptum, frádráttur frá tekjum vegna starfsloka. Það er lækkun á launaskatti, lækkun á verðjöfnunargjaldi á raforku og lækkun á tollum í tengslum við kjarasamningana fyrr í vetur. Aftur á móti hækkun á söluskatti og hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti svo dæmi séu nefnd. Heildarniðurstaðan af þessu er sú að samkvæmt mati á þessum breytingum framreiknuðum til verðlags á þessu ári hefðu tekjur ríkissjóðs verið um 2700 millj. kr. meiri ef stuðst hefði verið algjörlega við óbreytt tekjuöflunarkerfi frá því að hv. 3. þm. Reykv. sat í ríkisstjórn og bar ábyrgð á tekjuöflun ríkissjóðs. Um 2700 millj. kr. meiri væru tekjur ríkissjóðs væntanlega á þessu ári ef engar breytingar hefðu verið gerðar. Þar af eru um 1100 millj. kr. vegna tekjuskattsins og barnabæturnar eiga stærstan hlut af þeirri lækkun með því að þær hafa samkvæmt þessum útreikningum hækkað um 340 eða 350 millj. kr.

Það kemur einnig fram í þessari athugun að greiðendum tekjuskatts hefur fækkað úr 53% framteljenda í 47% frá árinu 1983 til 1986. Þessi fækkun gjaldenda kemur auðvitað öll fram neðst í skattstiganum. Árið 1983 voru 13,6% framteljenda í neðsta þrepi, en aðeins 5,1% í ár á meðan mjög svipað hlutfall framteljenda lendir í 2. og 3. skattþrepi. Þetta þýðir einfaldlega að skattfrelsismörk hafa hækkað svo mikið að mun fleiri framteljendur en áður greiða engan skatt. Í ár eru þannig 10 500 fleiri framteljendur sem ekki greiða neinn skatt miðað við

það sem var 1983.

Ég hygg að þessar tölur sýni glöggt fram á að hér hefur miðað í rétta átt og nú stöndum við frammi fyrir því verkefni að vinna að grundvallarbreytingu á tekjuskattskerfinu með þau sjónarmið í huga sem ég hef hér áður lýst og það er fagnaðarefni að um það skuli takast víðtækt samkomulag að hrinda þeim áformum fram þó að auðvitað eigi eftir að skoða marga þætti þeirra mála og vafalaust eiga eftir að verða skiptar skoðanir um einstaka þætti þegar sú vinna kemur fram í dagsljósið og skilar árangri.

Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. um virðisaukaskatt sem ég ætla ekki að gera að aðalumræðuefni hér, það kemur á dagskrá þingsins síðar. Fjmrn. kynnti það frv. eins og það nú liggur fyrir fyrir fulltrúum stjórnarandstöðunnar, þar á meðal fulltrúa Alþfl., s.l. föstudag. Hv. 5. þm. Reykv. taldi það vera einn meginágalla frv. að það væri enn miðað við 25% álagningu virðisaukaskatts. Á þessum fundi, sem fulltrúi Alþfl. sat, kom þó skýrt fram að núna er miðað við að leggja 24% en ekki 25% gjald á eins og söluskatturinn er í dag þannig að það verður um að ræða lækkun frá núverandi söluskattsstigi um 1%. Ef aðrar fullyrðingar hv. þm. hafa byggst á jafnmikilli þekkingu á frv. og þessi ummæli hans falla þær að sjálfsögðu dauðar niður. En við munum síðar, þegar virðisaukaskatturinn kemur til umræðu hér á hinu háa Alþingi, geta rætt um einstök efnisatriði.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. JM og BJóh, 177. mál (jöfnunargjald af kartöflum). — Þskj. 187.

Flm. (Jón Magnússon):

Herra forseti. Ég var farinn að örvænta um að fá tækifæri til að mæla fyrir því frv. á þskj. 187 sem við Bessí Jóhannsdóttir flytjum, svohljóðandi:

„1. gr.: E-liður 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. lög nr. 25/1986, falli brott," þ.e. lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 25 1986, og „2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þar sem um er að ræða stuttan tíma ætla ég ekki að rekja frá orði til orðs hvað hér er verið að leggja til, en það sem í stuttu máli má segja er að það er verið að leggja til að heimild til handa landbrh. til að leggja allt að 200% gjald á tollverð innfluttra kartaflna eða vara unninna úr þeim verði fellt niður. Þ.e. þessi heimild verði afnumin.

Á s.l. vori urðu miklar umræður um þessa lagasetningu á Alþingi. Helstu rök sem komu fram fyrir þeirri lagasetningu í grg. og framsögu landbrh. voru þau að í ýmsum tilvikum væru þær vörur sem hér um ræðir og fluttar væru inn niðurgreiddar verulega af stjórnvöldum útflutningslandanna og í öðru lagi að þegar innlend framleiðsla væri enn á markaði, en innflutningur þyrfti samt að verða, raskaði innflutningur á lægra verði mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerti möguleika hennar til að tryggja nægjanlegt vöruframboð til frambúðar. Þessar aðstæður hefðu m.a. gert innlendum fyrirtækjum, sem vinna úr kartöflum, erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda erlenda framleiðslu. Þá var því jafnframt lýst af forsrh. að frv. væri eingöngu flutt til að heimild fengist til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu væri að ræða erlendis.

Ég hafði ætlað mér í þessari framsögu að rekja nokkuð þau ummæli sem hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. höfðu uppi á þingi, bæði í Ed. og Nd., þegar þessi lagasetning var til umræðu á s.l. vori, en þar sem tíminn er knappur vil ég aðeins geta nokkurra atriða. Yfirlýsingar hæstv. landbrh. og forsrh. voru þess eðlis að í fyrsta lagi skyldi ekki lagt á umrætt jöfnunargjald nema meðan svo stæði á að innlend framleiðsla væri til sölu jafnframt erlendri. Það gerði það að verkum samkvæmt yfirlýsingum nokkurra þm., m.a. Ragnars Arnalds, að þeir lýstu yfir stuðningi við umrætt frv. Jafnframt var því lýst yfir að það þyrftu að koma til sérstakar aðstæður, þ.e. verðfellingar erlendis, þ.e. að um væri að ræða niðurgreiðslur. Nokkrir þm. hafa komið með fyrirspurn þar sem þeir beina því til hæstv. landbrh. að svara því hvort um verðfellingu á innfluttum kartöflum hafi verið að ræða s.l. sumar.

Vegna þessara ummæla ráðherranna er óhjákvæmilegt annað en að gera í stuttu máli grein fyrir því hvað gerðist, hvernig jöfnunargjaldið var lagt á og hvenær það var lagt á. Það var þann 25. júní s.l. sem landbrh. lagði jöfnunargjald á innfluttar kartöflur og vörur unnar úr þeim. Á þeim tíma voru til um tíu daga birgðir af óunnum innlendum kartöflum frá því á árinu áður.

Þann 9. júlí skrifaði ég grein í Morgunblaðið þar sem ég spurði ráðherra spurninga varðandi álagningu jöfnunargjaldsins og hvort það yrði fellt niður, en þá voru birgðir innlendra kartaflna ekki lengur fyrir hendi.

Jöfnunargjaldið stóð síðan áfram þannig að það er ljóst að sú yfirlýsing hæstv. landbrh. að álagning gjaldsins kæmi eingöngu til meðan um væri að ræða sölu á innlendum kartöflum jafnframt innfluttum gilti hreinlega ekki. Jöfnunargjaldið var lagt á engu að síður.

Verslunarráð Íslands mótmælti jöfnunargjaldinu og benti á að það væri ekki til komið vegna verðfellingar á óunnum kartöflum. Það væru staðlausir stafir. Enn hefur ekki verið sýnt fram á að um það hafi verið að ræða.

Þá vil ég jafnframt geta þess að Neytendasamtökin mótmæltu sérstaklega verðhækkun á kartöflum sem átti sér stað í kjölfar þess að jöfnunargjaldið var lagt á. Bent var á að hækkun á kartöflum næmi um 100% umfram matvöruvísitölu. Í viðtali

við formann samtakanna, Jóhannes Gunnarsson, segir hann, það birtist í Þjóðviljanum 15. ágúst 1986, með leyfi forseta:

„Það er mitt mat að skrifa megi hækkað kartöfluverð til neytenda fyrst og fremst á reikning kartöfluframleiðenda sem hafa nýtt sér þetta tækifæri, þ.e. álagningu jöfnunargjaldsins."

Í *Tímanum* miðvikudaginn 13. ágúst kemur fram að kartöfluverð hækkaði um 221% á einu ári. Í því ágæta blaði, Tímanum, 13. ágúst 1986, með leyfi forseta, er talað um hvorki meira né minna en kartöfluokur og bent á að hækkun á kartöflunum hafi í raun hækkað framfærsluvísitöluna um 0,31%. Í sama blaði þann 26. ágúst er síðan getið um það, með leyfi forseta, að danskir kartöflubændur fengju ekki nema ⅙ fyrir sína framleiðslu miðað við það sem íslenskir bændur fengju fyrir sína, þ.e. 6,84 kr. fyrir kílóið meðan íslenskir kartöflubændur fengju í kringum 33 kr.

Loks vil ég geta, með leyfi forseta, ummæla Ólafs Sveinssonar fjármálastjóra Ágætis sem sagði um álagningu jöfnunargjaldsins: „Þessi skattheimta er að mínu mati algerlega tilgangslaus. Jöfnunargjaldið er eingöngu skattheimta á neytendur án þess að hún komi framleiðendum á nokkurn hátt til góða."

Ég vek athygli á þessum ummælum sérstaklega vegna þess að ég hygg að það sé komið óyggjandi í ljós að jöfnunargjaldið og álagning þess hefur leitt af sér verðhækkun til neytenda. Það hefur ekki staðist ein einasta röksemd af þeim sem ráðherrar, sem tjáðu sig um málið, landbrh. og forsrh., höfðu fram að færa þegar málið var til umræðu. Það er ekki hægt að segja annað með fullri virðingu fyrir þessum ágætu ráðherrum en að þeir hafi beitt blekkingum, sennilega annar vísvitandi, til að reyna að knýja þetta frv. fram.

Síðan kemur annað. Það er að með reglugerð nr. 451 frá 30. okt. 1986 er gerð breyting á þessu ákveðna jöfnunargjaldi. Þar segir í 1. gr.:

„Undanþegið gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari eru kartöflur og vörur unnar úr þeim, enda séu þær fluttar inn sem hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu og fyrirsvarsmaður viðkomandi fyrirtækis lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að varan sé eingöngu flutt inn til að nota við framleiðslu fyrirtækisins."

Ég sé ekki betur en að þessi reglugerð þýði að um verði að ræða aukin innkaup á ferskum kartöflum frá útlöndum sem hráefni fyrir innlendar kartöfluverksmiðjur á kostnað bænda sem gjaldið átti þó upphaflega að vera til verndar. Í öðru lagi að innkaup á kartöfludufti frá útlöndum, sem pakkað væri í minni umbúðir innanlands, yrði eftir tilkomu þessarar reglugerðar líka til tjóns fyrir þá sem sagt var í upphafi að gjaldið ætti að vera til að vernda. Í þriðja lagi má benda á að ýmsir stærri notendur kartaflna, svo sem t.d. stærri veitingahús, geta með þessari reglugerð beint viðskiptum sínum til erlendra heildsala og fengið eftirgefið jöfnunargjaldið með yfirlýsingu um notkun til framleiðslu í eigin fyrirtæki.

Ég bendi á þetta í lokin til að sýna fram á hversu hættulegt er að heimila ráðherra geðþóttaákvörðun um álagningu skatta sem þessara. Þarna er um að ræða mjög mikilvæga neysluvöru sem svo til óteygin eftirspurn er eftir. Það er ljóst að eftir að jöfnunargjaldið var lagt á hefur það leitt til verulegra verðhækkana til neytenda. Það er lagt á algjörlega án þess að nokkurt tilefni gefist vegna verðfellingar erlendis.

Ég held því fram að í raun hafi verið við það miðað að leggja þetta jöfnunargjald á til að halda lífi í tveimur kartöfluverksmiðjum. Það getur út af fyrir sig verið góðra gjalda vert, en þegar það liggur fyrir að afleiðingar álagningar jöfnunargjaldsins þýða í raun að það kostar um 200 millj., er útgjaldaaukning fyrir atvinnureksturinn í landinu og þá um leið neytendur, í kringum 200 millj. á einu ári, þá er hreinlega spurningin hvort ekki sé einfaldara að leggja þessar verksmiðjur niður og borga þeim laun sem við það vilja starfa því að mér sýnist að það mundi jafnvel vera ódýrara fyrir þjóðarbúið en að halda áfram framleiðslu sem þessari.

Um leið og ég segi þetta geri ég mér fyllilega grein fyrir því að lítil þjóð með lítinn markað verður að halda uppi ákveðinni verndarstefnu til þess hreinlega að ákveðinn iðnaður leggist ekki niður. En það verður að gæta hófs í öllu og það verða allir, framleiðendur sem aðrir, að njóta eðlilegs aðhalds. Þarna keyrir út yfir allan þjófabálk. Af þeim ástæðum sem ég hef nú lýst leyfi ég mér að flytja umrætt frv. ásamt hv. 10. þm. Reykv.

Ég fer fram á, þar sem þetta jöfnunargjald er í raun lagt á til að stuðla að rekstri tveggja iðnfyrirtækja, að máli þessu verði vísað til hv. iðnn.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti telur að það sé mjög vafasamt að vísa þessu þannig, en auðvitað verður deildin að skera úr um það. Forseti telur að þetta sé landbúnaðarmál og hefði átt að gera tillögu um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

20. fundur, þriðjudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Íþróttaaðstaða í Menntaskólanum við Hamrahlíð, ein umr.

Fsp. GHelg, 130. mál. — Þskj. 136.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Í 10. gr. reglugerðar um menntaskóla nr. 270 frá 1974, en þar er m.a. fjallað um kjarnanám, þ.e. hverjar námsgreinar skuli vera

sameiginlegar í menntaskólum landsins, segir svo með leyfi forseta:

„Auk þess skal nemendum séð fyrir líkamsæfingum og íþróttaiðkun við hæfi og skal ætla til þess allt að 12 einingum."

Allt frá því að Menntaskólinn við Hamrahlíð tók til starfa hefur verið örðugt að fullnægja þessu ákvæði einfaldlega vegna þess að íþróttahús hefur aldrei verið byggt við skólann. Fyrsta áfanga skólabyggingarinnar var lokið árið 1966 og árið 1973 var byggingu hans lokið að öðru leyti en því að ekkert húsrými er fyrir íþróttaiðkanir við skólann. Er ekki annað sýnt en að yfirvöld menntamála hafi ákveðið að gleyma fyrirhugaðri byggingu íþróttahúss því að engar fjárveitingar hefur verið að finna til þess verkefnis á fjárlögum.

Hér er raunar ekki tími til þess að rekja þá sögu alla en allan þann tíma sem skólinn hefur starfað hafa nemendur orðið að búa við flæking um bæinn til að stunda íþróttir og nú er Valsheimilið griðastaður nemenda til líkamsræktar en það hús telst vart sæmandi lengur. Nemendur hafa þrásinnis reynt að vekja athygli á þessu ástandi og efndu m.a. eitt sinn til samkeppni meðal nemenda um teikningu að íþróttahúsi við skólann. Ótal ályktanir hafa verið samþykktar en allt kemur fyrir ekki.

Hinn 24. okt. 1986 eða nú í haust var haldinn skólafundur Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð þar sem nemendur mótmæltu harðlega því ófremdarástandi sem ríkir í íþróttakennslu við skólann. Í ályktun fundarins segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er algjör óhæfa og virðingarleysi við nemendur að kennsla í íþróttum skuli fara fram í hripleku og hálfónýtu íþróttahúsi Vals vestur í Hlíðarenda. Fundurinn skorar á skólayfirvöld og forsvarsmenn menntamála í landinu að hefja nú þegar byggingu íþróttahúss sem verði einangrað og vatnsvarið í nágrenni skólans."

Þann sama dag samþykktu nemendur einnig að hætta þá þegar að mæta í kennslustundir í líkamsrækt og hótuðu að hefja nám ekki aftur fyrr en íþróttahús væri risið sem eins og þar segir „stenst kröfur byggingarreglugerðar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins".

Síðan þinguðu nemendur enn 30. okt. s.l. þar sem þeir samþykktu m.a., með leyfi forseta, eins og í ályktun þeirra segir:

„Nemendur skipa sér nefnd sem vinna skal að lausn þessa máls hjá yfirvöldum og skal sú nefnd vinna að því að þrýsta á menntmrh. með tilhlýðilegum aðgerðum, svo sem mótmælagöngu niður í menntmrn., undirskriftasöfnunum og heimsóknum í viðtalstíma menntmrh. á einhverjum ákveðnum fresti. Þangað til boðið verður upp á líkamsrækt í vali munu nemendur ekki velja líkamsrækt úr kjarna á valdegi." Svo að hæstv. menntmrh. má greinilega búast við auknum þrýstingi.

Ég hef þess vegna, herra forseti, leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 136 sem er 130. mál þingsins og hljóðar svo:

„1. Hvaða fyrirætlanir hefur hæstv. menntmrh. til að leysa óviðunandi ástand íþróttakennslu í Menntaskólanum við Hamrahlíð?

2. Hefur einhver undirbúningur farið fram að byggingu íþróttahúss við skólann?"

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Sem svar, þótt magurt sé, við fsp. hv. 10. landsk. þm. á þskj. 136 vil ég taka þetta fram:

Undanfarin þrjú ár hefur Menntaskólinn við Hamrahlíð haft á leigu íþróttahús Vals og þar hefur íþróttakennsla farið fram. Áður en sú leiga tókst má segja að ástandið hafi með öllu verið óviðunandi í íþróttakennslu í Menntaskólanum við Hamrahlíð en þá hafði skólinn átt stopul innhlaup í íþróttahúsum hingað og þangað um bæinn og hafði engin tök á að halda uppi reglulegri fræðslu í líkamsrækt.

Íþróttahús Vals er komið nokkuð til ára sinna og aðstaða þar ekki eins og best verður á kosið en íþróttafélagið er nú langt komið með byggingu nýs og glæsilegs íþróttahúss. Gert er ráð fyrir að Menntaskólinn við Hamrahlíð fái þar inni með íþróttakennslu sína þar til fé fæst á fjárlögum til þess að byggja íþróttahús við skólann.

Það hefur svo sem verið gerð alvarleg tilraun til þess að hrinda af stað byggingu íþróttahúss við Menntaskólann við Hamrahlíð. Minni ég á þál. frá því á árinu 1972 sem hæstv. núv. heilbrrh. og hv. þm. Ellert B. Schram fluttu og samþykkt var þar sem Alþingi ályktaði að leitað yrði samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð. Það munu hafa farið fram umræður í kjölfar þessarar samþykktar á sínum tíma en ekki náðst samkomulag um þessa hugmynd þar sem aðrar þarfir hlytu að vera til viðmiðunar fyrir grunnskólanemendur en fyrir framhaldsskólanemendur.

Ég tek því auðvitað vel að nemendur leiti sem ákafast eftir úrlausn á þessu brýna hagsmunamáli þeirra en ég minni um leið á þá augljósu staðreynd að ég framleiði ekki fjármuni og peninga sem til þess þarf. Þetta mál er ekki nýtt af nálinni en það verður að játast eins og það er að þarna er ófremdarástand ríkjandi sem ég vænti að menn taki höndum saman um hið fyrsta að bæta úr. Þetta hefur verið langæ óáran og þótt segja megi að standi aðeins betur á fyrir líkamsræktinni í skólanum eftir að tókst að fá inni í Valshúsinu, og kannske batnar það ef samkomulag næst um leigu á hinu nýja húsi, verða það ekki frambúðarlausnir sem í því felast heldur auðvitað að byggt verði íþróttahús við skólann sjálfan.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans og gleður það mig að hann lýsir sig hlynntan því að nemendur fái íþróttahús. Það er auðvitað tölulvert í það að nemendur fái aðstöðu í hinu nýja Valsheimili svo að ljóst er að um árabil verður þetta

mesta vandræðaástand. Það er sorglegt að þingsályktanir sem samþykktar eru hér á hinu háa Alþingi skuli ekki vera virkara afl en svo að þær séu hafðar að engu og við sama sitji og áður en þær voru fluttar.

Hér í síðasta spurningatíma varð mönnum tíðrætt um forvarnarstarfsemi og heilsurækt sem annan kost en óhóflegt lyfjaát Íslendinga en þó er ekki séð fyrir eðlilegri líkamsrækt og þjálfun ungs fólks í menntaskóla hér í Reykjavík og er víða pottur brotinn í því efni.

Menntaskólinn við Sund er sæmilega settur hvað varðar aðstöðu til líkamsræktar og jafnvel gamli Menntaskólinn í Reykjavík leysir þau mál á sómasamlegan hátt. Það verður því að undrast að nýr skóli skuli vera byggður án þess að fyrir þessari aðstöðu sé séð. En við núv. hæstv. menntmrh. er varla að sakast um þetta efni, miklu frekar okkur öll hér á hinu háa Alþingi að hafa ekki sinnt þessu máli sem skyldi.

En almennt vil ég benda á, og ekki síst nú þegar verið er að vinna að fjárlögum, að menn taki upp nýja siði við fjárfestingu í landinu almennt, að menn ljúki við þær byggingar sem byrjað er á áður en byrjað er á ótal öðrum. Það minnir mig á, ef leyfilegt er að segja eina litla sögu, að lítil nágrannakona mín var ævinlega, frá því hún var tveggja ára og þangað til hún var fimm ára, um allar helgar með foreldrum sínum uppi í grunni að húsi, þau voru að byggja. Svo kom loks að því að hún sagði mér að þau væru að flytja og barnið sagði: Nú erum við að flytja upp í grunn. Þessi saga minnir mig dálítið á fjárfestingar Íslendinga. Menn eru alltaf með grunna út um allt í stað þess að ljúka einu húsi og byrja þá á öðru. Ég vil minna hv. þm. á að reyna að gæta þess að svona slys gerist ekki að uppeldisstofnanir og menntasetur séu án aðstöðu til líkamsræktar og íþróttakennslu.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Ég biðst næstum því afsökunar á að blanda mér í þessa umræðu en vegna þess að minnst var á nýja siði flaug mér í hug að ég hef óvart svolitla innsýn inn í þessi mál og gæti bent hæstv. menntmrh. á eina leið í þessu máli sem er nokkuð fljótfarin til lausnar og kostar ekki ýkja mikla peninga. Hún er einfaldlega sú að kaupa svona um 2500 m^2 uppblásið hús sem hægt er að setja niður á malbikaðan völl þarna á staðnum og draga að hreinlætisaðstöðu. Þetta allt saman ætti ekki að kosta mikið meira en 10–15% af þeim kostnaði sem almennt er reiknaður við gerð íþróttahúsa í dag.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Þann 23. maí 1985, eða fyrir rétt rúmu ári síðan, samþykkti Alþingi þál. þess efnis að stefna skuli að því á næstu sjö árum að framlög ríkisins til þróunarsamvinnu nái 0,7% af þjóðarframleiðslu. Skv. tillögugreininni eiga framlögin að aukast reglubundið frá ári til árs þar til 0,7% markinu væri náð árið 1992. Síðan þessi tillaga var samþykkt hafa framlög ríkisins til þróunarsamvinnu hins vegar farið hríðlækkandi. Á árinu 1985, þ.e. árið sem tillagan var samþykkt, voru þau 0,087% af þjóðarframleiðslu, lækkuðu niður í 0,063% í ár og skv. því fjárlagafrv. fyrir 1987 sem nú liggur fyrir munu þau lækka niður í 0,05% af þjóðarframleiðslu. Gengur þetta þvert á samþykkt og vilja Alþingis sem tók skýrt fram í ályktun sinni að framlögin skyldu aukast reglubundið á þeim árum sem um ræðir. Þar við bætist að hæstv. forsrh. lýsti því yfir þann 11. nóv. s.l. á fundi í félaginu Brú, sem er félag áhugafólks um þróunarsamvinnu, að aldrei hefði komið til greina af sinni hálfu að standa við þessa ályktun Alþingis.

Þessi þróun mála vekur ýmsar spurningar. Hún vekur t.d. þá spurningu hvort það geti verið að stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem er pólitískt kjörin af Alþingi og hefur sama meiri hluta og hér er, hafi ekki sinnt því hlutverki sínu að hafa ný og vandlega undirbúin þróunarsamvinnuverkefni tilbúin til að nýta það stóraukna fjármagn sem stofnunin mátti eiga von á til starfsemi sinnar skv. ályktun Alþingis. Og þegar ég segi vandlega undirbúin verkefni á ég ekki við lauslegar athuganir á því hvað gæti eða gæti ekki komið til greina sem verkefni, heldur mótuð verkefni sem byggjast á sjálfstæðum forkönnunum á aðstæðum í viðtökulandinu og samráði við stjórnvöld þar.

Spurningin er: Er eitthvert samhengi á milli þess hvernig stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hefur haldið á málum og þeirrar þróunar sem hefur orðið á framlögum ríkisins til þróunarsamvinnu? Því spyr ég hæstv. utanrrh. á þskj. 159:

„1. Eru *ný* tvíhliða þróunarsamvinnuverkefni í undirbúningi hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands?

2. Ef svo er, hver eru þau og hvernig er staðið að undirbúningi þeirra?“

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurnin er um það hvort ný verkefni séu í undirbúningi hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands og ef svo er, hver þau séu og hvernig sé staðið að undirbúningi þeirra.

Þróunarstofnunin hefur undanfarin misseri unnið annars vegar almennt undirbúningsstarf vegna nýrra verkefna og hins vegar starf sem beinst hefur að sérstökum verkefnum. Hið almenna starf hefur lotið að nánari stefnumótun varðandi val verkefna og grundvallaratriðinu sem byggja ber á. Einnig hefur

verið aflað ítarlegra gagna um hvernig þróunarstofnanir annarra landa standa að undirbúningi verkefna og tengsl treyst við þær og alþjóðastofnanir í því skyni að okkar unga Þróunarsamvinnustofnun gæti fært sér að fullu í nyt reynslu þeirra jafnframt vaxandi reynslu stofnunarinnar sjálfrar af eigin starfsemi.

Stefnt er að því m.a. að ný verkefni verði einkum í formi íslenskrar sérfræðiþekkingar og reynslu. Þar á meðal á sviði fiskveiða og jarðhitanýtingar þannig að bein tengsl komist á á milli okkar og hlutaðeigandi þróunarríkja. Áhersla verði lögð á þróunarsamvinnu við þau ríki sem fátækust eru og þurfa því stuðnings mest með. Leitast verði við að dreifa starfseminni ekki um of svo að þekking og reynsla sem aflað er á tilteknu heimssvæði nýtist sem best og eitt verkefni geti haft stuðning af öðru. Að öðru jöfnu verði látin ganga fyrir þau verkefni sem betri von er um að geti borið árangur. Ég nefni aðeins nokkra þeirra þátta sem tekið er mið af.

Viðræður við alþjóðastofnanir, m.a. fulltrúa Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hingað kom fyrr á árinu, hafa leitt í ljós hvert samstarf hægt er að hafa við þær um framkvæmd verkefna ef henta þykir í hagkvæmnisskyni. Að því er sérstök verkefni snertir er nú stefnt að nýjum verkefnum á Grænhöfðaeyjum. Í sjávarútvegi er þar annars vegar um að ræða verkefni eða röð verkefna sem miða að því að tryggja að sú undirstaða botnfiskveiða sem lögð hefur verið með rannsóknum og tilraunaveiðum á ms. Feng undanfarin ár leiði til varanlegra veiða Cabo Verde-manna sjálfra á þeim ónýttu stofnum sem þar er um að ræða. Tillögur um þetta efni gera m.a. ráð fyrir að ms. Fengur fari til eyjanna aftur í þessu sambandi og verði þar um eins árs skeið. Hins vegar er um að ræða verkefni varðandi eflingu fiskveiða sem Cabo Verde-menn munu hafa lagt fram beiðni um, svo sem byggingu skólahúss fyrir fiskimannafræðslu, að komið verði á fót birgðastöðvum er látið geti fiskimönnum í té veiðarfæri og ýmsa eflingu rannsókna, m.a. í sambandi við mat á auðlindum sjávar og einnig beiðni varðandi hagfræðilega könnun.

Þessar beiðnir hafa verið til athugunar hjá Þróunarsamvinnustofnun og verða ræddar nánar við Cabo Verde-menn í tengslum við fund sem haldinn verður í höfuðborg þeirra dagana 1.–4. desember, þ.e. í næstu viku. Er þess vænst að eftir þær viðræður verði hægt að taka ákveðna afstöðu til verkefna. Aðrar beiðnir frá Cabo Verde-mönnum snúast um jarðhitamál, heilbrigðissvið og velferðarmál. Verður áðurnefnt tækifæri notað til þess að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna undirbúnings hugsanlegra verkefna á þessum sviðum.

Ég vil taka fram að ætlunin er við áframhaldandi undirbúning að taka m.a. til skoðunar, þar sem við á, mannfræðilega þætti en mér er kunnugt um að fyrirspyrjandi hefur átt hlut að rannsóknum á því sviði á Cabo Verde og um frumskýrslu sem fyrir liggur.

Að því er önnur verkefni á fiskveiðasviðinu snertir hefur verið fjallað um nokkur hugsanleg verkefni á Costa Rica en einkum eru höfð í huga verkefni við Vestur-Afríku með útgangspunkti í því þróunarstarfi sem unnið hefur verið á Grænhöfðaeyjum.

Unnið hefur verið að gagnasöfnun og leitað ábendinga um verkefni frá Matvæla- og landbúnaðarstofnuninni, FAO, og Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Nánari undirbúningur mun m.a. felast í viðræðum við forstöðumenn svæðisskrifstofu FAO fyrir Vestur-Afríku í Dakar og fiskveiðideild FAO í Róm.

Á jarðhitasviði hafa möguleg verkefni m.a. í Mexíkó og Tyrklandi verið til skoðunar hjá íslenskum sérfræðingum í samvinnu við Þróunarstofnunina.

Í framhaldi af undirritun yfirlýsingar Norðurlandanna fimm og níu ríkja í suðlægari Afríku snemma á þessu ári um eflingu þróunar- og menningarsamstarfs hefur verið unnið að undirbúningi mikils fjölda verkefna á ýmsum sviðum. Íslandi gefst kostur á að njóta þessa undirbúnings og ganga inn í þessi verkefni að eigin vali eftir því sem fé verður fyrir hendi til slíks. Sama máli gegnir um mikinn fjölda þróunarverkefna sem alþjóðastofnanir, sem Ísland er aðili að, þar á meðal Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, auk stofnana sem ég hef nefnt fyrr í máli mínu, hafa undirbúið og leitað fjármögnunar og framkvæmdar á hjá einstökum velferðarríkjum.

Mikið af gögnum um slík undirbúin verkefni, nokkur hundruð þeirra, eru fyrir hendi hjá Þróunarsamvinnustofnun sem er reiðubúin til þess að gera nánari tillögur um val verkefna og hefja viðræður við áðurnefndar alþjóðastofnanir og stjórnvöld hlutaðeigandi þróunarlanda um framkvæmd þeirra jafnskjótt og fyrir liggur hver fjárveiting verður á næstu fjárlögum og í næstu framtíð.

Í ljósi framangreinds má flokka þau verkefni sem Þróunarstofnunin hefur staðið að í þrjá flokka:

Í fyrsta lagi eru það norræn samstarfsverkefni. Framkvæmd þeirra og undirbúningur hefur verið í höndum þróunarsamvinnustofnunar á hinum Norðurlöndunum en settar hafa verið á fót vinnunefndir skipaðar fulltrúum frá öllum löndum sem hafa haft nokkurs konar yfirstjórn með öllum undirbúningi og framkvæmd verkefna. Þróunarsamvinnustofnunin hefur fulltrúa í þessum vinnunefndum og fylgist þar með að staðið sé við verkefni á besta mögulegan hátt.

Í annan stað eru það verkefni sem búið er að undirbúa að öllu þegar beiðni berst frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ekkert er eftir nema framkvæmdin. Svo er um flestar þær beiðnir sem berast frá alþjóðastofnunum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í þriðja lagi og að lokum eru beiðnir um samstarfsverkefni sem berast frá ríkisstjórnum þróunarlanda. Þær eru mjög mismunandi vel undirbúnar. Oft hafa viðkomandi ríkisstjórnir fengið alþjóðastofnanir til liðs við sig um undirbúning verkefnis en

almennt má segja að stefna okkar sé sú að leita til allra sem talið er að geti orðið að liði. Það er að sjálfsögðu mjög misjafnt og fer eftir eðli verkefnisins hvaða sérfræðingar eru kallaðir til. Til hliðsjónar öllu undirbúningsstarfi notar Þróunarsamvinnustofnun Íslands sömu starfsreglur og þróunarsamvinnustofnanir á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það er aðeins eitt atriði sem ég sé ástæðu til að fagna í svari hans og það er að uppi eru einhver áform um að standa öðruvísi að undirbúningi þróunarverkefna en verið hefur á undanförnum árum. Það er af hinu góða.

Hins vegar er ljóst af svari ráðherra að engin ný þróunarsamvinnuverkefni eru tilbúin hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Samt hefur stofnunin mátt búast við því í meira en eitt og hálft ár að fá stóraukið framlag til starfsemi sinnar, framlag sem henni ber vitaskuld að nýta. Henni ber því skylda til að hafa ný, vandlega undirbúin verkefni tilbúin til að taka við þeim fjármunum sem hún ætti að fá samkvæmt ályktun Alþingis.

Af svari ráðherra má ráða að almennt undirbúningsstarf sé í gangi hjá stofnuninni. Það er „stefnt að" ýmsum nýjum verkefnum. Ég vil taka það fram að Grænhöfðaeyjaverkefnið getur ekki á nokkurn hátt talist nýtt verkefni þótt verið sé að færa út kvíarnar þar sem er ágætt. Grænhöfðaeyjaverkefnið er eldra verkefni og það sem mun gerast á næsta ári í þeim efnum er eingöngu framhald af því sem verið hefur.

Hvað varðar Costa Rica-verkefnið sem hæstv. utanrrh. minntist á er það á athugunarstigi eins og hann sagði. Ég er hérna með skýrslu frá því í október 1984, tveggja ára gamla skýrslu sem gerð er af Rekstrarstofunni og fjallar um möguleika á þróunarsamvinnu á Costa Rica, þannig að þetta verkefni er búið að vera í athugun í a.m.k. tvö ár. Þetta kalla ég ekki vel að verki staðið.

Um þróunarverkefni sem aðrar stofnanir undirbúa spurði ég ekki. Ég spurði aðeins um þau verkefni sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur frumkvæði að og ber ábyrgð á að undirbúa og hrinda í framkvæmd. Það er enginn vafi á því að slíkt er hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar skv. þeim lögum sem um hana gilda. Ég tel það ákaflega alvarlegt mál ef stofnunin sinnir ekki þessu hlutverki sínu, ekki síst vegna þess að hún hefur mátt eiga von á stórauknum framlögum til starfsemi sinnar. Í meira en ár hefur hún mátt eiga von á því að Alþingi veitti henni öllu meira fé en hún hefur áður haft og þess vegna er ljóst að hún hefur ekki staðið sig sem skyldi.

Ég vil varpa þeim spurningum fram til hv. þm. hvort það geti verið að einhver tengsl séu milli hinna lágu framlaga sem á fjárlögum ár hvert er veitt til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og þess hvernig Þróunarsamvinnustofnun hefur staðið sig í að undirbúa ný þróunarverkefni. Getur það hugsanlega verið að það þurfi að afsaka hin lágu framlög ríkisins til þróunarsamvinnu með því að engin verkefni séu tilbúin hjá Þróunarsamvinnustofnun? Og getur það einnig verið að verið sé að leita leiða til að gera Þróunarsamvinnustofnun óvirka og finna rök fyrir því að þróunarsamvinna sé betur komin í höndum einkaaðila heldur en í höndum ríkisins? Þetta vil ég, herra forseti, biðja hv. þm. að athuga. (**Forseti:** Hv. þm. er búinn að fara langt út fyrir eðlileg mörk.) Ég skal stytta mál mitt, en það sem ég nefndi síðast vil ég biðja hv. þm. um að athuga vandlega og hverjar afleiðingar þess kynnu að vera.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Hv. þm., fyrirspyrjandinn, lét að því liggja að sennilega væri ástæðan fyrir því hve Alþingi hefur veitt lág framlög til þróunaraðstoðar sú að verkefni lægju ekki fyrir undirbúin af hálfu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og þar hefði verið illa að verki staðið, án þess þó að hún fullyrti það beinlínis. Ég er nokkuð kunnugur starfsemi þessarar stofnunar þar sem ég hef að undanförnu átt sæti í stjórn hennar. Þess vegna koma þessi ummæli hv. þm. mér nokkuð spánskt fyrir sjónir. Hefði verið tiltölulega auðvelt fyrir þm. að hafa samband við framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða stjórnarmenn og kynna sér málið af eigin raun.

Því fer fjarri að unnt sé að koma ábyrgð á því að Alþingi hefur verið naumt á fjárveitingar til þessarar stofnunar undanfarin ár yfir á herðar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi um það. Fyrir liggja tillögur sem hafa verið unnar í undirbúningsnefnd Þróunarsamvinnustofnunarinnar með yfirvöldum á Grænhöfðaeyjum. Það er ekki hægt að líta fram hjá því landi vegna þess að þar hefur meginþungi þróunaraðstoðar okkar verið á undanförnum árum. Þar liggja fyrir allmörg verkefni sem þegar eru vel undirbúin. Þróunarsamvinnustofnunin hefur farið fram á fjármagn til að hefja framkvæmdir við þessi verkefni. Aðeins á þessum eina stað er það fjármagn sem þarf til þeirra afmörkuðu og ákveðnu verkefna þrisvar sinnum hærri upphæð en stofnuninni er veitt skv. frv. að fjárlögum að þessu sinni. Eru þá ótalin undirbúin verkefni á öðrum stöðum.

Ég tek undir það að allt of litlu fjármagni hefur verið veitt til þróunarmála. Ástæðan er ekki skortur á undirbúningi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi verið fullt tilefni til þess af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að spyrja um stöðu þessara mála og ég tek undir það, sem hún kom að í lok máls síns, að það skýtur mjög skökku við hvernig staðið er að fjárveitingum til þessara mála. Menn hljóta að spyrja hvort það geti verið samhengi í undirbúningi vegna nýrra verkefna og þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin fylgir í þessu efni.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um að Alþingi hefði

verið naumt á fjárveitingar. Að forminu til hefur Alþingi fjárveitingavaldið. Þingið hefur hins vegar mótað almenna stefnu í þessum málum um hækkun með reglubundnum hætti á sjö árum. Allt gengur hins vegar í öfuga átt. Þetta er auðvitað stórkostlega gagnrýnivert. Hæstv. forsrh. virðist hafa tekið eftir þessu og nú er hann að velta fyrir sér hvort hann eigi að spyrja þjóðina um það sem Alþingi hefur þegar samþykkt og ályktað um.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Út af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði vil ég vísa til þess sem ég sagði í mínu svari um störf stofnunarinnar. Ég held svar við getsökum um samband á milli fjárveitinga og undirbúnings hljóti að vera að sambandið geti ekki verið öðruvísi en það að auðvitað miðast allur undirbúningur við það fjármagn sem þessi stofnun fær af fjárlögum.

Hér hefur verið vikið að þeirri ályktun sem Alþingi gerði í þessum efnum. Það verður auðvitað Alþingis, í hvert skipti sem fjárlög eru samþykkt, að ákvarða hvaða fjárveitingar fara til þessara verkefna. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hins vegar, eins og kom fram í mínu svari, hefur þessi stofnun reynt að nýta það fjármagn eins vel og mögulegt er, hafa samband við þær stofnanir sem sinna sömu verkefnum í næstu nágrannalöndum og alþjóðastofnanir þannig að það sem héðan kemur geti nýst eins vel og hægt er. Ég held að það sé ekki réttlát gagnrýni að gagnrýna þessa stofnun í sambandi við undirbúningsverkefni né heldur þau verkefni sem hún hefur farið með.

Mér láðist, þegar ég svaraði áðan, að geta þess að á þskj. 96 er fsp. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem óskað var skriflegs svars varðandi svipað málefni. Ég vildi geta þess að þetta svar verður tilbúið innan örfárra daga og vonandi hægt að leggja það fram í þessari viku, en það er um ýmis atriði varðandi þróunarsamvinnu og hjálparstarf.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta verður örstutt athugasemd. Það er ekki vansalaust að hér á Alþingi skuli umræða um þróunarmál fara fram í fyrirspurnarformi. Ég fagna að vísu þessari fsp., en það er orðið miklu meira en tímabært að hér á Alþingi fari fram alvarleg umræða um þróunarmál og þátt Íslands í þeim málaflokki.

Það er heldur ekki vansalaust, herra forseti, hversu illa Íslendingum gengur að uppfylla þau markmið sem aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér í sambandi við þróunaraðstoð og sem Alþingi sjálft hefur sett sér í sambandi við þróunaraðstoð.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 6. landsk. þm. Það er ekki vansalaust að slík umræða skuli fara fram í slíkum símskeytastíl sem boðið er upp á og það er með öllu óþolandi að ár eftir ár skuli Alþingi samþykkja, jafnvel einróma, ákveðnar aðgerðir sem síðan eru ekki uppfylltar. Ég held að ef við eigum að halda áfram að tala um þróunaraðstoð verðum við virkilega að setja okkur ekki bara markmið heldur einnig áætlun um hvernig þessu markmiði skuli náð. Það er talað um 0,7% af þjóðartekjum. Það er hægt að ná þessu markmiði ef árlega er aukið við í stað þess að lækka framlagið í raun og veru ár frá ári.

Ég held að við þurfum að taka þessi mál til ítarlegri athugunar og ekki gera með þessum hætti einróma samþykktir Alþingis að engu.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Við skulum vona að þær getsakir sem ég varpaði hér fram gangi ekki eftir. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Þróunarsamvinnustofnun Íslands fær ekki það fjármagn sem henni ber samkvæmt ályktun Alþingis. Hún hefur ekki ný verkefni tilbúin. Hún er að athuga ýmislegt. Það er sami stjórnarmeirihluti í Þróunarsamvinnustofnun Íslands og sá sem skammtar henni þau skammarlegu framlög sem hún má enn búa við. Það er skylda okkar sem hér sitjum að reyna að ráða í þennan gang mála og sjá fram í framtíðina.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma hér fram að af hálfu utanrrn. hefur verið ritað til fjvn., sem nú fjallar um fjárlagafrv., og vakin athygli á þeim tillögum sem í fjárlagafrv. eru og undirstrikuð nauðsyn þess að þar verði bætt úr. Þetta vildi ég að hér kæmi fram þannig að þm. vissu að af hálfu utanrrn. væri gert það sem í þess valdi stæði. Næst er það Alþingis að fjalla um fjárlagafrv. Þaðan kemur niðurstaðan og eftir henni verður að sjálfsögðu farið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna orða hæstv. utanrrh. Fjárlagafrv. er lagt fram af ríkisstjórn Íslands.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er svo komið að ekki verður fleira tekið fyrir á þessum fundi þar sem viðkomandi fyrirspyrjendur eða ráðherrar eru fjarverandi.

SAMEINAÐ ÞING

21. fundur, þriðjudaginn 25. nóv., að loknum 20. fundi.

Útboð opinberra rekstrarverkefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. FrS, 26. mál. — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Samfélagsþjónusta, frh. fyrri umr.

Þáltill. KSK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Endurskipulagning tannlæknaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 108. mál. — Þskj. 111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 151. mál. — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞB, 155. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Gjaldskrá þjónustustofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. JM og FrS, 156. mál. — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Fræðsla um kynferðismál, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 160. mál. — Þskj. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Sjúkra- og iðjuþjálfun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HS, 166. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Tannlæknaþjónusta í héraði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞB og HS, 169. mál. — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, fyrri umr.

Þáltill. JK og DA, 106. mál. — Þskj. 109.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 109 um endurskoðun laga um innflutning búfjár, en flm. ásamt mér er hv. þm. Davíð Aðalsteinsson. Till. er á þá leið:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að skipa nú þegar nefnd er hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. mars 1987."

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi og hlaut þá ekki afgreiðslu.

Þessi tillöguflutningur felur í sér tvö meginatriði sem endurskoðun laganna á að stefna að. Það er í fyrsta lagi að nútímatækni sé notuð til að ná skjótum árangri í ræktun nautgripa og í öðru lagi að leyfilegt verði að flytja inn fleiri nautgripakyn en Galloway-nautgripi, en það er það eina kyn sem leyfilegur er innflutningur á nú.

Það má spyrja hverjar séu ástæður fyrir þessum tillöguflutningi. Það er þá fyrst til að taka að það er skoðun flm., og byggjum við þar á viðtölum við bændur sem stunda nautgriparækt og sérfróða menn á þessu sviði, að þessi leið tryggi skjótari árangur í nautgriparæktinni og fleiri kyn tryggi hagkvæmari búskap og vöru sem fellur fremur í geð neytenda en það nautakjöt sem nú er boðið upp á. Nautakjöt af fleiri nautgripakynum falli betur að þörfum markaðarins en kjöt af Galloway-stofni.

Það skal undirstrikað að með þessum tillöguflutningi um endurskoðun laga um innflutning búfjár er alls ekki ætlast til þess að horfið sé frá öryggiskröfum um sóttvarnir né að því kerfi, sem byggt hefur verið upp, sé kastað fyrir róða. Hér er aðeins verið að fylgja kalli tímans hvað varðar tækni og hvað varðar gæði þeirrar vöru sem verið er að framleiða. Ef notuð eru frjóvguð egg eða fósturvísar í stað sæðisflutninga tryggir það skjótan árangur og hreinan grip við fyrsta burð og varan getur verið komin á borð neytandans um sjö mánuðum þar á eftir. Ræktun með gömlu aðferðinni tekur um tíu ár og vert er að benda á að heimildarlögin um innflutning búfjár eru frá 1962. Sæðisflutningur krefst fjölda gripa og er afar kostnaðarsamur einmitt vegna þess langa tíma sem hann tekur.

Ég vil einnig nefna örfá rök fyrir því að leyfa innflutning fleiri tegunda en Galloway-nautgripa hér á landi. Reynslan hefur sýnt að Galloway-blendingar út af íslenskum kúm ná ekki nægilegum sláturþunga fullvaxnir og er því hvert kíló af kjöti ákaflega dýrt í framleiðslu. Önnur nautgripakyn hafa stærri vöðva, og það er einmitt slíkt kjöt sem veitingahúsamarkaðurinn þarfnast, en á hann er mikið selt af nautakjöti sem framleitt er hérlendis og meiri hlutinn.

Þau rök hafa heyrst fyrir ræktun Galloway-nautgripa hér á landi að við þurfum sérstaklega harðger kyn hérlendis eins og Galloway er. Nautgriparækt með útigangi verður ekki stunduð hérlendis og það ætti ekki að verða markmið.

Það kunna ýmsir að segja sem svo að tíminn til þessa tillöguflutnings nú sé einkennilega valinn þar sem við mikinn offramleiðsluvanda er nú að etja í nautakjöti. Ég get ekki tekið undir það, þó að vandi steðji að um sinn í þessari grein, að það eigi að halda að sér höndum og halda þessari framleiðslugrein í spennitreyju einhæfni og gefa bændum ekki möguleika á að framleiða vöru sem hentar markaðnum. Það verður í þessari grein sem öðrum að líta til framtíðar og skapa almenn skilyrði til þess að nautakjötsframleiðsla geti orðið gildandi sem ein grein landbúnaðarframleiðslunnar þó að nú steðji að erfiðleikar þar eins og í öðrum greinum hennar. Vandamál dagsins í dag mega ekki koma í veg fyrir eðlilega þróun í þessum efnum. Mér er kunnugt um að vöðvabygging íslensku nautgripanna hefur komið í veg fyrir að kjöt hafi gengið eins vel á veitingahúsamarkaði og vænst var.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa till. að sinni, en óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á búrekstraraðstöðu, fyrri umr.

Þáltill. HG, 132. mál. — Þskj. 138.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er á þskj. 138, um könnun á búrekstraraðstöðu. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á fyrri hluta þessa árs 1987 samræmda könnun á búrekstraraðstöðu einstakra jarða og byggðarlaga um land allt.

Markmiðið með slíkri búrekstrarkönnun verði að safna upplýsingum um framleiðsluaðstöðu á einstökum jörðum, svo og um áform ábúenda og hugmyndir sveitafólks varðandi nýsköpun í atvinnulífi og breytingar á búháttum í dreifbýli í náinni framtíð.

Könnunin verði m.a. við það miðuð að unnt sé að nota þær upplýsingar sem safnast við mótun svæðaskipulags í landbúnaði þar sem tekið er tillit til aðlögunar hefðbundins búskapar að landgæðum og markaði, nýtingar arðbærra hlunninda og uppbyggingar nýrra búgreina. Jafnframt ætti könnunin að leiða í ljós stöðu einstakra byggðarlaga og verða leiðbeinandi um aðgerðir til að viðhalda byggðinni.

Við framkvæmd búrekstrarkönnunarinnar verði leitað aðstoðar búnaðarsambanda og héraðsráðunauta og hagnýttar niðurstöður úr könnun sem gerð var á árinu 1986 á Norðurlandi að frumkvæði Ræktunarfélags Norðurlands.

Landbrh. kynni Alþingi meginniðurstöður þessarar könnunar eigi síðar en haustið 1987 svo að unnt sé að móta aðgerðir með hliðsjón af henni á næsta þingi.

Kostnaður vegna könnunarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þetta er sjálf tillgr., en með henni fylgir grg. þar sem vikið er að þeirri mjög svo alvarlegu stöðu sem ríkir í landbúnaði, í hefðbundnum búgreinum alveg sérstaklega, og hvernig þar hefur allt verið látið reka á reiðanum, svo og að stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að taka á þessum málum stjórnunarlega þannig að viðhlítandi sé. Í rauninni hafa erfiðleikarnir þvert á móti vaxið vegna aðgerða stjórnvalda og eiga þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í framhaldi af setningu framleiðsluráðslaganna 1985 ríkan þátt í þeirri stöðu sem bændastéttin nú stendur frammi fyrir.

Með grg., sem fylgir þessari þáltill., er fskj. Það er grein eftir Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, grein sem hann ritar í Árbók landbúnaðarins 1985, en hún kom út á þessu ári. Grein sína nefnir Gunnar Guðbjartsson „Örlagatímar" og dregur þar fram mat sitt á stöðunni í landbúnaðinum í framhaldi af setningu búvörulaganna 1985 og dregur þar ekkert undan. Hann er þar skorinorður eins og oftast áður.

Ég ætla, herra forseti, að rökstyðja nokkrum orðum frekar nauðsyn þess að ráðist verði í þá könnun á búrekstraraðstöðu sem ég mæli hér fyrir. Það er alveg nauðsynlegt, ef menn ætla að taka á vanda hinna hefðbundnu greina og skipuleggja uppbyggingu nýrra búgreina og ýta þar með undir þá nýsköpun sem þarf að verða í sveitum landsins, að menn hafi skýra vitneskju um hvert er ástandið, hver er staðan, til hvers stendur vilji heimafólksins. Það kann að hljóma einkennilega að ekki skuli liggja fyrir skýrar og skilmerkilegar upplýsingar um hvernig háttar til á einstökum jörðum í landinu varðandi framleiðslu, framleiðsluaðstæður og möguleika til búháttabreytinga, svo og ýmsar félagslegar aðstæður á einstökum jörðum sem snerta möguleikana á ættliðaskiptum í sveitunum, að yngri menn taki við af eldri svo að dæmi séu nefnd. En ástandið er svona.

Fyrir utan Norðurland, þar sem gert var átak að frumkvæði heimamanna á þessu ári, skortir á skilmerkilegar upplýsingar um stöðuna í sveitum. Úr þessu verður að bæta ef menn ætla að taka málin öðrum tökum en nú er gert. Það verður að fást viðspyrna til þess að taka þar öðruvísi á málum því að núverandi stefna í landbúnaði gagnvart hefðbundnum greinum og handahófi varðandi nýjar búgreinar er feigðarflan. Eitt aðalumræðuefni á fundum þar sem bændur koma saman er það voveiflega ástand sem við blasir víða í sveitum og hættan á hruni heilla byggðarlaga í kjölfar ákvarðana stjórnvalda í framhaldi af setningu búvörulaganna 1985.

Bændur hafa áreiðanlega fullan hug á að knýja fram breytingu á þessari stefnu, en til þess að svo verði þurfa stjórnvöld að taka undir með jákvæðum hætti í stað þess að reyra þar allt í viðjar og láta reiknistokkinn um að reikna bændur niður og út á gaddinn marga hverja eins og gerst hefur með stjórnunaraðgerðum núverandi ríkisstjórnar og þeim reglugerðum sem hæstv. landbrh. hefur sett og þar sem niðurstöðurnar hafa verið að berast bændum nú, sauðfjárbændum síðast, á grundvelli reglugerðar sem rætt var um utan dagskrár í síðustu viku varðandi framleiðslu sauðfjárafurða á komandi verðlagsári 1987–1988. Það er knýjandi að fyrir liggi töluleg gögn og skýrar upplýsingar um hugmyndir fólksins á einstökum jörðum í landinu og í einstökum byggðarlögum þannig að unnt verði að taka vitrænt og skipulega á þeim vanda sem vissulega blasir við í landbúnaðinum.

Það hefur verið safnað upplýsingum um ýmsa þætti á liðnum árum, eins og vikið er að í grg. með þessari þáltill., en það blasir við að lítið hefur verið gert með þessa upplýsingaöflun. Henni hefur ekki verið haldið til haga eða úr henni unnið í því formi að það megi koma að gagni við þá stefnubreytingu sem þarf að verða í stjórnun landbúnaðarmálanna. Það hefur verið safnað ýmsum upplýsingum, m.a. á vegum Búnaðarfélagsins, Framleiðsluráðs og Fasteignamats ríkisins, en þessar upplýsingar hafa ekki verið hagnýttar og þær hafa ekki verið sniðnar að þörfinni á að taka öðruvísi á landbúnaðarmálunum en stjórnvöld hafa staðið fyrir á undanförnum árum og viljinn til þess að bæta úr þessu hefur verið lítill sem enginn.

Ég vænti þess að hv. Alþingi geti tekið undir þessa þáltill. Menn geta varla haft á móti því að aflað verði upplýsinga um þau atriði sem hér er lagt til og ég held að menn hljóti að átta sig á að það er knýjandi að það verði enginn dráttur á þessu starfi því að sú ríkisstjórn sem tekur við að kosningum loknum þarf að hafa aðstöðu til þess að taka á málefnum sveitanna og sveitafólksins með allt öðrum hætti en gerst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er beinlínis spurningin um líf eða dauða í heilu byggðarlögunum á landinu og hjá fjölda bænda sem nú standa frammi fyrir lítt ef ekki óleysanlegu dæmi margir hverjir.

Sá niðurskurður á verðábyrgð og sá takmarkaði fullvirðisréttur sem bændum hefur verið úthlutað að undanförnu veldur því að fjölmargir sjá ekki fram úr sínu fjárhagsdæmi, sjá ekki fram úr erfiðleikunum. Vinnubrögðin í þessum efnum voru rædd í síðustu viku hér á Alþingi. Þar tjáðu sig margir þm. um málið og flestir gagnrýndu harðlega þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Það er heldur ekki hægt annað en gagnrýna þetta. Hvernig má það vera að bændum séu sendir slíkir skömmtunarseðlar eftir að sláturtíð er lokið, eftir að þeir hafa tekið ákvarðanir um ásetning komandi árs og þann samdrátt sem nemur í vissum tilvikum hundruðum ærgildisafurða?

Ég veit að á Austurlandi, þar sem sauðfjárrækt er víða undirstaðan undir búskap í heilum sveitum, standa menn nú nánast ráðþrota frammi fyrir því dæmi sem þarna liggur fyrir og spyrja: Á þetta yfir okkur að ganga? Ég held að það sé þarft og hollt fyrir stjórnvöld að fá inn á sitt borð skilmerkilegar upplýsingar um aðstöðuna á einstökum jörðum, í einstökum sveitum þegar saman er lagt og átta sig á

með hvaða hætti öðrum er unnt að bregðast við en þeirri sveltistefnu sem stjórnvöld hafa staðið fyrir á undanförnum árum.

Stefna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og ráðstöfun á fjármagni hans að undanförnu með kaupum og leigu á fullvirðisrétti, algerlega skipulagslaust, er svo kafli út af fyrir sig sem fellur inn í þá mynd sem við blasir í sveitum, þar sem það er algerlega lagt í vald viðkomandi bónda hvað hann gerir án tillits til nágrannanna, án tillits til stöðu sveitarfélagsins. Menn óttast að byggðin verði enn grisjuð og það verði ekki þær jarðir sem kannske væri réttlætanlegt að taka úr búskap, þar sem menn hætta búrekstri eða leigja sinn rétt eða selja sinn rétt, heldur kannske ágætar bújarðir sem þannig eru teknar úr ábúð.

Herra forseti. Ég vildi aðeins víkja í sambandi við þessa till. að þeim þætti sem snýr að sölumálum afurðanna, alveg sérstaklega sauðfjárafurðanna. Landssamtök sauðfjárbænda hafa undanfarið sent stjórnvöldum erindi í þeim efnum og sent frá sér ályktanir þar sem harðlega er gagnrýnt hvernig staðið hefur verið af stjórnvalda hálfu og af hálfu söluaðila, þá fyrst og fremst búvörudeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, að sölumálum á dilkakjöti. Undir þá gagnrýni og ábendingar hefur verið tekið af Framleiðsluráði landbúnaðarins, m.a. í bréfi sem hæstv. landbrh. var ritað af framleiðsluráðinu 7. nóv. s.l. þar sem dregin var upp sú erfiða staða varðandi birgðahald á dilkakjöti sem við blasir og sem fram undan virðist vera að óbreyttu.

Ég minni á þetta vegna þess að það ætti að vera sjálfsagt kappsmál stjórnvalda að reyna að lina þann hnút sem verið er að reyra að bændastéttinni með því að standa fyrir og styðja við myndarlegt söluátak og láta virkilega á það reyna hvort ekki er unnt að koma a.m.k. hluta af þessum miklu birgðum, sem hafa verið að safnast upp og munu væntanlega safnast upp á næstunni, út fyrir skárra verð en fengist hefur. Þetta er spurningin um líf og dauða fyrir fjölmarga bændur. Þarna hefur ekki verið haldið á málum eins og eðlilegt væri. Það kemur m.a. fram í erindum frá búvörudeild Sambandsins að hún telur sig hvorki hafa heimild né heldur skyldur til að leggja fé og vinnu í að leita markaða. Þetta kemur fram í tilvitnun í bréfi sem Landssamtök sauðfjárbænda hafa sent til búvörudeildar Sambandsins og er alveg kafli út af fyrir sig.

Ég nefni það einnig í þessu samhengi að í erindi frá 19. nóv., sem stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda sendir frá sér, er vikið að því að ekkert raunhæft hefur komið fram frá hendi ráðherra eða þingmanna til að bregðast við þeim erfiðleikum sem samdráttur á okkar bestu mörkuðum hefur skapað annað en það að draga saman framleiðsluna án þess að huga nokkuð að því hvaða afleiðingar það hefði fyrir bændur og byggðir landsins. Í þessu erindi segir einnig, með leyfi forseta:

„Með skipulagslausu undanhaldi og samdrætti í sauðfjárframleiðslu er hætta á stórfelldri byggðaröskun. Það verður því að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau geri það upp við sig hvar á að stunda sauðfjárrækt og hvar eigi að leggja hana af.“

Það þýðir ekki að ætla að kasta þessu til bændastéttarinnar eins og að málum hefur verið staðið. Auðvitað hljóta samtök bænda að vera reiðubúin til að taka á málum ef stjórnvöld sýna lit á að koma til móts við erfiðleikana með eðlilegum hætti.

Vandinn tengist hefðbundnum greinum og hann er magnaður upp í hefðbundnu greinunum vegna þeirrar afstöðu m.a. að hluti af kjötframleiðslunni í landinu er stjórnlaus, er hömlulaus. Þar er ekkert þak sett á, það eru bara sauðfjárafurðirnar þar sem hömlur eru settar, á meðan nautakjöt, alifuglakjöt og svínakjöt er án teljandi stjórnunar, nema menn vilji telja fóðurbætisskatt hluta af því kerfi en það er a.m.k. ekki tekið á því með neitt hliðstæðum hætti og gert er í sambandi við dilkakjötið eins og kunnugt er.

Varðandi nýju búgreinarnar ríkir skipulagsleysið eitt og óheft hjá hæstv. landbrh. Hann svaraði því hér í fyrravor, þegar hann reiddi fram magra skýrslu sem svar við fsp. af hálfu okkar þm. Alþb., að þar væru engar áætlanir til staðar, þar væri ekkert skipulag. Að vísu væri von á einhverju frá Byggðastofnun og fleiri aðilum. En ekkert slíkt hefur sést. Því er hér mikil alvara á ferðum og sú tillaga um könnun á búrekstraraðstöðu sem ég mæli fyrir og vænti að fái jákvæðar undirtektir er ákveðinn lykill að því að það verði unnt að taka þessi mál allt öðrum tökum en gert hefur verið af núverandi stjórnvöldum.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það hjá hv. flm. þessarar þáltill. að ég vonast til þess að Alþingi styðji það efni sem þáltill. fjallar um þar sem þetta verk er þegar hafið. Það er búið að gera úttekt á Norðurlandi öllu og er verið að ljúka við það á Vestfjörðum og ætlunin er síðan að verði haldið áfram við þetta um land allt. Ég vona það satt að segja að Alþingi fari ekki að setja fótinn fyrir það. Ég held að slík úttekt, og þess vegna var út í hana farið, sé nauðsynleg þó að hins vegar verði líka að taka tillit til mannlegra sjónarmiða og ekki sé auðvelt að reikna alla hluti út.

Hv. flm. taldi að það væri mjög slæmt að gera bændum frjálst tilboð um að veita þeim stuðning til að breyta um búskaparhætti. Mér skildist á honum að það ætti fremur að gera slíkt með einhverri fyrirskipun og segja: Þú átt að gera þetta og þú átt að gera hitt. Að mínu mati er það miklu æskilegri leið að gera tilboð og vita hverjir telja sér það hagkvæmt án þess beinlínis að knýja menn. Við sem höfum stundað búskap vitum mætavel að það þýðir ekkert að segja einhverjum manni: Þú átt að búa svona og þú átt að segja hinsegin. Búskapur gengur ekki nema menn hafi áhuga fyrir honum. Hann verða menn að hafa til þess að ekki leiði til ófarnaðar. Að því leyti er dæmið dálítið erfiðara við búrekstur en t.d. ýmsan annan atvinnurekstur.

En í sambandi við ýmislegt af því sem hv. flm. ræddi vil ég benda sérstaklega á að þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið og sú stefna sem hefur verið mótuð hafa byggst fyrst og fremst á tillögum Stéttarsambands bænda. Það var Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands sem áttu flesta í þeirri nefnd sem ég skipaði til að marka framleiðslustefnu í landbúnaði. Tillögur þeirrar nefndar voru teknar fyrir á aðalfundi Stéttarsambands bænda á Ísafirði 1984 og gerð þar ályktun um þær. Það voru þær tillögur sem síðan voru grundvöllur að þeirri lagasetningu sem Alþingi samþykkti. Þannig hefur verið mjög náið samstarf haft við bændasamtökin um alla framkvæmd þessara mála.

Hv. flm. vék að samþykktum frá Samtökum sauðfjárbænda. Þau samtök hafa mjög látið markaðsmál til sín taka. Fyrir rúmu ári höfðu þau frumkvæði að því að reyna að vinna að markaði erlendis. Það framtak var stutt af hendi landbrn. og Framleiðnisjóðs, bæði með fjárframlögum og mannafla, en niðurstaðan af þessu hjá Samtökum sauðfjárbænda var sú að ég fékk bréf frá þeirra fulltrúa þar sem hann óskaði eftir því að Samband ísl. samvinnufélaga tæki við þessu verkefni.

Hins vegar vil ég taka undir það að sölumennsku verður að stunda eins og nokkur kostur er. Á s.l. ári hefur verið gert meira söluátak með framleiðsluvörur hinna hefðbundnu búgreina innanlands en nokkru sinni fyrr. Það hefur borið árangur þannig að á s.l. sumri, eftir að þessi vinna hafði farið fram bæði með auglýsingum og verðlækkunum samfara, stórox sala á kindakjöti í júlí og ágúst og fór þá upp í 900 tonn hvorn mánuðinn. Það var álit sölumanna að þar væri um raunverulega neysluaukningu að ræða. Sama hefur gerst einnig í sambandi við mjólkurvörurnar. Það hefur verið mikil söluaukning síðustu mánuði. Það var það sem gerði kleift að gera samning milli Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar sem fól í sér að þeir bændur sem áfram munu halda búskap á næsta verðlagsári eigi möguleika á að fá úthlutað ekki minni fullvirðisrétti en þeir munu fá á þessu verðlagsári.

Ég rakti það í síðustu viku að fyrsta árið sem samningurinn var í gildi fengu framleiðendur á lögbýlum fullt verð fyrir sína framleiðslu á kindakjöti og samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir nú eftir mánaðamótin voru horfur á að það yrði mjög lítill skortur á að það mark næðist einnig á þessu verðlagsári. Það virðist því vera nokkuð mikið öfugmæli að hér sé um gífurlegan niðurskurð að ræða.

Hitt er annað að við þekkjum öll fjölmarga bændur sem vilja stækka sín bú og telja sig hafa þörf á því, en það er því aðeins hægt að svigrúm sé á markaði. Af þeim sökum er verið er að reyna að ná því marki að samhliða því að afkastagetan í búrekstrinum vex verði hægt að nýta hana með því að það verði þá færri sem vinna að þessu. Aðrir snúi sér að nýjum möguleikum.

Herra forseti. Tíminn er fljótur að líða þegar farið er að ræða um þessi mál, en ég vil aðeins að lokum víkja að einu atriði sem hv. þm. minntist á, um skömmtunarseðla. Ég vil undirstrika það, sem ég áður sagði, að sú úthlutun á fullvirðisrétti sem nú hefur farið fram í fyrsta skipti fyrir fram hvað varðar sauðfjárræktina er lágmarkstrygging og einstakir bændur munu að sjálfsögðu njóta þess ef meira svigrúm skapast til viðbótar þar eins og gerðist t.d. á öllum svæðum í mjólkurframleiðslunni á síðasta verðlagsári. Þar var úthlutað þegar upp var staðið magni sem einstakir framleiðendur höfðu ekki notað. Sama mun að sjálfsögðu gerast þarna. Miðað við reynsluna frá því í fyrra og svo einnig núna benda allar líkur til þess að mjög lítið vanti á að endar nái saman. Þá ætti það einnig að takast á næsta ári þó að það verði ekki endanlega ljóst fyrr en uppgjör liggur fyrir.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég virði það við hæstv. landbrh. að taka þátt í þessari umræðu og ég þakka honum fyrir góð orð um þessa till. og skildi mál hans þannig að hann mælti með stuðningi við hana hér á hv. Alþingi. Ég treysti því þess vegna að hæstv. ráðh. hafi áhrif eftir því sem hann getur á sína flokksmenn og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar til þess að till. verði samþykkt sem fyrst hér á þinginu. Það skiptir afar miklu máli, eins og ég vék að, að þessi könnun fari fram.

Ég tel líka að það sé skýlaus skylda þingsins að sjá til þess að kostnaður við slíka úttekt greiðist úr ríkissjóði þannig að hann þurfi ekki að falla á einstök búnaðarsambönd eða bændur sem slíka. Það teldi ég ótækt. Það er þegar búið að leggja mikið á samtök bænda og búnaðarfélögin með beinum hætti í sambandi við þær stjórnunaraðgerðir sem hæstv. ráðh. hefur staðið fyrir og það er mikið álag á þá starfsmenn sem eru að vinna að athugun og útfærslu á þessum málum, og hefur verið, eins og hæstv. ráðh. mun vera ekki síður kunnugt um en mér. Því skiptir það mjög miklu máli að það liggi fyrir hið allra fyrsta stefna um að ráðist verði í þessa könnun um land allt þannig að niðurstaðan gæti legið fyrir. Næsta vor þyrfti hún að vera til staðar eða a.m.k. á næsta sumri þannig að menn geti horft á dæmið á grundvelli samræmdrar könnunar af þessu tagi.

Mér er alveg ljóst að þetta er verulegt verk, en reynslan af Norðurlandi á að geta auðveldað starfið í öðrum landshlutum. Það þarf eflaust að bæta við mannafla til að vinna að þessari könnun. Ég býst ekki við að það séu aðilar tiltækir til að vinna þetta verk nema þeir verði sérstaklega til kvaddir og fái auk þess leiðsögn til þess að vinna þetta verk undir forustu réttra aðila sem reynslu hafa. Í grg. með till. er þar vísað á búnaðarsamböndin og ráðunauta, sem eðlilegt er að hjálpi til við þetta verk og aðstoði við bæði mótun þess og úrvinnslu, þannig að ég vona að þetta geti farið vel úr hendi.

Ég ætla ekki að fara mikið út í umræður frekar við hæstv. ráðh. í sambandi við hans stefnu. Hún hefur ekki aðeins verið gagnrýnd af mér hér á Alþingi

heldur kannske með enn sterkari orðum af flokksmönnum hæstv. ráðh. og öðrum stjórnarþingmönnum sem hafa hver eftir annan komið upp í ræðustól og farið mjög hörðum orðum um stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálunum. Það þarf því í rauninni ekki af hálfu okkar stjórnarandstæðinga að skerpa svo mjög róminn í sambandi við gagnrýni á þau óheillatök sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið þessi mál.

Það er hins vegar freistandi, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu, að minna á og víkja að í stuttu máli smákafla úr fskj. sem er grein Gunnars Guðbjartssonar sem hann kallar „Örlagatímar". Hann dregur þar upp mynd af þeirri stefnu sem felst í framleiðsluráðslögunum í upphafi sinnar greinar og segir í framhaldi af því, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum nýjungum í meðferð verðlagsmála felast breytingar sem geta ráðið örlögum íslenskrar byggðaþróunar og örlögum íslensks landbúnaðar í framtíðinni. Hin nýju ákvæði um verðmiðlun geta ráðið örlögum fámennra og fátækra byggðarlaga. Þar kann þó að valda miklu hvernig með valdið verður farið.

Frjáls heildsöluverðsákvörðun og frjáls verslunarálagning eins og nú hefur verið upp tekin í verslun með kartöflur hefur þegar leitt til a.m.k. tvöfalds kostnaðar í verslun með þá vöru. Hækkað verð á vörunni þrengir markaðinn og minna selst og þá geta færri menn lifað af því að framleiða þá vöru. Verðlagsyfirvöld og neytendur virðast ekki láta sig þetta varða. Svipuð þróun hefur orðið í kjötsölu síðan smásöluálagning stykkjaðs kjöts var gefin frjáls."

Síðan víkur hann enn frekar að stefnunni og útfærslu þessara mála. Hann segir í sambandi við Framleiðnisjóðinn og þær tekjur sem til hans skyldu renna, sem hann taldi út af fyrir sig jákvæða stefnu, þetta:

„Ráðstöfun þessa fjár á að fara eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra (reglugerð). Ákvæðin um ráðstöfun fjárins eru mjög losaraleg og því nokkur hætta á að ekki sé sú stefnumörkun fyrir hendi að tilgangur með þessari lagagrein náist nægilega fljótt svo að ný framleiðsla verði til framfærslu fólks í sveitum jafnótt og draga skal úr framleiðslu kjöts og mjólkur svo sem til er ætlast."

Þarna kemur Gunnar einmitt að stóru máli, sem ég vék að, handahófinu í sambandi við nýjar búgreinar og þar með í rauninni erfiðleikunum á að nýta þetta fjármagn sem lögin gera ráð fyrir að Framleiðnisjóður hafi yfir að ráða.

Aðeins undir lokin, herra forseti, vildi ég nefna niðurlagið í grein Gunnars Guðbjartssonar þar sem hann segir:

„Stjórnleysi í framleiðslu á nautakjöti, svínakjöti og fuglakjöti getur riðið sauðfjárframleiðslunni að fullu. Ekki verður búandi til lengdar við það að allt kjöt sé selt á útsölu." Ég skýt því hér inn að það var það sem hæstv. ráðh. var að víkja að að hefði tekist svo vel í sumar að koma nær ársgömlu kjöti ofan í frystikistur landsmanna og kannske var það enn þá eldra, ég veit það ekki. „Slíkt verður dauðadómur á alla kjötframleiðslu í landinu", heldur Gunnar áfram. „Stjórnvöld verða að átta sig á þessu fljótlega. Verði það ekki gjört mun umrædd löggjöf valda íslensku þjóðfélagi skapadómi sem aldrei verður bættur. Ekki er heldur búandi við stjórnleysi í eggjaframleiðslu svo sem nú er.

Með slíku stjórnleysi er fjármunum þjóðarinnar sóað í stórum stíl í óarðbæra fjárfestingu sem engum nýtist. Sé þetta gert til að þjóna trúarlegum sjónarmiðum samkeppnismanna, þá er verið að hætta fjöreggi þjóðarinnar í annarlegum leik líkt og tröllskessurnar gerðu forðum og frá er sagt í þjóðsögum.

Hvort hin nýju framleiðslulög skapa þjóðinni örlagadóm eða valda straumhvörfum til góðs ræðst af því hvort stjórnvöld hafa kjark til að hafna stjórnlausri markaðshyggju samkeppnismanna og taka upp skipulag félagshyggju í staðinn og viðhalda raunhæfri byggðastefnu.

Næstu tvö til þrjú ár munu skera úr um þetta efni. Af þeim úrskurði munu örlög íslenskra byggða og íslensks landbúnaðar ráðast."

Þetta var tilvitnun í mál framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, manns sem lengi hefur staðið á vaktinni í þjónustu bændastéttarinnar og talar af mikilli reynslu.

Ég vænti, herra forseti, að sú nefnd sem ég legg til að fái þessa þáltill. til meðferðar, könnun á búrekstraraðstöðu, taki fljótt og vel á þessu máli, en það er atvmn. sem ég legg til að fái tillöguna.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það er rétt að það er reynslan sem auðvitað verður dómarinn um það hvernig til tekst með framkvæmd þessara mála. Ég vil benda á það að búreikningar frá s.l. ári munu sýna að það ár hefur verið bændum hagstætt hvað launalið varðar. Ég er ekki með þær tölur hér en þær munu að sjálfsögðu birtast á prenti þegar þær verða tilbúnar. Og það sem skiptir auðvitað mestu máli er afkoma bænda. Ég held að erfitt sé að fá hæfari menn til að gera þá búrekstrarkönnun sem þessi þáltill. fjallar um en þá sem að henni hafa unnið og einstökum bændum hafa ekki verið sendir reikningar fyrir þeirri vinnu.

En vegna orða um stjórnlausa framleiðslu sumra búgreina vil ég aðeins benda á, ég býst við að okkur öllum sé það ljóst, að neyslu verður ekki stjórnað með því að láta vöru vanta á markað. Við getum ekki sagt við neytendur að þetta kjöt eða hitt eigi ekki að vera til af því að þeir eigi að borða annað frekar. Það held ég að fáum detti orðið í hug. Þar verður neytandinn að fá að velja. Hitt er annað mál að með sölumennsku og ýmsum fleiri aðferðum er að sjálfsögðu hægt að hafa áhrif á það hvað neytandinn velur. En stjórnun einnar búgreinar hefur þann tilgang fyrst og fremst að gera framleiðsluna sem hagkvæmasta, bæði fyrir neytandann og framleiðandann.

Mig furðar dálítið á hvað því er lítið haldið á lofti hversu mikils virði það er fyrir okkur að eiga svo ágætar framleiðsluvörur, matvörur sem framleiddar eru á innlendu fóðri, á sama tíma sem aðrar þjóðir eru orðnar hræddar við að neyta þeirrar fæðu sem þeir afla sjálfir, eins og kemur síðast fram núna frá Dönum. Þeir þora ekki lengur að borða fiskinn sem dreginn er úr hafinu þar í kring. Og nýlega kom það í fréttum að Brasilíumenn lokuðu fyrir innflutning á mjólkurvörum frá Evrópu, Efnahagsbandalaginu, vegna þess að þeir óttuðust að þar væri orðið um mengaða vöru að ræða, vegna þess hvernig jarðvegurinn er orðinn. Ég held að þeir sem vilja í raun styðja íslenskan landbúnað ættu að leggja áherslu á það hversu mikils virði það er fyrir neytendur að eiga kost á svona góðri vöru.

En að lokum aðeins í sambandi við birgðasöfnun: Miklu meiri birgðir af kindakjöti voru til í upphafi verðlagsárs þegar núv. ríkisstjórn tók við en var þó nú á s.l. hausti. Þó að vissulega sé við ærinn vanda að eiga hefur þó heldur þokast í rétta átt.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Hæstv. landbrh. var í rauninni að taka undir með talsmönnum hinnar óheftu samkeppni. Hann var að tala um að það væri ekki hægt að mismuna neytandanum eða kenna honum átið. Út af fyrir sig getur þetta staðist. En ætli verðlagningarstefnan af stjórnvalda hálfu og verðið á vörunni skipti ekki miklu máli um hvert valið er hjá neytandanum? Og hvernig hefur núv. ríkisstjórn staðið að þeim málum í sambandi við niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum þar sem hefðbundna framleiðslan hefur rokið upp í verði á sama tíma og kjör fólksins eru skert?

Auðvitað er gott ef það kemur í ljós að afkoma bænda almennt hafi verið betri en menn gerðu ráð fyrir á síðsta ári, meira hafi komið í launaumslagið. En ég vara mjög við að menn séu að tala um bændur í einni spyrðu. Er það ekki einmitt vandinn, hin misjafna staða bænda, hin ólíka staða meðal bænda? Ég held að það sé einn stóri vandinn og ég held að formaður þingflokks Framsfl. hafi minnt hæstv. ráðh. á það nokkrum sinnum úr þessum ræðustól. Hvað er það svo sem bændur eru að taka á sig varðandi launaliðinn vegna stefnu ríkisstjórnarinnar á komandi verðlagsári? Hvað fólst í verðákvörðunum á síðasta hausti? Jú, það voru 200 þús. kr. tæpar, 197 þús. kr., sem meðalbú var að taka á sig þar í skertu verði.

Ég held að menn þurfi, einnig ráðamenn í þessum efnum, að halda öllu til haga sem þeir hafa staðið að að knýja fram, pinklunum sem þeir hafa verið að leggja á bændastéttina, sem er mjög misjafnlega í stakk búin til að taka við þessum álögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðbeiningarmerki við vegi, fyrri umr.

Þáltill. ÞSk og SJS, 145. mál. — Þskj. 155.

Flm. (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 155 er ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Till. er um skipun nefndar er setji reglur um auglýsinga- og leiðbeiningarmerki við vegi landsins. Tillgr. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er semji reglur um uppsetningu auglýsinga- og leiðbeiningarmerkja við vegi landsins.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum tilnefndum af Ferðamálaráði, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum án tilnefningar.

Nefndin endurskoði núgildandi lög og reglugerðir er fjalla um auglýsingar og leiðbeiningarmerki meðfram vegum og geri tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi.“

Þannig hljóðar tillgr. Með bættum samgöngum fjölgar sífellt því fólki, innlendu og erlendu, er um vegi landsins ferðast og er það ánægjulegt. Aukinn straumur ferðafólks kallar á aukna þjónustu og hefur mikil uppbygging orðið í ferðamannaþjónustu víða um land. Ferðamannaþjónustan er orðin að atvinnuvegi sem skapar ný atvinnutækifæri og stendur undir verulegum fjárfestingum sem lagt hefur verið í.

Af eðlilegum ástæðum er auðveldast að sinna þessari atvinnugrein meðfram þjóðvegum landsins þar sem ferðamannastraumurinn er mestur en fleiri vilja þó hasla sér völl á þessu sviði og hafa upp á ýmislegt að bjóða. Það á ekki síst við um þéttbýlisstaði, skóla með sumarhótelþjónustu og sveitabæi er standa nærri hringveginum en þó ekki alveg við hann.

Þeir sem stunda ferðamannaþjónustu við þessar aðstæður hafa orðið áþreifanlega varir við það að ferðafólk veit ekki af þeirri þjónustu er þeir hafa upp á að bjóða og ekur fram hjá. Margir hafa því gripið til þess ráðs að auglýsa þjónustu sína við þjóðvegina, ferðamönnum til mikils hægðarauka. Í sumum tilfellum hefur ferðaþjónustufólk lagt í verulegan kostnað við hönnun, framleiðslu og uppsetningu slíkra auglýsinga- eða leiðbeiningarskilta.

Sum þessara auglýsingaskilta brjóta hins vegar í bága við reglur um uppsetningu leiðbeiningarmerkja við þjóðvegi er Náttúruverndarráð og Vegagerð ríkisins hafa komið sér saman um. Ýmsir líta þó á þær reglur fyrst og fremst sem viðmiðunarreglur sem enga staðfestingu hafi fengið, enda margt í þeim sem orkar tvímælis. Það vekur t.d. furðu margra að ekki skuli mega upplýsa þá er um þjóðveginn fara um veitinga- og gistiþjónustu, sundlaug og tjaldstæði sem þar er í aðeins nokkurra kílómetra fjarlægð frá þjóðveginum. Margt ferðafólk leitar því

langt yfir skammt vegna ónógra upplýsinga. Ágreiningur hefur því risið milli Vegagerðar ríkisins og þeirra er auglýst hafa ferðamannaþjónustu við þjóðvegina um auglýsinga- og leiðbeiningarmerkin. Vegagerðin hefur viljað standa fast á sínum reglum og á sumum svæðum en öðrum ekki framfylgt þeim af mikilli hörku, m.a. með því að fjarlægja auglýsingaskilti og leiðbeiningarmerki. Kærumál hafa gengið milli auglýsenda og Vegagerðarinnar en úrskurður ekki fallið.

Umræddar reglur hafa einnig leitt til þess að auglýsendur hafa komið sér upp alls konar auglýsingaskiltum rétt utan vegsvæðisins, innan girðinga, með leyfi landeigenda. Aðgerðir Vegagerðarinnar hafa því alls ekki komið að því gagni né skapað það aðhald er að var stefnt.

Ljóst er því að reglur Vegagerðarinnar og Náttúruverndarráðs eru ófullnægjandi, bæði frá sjónarmiði þessara stofnana og einnig þeirra er auglýsa vilja sína þjónustu. Sérstaklega á það þó við gagnvart ferðafólki er þarf á því að halda að fá sem bestar og réttastar upplýsingar og leiðbeiningar um hvaða þjónustu það geti fengið er það ekur um landið.

Óheft frelsi til uppsetningar auglýsinga, ekki síst verslunarauglýsinga, meðfram vegum landsins kemur hins vegar að mati flm. ekki til greina. Full nauðsyn er á því að gerðar séu strangar kröfur um útlit og uppsetningu leiðbeiningarmerkja þannig að ekki rísi upp óskipulegur skiltaskógur meðfram þjóðvegunum. Í því sambandi þarf m.a. að taka tillit til umferðaröryggis, náttúruverndar og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Nauðsynlegt er því að setja nýjar reglur um auglýsinga- og leiðbeiningarmerki við þjóðvegi landsins þar sem tekið er tillit til sem flestra hagsmuna og þó sérstaklega til sjónarmiða hins almenna ferðamanns sem þarf á sem bestum upplýsingum og leiðbeiningum að halda á ferðum sínum um landið.

Umrædd till. gerir ráð fyrir því að fleiri komi að því að móta reglur um uppsetningu auglýsinga- og leiðbeiningarmerkja en Vegagerðin og Náttúruverndarráð. Á því er full nauðsyn til að koma í veg fyrir og leysa þann ágreining sem víða er uppi um þessi mál. Sérstök nauðsyn er þó auðvitað á því að við mótun slíkra reglna komist að hagsmunir og sjónarmið ferðaþjónustufólks og hins almenna ferðamanns en út á það gengur þessi till.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðstoð við hitaveitur, fyrri umr.

Þáltill. MHM o.fl., 183. mál. — Þskj. 193.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þetta mál fæst tekið fyrir á þessum fundi í Sþ. Hér er um að ræða till. til þál. um aðstoð við hitaveitur og tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að bæta stöðu þeirra hitaveitna sem verst eru staddar fjárhagslega.

Tillögur þar að lútandi verði lagðar fyrir Alþingi það er nú situr svo tímanlega að unnt sé að afgreiða þær fyrir þinglok.“

Flm. þessarar tillögu eru úr öllum þingflokkum og met ég það mjög mikils vegna þess að þetta er mikið réttlætismál sem þarf að fá skjóta afgreiðslu.

Meginreglan í landsstjórn hefur verið sú að reyna að búa svo um hnútana að íbúar landsins hvar sem þeir annars búa geti búið við svipuð kjör. Á þessu hefur orðið talsverður misbrestur sem óvíða sker eins í augu og í hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Okkur flm. er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur fullan hug á því að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem við lökust kjör búa í þessum efnum. En eins og ég sagði áðan er hér á ferðinni eitt mesta réttlætismál sem þingið hefur tekist á við um langt skeið. Ég hirði ekki um að lesa grg. frá orði til orðs en vil geta þeirra hugmynda sem flm. koma fram með í þessari till. um það hvernig megi taka á þessu máli. Þar segir í grg.:

„Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að ríkisvaldið verði að koma inn í þetta mál með beinum og óbeinum hætti til aðstoðar verst settu hitaveitunum, t.d. með því:

1. Að skuldbreyta lánum þeirra til að jafna greiðslum á lengri tíma og skipta strax út óhagkvæmustu lánunum. — Ég kem að því síðar hvernig t.d. lánastaða Akureyrarbæjar er vegna hitaveitunnar.

2. Að tryggja að vaxtakjör skuldbreytingarlána verði þau hagstæðustu sem völ er á á hverjum tíma.

3. Að lækka raforkuverð til þeirra í algert lágmark.

4. Að fella niður söluskatt af raforku til dælingar og endurgreiða söluskatt af fjárfestingarvörum þeirra.

5. Að nota hluta af þeim skatti sem sérstaklega var lagður á með lögum nr. 12/1980 til jöfnunar á hitakostnaði fólks (1,5% hækkun söluskatts) til aðstoðar verst settu hitaveitunum með beinum eða óbeinum hætti, t.d. með yfirtöku hluta af lánum þeirra.“ Þetta eru þær hugmyndir sem flm. hafa helstar fram að færa.

Nú er það að segja um þetta mál að mesti munur á öllum tegundum upphitunarkostnaðar af hvaða tegund sem er er nú milli dýrustu og ódýrustu hitaveitnanna. Munurinn er meiri en 3:1 og er þar um að ræða annars vegar Hitaveitu Reykjavíkur og hins vegar Hitaveitu Akureyrar. Þess ber að geta strax í upphafi að skuldir þeirra hitaveitna sem koma inn í

þessa till. hjá okkur, sem eru sex, eru um það bil 4 milljarðar króna. Ég vil geta þess að íbúar á svæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar skulda um 210 þús. kr. hver, á Akureyrarsvæðinu 164 þús., í Vestmannaeyjum 120 þús. og Rangá 180 þús. kr. Þetta eru gífurlegar skuldir og það er alveg gjörsamlega útilokað, eins og sakir standa núna, að þessar hitaveitur geti staðið undir afborgunum og vöxtum af þeim lánum sem tekin hafa verið til hitaveituframkvæmda. Það þarf ekki að rekja þessa sögu aftur í tímann að neinu ráði vegna þess að flestir hv. þm. þekkja hana, hvernig hvatt var til þess á árum hás olíuverðs að byggðarlög færu í hitaveituframkvæmdir eftir því sem þau gætu og þeim var veitt veruleg aðstoð, m.a. með lánum sem þá þóttu hagkvæm en hafa tekið verulegum breytingum í þá átt að vera einhver óhagkvæmustu lán sem íslensk fyrirtæki skulda um þessar mundir.

Það verður að segjast alveg eins og er að áhrif hinna háu hitaveitugjalda í þeim byggðarlögum sem verst eru sett eru mjög mikil á framfærslukostnað íbúanna og valda gífurlegu misrétti á milli byggðarlaga, svo miklu að ekki verður lengur við unað. Ég vil m.a. benda á það að þar sem ég þekki gerst til, hjá Hitaveitu Akureyrar, má ætla að upp undir helmingur af ellistyrk íbúa þar fari til greiðslu á hitaveitukostnaði. Þetta kemur alveg sérlega illa við gamla fólkið í þessum byggðarlögum sem margt hvert býr í heldur lélegu húsnæði og það hikar við að hita þetta húsnæði eins og þörf krefur í raun og veru og leggur þar með undir eignir sínar. Þær liggja undir skemmdum og hættan er sú, ef framhald verður á þessari verðlagningu heita vatnsins á þessum stöðum, að þetta muni halda áfram.

Við þetta bætist svo, ekki bara hjá gamla fólkinu heldur öllum íbúum þessara svæða, að yfirleitt búa íbúar utan Reykjavíkur við nokkuð hærra verðlag en Reykvíkingar gera. Þeir hafa verulegan kostnað af ferðalögum sem Reykvíkingar þurfa ekki að leggja á sig, m.a. vegna læknisaðstoðar, og yfirleitt, skv. athugun sem kjararannsóknarnefnd hefur gert, eru laun lægri í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en er í Reykjavík. Og þannig vill til í þessu tilviki með þær hitaveitur sem hér um ræðir að í þeim landsfjórðungum þar sem þessar hitaveitur eru eru launin með því lægsta sem gerist hér á landi þannig að, allt saman komið, getur þetta valdið umtalsverðri byggðaröskun og það eru dæmi til þess, m.a. norður á Akureyri, að fólk hafi flutt á brott vegna hins háa hitaveitukostnaðar.

Ég vil nefna nokkur dæmi, herra forseti, um hversu alvarlegt ástand þetta er og taka sérstaklega fyrir Hitaveitu Akureyrar. Ég vænti þess að meðflm. muni gera nokkra grein fyrir málum þeirra hitaveitna sem þeir gerst þekkja. 1. ágúst s.l. voru heildarskuldir Hitaveitu Akureyrar 2 milljarðar 67 millj. kr. Af þessari fjárhæð var Hitaveita Akureyrar með lán upp á 725 millj. kr. sem voru með ákaflega óhagstæðum vöxtum. Þar af voru 530 millj. í japönskum yenum með 9% föstum vöxtum. Þetta lán er bundið til margra ára og erfitt að hreyfa við því. Þess má geta að á sama tíma og Hitaveita Akureyrar greiðir 9% fasta vexti, þá eru millibankavextir erlendis núna um 4,38% miðað við þriggja mánaða lán. Ef unnt yrði að fá lán sem bæri 4,5–4,6% vexti mundi staða hitaveitunnar breytast mjög verulega.

Þá vil ég benda á að 195 millj. af lánum Hitaveitu Akureyrar eru í vestur-þýskum mörkum og bera 9,75% vexti, en millibankavextir á vestur-þýskum mörkum um þessar mundir eru 4,75%. Það má því ætla að af þessum 725 millj., sem ég hef rætt um hér, séu ónauðsynlegir vextir 33–34 millj. kr. sem Hitaveita Akureyrar greiðir á hverju einasta ári vegna vaxta sem eru hærri en millibankavextir sem ganga og gerast á erlendum markaði. Þetta jafngildir því að Hitaveita Akureyrar og þar með Akureyringar greiði um það bil 100 þús. kr. á dag í vexti sem segja má að séu ónauðsynlegir, en það jafngildir húshitunarkostnaði 600 einbýlishúsa.

Nú er það svo að þegar þessi lán voru tekin voru þau tiltölulega hagstæð en kannske hafa samningarnir verið til fulllangs tíma þegar lánin voru tekin og menn ekki gætt að sér í þeirri lánakreppu sem var við lýði þegar lánin voru tekin.

Þegar við flm. þessarar till. leitum eftir því að hæstv. ríkisstjórn komi til aðstoðar, þá erum við ekki að biðja hæstv. ríkisstjórn að sjá til þess að lán þessara hitaveitna verði greidd upp. Við erum að óska eftir því að það verði reynt að haga því svo til að lánunum verði hagrætt og jafnvel að ríkisstjórnin tæki á sig einhvern hluta af vöxtunum. Það þarf ekki að lækka þessi lán mjög mikið til þess að ástandið verði bærilegt. Þar á móti verður auðvitað að koma að viðkomandi byggðarlög þurfa að gera ýmislegt sjálf til þess að hagræða sínum eigin málum og bæta úr.

Það væri kannske markmið í sjálfu sér í þeim breytingum sem þarna þyrftu til að koma að þeir íbúar, t.d. Akureyrar, sem nú greiða um 60 kr. fyrir tonnið af heitu vatni, þyrftu ekki að greiða nema sem næmi helmingi hærri upphæð en við þurfum að greiða hér í Reykjavík sem eru 18,60 kr. pr. tonn. Það yrði þegar jöfnuður sem verulega munaði um og gæti haft umtalsverð áhrif til þess að bæta stöðu Hitaveitu Akureyrar svo að hún gæti í fyrirsjáanlegri framtíð greitt niður skuldir sínar í einhverjum verulegum mæli. Ég vil líka geta þess að hér á landi hefur iðulega verið gripið til þess að setja á hvers konar jöfnunargjöld til þess að auðvelda íbúum ýmissa byggðarlaga að fá þá þjónustu sem ríkið veitir á hverjum tíma. Er skemmst að minnast verðjöfnunargjalds á raforku sem Íslendingar allir hafa greitt. Ég lét taka það saman fyrir mig að Akureyringar hafa greitt í þennan sameiginlega verðjöfnunarsjóð um 250 millj. kr., raunverulega til svæða sem nutu lægra orkuverðs en þeir gerðu.

Það er líka ljóst, herra forseti, að frá árinu 1980 hafa verið í gildi hér á landi lög um sérstakan skatt til jöfnunar á hitakostnaði fólks sem var 1,5% sölu-

skatts. Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu mína með því að rekja hvernig þessi skattur hefur verið notaður eða hve stór hluti af honum hefur farið til jöfnunar á húshitunarkostnaði, en þó þykir mér tilhlýðilegt að geta þess að árið 1983 var þessi skattur 337 millj. kr. í heild, en 67 millj. eða um 20% fóru til olíustyrkja og til niðurgreiðslu á rafhitun og í fleiri smærri liði. Ég get hlaupið yfir þessar tölur og komið til ársins 1986. Þá var þessi skattur 908 millj. kr. 270 millj. fóru í þessi fyrrnefndu verkefni eða 30%. Árið 1987 er fyrirsjáanlegt að þessi skattur nemur 975 millj. og 153 fari í niðurgreiðslur á rafhitun og fleiri smærri liði eða 15,7%.

Ég ætla ekkert að fjölyrða um til hvers ríkið hefur notað þessa skattpeninga, en það hefur nú oft farið svo hér á landi þegar settir hafa verið á afmarkaðir skattar og skattar sem hafa átt að renna til tiltekinna verkefna að þeir hafa farið í annað en þeim var ætlað. Ég vænti þess fastlega, herra forseti, að þessi þáltill. geti orðið til þess að ýta á eftir því réttlætismáli að reyna að jafna þennan húshitunarkostnað sem nú er alveg með endemum og ekki fyrirsjáanlegt að lækki hjá fólki í þessum byggðarlögum nema ríkisvaldið taki til höndunum og breyti þar um.

Valdimar Indriðason:

Með þessari þáltill. er hreyft máli sem er orðið svo brýnt að finna lausn á að ekki verður lengur undan því vikist. Dýrustu hitaveitur landsins eru orðnar þannig settar að eigendur þeirra og neytendur fá ekki lengur undir risið. Eins og fram kemur í grg. með till. er þrefaldur munur á hitunarkostnaði milli dýrustu og ódýrustu hitaveitna á landinu. Þessi munur er þegar farinn að setja sitt mark á búsetuþróun og þess vegna er við óviðunandi ástand að ræða. Undirstrikað skal að íbúar þeirra svæða þar sem hitaveitugjöldin eru nú hæst hafa á liðnum árum greitt verulegt fé í verðjöfnunargjald af rafmagni sem hefur svo verið notað til að greiða niður raforku sem notuð hefur verið til upphitunar annars staðar á landinu og er upphitun með þessari niðurgreiddu raforku nú miklu ódýrari en hjá dýrari hitaveitunum eins og sjá má í töflu nr. 2 með grg.

Ég er ekki að sjá ofsjónum yfir því að fólk geti kynt hús sín með rafmagni á viðráðanlegu verði, en full rök eru fyrir því að notendur hitaveitna greiði ekki hærra gjald fyrir upphitun á sínu húsnæði.

Þegar olíuverð fór að stíga verulega á miðjum áttunda áratugnum fóru mörg sveitarfélög að kanna möguleika á nýtingu jarðhita. Arðsemisútreikningar sýndu að flestar hitaveituframkvæmdir voru hagkvæmar ef á annað borð var hægt að nálgast heitt vatn. Enginn efaðist um hagkvæmni slíkra framkvæmda miðað við þáverandi verð á olíu sem flestir spáðu að færi hækkandi og af opinberum aðilum var hvatt til slíkra framkvæmda.

Við þessar aðstæður var t.d. farið út í framkvæmdir við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og sú veita tók til starfa haustið 1981 í Borgarnesi og snemma árs 1982 á Akranesi. Þar þurfti ekki mikla leit eftir heitu vatni með dýrum borunum. Orkugjafinn var Deildartunguhver í Reykholtsdal, vatnsmesti hver í heimi að sagt er. Hann skilar á annað hundrað sekúndulítrum af 100 stiga heitu vatni upp á yfirborðið svo lengi sem hægt er að rekja söguheimildir þar um.

Vart er hægt að hugsa sér betri eða öruggari virkjunarstað. Eini gallinn við þessa virkjun var sá að vegalengdin frá hvernum að stærsta markaðssvæðinu, Akranesi, er mikil eða um 64 km. En útreikningar sýndu að þrátt fyrir þessa miklu vegalengd ætti veitan að geta staðið sig við þær aðstæður sem þá voru þekktar og miðað var við. Tæknilega hefur þetta allt staðist og veitan reynst mjög vel í þau ár sem hún hefur starfað.

En fljótlega komu blikur á loft varðandi fjármálin. Fyrirtækið var nær eingöngu fjármagnað með erlendum lánum. Gengisfellingar voru ekki óþekktar og svimandi verðbólga fylgdi svo í kjölfarið. Þetta þarf ekki að rekja hér eða tíunda. Það þekkja allir.

Niðurstaðan af þessu er sú að þessi hitaveita skuldar nú rúmlega 1400 millj. þrátt fyrir hæstu gjaldskrá. Er skuld á hvern íbúa, eins og kom fram hjá flm., 210 þús. kr. Þarna eru stórar tölur.

Ég gat þess áðan að hitaveitan væri nær eingöngu byggð fyrir erlent lánsfé og gengisþróun og vextir af slíkum lánum verið eins og ég hef áður lýst. Þá er ekki óeðlilegt að bent sé á hvernig staðan væri hjá þessari veitu hefði hún verið með innlent lánsfé til sinnar uppbyggingar bundið lánskjaravísitölu og vöxtum 4–5%. Þá má segja að skuldir hennar í dag væru 550 millj. kr. lægri. Þá væri ekki vandi hjá þessari hitaveitu. Þannig sjáum við hvað af erlendri lántöku getur hlotist og þeim aðgerðum sem því fylgja. Ég bendi á þetta hér vegna þess að við erum oft mjög bláeyg í þessum efnum.

Freistandi væri að ræða hér einnig nokkuð um verðjöfnunargjaldið sem var innheimt og ráðstöfun þess og það 975 millj. kr. orkujöfnunargjald sem nú er gert ráð fyrir að innheimta á árinu 1987 samkvæmt framlögðum fjárlögum. Af þeirri upphæð á að verja 153 millj. til niðurgreiðslu á rafhitun, ekkert til hitaveitna. Áætla má að notendur á hitaveitusvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar greiði í þennan pakka 31 millj. á næsta ári.

Ég fer ekki út í þetta nánar því flm. gerði það ágætlega hér áðan og það væri tvítalning á sömu atriðum.

Ég hef hér mest rætt um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar vegna þess að þar fylgdist ég með uppbyggingu og undirbúningi sem bæjarfulltrúi á Akranesi, en vandi margra annarra hitaveitna er mikill eins og kemur fram í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Forráðamenn þessara veitna ásamt sveitarstjórnarmönnum frá þeim svæðum þar sem vandi veitnanna er hvað mestur voru á ferð hér í síðustu viku og áttu viðræður við ráðherra um þessi vandamál. Hæstv. iðnrh. skipaði nefnd í málið þegar fyrir helgi eftir að hafa fengið tilnefningar frá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Nefnd þessari var sett það

mark að vinna hratt og ég fagna því og þakka hæstv. ráðh. fyrir þá tilskipun. Hún á að skila áliti á hálfum mánuði. Þessi viðbrögð vil ég þakka ráðherranum. Ég ætla ekki að koma hér með tillögur eða ábendingar í þessum efnum, ég bíð eftir að sjá hvað frá nefndinni kemur, en legg áherslu á að þegar nefndin hefur skilað sínu starfi verði lagst á eitt við það að finna lausn á þessum málum því að þau þola enga bið.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er tímabært að ræða á hv. Alþingi fjárhagsvanda nokkurra hitaveitna. Þeir erfiðleikar, sem þar blasa við, verða ekki leystir nema á samfélagslegum grundvelli. Það er réttlætismál að svo verði gert.

Þegar leysa þarf úr erfiðleikum eða koma af einhverju stóru verkefni er oft minnt á að erfiðleikarnir séu yfirstíganlegri og verkefnið auðunnara ef sameiginlega sé að hlutunum staðið. Nokkuð oft er okkur sagt, jafnvel þó að flestir telji sig vita það með nokkurri vissu, að í okkar landi búi aðeins ein þjóð. Stundum er talað um eina stóra fjölskyldu, þessar 240 þús. hræður. Þegar erfiðleikar steðja að fyrirtækjum eins og Flugleiðum hf. og Arnarflugi hf. telja landsfeðurnir sjálfsagt að þjóðin taki þátt í þeirra erfiðleikum, standi sameiginlega að baki þeim. Þegar fyrirtæki eins og Íslenska járnblendifélagið hf. er talið hafa heldur lítið eigið fjármagn í rekstrinum er sjálfsagt að kippa því í lag með smápeningafúlgu frá þjóðinni í einu. Ekki eru allir sammála um þessa hluti, en ofan á verður samt að það sé nauðsynlegt og undan því verði ekki komist að þessar 240 þús. hræður takist sameiginlega á við erfiðleika sem upp koma.

Þjóðin okkar er sem betur fer alltaf að takast á við stór uppbyggingarverkefni. Fyrir fáum árum vorum við að byggja orkuver, förum hægar í það nú um stundir. Það var talið sjálfsagt að til slíkra framkvæmda væru lánsmöguleikar þjóðarinnar erlendis nýttir og þessi verkefni væru jafnvel látin hafa þar forgang. Síðustu ár hefur mest borið á því að stór verkefni væru á vettvangi verslunar í landinu. Hinn nýi miðbær í Reykjavík ber þess vitni. Sagt er að hluti þeirrar fjárfestingar sem þar fer fram sé fjármagnaður af erlendum lánum. Þau eru víst án ríkisábyrgðar, jafnvel tekin á frjálsum peningamarkaði. Samt eru þau tekin út á sameiginlegan gjaldeyrissjóð þjóðarinnar og koma til greiðslu úr honum. Það verður sem sagt ekkert efast um að við erum ein þjóð súrruð saman í sameiginlegum ábyrgðum.

Samvinnan og samtryggingin hefur reyndar komið fram með öðrum hætti. Við höfum greitt sama verð fyrir olíuvörur um allt land. Rafmagnið var verðjafnað fram á yfirstandandi ár. Þeim sem þurftu að hita hús sín með olíu var greiddur olíustyrkur á meðan kyndiolía var á háu verði. Sameiginlega höfum við byggt hafnir, raforkuver, háskóla, vegi og hitaveitur. Hitaveita Reykjavíkur var og er eitt af þeim fyrirtækjum sem þjóðin er hvað hreyknust af að hafa byggt og starfrækt.

Eins og sameiginlegu verkefnin hafa verið breytileg hefur aðstaðan frá ári til árs breyst bæði vegna ytri aðstæðna og mismunandi getu heima fyrir. Afstaða stjórnvalda á hverjum tíma hefur einnig verið sitt og hvað, mismunandi samfélagssinnuð. Með olíuverðshækkunum á áttunda áratugnum og með háu verði á olíu fram á yfirstandandi ár urðu ytri aðstæður þess valdandi að þjóðin lenti í erfiðleikum vegna mjög aukinna gjaldeyrisútgjalda vegna olíuhækkananna sem um leið kölluðu á stórframkvæmdir til að nýta orku sem til var í landinu. Viðmiðunarverð ónýttrar orku, jarðhita og fallvatna við aðra orkugjafa varð hagstæðara og hagkvæmni þess að virkja þessar auðlindir þjóðarinnar var miklu meiri en áður. Ráðist var í stórvirkjanir, Sigöldu, Kröflu, Hrauneyjafoss. Það var þó ekki nóg að framleiða rafmagn. Hvar sem von var um heitt vatn í jörð var reynt að gera sér grein fyrir því hvort það væri ekki virkjanlegt fyrir hitaveitu fyrir næsta nágrenni. Tilætlun stjórnvalda og fjölmiðla var mjög mikil í þá átt að virkja ætti alla mögulega kosti til að losna við dýran erlendan orkugjafa, olíuna.

Allsherjarumræður um nýtingu innlendra orkugjafa áttu sér stað. Talað var um þjóðarátak til að spara gjaldeyri með því að virkja jarðhita og leggja hitaveitur. Forustumenn þéttbýlissveitarfélaga, þar sem einhverjar líkur voru fyrir að virkjanlegur jarðhiti væri til staðar til þess að nýta fyrir hitaveitu, voru undir mjög miklum þrýstingi bæði frá íbúum og stjórnvöldum um að hefjast handa í þessum efnum.

Kostnaðaráætlanir miðað við ríkjandi verðlag á orku sýndu að víða voru til staðar mjög hagstæðir virkjunarkostir. Ein af stórframkvæmdum þessara ára var Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Niðurstöður áætlana um þessa hitaveitu voru þær að um væri að ræða hagkvæman virkjunarkost. Hitaveitan var tengd, eins og hér kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., við hús í Borgarnesi, á Hvanneyri og á Akranesi á árunum 1981 og 1982. Engin teljandi óhöpp hafa orðið í rekstri veitunnar og flest gengið á þann veg sem ráð var fyrir gert. Einn er þó sá þáttur sem ekki hefur farið eftir áætlunum, en það er fjármagnskostnaðurinn. Meginhluti lána hitaveitunnar er í bandarískum dollurum. Gengi dollarans hækkaði mjög mikið fram á árið 1985 og vextir af þessum lánum hafa verið mjög háir. Hækkun lána hitaveitunnar í krónutölu vegna gengisáhrifa, umfram það sem þau hefðu orðið ef þau hefðu verið í íslenskum gjaldmiðli með 5% vöxtum og verðtryggð með lánskjaravísitölu, er yfir 500 millj. kr. Það segir það að ef Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hefði notið innlendra lánskjara en ekki þurft að takast á við fjármagnssveiflur á erlendum fjármagnsmarkaði væru skuldirnar um 900 millj. í stað 1400 millj. eða rúmum þriðjungi minni en þær eru í dag.

Að mínu mati er það fráleitt að fyrirtæki sem þjónar eingöngu innlendum markaði og er um leið

almennt þjónustufyrirtæki skuli hafa verið látið taka á sig slík skakkaföll umfram verðlagsþróun í landinu. Ekkert er eðlilegra en að slíkum áföllum sé mætt með aðgerðum sem þjóðin stendur sameiginlega að.

Eins og ég nefndi hér áður eru skuldir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nú rúmar 1400 millj. og mun skuld á hvern íbúa tengdan hitaveitunni vera um 210 þús. kr. eins og fram hefur komið hér í umræðunni. Fjárhagslegir erfiðleikar eru því mjög miklir og það stefnir sjálfsagt í enn meiri erfiðleika, ef hægt er að hafa það orð um þá fjárhagsstöðu sem fram undan er, ef ekkert verður að gert til að leiðrétta fjárhagsstöðu hitaveitunnar.

Herra forseti. Ég nefndi í upphafi að á síðustu árum hefðum við reist stór raforkuver, Sigöldu, Kröflu, Hrauneyjafoss, og á síðustu árum voru einnig lagðar flutningslínur frá þessum virkjunum og landið hringtengt. Til þessara framkvæmda voru líka tekin erlend lán eins og til hitaveitnanna. Sum af þessum fyrirtækjum hafa líka lent í erfiðleikum, en málefnum þeirra virðist nú vera borgið. Hver er munur á fjármögnun og fyrirgreiðslu til þessara tveggja þátta í innlendri orkuframleiðslu og er sá munur réttlætanlegur? Aðalmunurinn er sá að orkuframleiðslan og uppbygging raforkuveranna er á hendi eins fyrirtækis, Landsvirkjunar, sem er félagslegt fyrirtæki. Eldri framkvæmdir þessa fyrirtækis standa að rekstri þeirra nýrri. Hluti beinnar fjárfestingar hefur verið greiddur af almannafé, t.d. með yfirtöku Kröflu og að einhverju leyti í sambandi við flutningslínur.

En hvernig er með hitaveiturnar sem nefndar eru í þessari þáltill. og allar aðrar hitaveitur, þ.e. hinn orkuþáttinn, virkjun jarðvarma til húshitunar? Þar er hvert fyrirtæki óháð öðru. Þar byggir ekki hver annan upp. Ríkið hefur ekki enn gert ráðstafanir til að standa að uppbyggingu þessa orkuþáttar og um sameiningu hitaveitna verður aldrei að ræða líkt og með Landsvirkjun, enda eðli orkunýtingarinnar frábrugðið.

En ríkið hefur ekki staðið í stykkinu gagnvart uppbyggingu hitaveitnanna á sama hátt og gert hefur verið í raforkugeiranum. M.a. vegna þess er fjárhagsstaða þeirra hitaveitna sem rætt er um hér svo sem raun ber vitni um. Úr því verður að bæta. Þegar hitaveiturnar tóku yfir húshitunarþáttinn frá olíukyndingu leystu hitaveiturnar ríkið frá greiðslu olíustyrks. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvað hér gæti verið um háa fjárhæð að ræða. Trúlega er hér um verulega fjármuni að ræða.

Til að jafna aðstöðu fólks vegna húshitunar hefur raforka verið niðurgreidd úr ríkissjóði og er ekki nema allt gott um það að segja. En hvers eiga íbúar þeirra byggða að gjalda sem gegndu kalli stjórnvalda og fóru út í það að nýta hinn innlenda orkugjafa, jarðvarmann, og fá ekki stuðning ríkisins til að jafna stöðu til jafns við þá sem nota rafmagn?

Ýmislegt fleira mætti benda á þar sem hitaveiturnar hafa ekki notið sanngjarnrar fyrirgreiðslu. Í grg. okkar flm. þessarar þáltill., sem hér er til umræðu, um aðstoð við hitaveitur segir, með leyfi forseta: „Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að ríkisvaldið verði að koma inn í þetta mál með beinum og óbeinum hætti til aðstoðar verst settu hitaveitunum t.d. með því:

1. Að skuldbreyta lánum þeirra til að jafna greiðslum á lengri tíma og skipta strax út óhagkvæmustu lánunum.
2. Að tryggja að vaxtakjör skuldbreytingarlána verði þau hagstæðustu sem völ er á á hverjum tíma.
3. Að lækka raforkuverð til þeirra í algert lágmark.
4. Að fella niður söluskatt af raforku til dælingar og endurgreiða söluskatt af fjárfestingarvörum þeirra.
5. Að nota hluta af þeim skatti sem sérstaklega var lagður á með lögum nr. 12/1980 til jöfnunar á hitakostnaði fólks (1,5% hækkun söluskatts) til aðstoðar verst settu hitaveitunum með beinum eða óbeinum hætti, t.d. með yfirtöku hluta af lánum þeirra."

Sjálfsagt koma til greina aðrar leiðir en hér eru nefndar til að koma rekstri þessara hitaveitna í gott lag. Með tillöguflutningnum er verið að knýja á um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli og leggja áherslu á aðgerðir áður en núverandi þingi verður slitið. Því fyrr sem ákvörðun verður tekin um slíkar aðgerðir því betra. Allur frestur í þessu máli eykur vandann og lausn verður erfiðari viðfangs.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Ég get tekið undir öll efnisatriði þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu um að ríkisstjórnin leiti allra leiða til að bæta stöðu þeirra hitaveitna sem verst eru staddar fjárhagslega og tillögur þar að lútandi verði lagðar fyrir Alþingi til afgreiðslu fyrir þinglok. Raunar sé ég í blöðunum í dag að hæstv. iðnrh. hefur þegar skipað embættismannanefnd úr forsrn., iðnrn. og fjmrn. til að fara ofan í stöðu verst settu hitaveitnanna. Þessari nefnd er gert að ljúka störfum fljótt og allt gott um það.

Í grg. með till. og ræðu málshefjanda kom glögglega fram hvað gerst hefur í málefnum þessara veitna, hvers vegna þessi vandi er uppi. Hann á sér ákveðnar skýringar sem óþarfi er að rekja nánar eða endurtaka. Afleiðingarnar eru síðan gífurlega hár og nánast óbærilegur orkukostnaður á sumum hitaveitusvæðum ásamt því að skuldir veitnanna hlaðast upp í lánastofnunum.

Ríkisvaldið hvatti til þessara framkvæmda á sínum tíma og gekkst fyrir útvegun lánsfjár. Það er því eðlilegt að það grípi inn í og aðstoði veiturnar með skuldbreytingum og ábyrgðum þegar erfiðleikar steðja að. Í fljótu bragði líst mér hins vegar ekki vel á hugmynd flm. og málshefjanda um nýjan skatt, nýtt jöfnunargjald. Ég endurtek að í fljótu bragði líst mér ekki á þessa hugmynd. (**ÁG:** Það er ekkert talað um það.) En mér heyrðist það koma fram í ræðu málshefjanda að hann ýjaði að því að þessi leið yrði

hugsanlega farin. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er þá afleitur misskilningur. En ég held að ef sú leið væri farin gæti farið eins og raunar oft áður að slík tekjuöflun mundi að síðustu enda hjá ríkissjóði.

Ég held að það sé rétt að líka komi fram í þessum umræðum að allmargar hitaveitur hafa einnig verið byggðar upp á undanförnum árum og ganga vel. Þær hafa verið byggðar upp og reknar af hagsýni sem ég tel sanngjarnt að íbúar viðkomandi svæða fái að njóta.

En hér er einnig hreyft málum með þessari till. er snerta fleiri en einungis þá er búa á orkuveitusvæðum þeirra hitaveitna er getur í grg. með till. Söluskattsgreiðslur af raforku til dælingar á heitu vatni eru einnig verulegur og óréttlátur kostnaður annarra hitaveitna þó þær standi betur fjárhagslega. Þær stæðu því enn þá betur ef þessi óréttláta skattheimta ríkisins kæmi ekki til. Raunar má segja að staða þessara verst settu hitaveitna og gjaldskrármál þeirra séu eins konar krabbamein í upphitunarkostnaðarkerfi landsins, ef svo má að orði komast, og einnig að þeir er búa við háan upphitunarkostnað með raforku séu þolendur þessa ástands og gjaldi þess í hærra raforkuverði og hærri upphitunarkostnaði. Ýmislegt bendir einmitt til þess að vegna hinna háu gjaldskráa og þunga kostnaðar við upphitun á orkuveitusvæðum umræddra hitaveitna hafi verið vikist undan því að leiðrétta og lækka upphitunarkostnað með raforku sem þó var full þörf á. Margt bendir þó til að í þessum efnum gangi hlutirnir í þveröfuga átt og með niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku og taxtahækkana Rafmagnsveitna ríkisins um 27–36%, ef ég man rétt, vaxi enn það óréttlæti og sá ofurþungi upphitunarkostnaðar er raforkunotendur og húseigendur á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna búa við. Það er einnig stórmál sem verður að skoða og taka á. Því hefur reyndar margoft verið lofað, en lítið orðið um efndir.

Í frétt um nefndaskipun iðnrh. vegna fjárhagsstöðu verst settu veitnanna er einungis getið um þrjár hitaveitur, Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Vestmannaeyja sem taka á til skoðunar. Í till. sem hér hefur verið talað fyrir eru hins vegar taldar upp einar sex veitur er eigi í verulegum erfiðleikum. Til viðbótar er þar getið um Hitaveitu Rangár, Egilsstaða og Fella og Hitaveitu Eyra. Vegna tengsla minna við Lánasjóð sveitarfélaga er mér hins vegar kunnugt um fleiri veitur er nauðsynlega þyrftu að vera með í þeirri skoðun sem hér er gerð tillaga um. Ég legg þunga áherslu á að sú nefnd ráðuneytisfulltrúa, er nú hefur verið skipuð, skoði einnig mál þeirra hitaveitna og ræði við sveitarstjórnarmenn á þeim svæðum. Í því sambandi má nefna t.d. staði eins og Blönduós, Suðureyri, Siglufjörð og jafnvel Hveragerði. Þó vandi þessara veitna sé í heild sinni verulega mikið minni en hinna verst settu veitna standa þessar veitur illa og vandi þeirra er stór miðað við stærð þeirra sveitarfélaga er að þeim standa og það orkusölusvæði er þær þjóna. Í þessu sambandi vil ég minna á skýrslu er Hitaveitusamband sveitarfélaga hefur unnið að og gefið út um stöðu og fjárhagsvanda hitaveitna, en þar er til staðar ágæt samantekt um stöðu þessara mála er gæti verið góður grunnur að því starfi er hér er lagt til að unnið verði.

Þegar hitaveiturnar voru byggðar upp á sínum tíma studdi ríkisvaldið að því með margvíslegum hætti, m.a. með lánsfjárútvegun eins og hér hefur komið fram. Nokkrum hluta þess var stýrt í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga er tók erlend lán sem honum var síðan gert að endurlána til hitaveitnanna. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu og vanskila margra þessara veitna hefur sjóðurinn síðan lent í verulegum erfiðleikum. Hann hefur orðið að standa í skilum við sína lánardrottna, en veiturnar hafa safnað skuldum við sjóðinn og síðan óskað eftir skuldbreytingum, bæði vegna vanskila og áhvílandi lána. Lánasjóður sveitarfélaga er tiltölulega lítill sjóður og uppákomur af þessu tagi vegna fárra en tiltölulega stórra lántakenda geta valdið því að hann reynist ekki fær um að sinna því hlutverki sínu að greiða fyrir sem flestum sveitarfélögum í landinu með lánsfjárútvegun til framkvæmda.

Hér er líka um að ræða lántakendur sem sjóðnum hefur verið gert að taka í viðskipti af ríkisvaldinu. Fjármagni og úthlutun var stýrt í gegnum sjóðinn.

Óskir veitnanna um skuldbreytingar eru hins vegar mjög eðlilegar. Miðað við tekjumöguleika þeirra og endingartíma mannvirkjanna voru lánin upphaflega til allt of skamms tíma.

Auðvitað mun stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga taka allar beiðnir um skuldbreytingu til velviljaðrar athugunar, en með tilliti til smæðar sjóðsins og hvernig lánafyrirgreiðslan er til komin á sínum tíma og stöðu margra þessara veitna er eðlilegt að sjóðurinn óski eftir ríkisábyrgð á nýjum lánum er veitt yrðu með skuldbreytingum. Því vildi ég endilega koma að við þessa umræðu. Fyrir slíkri heimild til ríkisábyrgðar þarf að greiða.

Að lokum ítreka ég að ekki verði lokað á viðræður um vanda annarra veitna og sveitarfélaga en þeirra sem talin eru upp í grg. með þessari annars ágætu till.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hér hefur verið tekið upp með þinglegum hætti mál sem oftlega hefur borið á góma í þingsölum á þessu hausti og þessum vetri af ýmsum tilefnum svo sem við umræður um lánsfjárlög og fleira. Þetta mál hefur raunar borið á góma á þinginu undanfarin ár að ég má segja árlega, en því ber að fagna að það skuli nú hafa verið flutt með formlegum hætti þar sem um er að ræða þá till. sem hér er nú til umræðu.

Þeir hv. þm. sem þegar hafa kvatt sér hljóðs í þessu máli hafa rakið sögu þessa máls og aðdraganda. Þeir hafa getið þess réttilega að ríkisvaldið hvatti mjög til þess að ráðist yrði í þessa framkvæmd á sínum tíma. Það var fyrir áeggjan ríkisvaldsins ekki

síst að ráðist var í þessar framkvæmdir og það var að ég hygg fyrir leiðbeiningu og leiðsögn ríkisvaldsins, eða opinberra stofnana a.m.k., að þau lán voru tekin sem á þessu hvíla nú og ég hygg að það hafi verið m.a. fyrir leiðsögn opinberra aðila að þær leiðir til erlendrar lántöku voru valdar sem reynst hafa svo illa sem raun ber vitni. Það er hins vegar slæmt að mál þessara hitaveitna, sem hér er um að ræða, rekstrarvandi þeirra, skuli hafa verið látin danka svo lengi uns nú er komið í fullkomið óefni, svo sem hér hefur þegar verið rakið og ég þarf ekki að hafa svo mörg orð um.

Stjórnvöld hafa verið vöruð við hvert stefndi í þessum efnum og í umræðum hér á Alþingi hefur verið vitnað til þess fræga fundar sem hæstv. núv. menntmrh., þáv. iðnrh., hélt með sínum flokksmönnum á Akranesi. Ýmsir skildu orð hans þá á þann veg að hann hygðist beita sér fyrir því að af Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar yrði létt lánum er næmi um 5 millj. dollara. Nú hefur síðan komið í ljós að hæstv. ráðherra segist ekki hafa meint alveg nákvæmlega það sem flestir fundarmanna töldu að hann óhjákvæmilega meinti, því að hans orð voru talin þá skýr. Það er því ljóst að stjórnvöld hafa vitað býsna lengi að þetta mál yrði að leysa með einhverjum hætti, en það hefur hins vegar ekki verið gert. Hæstv. núv. iðnrh. hefur skipað nefnd fyrir allnokkru til þess að fjalla um sameiningu orkufyrirtækja á Vesturlandi. Síðar er svo nýbúið að skipa aðra nefnd sem á að fjalla um þetta mál og hafa skemmri tíma til sinna starfa.

Að því er fyrrnefndu nefndina varðar, sem á að fjalla um sameiningu orkufyrirtækja á Vesturlandi, þá held ég að það sé borin von og barnaskapur raunar að ætla sér að leysa fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar með sameiningu við Andakílsárvirkjun t.d., með því að eyðileggja lítið og mjög gott fyrirtæki, sem ég held að yrði óhjákvæmileg afleiðing slíkrar samvinnu. Ég held að allar þær hugleiðingar séu meira og minna út í hött og sé eins gott að gefa þær upp á bátinn — og því fyrr, því betra. Hins vegar skal ósagt látið hvað kemur út úr störfum þeirrar embættismannanefndar sem nú hefur verið vikið að.

Það hefur mikið verið rætt hér um skattheimtu hins opinbera til þess að jafna orkukostnað. Mér er það minnisstætt frá því 1981–1982 þegar sjálfstæðismenn gengu mjög hart fram og skömmuðu réttilega þáv. ríkisstjórn og iðnrh. fyrir að stela meiri hlutanum af þessu verðjöfnunargjaldi í ríkissjóð, eins og það var þá orðað. Nákvæmlega sama er gert núna og hefur alla tíð verið gert. Þeir eru þar undir sömu sök seldir hæstv. fyrrv. iðnrh. og hæstv. núv. iðnrh., þ.e. þetta orkugjald sem lagt er á landslýðinn hverfur að langmestum hluta til almennra rekstrarútgjalda ríkisins og er gagnrýni vert hvernig að því hefur verið staðið og hvernig á áfram að standa að því, mikillar gagnrýni vert.

Ég minnist þess að fyrsta árið sem hitaveitan starfaði var mjög algengt að menn kæmu að máli við þm. og hefðu orð á því að þessar tímakaupshækkanir á þriggja mánaða fresti sem verðbólgan át jafnóðum væru nú lítils virði, en hin raunverulega kjarabót hefði verið að fá hitaveituna. Þetta var sagt í Borgarnesi og þetta var sagt á Akranesi. Nú hefur þróunin orðið sú að þetta hefur gjörsamlega snúist við. Ég held því fram að verðmunurinn á hitun hér í Reykjavík og t.d. í Borgarnesi sé meiri en kemur fram í þessu frv. Ég get nefnt um það alveg ákveðið dæmi. Einbýlishús sem er 540m^3 kostar 5100 kr. að hita í 30 daga með þremur mínútulítrum. Nákvæmlega jafnstórt hús hér í Reykjavík kostar rétt um 1000 kr. að kynda með heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur. Það dæmi þekki ég sjálfur persónulega og hinn reikninginn hef ég séð, þannig að þarna er fimmfaldur munur, og það eru jú 117 km hérna upp í Borgarnes. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta leiðir til byggðaröskunar sem er þjóðinni dýr og hættuleg. Fólk stendur ekki undir því að borga slíkan kostnað. Af hverju á að vera sama verð á bensíni og olíu um allt land? Af hverju á ekki að vera sama eða svipað verð á heitu vatni? Þetta er pólitísk og þetta er félagsleg spurning. Þetta er spurning um grundvallarstefnu. Það er alveg ljóst að hér verður hið opinbera að koma til skjalanna með einhverjum hætti og leiðrétta þetta misræmi, skapa þarna aukinn jöfnuð. Þessu verður einfaldlega að breyta.

Hitt er svo annað mál, sem sjálfsagt er að viðurkenna, að áreiðanlega hefði ýmislegt mátt betur fara í rekstri ýmissa þessara fyrirtækja. Það er ég alveg handviss um að á t.d. við um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu slíks fyrirtækis væri ekkert óeðlilegt að þá yrði skipt alveg um stjórn. Ég held að það væri fyllilega athugunar vert og kannske tímabært.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli hafa verið tekið upp hér á hinu háa Alþingi með þessum hætti. Ég hefði gjarnan viljað eiga aðild að því en vegna fjarveru gat ekki af því orðið. Ég held að þetta sé mikilvægt skref til að knýja hæstv. ríkisstjórn til þeirra aðgerða í þessu efni sem löngu eru óhjákvæmilegar, löngu eru nauðsynlegar til að leiðrétta þetta mikla himinhrópandi ranglæti sem nú er við lýði.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram að mér var ókunnugt um það að til stóð að bera upp þessa till. til þál. Ef mér hefði verið kunnugt um það hefði ég að sjálfsögðu bent flm. á að viðræður væru þegar hafnar milli ríkisstjórnar og a.m.k. bæjarstjórnar Akureyrar um þessi mál, og ég hygg fleiri bæjarstjórna og hitaveitna, þannig að mér sýnist að þessi till. sé í raun á misskilningi byggð og sé eins og tillgr. hljóðar eingöngu til þess fallin að tefja fyrir málinu ef höfð er í huga sú yfirlýsing sem hæstv. ráðh. hafði hér áðan. Ég heyrði að hv. 6. landsk. þm. Árni Gunnarsson var að tala um kunnugleika sína af Hitaveitu Akureyrar hér áðan, og efast ég ekki um

að hann sé fróður um þau efni, en honum ætti þá líka að vera kunnugt um að þessi mál eru einmitt í umræðu nú milli hitaveitunnar og ríkisstjórnarinnar. Á hinn bóginn lýsir þessi till. náttúrlega miklum áhuga þessara hv. þm. á því að þessi mál verði leyst og menn geri sér grein fyrir þeim vanda sem hér er við að stríða.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri. Tillögugerðin lýsir áhuga þm. á málefninu. Hins vegar er till. það seint fram borin að hún breytir engu um framkvæmd málsins. Sú nefnd, sem hæstv. iðnrh. hefur skipað til þess að gera tillögur um þennan sérstaka vanda, hefur tekið til starfa og fengið ströng tímamörk og ég sé ekki að þessi till. breyti neinu þar um.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða, af því að ég kem hér næstur í ræðustól á eftir hv. 2. þm. Norðurl. e., að lýsa yfir nokkurri undrun yfir þeim ákúrum sem hann var að veita þingbræðrum sínum fyrir að flytja inn á vettvang Alþingis mikið alvöru- og nauðsynjamál. Ég sé út af fyrir sig ekki að það geti spillt fyrir framkvæmdarvaldinu þó að þessi mál séu rædd hér á Alþingi. Hver veit nema það gæti kannske reynt á þingið um einhverjar þær aðgerðir sem nefnd sú, sem hæstv. iðnrh. mun hafa skipað, skilar áliti um og hugsanlegar aðgerðir sem hæstv. ráðh. þyrfti tilstyrk til hér frá þinginu? Mér finnst þetta því vera langt frá því að vera eðlilegt innlegg inn í þessa umræðu frá hv. 2. þm. Norðurl. e.

Varðandi það mál sem hér er rætt vil ég lýsa yfir stuðningi við efni þessarar till. og þann málflutning sem að baki liggur. Mér þykir vænt um að það skuli koma tillögur af þessu tagi og að við, sem höfum verið að berjast fyrir því að fá jafnaðan og lækkaðan húshitunarkostnað hjá landsmönnum á undanförnum árum, skulum hafa fengið bandamenn hér sem taka undir þá stefnu að það verði að ríkja ákveðin lágmarkssanngirni og jöfnuður í sambandi við þennan grundvallarþátt í tilkostnaði fólks og uppihaldi þar sem er húshitunarkostnaðurinn. Ég er því mjög ánægður með að þetta mál skuli koma hér til umræðu á vettvangi Alþingis.

Ég vil, herra forseti, málsins vegna rifja aðeins upp nokkur atriði frá fyrri tíð sem snerta þetta mál, þó ekki sögulegar ástæður fyrir því að hitaveiturnar eru nú staddar í þeim vanda sem um er að ræða, hitaveitur sem hér hafa verið nefndar og fleiri sem ekki hafa verið nefndar. Það eru að verulegu leyti, má segja, utanaðkomandi áföll sem þar hafa komið til. Snúist hafa við bjartsýnar forsendur sem lagðar voru til grundvallar þegar viðkomandi aðilar og sveitarfélög réðust í þessar framkvæmdir. Þarna blasir mikill vandi við stórum byggðarlögum og smáum sem þau alls ekki eru fær um að leysa af eigin rammleik, þar sem sjálfsagt er og eðlilegt að samfélagið komi til og veiti aðstoð til þess að lágmarkssanngirni sé gætt varðandi þennan undirstöðuþátt. Það sæti illa á mér annað en taka fullum hálsi undir þetta efni þar sem ég hef þurft að standa uppi bæði í ríkisstjórn og hér í þessum stóli gagnvart Alþingi að óska eftir stuðningi við slíkar jöfnunaraðgerðir einmitt varðandi húshitunarkostnaðinn en raunar einnig varðandi fleiri liði í orkukostnaði hjá landsmönnum.

Ég vil rifja það upp að á þinginu 1983–1984 og aftur á þinginu 1984–1985 flutti ég ásamt öðrum þm. Alþb. till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði. Þetta var smákver sem var lagt hérna fram ítarlega rökstutt og með nokkrum fskj. sem varðaði meðferð mála á fyrri stigum og reiknað út hver væri staðan varðandi landið í heild. Efnislega var þarna gert ráð fyrir því varðandi húshitunarkostnaðinn að hann yrði færður í tveimur áföngum niður að þeim mörkum að sex vikna tekjur samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar nægðu til upphitunar meðalhúsnæðis, 400m³ íbúðar. Þessu marki yrði náð í tveimur áföngum. Í öðru lagi var þarna gerð tillaga um stórátak til orkusparnaðar með tilteknum hætti og fyrir opinbera forgöngu og með hvatningu og stuðningi í gegnum lánakerfi. Í þriðja lagi var lögð áhersla á að ljúka skiptum frá olíu yfir í innlenda orkugjafa og að lokum var efnislega þarna gert ráð fyrir að endurmeta kröfur um frágang nýbygginga til að draga úr orkunotkun.

Þessi till. náði ekki fram að ganga. Þetta réttlætismál sofnaði í nefnd, líklega í allshn. þingsins sem ég held að hafi fengið þessa till. í tvígang til meðferðar og jákvæðar umsagnir frá mörgum aðilum, þolendum þess ójafnaðar sem þarna ríkir og ríkti á þeim tíma. Það var að vísu nokkuð annars eðlis og byrðarnar lagðar á með eitthvað öðrum hætti á þeim tíma en ójöfnuðurinn var og er ríkur í þessum efnum.

Satt að segja gáfumst við upp á því, flm. þessa máls, að fara að sýna það í þriðja sinn á þinginu í fyrra þó að vissulega hefði verið full ástæða til þess að láta á það reyna og það í ljósi þeirrar þróunar sem nú er í gangi varðandi hitaveiturnar ekki síður, því þær voru sannarlega inni í þessu dæmi og inni í þessum tillöguflutningi. Það voru gerðar ákveðnar ráðstafanir í tíð fyrri ríkisstjórnar, þegar ég fór með þessi mál sem iðnrh., til þess að greiða fyrir varðandi fjárhagsvanda hitaveitna sem þá áttu í erfiðleikum og það var sérstakur vinnuhópur sem þá starfaði og skilaði áliti 24. febr. 1983. Gerðar voru ákveðnar ráðstafanir, m.a. breytingar á lögum til að minnka áhættu við borun eftir heitu vatni og draga úr tilkostnaði. Einnig varðandi breytingu á reglugerð um framlag til varmaveitna samkvæmt lögum, tilvitnuðum, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Þarna var því gripið á ákveðnum þáttum til þess að lina vanda þeirra hitaveitna sem áttu þá í mestum örðugleikum og ákveðnu fjármagni varið til stuðnings þessum veitum. Síðan hafa málin breyst til verri vegar fyrir aðrar veitur, líka þessar sem þarna áttu í hlut á þessum tíma, og tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna gerðu ráð fyrir því að eitt yrði látið

yfir alla landsmenn ganga, hvort sem þeir byggju við upphitun frá hitaveitum eða rafhitun, þannig að ákveðinni lágmarksjöfnun yrði náð. Ég legg áherslu á að þessi stefna verði upp tekin í sambandi við þetta mál og hæstv. iðnrh. líti á þessar tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna nú þegar hann fær þennan vanda færðan upp í fangið sem eðlilegt er, að leitað er liðsinnis af hans hálfu.

Ég minni á það, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu að núverandi ríkisstjórn ætlaði sér mikinn hlut í þessum málum og hart var deilt á fyrrverandi ríkisstjórn af því að hún hafði ekki gert nóg. Hæstv. forseta er það betur kunnugt en kannske flestum öðrum hvernig þau mál stóðu. Ég hygg að hann hafi verið afar óánægður með það hvernig gengið var frá þessu máli vorið 1984 eftir að hann hafði lagt á sig mikla vinnu í stjórnskipaðri nefnd til þess að fjalla um þessi mál.

Ég hef hér fyrir framan mig, á bls. 10 í þskj. 52 frá 107. löggjafarþingi, sameiginlegt nál. beggja iðnaðarnefnda þingsins, undirritað af virðulegum núv. forseta Sþ., þar sem hann leggur fram ákveðnar tillögur til iðnrh. Þetta er í formi erindis til iðnrh. um að tekið verði á þessu máli með öðrum hætti en ríkisstjórnin þá hafði lagt til, en hún hafði loksins í apríl flutt stjfrv. sem breytti ekki nokkrun sköpuðum hlut. Iðnaðarnefndir beggja deilda þingsins skiluðu erindi til hæstv. páv. iðnrh., Sverris Hermannssonar, þar sem m.a. var lögð áhersla á í fyrsta lagi að ganga tryggilega frá því að allt orkujöfnunargjald fari til jöfnunar hitunarkostnaðar. Við vitum það auðvitað öll að þessi lög á sínum tíma kváðu því miður ekki á um að gjaldið færi óskipt til jöfnunar hitunarkostnaðar og þurfti ég að minna fyrrverandi stjórnarandstæðinga á það ákvæði. Þetta var ekki orkuskattur eins og ég hafði barist fyrir heldur flöt hækkun á söluskatti án viðeigandi mörkunar á nýtingu tekjustofnsins sem skyldi renna í ríkissjóð og meðferðin eftir því. Í þessu erindi frá iðnaðarnefndunum var líka kveðið á um ákveðið lágmarkshlutfall til jöfnunar hitunarkostnaðar og sérstaklega að aðstoð við hitaveitur með sérvanda sé betur tryggð. Það er einmitt það mál sem við erum hér að ræða. Þarna kom því vilji þingsins í hittiðfyrra skýrt fram í gegnum iðnaðarnefndir þar sem ég held að talsmenn allra flokka hafi átt hlut að þessu erindi.

Eins og till. okkar var — og það skulu vera mín lokaorð hér að þessu sinni — eins og till. okkar var sniðin hefði framgangur hennar þýtt möguleika á að lækka gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar um 50% miðað við þessa reglu sem þarna var upp dregin og rafhitunin þar sem mest hallaði á gæti lækkað frá því sem þá var, ekki svo mikið en verulega, því þá þegar var gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar orðin mjög há og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar komin í hópinn. Hérna er skrá yfir þær hitaveitur sem þá áttu í erfiðleikum. Þær eru fleiri en hér eru nefndar og til að spara hæstv. iðnrh. leitina skal ég afhenda honum hér á eftir þetta þskj. sem gæti orðið nefnd hans til uppbyggingar og til að auðvelda henni störfin.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 193 um aðstoð við hitaveitur hefur mikið verið rædd. Ekki ætla ég að koma hingað upp í stólinn og lofa niðurfellingu á 5 millj. dollara eins og einhver bar upp á forvera minn í embætti. Ég hef ekki lofað neinu öðru en því að vinna að lausn á þessu máli í samstarfi við þá aðila sem eru í vanda.

Ég vil taka það fram að fimmtudaginn 20. þ.m. fékk ég í heimsókn fulltrúa frá Hitaveitu Akureyrar og Akureyrarbæ, bæjarstjórinn var í þeirri sendinefnd, og frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar ásamt Hitaveitu Vestmannaeyja. Þann sama dag óskaði ég eftir fundi með forsrh. og fjmrh. um þau vandamál sem lögð voru fyrir mig af þessum fulltrúum hitaveitnanna. Samdægurs skipaði ég nefnd í samráði við fjmrh. og forsrh. Í þessari nefnd eru Jónas Elíasson, aðstoðarmaður iðnrh., Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri í iðnrn., formaður, Sigurgeir Jónsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., Sigurður Þórðarson, skrifstofustjóri fjmrn., og síðan tilnefndi forsrh. Árna Tómasson endurskoðanda í nefndina. Þó þessi nefnd sé skipuð eftir fund með fulltrúum þessara hitaveitna, sem ég gat um, hefur hún það verkefni að athuga og gera tillögur til mín um lausn á vandamálum hitaveitna sem eru í vanda, ekki bara þessara þriggja, þannig að það sé alveg ljóst. Nefndin hefur tvær vikur til að skila tillögum.

Vandamál Vestmannaeyja er ekki bara fjárhagslegt, það er líka tæknilegt. Vandamál hinna eru frekast fjárhagsleg, þó ekki alveg laus við að vera tæknileg líka, en frekast fjárhagsleg. Heildarvandinn eins og hann var kynntur fyrir mér á þessum fundi mun vera rúmir 4 milljarðar kr. og nálgast jafnvel 5 milljarða þegar allt er tekið til.

Ég skal ekki segja hvort vandamálið verði leyst að einhverju leyti með yfirtöku af ríkisins hálfu á lánum eins og hér var rætt um af hv. 4. þm. Vesturl. þegar hann benti á ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem hlotið hafa fyrirgreiðslu á þann hátt hjá ríkissjóði gegnum tíðina. Það skal ég ekki segja. Ég vil bara leggja áherslu á það að ég tel að þessi vandi sé vandamál þjóðarinnar allrar og ég vil nota þennan stutta tíma, sem ég hef til að svara öllum þeim sem hér hafa talað, til þess að segja af hverju og á hverju ég byggi þessa skoðun mína. Hún byggist m.a. á því sem ég lærði á ráðstefnu um orkumál sem ég var nýlega á í Cannes í Suður-Frakklandi. Þar voru saman komnir 4000 fulltrúar, allt vísindamenn frá hinum og þessum þjóðum, flestum þjóðum veraldar, en þar voru 27–28 ráðherrar. Og vísindamennirnir voru sammála um það sem kom fram hjá einum bandarískum vísindamanni að þegar olíuverðið fór upp í 30 dollara á tunnu og stefndi hærra, þá var orkan orðin svo dýr að það varð að finna annan orkugjafa til þess að koma í staðinn fyrir olíu. Allar þjóðir eyddu stórfé í að finna annan orkugjafa. Fram kom að 7% af allri þekktri orku í veröldinni er olía, en 40% af allri orkunotkun í veröldinni koma frá olíunni þannig að það er augljóst að ef ekki finnst meiri olía í verulega

ríkum mæli, þá verður olía ekki til snemma á næstu öld. Þess vegna þarf að brúa bilið milli dagsins í dag og framtíðarinnar með tekjum frá því sem við eigum til að selja. Og það er olían. Þessi 7% af orku sem til er í heiminum en stendur undir 40% af orkunotkun. Og þá segja þeir: Olíuverðið þarf ekki að vera 30 dollarar, það verður að vera a.m.k. 50, 60 eða jafnvel 70 dollarar á tunnuna til þess að við höfum fjármagn til að fara út í framkvæmdir á nýjum orkulindum framtíðarinnar.

Þetta var það inntak af langri og mjög ánægjulegri, fræðandi og upplýsandi ráðstefnu sem ég sat í Cannes. Ég vil segja að allt það sem við gerum í dag hér til þess að nýta innlenda orkugjafa, þó að það kosti okkur mikið í krónum, er ekkert annað en sú brú sem vísindamenn voru sammála um að þyrfti að byggja milli nútímans og framtíðarinnar og okkur snertir. Það er okkar brú. Þess vegna lít ég þannig á að þó að þessi brú, sem við verðum að byggja inn í framtíðina, sé dýrt mannvirki þá er hún okkur nauðsynleg. Við höfum ekki fundið olíu. Það getur vel verið að það eigi eftir að finna hana. Ég skal ekki segja um það. Í augnablikinu lítur ekki út fyrir það. Við höfum ekki fundið gas hér á okkar svæði. Við höfum helst heita vatnið og gufuna, jarðhitann, til þess að byggja þessa brú inn í framtíðina.

Þess vegna er þetta sameiginlegt vandamál þjóðfélagsins og þjóðarinnar í heild. Hvernig við förum að því að leysa það vandamál, hvernig við tökum sameiginlega á okkur aukakostnaðinn, þann kostnað sem hitaveiturnar og fólkið á stöðunum ræður ekki við sjálft, er verkefni sem við verðum að leysa á einhvern hátt og ég vona að einhver tillaga, einhverjar hugmyndir komi út úr þessari embættismannanefnd sem ég hef skipað. Þessi nefnd er ekki eini aðilinn, hún er ekki ein um það að finna lausnina. Hún er nefnd til þess að ræða við fulltrúa frá hinum hitaveitunum og þeir hitaveitumenn, sem komu á minn fund, óskuðu eftir að fá að hafa tvo fulltrúa frá hverri hitaveitu til þess að ræða við þessa embættismannanefnd. Að sjálfsögðu samþykkti ég það og bætti við að þeir mættu hafa fulltrúa frá öðrum hitaveitum ef þeir óska eftir því, en að við ræðum vandamálið í heild sinni, ekki bara vandamál hitaveitna sem sendu menn á minn fund þrátt fyrir að vandamálið er að 80–85% þeirra. Við berum ábyrgð á þeim öllum.

Ég get ekki sagt meira. Forseti er að vísu ekki búinn að berja í bjölluna. (**Forseti:** Það er einmitt að því komið að berja í bjölluna.) Má ég bara segja til viðbótar að þær þjóðir sem fóru út í að leita að nýjum orkugjöfum til frambúðar í staðinn fyrir olíu hafa eytt gríðarlega miklum peningum sem þær líta ekki á sem tapað fé heldur „investeringu“, ef ég má orða það þannig, inn í framtíðina. Sem dæmi, og ég skal reyna að segja það í stuttu máli, hafa Ísraelsmenn náð mjög góðum árangri með því að virkja lághita með sérstökum túrbínum og þeir hafa náð mjög góðum árangri með sólarorkugjafa, en það er furðulegt verkefni. Þeir eru búnir að finna upp að ef þeir setja vatnsborð ofan á Dauðahafið getur sólin hitað það upp án þess að vatnið gufi hratt upp. Það gufar hægt upp. En til þess að fá nægilegt vatn í þessum heimshluta þurfa þeir að flytja Miðjarðarhafið ofan á Dauðahafið og hita það upp til að gefa orku. Það er ótrúlegt hvað verið er að sækja langt inn í það ómögulega til að finna eitthvað í staðinn fyrir það sem þekkt er. Þetta kostar allt stórfé og hlutfallslega, var mér sagt af iðnrh. í Ísrael, kannske meira fyrir þessa litlu þjóð þó hún sé miklu fjölmennari en við, þetta kostar hlutfallslega miklu meira en margar stórþjóðir hafa lagt samtals í að finna upp nýja orkugjafa.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Fyrir hönd flm. till., og ég vona að ég mæli fyrir hönd þeirra allra, sé ég ástæðu til þess að þakka hæstv. iðnrh. góðar undirtektir og sérstaklega þau orð hans að hér væri á ferðinni vandamál þjóðarinnar allrar.

Hins vegar þótti mér undarlegt hvernig hv. þm. Halldór Blöndal, sem hér kom í stólinn, brást við þessari till. Orðrétt sagði hann að till. væri á misskilningi byggð. Það verður fróðlegt fyrir kjósendur hv. þm. á Akureyri, aðþrengda af hitakostnaði, að fá fréttir af þessum ummælum hans. Ég held að það veiti ekkert af að koma þeim rækilega á framfæri.

Hv. þm. Halldór Blöndal hefur greinilega ekki hlustað á þau orð sem ég lét hér falla þegar ég gerði grein fyrir till. þar sem ég sagði að öllum flm. væri ljóst að ríkisstjórnin hefði fullan hug á að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem um ræðir og að við vissum einnig um nefndarskipan hæstv. ríkisstjórnar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að sú nefnd sem nú hefur verið skipuð hefði gott af því að vita vilja Alþingis og hún hafi gott af því að vita að þm. eru ákveðnir í því, ásamt með ríkisstjórninni þrátt fyrir orð hv. þm. Halldórs Blöndals, að leysa þessi mál.

Ég verð hins vegar að segja að það hafa fyrr verið skipaðar embættismannanefndir til að gera tillögur um lagfæringar á ýmsum málum og það hefur þrátt fyrir tillögugerð þeirra lítið gerst í málum. Þess vegna töldum við flm. þessarar till. að það bæri brýna nauðsyn til að flytja hana hér á þingi, ræða málið efnislega hér á þingi. Þessi tillöguflutningur var í fullu samræmi og í samráði við forustumenn hitaveitna á viðkomandi stöðum. Mönnum má vera alveg ljóst að hér er ekki flanað að neinu.

Herra forseti. Ég legg það í hendur virðulegs forseta að ákveða hvort þessari till. verði vísað til allshn. eða atvmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég bað um orðið örstutt í þessari umræðu undir fróðlegum fyrirlestri hæstv. iðnrh. um orkumál á veraldarvísu. Hæstv. ráðh. kemur vel nestaður sunnan frá Cannes og hefur kynnt sér

stöðuna vítt um lönd. Það er sannarlega gott. Mér fannst athyglisverður skilningur sem kom fram í máli ráðherrans og ályktunarorð sem svo að við þyrftum ekkert að iðrast að hafa gengið nokkuð djarflega fram í nýtingu á okkar innlendu orku, hagnýtingu okkar orkugjafa sem við eigum hér. Bæði á það við um vatnsaflið og jarðvarmann. Við þurfum ekki að sjá eftir því. Hitt er annað mál að auðvitað þurfa menn að ganga fram af gát alltaf þegar verið er að ráðstafa fjármagni og skyggnast til allra átta, en stundum nægir það ekki til því það verða veðrabrigði sem menn hafa ekki áttað sig á fyrir fram.

Hæstv. ráðh. tók hér undir, fannst mér, þá meginstefnu, sem fram kemur í umræðum um þessa þáltill., að hér sé um samfélagslegt vandamál að ræða þar sem þjóðfélagið eigi að koma inn með spor í átt til jöfnunar og leysa úr þeim gífurlega vanda sem viðkomandi orkufyrirtæki eiga við að stríða. Ég vildi af þessu tilefni bæta við fyrirspurn til hæstv. ráðh. sem snertir þessi mál, húshitunarkostnaðinn, alveg sérstaklega en einnig fleira sem varðar innlenda orkugjafa. Ég lagði áherslu á að það yrði litið á þetta í heild sinni og er þar ekki neitt að drepa á dreif að tekið sé á málefnum hitaveitnanna. En þannig er að mikill hluti fólks úti um land á ekki annarra kosta völ en að nýta raforku til upphitunar húsa og allir nota raforku til heimilisnota. Þar hefur verið reynt á liðinni tíð að ná fram ákveðinni lágmarksjöfnun, þó engan veginn fullnægjandi. Nú hins vegar óttumst við, sem skyggnumst í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og sjáum að þar lækkar verulega framlag til niðurgreiðslu á rafhitun, að þar verði breyting á í sambandi við húshitunartaxtana hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og kannske varðandi aðra taxta þessara orkufyrirtækja þannig að það sé hætta á að þau verði knúin til að hækka gjaldskrár sínar það mikið að bilið vaxi á milli þess sem þorri landsmanna býr við. Þá er ég m.a. með í huga Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hins vegar þorra fólks á landsbyggðinni sem skiptir við þessi fyrirtæki. Ég spyr hæstv. ráðh. við þessa umræðu hvert horfi í þessum efnum. Eru líkur til þess að til þess komi, eru einhverjar líkur á því að Rafmagnsveitur ríkisins verði látnar hækka gjaldskrár sínar verulega um næstu áramót? Í því sambandi hefur jafnvel verið nefnd hækkunarþörf út frá fjárhagsdæmi Rafmagnsveitnanna upp á 35% varðandi húshitunarrafmagnið. Ég inni hæstv. ráðh. eftir þessu og vænti að virðulegur forseti leyfi að þetta mál sé tekið upp í þessu samhengi við umræðuna því hér er um stórt hagsmunamál að ræða og vanda sem betra er að Alþingi líti framan í fyrr en seinna ef eitthvað slíkt er á leiðinni í tengslum við fjárlagafrv. og það dæmi sem þar liggur fyrir svo og áhyggjur þeirra sem ráða fyrir Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var góð hressing að heyra aftur hvernig málflutningur hv. 6. landsk. þm. hefur verið vaxinn. Ég var hálfpartinn búinn að gleyma því, en mér heyrðist á honum áðan að hann væri enn við það gamla heygarðshornið að taka nokkur orð úr samhengi og leggja aðra merkingu í þau en meint var og segir svo að af því að orðin eru tekin úr samhengi séu þau orðrétt, grípur hann fram í. Þetta er nú fínn mórall.

En af hverju var það sem ég sagði að þessi till. væri á misskilningi byggð? Það var vegna þess, eins og fram hefur komið hér, að væntanlega mun sú nefnd, sem ráðherra hefur skipað til að gera sér grein fyrir þessum málum og gera tillögur um þau, hafa skilað áliti áður en þessi till. til þál. kemur aftur til umræðu hér í hinu sameinaða þingi. Ég sagði að hún væri á misskilningi byggð vegna þess að hún væri óþörf, vegna þess að það hefðu þegar farið fram viðræður milli hitaveitnanna og ríkisstjórnarinnar, vegna þess að nefnd hefði þegar verið skipuð til að fjalla um þessi mál og vegna þess að henni hefði verið gefið það tímamark að skila áliti innan hálfs mánaðar. — Er það ekki rétt skilið hæstv. iðnrh.? — Þess vegna sagði ég að þessi tillöguflutningur væri á misskilningi byggður. Hitt væri annað mál ef ríkisstjórnin hefði ekkert aðhafst í málinu. Ég vona að þetta skiljist.

Hitt skiptir minna máli þó hv. þm. hlaupi norður í byggðir til að segja mönnum þar hvaða skoðanir maður hafi á Hitaveitu Akureyrar. Ég hef búið þar og verið þar nógu lengi nú um sinn til þess að mönnum sé kunnug mín afstaða til þess máls.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst geta þess að ég tel ekkert óeðlilegt að þessi þáltill. kæmi fram. Hún er sett fram eftir fund sem átti sér stað sama dag og fulltrúar hitaveitnanna heimsóttu mig í ráðuneytinu þannig að bæði þm. kjördæmisins og ráðherra fóru strax að draga athygli stjórnvalda að vandamálinu. Það var ekkert óeðlilegt að þáltill. kæmi fram á sama tíma og nefndarskipun á sér stað í ráðuneytinu hjá mér.

En varðandi fyrirspurn hv. 5. þm. Austurl. um væntanlega raforkuverðshækkun frá áramótum treysti ég mér ekki til að ræða það að sinni, hann verður að virða það við mig, enda er ekki komið að neinni ákvarðanatöku um raforkuverð á næsta ári eða hækkanir um áramót.

Síðan spyr hann um þá fjárupphæð sem er á fjárlögum vegna niðurgreiðslu á raforku á næsta ári. Þá er eðlilegt að framlag ríkisins lækki vegna þess að mjög mikið hefur t.d. verið unnið að einangrun á húsum sem hefur sparað orkunotkun gríðarlega mikið. Það er til eitthvað um það í ráðuneytinu hvað mikið hefur sparast. Líka hefur notendum hitaveitna fjölgað gríðarlega mikið þannig að upphæðin sem þarf til niðurgreiðslu hefur lækkað. Þess vegna er upphæðin lægri á fjárlögum í ár en á s.l. ári. Ég held að það sé góð þróun. Ef ég man rétt held ég að hæstv. fyrrv. ráðherra iðnaðarmála, þá á ég við hv. 5. þm. Austurl., hafi byrjað á þessu verkefni á sínum

tíma, sérstaklega á einangrun húsa og öðru því sem ég hef hér gert að umræðuefni. Bæði forveri minn í embætti og ég höfum haldið því verki áfram. Þar af leiðandi er augljóst að með auknum hitaveitufram-kvæmdum og með betur einangruðum húsum lækk-ar það framlag sem ríkið þarf að veita á fjárlögum til niðurgreiðslu á rafmagni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vindorkuver og hraunhiti til húshitunar, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 171. mál. — Þskj. 181.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um vindorkuver í Vestmannaeyjum og frekari nýtingu hraunhita til húshitunar. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni á nýtingu vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum og jafnframt að kanna til hlítar frekari nýtingu jarðhita í Eldfells-hrauni, m.a. með athugunum á sprungumyndun í eldstöðvunum."

Um árabil hefur hraunhitaveitan í Vestmanna-eyjum sinnt að mestu húshitun í kaupstaðnum. Fyrirtækið er einsdæmi í heiminum. Hiti fer nú stöðugt þverrandi á virkjunarsvæðinu og er allt útlit fyrir að Fjarhitaveita Vestmannaeyja verði að grípa til annarra ráða áður en langt um líður, rafmagns-notkunar, olíunotkunar eða vindorkuvirkjunar.

Hér hefur verið rætt í dag um vanda hitaveitna og þar á meðal Hitaveitu Vestmannaeyja. Þessi vandi varðandi Vestmannaeyjar er allsérstæður að því leyti að þarna er um að ræða mannvirki sem hefur verið í notkun um árabil en ekki hefur verið unnt að treysta á og er mjög óljóst hverju fram vindur. Það er hins vegar jafnframt ljóst að það hafa ekki verið gerðar þær kannanir sem æskilegt er á vísindalegum grunni til að ganga úr skugga um hvort eða hvernig hægt er að nýta frekar þá orku sem leynist í hraunmassanum frá eldgosinu 1973. Það er því æskilegt einmitt nú að kanna þessi mál rækilega og það er álitamál, má segja, hvort þarna á að skipa þriggja manna nefnd eða nefnd fleiri sérfræðikunn-áttumanna. En allt um það á að vera unnt að ljúka slíkri úttekt á fáum mánuðum á vísindalegum grunni og er í rauninni ekki eftir neinu að bíða því vandinn er staðreynd og nauðsynlegt að grípa til ráða eins fljótt og hægt er.

Örn Helgason dósent hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hefur í grg. sagt helstu staðreyndir sem um er að ræða í þróun á notkun vindmylla í heiminum í dag. Þar er um allmiklar framfarir að ræða. Í olíukreppunni beindist athyglin að nýjum leiðum í orkumálum. Þá var hin forna orkulind mannkynsins, vindorkan, tekin til athugunar. Það má segja að Danir hafi gert sér manna fyrst grein fyrir nútímalegum möguleikum á notkun vindorku sem orkugjafa í nútímaþjóðfélagi. Þeir hafa stundað um árabil mjög skipulegar tæknirannsóknir á þessu sviði og vöruþróun. Í dag eru vindorkurannsóknir stundaðar víða í heiminum. Þar eru Danir í farar-broddi, má segja, og við ættum að geta nýtt þá reynslu sem þar hefur unnist.

Það liggja fyrir ítarleg gögn um vindafar á Stór-höfða og þó að þessi gögn séu ekki alls kostar marktæk fyrir vindafar á líklegustu virkjunarstöðum í Vestmannaeyjum má fullyrða að vindorka á eyjun-um er langtum meiri en flest erlend vindorkuver búa við. Þá er ljóst að breyta þarf vinnslustöðlum í sambandi við nýtingu á vindorku í Vestmanna-eyjum, flestum stöðlum ef ekki öllum, því þar er um að ræða mun meiri vindhraða en miðað er við og nýtist í erlendum vindmyllum sem hafa verið settar upp víða um heim. Það er álit sérfræðinga Raunvís-indastofnunar við fyrstu sýn að nýting vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum sé nokkuð álitlegur kostur þótt nauðsynlegt sé að skoða þau mál miklu frekar áður en unnt er að fullyrða neitt um raungildi þessarar sýnar.

Það má jafnframt geta þess að komið hefur vís-indamönnum á óvart hve hraunhiti í Surtsey hefur haldist stöðugur í ákveðnum kjarna eyjarinnar, allt að 300 gráðu hiti um 20 ára skeið. Með tilliti til þeirrar reynslu sem þar hefur átt sér stað, m.a. með borunum og rannsóknum á borholum, er ástæða til að kanna til fulls hvort unnt sé að ná hitaorku í nýja hrauninu í Vestmannaeyjum á annan hátt en gert hefur verið hingað til.

Þessi till. miðar að því að þetta verk sé unnið faglega og fljótt. Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til atvmn.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 181 flytur hv. þm. Árni Johnsen till. til þál. um vindorkuver í Vestmanna-eyjum og frekari nýtingu á hraunhita til húshitunar.

Ég sé ekkert sem mælir gegn því, ég styð það frekar en hitt að nefnd sé skipuð og hvort hún er þriggja manna eða þá fimm manna t.d. skiptir ekki öllu máli. Sökum þess hve Ísland býr yfir ríkulegum orkulindum vatnsafls og jarðhita hafa Íslendingar ekki lagt sömu áherslu og aðrar þjóðir á að þróa aðferðir til að nýta vindorku landsins sem öllum er þó ljóst að er fyrir hendi í ríkum mæli.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með nýtingu vindorku á stöðum þar sem ekki er auðveldur aðgangur að ódýrri orku. Helsta tilraunin var sú sem gerð var í Grímsey af Raunvísindastofnun Háskólans undir forustu Arnar Helgasonar, þess sama sem getið er um í þskj. 181 og flm. vitnaði í. Í þessari tilraun fékkst engin niðurstaða varðandi hagkvæmni þess að nýta vindorku á slíkum stöðum þrátt fyrir að vindorka er ekki síður aðgengileg í Grímsey en í

Vestmannaeyjum. Leikur nokkur vafi á hvort þessi tilraun hafi fært okkur nærri lausn á húshitunarvanda eyjarinnar.

Þá má einnig geta þess að vindorka er ekki talin nothæf af sérfræðingum nema með fullu varaafli. Af þessu má vera ljóst að beislun vindorku getur verið nokkuð kostnaðarsöm. Stálsmiðjan mun á næstunni standa fyrir tilraun til nýtingar á vindorku og fær til þess lán hjá Iðnlánasjóði. Við verðum ekki með frekari aðgerðir uns einhver niðurstaða hefur fengist um hagkvæmni á nýtingu vindorku.

Þessu til viðbótar, hæstv. forseti, vil ég segja að sjálf þáltill. stangast svolítið á við það sem segir í grg., en þar segir m.a. að hiti fari nú stöðugt þverrandi á virkjunarsvæðinu og sé allt útlit fyrir að Fjarhitaveita Vestmannaeyja verði að grípa til annarra ráða áður en langt um líður. Síðan er talið upp að þessi ráð séu annaðhvort fólgin í því að nota raforku, olíu eða vindorkuvirkjanir.

Það verður rætt við Vestmanneyinga í sambandi við lausn á fjárhagsvanda hitaveitna eins og ég gat um í umræðum um það mál sem var á dagskrá á undan þessu. Ég gat líka um að vandamál Hitaveitu Vestmannaeyja væri ekki eingöngu fjárhagsleg heldur líka tæknileg. Ég reikna með að sú nefnd ræði það mál að hluta. Ég tek þó undir þessa þáltill. því að ég álít að hér þurfi að vera annaðhvort þriggja manna nefnd, eins og segir í þáltill. hv. flm., eða fimm manna nefnd, en hann var að tala um að þriggja manna nefnd væri kannske of lítil. En það þarf að vera nefnd vísindamanna sérstaklega sem komi með nýjar hugmyndir og kanni að sjálfsögðu frekar, eins og till. segir til um, frekari nýtingu jarðhita í Eldfellshrauni, m.a. með athugunum á sprungumyndunum í eldstöðvunum.

Ég er sammála þessari þáltill. og legg til að hún verði samþykkt og vona að við finnum lausn á orkuvandamálum Vestmannaeyja. En ég vil aðeins geta þess að lokum að tveir vísindamenn, tveir ungir verkfræðingar, hafa sótt um aðstoð iðnrn. til að fá styrk úr norrænum sjóðum til að kanna möguleika á því að nýta þá tækni sem nú er þekkt til að flytja raforku á milli landa, þ.e. sjóleiðina. Það eru komnir nýir kaplar sem flytja betur en áður þekktu kaplarnir raforku á milli landa um langan veg. Þeir hafa hug á að kanna frekar en þegar hefur verið gert möguleikana á að flytja orkuna til Færeyja og þaðan til Skotlands og áfram til Skandinavíu og kannske til Evrópu þegar þar að kemur.

Þetta er í gangi og þeir vitna til sams konar mannvirkja sem hafa þegar verið reist annars staðar og telja vegalengdina álíka eins og til Færeyja. Reynsla þaðan gæti orðið okkur að einhverjum notum. Þá er spursmál: Er þá ekki hagkvæmara eða kannske öruggara og betra að athuga í leiðinni hvort tæknin er komin á það stig að hagkvæmast sé að flytja frá landi orkuna til Vestmannaeyja með þessum nýju köplum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að till. verði samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni þessarar þáltill. ræða aðeins um nýtingu vindorku og taka fram að mér finnst hugmyndin hjá flm., sem býr að baki þessu máli, ekkert fjarstæðukennd og ofureðlilegt að hreyfa henni á Alþingi. Ég vil ekki leggja mat á með hvaða hætti ráðist yrði í þá könnun sem hér er lagt til að sérstök þriggja manna nefnd yrði skipuð til að standa fyrir. Það getur vissulega komið til greina, en það getur hugsanlega einnig hentað að hafa annan hátt á, t.d. fela stofnun eins og Raunvísindastofnun Háskólans eða öðrum tiltækum stofnunum, sem hið opinbera á innangengt í, að gera úttekt á þessu máli. Ég skal heldur ekki segja hvaða möguleikar eru á því á ekki löngum tíma að hagnýta vindorku í Eyjum til að leysa að einhverju leyti þann vanda sem þar mun skapast þegar orka hraunhitaveitunnar dvínar, eins og allir vita að mun verða á nokkurra ára bili og hefur raunar gerst eitthvað hraðar en vonir stóðu til um í upphafi.

Það er sem sagt hagnýting vindorkunnar almennt sem ég vildi taka undir að er mjög verðugt verkefni fyrir okkur Íslendinga að gefa gaum að vegna þess að svo kann að fara að það geti verið okkur hagkvæmt að hagnýta vindorku á tilteknum stöðum á landinu og vissar tilraunir hafa verið í gangi þar að lútandi eins og hæstv. ráðh. vék að varðandi Grímsey og einangruð bóndabýli. Þarna hafa, eins og flm. þessa máls nefndi, Danir náð mjög langt og útflutningur á vindrafstöðvum og ýmsum búnaði í sambandi við hagnýtingu vindorku hefur orðið arðvænleg grein hjá Dönum. Ég hef séð það á alþjóðlegum sýningum hvað þeir standa í rauninni framarlega alþjóðlega í þessum efnum. Ég hygg að þeir flytji þó nokkuð út til Bandaríkjanna af slíkum búnaði svo að dæmi sé tekið. Við þurfum auðvitað að fylgjast með á þessu sviði.

Það vill líka svo til að fyrir utan Örn Helgason dósent, sem hefur verið að glíma við þetta verkefni fræðilega séð, hvernig hagnýta mætti með beinum hætti vindorkuna til upphitunar, hafa íslenskir hagleiksmenn verið að glíma við framleiðslu á vindmyllum. Þar er ég með í huga sérstaklega bræður tvo, Sigurjónssyni á Forsæti í Villingaholtshreppi, sem hafa fengist við þetta verkefni og náð þar held ég mjög góðum árangri án teljandi utanaðkomandi aðstoðar þó að mér sé ekki kunnugt um það í einstökum atriðum, en í höndunum á þeim leikur fleira eins og menn væntanlega fá að njóta þegar orgelið sem þar er í smíðum verður fullbúið. Það er mikils virði að við höfum augun opin í þessum efnum, bæði hvað er að gerast í kringum okkur og örvum þá sem eru að glíma við möguleikana innanlands í þessum efnum því að fyrr en varir getur það leitt til hagkvæmrar niðurstöðu. Ég er ekki að hvetja til að menn fari að verja í þetta stórum upphæðum, en að tryggja að hér sé ákveðin þróun í gangi og menn haldi þar vöku sinni.

Í sambandi við þetta vil ég nefna að eins og við vitum hefur verið og er ákveðin umframorka í

raforkukerfi landsmanna, þ.e. umframframleiðslugeta eins og það er orðað á máli sérfræðinga. Það leiðir hugann að því hvort það sé í rauninni réttlætanlegt að nýta ekki þá framleiðslugetu betur en gert er með því að reyna að koma þeirri orku á markað, þá með ódýrari hætti en hún hefur verið í boði hjá Landsvirkjun, til húshitunar eða til iðnaðarstarfsemi eða hvort tveggja svo að dæmi séu tekin. Ég ætla ekki að fara að ræða það mál ítarlega, en ég minni á þetta einnig í tengslum við þann vanda sem Vestmanneyingar búa við vegna sinnar hraunhitaveitu. Þeir eru í tengslum við land með rafstreng og mér skilst að flutningsgeta hans sé alls ekki nýtt. Það er umframorka í kerfinu eins og það er kallað og við vissar aðstæður tel ég sjálfsagt og þjóðhagslega skynsamlegt að hagnýta hana og bjóða hana á kjörum sem eru hvetjandi til nýtingar á þessari orku. Mér finnst sjálfsagt að bæði íslenskur iðnaður og þeir sem hita hús sín með raforku og hitaveiturnar sem borga sérstakan taxta vegna dælingar á heitu vatni fengju í einhverju að njóta þess, en þessi framleiðslugeta liggi ekki bara óbætt hjá garði.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vék að nýtingu raforku sem til staðar er í landinu og það er vissulega þáttur sem hlýtur að koma til skoðunar í öllu þessu dæmi, sérstaklega sá möguleiki t.d. að komið verði á beinum kaupum raforku milli aðila, þ.e. milliliðalaust, sem gæti ugglaust lækkað raforku allverulega. En það er kannske ekki ástæða til að ræða það mikið hér.

Það hafa miklar framfarir átt sér stað og verið ör þróun í smíði og nýtingu á vindmyllum. Hér var minnst á tekjur Dana af framleiðslu á vindmyllum. Þær námu 256 millj. dala á s.l. ári, útflutningsverðmæti Dana af vindmyllum.

Ég þakka ræðumönnum góðar undirtektir og ég þakka sérstaklega hæstv. iðnrh. fyrir jákvæðar undirtektir við þessari till.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslufrestur, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 161. mál. — Þskj. 171.

Sigurður Þórólfsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um viðskipti með greiðslufresti á þskj. 171. Flm. að þessari till. eru Davíð Aðalsteinsson, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Valdimar Indriðason, Steingrímur J. Sigfússon og Sigurður Þórólfsson. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa löggjöf um viðskipti með greiðslufresti."

Í grg. með till. segir:

„Núgildandi lög um lausafjárkaup eru síðan 1922. Á undanförnum árum hafa umræður um kaupalögin ekki síst tekið mið af þeim ákvæðum laganna sem fela í sér að aðilar að kaupsamningi geta vikið ákvæðum kaupalaganna til hliðar, sbr. 1. gr. laganna. Eins og nærri má geta hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaháttum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna, enda hefur oftsinnis verið bent á að þau bæri að endurskoða í ljósi breyttra tíma.

Sú till. til þál. sem hér er flutt gerir ráð fyrir að sett verði sérstök löggjöf um viðskipti með greiðslufresti, m.a. með hliðsjón af notkun víxla, skuldabréfa, greiðslukorta og reikningsviðskipta, en síðast en ekki síst verði slík löggjöf að taka til samninga með eignarréttarfyrirvara. Markmið og tilgangur slíkrar löggjafar yrði tvímælalaust að draga sem skýrastar markalínur um réttarstöðu kaupanda og seljanda hvors gagnvart öðrum sem yrði um leið mikilvægt spor í átt til aukinnar neytendaverndar. Neytendasamtökin hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og margsinnis bent á hversu brýnt væri að setja lög á þessu sviði. Til marks um viðleitni stjórnvalda á undanförnum árum má nefna að á löggjafarþinginu 1978–79 var lagt fram stjfrv. um afborgunarkaup, en frv. náði ekki fram að ganga. Í janúar 1983 lágu fyrir drög að frv. til l. um lánsviðskipti (afborgunarkaup) sem samið var á vegum viðskrn.

Á þessu sviði sem mörgum öðrum hafa Norðurlandaþjóðirnar haft með sér náið samstarf. Löggjöf þessara þjóða, a.m.k. Dana, Svía og Norðmanna, er mjög svipuð um flest atriði sem máli skipta, enda höfðu þær með sér samvinnu um undirbúning þeirra á áttunda áratugnum. Tilgangur þeirrar samvinnu var þó ekki að löggjöfin yrði samhljóða heldur að bera sama bækurnar um það hvar skórinn kreppti. Reyndar hefur miklu víðar um lönd verið sterk tilhneiging til þess að styrkja stöðu neytenda á ýmsum sviðum, en þar höfum við að margra dómi verið eftirbátar, ekki aðeins vegna þess að lagakróka hafi vantað heldur og ekki síður vegna þess að við höfum ekki stuðlað að nógu sterkum neytendasamtökum. Í því efni hefur ýmislegt komið til. Hér á landi hefur það mjög farið eftir fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra hverra réttinda neytandinn hefur notið. Dómsmál á þessu sviði eru allt of mörg að áliti flestra sem til þekkja.

Þau frumvörp, sem þegar hafa verið samin um það efni sem þessi till. til þál. varðar, er sjálfsagt að hafa til hliðsjónar við undirbúning þessa máls ásamt nútímaviðhorfum í íslensku viðskiptalífi og því sem nýtilegt er úr löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Undirbúningi þessa máls væri æskilegt að hraða svo að þetta þing, sem nú situr, beri gæfu til þess að samþykkja löggjöf um það efni sem vikið er að í till."

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

15. fundur, miðvikudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 191 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands. Í núgildandi lögum segir svo í 15. gr.:

„Vísindalegu starfi Rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði."

Áður gilti sú fortakslausa regla að starfi Rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnaði forstjóri sem kjörinn væri til skiptis úr hópi fyrrgreindra aðila. Hér er lagt til að reglunni verði að vísu viðhaldið en hún sé ekki undantekningarlaus ef menn vilja svo viðhafa og fyrir því er orðinu „að jafnaði" skotið þarna inn í lögin. Enn fremur er hér nú talað um fasta kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði og er það í samræmi við þá breytingu sem orðið hefur á deildaskipun Háskóla Íslands frá því að lög nr. 38 frá 1971 voru sett.

Ég bendi á að þetta er flutt að sérstakri beiðni þeirra sem þarna eiga hlut að máli. Sá forstjóri sem gegnt hefur þessum störfum hefur reynst með þeim ágætum að félagsvísindadeildin leggur mjög mikla áherslu á að Sigríði Valgeirsdóttur verði falið að gegna þessu forstjórastarfi áfram.

Þeir aðilar sem hlut eiga að máli eru sammála um þetta og fyrir því er það að ég tel fullkomna ástæðu til að greiða fyrir því að sú skipan geti orðið, enda þótt ég ítreki að reglan er áfram óbreytt en ekki, eins og verið hefur, fortakslaus.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja til að þessu máli verði vísað til menntmn. þegar þessari umræðu lýkur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég lýsi stuðningi mínum við þetta litla lagafrv. Það tekur til tveggja atriða. Í einn stað kemur félagsvísindadeild í stað „heimspekideildar", en eins og hæstv. menntmrh. tók fram er það í samræmi við breytta deildaskipun Háskóla Íslands. Í annan stað er hér tekið upp það verklag að nokkur sveigjanleiki er skv. efnisgrein þessa frv. um það hver gegnir starfi forstöðumanns Rannsóknarstofnunar uppeldismála.

Ég er fylgjandi þessu verklagi almennt því að ég tel að sveigjanleiki sé æskilegur í lögum þannig að stofnanir geti á hverjum tíma hagað starfi sínu eins og best verður á kosið hverju sinni innan ákveðins lagaramma. Hér er því farin réttlát og mjög eðlileg leið.

Það kemur einnig fram í grg. með frv. að þessi tilhögun nýtur stuðnings þeirra sem málið er skyldast og þessi störf hafa með höndum. Þarna virðist vera um að ræða ágætt samkomulag á milli félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Rannsóknarstofnunar uppeldismála. Ég tel frv. því að öllu leyti réttmætt og lýsi stuðningi mínum við það.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um viðurhlutamikið mál að ræða og svo sem ástæðulaust að setja á langar ræður um það þótt menn séu sammála þessu litla frv., en til þess gefst tækifæri í nefnd að fjalla nánar um það. Þetta er raunar að ég hygg ágreiningslaust mál.

En tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu var að inna hæstv. menntmrh. eftir því hvað líði þeirri endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands sem ákveði var sett um í þau lög á sínum tíma að fram skyldi fara innan tiltekins tíma frá setningu laganna sem mun hafa verið 1971 eða 1972, og nú vitna ég til eftir minni. Það átti að endurskoða þessi lög innan þriggja ára eða svo eða fimm ára. Að því ég best veit hefur þessi endurskoðun aldrei fram farið. Vil ég nú beina því til hæstv. menntmrh. hvort þessi endurskoðun sé hafin. Sé svo ekki, hvort hann hyggist beita sér fyrir því að hún fari fram og hvenær þess megi þá vænta að endurskoðað frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands verði lagt fyrir Alþingi, svo sem mælt var fyrir í lögum á sínum tíma.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Frú forseti. Ég er sannfærður um að lögin um Kennaraháskóla Íslands þarfnast rækilegrar endurskoðunar án þess að ég ætli að orðfæra neitt um einstök atriði í því sambandi. Fyrirrennari minn, hæstv. núv. heilbrrh., hafði fengið til þess félagsvísindadeild Háskólans og forseta hennar, Þórólf Þórlindsson, að gera úttekt á málefnum Kennaraháskólans. Ég hef átt tvívegis viðræður við Þórólf um þetta mál og hann tjáir mér að í burðarlið sé að hann skili ítarlegri skýrslu um málefni Kennaraháskólans.

Í framhaldi af því mun ég þegar láta taka til við endurskoðun laganna. Ég þori ekki að fullyrða um hvenær möguleiki verður á að leggja slíka endurskoðun fram. Mér er stórlega til efs að það verði mögulegt á þessu uppboðsþingi fyrir kosningar. En ég held að við þurfum að gaumgæfa alveg sérstaklega málefni Kennaraháskólans. Ég er ekki þar með að hefja gagnrýni á störf hans, en ég hygg þó að með tilliti til þess að hér var um nýja stofnun að tefla, sem menn í upphafi voru sammála um að þyrfti að endurskoða lög um mjög fljótlega eftir að hann var settur á laggirnar, skólinn, held ég að þessa gerist fullkomin þörf. Líka vegna þess að hratt flýgur stund

í kennslumálunum. Fjarkennslan og hvað eina sem nú kemur til sérstakrar meðferðar þarfnast þess sérstaklega að hið háa Alþingi skipuleggi þessi mál upp á nýtt.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Það væri að sjálfsögðu nauðsynlegt að ræða málefni Kennaraháskólans út frá ýmsum sjónarmiðum, en ég er ekki hingað kominn til þess heldur einungis til að lýsa yfir stuðningi mínum við það frv. sem hér er lagt fram. Það er einróma álit allra þeirra sem um það hafa fjallað að sú skipan sem hér er lagt til að verði höfð á sé hin heppilegasta fyrir Rannsóknarstofnun uppeldismála. Ég lýsi því yfir að það verður reynt að hraða meðferð þessa máls hér í þinginu og vona ég að það fái skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Leiklistarskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 182. mál (skólanefnd). — Þskj. 192.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Annað lítið mál á þskj. 192 um þá breytingu á lögum um Leiklistarskóla Íslands að fjölga úr 9 upp í 13 í skólanefnd.

Ég ætla að vænta þess að nefndin styrkist við það að fleiri ráð koma saman, enda þótt Ólafur þá kenndi okkur annað á sínum tíma. En hér vona ég að eigi í hlut vitrir menn.

En það þykir ástæða til að gefa hinni nýju listiðn okkar, kvikmyndagerðinni, aðild að skólanefnd Leiklistarskólans og þar er um að tefla sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins, Samband ísl. kvikmyndagerðarmanna og Félag kvikmyndagerðarmanna ásamt með Félagi leikstjóra sem af sjálfu leiðir að eiga þar brýnast erindi.

Um skólann er annars það að segja að menn hafa varpað öndinni. Honum hefur verið fundið nýtt húsnæði sem fyrirsvarsmenn skólans eru afskaplega ánægðir með og er þar vissulega stunduð hin merkilegasta starfsemi sem við þurfum að hlúa að. Ég vil fyrir mitt leyti verða við óskum þessara aðila, kvikmyndagerðarinnar alveg sérstaklega, að þeim verði gefinn kostur á aðild að skólanefndinni því að hér er eins og ég segi á ferðinni ný listiðn sem nemendur þurfa svo sannarlega að kynnast rækilega og það verður, held ég, best gert með því að þarna eigi þeir einnegin hlut að máli sem í fylkingarbrjósti standa í kvikmyndagerðinni.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði máli þessu vísað til menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 208.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 208 er frv. til l. um veitingu prestakalla. Þetta frv. var upphaflega samið af nefnd sem skipuð var á árinu 1977 af Ólafi Jóhannessyni þáv. kirkjumálaráðherra. Frv. var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978–79, en hlaut ekki afgreiðslu.

Frv. er nú að nýju lagt fram nær því óbreytt. Frv. er hér lagt fram með samþykki ríkisstjórnar en án skuldbindinga af hendi einstakra ráðherra eða þeirra þingflokka sem að ríkisstjórninni standa.

Frv. felur í sér miklar breytingar frá núgildandi reglum um veitingu prestakalla.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir að meginreglan verði að prestar verði kosnir af svokölluðum kjörmönnum, en skv. frv. eru kjörmenn sóknarnefndarmenn í hverri sókn.

Önnur meginbreytingin er að tekin eru upp ákvæði um svonefnda köllun prests. Köllun er fólgin í því að tiltekinn meiri hluti kjörmanna eða ¾ geta farið fram á að tiltekinn prestur taki þjónustu án þess að viðkomandi prestakall sé auglýst laust til umsóknar. Ef ¾ hlutar kjörmanna samþykkja síðan köllun á formlegum fundum, er prófastur stýrir, skal veita viðkomandi presti kallið. Gert er ráð fyrir í frv. að veiting sem byggist á köllun sé tímabundin og í lengsta lagi geti veiting í því tilfelli verið fjögur ár.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að almenn kosning geti farið fram að loknu vali kjörmanna, þ.e. ef 25% sóknarbarna fara fram á það. Hér er opnuð leið fyrir sóknarmenn að krefjast þess að fá að taka ákvörðun um val prests án milligöngu kjörmanna.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um almennar kosningar. Þar er að finna ákvæði um gerð kjörskrár sem eru skýrari en skv. núgildandi lögum. Þar eru einnig ákvæði um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Kosningaaldur er 16 ár. Er það aldursmark í samræmi við gildandi reglur, en með lögum nr. 25 1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarfundi o.fl., var kosningarréttur og kjörgengi á safnaðarfundum og öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkjunnar bundinn við 16 ár.

Gert er ráð fyrir að í hverju prófastsdæmi sé yfirkjörstjórn sem annist framkvæmd kosninga. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn í hverju prestakalli. Skv. núgildandi lögum er ein yfirkjörstjórn fyrir allt landið.

Ýmsum ákvæðum núgildandi laga um framkvæmd sjálfra kosninganna er sleppt, en vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis. Þetta er nefnt sem dæmi um breytingar og lagfæringar sem fram koma í frv.

Allmiklar deilur hafa staðið um prestskosningar í núverandi mynd, bæði á Alþingi og utan þess. Lögin um prestskosningar hafa staðið nær óbreytt frá því að þau voru sett 1915. Þó hafa komið fram á Alþingi allt frá 1930 nokkur frumvörp er lúta að breytingum á lögunum og einnig hafa komið fram þingsályktunartillögur um sama efni. Um þetta vísast nánar til nál. er fylgir frv.

Á flestum kirkjuþingum allt frá stofnun þess hefur þetta mál borið á góma. Komið hafa fram ákveðnar tillögur og lagafrv. Í því sambandi er rétt að minna á frv. er kirkjuþing samþykkti 1972 og aftur 1976. Um þetta frv. hefur kirkjuþing fjallað og lýst stuðningi sínum við það.

Þeir sem andsnúnir eru núverandi reglum um prestskosningar tilfæra ýmsar ástæður. Þeir telja m.a. að prestskosningar leiði oft til sundurlyndis í söfnuðum vegna deilna sem oft séu fremur sprottnar af persónulegri en málefnalegri afstöðu. Kosningabaráttа sé dýr fyrir umsækjendur og sé oft háð án þeirra vilja.

Það er skoðun margra presta að núgildandi reglur um kosningar þeirra og skipun í embætti leggi of miklar hömlur á eðlilega tilfærslu þeirra í embættum og réttlátan og eðlilegan frama og eigi m.a. sök á því að margir kandídatar fást síður til þess að fara í hin lakari brauð þar sem þeir eigi oft þeirra kosta einna völ að sitja í sama embætti alla ævi eða ganga hreinlega úr þjónustu kirkjunnar. Svo eru aftur aðrir sem telja núverandi fyrirkomulag, að sóknarmenn fái við almennar kosningar að velja sér prest, lýðræðislegasta og heppilegasta fyrirkomulagið. Nefndin, sem samdi þetta frv., hefur haft bæði þessi sjónarmið í huga og reynt að finna málamiðlunarleið.

Þótt menn greini á í þessum efnum er ljóst að endurskoða þarf ákvæði núgildandi laga um veitingu prestakalla. Þar má nefna t.d. að ýmis ákvæði laganna um framkvæmd kosningar eru úrelt.

Með frv. fylgir álitsgerð þeirrar nefndar sem samdi frv. á sínum tíma. Þar er m.a. talað um nauðsyn þess að fjölga sóknarnefndarmönnum og þar með kjörmönnum í hinum fjölmennu sóknum. Rétt er að benda á að þetta hefur þegar verið gert með lögum nr. 25/1985 er ég vitnaði til áður.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. ÞSk o.fl., 186. mál (Verðjöfnunarsjóður fasteigna). — Þskj. 196.

Flm. (Þórður Skúlason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 196 um breytingu á lögum nr. 60, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru hv. alþm. Helgi Seljan og Skúli Alexandersson. Þetta frv. gerir ráð fyrir að inn í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins komi nýr kafli, V. kafli, um Verðjöfnunarsjóð fasteigna. Frumvarpstextann tel ég raunar óþarft að lesa, enda hafa hv. þingdeildarmenn hann fyrir framan sig, en frvgr. falla að núgildandi lögum og númeraröðin í beinu framhaldi af IV. kafla laganna.

Ástæðurnar fyrir framlagningu þessa frv. eru fyrst og fremst í fyrsta lagi hinn gífurlegi munur sem er á söluverði íbúðarhúsnæðis og kostnaðarverði þess í mörgum sveitarfélögum úti á landi og í öðru lagi óhóflegar verðsveiflur á söluverði íbúðarhúsnæðis á hinum svokallaða frjálsa markaði.

Mikil umræða hefur farið fram um þennan vanda, en fáar eða engar beinar tillögur eða hugmyndir að lausn komið fram. Í málefnum landsbyggðarinnar ríkir nú meiri óvissa og óöryggi en oft áður. Það leiðir til þess að víða úti á landi er fólk nú tregt til að ráðast þar í fjárfestingar með kaupum eða byggingu á íbúðarhúsnæði. Þar er um að ræða mjög breytt viðhorf frá því er var fyrir tiltölulega fáum árum.

Þrátt fyrir verulega eftirspurn og þörf fyrir aukið íbúðarhúsnæði helst verð á nýlegu íbúðarhúsnæði áfram langt fyrir neðan það sem hús og íbúðir kosta þann sem byggir. Jafnvel á stöðum þar sem atvinnuástand er gott og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði mikil óttast fólk að það geti tapað miklum fjármunum og jafnvel orðið gjaldþrota ef það kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði og neyðist svo til að selja aftur á verði er gæti verið miklu lægra en nemur áhvílandi skuldum. Sá mikli vandi blasir því við víða um land að fasteignamarkaðurinn er í algerri sjálfheldu vegna lágs verðs á íbúðarhúsnæði og þess að fáir taka þá áhættu að byggja. Fólk sem af einhverjum ástæðum þarf að selja íbúðir sínar getur ekki selt og er raunar bundið í átthagafjötra vegna þess að það fær ekki viðunandi verð fyrir eignir sínar.

Þó einhverjir kunni að halda að með því að aflétta þeim átthagafjötrum aukist byggðaröskun er það alger misskilningur. Reynslan sýnir að þegar til lengdar lætur halda slíkir átthagafjötrar ekki. Fólk hefur gengið frá óseljanlegum eignum sínum og flutt til annarra staða. Það er auðvitað heldur ekki til framdráttar neinu byggðarlagi að binda fólk í slíka fjötra.

Reynslan sýnir líka að þessi sjálfhelda markaðarins er uppi í byggðarlögum þar sem raunverulega er mikil eftirspurn eftir húsnæði. Lögmál framboðs og eftirspurnar ráða því ekki markaðsverði íbúðarhúsnæðis í mörgum byggðarlögum úti á landi um þessar

mundir. Víða um land eru því íbúðaskipti í algeru lágmarki og nær ekkert byggt af nýjum íbúðum þó eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sé veruleg.

Á bls. 4 í því þskj. er hér er mælt fyrir er fskj. II., en þar er fasteignaverð í ýmsum sveitarfélögum borið saman á sjö mismunandi vegu. Þetta yfirlit er unnið af Stefáni Ingólfssyni verkfræðingi hjá Fasteignamati ríkisins í október s.l. Yfirlitið nær til 17 sveitarfélaga og er byggt á upplýsingum úr kaupsamningum er gerðir voru á tímabilinu október 1985 til júní 1986. Allt verð í yfirlitunum var gefið upp í krónum á fermetra. Þessar sjö töflur staðfesta allar þann mikla mun á verði íbúðarhúsnæðis eftir landshlutum sem hér hefur verið gerður að umtalsefni og röðin er í öllum aðalatriðum alltaf hin sama.

Sú fyrsta taflan á bls. 5 skoðuð, en hún er um söluverð íbúðarhúsnæðis eftir sveitarfélögum, og hlutfallstalan 100 er þar sett á söluverð í Reykjavík kemur í ljós að á höfuðborgarsvæðinu er verðið hæst á Seltjarnarnesi, 108, í Reykjavík er það 100, í Garðabæ 99, Kópavogi 98, Mosfellssveit 94 og í Hafnarfirði 90. Verðmunurinn á höfuðborgarsvæðinu er á bilinu 90–108. Séu hins vegar teknir staðir eins og Selfoss, Húsavík, Sandgerði og Akranes kemur í ljós að söluverðið hleypur á hlutfallstölunum 59–63. M.ö.o.: söluverð íbúðarhúsnæðis á Akranesi er um 55% af söluverði sambærilegs húsnæðis á Seltjarnarnesi. Hér er auðvitað um allt of mikinn mun að ræða, sérstaklega ef tillit er tekið til þess að byggingarkostnaður á Akranesi er skv. töflu 4 í fskj. með frv. um 93% af byggingarkostnaði á Seltjarnarnesi.

Ef bornar eru saman tafla 1, um söluverð, og tafla 4, um byggingarkostnað, kemur í ljós að söluverð íbúðar á Seltjarnarnesi er nú tæplega 94% af byggingarkostnaði, en söluverðið á Akranesi er um 55% af byggingarkostnaði.

Því miður ná upplýsingatöflurnar með frv. ekki til nema 17 sveitarfélaga. Töflurnar ná t.d. ekki til neinna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, en ég fullyrði að á því svæði er þetta ástand síst betra en á þeim stöðum sem eru með lægst söluverð í meðfylgjandi töflum. Sennilegast er raunar að ástandið sé jafnvel enn verra í mörgum hinna minni þéttbýlisstaða úti á landi og það jafnvel þótt eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sé mikil eins og hér hefur verið margsagt.

En víkjum þá lítillega að þróun fasteignaverðsins og miklum verðsveiflum á íbúðarhúsnæði sem ég gat um að væri önnur aðalástæðan fyrir framlagningu þessa frv. um Verðjöfnunarsjóð fasteigna. Til að öðlast glögga yfirsýn yfir þróun þeirra mála er fróðlegt að líta á fskj. I með frv. og mynd á bls. 4 þar sem sýnd er í línuriti þróun söluverðs íbúðarhúsnæðis í höfuðborginni, hérna í Reykjavík, á 20 ára tímabili miðað við fast verðlag vísitölu byggingarkostnaðar. Sveiflurnar eru gífurlegar. Miðað við fast verðlag er verð á íbúðarhúsnæði hér í borg 62,5% hærra á árinu 1984 en á árinu 1969 og það er um 30% hærra á árinu 1984 en á árinu 1980. Á þessu 20 ára tímabili öllu er verðið þó mjög breytilegt og sveiflurnar upp og niður ótrúlega miklar á skömmum tíma.

Sé horft til þess að hér hefur ríkt sú stefna að meginþorri alls íbúðarhúsnæðis í landinu væri einkaeign er hér um að ræða gífurlegt hagsmunamál fyrir allan þorra fólks. Ef um venjulegt launafólk er að ræða er ljóst að það ver drjúgum hluta ævinnar í að eignast þak yfir höfuðið. Tilviljanakenndar sveiflur og verðmunur á íbúðarhúsnæði eftir árum og landsvæðum getur því haft úrslitaáhrif á afkomu fólks eftir því hvenær og hvar það kaupir eða selur húsmæði. Þess vegna verða stjórnvöld að leitast við að hafa stjórn á þessum markaði.

Til að leysa fasteignamarkaðinn úr þessari sjálfheldu eða kreppu er hér lagt til að stofnaður verði Verðjöfnunarsjóður fasteigna. Hann hefði það hlutverk að bjóða hæfilegt verð í fasteignir þegar verðið væri í lágmarki en endurseldi síðan íbúðir þegar verðið hækkaði. Þannig hefði hann það hlutverk með höndum að vinna á móti óeðlilegum verðsveiflum á fasteignamarkaðnum. Fyrst í stað fengi hann þó það hlutverk að vinna á móti þeim óeðlilega mikla mun sem nú er á markaðsverði íbúðarhúsnæðis og raunverulegu kostnaðarverði víða um land.

Talið er að um 4500 íbúðir skipti um eigendur á frjálsum markaði ár hvert og þar af um 1000 íbúðir utan höfuðborgarsvæðisins. Sennilegt má telja að sjóðurinn þyrfti ekki að bjóða í nema 100–200 íbúðir á ári til að endursöluverð íbúða á þéttbýlisstöðum um land allt hækkaði og yrði í viðunandi samræmi við byggingarkostnað húsnæðis og fólk fengi þannig trú á það á nýjan leik að þorandi væri að fjárfesta í íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Íbúðir sem sjóðurinn þyrfti beinlínis að kaupa til að ná þessum markmiðum sínum yrðu vafalaust miklu færri.

Til að verðjöfnunarsjóðurinn hefði mikil áhrif þyrfti því ekki að veita til hans nema tiltölulega litlu fé í skamman tíma. Með því að kaupa íbúðir þegar söluverð er í lágmarki og tiltrú fólksins minnst fást þær á lægra verði en þær verða endurseldar á síðar. Mismunur á söluverði þegar það er í lágmarki og þegar það er komið í efri mörk er allt upp í 10–30% þó skammur tími, 2–4 ár, líði þar á milli. Íbúðir er sjóðurinn seldi yrðu því seldar á 10–20% hærra verði en þær væru keyptar. Ljóst er því að eigin fé sjóðsins ykist tiltölulega hratt.

T.d. má taka sveitarfélag með 2–3 þús. íbúðum. Í þessu sveitarfélagi má ætla að um 25–50 íbúðir skiptu árlega um eigendur og flestar þeirra gangi kaupum og sölum á frjálsum markaði. Heildarverð þeirra má áætla 60–120 millj. kr. Til þess að hafa áhrif á söluverð fasteigna í sveitarfélaginu þarf tæplega að kaupa fleiri en 4–6 íbúðir. Söluverð þeirra væri þá 9–18 millj. kr. og miðað við 50% útborgun væri bein fjárfesting sjóðsins 5–9 millj. kr. Það er tiltölulega lítið fjármagn miðað við hvað mikið er hér í húfi.

Í 64. gr. er gert ráð fyrir stofnframlagi til sjóðsins, 30 millj. kr., og lánsheimild upp á 200 millj. kr. Með

því byrjunarfjármagni er fullvíst að sjóðurinn getur auðveldlega gegnt sínu þýðingarmikla hlutverki. Verðjöfnunarsjóður fasteigna gæti auk þess leitast við að kaupa húseignir með tiltölulega lágri útborgun, t.d. um 50% af söluverði. Hann hefði ýmsa möguleika til að gefa út skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð ellegar ríkisábyrgð fyrir eftirstöðvum kaupverðs. Slík skuldabréf gætu nýst seljendum á ýmsan hátt. Skuldabréf með veði í húseign úti á landi reynast hins vegar eigendum harla lítils virði og oft nær óseljanleg á verðbréfamörkuðum og ónothæf í öðrum viðskiptum eins og kunnugt er. Skuldabréf verðjöfnunarsjóðsins yrðu hins vegar mun verðmætari.

Ekki er gert ráð fyrir að verð er sjóðurinn byði í eignir næði nokkurn tíma nema 90% af áætluðu endurstofnverði að teknu tilliti til hæfilegra afskrifta. Verð á húsnæði yrði áfram breytilegt eftir stöðum, en verðmunurinn á milli staða yrði verulega minni. Á þeim stöðum þar sem lágt verð á íbúðarhúsnæði stafar bersýnilega af atvinnuleysi og brottflutningi fólks úr sveitarfélögunum þyrftu önnur úrræði að koma til, einkum aukin atvinnustarfsemi. Forsendur fyrir íhlutun sjóðsins til hækkunar á fasteignaverði eru raunar þær að einhver eftirspurn sé eftir húsnæði á viðkomandi stað, en fyrst og fremst skorti tiltrú kaupenda á að þeir gætu losnað aftur við keypta eign án verulegra skakkafalla.

Þá verður í þessu sambandi að gera þær kröfur til forráðamanna sveitarfélaganna að þeir hagi lóðaúthlutun, byggingu félagslegra íbúða og öðrum aðgerðum, sem áhrif hafa almennt á framboð húsnæðis, þannig að ekki sé stuðlað að offramboði. Ekki er eðlilegt að verðjöfnunarsjóðurinn væri notaður til að kaupa sveitarfélög frá slæmum skipulagsmistökum sem auðveldlega hefði mátt sjá fyrir.

Í 62. gr. frv. er gert ráð fyrir að eitt hlutverk sjóðsins sé að auka framboð á leiguhúsnæði. Því hlutverki yrði sinnt á þann hátt að íbúðir í eigu sjóðsins yrðu leigðar út á verði er nægði fyrir kostnaði og viðhaldi en samkvæmt nýlegum upplýsingum er mikill skortur á leiguhúsnæði víða um land. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eignist allt að 1% íbúða í landinu öllu, en það munu vera um 500–600 íbúðir.

Í 63. gr. er gert ráð fyrir að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins fari með stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar veiti honum forstöðu. Flm. benda þó á að eðlilegt hefði verið að sveitarfélögin hefðu haft á hendi það hlutverk sem sjóðnum er ætlað í frv. þessu. Raunar á það við um húsnæðismálin í heild sinni sem eru staðbundin verkefni sem auðvelt er fyrir staðbundin stjórnvöld að fást við og leysa. Erlendis munu sveitarfélögin t.d. gegna miklu þýðingarmeira hlutverki í sambandi við húsnæðismál en hér. Á hitt ber þó að líta að sveitarfélög hér á landi eru mörg og smá og hafa yfir mjög takmörkuðu fjármagni að ráða.

Verðjöfnunarsjóður fasteigna verður hins vegar ekki starfræktur nema í góðum tengslum við sveitarfélögin. Þau yrðu að sjá um og bera ábyrgð á eignum sjóðsins auk þess að fylgjast með íbúðarmarkaðinum og leitast við að hafa áhrif á að sjóðurinn grípi inn í markaðinn með eðlilegum hætti og á réttum tíma. Þar um yrðu að koma nánari ákvæði í reglugerð er félmrh. setti um nánari framkvæmd laga þessara um Verðjöfnunarsjóð fasteigna.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið hugmyndir um Verðjöfnunarsjóð fasteigna og hvernig honum er ætlað það þýðingarmikla hlutverk að leysa fasteignamarkaðinn á landsbyggðinni úr þeirri sjálfheldu er hann er í um þessar mundir, auk þess að minnka verðsveiflur á íbúðarverði og auka framboð á leiguhúsnæði. Flm. eru þó að sjálfsögðu tilbúnir til að athuga með opnum huga aðrar tillögur til lausnar á þessum vanda sem við er að fást og verður að fást lausn á.

Að lokum legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og félmn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Það frv. sem hér um ræðir er að mínu mati hið versta mál og ætla ég kannske ekki að viðhafa mörg eða mikið sterkari orð um það. Hið jákvæðasta við þetta mál eru þó lokaorð grg. þar sem flm. lýsa því yfir að þeir séu að sjálfsögðu tilbúnir að athuga með opnum huga aðrar tillögur til lausnar á þessum vanda sem við er að eiga og verður að fá lausn á.

Ég veit ekki hvort það er að bera í bakkafullan lækinn að viðhafa yfir mönnum orðræður um gildi og eðli þess sem flm. kallar hér frjálsan markað, þ.e. spurning um eftirspurn og framboð, og að viðhafa langar orðræður um hvers vegna málum er komið úti á landi eins og nú er háttað, svo allt öðruvísi og miklu verr en þau voru fyrir um það bil tíu árum. Við upplifðum það fyrir rúmlega tíu árum að það var nokkurn veginn jafnvægi í byggð landsins, þó nokkur flutningur af fólki frá þéttbýlisstöðum út á land. Við vitum öll hvað það var sem orsakaði þennan flutning. Það var mjög mikið átak í endurnýjun og nýsköpun atvinnulífs úti á landi. Við vitum líka að þetta mikla átak kostaði okkur Íslendinga gífurlega mikið. Við vitum að fasteignaverð rauk t.d. á þessum tíma upp úr öllu valdi einfaldlega vegna þess að á þeim tíma kostuðu peningar ekki neitt. Þess vegna skipti engu máli hvaða verð var sett á fasteignirnar.

Í dag kosta peningar það sem þeir eiga að kosta, þ.e. verðbólgan er komin það langt niður að menn borga markaðsverð fyrir peningana og við það falla þær eignir, sem byggðar voru að mestu leyti fyrir brennandi fé, í verði. Að koma svo með frv. af þessu tagi til að lagfæra þetta er að mínu viti ekki til þess fallið að lagfæra eitt eða neitt heldur að rugla enn þá meira.

Sérstaklega finnst mér slæmt að menn búa sér til ákveðinn réttlætiskvarða sem mælir fólk mjög misjafnt. Hér er skýrsla frá Stefáni Ingólfssyni, verkfræðingi Fasteignamats ríkisins, sem segir okkur

ýmislegt um söluverð, staðgreiðsluverð, byggingarkostnað og annað fleira. Þar gefa menn sér m.a. að verð á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu sé sama sem 100 og síðan mæla menn allt annað út frá því.

Í 4. töflu, sem fylgir með í þessu þskj., kemur í ljós að þessu er allt öðruvísi farið, að mismunurinn á staðgreiðsluverði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, og þá er ég að tala sérstaklega um Reykjavík, og byggingarkostnaði er gífurlega mikill. Menn fá ekki í Reykjavík sem staðgreiðsluverð af íbúðarhúsnæði nema 73% af byggingarkostnaði. Ég leyfi mér að efast um að flm. séu að leggja til að í þeim 3500 íbúðakaupum sem fram fara í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu gildi það lögmál að þeim sem eiga í þeim viðskiptum verði þau verðbætt að 27% til þess að þau nái sanngirnisverði sem hlýtur að vera byggingarkostnaður a.m.k. Ég legg þann skilning í orð flm. að hann sé ekki að tala um annað en það að menn nái þó a.m.k. inn byggingarkostnaði þegar þeir selja eignir sínar.

Ég verð að viðurkenna að mig brestur skilning til að átta mig á þeirri sálfræði að það þurfi ekki að kaupa nema örfáar eignir til þess að örva áhuga fólks til að kaupa fasteignir á viðkomandi stað. Mér kemur þetta fyrir sjónir eins og spilamennska í póker þegar menn eru að bjóða í pottinn takandi séns á því að aðrir spilamenn séu með verri spil en þeir sjálfir. Ég sé ekki hvaða röksemdir er hægt að færa fyrir því að með því að sá sjóður sem flm. er að mæla fyrir í frv. kaupi eina, tvær eða þrjár eða tíu fasteignir á Akranesi hækki sjálfkrafa fasteignaverð á Akranesi. Ég fæ heldur ekki séð hvaða réttlæti er í því fólgið að einhverjir, að því ég fæ best séð, pólitískt kjörnir fulltrúar í samvinnu við sveitarfélög velji úr einhverja gullkálfa á hverjum stað sem mega njóta þessara viðskipta en aðrir verði að borga brúsann að fullu. Hann virtist greinilega gera ráð fyrir því í sínum orðum að ekki yrði þarna um fulla þátttöku sjóðsins að ræða í öllum fasteignaviðskiptum.

Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því hvernig menn ætla að koma sér undan því að þar sem land er með lögum byggt gangi sömu lög yfir alla og þar af leiðandi felist einfaldlega í þessu frv. loforð um að þessi sjóður komi inn í t.d. fasteignaviðskipti á höfuðborgarsvæðinu með því að bæta meðalstaðgreiðsluverð húsnæðis hér að 27%. Miðað við þann fjölda eigna sem seldur er á þessu svæði, um 3000 eignir segjum við, og miðað við að menn þurfi að bæta þarna á milli, að því er ég fæ best séð, um 7 þús. kr. pr. einingu geta menn margfaldað hvaða kostnaður þarna er á ferðinni og áttað sig á því hversu óraunhæft frv. af þessu tagi er.

Þá spyr maður: Hvers vegna er svona frv. fram komið? Þetta frv. er líklega ekkert annað en eitt af þessum dæmigerðu frv. á kosningaári þar sem menn auglýsa sjálfa þig með því að þeir vilji verða góðir við börn og gamalmenni. Þetta frv. er af mjög svipuðum toga, tel ég, og frv. Kvennalistans um lágmarkslaun, óframkvæmanlegt en óskaplega fallegt og kristilegt þegar það er fram sett, en vita vonlaust að nokkurn tíma verði hægt einu sinni að taka undir sjónarmið af þessu tagi.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. var að ganga úr ræðustólnum og hafði þau orð um það frv. sem nú er til umræðu að það væri dæmigert plagg á kosningaári og þeirra sem væru að búa sig undir þann slag. Það heyrðist að sá hv. þm. er ekki að búa sig undir slíkt. Það heyrðist á þeim fullyrðingum hans að þær fasteignir sem byggðar hefðu verið úti um land hefðu verið byggðar fyrir brennandi peninga. Hann var ekki að meta það að þær fasteignir úti um land hafa verið að falla í verði, ekki út af því fyrir hvaða fé þær voru byggðar heldur vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Það var auðheyrt út frá tón hv. þm. að hann var ekki að búa sig undir að fara a.m.k. í framboð á Vesturlandi.

Umræða hans á annan máta um þetta frv. var á þann veg að ég hef sjaldan heyrt úr þessum ræðustól slíkar fordæmingar á því máli sem lagt hefur verið fram eða verið til umræðu. Ég sé ekki ástæðu til að fara að fjalla frekar um efni þess, enda hefur hv. flm. gert það, en mér fundust fullyrðingar hv. þm. á þann máta að ég taldi eðlilegt að mótmæla þeim út frá því að úti um land hefðu menn verið að byggja fyrir öðruvísi peninga en hefur verið byggt fyrir hér á þéttbýlissvæðinu. Á nákvæmlega sama máta og fyrir sama fjármagn var fjárfest úti um land og á þeim stöðum þar sem nú er algert verðfall á íbúðarhúsnæði, burtséð frá því hvort um eftirspurn eða ekki er að ræða, með nákvæmlega sama fjármagni og fjárfest var í Reykjavík og engin breytileg staða þar á.

Hann tengdi það einnig því að á sama tíma og á landsbyggðinni hefði verið byggt fyrir brennandi peninga hafi verið óeðlileg atvinnuuppbygging á landsbyggðinni. Ég veit ekki hvað það kemur þessu máli við. Það getur varla verið af öðru en því að hv. þm. telji eðlilegt að ræða málin á einhvern veginn öðrum grunni nú þegar hann hefur gengið út frá því að hann muni ekki fara í framboð. Það hlýtur að tengjast þeim orðum sem hann hafði í lok ræðu sinnar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að lýsa furðu minni á þeim ummælum hv. þm. Skúla Alexanderssonar að hann skuli leyfa sér að koma í ræðustól og bera mönnum á brýn að afstaða þeirra til einstakra mála mótist einfaldlega af því hvort þeir ætli að taka þátt í kosningum í vor eða ekki. (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. Skúli Alexandersson koma hér í ræðustól á eftir og tala? Hann hefur kannske þegar sagt of mikið. En ég mótmæli harðlega slíkum málflutningi þegar alþm. bera þingbræðrum sínum á brýn að það sé eingöngu vegna þess að þeir ætli ekki í framboð að þeir hafi þá tilteknu afstöðu til mála sem þeir setja fram. Svona málflutningur er fyrir neðan

allar hellur og ekki samboðinn virðingu eins eða neins þeirra þm. sem eiga sæti í þessari hv. deild. Ég verð að segja að þetta kemur mér mikið á óvart.

Í frv. sem hér um ræðir er gerð tilraun til að taka á vandamáli sem vissulega er til staðar, en ég held hins vegar að þetta sé ekki raunhæf tilraun til að koma til móts við og leysa þau vandamál sem eigendur fasteigna víðs vegar úti um land eiga við að glíma vegna þess að undirrót þess vanda er allt önnur. Á það hefur verið bent og á það benti m.a. hv. 8. þm. Reykv. áðan og ég tek undir með honum. Ég held að með þessum hætti sé þetta ekki framkvæmanlegt og alls ekki raunhæft. Ég hef a.m.k. mjög miklar efasemdir um að það sé hægt að gera þetta svona.

Hins vegar er staðreynd málsins sú að allt frá því árið 1981 og alveg þar til á þessu ári hefur hallað stórkostlega á landsbyggðina. Það hefur verið fólksflótti frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Flest ný störf hafa orðið til á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið fylgt af þeim ríkisstjórnum sem setið hafa frá 1981 og til þessa dags landsbyggðarfjandsamlegri stefnu. Það er mergurinn málsins. Meðan fólksflótti er frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, meðan spenna er hér og yfirborganir á höfuðborgarsvæðinu verður fasteignaverð þar ávallt hærra. Þróuninni í fasteignaverðlagsmálum verður ekki snúið við nema með því að rétta hlut landsbyggðarinnar. Þá snýst þetta við af sjálfu sér. Þá hækkar verð fasteigna á landsbyggðinni. Meðan það kostar fimm sinnum meira eða allt að því að hita upp venjulegt íbúðarhús í Borgarnesi en það kostar að hita upp hús nákvæmlega sömu stærðar á Reykjavíkursvæðinu verður þessi munur fyrir hendi. Þó ég nefndi Borgarnes hér á þetta við um miklu, miklu, miklu fleiri staði. Við leiðréttum ekki þetta mál með því kerfi eða fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna held ég að frv. sé ekki raunhæft. Þessi vandi er annars eðlis. Það þarf að ráðast gegn honum með því að breyta stefnunni gagnvart landsbyggðinni. Það veit ég að hv. þm. Skúli Alexandersson getur tekið undir þótt hann því miður gerði þetta mál að umtalsefni með þeim hætti áðan sem ég hlýt að harma og þykist vita að hafi kannske verið óviljandi og hann leiðrétti þá á eftir.

En ég endurtek að með fullri virðingu fyrir flm. þessa frv. held ég að þetta sé alls ekki raunhæf leið til að leysa þennan vanda. Það verður að gerast með allt öðrum hætti.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Þar sem þessi skýrsla ber með sér að lakasti kosturinn er í minni heimabyggð á Akranesi þykir mér þetta fróðlegt plagg mjög, en ég get jafnframt lýst því yfir að þar sem ég býð mig fram í næstu kosningum í þessu kjördæmi væri fróðlegt að fá á þessu góða lausn og ekki væri ég á móti því að við gætum hækkað þar fasteignaverð með einum sjóði þannig að við gætum boðið upp á í kosningabaráttunni að nú hækkuðu fasteignir verulega. En það er ekki svo vel um þetta mál.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræður á milli þeirra sem töluðu áðan. Ég hef ekki lesið þetta grannt, en sjálfsagt er það mjög vel unnið af þeim sem það gerði. En þar er minnst t.d. á Akranes. Það er talað um alls 40 samninga sem þar eru gerðir. Ég veit að t.d. vegna aðstæðna þar hefur verið þar mikil hreyfing í sölu á verkamannabústöðum sem er búið að byggja þar af mikið síðustu árin og þeir hafa verið byggðir mjög ódýrt. Þeir hafa verið keyptir af byggingaverktökum. Stjórn verkamannabústaða hefur ekki byggt þetta á sinn reikning eða þann veg sem gert er víða heldur hefur hún gengið inn í samninga við aðila sem eru á byggingarmarkaðnum og keypt vissan fjölda íbúða í íbúðarblokkum. Þetta hafa verið mjög hagstæð kaup. Þessir kaupsamningar gætu lækkað verulega þá viðmiðun sem taflan byggir á.

Ég er ekki að bera í bætifláka fyrir að íbúðarverð á Akranesi er allt of lágt og það hefur verið það í langan tíma. Ég veit ekki um skýringu á því. Ég veit hana bara ekki eins og er vegna þess að þar hefur verið næg atvinna s.l. ár. Ein skýringin er áreiðanlega sú sem 5. landsk. þm. gat um áðan í sambandi við hitun á íbúðarhúsnæði sem við ræddum í sameinuðu þingi í gær. Þetta verð ég var við að gerir ógurlega erfitt fyrir og fólk hugsar sig um vegna sinnar búsetu. Það er nokkuð sem þarf að takast alvarlega á við. Þó að það fylgi ekki þessu máli er það einn liðurinn. Ég veit það um húseignir eins og vestur á fjörðum að kvartað er ákaflega yfir því að geta ekki selt þær. Þess vegna kemur á óvart í skýrslunni t.d. að Ísafjörður skuli ná allverulega hátt í sambandi við sölumöguleika, um það bil 76% af byggingarkostnaði. Það er hærra en á Akureyri. Ég held því að það þurfi að fara ofan í þetta betur, að það séu hliðstæðir samningar sem miðað er við á hverjum stað.

Ég ætla ekki að leggja dóm á frv. sem slíkt. Því miður er ég hræddur um að þessi aðferð gangi ekki upp. En nefnd mun fjalla um þetta. Ég held að það þurfi þarna að gera ítarlegri breytingar til að jafna það sem þarna er um að ræða. Þetta er mjög mikið vandamál. Fólk flýr staðina hingað suður um, í háa verðið, vílar ekki fyrir sér að kaupa hér á háu verði til að losna frá sínum heimabyggðum. Þetta er það vandamál sem er verið að leita að og við þurfum að takast á við.

En ég legg engan dóm á frv., vildi aðeins að hér kæmi fram hvernig þyrfti, að ég held, að fara nákvæmar ofan í þær skýrslur sem frv. er unnið eftir.

Flm. (Þórður Skúlason):

Virðulegi forseti. Ég gæti að sjálfsögðu, eins og býsna margir aðrir í þessari hv. deild, haldið langa ræðu um byggðamál, byggðastefnu og þróun málefna á landsbyggðinni, hvernig þau mál hafa þróast til hins verri vegar á allra síðustu árum og hver hlutur stjórnarstefnunnar er í þeirri þróun. Ég get tekið þátt í því á við hvern annan. Ég held að þessi þróun, þó hún hafi verið slæm nú, hafi á síðustu

árum verið síst verri en hún var t.d. á viðreisnarárunum. Ég man það langt. Ég bjó úti á landi á þeim tíma. Ég held að þó ástandið sé slæmt núna hafi það verið enn þá verra þá, einmitt þegar Sjálfstfl. og Alþfl. sátu saman í ríkisstjórn, því þá var reglulega hart vegið að landsbyggðinni á margan hátt.

Ég er nokkuð undrandi á þeim viðtökum sem það mál fær sem hér er til umræðu. Þær forsendur sem ég hef gefið mér fyrir því að leggja fram þessa hugmynd hérna virðast allir taka undir. Hins vegar eru menn ákaflega vantrúaðir á að þessi lausn, sem ég hef hérna sett fram, geti raunverulega leyst þann vanda sem við er að eiga. Ég er mjög hissa á þessum viðbrögðum vegna þess að ég hef ekki heyrt að það kæmu fram nein efnisleg rök til að draga þá ályktun af því sem ég hef sett hér fram. Mér finnst þau viðbrögð fyrst og fremst vera sleggjudómar og lítt á rökum byggð.

Það hefur m.a. komið fram athugasemd við það sem ég set fram um að kaupa tiltölulega fáar eignir á hverjum stað, það geti orðið til að leysa markaðinn úr þeirri kreppu sem hann er í. Ég held að þetta sé einmitt mjög raunhæft. Ég held að það sé nauðsynlegt að leita einhverra leiða til að gera þetta. Ég held að þær ástæður sem liggja að baki því áliti sem hér hefur komið fram hjá mönnum, að það sé ekki hægt að gera þetta með þessum hætti, séu raunverulega þær að menn eru svo trúaðir á samkeppnina og markaðinn. Ég held að menn verði að láta af þeirri trú og reyna að finna einhverja lausn til að leiða þessi mál til lykta og það beri að gera með því að reyna að hafa stjórn á markaðnum.

Húsnæðismál eru hér með þeim hætti að húsnæði er mikið í einkaeign og það eru lítil opinber afskipti af því hvernig þessi mál þróast. Ég hygg að það sé með allt öðrum hætti hér en í nálægum löndum. Með því að líta til þeirra, hvernig þetta er gert þar, hvernig sveitarfélögin grípa inn í þetta í nálægum löndum, með aðstoð ríkisvaldsins jafnvel, tel ég að sé hægt að komast að þeirri niðurstöðu sem ég hef hér lagt til að yrði til lausnar á þessum vanda. Ég held að menn verði að hverfa frá því að einblína á markaðinn, að hann skuli vera frjáls, og leita lausna í þessu máli sem ég held að geti falist í þeim hugmyndum sem ég hef sett fram.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. gerði mér þann heiður að gera mína persónu að aðalatriði í þessum umræðum. Hann skaut gjörsamlega fram hjá marki því að auðvitað hefði ég talað miklu, miklu sterkar gegn þessu frv. ef ég hefði verið í framboði, ég tala ekki um ef ég hefði verið í framboði á Vesturlandi. En ég ætla að vona að Lúðvík hafi ekki heyrt til hans því að ekki voru það mín orð að það hefði verið byggt fyrir annað fé í Reykjavík en úti á landi og alls ekki voru það mín orð að atvinnuuppbygging á árum vinstri stjórnarinnar 1971–74 hefði verið eitthvað óeðlileg. Það var hv. 4. þm. Vesturl. sem ákvað það í ræðustól núna.

Hv. 5. landsk. þm. sagði það sem kannske segja þarf í þessu máli. Auðvitað verður að leita annarra leiða. Auðvitað vitum við að flm. sem og aðrir eru tilbúnir að leita annarra leiða, en það verður að nást um þær samstaða. Þessi jólagjafaleið er ekki fær. Það er ekki mannsæmandi, það er ekki virðingu landsbyggðarinnar samboðið, hvorki einstaklingum né samfélögum, að flytja fjármagn frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, setja þar einhvern part af því í sjóð og senda það aftur sem ölmusur eða jólagjafir út á land. Það er fyrir neðan virðingu fólks. Auðvitað er eina leiðin til að leysa þetta að bæta aðstöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborginni.

Auðvitað hafa menn þegar bent á leiðir því til lausnar. Ég má minna á að á flokksþingi Alþfl. núna seinast var samþykkt sú leið að leggja til að sjálfstæði landsbyggðarinnar, þ.e. héraða, yrði aukið með þeim hætti að komið yrði á þriðja stjórnsýslustiginu. Þá eru menn að tala um að hætta þessum eilífu fjármagnstilflutningum og jólagjafarekstri héðan úr höfuðborginni, úr hinu miðstýrða stjórnkerfi, heldur halda fjármagninu, sem skapað er á hverju svæði, innan þess svæðis og nýta það þar íbúum hvers landsvæðis til eigin hagsbóta. Auðvitað er það sú leið sem á að fara, ekki þessi leið.

Ég efast ekki um að meiningin á bak við þetta er góð og hún er jákvæð. Ég ætla ekki að draga það í efa. En ég held að þessi leið sé gjörsamlega ófær og þá einkum og sér í lagi vegna þess að hún yrði aldrei fær öðruvísi en gert yrði að skilyrði að allt húsnæði á Íslandi væri í þjóðareign. En ég held að það sé ekki það sem flm. er að sækjast eftir. Nógu erfitt hefur þótt að tala um að landið væri í þjóðareign þó að allt íbúðarhúsnæði væri það ekki líka.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram fjörugar umræður um verð á húsnæði víðs vegar um landið, en ég sakna þess í þeim töflum sem hér koma fram að það skuli ekki vera tekið til Sauðárkróks. Þar hefur greinilega komið fram hvernig ríkið getur haft áhrif á fasteignaverð úti á landi án þess að keppa um kaup á íbúðum heldur með uppbyggingu í atvinnuskapandi tilliti. Í þessari töflu væri mjög fróðlegt að hafa t.d. Sauðárkrók.

Hér hafa menn minnst á hitunarkostnað og ekki skal ég efa að hitunarkostnaðurinn hefur áhrif á íbúðaverð. En þá vil ég benda á eina mótsögn sem hér er. Hitunarkostnaður á Húsavík er mjög lágur, en á Húsavík er ekki mjög hátt verð á íbúðarhúsnæði. Við verðum að leita orsakanna víðar en í hitunarkostnaði.

Það er byggðastefna sem þarf að efla og leita þeirra leiða til úrbóta sem raunhæfar eru. Það er ekki auðvelt að benda á eina leið. Ég tel að sú leið sé sú að efla þann frjálsa markað sem flm. talaði um áðan að væri af hinu illa, ef ég skildi orð hans rétt. Ég held að sú leið sem hér er lögð til ýti undir og hækki verð á hinum frjálsa markaði. Ef það er ekki svo hef ég gjörsamlega misskilið frv. Hvað annað

kemur til greina ef þessi sjóður mundi kaupa þrjár til fimm íbúðir á einhverjum stað og mundi þar af leiðandi efla verðið á markaðnum? Er það nema til þess að hækka verðið á hinum frjálsa markaði? Auk þess held ég, ef slík leið yrði farin, að það yrði þvílík miðstýring að þrír til fjórir menn héðan úr Reykjavík yrðu á ferðalagi víðs vegar um landið að leita að kaupum á íbúðarhúsnæði. Það yrðu sennilega pólitískt kjörnir fulltrúar sem mundu hafa úr 10–15 íbúðum að velja. Eftir hverju ættu þeir að fara? Hvaða íbúð ættu þeir að kaupa? Væri það sú fyrsta sem var sett á söluskrá?

Ég held að það væri mjög erfitt að fara þessa leið. En ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að finna þarf leiðir til að sporna við þeirri þróun sem hefur átt sér stað á landsbyggðinni.

Ég saknaði þess eiginlega að hv. þm. Skúli Alexandersson skyldi ekki ræða efnislega um frv. Ég saknaði þess virkilega því ég hefði viljað heyra hans rök fyrir því að þetta væri sú leið sem ætti að fara. Ég hélt að hann hefði a.m.k. þann skilning á atvinnumálum á landsbyggðinni að það þyrfti að koma til efling þar til að snúa þessari þróun við en ekki að kaupa upp húsnæði. Ég bendi á að meira að segja víða þar sem atvinnulíf er mjög blómlegt er skortur á leiguhúsnæði en fólk vill ekki kaupa eða fjárfesta. Ég get ekki svarað þeirri spurningu hvers vegna svo er. En þetta er víða. T.d. í kjördæmi hv. 1. flm. að þessu máli, á Siglufirði, er því þannig farið. Ég held að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar ætti að kanna mjög ítarlega hvar skórinn kreppir að og koma þá með tillögur til úrbóta.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. 8. landsk. þm. nefndi í ræðu sinni að með samþykkt frv. og framkvæmd laganna mundi það gerast að ýtt væri undir hinn frjálsa markað. Það er tilgangur frv. að hækka hið almenna verð á íbúðum sem á undanförnum árum hafa verið að falla í verði langt niður fyrir það sem eðlilegt markaðsverð ætti að vera og þar af leiðandi eigendur þeirra að tapa. Þetta er fyrst og fremst að gerast á landsbyggðinni. Tilgangur frv. er einmitt sá að reyna að vega á móti þessari þróun. (**KolJ:** Það er misskilningur á orðum 1. flm.) Tilgangurinn er að vega á móti þeirri þróun að verðlag íbúða haldi stöðugt áfram að lækka. Það kom einmitt fram í ræðu 1. flm. Það má benda á að jafnvel á stað eins og Hvammstanga, þar sem hv. 1. flm. er sveitarstjóri og hefur verið mjög góð uppbygging og atvinnuástand má segja sæmilegt fram á síðustu daga, hefur sú þróun átt sér stað að verð íbúða hefur verið fallandi. Það má vel vera að sú tilraun, sem hér er bent á að gera, mundi ekki gagna að fullu, en við erum að benda þarna á eina mögulega leið til að andæfa gegn þessari þróun.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar og reynt að koma til framkvæmda í sambandi við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Ég held að það sé rétt, fyrst við erum að ræða um þann þátt mála í hv. deild, að senda Búseta hamingjuósk vegna þess að sá félagsskapur er í dag að hefja starfsemi sína. Það hafa ýmsir gert lítið út þeirri leið sem þeir hafa barist fyrir, en sem betur fer virðist nú þar verið að stíga fyrsta skrefið.

Hv. 5. landsk. þm. sagði að það sem ég flutti hér hefði ekki verið mér samboðið eða deildinni samboðinn sá málflutningur sem ég hafði í frammi. — Hv. 8. þm. Reykv. Skyldi hann vera...? (**VI:** Á að skoða hvort hann er frammi?) Já, ég held að það væri skemmtilegra.

Hv. 8. þm. Reykv. hefur sjálfsagt brugðið sér eitthvað frá og þykir mér það heldur miður. (**Gripið fram í:** Það er verið að leita að honum.) Þykir mér það heldur miður í miðri þessari umræðu. (**Forseti:** Það er verið að leita að þm. og fá hann inn í salinn.) Ég bíð þess að hv. 8. þm. Reykv. gangi í salinn og eykst nú spennan nokkuð. (**StB:** Fyrirgefðu.) Nú, ég var að segja að hv. 5. landsk. hefði haft á orði að það sem ég sagði í minni fyrri ræðu hefði ekki verið samboðið málflutningi í hv. deild. Ég tel mig ekki hafa sagt neitt annað en það sem efni gafst til að segja þar sem hv. 8. landsk. þm. líkti frv. okkar við kosningaplagg sem við værum að leggja fram fyrir kosningar, eða það lá raunverulega í hans orðum, til að láta á okkur bera. Og ekki nóg með það. Ég nefndi ekki það sem hann bætti við. Hann bætti því við að með svona málflutningi og öðrum líkum væru menn að gerast góðir við börn og gamalmenni. Ég taldi alveg ástæðulaust að tíunda það í sambandi við annað sem hv. 8. landsk. þm. sagði í sambandi við frv. sem hér er til umræðu.

Ef minn málflutningur hefur ekki verið deildinni samboðinn held ég því fram að málflutningur hv. 8. þm. Reykv. hafi ekki verið deildinni samboðinn. Vera má að hv. 5. landsk. þm. hafi talið ástæðu til að fara upp í ræðustól til að draga úr þeim stóryrðum sem hv. 8. þm. Reykv. var með og ég taldi mig þurfa að svara.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Já, menn gerast málglaðir út af frv. sem er til umræðu. Ég hafði reyndar ekki mikið skoðað þetta mál því að ég held að það sjái hver maður í hendi sinni að þær hugmyndir sem liggja hér að baki eru út í hött.

Ég get vel fallist á að ýmsir erfiðleikar steðja að landsbyggðinni. Við höfum hins vegar verið að heyra núna síðustu dagana að það sé orðin mest eftirspurn eftir vinnuafli þar. Ég held að það sé óumdeilanlegt að auðvitað er landsbyggðin og afkoman þar í takt við atvinnulífið.

Af því að Alþýðubandalagsmenn hafa verið sérstaklega að belgja sig í þessari umræðu má kannske minna þá á að um sama leyti og þeir létu af stjórn, rétt fyrir síðustu kosningar, sögðu þeir að það þyrfti að setja á sérstaka neyðaráætlun til að ná fram bærilegri stöðu í atvinnu- og efnahagsmálum í þessu landi. Það kemur þess vegna úr hörðustu átt þegar þessir virðulegu þm. eru að belgja sig upp eftir að búið er að koma skikk á atvinnulífið í landinu eftir

að þeir hafa verið hafðir utan dyra þetta kjörtímabil.

En fyrir utan þetta er það reyndar eftir öðru í þessum málflutningi að mér sýnist sú grg., sem hér er lögð fram og er væntanlega grundvöllur að þeim ákvörðunum sem hér eru lagðar til, meira en vafasöm. Um þetta skal ég ekki fullyrða á þessu stigi málsins. Hér kemur t.d. ekki fram hvort raungildi eigna hafi gengið saman úti á landi eða ekki. Það kemur reyndar ekki fram hvort línuritið á bls. 4, um söluverð íbúðarhúsnæðis frá 1966 til 1985, sé yfir markaðinn í Reykjavík eða fasteignamarkaðinn allan. Nú hefur 1. flm. tjáð mér að þetta línurit sé yfir fasteignamarkaðinn í Reykjavík. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir. Þá er afar athyglisvert að það er einmitt í stjórnartíð Alþb. sem fasteignamarkaðurinn í Reykjavík, hér í þéttbýlinu, fer að stíga. Það er kannske ekki alveg að ástæðulausu að menn merki það ekki inn á línuritið yfir hvaða byggðarlag það nær. Það er athyglisvert að það er á allra síðustu árum sem fasteignamarkaðurinn er að ganga niður í Reykjavík ef marka má línuritið. Þetta er meira en vafasöm framsetning og tæplega frambærileg á Alþingi. Það er dæmalaust að þm. þess flokks sem hefur verið við stjórnvölinn og farið með þau ráðuneyti sem hafa haft jafnmikil áhrif á efnahagsþróun í landinu og raun bar vitni um frá síðustu ríkisstjórn skuli tala af þeirri heilögu vandlætingu sem hér um ræðir á sama tíma og þeir eru að útbýta í þessari virðulegu deild línuritum og öðrum tiltækum upplýsingum um hvað gerist einmitt þegar þeir eru að stjórna landinu. Þá rýkur fasteignaverðið upp hér á þéttbýlissvæðinu.

Eins og ég sagði áðan hef ég ekki enn getað glöggvað mig á því í þessu plaggi — hef reyndar ekki haft til þess langan tíma — hvort raungildi eigna úti á landi hafi gengið saman eða ekki. Það getur vel verið að það hafi breikkað — það er reyndar ekki hægt að draga það í efa — bilið á milli fasteignamarkaðarins í Reykjavík og úti á landi. Það er óumdeilanlegt. En ég fæ ekki séð hver er ástæðan fyrir því. Mér sýnist hún vera sú að Alþb. var við stjórn þegar fasteignamarkaðurinn í Reykjavík gekk upp og að fasteignamarkaðurinn sé ekki búinn að taka enn þá að fullu mið af bærilega stöðugu verðlagi í landinu. Þetta sýnist mér vera ástæðan.

Flm. (Þórður Skúlason):

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vildi ég mega benda honum á töflu nr. 4. Þar er borið saman staðgreiðsluverð og byggingarkostnaður, m.a. í Reykjavík, þar sem kemur fram að staðgreiðsluverðið á fermetra er 22 518 kr. en byggingarkostnaðurinn 30 852. Hann vitnaði til þróunar sem hefur orðið á verði íbúðarhúsnæðis í Reykjavík og er birt á bls. 4 í þessu yfirliti. Mál hafa þróast þannig að mér sýnist að núna sé hóflegur mismunur á milli byggingarkostnaðar og staðgreiðsluverðs. Það þarf ekki að segja manni neitt um að það hafi verið hagstæðara eða eðlilegra verð á íbúðarhúsnæðinu á þeim tíma sem það var í lágmarki samkvæmt þessari töflu, á þeim árum sem hann gat um. Ég held að það sé raunar ekkert samhengi þar á milli, hvort það hafi verið hagstæðara fyrir þá sem áttu íbúðir, þótt verðið væri lægra, síður en svo.

En hugmyndin sem hér er sett fram er fyrst og fremst sett fram í því augnamiði að reyna að leiðrétta þann gífurlega mun sem maður sér best á töflu 4. Ef maður tekur t.d. Akranes er staðgreiðsluverðið þar 13 454 kr. á fermetra, en byggingarkostnaðurinn 27 403. Það er þetta sem við flm. þessarar till. erum með hugmyndir um að reyna að hafa áhrif á.

Ég er hins vegar alls ekki að gera því skóna að afnema hinn frjálsa markað, en við viljum reyna að hafa áhrif á hann. Það er það sem við erum að reyna með þeim hugmyndum sem við hérna setjum fram. Ég hef staðfasta trú á því að það sé hægt með þeim hætti sem hérna er gerð tillaga um. Ég held að þetta mál sé svo þýðingarmikið og snerti svo marga íbúa þessa lands að það sé ófært annað en að koma fram með einhverjar hugmyndir til lausnar þar á. Ég verð að lýsa furðu minni á þeim viðbrögðum sem þessi hugmynd fær. Ég hygg að þau séu allt önnur á öðrum stöðum í þjóðfélaginu, jafnvel hjá þeim sem hafa betra vit á, með fullri virðingu fyrir hv. þingdeildarmönnum sem hér hafa talað.

Ég hef t.d. rætt þetta við fulltrúa í Fasteignamati ríkisins. Þeir telja að einmitt þessi leið geti leyst fasteignamarkaðinn út úr þeirri kreppu og sjálfheldu sem hann er í víða úti um land og hún geti líka leitt til þess að verðsveiflur á íbúðarhúsamarkaði í höfuðborginni verði jafnaðar. Auðvitað er það til hagsbóta fyrir allan almenning.

Ég endurtek að ég er raunar alveg furðu lostinn á þeim viðbrögðum sem þessi hugmynd fær hér án þess að þau viðbrögð séu á nokkrum rökum byggð. Ég get ekki heyrt það.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur hv. 1. flm. fyrir komu hans í pontuna aftur. Hún staðfestir það, sem blundaði í mínum huga og ég gat ekki áttað mig á á jafnstuttum tíma og skiptir höfuðatriði í sambandi við rökstuðninginn í kringum þetta mál, að það liggur ekkert fyrir um hvert er raungildisverðmæti eigna úti á landi innbyrðis eða hvernig það hefur þróast. Þess vegna var ræða hans líka talnaleg staðfesting á því að misvægið á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins eru gamlar leifar frá óstjórninni sem var þegar Alþb. hafði ráð og völd í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

15. fundur, miðvikudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 168.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég hef hug á að leggja nokkur orð í belg í þeim umræðum sem staðið hafa um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Það frv. sem kynnt var hér og rætt allítarlega á síðasta fundi deildarinnar felur í sér tímabærar og verulegar breytingar á skattbyrði einstaklinga að því er tekur til tekjuskattsins. Með því er stigið verulegt skref að því marki sem um hefur verið rætt síðustu þrjú árin, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Kjarni þessa frv. er að mjög er dregið úr því mikla ranglæti sem falist hefur til þessa í álagningu tekjuskatts á nauðþurftartekjur manna og er jafnframt viðurkenning á því að hann hefur á síðari árum fyrst og fremst verið ranglátur launamannaskattur. Þetta markmið frv. kemur greinilega fram ef litið er á það hve verulega það mun hækka skattleysismörk einstaklinga frá því sem verið hefur en það er kannske einna bestur mælikvarðinn á þær ráðstafanir sem verið er að gera með þessu lagafrv. Að meðaltali munu hjón með tvö börn ekki byrja að greiða skatta til ríkisins fyrr en tekjur þeirra hafa náð um 960 þús. kr. á ári eða af um 80 þús. kr. tekjum á mánuði. Þær mánaðartekjur, um 80 þús. kr., hjá slíkri fjölskyldu munu því verða tekjuskattslausar skv. ákvæðum þessa frv. ef það verður að lögum. Hjón með eitt barn munu ekki þurfa að greiða tekjuskatt af um 840 þús. kr. árstekjum og skattleysismörk barnlausra hjóna verða að meðaltali 720 þús. kr. árstekjur sem þýðir að um 60 þús. kr. mánaðartekjur þeirra verða skattlausar. Hér er ástæða til þess að nefna að allt eru þetta meðaltalstölur. Vitanlega geta ýmis dæmi komið öðruvísi út vegna mismunandi frádráttar. En engu að síður er það ljóst af þessum upplýsingum, sem er að finna í grg. frv. og leiðir af efnisákvæðum þess, að hér er um ótvíræðar og verulegar skattalækkanir að ræða.

Á því hefur oft verið vakin athygli í þingsölum, herra forseti, að sá hópur manna sem einna verst er staddur fjárhagslega í þjóðfélaginu eru einstæðir foreldrar. Með þessu frv. er stigið stórt skref til þess að bæta hag þeirra að því er varðar skattamál, með lækkun þess tekjuskatts sem þeir munu þurfa að greiða. Einstætt foreldri með tvö börn á framfæri byrjar ekki að greiða skatt fyrr en við um 740 þús. kr. árstekjur eða um 60 þús. kr. mánaðartekjur. Einstætt foreldri með eitt barn mun ekki greiða tekjuskatt af um 50 þús. kr. mánaðartekjum skv. frv. Þetta er því mikil og tímabær breyting frá því sem verið hefur, breyting sem hefur verið á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar frá því hún tók við völdum og til staðið að framkvæma í áföngum.

Í þeim fyrirheitum sem í upphafi voru gefin var markið sett við afnám tekjuskatts af almennum launatekjum eins og það var orðað og margoft hefur verið endurtekið. Það er því fróðlegt í þessu sambandi að bera saman tölur um almennar launatekjur á þessu ári og þau skattleysismörk sem ráðgert er að lögleiða með þessu lagafrv. Skv. upplýsingum sem ég hef nýlega fengið frá kjararannsóknarnefnd gerði nefndin könnun á því í apríl á þessu ári hverjar væru meðaltekjur iðnaðarmanna og verkamanna á landinu. Niðurstöður þeirrar könnunar eru að þá voru meðaltekjur iðnaðarmanna, með inniföldum öllum álögum en án eftirvinnu sem vitanlega er mjög mismunandi, 44 þús. kr. á mánuði. Hjón sem bæði hafa upp undir slíkar tekjur, svo að dæmi sé tekið, munu því engan tekjuskatt greiða af þeim tekjum á næsta ári, skv. ákvæðum frv. Meðallaun verkafólks í apríl, skv. upplýsingum kjararannsóknarnefndar, voru 32 800 kr. á mánuði með inniföldum álögum en án eftirvinnu. Skattleysismörk einstaklinga eru um 400 þús. kr. skv. þessu frv. þannig að slíkar tekjur eiga því að verða tekjuskattslausar eða því sem næst.

Þessar upplýsingar kjararannsóknarnefndar um meðallaun fólks með almennar atvinnutekjur sýna því svo vart verður um villst að í höfuðdráttum má segja að af slíkum tekjum mun tekjuskattur ekki greiðast skv. þessu frv. á næsta ári. Ekki verður því með réttu annað sagt en að með þessari skattalagabreytingu hafi ríkisstjórnin staðið í meginatriðum við þau fyrirheit sem gefin voru um það að almennar launatekjur skyldu gerðar tekjuskattsfrjálsar á þessu kjörtímabili.

Ég vek sérstaka athygli á þessu atriði vegna síendurtekinna fullyrðinga, sem sýknt og heilagt hafa verið bornar fram af talsmönnum stjórnarandstöðunnar og raunar einnig af mörgum fylgismönnum stjórnarflokkanna, að ekki hafi verið staðið við þau fyrirheit sem gefin voru við síðustu kosningar um lækkun tekjuskattsins og raunar afnám hans af almennum launatekjum á þessu kjörtímabili. Efni frv. sem er til umræðu og upplýsingar kjararannsóknarnefndar um meðallaunatekjur í landinu sýna að slíkar fullyrðingar eiga ekki við mikil rök að styðjast.

Að því leyti til markar þetta frv. nokkur tímamót með breytingu þeirri sem í því felst á þeim rangláta launamannaskatti sem tekjuskatturinn tvímælalaust er. Það mun vonandi eiga sinn þátt í því að greiða fyrir þeim nýju kjarasamningum við aðila vinnumarkaðarins sem nú standa fyrir dyrum. Við þetta má bæta til enn frekari áherslu á þetta atriði að árið 1983, þegar þessi ríkisstjórn tók við völdum, var hæsti jaðarskattur til ríkisins 50%. Nú verður hæsti jaðarskattur sem menn greiða af tekjum sínum til ríkisins ekki nema 36,6% eftir þessar breytingar og ég er hér að tala um tekjuskattinn ef miðað er við 10% fastan frádrátt við skattframtal. Sú breyting

sýnir svart á hvítu hve mikið hefur þó áunnist í því efni að lækka tekjuskattinn á skattgreiðendum þessa lands.

Við þetta má síðan bæta þeim upplýsingum sem á var minnst í umræðu um frv. á fundi deildarinnar í fyrradag að skattbyrði einstaklinga sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni mun verða á næsta ári 4,6% en 1982, síðasta heila árið áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum var þessi sama prósenta 6,1%. Hér er verulegur munur á, allt að því 30% munur, sem skattbyrði sú sem einstaklingar greiða til ríkisins verður lægri en hún var árið 1982. Enn má minna á þá staðreynd að nú eru 10 000 fleiri framteljendur en 1983 sem ekki greiða neinn tekjuskatt.

En þótt hér séu stigin mikilsverð skref í skattamálum er þó ýmislegt annað óunnið á þeim vettvangi. Í því sambandi má minna á ályktanir verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðusambandsins um skattamál en það er eitt meginmálið sem til umræðu mun verða í þeim kjarasamningum sem nú eru að hefjast.

Ég vil fyrst og fremst nefna þrjú atriði í þessum efnum. Enn ríkir verulegt misrétti að því er varðar skattlagningu tekna heimilisins eftir því hvort bæði hjónin eða aðeins annað vinnur fyrir tekjunum. Á því var vakin sérstök athygli á kirkjuþingi sem nýlokið er og um það birtar þar athyglisverðar tölur. Öll sanngirnisrök mæla með því að skattlagning hjóna verði hin sama af sömu tekjum og annarra, þó að teknu tilliti til kostnaðar við dagvistun barna og annarra slíkra atriða þegar fyrirvinnurnar eru tvær. Það er vitanlega alveg rétt sem á hefur verið bent í umræðum um skattamál, bæði innan þings og utan, að vitanlega er meiri kostnaður samfara heimilisrekstri þegar báðir foreldrar vinna utan heimilisins.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að taka upp staðgreiðslu skatta, svo sem verkalýðshreyfingin hefur nýlega ályktað um, en frv. um það efni er í undirbúningi í fjmrn. eins og hæstv. fjmrh. gat um er hann flutti framsöguræðu fyrir frv. þessu í fyrradag hér í deildinni.

Loks má það ekki lengur dragast að ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr þeim skattsvikum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og talin eru í skýrslu sem fjmrh. lagði fyrir síðasta Alþingi nema 2,5–3 milljörðum kr. á ári.

Að þessum verkefnum verður brýnast að vinna í skattamálum á næstunni, samfara þeirri grundvallarbreytingu á skattakerfinu sem nú er unnið að í fjmrn. og raunar einnig utan þess, og gera skattakerfið mun einfaldara og réttlátara en það kerfi sem við búum við í þessum efnum í dag.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ræddi um þessi mál á síðasta fundi hv. deildar þegar fjallað var um frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem ég sagði þá, þrátt fyrir þá ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér. Það sem liggur fyrir af þeim gögnum sem ég kynnti og hann fór svo nánar yfir er það að skattbyrði þyngist á árinu 1987 á einstaklingum miðað við árið 1985, þyngist úr 3,9% af tekjum upp í 4,6% af tekjum. Þetta liggur fyrir í staðfestu skjali frá Þjóðhagsstofnun sem hæstv. fjmrh. gerði enga sérstaka athugasemd við.

Þá liggur það einnig fyrir í sama skjali að beinir skattar frá því að ríkisstjórnin tók við eða frá 1982 til 1987, en það er sá tími sem hæstv. ráðh. vill gjarnan miða við, lækka ef þetta frv. verður að veruleika um samtals 300 millj. kr. að raungildi. Þannig að ef þetta frv. hefði ekki verið flutt og yrði ekki samþykkt yrðu beinir skattar á árinu 1987 óbreyttir miðað við árið 1982.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða þessi efnisatriði frekar. Ég vil vekja athygli á því að vísu að hæstv. fjmrh. kvartaði mjög undan því að stjórnarandstaðan hefði verið með kröfur um það að ofteknum sköttum s.l. sumar yrði skilað aftur. Ég hygg að sá maður sem setti fram harðastar kröfur og mest áberandi í þeim efnum hafi verið hv. 2. þm. Reykn. Það er sérkennileg aðferð sem hæstv. fjmrh. hefur yfirleitt þegar hann er að finna að við flokksbræður sína og flokkssystkini að skamma einhvern úr stjórnarandstöðunni. Þetta er gamalkunn aðferð sem hann hefur iðulega beitt og gerði. Hann húðskammaði í raun og veru hv. 2. þm. Reykn., að vísu undir dulnefnum, á síðasta fundi hv. deildar þegar fjallað var um þessi mál.

Hæstv. fjmrh. taldi að hér væri ekki um að ræða verulegar breytingar á skattakerfinu en hv. 2. þm. Reykn. taldi hins vegar ástæðu til að bæta um betur og sagði að hér væri um verulegar og tímabærar breytingar að ræða á skattakerfinu. Þannig að sá heilaþvottur sem hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir í þingflokki Sjálfstfl. hefur bersýnilega borið þann árangur að hv. 2. þm. Reykn. er ánægðari með þá litlu skattkerfisbreytingu sem hér er gerð tillaga um en hæstv. fjmrh. og er þá langt til jafnað.

Varðandi þessi mál að öðru leyti vil ég aðeins vekja athygli á því að síðan við ræddum þetta mál síðast hefur það gerst að það hafa farið af stað viðræður verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Aðilar vinnumarkaðarins hafa skrifað ríkisstjórninni út af tilteknum atriðum og m.a. hafa þessir aðilar verið að fjalla sérstaklega um skattamál. Alþýðusambandið fjallaði um skattamál sérstaklega á fundi sínum núna um síðustu helgi og þar er um að ræða alveg ákveðnar tillögur í skattamálum. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir í viðtölum við fjölmiðla að hann telji þetta athyglisverðar tillögur og að hann vilji í raun og veru gera sitt til þess að koma til móts við þær tillögur sem þar eru settar fram.

Með þessu móti er hæstv. fjmrh. auðvitað að segja það sem ég benti á á síðasta fundi deildarinnar að þetta frv. sem hér liggur fyrir, 158. mál Nd., er út af fyrir sig markleysa vegna þess að það eru önnur og stærri skattamál sem þarf að afgreiða hér næstu daga. Og ég endurtek það sem ég sagði síðast að ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að hv. fjh.- og

viðskn. fái þessar skattatillögur verkalýðshreyfingarinnar inn á sitt borð þannig að það sé hægt að taka á þessu máli í heild vegna þess að það er mikið stærra og þýðingarmeira mál en þetta klór sem í þessu frv. felst sem gerir sem sagt ráð fyrir þeirri stefnu, sem hæstv. ráðh. hefur fylgt, að skattar hækki frá því sem var a.m.k. í tíð forvera hans í fjmrn.

Ég vil ítreka það sem ég sagði um daginn að það er nauðsynlegt að taka á frádráttarmálunum í skattakerfinu. Ég hef, herra forseti, aflað mér upplýsinga um það hverju frádrættirnir nema í framtölum einstaklinga á árinu 1986 og það eru satt að segja býsna fróðlegar tölur. Það kemur fram að fram talinn frádráttur, kostnaður á móti ökutækjastyrkjum, er samtals yfir 1 milljarður kr., 1030 millj. kr. Vafalaust er það svo að í sumum tilvikum og mörgum er hér um það að ræða að menn hafa lagt raunverulega út kostnað við akstur. En við vitum að í fjölmörgum fyrirtækjum er ökutækjastyrkurinn notaður sem launauppbót. Og þegar þessi tala er komin upp í 1000 millj. kr., bara í ökutækjastyrk á árinu 1986, og þegar gera má ráð fyrir að hefði þessi tala verið skattlögð hefði hún gefið ríkinu 300–350 millj. fær þessi tala mann óneitanlega til að staldra við og spyrja: Er ekki óhjákvæmilegt að takmarka þetta þannig að það séu settar hömlur við því hvað menn geta í raun og veru talið mikið fram sem ökutækjastyrk og fengið það svo dregið frá kostnaðarmegin á skattaframtalinu sínu?

Það er einnig athyglisvert í þessum upplýsingum sem ég hef aflað mér að vaxtagjöld til frádráttar eru hvorki meira né minna en 2½ milljarður kr., þ.e. heildarvaxtagjöld til frádráttar. Ef við skattleggjum það með svipuðum hætti og ég nefndi varðandi ökutækjastyrkinn er þar um að ræða tölu upp á eins og 800 millj. kr. eða svo. Ég held að þetta mál eigi líka að taka til sérstakrar endurskoðunar. Mér er kunnugt um að það var rætt í sambandi við húsnæðisframlög að ákveða upphæð húsnæðisframlaga með hliðsjón af tekjutapi ríkissjóðs vegna vaxtagjalda. Mér sýnist að þarna sé komin mjög veruleg tala, sennilega upp á 800 millj. kr. ef þetta væri skattlagt með venjulegum hætti.

Ég vil einnig vekja athygli á öðrum frádráttarliðum sem hafa komið inn í skattaframtölin á seinni árum, eins og t.d. frádráttarlið vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Það eru 913 einstaklingar sem draga frá vegna fjárfestingar í atvinnurekstri 37,9 millj. kr. Og arður af hlutabréfum skilar frádrætti upp á 58,9 millj. kr. Arður af stofnsjóði samvinnufélaga skilar aftur 2,8 millj. kr. Frádráttarliðirnir eru sem sagt samtals upp á marga milljarða kr. og það er bersýnilegt að ef menn ætla sér að taka á þessu skattakerfi og breyta því verður að fara yfir þessa frádráttarliði mjög rækilega. Þeir flækja líka myndina og ef á þeim væri tekið skapar það aukasvigrúm til að hækka skattfrelsismörkin mjög verulega.

Í framhaldi af þessu vil ég vekja athygli þingheims á því að þó að þetta ítarlegar upplýsingar liggi fyrir um frádrætti einstaklinga, lið fyrir lið, þar sem þetta er allt tölvutækt og tölvukeyrt liggja upplýsingar um frádráttarliði fyrirtækjanna ekki fyrir. Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að útvega þingnefndinni upplýsingar um frádráttarliði fyrirtækja — við höfum hér allar tölur um frádráttarliði einstaklinganna — og hvað þeir þýða í tekjutapi fyrir ríkissjóð. Upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Hvað þýðir t.d. í tekjutapi fyrir ríkissjóð heimildin til að færa niður 5% útistandandi viðskiptaskulda í árslok? Hvað þýðir það fyrir ríkissjóð að heimilt er að draga frá tekjum sem samsvarar 10% af matsverði vörubirgða í árslok? Hvað þýða fyrningarákvæði skattalaganna í þessum efnum? Hversu mikil risnuútgjöld draga fyrirtæki frá í kostnaði við rekstur sinn hér á landi áður en talið er fram til skatts? Ég held að það væri mjög mikilvægt ef hæstv. fjmrh. vildi beita sér fyrir því að þessara upplýsinga um frádráttarliði fyrirtækjanna verði aflað þannig að hægt sé að átta sig á því hvað það er í raun og veru mikið sem fyrirtækin sleppa við að borga vegna þessara frádráttarákvæða skattalaganna.

Ég tel, herra forseti, að ég hafi nefnt þau atriði sem ástæða er til að fara yfir á þessu stigi málsins. Ég óskaði eftir upplýsingum um frádráttarliði fyrirtækjanna. Ég hef lýst því yfir að ég mun óska eftir því að hugmyndir Alþýðusambands Íslands og verkalýðshreyfingarinnar komi inn á borð þingnefndar þegar um þessi mál verður fjallað og ég hef bent á þær tölur sem Þjóðhagsstofnun sendi frá sér um raunverulegar skattabreytingar frá því að þessi ríkisstjórn tók við.

Mér sýnist augljóst mál að þetta frv. sem hér liggur fyrir muni í rauninni ekki breyta mjög miklu vegna þess að menn hljóti þegar næstu sólarhringa að staldra við mikið víðtækari skattalagabreytingar en hér eru gerðar tillögur um.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í þessum umræðum hafa menn verið að deila um það hverjar væru staðreyndir mála að því er varðar breytingar á skattbyrði milli ára á undanförnum árum. Þær deilur ættu út af fyrir sig að vera óþarfar, þ.e. ef menn treysta þeim gögnum sem um þetta hafa verið birt af hálfu opinberra stofnana.

Lítum fyrst á staðreyndir sem hér eru birtar um áætlaða skattbyrði einstaklinga á árunum 1978–1987, sbr. töflu 6 á minnisblaði Þjóðhagsstofnunar um skattbyrði. Þessar tölur eru miðaðar við skattbyrði til ríkissjóðs miðað við greiðsluár. Og þar eru tölurnar þessar að árið 1985, þegar fyrsta skrefið var stigið í átt til þess að lækka tekjuskatt í áföngum, var þetta hlutfall 3,9%, 1986 4,9 en 1987 áætlað 4,6, m.ö.o. hlutfallið nú er til mikilla muna hærra en það var 1985 en að vísu áætlað lægra en á yfirstandandi ári. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir ósköp einfaldlega að það hefur ekki verið staðið við fyrirheitin um áframhaldandi lækkun tekjuskatts í áföngum. Það þýðir m.ö.o. að tekið hefur verið til baka aftur það

sem upphaflega var gert í þessu skyni á árinu 1985.

Til þess að staðfesta þetta enn frekar er rétt að líta á töflu 4 á sama plaggi. Þar er verið að fara með tölur um áætlaðar tekjur ríkissjóðs á mann, umreiknaðar miðað við þjóðarframleiðslu 1987, og þessar tölur eru gefnar á verðlagi í árslok 1986, þ.e. á verðlagi fjárlagafrv. og þessa skattafrv. Skv. þeim upplýsingum eru tekjur ríkissjóðs á mann á sambærilegu verðlagi þessar: 1984 16,6 þús., 1985 14 þús., 1986 18 þús. og 1987 18,2 þús. M.ö.o. liggur það alveg ljóst fyrir að skattbyrðin skv. þessu, og við erum að tala um tekjuskatt til ríkissjóðs í tölum talið pr. mann á sambærilegu verðlagi, hefur vaxið frá árinu 1985 allverulega þó að það sé að vísu rétt að hún hefur lækkað ef við miðum við síðasta ár fyrrv. ríkisstjórnar, þ.e. ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens heitins og ríkisstjórnar Ragnars Arnalds, úr 21,2 í áætlunartöluna 18,2. Engu að síður er það staðreynd að skattbyrðin, þannig metin á sambærilegu verðlagi, er nú í tölum fjárlagafrv. og þessa skattafrv. hærri en hún var á árunum 1984, 1985 og 1986.

Miðað við þessar upplýsingar verð ég vægast sagt að lýsa furðu minni yfir því að hv. 2. þm. Reykn. skuli virkilega telja þetta vera tilefni til þess að fara með lofræðu um efndir núv. hæstv. ríkisstjórnar á fyrirheitum um afnám tekjuskatts á almennar launatekjur á kjörtímabilinu. Ég held að tölurnar tali allt öðru máli um það.

Í annan stað, af því að þeir hæla sér enn af því að það sé meginatriði þessa frv. að jaðarskattur hafi lækkað úr 50%, eins og hann var í áður en þessi ríkisstjórn tók við, niður í 38,8%, vil ég enn ítreka það að þessar tölur eru algjörlega villandi vegna þess að prósentutalan um jaðarskatt hefur ekkert gildi nema menn reikni hana í samhengi við áætlað verðbólgustig. Þannig þýðir 38,5% jaðarskattur í 10% verðbólgu 35% greiðslubyrði á greiðsluári. Og það er hærri tala en þessi jaðarskattur var í reynd á undanförnum árum miðað við greiðsluár því að í 50% verðbólgu reynist hann 31%, í 80% verðbólgu 28% og í 130% verðbólgu síðustu ríkisstjórnar 22% þannig að hér er auðvitað í reynd um að ræða þyngingu á jaðarskatti miðað við tekjur á greiðsluári.

Þegar þetta allt er haft í huga sýnist mér staðreyndirnar staðfesta það sem hæstv. fjmrh. raunar viðurkenndi í sinni framsögu. Þetta frv. er ósköp hversdagslegt kerfisfrv. Það boðar engar mikilvægar eða meiri háttar breytingar. Það er viðleitni, örlítið skref í þá átt að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin standi algjörlega á gati frammi fyrir margítrekuðum og gefnum loforðum um lækkun skatta. Og eitt er rétt að hafa í huga af því að við erum að tala um beina skatta. Við erum ekki bara að tala um beina skatta til ríkisins. Ef við lítum líka á álagningu útsvars og göngum út frá því sem gefnu að sveitarfélögin muni halda útsvarsálagningunni í sama horfi og verið hefur og ef við gefum okkur að hæstv. ríkisstjórn standi við markmið þjóðhagsáætlunar um lækkandi verðbólgu liggur það algjörlega fyrir og er hafið yfir allan vafa að skattbyrði beinna skatta sem slíkra, ef við tökum bæði tekjuskatt til ríkisins og útsvar til sveitarfélaga, mun fyrirsjáanlega hækka mjög verulega. Það er algjörlega fyrirsjáanlegt.

Af því tilefni er rétt að skoða ábendingar Alþýðusambands Íslands, formannaráðstefnunnar og þeirra hugmyndir um tekjuskattinn. Þetta tvennt verður auðvitað að skoða í samhengi vegna þess að ef menn eru að ræða um skattbyrði einstaklinga verður að taka hvort tveggja með inn í myndina, tekjuskattinn til ríkisins og útsvarsálagninguna; fyrir nú utan það að ef við erum að tala um uppstokkun á þessu skattkerfi væri náttúrlega rétt að hafa það í huga líka, ef menn vilja framfylgja raunverulegum valddreifingarsjónarmiðum, að þar þurfa að koma til breytingar á þessu kerfi í samhengi við tillögur um hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og aukið sjálfræði sveitarfélaga að því er varðar þennan skattstofn.

Ég held að niðurstaðan af þessum umræðum sé ósköp einfaldlega sú að þetta frv. er harla smátt. Það skiptir engum sköpum. Það er gersamlega ofmælt að það boði einhverjar meiri háttar breytingar á núverandi kerfi. Það er reynt að klóra í bakkann, það er reynt að draga úr því að ríkisstjórnin verði ber algjörlega að vanefndum á gefnum fyrirheitum um lækkun á tekjusköttum í áföngum. Það er heldur illa unnið sem kerfisfrv. Dæmin sem fylgja því um áætlaða skattbyrði fjölskyldna geta verið gersamlega villandi vegna þess að þarna eru aðeins örfá meðaltalsdæmi. Það hefði verið sjálfsagður hlutur að gera þá kröfu til fjmrn. að það hefði látið fylgja miklu gleggri dæmi með fleiri tilvikum til þess að niðurstaðan yrði ekki sú að þeir sem lesa þetta taki það sem einhvern bókstaflegan eða raunverulegan hlut.

Eftir stendur að ferill hæstv. ríkisstjórnar í ljósi loforðanna hefur verið fálmkenndur. Það hefur verið staðið við fyrsta áfangann um lækkun tekjuskatta. Það hefur verið tekið til baka með annarri hendinni. Heildarendurskoðun skattalaga bíður algjörlega og þetta frv. skiptir engum sköpum í þá átt.

Ég hafði lúmskt gaman af því þegar hæstv. fjmrh. tók svo til orða að það væri athyglisvert að jafnvel stjórnarandstaðan og flokkar vinstra megin við miðju virtust vera að taka undir með tillögum Reagan-stjórnarinnar í Bandaríkjunum í skattamálum. Ef menn ætla að gera slíkan samanburð held ég að menn verði að hafa í huga einhvern sögulegan samanburð á því.

Tillöguflutningur Alþfl. að því er varðar breytingar á tekjuskattskerfi á sér lengri sögu en Reagan-stjórnin. Þar er gott að vísa til staðreynda um aðgerðir ríkisstjórna á fyrri hluta viðreisnartímabilsins þar sem hlutfall tekjuskatta af tekjum ríkissjóðs var lækkað mjög verulega en tillögur Alþfl. þá voru einfaldlega þær að tekjuskattur skyldi algjörlega afnuminn af almennum launatekjum. Það mun hafa orðið að sætta sig við málamiðlun í því efni. Á

seinasta áratug byrjaði Alþfl. að flytja tillögur um afnám tekjuskatts á launatekjur með þeim almenna rökstuðningi að hann væri orðinn ranglátur skattur, launamannaskattur, árið 1973. Og ég vek athygli á því að umræðan um skattamál hér á hinu háa Alþingi, sem nú er kannske orðin dálítið fyrirferðarmeiri, var í daufara lagi þegar við þm. Alþfl. byrjuðum þá umræðu 1983–84. Tillöguflutningur okkar þá beindist mjög að því ranglæti skattkerfisins að tekjuskatturinn væri launamannaskattur, að skattundandráttur og skattsvik væru ólíðanleg, að skatteftirlit væri í molum og að viðurlög við skattsvikum væru ófullnægjandi. Um þetta voru flutt mál og að lokum náðist sá árangur að það var samþykkt krafa um skýrslu um skattundandrátt og sú skýrsla að lokum birt. Því næst er það að fyrir utan þennan málflutning og þessa tillögugerð að því er varðar tekjuskatta höfum við fyrir löngu síðan, og löngu áður en þau tíðindi spurðust af umbótatillögum Reagans í skattamálum í Bandaríkjunum, flutt tillögur um heildarendurskoðun á skattakerfinu að því er varðar beina skatta, einnig að því er varðar hriplekt söluskattskerfi, einnig að því er varðar eignarskatta og nú síðast einnig að því er varðar meðhöndlun á skatttekjum.

Þær hugmyndir sem við höfum sett fram hafa ósköp einfaldlega mótast af því að við vildum einfalt skattakerfi, réttlátt og auðvelt í framkvæmd, sem byggðist á því að því er varðaði tekjuskatta að snarhækka skattfrelsismörk, afnema með öllu frádráttarliði aðra en einfaldan frádráttarlið til nokkurra ára fyrir húsbyggjendur sem eru að afla sér húsnæðis í fyrsta sinn, taka upp staðgreiðslukerfi þess kerfis beinna skatta sem eftir stæði, taka því næst upp undanþágulaust skattkerfi óbeinna skatta, söluskatts, með fyrirvara um það að hann gæti verið í virðisaukaskattsformi ef hann fullnægði settum skilyrðum um það að hann væri undanþágulaus, hann væri með mun lægri skattprósentu. Ég nefni þetta bara að gefnu tilefni vegna þess að það verður ekki sagt að þessar hugmyndir hafi verið sóttar vestur um haf til Bandaríkjanna. Þær eru settar fram löngu áður en tíðindi spurðust af þeirri skattalagabreytingu sem þar hefur átt sér stað núna á s.l. misserum. (Gripið fram í.) Það gæti verið, það gæti vel verið. Það er a.m.k. mun sennilegra miðað við þennan sögulega samanburð.

Að lokum vil ég aðeins árétta það, herra forseti, að svör hæstv. fjmrh. í tilefni af athugasemdum mínum um virðisaukaskatt þóttu mér mjög í skötulíki. Ég nefndi dæmi um ávirðingar og galla þess frv. sem við höfum séð. Hæstv. ráðh. svaraði með því að hann hefði góðfúslega leyft fulltrúum þingflokka að kynna sér frv. og þar hefði á því orðið sú breyting að prósentan hefði verið lækkuð úr 25% í 24%. Það út af fyrir sig er góðra gjalda vert en það er líka hænufet og skiptir engum sköpum. Ágallarnir á þessu frv. eru margir og veigamiklir og ef það er alvörumál hæstv. fjmrh. að reyna að ná samstöðu í þinginu, við þingflokka og þar með hugsanlega þingflokka stjórnarandstöðunnar, um einhverja heildarendurskoðun á skattakerfi liggur alveg ljóst fyrir að það frv. verður að taka til rækilegrar heildarendurskoðunar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan að augu manna hafa opnast fyrir því í ríkara mæli á síðustu áratugum að tekjuskatturinn er launamannaskattur. Sá maður sem fyrst setti þá skoðun fram með skipulögðum og sannfærandi hætti var Ólafur Björnsson prófessor fyrir um tveimur áratugum síðan. Það tókst nú að vísu ekki meðan Sjálfstfl. var í ríkisstjórn með Alþfl. á þeim tíma að stíga nógu stór skref í þá átt að lækka tekjuskattinn en hitt man ég að eftir að formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, komst í stjórnarandstöðu flutti hann um það þáltill. að tekjuskattur skyldi með öllu afnuminn. Ég man eftir því að þeir Alþýðuflokksmenn voru mjög stoltir af þessu framlagi þess formanns og ég heyrði á formanni flokksins nú að hann vill enn minna á þessa skoðun Alþfl. í stjórnarandstöðu, að hann sé reiðubúinn til þess að lækka tekjuskattinn þegar aðrir ráða ferðinni.

En hver var reynsla manna af Alþfl. síðast þegar hann átti aðild að stjórnarsamstarfi í septembermánuði 1978? Var reynslan sú að fyrstu breytingarnar sem Alþfl. stóð að á lögum um tekju- og eignarskatt væru þær að lækka tekjuskattinn, minnka hlutdeild hans í þjóðartekjunum? Nei, síður en svo. Fyrsta skref Alþfl. á þeim árum var að ákveða það að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum skyldu að fullu greiddar, að það skyldi m.ö.o. rofið það þak sem Ingólfur Jónsson setti á sínum tíma um það að útflutningsbætur mættu ekki nema hærri tölu en 10% af heildarverði landbúnaðarvara og Gylfi Þ. Gíslason studdi sem viðskrh. í viðreisnarstjórninni að rjúfa þetta þak og teygja sig miklu hærra en Sjálfstfl. hafði áður viljað. Og hvað var það annað sem Alþfl. gerði þá? Hann beitti sér fyrir mjög víðtækum breytingum á lögum um söluskatt og allar þessar breytingar gengu út á að fjölga undanþágum sem er gagnstætt því sem formaður Alþfl. prédikar nú.

En hvernig aflaði Alþfl. fjár á þeim tíma þegar hann fékk tækifæri til að sýna vilja sinn í verki gagnvart tekjuskattinum? Hvernig fjármagnaði hann þau útgjöld og það tjón sem ríkissjóður hafði orðið fyrir? Með því að setja brbl. um það að álagning tekjuskatts og eignarskatts skyldi fara fram öðru sinni á því herrans ári 1978. Alþfl. undi ekki þeirri álagningu sem gerð hafði verið um sumarið, heldur var skattstjórunum gert að leggja nú á landslýð að nýju sérstakan tekjuskattsauka og sérstakan eignarskattsauka. Og það er athyglisvert að þeir menn sem stóðu fyrir þessari sögulegu hækkun tekjuskattsins, kjarni þeirra manna sem stóð fyrir því, eru einmitt það lið sem formaður Alþfl. hefur nú í kringum sig hér í þingsölunum. Við tökum eftir því þegar formaður Alþfl. er að prédika það að hann

vilji draga úr heildarskattheimtu ríkissjóðs, við tökum eftir því. Hann talar þeirri tungu, tæpitungulaust, og hann er skýrmæltur og þessi skilaboð berast út um alla landsbyggðina að formaður Alþfl. vilji lækka tekjuskattinn, alveg með sama hætti og formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, vildi lækka tekjuskattinn, meðan þessir tveir menn voru í stjórnarandstöðu. En við heyrum líka hér inni á Alþingi aðrar raddir og þar kveður við annan tón. Þar eru menn að ræða um það að þeir vilji auka hin ýmsu útgjöld ríkisins.

Nú hefur það verið gagnrýnt af formanni Alþfl. að ríkissjóður sé rekinn með halla og við viljum trúa því kannske að hann sé þeirrar skoðunar að hann vilji ekki reka ríkissjóð með halla. Þá verður hann líka um leið að útskýra hvernig hann ætlar að standa undir þeim miklu útgjöldum sem félagar hans í Alþfl. hafa lagt til og vonandi líka í fullri alvöru. Ég hygg að það verði erfiðar stjórnarmyndunarviðræður ef til þess kemur að leitað verði til Alþfl. um það eftir kosningar hvort hann vilji fara í ríkisstjórn. Þá hygg ég að erfiðast verði fyrir Alþfl. að reyna að samræma þessar skoðanir formannsins og hinna sem honum fylgja hvað dyggast í öðrum málum en þeim að lækka ríkisútgjöldin og lækka skattana. Ég hygg að það verði svolítið erfitt.

Við skulum líka koma inn á annað atriði. Hann sagði það, formaður Alþfl., í ræðu sinni á mánudag ogýjaði að því hér áðan að ríkisstjórnin hefði við afgreiðslu síðustu fjárlaga staðið við þál. um skattamál sem kæmi til framkvæmda á þremur árum, á árunum 1985, 1986 og 1987. Þá var til umræðu í deildinni frv. ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, það frv. og þau lög sem við búum nú við og það sem þessi hv. þm. gagnrýnir nú hvað ákafast. Í Alþingistíðindum segir formaður Alþfl. um afstöðu sína til tekju- og eignarskattsfrv. — þetta er stutt ræða og á ekki að tefja fyrir deildinni — með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Með 3. gr. þessa frv. er lagt til að skattfrelsismörk til eignarskatts verði lækkuð og á þannig að hækka eignarskatt af eignum umfram launahækkanir. Alþfl. telur þetta ranga stefnu og hefur lagt til að þessi skattfrelsismörk verði þvert á móti hækkuð og mun byggja brtt. sínar við frv. til fjárl. 1986 á því. Minni hl. leggur því til að 3. gr. frv. verði felld en mælir með samþykkt frv. að öðru leyti“, sem sagt að öllu því leyti sem veik að tekjuskattinum.

Nú skulum við rifja upp: Hvað var það sem Þjóðhagsstofnun sagði á þeim tíma um hver væri skattbyrði tekjuskattsins á árinu 1985 og hver væri skattbyrði tekjuskattsins á árinu 1986? Ég tek aftur fram, og ég geri ráð fyrir að þingheimur viti það, að þessi hv. þm. tekur mikið mark á opinberum skýrslum. Ég tala nú ekki um ef það eru skýrslur Þjóðhagsstofnunar og vill nú, vona ég, telja að það sé sama hvar niður er gripið í slíkum áætlunum. Í desemberáætlun segir í vinnuplaggi Þjóðhagsstofnunar að skattbyrði á árinu 1985 verði 4,4%. Á sama tíma telur Þjóðhagsstofnun að tekjuskattsbyrðin miðað við þau fjárlög sem við þá samþykktum yrði 4,6% og eftir gerð kjarasamninga 4,5%. Á þessum tíma frá des. og fram í endurskoðun í maí á s.l. ári telur Þjóðhagsstofnun að skattbyrðin fyrir yfirstandandi ár hafi lækkað úr 4,4 í 4,2%. Nú er ég að tala um skattbyrðina á árinu 1985. Skattbyrðin er síðan í plaggi sem frá Þjóðhagsstofnun kemur 20. nóv. dottin niður í 3,9%, er mér sagt. Ég hef ekki þau plögg hjá mér en ég þykist hafa tekið rétt eftir. Skattbyrðin hefur m.ö.o. lækkað, að mati Þjóðhagsstofnunar, frá sama tíma fyrir einu ári, um 0,5%.

Það vekur líka eftirtekt að á sama tíma og Þjóðhagsstofnun heldur þessu fram hækkaði hún áætlaða skattbyrði yfirstandandi árs og var komin upp í 4,9% í maí s.l., virðist halda sig við þessa sömu skoðun nú í nóvembermánuði. Ég skal ekki um það segja hvað Þjóðhagsstofnun muni um það segja í desembermánuði en ég held að það sé alveg ljóst, eftir því sem ég hef rakið, að ógjörningur er með öllu að ganga út frá því að áætluð skattbyrði einstaklinga eitthvert tiltekið ár að mati Þjóðhagsstofnunar gefi rétta mynd þannig að hægt sé að fara út í nákvæman samanburð fyrr en einu ári eftir að viðkomandi ári lýkur. Það er ekki fyrr en nú í nóvembermánuði að fyrir liggur að skattbyrðin er komin niður í 3,9%. Ég er hér með plagg frá Þjóðhagsstofnun um áætlaða skattbyrði 12. sept. s.l. fyrir árið 1985, þá heldur Þjóðhagsstofnun sig enn við 4,2%. Bara á þessum tveimur mánuðum hefur hún lækkað um 0,3%, ekki alveg um 10% en svona hátt í það, kannske 7,5% eða 8%, eitthvað svoleiðis.

Þetta segir okkur náttúrlega að það er ekki mjög gætilegt ef menn vilja koma nálægt sannleikanum að treysta um of á þennan samanburð. Nú vil ég líka segja að ég efast ekki um að formaður Alþfl. hafi viljað jafnvel fyrir einu ári og nú standa við þá þál. sem hann vitnaði til og ég hef ekki alveg í huganum hvernig er orðuð, það skiptir ekki máli. En ef hann fyrir einu ári taldi að við þál. yrði staðið með því að áætluð skattbyrði á þessu ári yrði 4,6% sem verður að ætla að hann hafi talið úr því að hann sá ekki ástæðu til þess að flytja brtt. um tekjuskattsfrv. á síðasta þingi. Ég tek fram að ég hef flett upp á þeim málum sem Alþfl. hefur flutt varðandi tekjuskattinn og þá kemur í ljós að hann hefur ekkert frv. flutt á síðasta þingi, ekki eitt einasta frv. sem snertir álagningu tekjuskatts í heild. Hann hefur flutt breytingar við lög um tekjuskatt og eignarskatt sem snýr að tannlæknum, ef ég man rétt. Ég held að varaformaður Alþfl. hafi gert það og ég held að ég geti glatt varaformann Alþfl. líka með því að góðar vonir standa til þess að Sigurjón Benediktsson, einkavinur hennar á Húsavík, muni kannske ganga til liðs við hana í næstu kosningum þar sem honum finnst varaformaðurinn sterkur talsmaður tannlækna og er ekki nema gott um það að segja. Þetta er snjall maður og munar um hann hvar sem hann leggur sig fram þannig að ég vil nú óska henni til hamingju með það, honum til hamingju með það

herra forseti, það á víst að segja hann um þingmenn en ekki hann, ég bið nú afsökunar á því. Manni verður svona á að kyngreina þingmann. En þannig er nú þetta.

Við stöndum sem sagt í þeim sporum, við þessir áhugamenn um það að lækka tekjuskattinn og viljum kannske sumir ganga lengra en afkoma ríkissjóðs leyfir, við viljum ganga hratt í þessu efni, og ég er áhugamaður um það eins og formaður Alþfl. raunar.

Nú var það svo þegar gengið var til kjarasamninganna á s.l. vetri að ég og ýmsir aðrir töldum að það væri mikið áhugamál launþega að tekjuskatturinn yrði lækkaður. Við höfðum búist við því að svigrúmið sem gæfist til þess yrði kannske fyrst og fremst til þess notað. En þá kom annað atriði upp, sem ég get út af fyrir sig skilið launþegahreyfinguna í, og það var að hún vildi koma til móts við þá sem minnstar tekjur hafa. Ég held að allir þm. séu um það sammála að þær breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuskattinum hníga fyrst og fremst að því að hækka greiðslumörkin þannig að sá hópur stækki sem ekki greiðir tekjuskatt. Um leið og við stækkum þann hóp, fjölgum þeim sem ekki greiða tekjuskattinn, þá hefur það þau áhrif að æ stærri hluti ríkistekna fer í það að greiða útsvör fyrir viðkomandi menn. Æ stærri hluti fer til þess að greiða útsvörin, standa undir útsvörunum. Þannig hefur lækkun tekjuskattsins tvöföld áhrif. Þetta hefur valdið því að mjög óhægt er um vik að lækka skattstigana verulega þegar um takmarkað fjármagn er að ræða. Það er af þessum sökum sem athygli manna hefur í vaxandi mæli beinst að því að það kunni að vera skynsamlegt að varpa fyrir róða því tekjuskattskerfi sem við búum nú við, einfalda það. Sumir tala um það að rétt sé að taka upp flatan skatt og ég held að flestir séu nú að verða sammála um það að rétt sé að taka upp staðgreiðslu skatta.

Ástæðan fyrir því að menn eru fúsari til þess nú en áður að taka upp staðgreiðsluskatt er sú að menn hafa ekki lengur það hagræði af verðbólgunni í sambandi við skattbyrðina sem þeir höfðu þegar verðbólgan óx frá einu ári til annars. Á þeim tíma var það einfaldlega þannig að skattbyrðin, byrði beinna skatta, lækkaði í beinu hlutfalli við þá óstjórn sem var í efnahagsmálunum að öðru leyti. Ef verðbólgan vex um 50% þá var augljóst að beinir skattar sem miðast við tekjur fyrra árs lækka mjög verulega. Við getum séð þetta mjög greinilega ef við tölum t.d. um það fé sem sveitarfélögin hafa til umráða. Við munum það að á mestu verðbólguárunum töluðu sveitarstjórnarmenn mjög mikið um það hversu illa þeim nýttist útsvarsstofninn af þessum sökum og ég held að óhætt sé að fullyrða að ýmis sveitarfélög hafi annaðhvort orðið að neita sér um nauðsynlegar framkvæmdir eða stofna til tilfinnanlegra skulda vegna þess hvernig verðbólgan fór með útsvörin. Þetta hefur síðan snúist við og ég held að menn hljóti að vera sammála um það að útsvarstekjur sveitarfélaganna nýtast þeim miklu betur nú en þær gerðu þegar verðbólgan lék lausum hala. Nú getum við rætt um það hvað við viljum gera, hvaða breytingar við viljum helst gera á tekjuskattinum.

Ég tók svo eftir að hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, ég vona að ég fari rétt með, ef svo er ekki þá mun ég sleppa þeim athugasemdum sem ég hef við það að gera, en ég tók eftir að hann hafi sagt það hér áðan að með þeirri einföldu aðferð að fella niður vaxtafrádráttinn þá fengi ríkissjóður 800 millj. í sinn hlut. Var þetta misheyrn hjá mér? (**SvG:** Haltu áfram.) Ég var að tala um að ef við gerðum þá breytingu á frádráttarreglum einstaklinga þá mundi ríkissjóður hagnast um 800 millj. ef allur vaxtafrádrátturinn yrði ... (**SvG:** Ef það væri allt skattlagt.) ef það væri allt skattlagt. Nú ætla ég ekki að snúa út úr orðum hv. þm. með því að segja að með því að vekja athygli á þessu hafi hann lýst sig andsnúinn því að komið yrði á móti þeim sem eru að eignast þak yfir höfuðið. Ég held að sú hafi ekki verið meining hv. þm., en þessi staðreynd bendir okkur eigi að síður á eina staðreynd í sambandi við skattamálin sem þm. mættu oftar hugsa um og það er hvað margir eru örlátir á peninga úr ríkissjóði ef þeir vita ekki hver upphæðin er, ef þeir gera sér ekki grein fyrir stærð fjárhæðarinnar. Ég er ekki viss um að við værum reiðubúnir til þess að greiða beinlínis úr ríkissjóði 800 millj. kr. á ári vegna þeirra sem eru að eignast þak yfir höfuðið. Ég er ekki viss um að við getum þannig alveg snúið því við. En sama er, auðvitað mundi það mjög einfalda framkvæmd tekjuskattsins ef vaxtafrádrátturinn yrði felldur niður en aðrar reglur einfaldari teknar upp í staðinn. Í sambandi við flatan skatt vil ég líka segja að það verður að hyggja bæði að húsbyggjendum og sjómönnum sérstaklega ef sá skattur yrði upp tekinn.

Ég er sammála Svavari Gestssyni, hv. 3. þm. Reykv., um að nauðsynlegt sé að nefndarmenn fjh.- og viðskn. fái tækifæri til að kynna sér þær hugmyndir sem Alþýðusamband Íslands hefur í sambandi við breytingar á skattalögum. Þetta mál snýr líka að launajöfnuði í þjóðfélaginu. Ef aðilum vinnumarkaðarins tekst það nú í þeim kjarasamningum sem yfir standa að bæta kjör þeirra sem verst eru settir, að bæta kjör þeirra sem engan tekjuskatt greiða, þá mundi það auðvelda slíka samningsgerð ef tækist að koma á móti hinum hópunum með aðgerðum varðandi tekjuskatt, þannig að vel get ég tekið undir með hv. þm. að aðgerðir af því tagi gætu greitt fyrir samningum.

Ég held ég fari rétt með það, nú verð ég líka að játa að það eru tveir dagar síðan ég hlýddi á formann Alþfl. hér, ég held ég fari rétt með það að hann hafi komist svo að orði í sinni ræðu að skattastefna þessarar ríkisstjórnar bitnaði á þeim sem hefðu lægstu tekjurnar. Er það rétt munað? (**JBH:** Hefði gert í vissu tilviki, já.) Nú veit ég ekki hvað hann kallar lægstu tekjur en ég held að þetta sé algjörlega rangt og ég hefði gaman af því ef hann mundi útskýra, ekki endilega nú í þingsalnum, en þá í fjh.- og viðskn., hvar þetta gat er, hvar það kemur fram

að skattastefnan hafi íþyngt þeim sem minnstar hafa tekjurnar. Þetta er ekki í samræmi við þá tilfinningu sem ég hef og væri fróðlegt að fá að sjá þetta. Hitt er alveg rétt að þeir sem hafa haft hæstar tekjurnar hafa fengið nokkra þyngingu skattbyrði nú á þessu ári og þá komum við náttúrlega að einu mjög merkilegu atriði í öllum þessum málflutningi, þegar við tölum um heildarskattbyrði, tölum um tekjuskatt og annað, þá komum við að þessu: Gátum við búist við því fyrir fram að hægt yrði að koma verðbólgunni svo niður sem raun ber vitni án þess að nokkur þyrfti að leggja nokkuð á sig í þjóðfélaginu? (**JBH:** Hún er nú að fara úr böndunum aftur.) Gátum við búist við því?

> Falin er í illspá hverri
> ósk um hrakför sýnu verri.

Ég heyri að formaður Alþfl. brosir yfir því að verðbólgan fari nú aftur úr böndunum en við skulum vona að það hafi ekki verið þannig meint samt. Nú veit ég að fyrir kosningar gæti verið gaman að því að hafa enn eitt atriðið sem hægt sé að áfellast ríkisstjórnina fyrir en við skulum vona að þeim mönnum sem stríðast á í þjóðfélaginu takist að ná því samkomulagi að verðbólgan haldist í skefjum. Við skulum vona það og reyna að tala a.m.k. út frá þeirri forsendu.

Ég var áðan að tala um það að ekki hafi verið við því að búast að enginn yrði fyrir skakkaföllum þegar verðbólgan er komin svo mikið niður. Við vitum að sumir hafa hagnast á verðbólgunni, aðrir tapað, það er nú eðli verðbólgunnar, og nú hefur tekist að koma henni þetta mikið niður.

Það var niðurstaðan í samningunum að leggja áherslu á lækkun hinna óbeinu skatta. Við vitum líka að sú ákvörðun sem þá var tekin að lækka fyrirframgreiðslu reyndist ekki rétt. Sú staðreynd hversu mikill hluti tekjuskattsins kemur til greiðslu síðari hluta þessa árs veldur því að skattbyrðin er í hugum margra þyngri en hún raunverulega er. Og við getum m.a.s. teygt okkur enn lengra aftur. Fyrirframgreiðsla skatta núna miðast við þær tekjur sem menn höfðu á árinu 1984. Síðan varð mikil raunhækkun tekna á s.l. ári og þá greiddu menn skatta sína af hinum lágu tekjum árið áður og einmitt það ár kom líka til þess að verulegur hluti þegnanna átti í erfiðri kjaradeilu sem enn varð til þess að auka þennan mun. Fyrirframgreiðslan var síðan miðuð við þá skatta sem viðkomandi var gert að greiða á árinu 1985. Þetta veldur því að þunginn af skattgreiðslunum nú síðari hluta ársins er miklum mun meiri en eðlilegt getur talist og einmitt sú reynsla sem við höfum af því hlýtur að ýta mjög undir okkur um það að reyna að ná því máli fram að staðgreiðslukerfi skatta verði upp tekið.

Nú skal ég aftur víkja að áætlaðri skattbyrði einstaklinga á þessu ári. Ég veit ekki hvaða skoðun Þjóðhagsstofnun hafði á því í maímánuði hvernig samningarnir mundu reynast. Ég held á hinn bóginn að flestir eða allir séu sammála um að rauntekjur manna á þessu ári séu mun meiri en gert var ráð fyrir í kjarasamningunum. Hversu mikið veit enginn. En ég held að flestir séu sammála um að launaskriðið sé meira en menn sáu fyrir í maímánuði s.l. Ég held að í mörgum greinum atvinnulífsins hafi uppgrip verið mikil og þar fram eftir götunum. Þegar þessi kurl verða komin til grafar hlýtur að koma í ljós að skattbyrðin sé raunverulega mun minni en felst í hinni gömlu spá Þjóðhagsstofnunar frá því í maímánuði. Þetta vil ég að fram komi. Formaður Alþfl. segir að vísu að deilur um skattbyrði ættu að vera óþarfar ef menn treystu þeim gögnum sem birtar eru af opinberri hálfu. Ég hef ekki nýjasta vinnuplagg Þjóðhagsstofnunar en ég þykist hafa gengið úr skugga um að þegar talað er um skattbyrðina í ár sé enn miðað við endurskoðunina í maí.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að hafa um þetta fleiri orð. Fyrir liggur að skattbyrðin í heild hefur lækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Menn geta talað um að það sé minna en þeir höfðu vænst eða meira en þeir höfðu vænst, það hlýtur ævinlega að vera álitamál, en hitt liggur fyrir að skattbyrðin hefur lækkað. Það liggur líka fyrir að skattbyrði tekjuskattsins hefur lækkað frá því sem var áður en þessi ríkisstjórn tók við völdum. Ég er ekki í vafa um að sú niðurstaða Þjóðhagsstofnunar sé rétt að skattbyrðin s.l. ár af beinum sköttum sé minni en nú, einfaldlega vegna þess að tekjumunur þessara ára var mun meiri en tekjumunurinn nú og í fyrra, það er eðli eftirágreiddra skatta. En ég held að óhætt sé að fullyrða að skattbyrðin er ekki jafnmikil og kom fram í spá Þjóðhagsstofnunar í maímánuði s.l.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í umræðum um þetta frv. á síðasta fundi deildarinnar kom fram að Kvennalistinn hefði aðrar hugmyndir um það hvernig áður boðuð 300 millj. kr. tekjuskattslækkun ríkissjóðs gæti dreifst á skattgreiðendur, hverjum hún skuli nýtast best og á hvern hátt, og ég boðaði brtt. Kvennalistans við þetta frv. Þær brtt. hafa nú birst hér á borðum þm. og því ætla ég að skýra þær með örfáum orðum. Þær er að finna á þskj. 210 og eru fluttar af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur ásamt mér.

Í 1. lið á þessu þskj. er um það að ræða að 2. tölul. b-liðs 30. gr. falli brott. En sá liður fjallar um undanþágu vegna arðs af hlutabréfum. Brtt. okkar þýðir því einfaldlega að arður af hlutabréfum yrði skattlagður til fulls. Þar með væri afnumið það óréttlæti að hluti þjóðarinnar hefur nú möguleika á að njóta verulega mikilla skattfrjálsra tekna.

Ég gerði tilraun til þess að fá það nokkuð nákvæmlega upp gefið hvað þetta mundi hafa mikinn tekjuauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Það reyndist töluverðum erfiðleikum háð en gróflega áætlað gætu það verið 15–20 millj. kr. Þetta er í rauninni aðeins eitt dæmi um þær undanþágur sem sjálfsagt er að afnema þótt við gerum ekki till. um fleira í þeim dúr í þetta sinn.

2. liður brtt. felur það í sér að hækkun skattþrepa verði í samræmi við tekjubreytingu á milli ára en

ekki umfram það. Enn fremur að skattprósentan í efsta þrepi skattstigans lækki ekki frá því sem nú er.

Í 3. lið leggjum við svo til að barnabætur hækki um 42% í stað 15% eins og hefði orðið ef miðað hefði verið við tekjubreytingu milli ára. Ríkisstjórnin leggur hins vegar til 20% hækkun. Ef þessar till. okkar fást samþykktar verða barnabætur með fyrsta barni 15 000 kr. á ári í stað 12 250 kr. samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar og 22 500 kr. með hverju barni umfram eitt í stað 18 350 kr. samkvæmt frv. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra verða þá 30 000 kr. með hverju barni í stað 24 500 kr. samkvæmt frv. og bætur með börnum yngri en 7 ára í lok tekjuársins 15 000 kr. umfram í stað 12 250 kr. samkvæmt frv.

Í 4. lið er svo gerð till. um breytingu á 6. gr. frv. um sérstakan barnabótaauka og næmi hann óskertur samkvæmt till. Kvennalistans 30 000 kr. í stað 24 500 kr. samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst rétt að undirstrika það rækilega að till. Kvennalistans breyta ekki heildardæminu. Það er ekki innifalin í þessu sú breyting sem yrði á tekjum ríkissjóðs, sú breyting sem fælist í 1. lið brtt. okkar. Lækkun tekjuskattstekna ríkissjóðs verður eftir sem áður 300 millj. kr. Þetta er aðeins spurning um það hverjum sú lækkun á að nýtast og á hvern hátt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar till. en vísa þeim hér með til umfjöllunar hv. fjh.- og viðskn.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég hef þegar talað tvisvar í þessum umræðum og kem því hér upp aðeins til þess að bera af mér sakir sem fluttar voru í þeirri „Blöndælu“ um skattamál sem við heyrðum hér áðan.

Fyrsta ásökunin var sú að Alþfl. hefði þá fyrst flutt till. um lækkun tekjuskatta þegar hann var kominn í stjórnarandstöðu. Þá sögufölsun vil ég leiðrétta. Það var eitt fyrsta verk viðreisnarstjórnar að lækka tekjuskatta mjög verulega bæði út frá sjónarmiðum skattbyrði sem og sem hlutfall ríkistekna.

Annað ásökunarefnið varðaði ýmsar vafasamar stjórnarathafnir ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá árinu 1978–79. Um þá ríkisstjórn hef ég það eitt að segja að ég tel hana hafa verið pólitískt umferðarslys og ber á henni enga ábyrgð.

Þriðja ásökunarefnið var að það stæði upp á formann Alþfl. að útskýra með hvaða hætti hann vildi afla tekna og hafa ríkissjóð í jafnvægi til þess að standa undir útgjöldum þeim sem þm. Alþfl. aðrir kynnu að hafa flutt. Í því efni vísa ég hv. þm. Halldóri Blöndal til þess að kynna sér rækilega 75 brtt. okkar Alþýðuflokksmanna við seinustu fjárlög þar sem það dæmi er allt skilmerkilega útreiknað.

Í fjórða lagi var það ásökun um að ég hefði á sínum tíma gert athugasemdir við að skattfrelsismörk í eignarskatti væru hækkuð, með vísan til till. sem við höfum flutt. Þær till. snerust um það einmitt þvert á móti að við gerðum þar ráð fyrir því að skattfrelsismörk í stigbreytilegum eignarskatti í þremur þrepum væru hækkuð mjög verulega að því er varðar skuldlausa eign upp að vissu tekjumarki, þetta var allt saman miðað við verðlagsforsendur á árinu 1986, sem hefði leitt til þess að skattbyrði í eignarskatti venjulegrar fjölskyldu hefði lækkað og þá miðað við þær verðlagsforsendur um 76 millj. þegar við tökum tillit til þess að heildarálagning var, ef ég man rétt, eitthvað aðeins innan við milljarð.

Þetta eru svona þær helstu athugasemdir sem ég vildi gera við „Blöndælu“ að svo stöddu.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ummæla þeirra fóstbræðra hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. vil ég gera örfáar athugasemdir og draga fram skýrar staðreyndir um breytingar á skattbyrði.

Það liggur fyrir í þeim gögnum sem vitnað hefur verið til frá Þjóðhagsstofnun að skattbyrði hefur lækkað á tíma þessarar ríkisstjórnar úr 6,1% af þjóðarframleiðslu niður í 4,6%. Skattbyrðin er þannig fjórðungi léttari en hún var þegar þessi ríkisstjórn kom til valda. Þetta er augljóst, liggur fyrir skjalfest. Auðvitað er það svo, eins og áður hefur komið fram í þessum umræðum, að hlutfall skattbyrði miðað við þjóðarframleiðslu er ekki hárnákvæmur mælikvarði vegna þess að verðbólga og breytingar á kaupmætti, sem ekki eru fyrirséðar, geta haft áhrif þar á. Þess vegna m.a. varð skattbyrðin lægri 1985 en að var stefnt með setningu fjárlaga og þess vegna má líka finna dæmi úr tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem skattbyrðin var verulega hærri en 6,1%. En það er ekki sanngjarnt að vitna endilega til þess sem hæst var á tímum þeirrar ríkisstjórnar. Hér um liggja fyrir skýrar tölur. Það liggur líka fyrir að ef stuðst hefði verið við skattalög óbreytt með öllu frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar, þá væru tekjur ríkissjóðs nú 2700 millj. kr. hærri en þær eru. Skattalækkanir í heild hafa þannig numið 2700 millj. kr. Þar af um 1100 millj. kr. í tekjuskatti og barnabætur væru 350 millj. kr. lægri ef enn væri stuðst við þau skattalög og þær skattareglur sem í gildi voru í tíð fyrri ríkisstjórnar. Það liggur líka fyrir að hjón með tvö börn verða að meðaltali skattfrjáls hafi þau 70–80 000 kr. í tekjur á mánuði á þessu ári eftir að það frv. hefur verið samþykkt sem hér er til umræðu. Því verður auðvitað ekki á móti mælt að með þessu hafa verið stigin veruleg skref í þá veru að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum þegar þessar staðreyndir liggja fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. innti eftir því hvort fjmrn. mundi láta af hendi upplýsingar um frádráttarliði atvinnufyrirtækja í störfum nefndarinnar. Að sjálfsögðu verður nefndinni séð fyrir þeim upplýsingum sem handhægar eru og fyrir liggja um þau efni. En ég vil mótmæla því að hækkun skatta á atvinnufyrirtæki muni endilega þýða að tekjur ríkissjóðs aukist að sama skapi. Það á sama við um atvinnufyrirtæki og einstaklinga í þessu efni. Óhóflega háir skattar

lama framtak manna til nýrrar atvinnustarfsemi, til þess að takast á við ný verkefni í atvinnufyrirtækjum. Óhóflega háir skattar á einstaklinga lama vilja manna til þess að vinna og afla tekna. Þannig að það er auðvitað ekki endalaust hægt að hækka tekjur ríkisins með því að hækka tekjuskatta. Það er mikill misskilningur.

Hv. 5. þm. Reykv., formaður Alþfl., hélt hér mjög kynduga ræðu. Það er nú einhvern veginn svo að það er fátt sem upp kemur í þjóðfélaginu sem Alþfl. telur ekki að hann hafi verið upphafsmaður að og fundið upp. Nú hefur formaður Alþfl. lýst því yfir að í raun og sannleika hafi það verið Alþfl. sem hafi fundið upp hugmyndafræði Reagans Bandaríkjaforseta og keyrir þá um þverbak í þeim málflutningi. En það var athyglisvert að formaður Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., sagði að Alþfl. hefði fundið upp þær skattaumræður og skattahugmyndir, sem nú eru mest til umræðu, snemma á síðasta áratug. Í bráðskemmtilegum sjónvarpsþætti í gærkvöldi lýsti hann því yfir, varðandi setu Alþfl. í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1978–79, að Alþfl. hafi þá fyrst hlaupið út úr þeirri ríkisstjórn þegar gengið var gegn meginhugmyndum Alþfl. Þá fyrst hefði Alþfl. hlaupið út. Hann hefði setið í þeirri ríkisstjórn meðan farið var að meginhugmyndum Alþfl. En nú hefur verið á það minnt hér í þessari umræðu að það var fyrsta verk þeirrar ríkisstjórnar að leggja skatta á með afturvirkum hætti, ekki að lækka tekjuskatta heldur að hækka þá með afturvirkum hætti. En Alþfl. gekk ekki frá því stjórnarsamstarfi af þeim sökum. Nei, það var meira en heilu ári seinna að gengið var fyrst gegn meginhugmyndum Alþfl.

Hvernig eiga menn að treysta þeim mönnum, sem tala með þeim hætti sem hv. 5. þm. Reykv. gerir hér, þegar reynslan sýnir hvernig þeir hafa staðið að verki þegar þeir hafa farið með ábyrgð á stjórn landsmála? Auðvitað treysta menn ekki svona málflutningi þegar reynslan sýnir allt annað. Hvernig eiga menn að treysta því þegar Alþfl. talar um það að nú eigi að stórlækka skatta þegar önnur hver ræða, sem flutt er hér á vegum Alþfl., gengur út á það að stórauka ríkisútgjöld.

Það var gott að formaður Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., skyldi minna hv. 2. þm. Norðurl. e. á tillögur Alþfl. við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Það var býsna gott að hann skyldi gera það í þessu sambandi. En eins og rakið hefur verið og nokkrum sinnum minnt á, þá fólu þessar tillögur í sér að halli á ríkissjóði hefði aukist um 500 millj. kr., að þegar allt var dregið saman þá höfðu ríkisútgjöldin aukist um 500 millj. kr. Það átti að auka tekjur ríkissjóðs með því að breyta söluskattskerfinu. Um hátt í 3000 millj. kr. átti að auka tekjur ríkissjóðs með breyttu söluskattskerfi. Svo kemur formaður Alþfl. hér upp og segir: Virðisaukaskattsfrv. er ómögulegt vegna þess að það á að taka inn allt of miklar tekjur með þessu frv. Sjálfur hefur hann lagt til að taka inn tæplega 3000 millj. kr. í auknum tekjum með því að breyta söluskattskerfinu.

Hvernig á nú að treysta mönnum sem hlaupa svona til og frá þegar þeir skipta um frá einni ræðu til annarrar? Auðvitað verður það ekki gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. JM og BJóh, 177. mál (jöfnunargjald af kartöflum). — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24:1 atkv.

Fasteigna- og skipasala, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 204.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, á þskj. 204. Þau lög voru samþykkt á s.l. vori. Þegar að því kom að hefja undirbúning að framkvæmd þeirra þá þótti það ákvæði, sem tekur fram að þeir sem hafa fengið útgefin leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47 1938, skuli hafa sett tryggingu þá sem krafist er að þeir setji skv. hinum nýju lögum, ekki nægilega ótvírætt en augljóst var að ætlast er til í lögunum að allir þeir sem slíkt leyfi hafa hafi slíka tryggingu. Af þeim sökum varð það að ráði að endurskrifa 16. gr. laganna, svo og 2. mgr. 21. gr. til þess að taka þarna af öll tvímæli. Að öðru leyti er ekki um breytingu að ræða.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollskrá, 1. umr.

Frv. FÞ o.fl., 194. mál (borðtennisútbúnaður). — Þskj. 205.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 205, 194. máli. Það liggur í loftinu að það verði farið að ræða tollamál, tollskrármál og annað slíkt eftir

því sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað og það er því ekki úr vegi að hreyfa hér smámáli sem snertir þessi efni. Við vitum allir þm. að það er alls konar misræmi í tollskránni og aðflutningsgjöldum og má sjálfsagt mörgum athugasemdum hreyfa í þeim málum. Tollskráin sjálf er afskaplega flókin og ekki nema fyrir einstaka menn að kunna hana til nokkurrar hlítar. Efni þessa frv. varðar borðtennisútbúnað sem ég skal nú nánar greina.

Það er alkunna að ríkisvaldið ver tiltölulega takmörkuðu fé til að byggja skólamannvirki. Þessi hús eru yfirleitt mjög dýr og það er mikið átak sem ýmsar byggðir landsins og forráðamenn þeirra verða að takast á hendur við að koma upp góðu skólahúsnæði með öllu sem því þarf að fylgja að lögum. Nú er það svo að ríkið er þarna verulegur aðili og þar veltur á miklu að þessar fjárveitingar af hálfu ríkisins berist í tæka tíð. Á þessu vill oft verða mikill misbrestur. Við gagnrýnum það að framlög til opinberra framkvæmda á fjárlögum hafa rýrnað mjög á liðnum árum svo að til vandræða horfir, verð ég að segja. Samkvæmt því fjárlagafrv. sem við fjöllum um nú eru að vísu ætluð nokkuð hækkuð framlög til skólamannvirkja og hafna. En fiskihafnir landsins hafa verið gjörsamlega sveltar að framkvæmdafé af hálfu ríkisins a.m.k. tvö s.l. fjárlagaár.

Nú er það mjög mikið vandaverk nú á tímum að stjórna fjölmennum heimavistarskóla. Það held ég að allir viðurkenni. Skólastjórar verða að fylgjast með, hafa góða stjórn á sínum skóla og sjá um að þeir nemendur, sem þeir eiga að kenna, gangi eftir þroskabraut, hafi ávallt eitthvað gagnlegt og gott fyrir stafni og taki framförum í skólanum. Til þess að slík skólastjórn geti farið vel úr hendi þarf m.a. að vera hægt að vísa nemendum á hollar og hressandi íþróttagreinar sem þeir geta iðkað í frístundum sínum. Við vitum það að sums staðar verða skólastjórar að búa við það að kenna hópi nemenda í skólum sem eru, mér liggur við að segja, hálfbyggðir. Þar skortir oft aðstöðu m.a. til þess að iðka íþróttir. Sannleikurinn er sá að það er mikils virði að geta beint nemendum út á leikvang eða í sundlaug eða á annan slíkan stað þegar þeir hafa til þess tíma.

Hér er minnst á borðtennis sem er mjög hressandi og skemmtileg íþróttagrein. Það þarf ekki mikinn útbúnað til þess að grípa í þennan leik. Það er einmitt mjög hentugt að iðka þennan leik í tómstundum. Ég man það að hér fyrir mörgum áratugum hresstum við okkur á þessari íþróttagrein í erfiðum prófum, m.a. lögfræðiprófi. Þessi íþrótt var talsvert mikið iðkuð á Garði í fyrri tíð. En það er hentugra að umbúnaður, þó hann sé ekki margbrotinn, sé löglegur því að þetta er viðurkennd keppnisgrein á Ólympíuleikum. Samkvæmt tollskránni sem nú gildir á að greiða 50% toll af borðtennisbúnaði og 24% vörugjald að auki. Þetta eru mun hærri aðflutningsgjöld en greidd eru af öðrum sambærilegum íþróttavörum. Efni þessa frv. gengur út á það að þarna verði leitað samræmis, að tollur þessi verði lækkaður í 35% og vörugjald fellt niður.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

22. fundur, fimmtudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Innflutningur búfjár, frh. fyrri umr.

Þáltill. JK og DA, 106. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til atvmn. með 31 shlj. atkv.

Könnun á búrekstraraðstöðu, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 132. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Leiðbeiningarmerki við vegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSk og SJS, 145. mál. — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Greiðslufrestur, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 161. mál. — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Vindorkuver og hraunhiti til húshitunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 171. mál. — Þskj. 181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Aðstoð við hitaveitur, frh. fyrri umr.

Þáltill. MHM o.fl., 183. mál. — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Stefnumótun í umhverfismálum, fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 180. mál. — Þskj. 190.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er 180. mál, um stefnumótun í umhverfismálum. Auk mín flytja þessa till. þeir Friðrik Sophusson, Friðjón Þórðarson, Halldór Blöndal, Jón Magnússon, Pétur Sigurðsson og Salome Þorkelsdóttir. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa texta till., en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um stefnumótun í umhverfismálum. Tilgangur þeirrar áætlunar verði að efla alhliða umhverfisvernd og varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum jafnframt því að vinna að varðveislu og sem skynsamlegastri nýtingu náttúrugæða landsins.

Að þessum markmiðum skal unnið með því að koma á skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og samstarfi þeirra aðila sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

Við gerð slíkrar áætlunar verði sérstaklega fjallað um endurskoðun núgildandi laga um náttúruvernd og mengunarvarnir svo að komið verði í veg fyrir frekari eyðingu gróðurs og annarra landkosta og vaxandi mengun í lofti, láði og legi.

Áætlun þessi um stefnumótun í umhverfismálum skal lögð fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis."

Herra forseti. Ástæða þess að till. þessi um stefnumótun í umhverfismálum er lögð fram á Alþingi nú er sú að umhverfismál og umhverfisvandi hefur orðið æ stærri þáttur í lífi þjóða, hvort sem erum við Íslendingar eða aðrar þjóðir, nálægar og fjarlægar. Mönnum hefur orðið æ ljósara hve mikilvægur þáttur umhverfismál eru í lífsskilyrðum og í lífsgæðum þjóða.

Þessi mál hafa raunar verið mjög á dagskrá á undanförnum vikum og mánuðum og minnast menn í þeim efnum Chernobyl-slyssins í Sovétríkjunum, þeirra tveggja slysa sem ollu verulegri mengun árinnar Rín og reyndar eyddu þar nánast öllu lífi fyrir örfáum vikum, einnig er kafbátur fórst í Atlantshafi sem olli reyndar nokkrum mengunaráhrifum. Allir þessir viðburðir, sem hafa átt sér stað innan tiltölulega skamms tíma, sýna að þessi mál eru ekki bundin við eitt land eða eitt ríki heldur er raunverulega við alþjóðlegt vandamál að etja sem þjóðir heims hafa í vaxandi mæli af eðlilegum ástæðum gefið mun meiri gaum síðari árin en var hér áður fyrr. Þann áhuga má að verulegu leyti rekja til umhverfismálaráðstefnu hinnar fyrstu sem Sameinuðu þjóðirnar héldu í Stokkhólmi árið 1972 þar sem samþykkt var stefnuályktun mjög víðtæk í umhverfismálum sem mörg ríki hafa síðan notfært sér til að lögleiða að hluta til í innanlandsrétti sínum.

Það má spyrja hvernig þessum málum er hagað á Íslandi vegna þess að þótt umhverfismálin séu í eðli sínu að verulegu leyti alþjóðleg er það vitanlega hlutverk hverrar þjóðar og ábyrgð hennar að setja viðhlítandi reglur um umhverfismál í innanlandsrétti sínum. Því má varpa þeirri spurningu fram hvernig ástand þeirra mála er hér á landi.

Eins og menn vita búum við Íslendingar ekki við neina heildarlöggjöf í umhverfismálum. Hins vegar hafa verið gerðar allnokkrar tilraunir til að fá slíka löggjöf samda og setta, en ekki hefur það tekist til þessa. Í þeim efnum má minna á að 1975 skipaði þáv. ríkisstjórn nefnd sérfræðinga til að gera drög að heildarlöggjöf um umhverfismál. Niðurstaða starfs þeirrar nefndar var lagafrv. sem þáv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi á vormánuðum 1978. Það frv. kom ekki til neinnar endanlegrar afgreiðslu á Alþingi og hefur ekki verið endurflutt af þeim ríkisstjórnum sem síðan hafa setið. Hins vegar hafa þmfrv. nokkrum sinnum verið flutt sem byggja mjög á þessu fyrsta frv. Raunverulega er það fyrsta frv. með tiltölulega litlum breytingum sem felst í þeim frv. sem hafa verið lögð fyrir Alþingi.

Síðast var frv. um þetta efni flutt af mér og nokkrum öðrum alþm. Sjálfstfl. á þinginu 1983–84. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar vorið 1978 voru umhverfismál færð með ríkisstjórnarsamþykkt undir félmrn. Þá gaf núv. félmrh. í umræðum um frv. á þinginu 1983–84 þá yfirlýsingu að væntanlegt væri ríkisstjórnarfrumvarp um málið og væri það til skoðunar og sérstakrar athugunar í ráðuneyti hans. Það frv. hefur ekki enn séð dagsins ljós. Af þeim ástæðum hafa þmfrv. ekki verið aftur flutt um

þennan málaflokk.

Mér er kunnugt um að í ráðuneytum, og þá fyrst og fremst á vegum félmrn., hefur farið fram allnokkur vinna til endurskoðunar því lagafrv. sem fyrst var flutt árið 1978, en sú vinna hefur ekki enn þá séð dagsins ljós í búningi lagafrv. Það er þess vegna mjög þýðingarmikið að Alþingi láti ekki öllu lengur hjá líða að taka þessi mál til umræðu. Raunar vil ég nefna að fyrir Alþingi liggur önnur till. til þál. um náttúruverndar- og umhverfismál þar sem 1. flm. er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Það er full ástæða til þess, eins og ég sagði, að taka þessi mál til umræðu á Alþingi vegna þess að með hverju árinu sem líður verður mikilvægi þeirra meira og augljósara fyrir alla þjóðina, ekki aðeins þá sem í dreifbýli búa heldur ekki síður og kannske enn fremur fyrir þá sem í þéttbýli búa. Þetta eru mál sem snerta lífsgrundvöll allrar íslensku þjóðarinnar.

Það er ekki fyrir það að synja að þótt við höfum enga heildarlöggjöf um umhverfismál enn sem komið er, sem flestar þjóðir í kringum okkur búa þó við, búum við allvel að lagasetningu engu að síður á þessu sviði. Við höfum haft í bráðum tvo áratugi náttúruverndarlöggjöf sem að vísu þarfnast endurskoðunar og er því verki nú nánast lokið. Ákvæði um mengun er allvíða að finna í lögum, þ.e. varnir gegn mengun, en helst eru það ákvæðin í lögunum nr. 109 frá 1984, um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, þar sem sérstakur kafli fjallar um mengunarvarnir. Einnig höfum við ákvæði í lögum um vernd gróðurs og sérlög um vernd dýra þannig að það má segja að lagasetning sé í sjálfu sér ekki í slæmu horfi á hinum einstöku sviðum.

Hins vegar, þegar litið er á stjórnun þessara mála og stefnumótun af hálfu ríkisvaldsins og samræmda yfirstjórn, kemur í ljós að þar er pottur brotinn. Umhverfismálin hér í okkar landi heyra undir átta eða níu ráðuneyti, þ.e. stjórnsýslan er öll í pörtum ef svo mætti að orði komast. Ég vil ekki segja í molum, það væri kannske heldur sterkt að orði kveðið, en með þessi mál er farið í miklum meiri hluta ráðuneytanna sem heyra til Stjórnarráði Íslands. Náttúruverndin heyrir, svo að ég taki aðeins dæmi sem þm. ugglaust þekkja, undir menntmrn., svo og friðun hreindýra. Mengunarmálin heyra undir heilbrrn., mengun sjávar hins vegar undir samgrn. Umhverfismál á öllum varnarsvæðunum heyra undir utanrrn. Þannig mætti áfram telja.

Ég hygg að einhver mesti vandinn sem snýr að stjórnsýslu og lagasetningu sé því ekki á sviðum hinna einstöku efnisþátta eða málaflokka heldur liggi hann fyrst og fremst á því sviði sem við getum nefnt heildarstjórnun, yfirstjórn þessara mála. Það gefur auga leið að þar sem þau eru skipt milli svo margra ráðuneyta verður þar í fyrsta lagi um tíverknað að ýmsum verkefnum að ræða. Það hlýtur að gæta skorts á skipulagningu um framkvæmd nauðsynlegra verkefna. Og það verða vitanlega þá á vegi manns vissir samvinnu- og skipulagsörðugleikar í því sem lýtur að yfirstjórn og stefnumótun í umhverfismálum. Þess vegna held ég að sé meginþörf á því að komið verði á fót skipulagsbundnu samstarfi allra þeirra aðila sem starfa að umhverfismálum í æðstu stjórnsýslu landsins.

Þessi till. fer ekki fram á það fremur en það lagafrv. sem ég gat um og flutt var á þinginu 1983–84 að sett verði á fót sérstakt umhverfismálaráðuneyti. Það er ekki heldur útilokað með þessum tillöguflutningi, en fyrsta skrefið hlýtur alla vega að vera það, eins og fram kemur í till., að samræma og koma á skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og samstarfi þeirra aðila sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála. Slíkt skipulagsbundið samstarf er ekki fyrir hendi í dag. Það má hugsa sér það í ýmiss konar mynd, m.a. með sérstakri samstarfsnefnd eða stjórnarnefnd allra ráðuneytanna sem hér eiga hlut að máli, að slíku stjórnvaldi, slíkri stjórnarnefnd yrði einfaldlega komið á laggirnar til þess að annast framkvæmd í þessum málum þannig að um skipulegt starf yrði að ræða. Alla vega gæti þetta orðið fyrsta skrefið, það skref sem raunverulega er hægt að stíga þegar með einfaldri ríkisstjórnarsamþykkt og þarf hvorki lagasetningu né heldur reglugerðarsetningu til, þó að nauðsynlegt væri og ugglaust æskilegt að setja formbundna reglugerð um slíka yfirstjórn og samræmingu á yfirstjórn í umhverfismálum innan Stjórnarráðs Íslands.

Menn geta velt því fyrir sér hvort þessi mál eru í slíku óefni hér á landi að það sé ástæða til að vera með áhyggjur eða vangaveltur í þessum efnum. Það má vel vera að vegna strjálbýlis landsins eigum við ekki við að etja þau mörgu og alvarlegu og raunar stórhættulegu umhverfisvandamál sem nágrannaþjóðirnar þurfa við að búa þar sem þéttbýlið er mun meira og iðnvæðingin. Það er alveg rétt. Það er um gífurlega mikil vandamál að ræða þó að við förum ekki lengra en til Norðurlandanna þar sem skógar og vötn eru nú í mikilli eyðingarhættu eins og menn vita vegna hins súra regns sem berst frá iðnaðarsvæðum Bretlands og Mið-Evrópu. Við þekkjum einnig ástandið á meginlandi Evrópu þar sem mengunarvandamálin eru vitanlega af allt annarri stærð en hér. En það er alveg ljóst að á skal stemma að ósi og ef við komum þessum málum ekki í skipulegt horf hjá okkur fyrr en síðar munum við standa frammi fyrir miklu meiri vandamálum en við eigum við að etja í dag.

Fyrir það er þó ekki að synja að allvíða er pottur brotinn í þessum efnum og kannske er gróðureyðingin einna stærsta vandamálið sem við eigum við að etja fremur en mengunin. Að mínu mati er gróðureyðingin, sem á sér í stað í landinu í dag, og í öðru lagi ástandið í frárennslismálum frá byggð í þéttbýli mestu umhverfisvandamálin.

Það mætti tala langt mál um ástandið að því er varðar gróður landsins. Ég vil í þessu tilefni, með leyfi hæstv. forseta, aðeins vitna í umræður og erindi sem voru flutt á 13. landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga sem fram fór þann 10.–12. sept. í haust. Þar

voru umhverfismál á dagskrá og þar töluðu tveir mætir fræði- og vísindamenn á þessu sviði. Ég vildi geta stuttlega um inntak þess sem þeir sögðu þar. Annar þeirra var Ingvi Þorsteinsson magister, en hinn Sigurður Blöndal skógræktarstjóri.

Svo að ég vitni í frásögn í Sveitarstjórnarmálum af þessu landsþingi sveitarstjórnarmála kvað Ingi gróðureyðingu vera eitt helsta vandamálið. Nýtanlegt gróðurlendi væri aðeins 15–20% af því sem það var á landnámsöld, hefði minnkað úr 70 þús. km^2 í 25 þús. km^2 og skóglendi úr 25 þús. km^2 í 1250 km^2. Sigurður Blöndal kvað fráleitar þær fullyrðingar, sem oft væru hafðar á lofti, um óspillta náttúru á Íslandi. Náttúra Íslands væri spilltari en í nokkru öðru nálægu landi og kvað hann landið gróðurfarslega í tötrum.

Ég nefni álit þessara tveggja mætu vísindamanna um ástandið í gróðurverndar- og gróðureyðingarmálunum. Í grg. koma fram frekari upplýsingar um að landgæðin í þessum efnum eru nú aðeins 20% eða ⅕ hluti af því sem þau voru fyrr á öldum.

Það mætti tala langt mál um einstaka þætti þessara mála, en meginatriðið og það sem fyrir flm. þessarar þáltill. vakir er einfaldlega að hér verði gerð skjótlega á nokkur bragarbót. Það er ekki beðið um sérstakt ráðuneyti, alla vega ekki á þessu stigi, en það er beðið um samræmdar aðgerðir sem miða að heildaryfirstjórn og nýrri skipulagningu í þessum málum öllum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það var fyrir um tíu dögum að ég mælti hér í Sþ. fyrir þingmáli 90, sem er till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, flutt af þm. úr Alþb., till. sem hefur legið fyrir tveimur fyrri þingum og liggur hér fyrir í þriðja sinn og hefur nú verið vísað til allshn. þingsins. Nú er fram komin till. á þskj. 190 til þál. um stefnumótun í umhverfismálum. Það er ekki óeðlilegt að aðeins sé litið á þessi þingmál í einhverju samhengi og að hve miklu leyti þessi till. frá hv. þm. Sjálfstfl. er ólík þeirri till. sem þegar liggur fyrir í þingnefnd. Eitt er strax ljóst, þegar litið er yfir till. sjálfstæðismanna, að hún er mun almennari og gengur miklu skemur í sambandi við áherslur varðandi þessa stefnumótun, alveg sérstaklega að því er varðar samræmd tök þessara mála í Stjórnarráði Íslands.

Hv. 1. flm., Gunnar G. Schram, sem mælti áðan fyrir þessu máli, tók það enn skýrar fram en lesa má út úr tillögutextanum að flm. eru ekki að hugsa um sérstakt umhverfisráðuneyti eða ráðuneyti sem fari með umhverfismálin heldur fyrst og fremst að reyna að koma á einhverri skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og samstarfi aðila, eins og þetta er orðað í tillögutextanum. Þannig sætir þessi till. sannarlega engum tíðindum nema ef það væri fyrir þá sök að hér er verið að leggja til að horfið verði frá þeirri stefnu sem ríkisstjórnin þóttist ætla að hafa og lýsti yfir í upphafi ferils síns að hún ætlaði að hafa í sambandi við umhverfismál og náttúruvernd. Það er verið að leggja til í lok kjörtímabilsins að stíga til baka að þessu leyti og væntanlega móta um það stefnu að stofna ekki umhverfisráðuneyti því að engin áhersla er á það lögð í þessari till. og við hljótum að lesa það svo að sá sé hugur flm. Ef annað væri á döfinni hlytu þeir að leggja það til.

Að öðru leyti er í þessari till. rétt tæpt á nokkrum atriðum sem er tekið miklu ákveðnar og skýrar á í þáltill. á þskj. 90 sem ég mælti fyrir í síðustu viku og drepið í grg. á nokkra áhersluþætti sem tengjast því máli og liggja þegar fyrir í þinginu. Ég ætla sannarlega ekkert að hafa á móti því að menn lýsi skoðunum sínum og flytji tillögur í sambandi við þennan geysilega þýðingarmikla málaflokk, síður en svo, og það væri sannarlega fagnaðarefni ef í þessum tillöguflutningi, sem hér er til umræðu, fælist einhver ný áhersla og einhver von um stefnubreytingu af hálfu Sjálfstfl. í þessum málaflokki. En ætli það sé á döfinni og ætli það sé í boði? Ég inni hv. 2. þm. Reykn. eftir því hver sé afstaða ráðherra Sjálfstfl. í ríkisstjórn til efnis tillögu hans og alveg sérstaklega til þess, sem ég hef flutt tillögur um og Alþb. hefur mótað um stefnu, að sameina helstu þætti umhverfismála í einu ráðuneyti sem a.m.k. bæri heiti umhverfismála ef ekki væri stigið skrefið til fulls, sem við höfum lýst fylgi við, að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti.

Hverjar hafa verið undirtektir ráðherra Sjálfstfl. í ríkisstjórninni við þeim veiku tilburðum sem hæstv. félmrh. hefur haft uppi í sambandi við þessi mál og er það efni út af fyrir sig að rekja þau ósköp sem hafa gengið á á þeim bæ eða réttara sagt þær brigður á efndum á yfirlýsingum sem hæstv. félmrh. hefur ítrekað og margoft gefið úr þessum ræðustól ár eftir ár þegar hann hefur verið inntur eftir því hverjar væru efndirnar á loforðum og fyrirheitum í þessum málum. Það hefur alltaf verið að koma, ef ekki í næstu viku þá þeirri þar næstu, sem sagt alveg innan seilingar. Nú höfum við nokkrir hv. þm. í Sþ., fyrstur hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir, borið fram fsp. Enn einu sinni er borin fram fsp. til hæstv. félmrh.: Er þess að vænta að það komi fyrir yfirstandandi þing frv. til l. um umhverfismál sem fylli í þær eyður sem eru í þeim efnum í mengunarmálum og fjölmörgum öðrum þáttum og kveði á um stjórnun þessara mála og endurskipun innan Stjórnarráðs Íslands? Hæstv. félmrh. á eftir að svara þessari fsp. sem lögð var fram á þinginu í fyrradag að ég hygg.

Ferill ríkisstjórnarinnar í þessum málum er alveg með fádæmum. Hann er það á mörgum sviðum, en þessi málaflokkur sker sig úr að því leyti að ríkisstjórnin þóttist ætla að taka þarna á honum stóra sínum, þóttist ætla að gera góða hluti, en efndirnar eru nákvæmlega engar og raunar minni en engar í þessum efnum. Það er hægt að fara yfir feril ráðherranna lið fyrir lið og sýna fram á hvernig þeir hafa þæfst fyrir á þeim sviðum sem heyra undir þeirra ráðuneyti. Það er alveg frá toppi og niður úr.

Ég veit ekki hver virðingarröðin er nákvæmlega hjá þessum tíu. En níu ráðuneyti nefndi hv. 2. þm. Reykn. að þessi mál heyrðu undir, umhverfismálin, svo að þetta varðar níu af tíu ráðherrum samkvæmt hans skilgreiningu og allir hafa þeir þæfst fyrir í þessum efnum, gefið yfirlýsingar en svikið með félmrh. í fararbroddi. En ég tek skýrt fram: Hlutur ráðherra Sjálfstfl. er þarna síst betri og ég hef ástæðu til að ætla að enn minni hugur fylgi máli hjá þeim í þessum efnum en hjá ráðherrum Framsfl. sem ég trúi ekki öðru í ljósi flokksyfirlýsinga og annars sem þeir hafa fram haldið í orði að einhver áhugi blundi á bak við og vísa m.a. í samþykkt flokksþings Framsfl. sem var að reyna að lyfta þessu máli á pappírnum og breiða yfir vanefndirnar og aðgerðarleysið.

Ég ætla, herra forseti, ekki að syndga frekar upp á náðina í þessum efnum. Ég get tekið frekari þátt í umræðunni ef ástæða er til, en ég vildi vekja athygli á þessu um leið og ég sannarlega fagna allri hreyfingu í rétta átt í þessum málaflokki og er ekkert að misvirða góðan hug hv. 2. þm. Reykv. til þessara mála sem oft hefur komið fram, bæði í tillöguflutningi í formi frumvarpa til laga og einnig í þessari þáltill. þó að ég telji að hún sé í rauninni spor aftur á bak miðað við það sem menn ættu að vera að glíma við núna.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þegar við Kvennalistakonur fórum að kynna okkur ástandið í umhverfismálum hér á landi varð okkur fljótt ljóst að hér ríkir alger glundroði. Umhverfismál eru stór og viðamikill málaflokkur sem heyrir meira og minna undir flest ráðuneytin, eins og hér hefur verið lýst, og ekki er vafamál að slíkur tætingur er til mestu óþurftar. Það er því löngu tímabært að setja heildarlöggjöf um umhverfismál eins og lagt er til í þeirri till. sem á dagskrá er og að sameina þau undir einn hatt, hvort sem það yrði gert með stofnun sérstaks ráðuneytis umhverfismála eða með stofnun sérstakrar deildar í einhverju ráðuneytanna.

Svo virtist í upphafi þessa kjörtímabils sem samstaða væri á milli stjórnarflokkanna um að koma slíkri skipan á og frv. um það efni var á verkefnalista ríkisstjórnarinnar. Það er nú horfið þaðan, var ekki á verkefnalista ríkisstjórnarinnar á s.l. hausti. Kvennalistinn hefur reynt að ýta við þessu máli með fsp. og í umræðum, en nú sýnist mér ljóst að einskis sé að vænta í þessum efnum á því kjörtímabili sem fer að ljúka og sú till. sem hér er til umræðu styður þá skoðun mína. Ég hef nú, eins og hér kom fram áðan, ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni lagt fram fsp. til félmrh. um hvað líði undirbúningi að lagasetningu um þessi efni.

Menn hafa velt vöngum yfir því hversu treglega gengur að koma skipulagi á þessi mál og ástæðurnar eru eflaust fleiri en ein og fleiri en tvær, en mig grunar að meginástæðan sé ósamkomulag um heimilisfang. Staðreyndin er sú að hafi einhver málaflokkur einhvern tíma fengið heimilisfang innan stjórnkerfisins er ekki heiglum hent að slíta hann þaðan burtu því að þá er heimaríkum embættismönnum að mæta hversu augljós sem vitleysan er. Glöggt dæmi um þetta höfum við frá síðasta þingi þegar sett voru lög um varnir gegn mengun sjávar og þær vistaðar hjá Siglingamálastofnun ríkisins sem að sjálfsögðu heyrir undir samgrn. Því vorum við Kvennalistakonur ekki sammála og töldum að þar með væri í raun verið að staðfesta og löggilda glundroðann í umhverfismálum. Mengun sjávar er ekkert sérfyrirbæri sem nauðsyn ber til að fela Siglingamálastofnun fremur en aðra mengun heldur er hér um að ræða arf frá gamalli tíð þegar enginn hafði með mengunarvarnir að gera. Þá kom það í hlut siglingamálastjóra að staðfesta alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar fyrir Íslands hönd og þannig myndaðist hefð sem menn eru tregir til að breyta þrátt fyrir augljósa ókosti.

Þegar lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit voru samþykkt á árinu 1981 hefði þetta átt að breytast. Samkvæmt þeim lögum var Hollustuvernd ríkisins stofnuð og ein deild þeirrar stofnunar er mengunarvarnadeild sem á að hafa yfirumsjón með mengunarrannsóknum og mengunarvörnum. Þar starfa nú sérfræðingar á ýmsum sviðum mengunar og þar vildum við vista varnir gegn mengun sjávar. Við töldum að það væri spor í átt til þeirrar sameiningar umhverfismála undir einn hatt sem koma skal. Því miður tókst ekki að sannfæra meiri hluta Alþingis um það og sýnir þetta að mínum dómi hvað við er að glíma í þessu efni. Afleiðingin er óstjórn og skörun og hvað rekur sig á annars horn.

Eftir þessa reynslu er ég ekki alveg jafnbjartsýn og áður á gott skipulag þessara mála í náinni framtíð og ég segi bjartsýn vegna þess að það vakti vissulega bjartsýni þegar ég bar fram fsp. um þessi mál á fyrsta þingi okkar hér. Skömmu eftir jólin 1984 fékk ég svar við henni og þá sýndu fulltrúar allra flokka mikinn áhuga og skilning á þessum málum. En það dugir ekki að gefast upp í þessari baráttu og það ætlum við ekki heldur að gera.

En það eykur ekki á bjartsýnina að sjö hv. þm. annars stjórnarflokkanna skuli leggja fram þá till. sem hér er til umræðu og það staðfestir út af fyrir sig það sem mig grunaði að stjórnarflokkarnir væru ekki sammála um hvernig bæri að leysa þessi mál.

Það má svo vonandi ljóst vera af orðum mínum að Kvennalistinn styður efni þessarar till. eindregið. Ríkisstjórninni ber að sjálfsögðu að framkvæma það sem hér er lagt til, en ég hlýt að endurtaka að það sætir nokkrum tíðindum að sjö þm. annars stjórnarflokkanna skuli nú hvetja til þess og leita eftir stuðningi Alþingis við að það verði framkvæmt sem lofað var í upphafi þessa kjörtímabils. Slíkt kallar auðvitað á skýringu. Það er ekki ólíklegt að hinn stjórnarflokkurinn hafi eitthvað um þetta að segja. Því miður er hæstv. félmrh. ekki viðstaddur. En það hlýtur að kalla á skýringu þeirra sem með þessi mál fara í þeim flokki að hér skuli vera staðið svona að

málum, enda var það upplýst á opnum fundi Landverndar um síðustu helgi að orsök þess að ekkert hefði gerst í þessu máli væri ósamkomulag stjórnarflokkanna. Þar var því beinlínis haldið fram að sökin væri gönuhlaup hv. 1. flm. till. sem hér er á dagskrá. Hann var í nefnd sem átti að gera tillögur til ráðherra, en hann kaus að leggja fram gamalt frv. um umhverfismál á Alþingi. Í því felst að sjálfsögðu ekki neinn dómur á það frv. Það fengum við aldrei að ræða hér. En hann gerði það án þess að ráðfæra sig um það við aðra nefndarmenn eða svo var fullyrt og væntanlega fæst einhver skýring á því máli við þessar umræður.

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hér hefur verið vikið að ýmsum þáttum umhverfismálanna í tilefni till. til þál. um stefnumótun í þeim málum. Ég vil segja það fyrst að mér kom þessi tillöguflutningur nokkuð á óvart, ekki síst með það í huga að ég geng ekki að því gruflandi að hv. 1. flm. er fullkunnugt um þann ásetning sem a.m.k. á sínum tíma ríkti milli stjórnarflokkanna um meðferð þessa máls.

Ég ætla hins vegar ekkert að ætlja hann fyrir að flytja þetta mál. Við stjórnarsinnar leggjum mörg mál í vald þeirrar ríkisstjórnar sem við styðjum þá og þá. En svo getur farið að við verðum langþreyttir á því að bíða eftir úrslitum í þeim málum sem ríkisstjórnir strengja þess heit að fylgja fram. Ég hygg þrátt fyrir allt að þessi till. til þál. sé fram komin einmitt vegna þess.

Um málsmeðferðina vil ég segja það enn fremur að ég hefði þrátt fyrir allt kosið að um slíkt mál yrði breiðari samstaða. Nú get ég vel skilið að hv. alþm. hafi löngun til að hafa frumkvæði í málum og er það vel og það er nauðsynlegt. En ekki síst með í huga umhverfismálin eins og þau koma mér fyrir sjónir vegna umræðna um þau, ekki aðeins úti í samfélaginu heldur líka á meðal alþm., er ekki svo mikið sem skilur á milli okkar þarna. Ég fullyrði það. Ekki síst þess vegna hefði verið ástæða til breiðari samstöðu um flutning slíks máls.

Nú er hægt að velta fyrir sér málsmeðferð. Það er rétt, sem hér hefur verið komið að, að frumvörp hafa komið fram um umhverfismálin á undanförnum árum. Það er líka rétt að það var ákveðið á sínum tíma að umhverfismálin yrðu vistuð, ef ég má svo að orði komast, í félmrn. Raunar á sú ákvörðun rót að rekja til ríkisstjórnarinnar sem sat frá 1974 til 1978, samþykkt sem gerð var innan þeirrar ríkisstjórnar, ef ég man rétt, 18. apríl 1978. Þá lá fyrir fullbúið frv. um umhverfismál og sú ríkisstjórn samþykkti að það frv. skyldi lagt fram og forgöngu um það mál hefði þáv. hæstv. félmrh. Og það var gert. Frv. var lagt fram, en það náði ekki fram að ganga eins og margoft hefur komið fram.

Hér hefur ýmsum verið brigslað um vanefndir og seinagang í þessum málum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét ekki sitt eftir liggja í þeim efnum. Ég tek það fram sérstaklega að ég er hv. þm. hjartanlega sammála um ýmislegt að því er varðar meðferð umhverfismála og bera þau orð mín vitni þess að hér er ekki ríkjandi neinn djúpstæður ágreiningur um meðferð þessara mála. En a.m.k. á tímabili í ræðu hv. þm. fannst mér gæta nokkurs sem stundum hefur verið kallað að kasta grjóti í glerhúsi. Ég minni á að á ríkisstjórnarárunum 1980–1983 voru samin tvö frumvörp um umhverfismál. Að vísu byggðu þau frumvörp bæði að meginhluta til á því frumvarpi sem hafið var að semja 1975 og lagt var fyrst fram 1978. Þessi tvö umræddu frumvörp, sem samin voru ekki síst undir hatti félmrn., það vita allir hver fór með félagsmálin á þeim tíma, komu aldrei fram. Þau voru samin. Líklega hafa þau verið fullbúin að mestu leyti. En þau voru aldrei lögð fram. Ég minni á þetta einfaldlega vegna þess að ég held að það sé ekki góður siður í þessu máli að við séum að kenna hver öðrum um. Við eigum öll vissa sök á því að af brautargengi þessara mála hefur ekki orðið svo sem við vildum að væri.

Ég skal játa að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með framgang ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Mér er fullkunnugt um að við upphaf ríkisstjórnarinnar voru töluð stór orð og því var heitið að það skyldi allt yfir menn ganga fyrr en þetta mál yrði ekki í höfn. Því miður sér maður ekki fyrir sér á þessari stundu að frv. komi fram. Ég veit þó hins vegar að það er unnið að málinu og það hafa verið gerðar tilraunir til að ná samstöðu.

Nú er sú samstaða ekki einvörðungu að því er varðar ríkisstjórnina sjálfa. Mér er kunnugt um að það hefur verið leitað viðhorfa hjá forsvarsaðilum hinna einstöku ráðuneyta sem fjalla um hina ýmsu málaflokka sem tilheyra umhverfismálum. Það er mála sannast að í ráðuneytunum, það fullyrði ég, sé hver höndin uppi á móti annarri. Sannleikurinn er sá að þar togar hver í sinn skækil.

Spurningin er því þessi: Er ríkisstjórnin af slíkum myndarskap að hún treysti sér að gera um það ákveðna tillögu hvaða málaflokkar, sem tilheyra umhverfismálum, fari í eina og sömu stjórnardeildina. Ég læt liggja á milli hluta hvort stofnað yrði sérstakt umhverfismálaráðuneyti eða hvort þessi mál, eins og samþykkt hefur raunar verið og sú samþykkt er gömul, heyri undir félmrn. Það eru ýmis rök sem mæla með því. Þetta gæti gerst eða þá það að Alþingi beinlínis og þá hugsanlega í tengslum við meðferð þeirra tillagna sem hér liggja fyrir ákvæði hvaða málaflokkar umhverfismálanna færu undir svokallaða stjórnardeild sem færi þá með umhverfismál, Alþingi beinlínis tæki á því máli og ályktaði um það, bryti ísinn. Það er um þetta tvennt að ræða.

Ég er að sjálfsögðu jákvæður gagnvart þeim tillögum sem hér liggja fyrir og sennilega eru fleiri en ég þeirrar gerðar að vera nokkurn veginn sama hvaðan gott kemur. En þekkilegra hefði mér þótt ef hv. flm. till. sem hér er til umræðu, og þá vil ég jafnframt víkja orðum mínum að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem stóð fyrir flutningi líkrar tillögu,

sem er að vísu miklu fyllri þótt ekki sé þar nefnt allt undir sólinni, hefðu sameinast um flutning tillögu og kannske aflað fulltingis fleiri pólitískra afla á hv. Alþingi.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hér er sannarlega ekki um neitt pólitískt ágreiningsmál að ræða. Ég hygg að allir þeir flokkar sem fulltrúa eiga á hinu háa Alþingi geti tekið undir og geti stutt efni þessarar tillögu vegna þess að hér er um að ræða mál sem búið er að ræða býsna lengi. Um efnishlið málsins hygg ég að sé ekki ágreiningur á Alþingi, enda þótt ríkisstjórnin hafi guggnað á því að leysa þetta mál sem var þó býsna ofarlega á verkefnalista hennar, þegar hún tók til starfa fyrir senn fjórum árum. Þetta er staðreynd sem er umhugsunarefni fyrir okkur alþm.

Um efnislega hlið þessa máls er ekki ágreiningur. Hins vegar mætti sitthvað segja um þau vinnubrögð sem hv. 1. flm. og félagar hans hafa viðhaft í þessu máli. Um það mætti setja á töluvert langar ræður og hvort það er málinu vænlegast til framgangs að bera sig si svona að eins og hér hefur verið gert. Það held ég að sé ekki. Auðvitað er það út af fyrir sig athygli vert og umhugsunarefni að þessir sjö þm. Sjálfstfl., annars ríkisstjórnarflokksins, skuli þurfa að flytja hér till., skora á sína eigin ríkisstjórn að gera það sem þeirra eigin ríkisstjórn lýsti yfir í upphafi kjörtímabilsins að hún ætlaði að gera. Auðvitað hefði það, eins og hér hefur verið á bent, verið miklu vænlegra málinu til brautargengis að skapa um þetta breiðari stuðning. Ég hygg að það hefði ekki staðið á þm. úr öðrum flokkum að skrifa upp á tillögu þessa efnis. Ég er alveg sannfærður um það. En hvers vegna kusu þessir sjö sjálfstæðismenn að fara þessa leið? Var það til að tryggja að málið yrði ekki samþykkt, liggur manni við að spyrja? Ef það hefði verið ætlunin að ná þessu máli hér fram og skapa um það breiðan stuðning hefði átt að leita fulltingis alþm. úr fleiri flokkum.

Um þessi mál er búið að ræða árum saman og bent hefur verið á alla þá ágalla sem eru samfara því að þessi mál heyra undir mörg ráðuneyti. Þingmenn, sem sóttu alþjóðlega ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, kynntust því m.a. þegar farið var að athuga afstöðu Íslendinga til þeirra mála hvernig þar rak sig eitt á annars horn í afstöðu ráðuneytanna og hve furðulega afstöðu það ráðuneyti, sem mestan tiltrúnað hefur nú hlotið í þessu sambandi, félmrn., hafði í sambandi við afstöðu okkar til undirskriftar eða staðfestingar á sáttmála um loftmengun sem kenndur er við Helsinki. Það kom satt að segja á óvart og þurftu ýmsir að láta segja sér tvisvar eins og ákveðin persóna í sögunum til að trúa. Það var með ólíkindum og bar satt að segja vott um að þeir embættismenn, með fullri virðingu fyrir þeim, sem mótað höfðu þá afstöðu, vissu raunar ákaflega lítið, að mínu mati, um hvað málið snerist.

Við höfum séð að undanförnu hvað er að gerast á Norðurlöndunum í þessum efnum. Við höfum séð þann vanda sem Danir eiga við að glíma vegna mengunar af völdum tilbúins áburðar og af völdum mykju raunar líka sem notuð er sem áburður ekki síður. Við höfum séð, síðast í sjónvarpinu fyrir fáeinum kvöldum, hvernig selastofninn í Eystrasalti er nú kominn. Ég vona að sem flestir hv. þm. hafi séð þá mynd þar sem um 60–70% af selastofninum í Eystrasalti, sem telur ekki lengur nema 15 þúsund dýr, eru að drepast vegna mengunar og vegna sjúkdóma sem eru afleiðing af þeim óþverra sem mannskepnan hefur losað í þetta haf.

Það skulum við vita að þó að við búum í eylandi úr alfaraleið, eins og sumir segja, erum við ekkert fjarri þeirri mengun eða loftmengun sem á sér stað og sköpuð er í Evrópu. Hún kemur hingað. Öll vandamál Evrópuþjóðanna, hvort sem það er Norðurlandaþjóðanna eða annars staðar í Vestur- og Mið-Evrópu, berast hingað með einhverjum hætti. Það tekur bara misjafnlega langan tíma. Þessi vandi er ekki orðinn áleitinn. Hann er ekki orðinn alvarlegur hér enn þá þótt hans sjái víða vott. Þess vegna eigum við tækifæri til þess að takast á við þessi mál með kannske betri árangri en ýmsum grönnum okkar hefur tekist. Þess vegna þurfum við að samræma stjórn þessara mála. Ég er hiklaust þeirrar skoðunar að þar sem mikilvægi umhverfisverndar á örugglega eftir að fara ört vaxandi væri skynsamlegast fyrir okkur að vera ekki að klína þessum málum á mörg ráðuneyti, illa mönnuð, illa búin, sem hafa þegarærið á sinni könnu. Við eigum að viðurkenna hvers eðlis þetta mál er og við eigum að fela það einu, nýju ráðuneyti. Ég held að það sé eina skynsamlega leiðin í þessu máli.

Herra forseti. Efnislega getur ekki verið ágreiningur um þessa tillögu í stórum dráttum. Hins vegar ber að harma hver vinnubrögð hafa verið viðhöfð við flutning málsins og þau eru ekki líkleg til að skapa málinu brautargengi, því miður. En vonandi tekst þó að ná hér á þinginu, áður en þing verður rofið, samstöðu um aðgerðir í þessum málum vegna þess að það er ljóst að ríkisstjórnin getur ekki leyst þetta verkefni, enda þótt það væri ofarlega á hennar málalista fyrir tæpum fjórum árum. Þess vegna verður þingið að taka þetta mál í sínar hendur, taka völdin af ríkisstjórninni, móta hér einarða og skynsamlega stefnu. Þau vinnubrögð sem þessir sjö þm. Sjálfstfl. hafa viðhaft eru, eins og ég segi, því miður ekki til þess fallin að veita þessu máli brautargengi og greiða leið í gegnum þingið. Þar hefði verið skynsamlegra að fara aðrar leiðir og tryggja breiðari stuðning við málið.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá hv. þm. að sjálfsagt er ekki neinn skoðanaágreiningur í sambandi við þessi mál hér á hv. Alþingi. Trúlega er þetta þannig, eins og hv. 7. landsk. nefndi hér áðan, að það stafar fyrst og fremst af ósamkomulagi og samstöðuleysi innan

ríkisstjórnarinnar að málin liggja ekki fyrir til samþykktar.

Við gerum okkur sjálfsagt fleiri grein fyrir því en þær Kvennalistakonur að þessi mál eru í hrærigraut og það hefur verið staðfest með ræðum þm. Á svipaðan máta tel ég að það sem verið er að reyna að gera í þessum málum sé meira og minna handahófskennt.

Frummælandi nefndi hér í upphafi ræðu sinnar tvö slys, tvö stórkostleg mengunarslys sem urðu á síðasta sumri, þ.e. Chernobyl-slysið og slys í sambandi við kafbát í Suður-Atlantshafi. Kafbátsslysið er kannske ekki orðið mengunarslys enn þá en það var nú það slysið sem kom mér hingað upp í ræðustól núna til að minna á þann þátt sem blasir við okkur Íslendingum ef kjarnorkuslys á sér stað í hafinu í námunda við okkur og hvernig við erum búin undir það að gera okkur grein fyrir því hvort slíkt sé nokkuð að ske. Við vorum illa undir það búin að hefja mælingar í sambandi við Chernobyl-slysið. Það leið þó nokkuð langur tími þar til úr því varð skorið hvort mengun hefði komið yfir landið. Og ég geri ráð fyrir að við séum enn þá verr búin undir það að gera okkur grein fyrir hvernig ástandið er umhverfis landið. Það yrði mjög illbætanlegt slys ef við fengjum yfir okkur svipaða mengun eins og átti sér stað í norðurhluta Skandinavíu í sambandi við Chernobyl-slysið. En hvers lags óskaplegt slys mundi eiga sér stað ef hér yrði kjarnorkumengun í sjónum umhverfis landið? Það hefur verið upplýst að á undanförnum árum munu hafa orðið hliðstæð slys við kafbátsslysið norður af Bermuda. Líkast til liggja sex rússneskir kafbátar einhvers staðar á botninum og nokkrir bandarískir. Fyrir skömmu varð slys í bandarískum kafbáti en sem betur fer bjargaðist sá kafbátur í land.

Hver er undirbúningur og hverjir eru möguleikar okkar til þess að fylgjast með hvernig ástandið umhverfis landið er í þessum efnum? Ég held að svo nauðsynlegt sem það er að fylgjast með gróðureyðingunni og frárennslinu og öllum þeim öðrum mengunarvöldum sem eru hér hjá okkur og ekki er nógu vel framfylgt að fylgjast með sé þessi þáttur sá mikilsverðasti af öllum, að við komum upp öflugu mælingakerfi umhverfis landið þannig að við getum fylgst með og vitað hvernig ástandið er.

Það er ekki aðeins að við eigum það á hættu að vígvélar stórveldanna og annarra sem hafa komist yfir kjarnorkuvopn geti skaðað lífsgrundvöll íslensku þjóðarinnar, það stafar einnig hætta frá næstu nágrannalöndum okkar. Í Skotlandi er verið að byggja kjarnorkustöð og þar mun einnig vera úrvinnsla kjarnorkuúrgangs. Þessir staðir geta vitaskuld báðir orðið mengunarvaldar við Íslandsstrendur.

Ég held að ekki sé nóg með það að við séum illa undir það búin og búum við lélega löggjöf til að stjórna þessum málum, heldur erum við líka, jafnvel í stórum þáttum eins og þessum, mjög illa undir það búin og vanmegnug að takast á við það ef slys verður hér við strendur landsins, á svipaðan máta og enn þá verr búin en í sambandi við það að loftslys verði eins og varð í sumar í Chernobyl.

Ég vil hvetja til þess, svo að menn séu ekki að flytja þessi mál hvert fyrir sig, kannske hver flokkur að láta bera á sér í sambandi við það að leita lausnar á þeim og að málin verði tekin föstum tökum, hvetja til þess, eins og nefnt var í ræðustól áðan, að þingið taki sig á og ef ríkisstjórnin getur ekki leitt þetta mál til farsælla lykta taki þingið skarið af og hafi forustu í þessu máli.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið fróðlegar og ástæða til þess að láta í ljósi ánægju yfir því, sem maður raunar vissi, að þm. hafa miklar áhyggjur af umhverfismálum og vilja koma þeim málum í fastara horf. Fyrir okkur sem stóðum að flutningi þessarar tillögu lá fyrst og fremst á bak við sú hugsun annars vegar að vekja athygli á málinu og hins vegar að undirstrika þann vilja okkar að ríkisstjórnin gerði áætlun um stefnumótun í umhverfismálum og væri tilgangur þeirrar áætlunar sá að efla alhliða umhverfisvernd og varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum, jafnframt því að vinna að varðveislu og sem skynsamlegastri nýtingu náttúrugæða landsins. Það er auðvitað rétt sem kom fram að það má hafa þennan tilgang fyllri, það má fara út í einstök atriði. Aðalatriðið er að það er mjög gott að þingið skuli taka þessi mál til meðferðar. Ég get ekki tekið undir það að við séum með þessum hætti að svíkja einn eða neinn, að við séum að bregðast einum eða neinum. Út af fyrir sig skiptir það ekki höfuðmáli hvort þessi tillaga verður samþykkt. Hitt er kjarni málsins að þm. taki höndum saman um það að samræma skoðanir sínar í umhverfismálum og að það náist fram að löggjöf verði sett um þau efni. Það er þetta sem fyrir okkur vakir.

Ég get alls ekki tekið undir það að það séu eitthvað skringileg vinnubrögð þó að sjálfstæðismenn undirstriki þau viðhorf sem þeir hafa í þessum málum og setji fram almenna stefnumörkun varðandi umhverfismál. Þetta hefur verið viðtekin regla í sölum Alþingis í viðamiklum og viðkvæmum, flóknum málum að einstakir flokkar undirstriki með þessum hætti áhersluatriði sín í viðkomandi málum. Ég þykist geta sýnt fram á það um þá flokka alla sem hafa staðið að ríkisstjórnum að einstakir þm. hafi á misjöfnum tíma séð ástæðu til samsvarandi yfirlýsingar af sinni hálfu, þó svo að þeirra flokkar hafi verið í stjórnarsamstarfi við aðra flokka. Hjá Kvennalistanum hefur ekki komið til þess enn að fulltrúar hans hafi með þessum hætti séð ástæðu til þess að lýsa einstökum áherslum en ekki mundi mér þykja það vond tilhugsun ef við gömlu skólasystkinin, ég og hv. 7. landsk. þm., ættum það eftir — ég vil nú ekki segja ættum það eftir að fara í eina stjórnarsæng en: ættum eftir að standa saman að stjórn landsins og styðja sömu ríkisstjórn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið fróðlegar, sagði hv. 2. þm. Norðurl. e., og má vel undir það taka. Ekki er þó sérstakt tilefni að mínum dómi til að setja upp einhvern undrunarsvip þó að sjö þm. Sjálfstfl. sameinist um að flytja þáltill. um stefnumótun í umhverfismálum. Það er kannske vonum seinna að þessi mál verði gerð að umræðuefni, svo sjálfsagt sem það er að hreyfa þessum málum og reyna að marka einhverja framtíðarstefnu í þeim. Hitt er annað mál að mönnum hefur e.t.v. ekki sýnst nákvæmlega eitt og hið sama hvernig að því ætti að standa. Sumir vilja þegar í stað stofna umhverfismálaráðuneyti með öllum þeim kostnaði og umsvifum sem því fylgja, aðrir vilja e.t.v. fara heldur vægar í sakirnar og mynda stjórnardeild í fyrstu. Og þá er ekki úr leið að víkja fyrst að því hvernig marka skuli stefnu í þessum mikilvægu málum.

Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða þetta efnislega. En það vakti óneitanlega sérstaka undrun mína að hér skyldu taka til máls, hver á eftir öðrum, þrír hv. þm. Vesturl., góðir félagar mínir. Og mér þótti leitt að þeir töluðu allir svona heldur í nöldrunartón um málið. Hv. 5. þm. Vesturl. flutti langa tölu, síðan kom hv. 5. landsk. þm. og loks hv. 4. þm. Vesturl. (**Gripið fram í:** Og allt á sömu bókina lært.) Allt á sömu bókina lært, já, mér fannst töluvert mikið á sömu bókina lært hjá þessum þremenningum. M.a. lét hv. 4. þm. Vesturl. í það skína að hér væri einn flokkur að láta á sér bera í þessum vinsælu málum. Hv. 5. landsk. þm. sagði að það mætti nú, þó málið væri gott, sitthvað segja um þessi vinnubrögð. Hann sagði: Hvers vegna kusu þessir sjálfstæðismenn að fara þessa leið? — ef ég hef tekið rétt eftir. Og hann endaði með því að segja: Vinnubrögðin ber að harma. — Þessi ummæli öll vekja undrun mína.

En hitt vil ég láta koma fram, til þess að þingheimur vaði ekki í neinni villu um þetta efni, að allir þessir þrír menn eru ágætir í samvinnu og leggja góðum málum lið. Ég vil taka þetta sérstaklega fram svo það valdi engum misskilningi. Þessir menn eru vísir til þess að leggja þessu máli gott lið í nefnd, og í framtíðinni. Ég þekki þá það vel, að þetta eru allt saman dugandi menn og drengir góðir.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vil aðeins í stuttu máli andmæla því sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan og þeim orðum sem hann lét sér um munn fara, að það hefði verið talað um málið í nöldurtón. Þetta er rangt. Ég hygg að allir þeir sem hafa talað hafi tekið undir efnisatriði málsins en bent á það að skynsamlegra hefði verið að haga vinnubrögðum með öðrum hætti. Það hefði verið vænlegra til að tryggja málinu framgang. Um málið sjálft talaði enginn maður í nöldurtón, þvert á móti tóku menn undir þau atriði efnislega sem hér eru til umræðu. En vinnubrögðin hefðu vissulega ekki aðeins mátt vera önnur, þau hefðu átt að vera önnur ef menn vilja þessu máli virkilega vel.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka undir að hv. 5. landsk. þm. talaði hvorki í nöldurtón í hinni fyrri ræðu sinni né hinni síðari.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það skiptir nú ekki öllu hvaða landshluti leggur þessum málum lið ef það er jákvætt og lasta ég það ekki þó að þm. Vesturl. hafi látið að sér kveða í umræðunni. Ég held hins vegar að það sé ekki rétt að álykta sem svo á þessu stigi máls að einhugur eða samstaða ríki um þetta efni. Ég held að ástæðan fyrir þessari hörmulegu niðurstöðu, því hversu lítið hefur miðað áfram í þessum málum, litið nokkuð til baka og þá ekki síst í tíð núverandi ríkisstjórnar sem ætlaði sér mikið skv. yfirlýsingum en hefur ekkert gert til að þoka málum fram í þá átt, sé sú að áhuginn sé ekki sá í reynd sem stundum er lýst í orði og ætla mætti af þeim tilburðum og tillöguflutningi sem hér er til umræðu. Ég held að það sé þessu máli ekki til góðs að ætla að breiða yfir að það er ljóslega verulegur ágreiningur í þessum efnum, hvert menn vilja stefna, og hann birtist m.a. í því að umræddir þm. Sjálfstfl. tala ekki um ráðuneyti sem fái yfirstjórn þessara mála í hendur, eitt ráðuneyti, heldur aðeins um samræmingu mjög almennt. Og ráðherrar sama flokks í ríkisstjórn hafa hver um annan þveran staðið gegn því að sameina þá meginþætti sem þarna eru til umræðu og tilheyra þeirra ráðuneytum undir einu ráðuneyti, félmrn., sem mest hefur verið um rætt í þessu samhengi. ég hygg að hæstv. menntmrh., sem situr hér einn úr tíu manna hópi, geti í rauninni staðfest þetta. Undir hann heyrir Náttúruverndarráð og gildir þættir þessara mála. Þannig að ég held að menn þurfi í raun að horfa framan í að þarna er greinilegur ágreiningur um málstök.

Ég vil ekki þar með segja að menn séu ekki áhugasamir um það að koma í veg fyrir háskalega mengun á Íslandi og hafsvæðum í kringum landið. En það þarf talsvert til, að haga málum þannig að draga úr mengun og koma í veg fyrir hugsanlega mengun, svo dæmi sé tekið.

Ég held að það sé mjög gagnlegt að þessi mál séu rædd hér, ég held að það sé nauðsynlegt að ræða þau í nokkurri hreinskilni. Og ég held að hið þýðingarmesta fyrir þennan málaflokk og fyrir þá sem hafa áhuga á framgangi hans hér, hvar í flokki sem þeir standa hér á Alþingi, sé að gera sér ljóst að líkurnar á að ná árangri í því sem mestu skiptir nú, þ.e. endurskipulagningu stjórnarráðsins með tilliti til þessa málaflokks, tengjast því fyrst og fremst að ný ríkisstjórn, því að núverandi er sem betur fer að syngja sitt síðasta og falla á tíma, marki stefnu í þessum málum í málefnasamningi og gangi frá endurskipulagningu áður en menn festast í ráðherrastólum. Þess vegna er það sannarlega mjög gott að þessi mál séu rædd og það þarf að ræða þau innan flokkanna þannig að það sé skýrt fyrir kjósendum í

komandi kosningabaráttu hvert flokkarnir vilja halda í þessu stóra máli, hver stefna þeirra er í reynd, ekki bara einstakra þm. í flokkunum, hvað þeir vilja gera að kosningum loknum varðandi yfirstjórn þessara mála, áherslu á þessi mál, fjárveitingar til þessara mála. Í þeim efnum hefur Alþb. gert hreint fyrir sínum dyrum með landsfundarsamþykktum og tillöguflutningi hér á Alþingi þing eftir þing. Ég hef tekið eftir því að Framsfl. talar í orði um að leggja áherslu á þessi mál og það er byrjunin, það er vel, þó að lítið sjáist eftir þá í tíð ríkisstjórnarinnar í þessum málum. En sjálfstæðismenn sem flytja hér tillögu um þetta efni, ég hygg að þeir séu langþyngstir í þessum efnum, langþyngstir í raun, a.m.k. hef ég ekki séð neitt marktækt í yfirlýsingum og samþykktum flokksins um þessi mál.

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Ræða hv. 1. þm. Vesturl. vakti furðu mína, ekki síst þau orð hans að aðrir hv. þm. Vesturl. hefðu komið í þennan ræðustól einvörðungu í þeim tilgangi að nöldra út í þessa tillögu. Þá hefði maður búist við, að þeim orðum hv. 1. þm. Vesturl. sögðum, að hann hefði gert tilraun til þess að fara efnislega ofan í þessi mál, viðra skoðanir sínar sem auðvitað fara saman við tillöguflutninginn, að hann hefði gert tilraun til þess að gera frekari grein fyrir tillögunni. Hann er einn af flm. hennar. En það var aldeilis ekki. Niðurstaða mín er sú að hv. ágætur þm. hafi einvörðungu komið í þennan ræðustól til þess að nöldra og vera með ómerkilegar umvandanir vegna orða samþm. sinna.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Þetta hafa orðið langar umræður, lengri en ætla hefði mátt í upphafi, og ég er síst að harma það, og einnig fróðlegar þótt ekki hafi allt verið spaklega mælt.

Ég vil þó byrja á því að fagna þeim góðu efnislegu undirtektum sem þessi tillaga og efni hennar hefur fengið hjá öllum þeim ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls. Það er ánægjulegt og það er mikils virði fyrir framgang málsins. Það sýnir að alþm. líta á umhverfismálin sem einn mikilvægasta málaflokkinn sem hefur verið til umræðu hér í þingsölum og er það vel.

Ég ætla ekki nú, undir lok þessara umræðna, að tala langt mál né svara ítarlega þeim athugasemdum sem fram hafa komið vegna þessa tillöguflutnings. Þó vil ég ekki láta hjá líða að andmæla þeim ummælum sumra ræðumanna að þeir sem að þessari tillögugerð standa séu með því raunverulega að vinna gegn framgangi málsins, þetta sé frekar til þess að tefja málið heldur en hitt. Það liggur náttúrlega í augum uppi hvílík firra felst í slíkum ummælum sem við heyrðum áðan. Ég vil benda á það, m.a. vegna ummæla hv. 5. þm. Austurl., að þrisvar sinnum, hygg ég, hafa verið flutt á Alþingi frv. um umhverfismál. Í öll skiptin þrjú eru það þm. Sjálfstfl. sem hafa flutt þau frv. Þess vegna situr það síst á hv. þm. að saka sjálfstæðismenn, sem standa hér að tillöguflutningi í fjórða sinn, um áhugaleysi í þeim efnum. Ég bendi aðeins á þessa staðreynd.

Ég bendi líka á að frá því að sjálfstæðismenn fluttu þetta mál fyrst á þinginu 1978 hafa setið ýmsar ríkisstjórnir, skipaðar mönnum úr ýmsum flokkum, sem ekki hafa flutt nein frumvörp um umhverfismál.

Ég vil í framhaldi af þessu taka undir það sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði varðandi varnir gegn mengun hafsins hér við Ísland og þá miklu hættu sem stafað getur af slysum þar og hann vék sérstaklega að. Er full ástæða til að gefa þeim málum mun meiri gaum en gert hefur verið.

Það er alveg ljóst af þeim tillöguflutningi sem er til umræðu í dag að mál hafa þokast mjög seint fram. Ég ætla þó ekki að rekja neitt syndaregistur. Það er einfaldlega staðreynd, hvort sem það er vegna tregðu í kerfinu, deilu ráðuneyta eða af öðrum ástæðum eða orsökum. Ég læt það alveg liggja á milli hluta. Hins vegar hafa nokkrir þm. Sjálfstfl. gert tilraun til að þoka málinu fram á við. Ég tel að menn ættu að meta það sem lofsvert framtak og áhuga á málsefninu fremur en hitt. Það er einfaldlega af þeim orsökum sem þessi tillaga er lögð fram.

Þm. hafa ýmsir komið hér upp og gagnrýnt málsmeðferðina, eins og þeir hafa sagt, og harmað. Ég á ákaflega erfitt með að skilja hvað í slíkum ummælum felst og raunar hefur hv. 2. þm. Norðurl. e. svarað því, svo að um það þarf ekki að hafa mörg orð. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan til umræðu var í þingsölum þáltill. um náttúruvernd og umhverfismál sem fimm þm. Alþb. fluttu, þm. eins flokks. Þá hafði enginn á orði að það væru undarleg vinnubrögð. En nú þykja það allt í einu undarleg vinnubrögð þegar sjö þm. Sjálfstfl. flytja tillögu um stefnumótun í umhverfismálum. Þannig rekur sig eitt á annars horn í þessum málflutningi.

Meginatriðið er auðvitað, og sem betur fer heyrist mér þm. almennt vera sammála um það, að það þarf að koma þessum málum á nýjan grundvöll og taka upp nýja skipan í stjórnsýslu umhverfismála. Það er meginmálið og það er vitanlega þar sem eldurinn brennur heitast í þessum efnum. Í þessari tillögu okkar er engin afstaða tekin til þess hvort það skuli vera í sérstöku umhverfismálaráðuneyti. Tillagan mælir ekki gegn því. Í því frv. sem við sjálfstæðismenn lögðum síðast fram var gert ráð fyrir að yfirstjórn þessara mála yrði öll vistuð í sérstakri stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Það er leið sem að mínu mati kemur enn mjög til greina. En meginatriðið er þó að sett verði á laggirnar skipuleg yfirstjórn umhverfismála í stjórnarráðinu. Það er fyrsta skrefið og hið mikilvægasta nú af því að þessi mál eru þar á tjá og tundri og er mál að linni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Óskað hefur verið eftir utandagskrárumræðum um greiðslur afurðastöðva til bænda. Það verður orðið við þessum óskum og heimiluð umræða utan dagskrár. Umræðan hefst nú þegar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna fregna sem borist hafa síðustu daga um að afurðastöðvar, eins og þær eru kallaðar í framleiðsluráðslögum frá 1985, telji sig ekki geta staðið við ákvæði þeirra laga um að greiða bændum fullt verð mánaðarlega fyrir mjólkurafurðir og fyrir sauðfjárafurðir í áföngum fyrir 15. des. ár hvert. Varðar þetta greiðslur fyrir sauðfjárafurðir um miðjan næsta mánuð, svo og mjólkurafurðir í desembermánuði fyrir liðinn mánuð.

Hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál, sem snertir bændur í landinu, alla bændur í hefðbundnum greinum, og bætist við fjölda annarra mála sem þrengja að stöðu þeirra. Við þetta bætist að ríkissjóður, sem lýtur forustu hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl., hefur ekki staðið við greiðslur á útflutningsbótum til afurðastöðva. Er mér tjáð að þar skorti á yfir 200 millj. kr. Afurðastöðvarnar, mjólkursamlög og sláturfélög, telja sig ekki fá þau afurðalán frá viðskiptabönkum sem loforð hafi verið gefin um og verðviðmiðunin sem bankarnir gangi út frá sé til muna of lág þar sem miðað sé við sama afurðaverð á einingu og í desember fyrir ári. Nefnd undir forustu Davíðs Ólafssonar, fyrrv. seðlabankastjóra, mun hafa fjallað um þessi mál í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja afurðalán frá Seðlabankanum yfir til viðskiptabankanna og þá verið gert ráð fyrir því að viðskiptabankarnir greiddu afurðastöðvunum afurðalán sem næmu um 74% af niðurgreiddu heildsöluverði sem þá þýddi um 67% af óniðurgreiddu verði. Síðan hefur niðurgreiðsluhlutfallið hækkað nokkuð sem valdið hefur lækkun á afurðalánum viðskiptabankanna niður í um 60% eða jafnvel meira af óniðurgreiddu heildsöluverði.

Viðskiptabankarnir, sem eiga að sjá afurðastöðvunum fyrir þessum lánum svo að þær geti staðgreitt vörurnar til bænda lögum samkvæmt, telja sig ekki geta hækkað þessi lán vegna samkeppnisaðstöðu gagnvart öðrum bönkum, einkabönkunum sem engar skyldur hafa í sambandi við afurðalán til atvinnuveganna. Hér eru því á ferðinni einnig afleiðingar ekki bara af landbúnaðarstefnu heldur af bankastefnu og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og skipan afurðalánanna sem eru að bitna á bændastéttinni í landinu og afurðastöðvunum sem eiga að sjá um greiðslurnar. Hér er stórt dæmi á ferðinni, meira en milljarður, segja ýmsir. Nákvæmar tölur hef ég ekki. En það má ekki gerast að þessi staða og flækja í kerfinu bitni ofan á allt annað á bændum landsins sem eiga lagalegan rétt á greiðslum fyrir miðjan desembermánuð.

Herra forseti. Ég vil áður en ég vík úr ræðustól inna hæstv. landbrh. eftir því hvað ríkisstjórnin hafi gert í þessu máli og hyggist gera til að tryggja að lögum verði framfylgt.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég hygg að svo lengi sem a.m.k. ég man eftir hafi á hverju hausti verið rætt um afurðalán og þörf á að þau nægðu til að greiða út afurðaverð eins og ætlast hefur verið til. Það muna sjálfsagt margir eftir því að á s.l. hausti, eða fyrir ári voru miklar umræður og yfirlýsingar um að ríkisstjórnin mundi ekki standa við sinn hlut af staðgreiðsluláninu svokallaða sem greitt var út um miðjan desember eins og lög kváðu á um.

Í sambandi við þá fsp. sem hv. 5. þm. Austurl. lagði fram vil ég lesa þá samþykkt sem ríkisstjórnin gerði síðari hluta vetrar 1985 um breytingu afurðalánanna:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fyrirgreiðsla Seðlabankans, endurkaupin á afurðalánum landbúnaðar og iðnaðar, verði færð til viðskiptabankanna í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála, enda verði tryggt að viðskiptabankarnir haldi áfram að veita afurðalán með sama hætti og verið hefur, en á móti hefur Seðlabankinn ákveðið að lækka bindiskyldu úr 28% í 18% af innlánum. Verði lánveitingar þessar viðskiptabönkunum engu að síður erfiðari en nú er búist við, vegna þess að aukning innlána verði hlutfallslega minni en verðmætaaukning afurðalána, mun Seðlabankinn gera ráðstafanir til þess að jafna þann mun. Einnig mun hann veita bönkum skammtímafyrirgreiðslu ef þeir lenda af óviðráðanlegum ástæðum í erfiðri greiðslufjárstöðu vegna árstíðasveiflna afurðanna."

Fyrir skömmu voru þessi mál aftur tekin til umfjöllunar í ríkisstjórninni. Þá var málið rætt og ákveðið að fela landbrh. og viðskrh. að ganga eftir því að fjármögnun birgða sauðfjárafurða verði komið í það horf sem um var samið við kerfisbreytinguna. Í framhaldi af því ræddi ég við fulltrúa viðskiptabankanna og óskaði eftir því að þeir settu það niður hvað þeir teldu að til þyrfti að koma til þess að þeir gætu greitt út 72,4% af óniðurgreiddu heildsöluverði kindakjöts á þessu hausti. Bréf um það bárust mér í gær og í fyrradag og í morgun óskaði ég eftir því við viðskrh. að hann hlutaðist til um að niðurstaða fengist í þessum efnum svo að samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 1985 og ítrekun nú fyrir skömmu næði fram að ganga. Það er viðskrh. að gera nú.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu virðingarvert hjá hv. 5. þm. Austurl. að spyrja ríkisstjórnina eftir

því sem hún er ýmist búin að eða er um þessar mundir að leysa. Ég vek athygli á því að það er síst meiri dráttur á lausn þessara mála núna en verið hefur, m.a. á þeim tímum sem hv. þm. og fyrirspyrjandi var í ríkisstjórn.

En það sem vekur óneitanlega sérstaka eftirtekt mína er það tillitsleysi og vanmat sem hv. þm. hefur á rétti framleiðendanna í þessum efnum, á rétti bændanna í landinu, sem reyndar er alveg ótvíræður. Það er vert að undirstrika að það sem komið hefur fram, m.a. í útvarpi að undanförnu, um getuleysi afurðastöðva byggist að sjálfsögðu á þeim mikla misskilningi að afurðastöðvar eiga ekkert val í þessum efnum. Það er lögbundið að greiða út afurðaverðið. Að sjálfsögðu hafa þeir sem keyptu gert sér það ljóst þegar þeir festu kaup á vörunni.

Ég vil þessu til staðfestingar lesa upp álit þriggja lögmanna við svari sem þeir voru beðnir að gefa hér á Alþingi þegar búvörulögin voru í meðferð í hv. Nd. Þessir lögmenn voru Jón Þorsteinsson, Benedikt Blöndal og Gaukur Jörundsson. Í svari þeirra segir svo, með leyfi forseta:

„Að lokum viljum við taka fram að í 18. gr. frv. er því slegið föstu að enginn megi kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hafi verið samkvæmt ákvæðum þess. Skiptir því engu hvort um er að ræða umboðssölu eða ekki. Framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra.“ — Ég endurtek, herra forseti: „Framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra.“

„Í 29. gr. frv. eru ákvæði um gjalddaga. Heimilt er að semja um aðra gjalddaga, en slíkir samningar hljóta að vera einstaklingsbundnir. Ef frv. verður að lögum falla núgildandi samningar í þessu efni úr gildi, hvort sem þeir eru einstaklingsbundnir eða fólgnir í stofnsamþykktum félaga, og ber að fara eftir reglum 29. gr. nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin.“

Á móti framleiðslulögunum greiddi hv. 5. þm. Austurl. atkvæði og á móti þeirri mikilvægu réttarbót sem hér fékkst greiddi hann þar af leiðandi atkvæði. Það kemur því úr hörðustu átt þegar þessi maður er að sækja rétt fyrir bændurna á Íslandi eftir þeim lögum sem hann hefur sjálfur verið á móti þegar þau hafa verið til meðferðar á Alþingi.

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að leggja út af lögskýringum hv. 11. landsk. þm. (**EgJ:** Hann var ekki með neinar lögskýringar.) Það sem er meginmál í þessari umræðu er að hæstv. ríkisstjórn standi við þá stefnu sína, sem hún setti fram á sínum tíma, um það leyti sem búvörulögin voru til meðferðar, að fullt verð yrði greitt út fyrir landbúnaðarafurðir, þær afurðir sem féllu undir komandi samninga, enda yrði afurðastöðvum gert það kleift með afurðalánum. Þessar samþykktir ríkisstjórnarinnar liggja fyrir og m.a. á þessum grundvelli er það frv. og þau lög, sem hér hefur verið vitnað til, unnin og m.a. á þessum grundvelli var að þeim staðið, a.m.k. af hálfu margra okkar stjórnarliða.

Það þarf ekkert að vefengja hversu brýnt er að fjárhagur afurðastöðvanna í landinu sé með þokkalegu móti. Hvernig í ósköpunum ætlumst við til þess að þau fyrirtæki sem eru svo mikilvæg og eru raunar í eigu bænda geti staðið við allar þær skuldbindingar sem við alþm., sem samþykktum búvörulögin, höfum lagt þeim á herðar ef við ætlum ekki að standa við það, sem einhver mundi segja að væru stóru orðin, að þeim yrði tryggt fé svo að þau gætu staðið við að greiða bændum fullt verð fyrir sínar afurðir? Að mínu áliti væri það heimskulegasta aðgerðin að stofna til fjársveltis afurðastöðva, ekki síst vegna þess að við þurfum aldrei í ríkari mæli á því að halda en einmitt nú að stofna til fjölbreytni, bæði í framleiðslu og markaðsmálum á sviði búvöruframleiðslunnar. Það verður ekki unnt ef afurðastöðvunum verður haldið í fjársvelti. Ég treysti því raunar að svo verði ekki. Og stuðningur minn og atfylgi við búvörulögin á sínum tíma var ekki síst bundinn því að ríkisstjórnin stæði við þá stefnu, sem hún setti fram og hefur ítrekað sameiginlega og hefur verið ítrekuð af einstökum ráðherrum síðan, að fjármagn verði tryggt til framgangs þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það gerist nú a.m.k. í þriðja ef ekki fjórða sinn á stuttum tíma að við ræðum um landbúnaðarmál utan dagskrár og því miður ætíð í þeim símskeytastíl sem raun ber vitni. Ég vil í framhaldi af því ítreka ósk mína og áskorun til hæstv. landbrh. um að hann beitti sér fyrir opinni ótakmarkaðri umræðu um þessi efni á Alþingi á næstu dögum. Það er full þörf á eins og allar þessar umræður hafa sýnt.

Það er einnig bagalegt að ræða þessi mál á svo knöppum tíma þegar tekið er tillit til þeirrar staðreyndar að yfirleitt hefur mestur hluti þess tíma farið í ræðuhöld hv. stjórnarþm. sem þurfa að tjá sig um landbúnaðarstefnu eigin ríkisstjórnar.

Það er alveg ljóst að ábyrgð ríkisstjórnarinnar er ótvíræð í þessu efni ekkert síður en ábyrgð afurðastöðvanna. Ef lesin eru lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er ábyrgð afurðastöðva bundin í 28. og 29. gr. VI. kafla og er ótvíræð, en ábyrgð ríkissjóðs eða ríkisstjórnar er bundin í VII. kafla 30. gr. þannig að það eru fyrst og fremst tveir aðilar sem bera ótvíræða lagaskyldu. En ef menn ættu að hafa ráð hv. 11. landsk. þm. mundu menn aldrei ræða þessi mál heldur trúa á lagabókstafinn í blindni. Það gæti reynst mönnum dýrkeypt, sbr. reynsluna af vinnubrögðum þessarar hæstv. ríkisstjórnar í framleiðslustjórnun landbúnaðarvara, því ég leyfi mér að halda því fram að það komi fyllilega til greina að hæstv. ríkisstjórn hafi með ráðstöfunum sínum ekki aðeins brotið margendurtekið ýmsa lagabókstafi, svo sem sveitarstjórnarlög, jarðalög og fleiri, heldur einnig ákvæði stjórnarskrárinnar um

jafnrétti þegnanna þar sem fullvirðisréttur er tekinn eignarnámi af sumum á sama tíma og hann er greiddur fullu verði til annarra. Ef það er ekki mismunun veit ég ekki hvað er mismunun.

Herra forseti. Það er full ástæða til að taka þessi mál upp hér m.a. vegna yfirlýsinga ábyrgra aðila, svo sem bankastjóra viðskiptabankanna og bankastjóra Seðlabanka Íslands, sem hafa í fjölmiðlum undanfarna daga fullyrt að af þeirra hálfu verði ekkert frekar gert til að gera afurðastöðvunum kleift að standa við ákvæði laganna. Það er ljóst að afurðastöðvarnar geta það ekki nema til komi meiri aðstoð. Það er spurt um þá aðstoð hér, herra forseti, og ég ítreka að ég skora á hæstv. landbrh. að lýsa því yfir að á næstu dögum verði leyst úr þessum málum þannig að við ákvæði laganna verði staðið að fullu og það á réttum tíma, til að mynda hvað varðar sauðfjárbændur þann 15. des. n.k.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar búvörulögin voru sett vorið 1985 var það eitt af grundvallaratriðum þeirra laga að bændur fengju grundvallarverð fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu. Ég held að mönnum hafi verið það ljóst, eða vonandi hefur þeim verið það ljóst, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir með lánafyrirgreiðslu, breyta afurðalánakerfinu þannig að afurðastöðvum væri fært að uppfylla þetta grundvallaratriði. Það var reyndar undirstrikað við afgreiðslu laganna og var forsenda fyrir stuðningi þm., þar á meðal mín, við þessa lagasetningu.

Ég treysti því og fagna því að yfirlýsingar hafa gengið um það við þessa umræðu að það sé unnið að þessum málum og ríkisstjórnin hyggist standa við yfirlýsingar sínar varðandi þessi mál vegna þess að bændastéttin þarf á því að halda nú að fá sínar greiðslur á réttum tíma. Það er grundvallaratriði, eins og hv. 5. þm. Vesturl. kom inn á áðan, að afurðastöðvarnar hafi bærilegan fjárhag til að uppfylla þær skyldur sínar sem þær hafa skv. lögunum. Það er nú einu sinni þannig að þessar afurðastöðvar eru yfirleitt í eigu bændanna sjálfra og erfitt er að skilja þar á milli.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál, en treysti því að að þessu máli verði unnið af hálfu viðskrh., landbrh. og ríkisstjórnarinnar í heild í samráði við viðskiptabankana og Seðlabankann og þetta mál verði leyst á næstu dögum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Bændur eiga að sjálfsögðu skýlausan rétt samkvæmt búvörulögum á þessum greiðslum. En mér þykir rétt að það komi fram sem ég veit sannast í þessu máli. Það var árið 1985, í fyrra, að bankarnir afgreiddu 74% af niðurgreiddu heildsöluverði sem var þá um 67% af óniðurgreiddu heildsöluverði sauðfjárafurða. Til þess að vinnslustöðvar landbúnaðarins gætu greitt fullt grundvallarverð fyrir 15. des. í fyrra flýtti ríkið niðurgreiðslum og flýtti einnig hluta af vaxta- og geymslugjaldi og kom þannig með, að ég hygg, 449,5 millj. sem gerði vinnslustöðvunum kleift að greiða út afurðirnar 15. des.

Árið 1986 afgreiddu bankarnir á sama hátt og í fyrra 74% af niðurgreiddu heildsöluverði, en í ár mun þetta aðeins samsvara um 61% af óniðurgreiddu heildsöluverði þar sem niðurgreiðslur hafa breyst milli ára. Þess vegna er því haldið fram af bönkunum að þeir hafi staðið við sinn hluta af gerðu samkomulagi. Hitt er annað mál að nú er vel að hæstv. landbrh. vinnur að lausn þessara mála í ríkisstjórninni.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það var gott að fá yfirlýsingu frá hæstv. landbrh. hér um það hvernig að þessum málum hefur verið staðið í ríkisstjórn og við skulum vænta þess að það sé innistæða fyrir orðum ráðherrans. Í rauninni greindi hæstv. landbrh. okkur frá að málið væri nú í höndum viðskrh. og hann hefði falið viðskrh. að tryggja að við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar verði staðið. Hæstv. landbrh. telur það sem sagt á valdsviði viðskrh. að leysa úr þeim hnút sem hér er til umræðu.

Það hefur einnig verið vakin athygli á því að niðurgreiðsluþátturinn kemur inn í þetta dæmi. Þannig er það hæstv. fjmrh. sem einnig hlýtur að koma við sögu í sambandi við úrlausn á þessu efni þannig að afurðastöðvunum verði gert kleift að standa við sínar lagalegu skuldbindingar.

Ég tek undir að það er nauðsynlegt að afurðasölufyrirtækin hafi aðstöðu til að standa við þessar skuldbindingar og mörg þeirra glíma nú við mjög þungt og erfitt fjárhagsdæmi þannig að það gengur auðvitað ekki að bankakerfið í landinu komist upp með að standa þarna ekki við sinn hlut. Hitt er jafnljóst, eins og ég hef vakið athygli á, að vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar í bankamálum er þetta mál nú erfiðara viðfangs og slungnara en áður þar sem viðskiptabankarnir gera kröfu til Seðlabanka sem hins vegar hefur gefið yfirlýsingar, einn bankastjóra hans, um að hann telji sig ekki skuldbundinn í þessum efnum á sama hátt og áður þar sem viðskiptabankarnir hafi fengið innlánsaukningu í sinn hlut. En meginatriði málsins er að við yfirlýsingar um þetta og lagafyrirmæli verði staðið.

Hv. þm. Egill Jónsson kom hér og býsnaðist yfir því að það væri minnt á lagafyrirmæli í þessum málum (**EgJ:** Sem þú varst á móti.) og hann er að greina frá atkvæðagreiðslu í þessum efnum. Ég held að hann ætti að lesa þingtíðindin, sá góði þm. Ég held að honum væri hollt að gera það, ætti kannske að gera það oftar þegar hann er með fullyrðingar í þessum stóli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ganga á tímamörk, en ég tel að það væri æskilegt að fá hér skýlausar yfirlýsingar landbrh. um að við skuldbindingar gagnvart afurðastöðvum verði staðið þannig að þær geti reitt af höndum greiðslur til bænda á tilsettum tíma.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Í mínum huga kemur ekki annað til greina en að staðið verði við og fram nái að ganga samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í mars 1985 um afurðalánin, að þau verði áfram á sama hátt og þá hafði verið. Ég greindi frá því hvernig að því hefur verið unnið. Mér heyrist hv. 5. þm. Austurl. undrast að viðskrh. skyldi koma þar við sögu, en ég hygg að það sé augljóst að í hans verkahring er að fjalla um málefni Seðlabankans og viðskiptabankanna og þá auðvitað sérstaklega ríkisviðskiptabankanna.

Ég mun svo ekki frekar ræða þetta því að ég held að þetta sé aðalatriðið. En ég gleymdi því áðan að bera til baka fullyrðingar um stórkostlegar vanefndir ríkissjóðs, er næmu á þriðja hundrað millj. kr., í greiðslu útflutningsbóta. Það eru tölur sem eru víðs fjarri raunveruleikanum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa mér að gera athugasemd sem er tilraun til að stilla kompásinn hjá hv. 11. landsk. þm. sem hefur eitthvað ruglast eða í það minnsta minni hans. Það er greinilega horfið úr huga þess ágæta þm. hvernig afstaða manna var til lagasetningarinnar á sínum tíma á vordögum 1985. Afstaða Alþb. í Nd. var sú að gera tillögu um að vísa málinu aftur til ríkisstjórnarinnar og fela henni að skipa nefnd hagsmunaaðila sem ynni nýtt og betra frv. í miklu nánara samstarfi við hagsmunaaðila, bændur og aðra, en gert var og leggja það fyrir þingið að nýju að hausti. Þessi till. var felld og eftir það tókum við ekki þátt í atkvæðagreiðslum að ég best fæ séð eftir þingtíðindum. Ég skora á hv. þm., trúi hann ekki orðum mínum heldur minni sínu, sem ég mundi ekki gera í hans sporum, að lesa þingtíðindin frá þessu ári, dálk 6633 t.d. Ætti þá þessi sjálfskipaði aðstoðarlandbrh. ríkisstjórnarinnar að fá fram hið sanna í málinu.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég kannast við það sem kom fram í umræðunni áðan að framsóknarmenn horfðu ansi mikið til afurðastöðvanna þegar var verið að ganga frá framleiðsluráðslögunum. Ég minni á að afurðastöðvarnar hafa líka með framleiðsluráðslögunum fengið rétt til að vera samningsaðili um það verð sem þær eiga að greiða. Það var gagnlegt að það skyldi koma fram hjá hv. síðasta ræðumanni hver afstaða Alþýðubandalagsmanna var. Hún var einfaldlega sú að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, ekki var nú myndarlegar að málum staðið, í þeim tilgangi að það yrði síðar tekið til meðferðar. Þannig var þeirra afstaða og þeir treystu sér ekki til að koma með tillögur til breytinga, gerðu það að vísu í Ed., en að öðru leyti voru þeir á móti þessu máli eins og nál. bera með sér.

Varaflugvöllur á Akureyri, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 184. mál. — Þskj. 194.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um varaflugvöll fyrir millilandaflug á Akureyri.

Till. gengur út á það að ríkisstjórnin láti fara fram svo fljótt sem kostur er rækilega úttekt á möguleikum þess að Akureyrarflugvöllur þjóni sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Kannað skal sérstaklega hvaða úrbætur þurfi að gera á flugvellinum til að hann geti þjónað sem varaflugvöllur og þá bæði miðað við núverandi aðstæður, núverandi flugleiðsögutækni, aðflugstæki og vélakost íslensku flugfélaganna og hvað slíkar úrbætur kosta, en einnig verði horft til möguleika þessa flugvallar í sama skyni, þ.e. til að þjóna sem varaflugvöllur í framtíðinni með hliðsjón af líklegri þróun mála á þessu sviði sem að hluta til er ljós en að öðru leyti hlýtur að koma fram á næstu árum.

Hér er, herra forseti, sem sagt lagt til að kanna þann kost sem ég held að allir hljóti að geta orðið sammála um að væri nærtækastur og langhagkvæmastur fyrir okkur Íslendinga ef hann reynist sæmilega vel fær og það teljum við flm., sem eru auk mín allir hv. þm. Norðurl. e. sem sæti áttu á Alþingi í upphafi þessarar viku, sjö að tölu og sleppi ég því tímans vegna að lesa þá upp en það kemur fram á þskj. 194.

Rökin fyrir því að gera þessa ítarlegu úttekt eru mörg. Það eru fyrst og fremst þau rök sem mæla með því að Akureyrarflugvöllur er bæði nærtækasti og hagkvæmasti kosturinn sem við eigum völ á. Í grg. er nokkuð fjallað um þetta, m.a. þann búnað og þær aðstæður sem nú eru á Akureyrarflugvelli. Um nauðsyn þess að gera þessa könnun vísa ég í upphaf grg. Þar kemur fram að allmikil umræða hefur verið um það hérlendis undanfarið að nauðsynlegt og æskilegt væri að hafa varaflugvöll fyrir okkar millilandaflug sem væri sem óskyldastur því veðurfarssvæði sem er á Keflavíkurflugvelli og gæti þar af leiðandi oftast þjónað sem fullnægjandi varaflugvöllur fyrir þann völl. Það hefur verið rætt um ýmsa staði bæði norðanlands og austan án þess að menn hafi fyllilega orðið á eitt sáttir um það hvar best væri að hafa síkan flugvöll. En hér kemur fleira til en valið eitt, að finna besta staðinn, því að hér hagar ekki lengur til eins og þegar Úlfljótur fór um landið og valdi þingstað fyrir alþingi þjóðarinnar. Þá þurfti ekki að líta til bygginga eða annarra meiri háttar mannvirkja, vega eða samgöngumála sem fyrir voru, heldur var landið nýlega numið og þar af leiðandi var tíminn núll, eins og menn stundum segja í umræðum, til þess að velja sér stað. Við þær aðstæður búum við ekki nú og flugvellir landsins eru mjög mismunandi bæði að stærð og búnaði.

Við teljum flm., og það kemur fram í grg., að það væri mjög óvarlegt að hefja bollaleggingar um jafngeysikostnaðarsamt fyrirtæki og það yrði að byggja upp og ekki síður að reka sérstakan varaflugvöll áður en kannað er til þrautar og með tilliti til

nýjustu tækni hvort Akureyrarflugvöllur, sem fyrir er í fullum rekstri frá morgni til kvölds, geti þjónað þessu hlutverki með litlum úrbótum. Þetta er ekki síst rétt að undirstrika vegna þess að það eru geysileg verkefni fram undan í uppbyggingu flugsamgangnanna hér innan lands. Það er öllum ljóst sem eitthvað ferðast um landið. Því er mjög mikilvægt að handbært fé í þetta verkefni á næstu árum nýtist sem allra best. Ég vil nefna ekki síst uppbyggingu flugvallarins við Egilsstaði sem er alger miðpunktur flugsamgangna til Austfjarða. Þar er stórt verkefni fram undan sem verður að ráðast í sem fyrst. Það má koma fram hér í leiðinni að ég teldi æskilegt að þeirri uppbyggingu yrði þannig hagað að Egilsstaðaflugvöllur hefði þegar tímar líða fullan burð og getu til þess einnig að þjóna vissu varaflugvallarhlutverki og svo mætti reyndar segja um fleiri staði sem til þess henta, svo sem Sauðárkróksflugvöll og Húsavíkurflugvöll í Aðaldalshrauni. Það væri æskilegast að þessir flugvellir allir gætu með tíð og tíma, þegar uppbygging þeirra kemst á það stig, þjónað þessu hlutverki. Ég tel að að því eigi að stefna með því að gera brautir þannig úr garði að þær hafi burð til að sinna þessu hlutverki í framtíðinni þó að þær séu byggðar styttri í fyrstu áföngum.

Herra forseti. Aðeins um möguleikana sem Akureyrarflugvöllur hefur upp á að bjóða í þessu sambandi. Í fyrsta lagi má nefna það, sem öllum er væntanlega ljóst, að Akureyri og Eyjafjörður eru langstærsti þéttbýlisstaður landsins utan höfuðborgarsvæðisins og þar er mikið og vaxandi hótelrými og margs konar þjónusta við ferðamenn sem æskileg er í þessu skyni. Langstærsta og fullkomnasta sjúkrahús landsmanna utan Reykjavíkur er á Akureyri, deildaskipt sjúkrahús með allri aðstöðu sem slík hús hafa upp á að bjóða og einungis steinsnar frá flugvellinum. Í þriðja lagi liggur Akureyri mjög vel við mörgum vinsælustu ferðamannastöðum Íslands. Það er ekki ólíklegt, og reyndar má telja það næsta víst, að þaðan hefjist eitthvert millilandaflug innan tíðar og hafa reyndar þegar verið gerðar tilraunir með slíkt af hálfu Flugleiða. Í fjórða lagi er Akureyrarflugvöllur þegar allvel búinn flugvöllur með bundnu yfirborði og góðum tækjabúnaði á íslenskan mælikvarða. Í fimmta lagi má nefna að með tilkomu svonefnds Leiruvegar, sem lokið verður núna fyrir jól, 15.–20. des., opnast möguleikar á auðveldri og væntanlega fremur ódýrri lengingu flugbrautarinnar til suðurs, en þeir möguleikar voru ekki fyrir hendi áður miðað við þáverandi vegarstæði. Það þarf einungis að lengja flugbraut á Akureyri um nokkur hundruð metra til að hún sé fullnægjandi fyrir stærstu farþegaþotur. Við Akureyrarflugvöll er flugstöðvarbygging sem er bæði rúmgott og vandað hús og getur án vandkvæða tekið við verulegum farþegafjölda. Þá skiptir það í sjöunda lagi ekki litlu máli að á Akureyrarflugvelli er þegar við störf hópur vel þjálfaðs starfsfólks og flugvöllurinn er, eins og ég áður vék að, í fullum rekstri nær alla daga ársins frá morgni til kvölds. Það mundi því aðeins valda tiltölulega óverulegri aukningu á rekstrarkostnaði að gera Akureyrarflugvöll að varaflugvelli fyrir millilandaflug, auk þess sem beint utanlandsflug til og frá vellinum yrði auðveldara en áður. Að endingu er rétt að minna á það og undirstrika að allar úrbætur á og við Akureyrarflugvöll koma að fullum notum í rekstri langmikilvægasta flugvallarins fyrir innanlandsflugið utan Reykjavíkur og það er mikill kostur að mínu mati.

Það hefur nokkuð verið rætt um tæknilega möguleika þess og landfræðilegar aðstæður sem takmarka að nokkru leyti afnot af Akureyrarflugvelli. Í því sambandi er rétt að nefna að þegar hefur fengist góð reynsla af blind-aðflugi úr suðri niður Eyjafjarðardali. Það hefur nú verið reynt í tvö ár og gefist vel að allra dómi, bæði starfsmanna við flugvöllinn og flugmanna, og er það mikilvægt í þessu sambandi. Þá er rétt að minna á að þetta blind-aðflug, með þeim tækjum sem nú eru notuð, er hægt að bæta að mati fagmanna og þar með lækka þær blindflugstölur, þær lágmarkshæðir sem notaðar eru í þessu flugi nú. Í öðru lagi er rétt að muna eftir þeim breytingum sem líklegt er að verði á samsetningu flugflota íslensku flugfélaganna á næstu árum og telja má víst að verði innan tíðar vegna aldurs núverandi flugflota. Í þriðja lagi er og ekki síst er rétt að nefna þær breytingar sem eru að verða og verða fyrirsjáanlega á næstu árum á flugleiðsögutækjum og aðflugstækjum. Það eru þegar í prófun og uppsetningu erlendis aðflugstæki og flugleiðsögutæki af alveg nýrri gerð, sem ekki þekkjast hér, og reynsla þeirra gefur góða raun. Standist þær væntingar sem við þær eru bundnar má ætla að slík tæki, stundum kölluð MLS í staðinn fyrir ILS sem nú eru notuð, muni gera nærfellt að engu þær landfræðilegu takmarkanir, sem notkun flugvalla eins og Akureyrarflugvallar, Zürich-flugvallar í Sviss, flugvallarins við Singapore o.fl., eru settar. Þetta er mat sérfræðinga. Við flugvelli í Bandaríkjunum er þegar verið að reyna þessar gerðir aðflugstækja, við þær eru bundnar miklar vonir og hef ég ekki fleiri orð um það.

Gera þarf ýmsar lagfæringar við og á Akureyrarflugvelli til þess að hann geti þjónað þessu hlutverki. Það verður matsatriði hversu fullkominn völlinn á að gera, t.d. hvort leggja á alveg sjálfstæðar keyrslubrautir frá flugvallarstæði og út á enda flugbrautarinnar sitt hvoru megin. Það er nokkuð kostnaðarsamt mannvirki en hugsanlegt er að leysa tímabundið það mál með því að setja snúningsslaufur á enda flugbrautarinnar eins og hún er nú og þarf þá ekki, a.m.k. ekki fyrst um sinn, að kosta því til að leggja sjálfstæðar aðkeyrslubrautir. Það þarf einnig að breikka bundið slitlag vegna ljósa, lengja flugbrautina, eins og ég áður sagði, um einhver hundruð metra og ýmislegt fleira sem smávægilegt má telja þarf að bætast við bæði tækjakost og aðstæður. En það er ljóst að þar er um litlar fjárhæðir að ræða borið saman við það stóra verkefni að byggja nánast frá grunni sjálfstæðan flugvöll af þessari stærð og reka hann með þeim búnaði sem óhjákvæmilegur er

og láta standa þar tilbúinn árið um kring þótt þau skipti sem varaflugvallar er í raun þörf séu örfá á hverju ári. Það má því ljóst vera að það er afar hagkvæmt ef hægt er að samnýta þýðingarmikinn flugvöll í innanlandsfluginu, sem er í fullum rekstri flesta daga ársins, og þennan væntanlega varaflugvöll. Það er ekki síst sá þáttur sem ég tel nauðsynlegt að athuga mjög vandlega, þ.e. samnýting þessa hvors tveggja.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherslu, herra forseti, svo það valdi ekki nokkrum misskilningi, að út af fyrir sig eru menn sammála um það að æskilegasti kosturinn landfræðilega og líklega veðurfræðilega einnig til að þjóna varaflugvallarhlutverkinu er væntanlega Skagafjörður og þar á eftir kæmu staðir eins og Húsavíkurflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. En því fer fjarri að við búum við það öryggi sem æskilegt væri í flugsamgöngum okkar yfirleitt, á það vantar mikið. Til að mynda vantar næstum alla héraðsflugvelli landsins meiri og minni tækjakost og jafnvel sjálfar brautirnar eru þannig að það er langt frá því að við búum við það öryggi sem æskilegt væri. Því er hér um mat að ræða á verkefni sem við höfum sinnt af miklum vanefnum undanfarin ár.

Æskilegast væri að við gætum leyft okkur þá ráðstöfun að byggja fullkominn varaflugvöll og hafa hann í fullum rekstri þar sem aðstæður eru til þess bestar. Um það þarf ekki að þrátta. Spurningin snýst fremur um hitt hvernig við ráðstöfum á skynsamlegastan máta þeim takmörkuðu fjármunum sem við virðumst hafa til að láta renna til flugsamgangnanna.

Hér er sem sagt lögð til ákveðin tilhögun sem tvímælalaust yrði hagkvæm, mjög hagkvæm, bæði hvað varðar stofnkostnað og rekstur ef hún er fær með fullnægjandi hætti. Sem betur fer, vil ég segja, bendir ýmislegt til þess að þessi leið geti leyst þetta mál fyrir okkur á fullnægjandi hátt og vel viðunandi hátt, a.m.k. brúað það tímabil þangað til við teljum okkur það vel efnum búin og þangað komin í uppbyggingu flugsamgangnanna að við getum farið að huga að því að byggja alveg sérstaklega varaflugvöll til að þjóna því hlutverki einkum og sér í lagi.

Að lokum vil ég sérstaklega leggja áherslu á það, herra forseti, að öryggi er mjög takmarkað, því er mjög ábótavant í flugsamgöngunum eins og þær ganga fyrir sig hjá okkur í dag. Þeir flugvellir eru tiltölulega fáir hér í landi sem hægt er að segja að virkilega standist þær kröfur sem gera á og gera verður til flugvalla hvað öryggismál snertir. Hvað varðar hins vegar varaflugvöllinn sem slíkan þá er hann ekki síður rekstrarlegt atriði, hagkvæmnisatriði heldur en öryggisatriði. Þess vegna er hér um mat helstu kostnaðarþátta að ræða til viðbótar öryggissjónarmiðunum. Það er ljóst að flugfélögin geta og hafa leyst það vandamál að hafa ekki fullbúinn varaflugvöll með því að notast við varaflugvelli í öðrum löndum. Að því er mikið óhagræði og má vissulega rökstyðja að það sé ekki heldur jafnæskilegt frá öryggissjónarmiðum. En þannig hefur þetta mál þó verið leyst og þar með er ekki síður um að ræða hagræðingaratriði í rekstri flugfélaganna heldur en öryggisatriði þó það fari þar að nokkru leyti saman. Síðast en ekki síst er þetta spurning um ráðstöfun fjár, fjár sem ég að vísu held fram að þyrfti verulega að auka og eigi að auka á næstu árum, því að þjóð sem byggir jafnmikið á flugsamgöngum og við Íslendingar er tæpast sæmandi að ráðstafa ekki hærri fjárhæðum í þennan málaflokk á hverju ári en raun ber vitni. Vonandi förum við á næstu árum að verja meira fé til þessara mála. Þá kann svo að fara innan tiltölulega fárra ára að ekki verði deilt um einn stað eða tvo, að við höfum þá e.t.v. möguleika á því að gera nokkra flugvelli á mismunandi landsvæðum svo úr garði að þeir geti þjónað varaflugvallarhlutverki.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. gangi til hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Á mörgum undanförnum árum hefur verið rætt um það hver nauðsyn væri að koma upp varaflugvelli fyrir millilandaflugið að og frá Íslandi. Að athugunum á þessu máli hefur verið unnið á vegum flugmálayfirvalda og flugráð og nefndir, sem um þetta hafa fjallað, hafa komist að niðurstöðu í þessu efni. Rætt hefur verið um a.m.k. fjóra staði sem hugsanlega fyrir varaflugvöll fyrir millilandaflugið, þ.e. Sauðárkrók, Akureyri, Húsavík og Egilsstaði.

Þær nefndir sem um þetta mál hafa fjallað hafa komist að þeirri niðurstöðu að Sauðárkrókur væri álitlegasti staðurinn fyrir varaflugvöll af þessum fjórum og þar með álitlegasti staðurinn á Íslandi og flugráð hefur eindregið lagt til að slík ákvörðun verði endanlega tekin. Hæstv. samgrh. hefur lýst í raun samþykki sínu við þessa stefnu en hann hefur ekki endanlega staðfest þær tillögur sem fyrir liggja um þetta efni vegna þess að enn skortir nokkuð á að tiltekin formsatriði séu leyst varðandi lengingu flugbrautar á Sauðárkróki og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru fyrir varaflugvöll. Væntanlega munu þau atriði leysast innan skamms og væntanlega þurfa þau formsatriði ekki að koma í veg fyrir endanlega ákvörðun eða staðfestingu á þeim tillögum sem fyrir liggja um þetta efni.

Ég hef ekki við höndina þau gögn sem fyrir liggja um þetta mál, hvorki frá flugráði né frá samgrn., en ég tel að sú athugun sem fram hefur farið hafi verið gerð af fullkominni vandvirkni og þar hafi ekki einungis verið athugaðir þeir möguleikar og þau náttúrlegu skilyrði, sem eru á þessum stöðum og eru mjög breytileg, heldur einnig líklegur kostnaður við framkvæmd þessa máls. Ég tel því að e.t.v. sé verið að gera tilraun til að drepa þessu máli á dreif og hefja um það einhvern kjördæmameting með því að flytja þá till. sem hér liggur fyrir til umræðu. Að

sjálfsögðu er alltaf gott um það að segja að athuga stórmál vel áður en hafist er handa um verk. Væri athugunum sem á undan eru gengnar ábótavant þá væri vissulega till. af þessu tagi tímabær. Ég hef hins vegar ekki litið svo á að þær rannsóknir og þær athuganir, sem fram hafa farið á vegum flugmálayfirvalda, hafi verið gerðar út í bláinn og tel að þar hafi verið fullrar vandvirkni gætt. Þess vegna tel ég að taka megi mark á því sem flugmálayfirvöld leggja til um þessi efni.

Ég held þess vegna að við ættum heldur að sameinast um það að reyna að halda svo á málum að stefnt sé í eina átt í þessum efnum. Og að Norðlendingar ættu að sameinast um það að freista þess að fá til þess fjármagn þegar formsatriði eru leyst að hafist verði handa um þetta verk og því hrundið í framkvæmd. Ég bið því hv. flm. þessarar till. að gæta að í þessum efnum og líta til um það hvort ekki sé rétt að við höfum fullt samstarf um þessi efni og fylgjum þeirri stefnu sem yfirstjórn flugmála hefur markað í þessum efnum.

Ég skal ekki flytja um þetta efni langt mál. Ég vil þó aðeins vitna í setningar í fylgiskjali I með þessari till. en það fylgiskjal er undirritað af Sigurði Aðalsteinssyni sem ég kann ekki frekari deili á. (**HBl:** Hann er sonur Aðalsteins Sigurðssonar.) Já, og ég þekki hann ekkert betur fyrir það. (**Gripið fram í:** Hann er frá Akureyri.) Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef við lítum á þá fjóra flugvelli, sem oft hafa verið nefndir í þessu sambandi, og liggja utan veðursvæðis Reykjanesskagans, þá eru aðflugs- og veðurskilyrði líklega best á Sauðárkróki. Síðan koma Egilsstaðir, Húsavík og loks Akureyri."

Í fylgiskjali með þessari þáltill. er þar með þegar tekið fram að veðurskilyrði, að náttúrufarsleg skilyrði séu lökust á Akureyri af þeim fjórum stöðum sem nefndir hafa verið sem hugsanlegir í þessu skyni. Í annan stað segir hér í sama fylgiskjali, með leyfi hæstv. forseta:

„Blind-aðflugið á Akureyrarflugvelli er hið lakasta af stöðunum fjórum þótt það hafi reynst mjög vel."

Hér segir vissulega að blind-aðflug að Akureyrarflugvelli hafi reynst mjög vel og því fer betur. Hefði það brugðist hefðu stórslys orðið. En það segir engu að síður að blind-aðflugsskilyrði að Akureyrarflugvelli séu lakari en á öllum hinum stöðunum þremur. Hvort tveggja í senn, aðflugsskilyrði og veðurfarsskilyrði og önnur náttúrufarsleg skilyrði eru þar með lakari á Akureyrarflugvelli en á hinum stöðunum þremur sem nefndir hafa verið og er talið að líklega séu best á Sauðárkróki. Þetta er auðvitað afarmikilvægt mál í þessum efnum öllum. Ef við erum í alvöru að tala um að byggja upp öryggisflugvöll, varaflugvöll fyrir millilandaflugið, þá getum við ekki gengið fram hjá því að athuga veðurfarsskilyrði, aðflugsskilyrði og önnur náttúrufarsleg skilyrði, sem eru nauðsynleg forsenda fyrir því að um öryggi farþega og flugáhafna sé að ræða ef grípa þarf til þess að nýta sér varaflugvöll. Þetta eru meginmál, þetta eru alger meginmál.

Ég leyfi mér svo enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér nokkrar setningar úr viðtali við Ingimar K. Sveinbjörnsson, sem er einn reyndasti flugstjóri úr flugstjórnarliði Flugleiða, í blaðinu Íslendingi fyrir nokkrum árum.

Í viðtalinu segir Ingimar að tvær leiðir varðandi Akureyrarflugvöll komi til greina. Í fyrsta lagi óbreytt staðsetning, í öðru lagi nýr flugvöllur út á Gáseyrum, og það er hans tillaga. En varðandi þann flugvöll á þeim stað þar sem hann er nú segir hann m.a. að hann vilji ekki leggja á sína farþega að taka í blindflugi flugvél niður úr suðri í hvössu veðri og hann ræðir mikið um erfiðleika sem fylgja því að hringsóla um Eyjafjörð utan Gáseyrar, vegna þess að þar sé oft bjart þó blint sé og lokað á Akureyrarflugvelli. Hann segir:

„Við flugmenn sem fljúgum að staðaldri til Akureyrar vitum að dimmviðri er oftast meira á Akureyrarflugvelli heldur en á svæðinu við Gáseyri. Gaman hefði ég af að hafa upplýsingar um hve oft ég væri búinn að hringsóla í nálægð Gáseyrar í þokkalegu veðri þegar ekki hefur verið hægt að lenda á Akureyrarflugvelli."

Flugmaður sem ætlar að lenda á Akureyrarflugvelli hringsólar fyrir utan Gáseyri ef hann ætlar að lenda á Akureyrarflugvelli frá norðri, þ.e. í sunnanátt. Og Ingimar ítrekar að gaman væri að vita hversu oft flugmenn frá Flugleiðum væru búnir að hringsóla á þessu svæði og komast ekki niður á flugbrautina við Akureyri einmitt þegar veðurskilyrði eru þannig. Þess vegna leggur hann til að framtíð Akureyrarflugvallar verði á þann máta að byggja hann upp við Gáseyri. Það er vitaskuld úr sögunni. En ég held að þessi hugmynd þeirra hv. þm. af Norðurl. e. verði líka úr sögunni.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. þm. munu efalaust álíta að erindi mitt upp í ræðustól sé að taka þátt í kjördæmaslag um varaflugvöll. Ég er sömu skoðunar og aðrir að auðvitað þarf að byggja varaflugvöll ef við mönnum okkur upp í það einhvern tímann að leggja til flugmála þá lágmarksfjárhæð sem verkefnin þarfnast. Hins vegar undrast ég dálítið hvað umræða síðustu vikna hefur snúist um varaflugvelli fyrir millilandaflug, en það hörmulega ástand sem ríkir í mannvirkjum fyrir innanlandsflugið er gleymt má segja. Auðvitað má halda því fram að við berum þarna nokkra sök, þingmenn, að hafa ekki haldið betur á þessum málaflokki en raun ber vitni, en ég vil ekki láta hjá líða að minna á þetta við þessa umræðu.

Það er sjálfsagt að byggja varaflugvöll fyrir millilandaflug, en ég vil taka undir það, sem hefur komið fram við þessa umræðu, að það er höfuðatriðið að sú fjárfesting nýtist fyrir innanlandsflugið jafnframt því að varaflugvöllur er afskaplega lítið notaður fyrir millilandaflug. Hann er öryggisatriði og hann gerir að verkum að flugvélar þurfa ekki að bera eins

mikið eldsneyti yfir hafið þó að maður hafi heyrt ýmsar skoðanir á því hve virkt það muni vera í raun, a.m.k. í Ameríkufluginu, því að flugvélar taki ætíð fullt eldsneyti á þeirri leið án tillits til varavalla. Þær skoðanir hefur maður heyrt einnig.

Erindi mitt upp í þennan ræðustól nú, af því að flugmál eru til umræðu, var að minna á innanlandsflugið og m.a. að minna á að austur á Egilsstöðum er flugvöllur sem er gífurlega mikið notaður fyrir innanlandsflug. Um þann flugvöll fóru á árinu 1985 65 000 manns og hann er samgöngumiðstöð Austurlands. Þessi flugvöllur er í þannig ástandi að iðulega er hann ófær vegna aurbleytu. Það eru reyndar ekki margir dagar á ári, en hitt er öllu alvarlegra að þessi aurbleyta gerir það að verkum að öryggið minnkar. Ég hef oftlega farið sjálfur á milli Egilsstaða og Reykjavíkur og flýg mjög mikið á þeirri leið. Ég hef horft á það þegar menn hafa verið að skola aurbleytu af hjólastelli Fokker-vélanna. Mönnum er ekkert rótt í sinni þegar þeir horfa á slíkar athafnir. Vatn og aurbleyta geta gert að verkum að öryggið minnkar og þegar frýs fari hjólastellin jafnvel ekki niður með eðlilegum hætti. Svona er ástandið sjálfsagt víðar, en ég minni á að ástandið er svona á þessum mikla umferðarvelli og samgöngumiðstöð þarna fyrir austan.

Það hafa gengið um það yfirlýsingar frá samgrh. að uppbygging Egilsstaðaflugvallar verði næsta stórverkefnið í uppbyggingu flugmannvirkja hér á landi og ég vonast til þess að þingheimur sé á sama máli hvað sem öllum varavallarumræðum líður. Ég minni á að Egilsstaðaflugvöllur er völlur það sem stundað er millilandaflug til Evrópu, héðan frá Reykjavík í gegnum Egilsstaði til Færeyja, þannig að frá þeim velli væri hægt að stunda flug til Evrópu í vaxandi mæli ef hann væri vel upp byggður. Það væri hægt að stunda það flug frá Austurlandi.

Ég vildi ekki láta hjá líða að minna á þessi atriði í ræðu við þessa umræðu án þess að blanda mér í deilur Norðlendinga um hvort varavöllur á að vera á Akureyri eða Sauðárkróki. Ég held satt að segja, eins og komið hefur fram, að veðurfarslega sé Sauðárkrókur betri til þeirra hluta, en að sjálfsögðu kemur Egilsstaðaflugvöllur fyllilega til greina sem slíkur ef út í það er farið. Hann kemur næstur Sauðárkróki hvað veðurfar snertir.

Ég undirstrika að sú fjárfesting sem verður lögð í varavöll hér á landi nýtist innanlandsfluginu. Það verður a.m.k. að verða mikil breyting á fjárframlögum til flugmála ef við höfum nógum fjármunum úr að spila allt í einu, en ef menn taka jafnmikið lánsfé og til flugstöðvar í Keflavík til innanlandsflugsins rætist kannske úr, ef menn halda áfram slíkum lántökum.

En ég minni á þá yfirlýsingu samgrh. að Egilsstaðaflugvöllur sé næsta stórverkefni í flugmálum og ég vona að menn séu á sama máli, að það þurfi að byggja upp þennan ónýta völl þannig að hann geti þjónað sem samgöngumiðstöð fyrir Austurland og sem stökkpallur okkar yfir til nágrannalandanna.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg. Ég verð að segja fyrir það fyrsta að ég varð undrandi þegar ég sá þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Ég hélt satt að segja að Norðlendingar allir bæru gæfu til að standa saman í þessu máli þegar niðurstöður lægju fyrir sem hinir hæfustu menn hafa unnið að. Ekki er rétt að segja Norðlendingar allir. Þetta er ekki einkamál okkar Norðlendinga. Þetta er málefni allra. Þetta verður öryggisvöllur fyrir Íslendinga alla og reyndar miklu fleiri. Þess vegna bið ég menn að fjalla um þetta mál af sem mestri hófsemi og taka rökum í þessu máli.

Það eru í þessari þáltill. nokkrir punktar sem mig langar til að byrja á að fara yfir. Hér stendur í grg., ef ég má lesa hana, með leyfi forseta:

„Í því sambandi hefur verið rætt um ýmsa staði norðanlands og austan án þess að menn hafi orðið á eitt sáttir um hvar best væri að hafa slíkan flugvöll."

Það má vel vera að þetta sé að einhverju leyti rétt. Auðvitað verða menn aldrei allir á eitt sáttir, en þeir menn sem kvaddir hafa verið til og unnið hafa þær áætlanir sem niðurstöður munu verða byggðar á hafa orðið á eitt sáttir. Ég hélt satt að segja að flm. þessarar till. vissu það.

Hér segir neðar, með leyfi forseta: „... hvort Akureyrarflugvöllur, sem fyrir er í fullum rekstri, getur ekki þjónað þessu hlutverki með litlum úrbótum."

Ég átta mig ekki alveg á því hvað menn eru að fara þarna. Ég verð að segja það. Ég næ því bara ekki, en það kemur sjálfsagt fram, um hvað menn eru að tala. Eru menn ekki fyrst og fremst að tala í þessu máli um öryggisþáttinn? Það er það sem vinnan hefur verið lögð í.

Hér stendur einnig í fskj. sem merkt er I og Sigurður Aðalsteinsson skrifar undir, flugstjóri:

„Mikið hefur verið rætt um hugsanlegan varaflugvöll fyrir millilandaflugið, en því miður hafa sjónarmið flestra verið lituð af eiginhagsmunum eða héraðaríg."

Ég ætla að lesa aðeins á eftir áður en ég lýk máli mínu úr þeirri skýrslu sem liggur fyrir. Ég held að það hljóti að vera erfitt að átta sig á því hvað menn eru að fara. Eru það þeir menn sem hafa verið með einhvern héraðaríg, hinir hæfustu flugstjórnarmenn sem til hafa verið kallaðir eða þeir sem sitja í flugráði? Ég held að við séum ekki að gera málinu greiða með að fjalla um það á þennan hátt.

Auðvitað segir Sigurður meira. Hann segir nærri neðst í sinni grg.:

„Blind-aðflugið á Akureyrarflugvelli er hið lakasta af stöðunum fjórum þótt það hafi reynst mjög vel."

Mér finnst að þetta sanni að Akureyrarflugvöllur er síst inni í þessari mynd.

Hér er einnig á fskj. II viðtal Alberts Jónssonar fréttamanns við Hilmar Baldursson flugmann sem birtist í Ríkisútvarpinu 13. nóv. s.l. Þar segir Hilmar

Baldursson:

„Ég er sammála þeirri niðurstöðu, sem komist hefur verið að varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki, að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur, en ég sé ekki í sjónmáli að búinn verði til varaflugvöllur á Sauðárkróki kostnaðarins vegna."

Hver eru rökin fyrir þessu? Vita ekki flm. þessarar till. að flugvöllurinn á Akureyri er styttri en flugvöllurinn á Sauðárkóki? Menn eru alveg klárir á því? Er það ekki? Mér heyrist það ekki. Flugbrautin á Akureyri er styttri en flugbrautin á Sauðárkróki. Að vísu er rétt að það er eftir að malbika Sauðárkróksflugvöll, en dettur mönnum í hug að Sauðárkróksflugvöllur verði ekki malbikaður hvort sem hann verður varaflugvöllur eða ekki? Dettur mönnum í hug að þó ekki sé búið að byggja flugstöð við Sauðárkróksflugvöll heldur sé þar lélegur timburskúr, einn sá lélegasti á landinu, verði svo til frambúðar hvort sem við erum að tala um varaflugvöll eða flugvöll sem á að þjóna innanlandsfluginu? Vitaskuld verður byggð flugstöð við Sauðárkróksflugvöll eins og aðra flugvelli.

En af hverju er ekki búið að malbika Sauðárkróksflugvöll? Af hverju ekki? (**SJS:** Fara ekki peningarnir í flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli?) Nei, ekki er það rétt. Menn hafa m.a. verið að bíða eftir ákvörðun í þessum efnum. Menn mega ekki hlaupa yfir þann þátt, sem hefur verið tekinn með inn í þessa mynd, það er að leggja hita í flugbrautirnar á Sauðárkróksflugvelli. Það á sem sé að leggja hita í brautirnar og búa hann þannig afísingarbúnaði. Það yrði fyrsti og eini flugvöllurinn í heiminum sem hefði slíkan búnað. En ég er sannfærður um það, og það segja mér fleiri sem um þetta hafa fjallað af tæknimönnum, að ekki sé vafamál að það muni fleiri vellir og það miklu fleiri fylgja á eftir ef sú tilraun, sem þarna er verið að tala um að gera, mundi gefast vel. Þess vegna hafa menn haldið að sér höndum með það að leggja slitlag á Sauðárkróksflugvöll þangað til þetta lægi fyrir og tilraunin yrði gerð. Það liggur fyrir samþykkt frá bæjarstjórn Sauðárkróks um að heitt vatn sé til staðar til að leggja í þessa framkvæmd.

Í umsögn þeirra sérfræðinga sem fengnir voru til að fjalla um þessi mál kemur óyggjandi fram að Sauðárkróksflugvöllur sé heppilegastur flugvalla til að gegna því hlutverki sem hér er verið að fjalla um. Það er einnig ljóst að varaflugvöllur, og þá er sama hvort hann er á Sauðárkróki eða einhvers staðar annars staðar, en þær skýrslur sem ég hef séð um þetta byggja á því að varaflugvöllur sé á Sauðárkróki, sparar Íslendingum marga tugi milljóna króna á ári. (**SJS:** Er þá ekki best að fá hann sem fyrst?) Jú, það væri best að fá hann sem fyrst.

En ég verð að segja um þennan sparnað að við megum ekki um of mæna á hann. Það er öryggið sem skiptir hér mestu máli og á að vera númer 1, 2 og 3. Ég viðurkenni að á Sauðárkróki, eins og kemur fram í tillögunni, eru ekki eins og á Akureyri góð hótel, veitingahús. Það er fallegt á Akureyri. Það er rétt. Það er einn fallegasti staður landsins. Það er allt rétt, en menn lenda ekki á því. Ég viðurkenni líka að þar eru fleiri sjoppur og sjallar á Akureyri en á Sauðárkróki. (**ÓÞÞ:** Menn geta nú lent á því.) Já, menn gætu lent á því fyrir norðan, það er rétt, og hafa gert. En þetta er ekki spurningin. Spurningin er um öryggið. Spurningin er um öryggi farþega og flugáhafna.

Að endingu vil ég lesa aðeins, með leyfi forseta, það sem segir í áliti þeirra manna sem til voru kvaddir um þessa fjóra valkosti. Um Akureyri segir:

„Nefndin telur að möguleikinn til blindflugs á Akureyri sé fyrir ofan það mark sem nauðsynlegt telst til þess að nota þann flugvöll sem varaflugvöll í millilandaflugi."

Egilsstaðir: „Brautarlengd á Egilsstöðum er um 1500 m, en hægt er að lengja brautina í 1800 m. Nauðsynlegt yrði að skipta alveg um jarðveg. Aðflugsskilyrði eru ekki góð. Umtalsverð hindrun í aðflugi."

Húsavík: „Flugbrautin er 1560 m. Er talið mögulegt að lengja hana í 2700 m. Lenging þyrfti að vera til norðurs því með lengingu til suðurs yrðu aðflugstæki illa staðsett og líklega ekki hægt að fá hallageisla fyrir aðflug úr suðri. Talið er að undirstaða flugvallarins sé óviss þar sem byggt er á hrauni. Umhverfi vallarins er betra en á Egilsstöðum og Akureyri. Hindrun til suðurenda flugbrautarinnar gerir aðflug óhagstæðara en á Sauðárkróki sem er hindrunarlaust."

Um Sauðárkróksflugvöll segir, herra forseti, og nú er ég alveg að ljúka máli mínu: „Lengd flugbrautarinnar er 2014 m, en talið er mögulegt að lengja hana tiltölulega kostnaðarlítið um 290 m. Með umtalsverðum kostnaði má fá nánast ótakmarkaða brautarlengingu til suðurs. Undirstaða vallarins er góð."

Hér er sagt miklu meira um ágæti Sauðárkróksflugvallar, bæði um bygginguna og veðurfarsskilyrðin, en niðurlagsorðin eru þessi: „Með tilliti til ofanritaðs er það sameiginleg skoðun nefndarinnar að Sauðárkrókur sé hagstæðasta valið um varaflugvöll í millilandaflugi og mæti þeim kröfum sem gera verði til slíks flugvallar."

Undir þetta rita Jóhannes Snorrason flugstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Arngrímur Jónsson, Jón Óttar Ólafsson, Magnús Guðmundsson, Reidar Kolsö og Stefán Gunnarsson.

Ég vona að menn sjái að hér hafa hinir hæfustu menn verið kvaddir til til að finna lausn á þessu máli. Ég bið þess vegna menn að tefja ekki framgang þessa máls og efna til óvinafagnaðar, allra síst á milli okkar Norðlendinga.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að fram komi till. af því tagi sem hér er til umræðu um athugun á möguleikum varðandi varaflugvöll fyrir millilandaflug. Þessi till. fjallar um Akureyri, en það eru

auðvitað fleiri staðir á landinu sem nauðsynlegt er að athuga allar aðstæður á varðandi það stóra mál hvar sé eðlilegt að tryggja fyrir framtíðaraðstæður hér varaflugvöll miðað við þær kröfur og það bolmagn sem þjóðfélag okkar býr yfir til að koma slíkri aðstöðu upp.

Um skeið var litið til Austurlands og nágrennis Egilsstaða í þessu sambandi og auðvitað hljóta möguleikar í þeim landshluta að vera einnig til athugunar áður en mál af þessu tagi er til lykta leitt.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að ég sem þm. Austurlands bendi á þá góðu möguleika sem þar eru til að koma upp slíkri aðstöðu, batnandi möguleikar ef og þegar ráðist verður í þá bráðnauðsynlegu framkvæmd að byggja nýja flugbraut á Egilsstöðum sem mun ekki aðeins bæta lendingarskilyrði miðað við það forað sem menn búa við þar heldur stórbæta lendingaraðstöðu vegna þess að þá er breytt aðflugslínu frá því sem nú er þar sem klettaholt í nágrenni flugvallar gerir aðflugið erfiðara en æskilegt væri og tekin er upp ný aðflugsstefna sem ber yfir Lagarfljót þar sem þessar hindranir eru úr sögunni.

Ég hef ekki séð neinn æðsta dóm í þessu máli og undrast að menn telji sig hafa fundið púðrið í þessum efnum á Norðurlandi vestra öðrum landshlutum fremur og er þó síður en svo að misvirða það við hv. þm. þess kjördæmis að benda á aðstöðuna og góða möguleika í Skagafirði fyrir slíkan flugvöll. En er það ekki sitthvað sem nærtækara er í okkar flugmálum en að metast um það á Alþingi hvar eigi að byggja upp óskaaðstöðu fyrir varaflugvöll fyrir millilandaflugið? Er ekki sitthvað nærtækara? Hvar er það fjármagn sem er ætlað að ráðstafa til framkvæmda af því tagi sem er til umræðu í tengslum við þessa tillögu þegar það liggur fyrir að framkvæmdir í flugmálum hafa verið sáralitlar á undanförnum árum, hafa rýrnað frá ári til árs eins og aðrir framkvæmdaþættir þar sem ríkisstjórnin hefur t.d. í fjárlagafrv. næsta árs lækkað í krónutölu þá upphæð sem ætluð er til framkvæmda í flugmálum niður í 60 millj. alls sem á að skipta á einstakar framkvæmdir í öllum landshlutum? Við höfum orð fyrir því að Egilsstaðaflugvöllur eigi að vera eitt fyrsta ef ekki fyrsta stórverkefnið eða meiri háttar framkvæmdin ef úr raknar þessari óskapa kreppu í fjárveitingum til flugmálanna. Við erum ekki búin að fá í hendur enn þá álitsgerð þeirrar nefndar sem skipuð var líklega 1984 til að gera tillögur um þau efni og ég hygg einnig fjalla um varaflugvallarmálið, án þess að ég sé því sérstaklega kunnugur. Það mun enn þá vera í höndum ráðherra sem hefur hins vegar fengið það frá þeirri nefnd sem hann skipaði. Seint og um síðir lauk sú nefnd störfum. Ég tel út af fyrir sig að það sé ekkert fast í hendi fyrr en við sjáum hvernig um málin er fjallað í þeirri skýrslu sem vissulega er bara tillaga. Það hafa fyrr komið fram tillögur og gildar áætlanir í sambandi við flugmál, ég hygg á árinu 1976 eða 1977, sem ein slík áætlun sá dagsins ljós, en í reynd var tiltölulega lítið mið tekið af þeim tillögum sem þar lágu fyrir um auknar áherslur á þesssu sviði.

Ég spurði: Hvar er fjármagnið sem menn ætla að verja til framkvæmda eins og varaflugvallar fyrir millilandaflug? Jú, það hefur aðeins heyrst úr röðum hæstv. ríkisstjórnar að það sé verið að horfa til að leita fjármagns frá hernaðarbandalaginu sem við erum aðilar að, frá Atlantshafsbandalaginu, til að byggja upp þennan flugvöll að verulegu leyti. Er það hugur manna á Alþingi að það verði farið með betlistafinn í þann sjóð og ýta undir að þessi varaflugvöllur, hvar sem hann risi, yrði ný herstöð af tegundinni Keflavík, kannske eitthvað minni í sniðum? Ég tel nauðsynlegt að benda á þessar hugmyndir í tengslum við þetta mál. Þessi mál bar á góma á flokksþingi hjá öðrum stjórnarflokkanna nýverið. Þar var aldinn höfðingi sem varaði sérstaklega við þeim hugmyndum sem hafa verið á kreiki í þessum efnum, Þórarinn Þórarinsson, fyrrv. ritstjóri Tímans. Og hygg ég að hann viti nokkuð hvað klukkan slær, sá gamli, í þeim efnum. Hann hefur fylgst með utanríkismálum og ýmsu í kringum þau frá því að ég man eftir mér. Ég las hann mér til uppbyggingar á æskuárum, en Tíminn var helsta blaðaefnið sem barst á mínar slóðir (**Menntmrh.:** Uppeldið mistókst þar.) og ég tel að það hafi verið ágæt næring eða betri en engin á þeim tíma og ólíku saman að jafna við Ísafold og Vörð sem var hitt fóðrið sem barst inn á mitt æskuheimili. — Menn fréttu af þessu flokksþingi að fyrrv. ritstjóri Tímans hefði lýst því yfir að ef þarna væri á ferðinni einhvers konar herstöð, dulbúin eða ódulbúin, væri stuðningi hans við Framsfl. lokið. Og þetta þóttu nokkur tíðindi. Meira að segja sá hæstv. forsrh. sig knúinn til að gefa yfirlýsingu, og það stendur oft ekkert á yfirlýsingunum úr þeim garði, vegna þess að hann upplýsti það á flokksþingi framsóknarmannna að það hefði ekkert verið til umræðu að sækja í þennan sjóð eða koma upp herstöð í tengslum við varaflugvöll. En eftir að hann hafði hugsað sig aðeins um gaf hann aðra yfirlýsingu, hún kom fram í hljóðvarpinu eftir ríkisstjórnarfund. Þar sagði hæstv. forsrh.: Jú, að vísu hefði nú verið eitthvað um það rætt að leita í þennan framkvæmdasjóð NATO en ríkisstjórnin ætti í þeim viðræðum á þeim grundvelli að þarna yrði ekki um hernaðarframkvæmd að ræða. Þetta var listileg yfirlýsing af hálfu forsrh. og honum mjög lík.

Þetta mál er ekki búið, herra forseti, og ég þarf ekki að lengja mitt mál hér að þessu sinni. Ég vil taka undir aðvörunarorð Þórarins Þórarinssonar í tengslum við þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að við alþm. horfum til allra átta þegar verið er að fjalla um uppbyggingu af þessu tagi sem hér er til umræðu. Ég held að við ættum að horfa til aðstöðu nú á næstu árum sem yrði í einhverju samræmi við framkvæmdagetu íslensks samfélags og vilja manna til þess að byggja upp aðstöðu fyrir flugið innanlands og millilandaflugið að svo miklu leyti sem það er á okkar færi og auðvitað þurfa menn að taka á þeim málum eins og svo mörgum öðrum með allt öðrum hætti en gerst hefur í tíð núverandi

skömmtunarríkisstjórnar í opinberum framkvæmdum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. 5. þm. Austurl. gat ekki fjallað um samgöngumál okkar og öryggismál í öðrum tón en þeim að draga taum þeirra sem honum eru kærastir. Hann kallar það hernaðarframkvæmdir ef við Íslendingar reynum að búa þannig um okkar öryggi að við getum verið sæmilega tryggir gagnvart risanum í austri. Á sama tíma og frændur vorir á Norðurlöndum hafa vaxandi áhyggjur af yfirgangi hins austræna risa stendur þessi þm. hér upp og veifar sprota Þórarins Þórarinssonar framan í okkur og er nú ekki við góðu að búast ef það var hans gagn og gaman að lesa skrif Þórarins Þórarinssonar um utanríkismál. Ég verð nú að segja að það væri hægt að hugsa sér skemmtilegri og hollari lestur ungum piltum en þennan og raunar mesta furða hvað hv. þm. hefur á ýmsum málum þó skynsamlegar skoðanir að hafa orðið að búa við þetta í æsku sinni.

Ég vil segja það fyrst að það er síður en svo að hægt sé að lesa úr þessari tillögu sem hér liggur fyrir neina andstöðu við það að hér verði byggður varaflugvöllur búinn fullkomnum tækjum annars staðar en á Akureyri ef það verður talið af okkur sjálfum og frændþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu nauðsynlegt vegna öryggis okkar sjálfra og sameiginlegs öryggis þessara frændþjóða. Það skyldi enginn maður túlka þessa tillögu á þann veg og er hreinn útúrsnúningur svo ekki sé meira sagt. Hitt hlýtur að vera eðlilegt að við þm. Norðurl. e. viljum fá úr því skorið hvort þeir möguleikar sem gert er ráð fyrir í tillögunni séu raunhæfir og hvort minni háttar úrbætur á Akureyrarflugvelli teljist fullnægjandi sem varaflugvöllur. Ég held að menn verði að skilja tillöguna eins og hún er orðuð.

Hitt er svo annað mál að ef menn vilja á annað borð verja miklu fé til varaflugvallar hljóta sjónarmiðin að verða önnur og þá vil ég segja að engu að síður geti komið til álita að kanna hvort sú hugmynd sé ekki enn tímabær sem sá reyndi flugmaður, Ingimar K. Sveinbjörnsson, gerði grein fyrir í Íslendingi fyrir tíu árum síðan eða svo, að kannaðir verði möguleikar á því hvað kosti að byggja nýjan flugvöll við Gáseyri og er skýringin auðvitað sú að á Akureyri er völ á miklu meiri þjónustu hvort sem við erum að tala í sambandi við öryggismál, hótelrými eða eitthvað annað. Þar er mikið og gott sjúkrahús, fullkomin læknisaðstoð við hendina ef slys ber að garði, þar er miklu fullkomnara slökkvilið en á Húsavík og þar fram eftir götunum. Um þessa hugmynd segir Ingimar K. Sveinbjörnsson í sinni grein sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði til áðan og ég þakka honum fyrir að hafa tekið af mér ómakið að lesa það upp sem hann gerði hér og vísa til ræðu hans um þau efni. Þeir punktar sem hann minntist á verða auðvitað líka að koma fram til þess að rétt mynd fáist af því sem Ingimar vill segja. En þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Um kosti þess að byggja nýjan flugvöll við Gáseyri: Þeir eru að aðflug og brottflugsmöguleikar yrðu betri, hægt væri að byggja þverbraut inn í Hörgárdal, þá yrði sennilega hægt að lenda í hvassri austan- og vestanátt. Flugvöllurinn gæfi byggðarlaginu mjög stöðugar samgöngur. Á Akureyri yrði minni hávaði frá þotum í framtíðinni. Flugvöllurinn yrði góður varaflugvöllur fyrir innanlands- og millilandaflug.

Gallar: Á byggingu nýs flugvallar þar er aðeins einn galli: hann er lengra frá aðalbyggð."

Enn fremur segir flugmaðurinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að nýr flugvöllur á Gáseyri gæti orðið mjög fullkominn flugvöllur. Það er mjög mikill kostnaður fylgjandi því að gera flugvöll þannig úr garði að aðflugsaðstaðan verði sú sama og er í dag í Keflavík. Þá framkvæmd er ekki hægt að réttlæta nema um flugvöllinn séu miklir flutningar, þ.e. farþegar og frakt. Eins og nú er þá eru bara tveir flugvellir á landinu fyrir utan Keflavík sem hafa mikla flutninga og það eru Reykjavík og Akureyri. Ég tel að með byggingu flugvallar á Gáseyri og lagfæringu á Reykjavíkurflugvelli þá væri hægt að nálgast mjög aðflugsmöguleika þá sem eru í Keflavík í dag. Ég tel að strax ætti að hefja rannsóknir á svæðinu við Gáseyri, rannsaka jarðlag, vindátt og vindstyrkleika og gera þannig rannsóknir á sama tíma á núverandi Akureyrarflugvelli svo bera megi þær saman."

Auðvitað bera þessi orð það með sér að þau eru sögð og skrifuð fyrir tíu árum en eftir stendur hitt — ef við á annað borð teljum nauðsynlegt að byggja varaflugvöll sem nýtist bæði vegna öryggis okkar, vegna þeirrar gæslu sem höfð er uppi frá Íslandi til þess að við getum staðið við okkar hlut sem fullgildur aðili í varnarsamstarfi vestrænna lýðræðisþjóða og til allrar hamingju eru nú flestir þm. hér inni þannig gerðir að þeir vilji hyggja nokkuð að öryggi sjálfra sín og barna sinna og taka mark á því sem er að gerast úti í hinum stóra heimi. Ef við viljum leggja út í slíkt samstarf og ef frændur vorir eru reiðubúnir til að leggja fram fé að sínum hluta til slíks varaflugvallar verður einnig að endurskoða hvort sú gamla hugmynd um varaflugvöllinn að Gásum sé enn góð og skynsamleg. Ég held að nauðsynlegt sé að þessi skoðun komi strax inn.

Það er ekkert launungarmál að það kom þm. mjög á óvart þegar það fréttist á sínum tíma að ákveðið væri að varaflugvöllur væri staðsettur á Sauðárkróki. Það má færa fyrir því rök að skynsamlegra hefði verið til dæmis að endurskoða með hliðsjón af þeirri hugmynd önnur flugvallarstæði í Aðaldal en það sem varð fyrir valinu að lokum og þar fram eftir götunum. Ég skal ekki hafa um það svo sem fleiri orð.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. segir að við Norðlendingar eigum ekki að bítast um það hvaða framkvæmdir séu gerðar beggja vegna Tröllaskaga. Þó heyrist mér á

þm. Norðurl. v. að þeir kippist mjög við þegar við kollegar þeirra fyrir austan skagann óskum eftir að fá sanngjarna og eðlilega rannsókn á því hvort skynsamlegt kunni að vera að leggja í bili a.m.k. aukna áherslu á það að bæta Akureyrarflugvöll.

Ég vil svo aðeins til gamans að lokum segja það að þegar ég heimsótti flugturninn á Akureyri með samgrh. fyrir tveimur árum að ég ætla hafði hæstv. samgrh. nýlega lýst því yfir að hugur hans stæði til þess að varaflugvöllur kæmi á Sauðárkróki. Einn flugstjórinn á Akureyri vatt sér þá að honum og óskaði eftir því að fá stöðu sem flugumferðarstjóri á þeim flugvelli, hann taldi að hann mundi hafa af því góðar tekjur en hins vegar yrði vinnudagurinn hægur og ekki mikil umferð sem um þann flugvöll færi þannig að ólíku væri saman að jafna eða erlinum á Akureyrarflugvelli. Þannig að það má horfa á þetta með ýmsum hætti en ég vil, herra forseti, að lokum aðeins ítreka það að útilegging hv. 5. þm. Austurl. á þessu máli er auðvitað algjörlega út í hött og eingöngu í samræmi við hans árättu að geta aldrei litið á sjálfstæðismál Íslendinga, hvort sem þau varða samgöngur við önnur lönd eða öryggi okkar yfir höfuð að tala, án þess að halda á loft þeim sjónarmiðum sem eftirminnileg skil voru gerð á fréttamannafundi í Háskólabíói af þeim manni sem nú er æðsti maður Sovétríkjanna.

Garðar Sigurðsson:

Herra forseti. Ég undraðist að hv. þm. Halldór Blöndal skyldi þurfa að byrja á því í ræðu sinni að hnýta í Þórarin Þórarinsson fyrrv. hv. þm. með svo ósmekklegum hætti.

Herra forseti. Við erum að ræða um möguleika á varavelli. Og spurningin er: Er þessi varaflugvöllur millilandaflugs nauðsynlegur? Við höfum verið án hans lengi og gengið vel, en það hefur að vísu kostað talsvert fé. Í meira en 98% tilfella er hægt að lenda í Keflavík með þeim tækjum sem þar eru, þannig að þörfin er ekki mikil. Lendingar á varavelli yrðu kannske 1–3 á ári og væri þá rólegt fyrir starfslið á Sauðárkróksflugvelli. Ég vil hins vegar árétta það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan, að varaflugvöllur er auðvitað ekki neitt verkefni sem á að vera númer 1, 2 eða 3 í flugmálum á Íslandi. Vandamálin sem við búum við í þessum efnum í flugi á Íslandi og þarfirnar svo margar óuppfylltar að ég tel að varaflugvöllur ætti ekki að komast á dagskrá, hvorki hér né annars staðar, fyrr en eftir nokkur ár í fyrsta lagi.

Það hafa verið samin allítarleg og vandlega unnin álit og áætlanir í flugmálum. T.d. var á árinu 1976 gefin út mikil bók um þetta og núna vorum við að ljúka, nokkrir saman, skýrslu um flugmál á Íslandi sem verður kynnt á morgun en það er bara ekki nóg að útbúa slíkar áætlanir þó nákvæmar séu og vandlega unnar þar sem öll verkefni eru sett í forgangsröð ef ekki eru til peningar. Heildarfjárveitingar til flugmála á Íslandi eru um 60 millj. kr. á ári. Ef við ætlum að vinna þetta verkefni sem flugmálanefnd hefur verið að vinna að á tíu árum þurfum við a.m.k. 200 millj. á ári og liðlega það. Þannig að þessi umræða er, eins og maður segir á gömlu sjómannamáli, komin svolítið út úr kortinu.

Ég held að alþm. sem sitja nú og koma til með að sitja hér á þinginu eigi fyrst og fremst að huga að því sem okkur vantar til eðlilegra samgangna innanlands með sæmilegu öryggi.

Ég verð að segja það hins vegar að það er auðvitað alveg ljóst að það væri mjög gott ef við gætum valið Akureyrarflugvöll sem varaflugvöll. Það er mjög „traffíkeraður" flugvöllur með 110 þús. farþega á ári. Umferðin á Sauðárkróki er tíu sinnum minni, aðeins 10%, 11 000 farþegar á ári. Til samanburðar er t.d. flugumferðin í ágúst í Vestmannaeyjum í einn mánuð meiri en árstraffíkin á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki er hér um bil ekki neitt nema malarflugbraut, að vísu er svokallaður „lokalizer" eða miðlínusendir þarna kominn og þarna eru auðvitað hin ákjósanlegustu skilyrði á margan hátt. En þarna vantar allt. Á Akureyri vantar afar lítið miðað við það sem er á Sauðárkróki. Það er ekki einu sinni malbikuð braut en hún þyrfti helst að vera um 7500 og helst 8000 fet, 2440 m. Og það þyrfti að lengja Akureyrarflugvöll um 500 m til þess að ná því marki og það kostar enga smápeninga. Það kostar talsvert á annað hundrað millj. kr. og meira til ef fullkominn ljósabúnaður er settur upp.

Þarna er eftir upplýsingum flm. allt til alls á Akureyri. Það er t.d. nefnt að þar sé stórt sjúkrahús og allir vita að þar er góð sundlaug og Sjallinn eins og var nefnt áðan og ágætt að lenda í blindflugi í norðanátt. Það er ekki vandamálið sem við erum að eiga við núna. Þegar ólendandi er í Keflavík er venjulega sunnan suðvestan átt eða sunnan suðaustan átt og mjög lágskýjað. Í slíku veðri erum við laus við það á Norðurlandi. Vandamálin liggja ekki í flugleiðsögutækjum, hvorki ILS-system eða MLS sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon nefndi. Það er ekki vandamálið. Það er vandamálið að geta tekið af flugvellinum eða hætt við lendingu við slæm skilyrði ef hreyflar bila og það er m.a. sagt í þskj. og vitnað til Hilmars Baldurssonar, með leyfi forseta:

„Hilmar sagði enn fremur að eina vandamálið varðandi öryggi við Akureyrarflugvöll væri ef hreyfilbilun yrði í DC-8 eða álíka flugvél í slæmu skyggni í aðflugi inn Eyjafjörð."

Í suðlægri átt er auðvitað oft bjart fyrir norðan en ef flugvélar geta ekki með fullu öryggi gert aðflug á Akureyri eða tekið af vellinum með hreyfil bilaðan getum við ekki valið Akureyri. Öryggið er númer eitt.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað margt fleira segja, ég er hérna með heila bók um þetta efni m.a., og auðvitað væri þörf á að ræða þessi mál miklu betur en þau eru að mínum dómi ekki knýjandi og ég held að þegar að því kemur að menn fara að velja varaflugvöll geti Egilsstaðir ekki síður komið til greina hvað öryggi snertir. Það er ákaflega þröngt fyrir hraðfleygar og miklar vélar að lækka sig

niður í þröngan fjörð. Það er mjög þægilegt fyrir þá sem eru vanir þessu, sem eru búnir að stunda þetta í lengri tíma, en útlendir flugmenn, sem aldrei hafa kynnst þessum aðstæðum, miklum óróa í lofti og háum fjöllum til beggja hliða, háum fjöllum í suðri, mundu fáir leggja í það trúi ég.

Ég samþykkti það á sínum tíma í þessari nefnd, og um álit okkar var beðið, að nefna Sauðárkróksflugvöll fyrst. Það kostar þó ekki meira en 188 millj. kr. á verðlagi ársins í fyrra að lengja brautina og malbika hana alla og ganga frá flugvellinum sem svari nægilega kröfum fyrir millilandaflug, það er þó ekki meira. Til samanburðar má nefna að nýja flugbrautin á Egilsstöðum á að kosta meira en 150 millj. kr. En eins og ég segi, það væri auðvitað mjög gaman ef það væri hægt með fullu öryggi að nota Akureyri þar sem allir hlutir eru fyrir hendi en flest þetta vantar á Sauðárkróki.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa umræðu sem hefur orðið og hefur um margt verið gagnleg að ég tel. Ég vil í upphafi taka það fram, sem ég vonandi þarf þó ekki að gera, að ég geng út frá því og tala um að hér sé á ferðinni íslenskt samgöngumannvirki, byggt fyrir íslenskt fé og rekið af okkur Íslendingum og ég ræði þessi mál ekki á öðrum forsendum.

Eitt er staðreynd í þessu máli sem við getum gengið út frá: Akureyri er í dag miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi og reyndar á landsbyggðinni allri. Þetta er auðvitað langmikilvægasti flugvöllur innanlandsflugsins utan Reykjavíkur eins og ég hef margtekið fram í mínu máli. Flugleiðir hafa allt frá þrem, fjórum upp í sjö, átta áætlunarferðir á dag til Akureyrar. Flugfélag Norðurlands er með frá sex og upp í tíu áætlunarferðir á dag til staða um allt Norðurland, til Ísafjarðar og Egilsstaða. Þannig er Akureyri ein höfuðtenging innanlandsflugsins, jafnvel með tilliti til Reykjavíkur, því þar tengjast saman allir fjórðungar með áætlunarflugi. Þar fyrir utan er umtalsvert leiguflug, einkaflug og kennsluflug rekið frá Akureyrarflugvelli sem er stærsti kennsluflugvöllur og þar er rekinn stærsti flugskóli utan Reykjavíkur. Það eru því tugir lendinga og flugtaka á Akureyrarflugvelli á hverjum einasta degi og farþegafjöldi sem þar fer um er geysimikill á íslenskan mælikvarða eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Suðurl. Ég verð að minna hv. þm. sem hér hafa talað á það að þetta mikla áætlunarflug er allt saman rekið á Akureyrarflugvöll og ég vona að menn geri því ekki skóna að öryggi farþega í því flugi sé stofnað í hættu. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé ekki því ég hef mikla trú á því að íslensk flugfélög standi sig í þeim efnum og taki ekki áhættu sem óverjandi er. Það áætlunarflug sem rekið er nú á Akureyrarflugvöll næstum alla daga ársins, á skrúfuþotum, Fokker Friendship-skrúfuþotum, og Boeing-farþegaþotum bæði um jól og páska, það er rekið við núverandi aðstæður og það hefur gengið vel sem betur fer eins og menn vita. Það að fullyrða að ef óhöpp hefðu orðið hefði það getað leitt til alvarlegra slysa á auðvitað við um allar flugsamgöngur. Ef óhöpp verða þar og slys verða þau oftast því miður mjög alvarleg. Það er eðli þessara samgangna.

Ég vil bæta því við, herra forseti, að staða málsins er sú að erlend flugfélög nota nú þegar Akureyrarflugvöll sem varaflugvöll. Í flugturninum á Akureyri fékk ég upplýsingar um það að þeir hafa fengið fyrirspurnir, þeir hafa fengið heimsóknir fagmanna frá erlendum flugfélögum sem hafa verið að gera úttekt á vellinum og a.m.k. tvö evrópsk flugfélög hafa þegar samþykkt völlinn sem slíkan og notað hann og Pan American hefur nýlega gert á honum úttekt og er að láta meta það hvort hann geti dugað þeim sem varaflugvöllur fyrir tveggja hreyfla þotur sem þeir ætla að hefja áætlunarflug á yfir Atlantshafið. Þetta er því staðreynd nú þegar. Vandamálin eru, eins og réttilega kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl., fyrst og fremst þau að blindflugsaðstæður, með þeirri tækni og með þeirri blindflugsleið sem minni flugvélar nota nú, eru of þröngar fyrir vélar af gerðinni DC-8 eða sambærilegar og stærri ef hreyfilbilun verður í aðflugi úr norðri. Hvað varðar að taka af vellinum til suðurs má benda réttilega á það að sem varaflugvöllur minnkar það í raun ekki getu hans því menn tækju ósköp einfaldlega ekki af vellinum aftur við ótryggar aðstæður í þeim tilfellum. Af því gæti að vísu leitt óhagræði en það er ekki öryggisatriði.

Vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að algjör einhugur og samstaða ríki um það að Sauðárkróksflugvöllur verði fyrir valinu og að sú ákvörðun hafi í raun verið tekin, ef skilja mátti mál hans og hv. þm. Stefáns Guðmundssonar svo, vil ég taka fram að það er ekki rétt. Ég hef t.d. birt álit varaformanns flugráðs, Hilmars Baldurssonar, sem er reyndur flugmaður á DC-8 flugvélum og mikill flugáhugamaður, þar sem hann telur bæði nærtækasta og hagstæðasta kostinn vera, miðað við þær aðstæður sem við búum við, að láta þaulkanna hvort Akureyrarflugvöllur geti sinnt þessu hlutverki. Ég verð enn að taka fram, svo menn misskilji það ekki, að engin deila stendur um það, a.m.k. ekki af minni hálfu, að æskilegast væri að við hefðum efni á því að byggja fullkominn varaflugvöll á Sauðárkróki og það helst strax á morgun. Vissulega. Um það er ekki deilt hér. Hér er deilt um aðra hluti, svo sem forgangsröðun verkefna og hagstæðustu kostina með tilliti til þeirra fjármuna og þeirra aðstæðna sem við búum við. Ég hlýt að benda á það, m.a. vegna þess að þm. Austurl. hafa hér nefnt Egilsstaðaflugvöll og þær óviðunandi aðstæður sem þar eru, og ég er þeim hjartanlega sammála. Hvernig yrði ástandið næstu 10–15 árin ef við bindum geysifjármuni í uppbyggingu varaflugvallar miðað við t.d. núverandi fjárveitingar til þessa málaflokks? Ég vil biðja hv. formann fjvn. að hugleiða það örlítið, ef við t.d. færum að ráðstafa af þeim takmörkuðu fjármunum sem við leggjum til

þessa málaflokks, innanlandsflugsamgangnanna, hliðstæðum fjármunum og eiga nú að renna til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli um árabil í svona verkefni, hvernig mundi okkur þá miða á Egilsstöðum og annars staðar þar sem flestu er ábótavant? Við höfum ekki efni á fyllsta öryggi alls staðar í okkar flugsamgöngum. Því miður. Ég hef sjálfur tekið þátt í því að lýsa upp flugvelli úti á landi með bílljósum og lugtum þegar verið var að fljúga sjúkraflug að næturþeli við algerlega óviðunandi aðstæður, þar sem flugmenn okkar leggja sig í lífshættu, svo ekki sé talað um sjúklinginn og lækna og aðra sem með þeim fara, við aðstæður sem eru jafnvel svo hættulegar að það er spurning hvort sjúkraflug er réttlætanlegt undir slíkum kringumstæðum.

Við þetta búum við enn á fjöldamörgum stöðum landið um kring. Þarna er öryggi ábótavant vegna þess að það vantar peninga. Á þetta benti ég í umræðum hér á Alþingi, þegar til umræðu var bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, við litla hrifningu sumra þm. sem töldu að ég væri í raun og veru að saka þá um óhæfu. En ég benti ósköp einfaldlega á það að við erum að velja og hafna og því miður höfum við ekki efni á því enn sem komið er, og því miður er sennilega langt í það, að kaupa okkur alls staðar fyllsta öryggi. Ég hlýt einnig í þessu sambandi að benda á, hafi menn ekki áttað sig á því, að varaflugvallardæmið er ekki eingöngu spurning um öryggi. Það er í raun og veru frekar, og það kemur fram í málsskjölum öllum, spurning um rekstrarhlið málsins. Það er miklu hagkvæmara fyrir flugrekstraraðilana að eiga fullnægjandi varaflugvöll hér á landi vegna eldsneytisbirgðanna og hleðslu flugvélanna. Þetta vita menn. Ég held þó að færa megi að því rök að það sé líka öryggisatriði, og það er það ábyggilega, að hafa varaflugvöllinn hér. Það er án efa æskilegra og þess vegna er það von mín að úr því rætist sem fyrst.

Ég vona sem sagt að það að skoða Akureyri gæti leitt okkur að þeirri niðurstöðu að þessi flugvöllur gæti með tiltölulega litlum úrbótum þjónað þessu hlutverki um sinn á meðan okkur miðar eitthvað áfram í uppbyggingu flugsamgangnanna og þangað til aðrir flugvellir verða komnir í það horf að geta sinnt þessu hlutverki einnig og jafnvel yfirtekið það. Ég held að Sauðárkróksflugvöllur verði tvímælalaust þar mjög ofarlega á blaði. Egilsstaðaflugvöllur hefur einnig ýmsa kosti, m.a. staðsetningu. Hann liggur nálægt Evrópu og flugsamgöngum þangað og gæti t.d. í sambandi við vörudreifingu orðið hagkvæmur af þeim ástæðum einnig, og fleira mætti til taka.

Ég flyt þetta mál ekki sem kjördæmapot og ég hlýt að harma það að menn skuli gera því sérstaklega skóna að þessi till. sé flutt til að ala á úlfúð og ýta undir einhvern kjördæmaríg. Ég nefndi það aldrei á nafn í minni ræðu og þess sér hvergi stað í þessari till. að hún sé á einhvern hátt flutt gegn öðrum valkostum eða möguleikum í þessu efni. Hún er einfaldlega flutt til þess að fá gerða þá rækilegu úttekt sem þarna er talað um og ég tel að það séu full rök fyrir því að fara fram á þessa úttekt einmitt nú. Ég vísa í álit manna eins og Hilmars Baldurssonar og Sigurðar Aðalsteinssonar, sem er flugstjóri og formaður stjórnar Flugfélags Norðurlands og sennilega sá maður íslenskur sem einna mesta reynslu hefur af aðstæðum við Akureyrarflugvöll eftir að vera búinn að fljúga þangað og stjórna flugi þaðan um árabil. Ég vísa í þá þróun, þær breytingar sem eru að eiga sér stað í þessum efnum og fyllilega réttlæta það að mínu mati að fram fari nú ítarleg úttekt á þessum málum.

Ég hlýt að mega upplýsa það hér að varaformaður flugráðs hefur einmitt farið fram á það þar, flutt um það tillögur, að slík úttekt verði gerð og eitthvað hefur verið unnið í þá átt. Það er á því stigi að ekki er rétt að skýra mikið frá því hér og nú, en þessi till. er m.a. flutt í framhaldi af álitsgerð slíkra manna, sem telja að þarna sé kostur sem sé tvímælalaust rétt að þrautkanna áður en menn snúa sér að öðrum möguleikum. Ef niðurstaðan verður sú að jafnvel með tilliti til líklegrar þróunar þessara mála verði Akureyrarflugvöllur ekki mögulegur í þessu skyni, þá hafa menn þá niðurstöðu og ganga síðan út frá henni. Könnun af þessu tagi ætti ekki að þurfa að taka þann tíma né kosta þá töf máls, sem er ekki einu sinni á ákvörðunarstigi enn þá, að það sé ekki réttlætanlegt. Ég hlýt einnig að spyrja hv. þm. Norðurl. v. í framhaldi af þeirra ummælum: Hvað hræðast þeir í sambandi við þessa könnun, við þessa till., ef sú bjargfasta sannfæring þeirra er fyrir hendi að Akureyrarflugvöllur sé ónothæfur í þessu efni eins og mér fannst brydda á í þeirra máli? Hvað hræðast þeir þá? Er þá ekki þeirra hagur í raun að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll með rækilegri úttekt á málinu? Ég hefði haldið það.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í miklar umræður um kostnað í þessu sambandi. Ég vil þó taka fram að þær upplýsingar sem ég hef um kostnað við að lengja flugbrautina á Akureyri eru nokkuð aðrar en þær sem hv. 4. þm. Suðurl. vitnaði í. Ég hef tölur um að sjálf lengingin gæti kostað innan við 30 millj., en með breikkun og malbikun flughlaða og annars slíks væri þetta nær þeirri tölu sem hann nefndi. Ég get t.d. vitnað í það að reikna má með að malbikunin ein kosti um 1000 kr. á hvern fermetra, þ.e. 4+7 cm í malbiki kosti um 1000 kr. á fermetra. Það segir okkur t.d. að malbikun á 2300 metra flugvelli, sem er 45 metra breiður, kostar ein sér á annað hundrað millj. kr. Þannig að sá hluti Akureyrarflugvallar sem þegar er malbikaður með fullnægjandi burði fyrir þotur er ekkert lítil eign, akkúrat í því malbiki. Þar er sem sagt um fleiri tugi millj. kr. sparnað að ræða, bara það malbik sem þar er fyrir hendi.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson ræddi hér um þessi mál og fór á köflum aðeins út fyrir efnið þegar hann tók að ræða um fegurð og sjoppufjölda á einstökum stöðum. Ég hafði nú ekki hugsað mér að draga svo fjarskylda hluti inn í málin

en út af fyrir sig get ég alveg eins haldið hólræður um náttúrufegurð í Skagafirði og Stefán um fegurðina á Akureyri. Ég held að það standi Skagafirði ekkert fyrir þrifum að hann sé svo miklum mun ljótari en Akureyri. En það eru að sjálfsögðu ýmsir aðrir kostir sem menn hljóta að hafa í huga, m.a. öryggisþátturinn ef eitthvað kemur upp á, viðbúnaður í slíkum tilfellum, slökkvilið, sjúkrahús, læknisþjónusta og annað af því tagi. Þetta er fyrir hendi á Akureyri í ágætum mæli eins og nú er.

Spurningin snýst um öryggi, segir hv. 5. þm. Norðurl. v. Það er að hluta til rétt en aðeins að hluta til. Spurningin snýst hér um fleira. Spurningin um öryggi í íslenskum flugmálum snýst um peninga. Spurningin snýst þar af leiðandi einnig um peninga vegna þess að menn þurfa að kaupa öryggið í þessum efnum fyrir peninga. Menn þurfa að byggja sig upp og búa sig út þannig að fyllsta öryggis sé gætt og það er ekki síst á þeim forsendum sem ég tel það í raun og veru ábyrgðarleysi að kanna ekki til hlítar þann kost sem í fyrsta lagi er nærtækastur, vegna þess að það tæki langstystan tíma að bæta þannig aðstæður á Akureyrarflugvelli að hann gæti sinnt þessu hlutverki, og sem í öðru lagi er hagkvæmastur, vegna þess að rekstrarlega séð er það óumdeilanlega hagkvæmasti kosturinn að sameina langþýðingarmesta og fjölfarnasta flugvöllinn í innanlandsfluginu utan Reykjavíkur varaflugvellinum. Það gefur auga leið. Þetta tvennt finnst mér rökstyðja það svo rækilega og segja allt sem segja þarf um að það er skynsamlegt. Og það má segja að það sé ábyrgðarleysi að kanna ekki fyrst til þrautar hvort þessi valkostur, sem hér er flutt till. um, dugi.

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Ég vil að lokum segja að það er ljóst að hvort sem Akureyri verður sérstaklega höfð í huga sem varaflugvöllur eða ekki, þá verður þeim flugvelli ekki haldið á einhverju núlli um áraraðir. Þar verða uppi kröfur um frekari úrbætur vegna þeirrar miklu þýðingar sem flugvöllurinn hefur af sjálfu sér í innanlandssamgöngunum. Og þar verða einhverjar úrbætur í gangi á næstu árum, það er okkur öllum nokkuð ljóst, sem og á öðrum flugvöllum. Þó að svo væri, og þó að svo sé, að Íslendingar séu allir, hver einn og einasti í hjarta sínu sammála um það að þeirra óskavaraflugvöllur gæti orðið á Sauðárkróki eða Egilsstöðum eða öðrum stað sem hefur til þess ákjósanlegar aðstæður, þá er það, og ég undirstrika, þá er það óskavaraflugvöllur. Það er eitthvað sem er okkar framtíðarsýn, okkar ósk, en við lifum í núinu og við reynum að taka tillit til aðstæðna og með það í huga held ég að því verði ekki á móti mælt að þessi till. til þál., sem hér er flutt, sé skynsamleg, hér sé um vandaða málsmeðferð að ræða, till. af vandaðri málsmeðferð, og ég sé í raun ekki hvað menn geta haft á móti slíku.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég kem ekki hér upp til þess að hæla málsmeðferðinni. Ég ætla hins vegar aðeins að benda á fskj. II með þessari till. sem flm. var að tala um og það sem þeir nota sem vopn í sinni baráttu. (**SJS:** Þetta eru upplýsingar í málinu.) Þetta er vopn sem þið notið í ykkar baráttu og er flutt í útvarpinu, viðtal við Hilmar Baldursson, en þar segir hann, og ég les það enn og aftur:

„Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem komist hefur verið að varðandi samanburð á Akureyri og Sauðárkróki“ — og ég bið nú hv. 1. flm. að hlusta vel — „að flugtæknilega og veðurfarslega er Sauðárkrókur mun betri kostur, en ég sé ekki í sjónmáli að búinn verði til varaflugvöllur á Sauðárkróki kostnaðarins vegna.“

Ég segi fyrir mig, og ég sagði það hér áðan, að í mínum huga er þetta ekki bara spursmál um Sauðárkrók eða Akureyri, Húsavík eða Egilsstaði. Það er nr. 1, 2 og 3 í mínum huga að við séum að byggja varaflugvöll öryggisins vegna, bæði farþega- og flugáhafna, hvort sem það kostar milljóninni meira eða minna.

Þar sem menn eru að tala um kostnaðartölur í þessu sambandi og segja að það eigi eftir að malbika flugvöllinn á Sauðárkróki og það eigi eftir að byggja flugstöð á Sauðárkróki, þetta sé allt búið á Akureyri, vil ég spyrja: Meinar þá hv. 1. flm. þessarar till. að það eigi ekki að setja slitlag, hvort sem völlurinn verður varavöllur eða ekki? Það eigi ekki að setja slitlag á flugvöllinn á Sauðárkróki? (**SJS:** Hvers konar útúrsnúningar eru þetta?) Meinar þessi sami flm. það einnig að það eigi ekki að byggja flugstöð við Sauðárkróksflugvöll, hvort sem við erum að tala um að hann verði varaflugvöllur eða ekki? Vitaskuld verður þetta gert. (**SJS:** Auðvitað.) Já, auðvitað. Þess vegna þurfa menn að taka þetta með í reikninginn þegar þeir tala um kostnaðartölur milli þessara tveggja framkvæmda. (**SJS:** Ég tók það fram í bæði skiptin.) Nei, það gerði hv. flm. ekki. Það er nú svo með suma að þeir tala nú svo oft að menn hlusta ekki og það á einmitt við þennan hv. þm. (**SJS:** Þetta er málefnalegt.)

Vegna þess að ég gat ekki klárað hér áðan í máli mínu það sem þessir ágætu menn sem sömdu skýrsluna skrifuðu undir, ætla ég aðeins að lesa niðurlagið á því sem þeir segja um álit sitt á Sauðárkróksflugvelli, og ég ætla að fara yfir það allt saman aftur þannig að það verði enginn misskilningur þar um. Þar segja þeir:

„Lengd flugbrautarinnar er 2014 metrar en talið mögulegt að lengja hana tiltölulega kostnaðarlítið um 290 metra til norðurs og 60 metra til suðurs. Þannig fengist flugbrautin 2364 metrar fyrir lendingu til norðurs og 2264 metrar til lendingar til suðurs. Með verulegum kostnaði má fá nánast ótakmarkaða flugbrautarlengingu til suðurs. Undirstaða vallarins er góð. Umhverfi flugvallarins er ákjósanlegt og óhindrað aðflug úr báðum áttum. Fjarlægð frá Sauðárkróki er 4 km og ætti flugvöllur og bær að geta notað slökkvilið sameiginlega.“

Um þetta hafa þegar farið fram umræður sem skiptir gífurlega miklu máli í því kostnaðartali sem

menn eru hér að tala um. Síðan segir: „Sauðárkrókur er næst Keflavík þeirra valla sem um ræðir." Menn hafa ekkert komið inn á það hér. Það er einnig mjög stórt mál að fjarlægðin skuli ekki vera meiri til Reykjavíkur en raun ber vitni. Innan örfárra ára munu menn fara þetta nokkuð léttilega á flutningabílum á svona fjórum tímum spái ég nú. (Gripið fram í.) Já, ég spái því að þeir muni gera það allléttilega, þannig að menn sjá að það er mikill kostur að losna við að þurfa að fara austur yfir Tröllaskaga eða vestur yfir. Og svo heldur áfram:

„Í samanburði við Húsavík mun Sauðárkrókur vera veðurfarslega hagstæðari þar sem hann stendur í skjóli Tröllaskaga sem dregur úr skýjafari og úrkomu í norðaustanátt og þar af leiðandi mun vera snjóléttara á flugvellinum og nágrenni en almennt gerist á Norðurlandi."

Ég vildi að þetta kæmi hér fram af því að ég gat ekki klárað þennan lestur hér áðan sem þessir heiðursmenn höfðu skrifað undir.

Ég undirstrika það enn og aftur að í mínum huga er það öryggið sem skiptir meginmáli og það hlýtur að vera það sem við erum að sækjast eftir þegar við erum að tala um að byggja upp varaflugvöll fyrir millilandaflugið.

Garðar Sigurðsson:

Herra forseti. Hér tala miklir málafylgjumenn og þá vill nú stundum henda að það sé dálítið á kostnað nákvæmninnar. Ég kann illa við það, þegar verið er að tala um svona alvörumál, að menn séu að reyna að snúa pínulítið út úr, en það er einmitt háttur þeirra sem ákafast flytja sitt mál, þó skörulega sé gert. Það er ekki hægt að líkja því saman að lenda DC-8 þarna við misjöfn skilyrði eða þá fljúga inn á Akureyri á Fokker eða 727 sem er með miklu aflmeiri vél, sem getur farið næstum því beint upp í loftið. Svo er hægt að benda á það að vél getur líka bilað í flugtaki og það er tiltölulega oft sem það gerist.

Varðandi þessar tveggja hreyfla flugvélar, sem hv. flm. nefndi, þá veit ég nú ekki hverjar þær eru, kannske eru það Airbus 310 eða eitthvað svoleiðis, sem er líklegast. Það er nú svo að þeir sem hugsa sér að fljúga með tveggja hreyfla vélum yfir Atlantshafið þurfa öruggan varaflugvöll og ég held að það sé hæpið, þó þekki ég það ekki nægilega vel, en þá held ég að gert sé ráð fyrir því að það sé öruggara að vera með slíkar vélar á Sauðárkróki.

Í einni umsögn Flugleiða um þennan völl segir, með leyfi forseta, vegna þessa atriðis:

„Bendir félagið á að flug tveggja hreyfla þota yfir Atlantshafið auki þörfina fyrir slíkan völl á Íslandi og að veðurspár verði veittar fyrir hann."

Þá kemur fram að Flugleiðir eru sammála niðurstöðu nefndarinnar frá 1980 um að Sauðárkrókur sé hagstæðasti kosturinn. Um þetta er eiginlega ekki rifist. Þetta eru menn almennt sammála um og þó að hv. ákafir flm. séu að vísa í einn sérfræðing eða kannske tvo sem þykir mjög vænt um Akureyri, eins og mér líka raunar, þá eru sérfræðingar, sem við höfum aðgang að í flugmálastjórn í sambandi við okkar vinnu við þetta mikla álit, sammála um það allir að heppilegra sé að hafa völlinn á Sauðárkróki.

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. sagði réttilega að þetta væri alls ekki neitt kjördæmismál og ekki hin minnsta kjördæmislykt af málflutningnum. Þó mun það nú vera svo, ég hef að vísu ekki þskj. hér milli handanna, að flm. eru átta og allir úr Norðurl. e. Þetta er kannske tilviljun og kannske fagleg ráðstöfun, en kannske gæti maður fengið ofurlítinn grun um annað.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni ummæla sem hér hafa fallið eftir að ég lauk máli mínu síðast. Í fyrsta lagi varðandi það hverjir flm. eru á þessu þskj. þá er nú m.a. því til að svara að ég óttaðist kannske fremur hið gagnstæða. Ef ég hefði flutt þetta mál einn þm. úr þessu tiltekna kjördæmi þá hefðu menn talið einhver annarleg sjónarmið, svo sem eins og atkvæðaveiðar, liggja að baki, þannig að ég taldi ekki óeðlilegt að bjóða öðrum þm. úr þessu kjördæmi upp á að vera þarna með mér til að það væri þá í raun og veru afgreitt. En málið er í eðli sínu stærra en það að vera málefni eins einasta staðar, sérstaklega fyrir okkar hönd þar sem ekki eru í raun á ferðinni væntingar um einhver geysileg umsvif eða uppbyggingu í því tilfelli að ákveðnar úrbætur yrðu gerðar á Akureyrarflugvelli.

Ég vil svo bara segja við hv. 5. þm. Norðurl. v. að það er mikill misskilningur ef hann heldur að grg. og fskj. með þessari till. séu einhver sérstaklega úthugsuð lævís vopn í þessu máli. Hann notaði orðið, með leyfi forseta, „vopn". Svo er ekki. Bæði í grg. og fskj. eru ágætar upplýsingar um málið sem hafa m.a. komið sér mjög vel fyrir hv. þm. Norðurl. v. vegna þess að málflutningurinn þar er heiðarlegur og þar eru lögð rök með og á móti málinu. Það eru lögð rök fyrir því og gegn því að Akureyrarflugvöllur gæti þjónað þessu hlutverki og þar eru sagðir kostir þess að hafa þennan flugvöll á Sauðárkróki. (Gripið fram í.) Þetta er ágætur málflutningur þar sem menn taka málefnalega á hlutum og tíunda bæði rök og gagnrök og það er það sem mestu máli skiptir í þessu og ég held að hv. þm. ættu að fagna því að svo vandaður tillöguflutningur og fylgiskjalagerð er hér á ferðinni.

Ég vil bara segja að síðustu, herra forseti, að það er mjög mikilvægt að reyna að byggja upp í okkar flugmálum með tilliti til fyllsta öryggis. En það er mjög víða í okkar þjóðfélagi sem öryggi er ábótavant og við höfum ekki efni á að veita okkur fyllsta öryggi. Væri hv. formaður fjvn. hér nærri mér mundi hann minnast þess að fátækt þjóðarinnar m.a. hefur þýtt það að öryggismál á sjúkrahúsum, á vistheimilum, á dvalarheimilum fyrir vangefna og þroskahefta og fatlaða eru í ólestri vegna peningaleysis, vegna þess að við teljum okkur væntanlega ekki hafa efni á því að leggja nægilegt fé í eldvarnar-

og öryggiskerfi á stöðum eins og sjúkrahúsum og Kópavogshælinu. Svo tala menn hér um það að við getum leyft okkur að ganga eingöngu út frá því að eitthvert fyllsta öryggi verði fyrir þennan varaflugvöll sem notaður yrði tvisvar til þrisvar á ári á meðan aðrir hlutir eru í jafnmiklum ólestri og raun ber vitni.

Það væri æskilegt, herra forseti, að við værum svo rík þjóð að við hefðum efni á því að kaupa okkur alls staðar fyllsta öryggi í öllum tilfellum en það á langt í land, því miður. Þess vegna er hér spurning um forgangsröðun verkefna og spurning um peninga ekki síður en öryggi. Því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðstoð við hitaveitur (183. mál) 1128, 1197.
Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar (161. mál) 1113.
Almannatryggingar (155. mál, endurskoðun laga) 1113.
Endurskipulagning tannlæknaþjónustu (108. mál) 1113.
Fasteigna- og skipasala (193. mál, trygging) 1194.
Framleiðsla og sala á búvörum (177. mál, jöfnunargjald af kartöflum) 1099, 1194.
Fræðsla um kynferðismál (160. mál) 1114.
Gjaldskrá þjónustustofnana (156. mál) 1114.
Greiðslufrestur (161. mál) 1153, 1196.
Húsnæðisstofnun ríkisins (186. mál, Verðjöfnunarsjóður fasteigna) 1160.
Innflutningur búfjár (106. mál) 1114, 1196.
Íþróttaaðstaða í Menntaskólanum við Hamrahlíð (130. mál) 1102.
Kennaraháskóli Íslands (181. mál, Rannsóknastofnun uppeldismála) 1155.
Könnun á búrekstraraðstöðu (152. mál) 1116, 1196.
Leiðbeiningarmerki við vegi (145. mál) 1126, 1196.
Leiklistarskóli Íslands (182. mál, skólanefnd) 1157.
Samfélagsþjónusta (62. mál) 1113.
Sjúkra- og iðjuþjálfun (166. mál) 1114.
Stefnumótun í umhverfismálum (180. mál) 1197.
Tannlæknaþjónusta í héraði (169. mál) 1114.
Tekjuskattur og eignarskattur (158. mál, skattstigi og frádráttarliðir) 1073, 1175.
Tollskrá (194. mál, borðtennisútbúnaður) 1194.
Umræður utan dagskrár 1215 (greiðslur afurðastöðva til bænda).
Útboð opinberra rekstrarverkefna (26. mál) 1112.
Varaflugvöllur á Akureyri (184. mál) 1222.
Varamaður tekur þingsæti 1073.
Veiting prestakalla (197. mál, heildarlög) 1158.
Vindorkuver og hraunhiti til húshitunar (171. mál) 1149, 1197.
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (149. mál) 1106.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1112, 1215.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 1073.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 1102.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 1073, 1093, 1192.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 1144, 1148, 1150.
Landbrh. Jón Helgason 1120, 1124, 1158, 1194, 1216, 1221.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 1104, 1155, 1156, 1157.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 1106, 1111, 1112.
Árni Gunnarsson 1111, 1128, 1146.
Árni Johnsen 1149, 1153.
Davíð Aðalsteinsson 1205, 1213, 1217.
Egill Jónsson 1172, 1174, 1216, 1221.
Eiður Guðnason 1138, 1156, 1166, 1207, 1211.
Friðjón Þórðarson 1194, 1211, 1219.
Garðar Sigurðsson 1237, 1245.
Guðrún Helgadóttir 1102, 1104.
Gunnar G. Schram 1110, 1175, 1197, 1213.
Halldór Blöndal 1140, 1147, 1184, 1210, 1212, 1235.
Haraldur Ólafsson 1111, 1157.
Hjörleifur Guttormsson 1110, 1116, 1122, 1125, 1141, 1146, 1152, 1201, 1212, 1215, 1220, 1232.
Jón Baldvin Hannibalsson 1083, 1180, 1191.
Jón Kristjánsson 1114, 1219, 1228.
Jón Magnússon 1099.
Kolbrún Jónsdóttir 1170.
Kristín Halldórsdóttir 1090, 1112, 1190, 1203.
Pálmi Jónsson 1226.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1106, 1109, 1112, 1155.
Sigurður Þórólfsson 1153.
Skúli Alexandersson 1133, 1166, 1171, 1208.
Stefán Benediktsson 1105, 1164, 1169.
Stefán Guðmundsson 1230, 1243.
Steingrímur J. Sigfússon 1218, 1221, 1222, 1239, 1246.
Svavar Gestsson 1078, 1177.
Valdimar Indriðason 1131, 1167.
Þórður Skúlason 1126, 1136, 1160, 1168, 1173.

SAMEINAÐ ÞING

23. fundur, þriðjudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Minning Emils Jónssonar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Emil Jónsson, fyrrum alþingismaður og ráðherra, andaðist á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði s.l. sunnudag, 30. nóvember, 84 ára að aldri.

Emil Jónsson var fæddur í Hafnarfirði 27. október 1902. Foreldrar hans voru hjónin Jón múrarameistari þar Jónsson bónda í Sólheimum í Hrunamannahreppi Jónssonar og Sigurborg Sigurðardóttir bónda á Miðengi á Vatnsleysuströnd Árnasonar. Hann lauk burtfararprófi úr Flensborgarskóla vorið 1917 og stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1919. Þá um haustið, tæpra 17 ára að aldri, hóf hann nám við verkfræðiháskólann í Kaupmannahöfn. Lokaprófi þar lauk hann í janúar 1925. Hann var aðstoðarverkfræðingur bæjarverkfræðingsins í Óðinsvéum á Fjóni 1925–1926, bæjarverkfræðingur í Hafnarfirði 1926–1930 og bæjarstjóri þar 1930–1937. Á árinu 1937 var hann skipaður vita- og hafnamálastjóri og fékk lausn frá því embætti snemma árs 1959, en hafði þá gegnt embættinu með nokkrum frávikum vegna annarra starfa, einkum sem ráðherra.

Hann var samgöngumálaráðherra 1944–1947, viðskipta-, iðnaðar- og samgöngumálaráðherra 1947–1949, utanríkisráðherra vegna veikindaforfalla nokkrar vikur 1956, forsætisráðherra frá því í desember 1958 fram í nóvember 1959, sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra 1959–1965, utanríkisráðherra 1965–1970, utanríkis- og félagsmálaráherra 1970–1971. Bankastjóri Landsbanka Íslands var hann 1957–1958.

Hátt í fjóra áratugi átti hann sæti á Alþingi, var þingmaður Hafnfirðinga 1934–1937, 1942–1953 og 1956–1959, landskjörinn þingmaður 1937–1942, 1953–1956 og á sumarþinginu 1959 og loks þingmaður Reykjaneskjördæmis 1959–1971. Hann var forseti neðri deildar á sumarþinginu 1942 og forseti sameinaðs Alþingis 1956–1958. Alls átti hann sæti á 44 þingum.

Auk þeirra starfa sem nú hafa verið talin kom Emil Jónsson víða við sögu í félags- og þjóðmálum. Hann átti frumkvæði að stofnun iðnskóla í Hafnarfirði árið 1926 og var skólastjóri hans til 1944. Í miðstjórn Alþfl. var hann 1930–1952 og 1954–1971, formaður flokksins 1956–1968. Bæjarfulltrúi í Hafnarfirði var hann 1930–1962 og stjórnarformaður Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 1931–1957. Hann var formaður skólanefndar Flensborgarskólans 1930–1945, í stjórn Landssambands iðnaðarmanna 1933–1945, í stjórn skipulagsnefndar atvinnumála frá 1934 og formaður hennar frá 1935. Hann var í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1935–1957 og í landsbankanefnd 1936–1957. Stjórnarformaður Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði var hann um áratugi frá stofnun hennar 1936. Hann var í fiskimálanefnd 1938–1939, í skipulagsnefnd bæja, kauptúna og sjávarþorpa 1938–1944 og 1950–1957, kosinn 1944 í milliþinganefnd í samgöngumálum Suðurlandsundirlendisins, skipaður 1946 í endurskoðunarnefnd laga um verðlagningu landbúnaðarafurða o.fl. og kosinn í togaranefnd 1954. Í Norðurlandaráði átti hann sæti 1955–1959, í Þingvallanefnd 1957–1972, í úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár 1959–1961 og í stjórn Atvinnubótasjóðs, síðar Atvinnujöfnunarsjóðs, 1962–1967. Í bankaráði Seðlabanka Íslands var hann 1968–1972.

Emil Jónsson átti sér glæsilegan námsferil og langan og fjölbreytilegan starfsferil. Ungur var hann kvaddur til starfa í heimabæ sínum, Hafnarfirði, og naut bæjarfélagið þar góðrar menntunar hans, ósérhlífni og úrræða á erfiðum tímum sem þá voru. Þar varð hann brátt mikill áhrifamaður um gang bæjarmála og eflingu atvinnulífs. Hafnfirðingar kusu hann síðan þingmann sinn rúmlega þrítugan. Hann gegndi embætti vita- og hafnamálastjóra á miklum framfara- og framkvæmdatímum á þeim sviðum, vel menntur verkfræðingur og traustur embættismaður. Hæst ber þó feril hans á sviði stjórnmála og í ráðherrastörfum. Hann var um áratugi meðal áhrifamestu manna í flokki sínum, Alþfl. Hátt í tvo áratugi átti hann sæti í ríkisstjórn og sinnti þar ýmsum málaflokkum. Sjávarútvegsmál og iðnaðarmál voru aðaláhugamál hans á fyrstu þingmannsárunum ásamt stefnumálum Alþfl. og framfaramálum bæjarfélagsins í Hafnarfirði. Ráðherrastörfum sem öðrum störfum gegndi hann af alúð og var traustur forustumaður í utanríkismálum síðustu árin í ráðherrastól.

Hann lifði mikla breytingatíma í íslenskum þjóðmálum og ýmsar sviptingar í stjórnmálum. Hann var trúr þeirri stefnu sem hann markaði sér ungur maður, glöggskyggn á málefni og rökfastur í málflutningi. Síðustu æviárin lifði hann í rósemi við hnignandi heilsu.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Emils Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Alþingiskosningar og þinghald, ein umr.

Fsp. EG, 29. mál. — Þskj. 29.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 29 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„1. Hvenær hyggst ríkisstjórnin boða til alþingiskosninga?

2. Hverjar eru tillögur ríkisstjórnarinnar um tilhögun þinghalds í vetur?“

Ég hygg, herra forseti, að ekki þurfi að fylgja þessari stuttu fsp. úr hlaði með mörgum orðum. Að því er fyrsta liðinn varðar er löngu lýðum ljóst að skiptar skoðanir eru með stjórnarflokkunum og sjálfsagt innan þeirra líka um hvenær skuli gengið til kosninga. Sú skoðun hefur komið fram hjá ýmsum þm. Sjálfstfl. að kjósa beri áður en kjörtímabil þingmanna rennur út, þ.e. fyrir 23. apríl. Af hálfu ýmissa framsóknarmanna hefur þeim skoðunum m.a. verið lýst að kjósa beri síðar, jafnvel ekki fyrr en í júní. Skv. 57. gr. kosningalaga skal kjördagur vera síðasti laugardagur í júní, en margir munu á einu máli um að ekki sé sá dagur í alla staði heppilegur nú um stundir.

Af hálfu Alþfl. lýsi ég því afdráttarlaust yfir að við teljum að það beri að kjósa áður en kjörtímabili þingmanna lýkur, þ.e. fyrir 23. apríl. Enda þótt finna megi dæmi um að kosið hafi verið eftir að kjörtímabili lauk er slíkt að okkar mati afar óeðlilegt, óæskilegt og óheppilegt.

Að því er seinni lið fsp. varðar er brýnt að menn viti sem allra fyrst hvaða tillögur ríkisstjórnin hefur að gera um þinghaldið. Þetta er brýnt, til þess að unnt sé að skipuleggja vinnubrögðin hér á hinu háa Alþingi með sem hagkvæmustum hætti og að þingmenn viti með góðum fyrirvara hvernig þinghaldinu verði háttað þannig að menn geti sem best skipulagt tíma sinn og vinnu varðandi undirbúning kosninga og þau störf sem þarf að inna af höndum hér á hinu háa Alþingi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í orðum hv. fyrirspyrjanda lýkur fjögurra ára umboði þingmanna 23. apríl n.k. samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar og þá er eðlilegast að kjósa sem næst þeim degi. Ég tel því að laugardagurinn 25. apríl sé eðlilegur kosningadagur að öðru óbreyttu. Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að það hafa verið uppi mismunandi skoðanir á þessu. Sumir vilja flýta allmjög kosningum, jafnvel til fyrri hluta aprílmánaðar eða til loka mars, en aðrir eru því mjög andsnúnir, m.a. vegna þess að þá er oft færð erfið um landsbyggðina. Sömuleiðis er rétt að kosningalög gera ráð fyrir kjördegi síðasta laugardag í júní og að mörgu leyti væri æskilegt að kosningar gætu flust yfir á reglulegan kjördag.

Ég vil hins vegar taka fram að þótt unnt muni vera að finna fordæmi og þótt lögfræðingar telji að ekkert þurfi að vera því til fyrirstöðu að fresta kosningum svo lengi er ég því algerlega mótfallinn og tel það ekki koma til greina. Ég vek hins vegar athygli á því að kosningalögin eru til meðferðar á hinu háa Alþingi og ég tel vafalaust að í þeirri meðferð muni kjördagurinn verða ræddur. Ég er því fylgjandi að kjördagurinn verði fluttur þar til í júní. Því sýnist mér að ef um það gæti orðið samstaða komi til greina að hafa kosningar á nýjum kjördegi skv. kosningalögum, sem yrði þá í júní, t.d. annan laugardag í júní.

En svar mitt við fsp. er þetta: Ég tel líklegast að kosningar verði 25. apríl, nema samstaða geti orðið um nýjan kjördag skv. kosningalögum og menn kjósi að kosningar flytjist á reglulegan kjördag sem vitanlega er æskilegt og hlýtur að verða fyrr eða síðar að því stefnt. Þinghald verður að sjálfsögðu skipulagt í samræmi við þetta. Þing yrði þá miðað við 25. apríl, skemur eftir áramótin en venja hefur verið. Ég tel eðlilegt að þing komi þá saman fyrr í janúar, t.d. mánudaginn 19. janúar. En það hefur ekki endanlega verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Alþingi hafði breytingar á stjórnarskránni til meðferðar á vorþinginu 1984 og ég held að það hafi verið í hugum allra alþm. þá, þegar við samþykktum þessi orð, með leyfi hæstv. forseta, í 31. gr., „Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í þessum kjördæmum“, að menn mundu skilja þessi orð svo að menn mundu halda sig við kjörtímabilið þegar boðað yrði til alþingiskosninga. Ég sé satt að segja ekki að það dugi að vitna í einhverja lögfræðinga eða lögmenn utan þingsins þegar við erum að túlka lagagrein sem obbinn af okkur setti sjálfur vorið 1984 og staðfestum síðan á næsta þingi á eftir inni í þessum sal. Á þessu þingi eru þeir alþm. sem samþykktu þessa breytingu á stjórnarskránni. Við ættum að skoða hug okkar sjálf um hvernig við viljum skilja og túlka þessi orð en ekki leita út fyrir þingið til þess.

Mín skoðun er tvímælalaust sú að ef kosningar dragist fram yfir 25. apríl sé um hreint brot á stjórnarskránni að ræða. Ég tel á hinn bóginn að heimilt sé að kjósa í sömu viku sumars og áður og tel að sá skilningur hafi jafnan verið við lýði þó að skakkaði tveim dögum að ef menn héldu sig við sömu helgi ársins héldu menn sig við þetta fjögurra ára kjörtímbil. Fyrir því eru ótal dæmi.

Ég vil líka segja, herra forseti, og ég held að ég brjóti af mér þegar ég ræði aðeins um stjórnarskrána, að fyrir liggur forsetabréf, útgefið af Ólafi Thors árið 1963, þar sem tekið er af skarið um að sá skilningur hafi verið ráðandi þá að rétt væri að halda sig við kjörtímabilið þegar ákveðið yrði hvenær kosningar færu fram. Ef menn vilja á hinn bóginn halda sig við hin almennu lög hefði verið rétt að hafa... (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því að nú mun vera augljóst að þetta er orðið meira en örstutt athugasemd.) Þetta er meira en örstutt athugasemd, enda er nú mikið í húfi þar sem er sjálf stjórnarskráin. (**Forseti:** Samkvæmt stjórnarskránni ber okkur að halda lög um m.a. þingsköp.) Það hefði verið einfaldast að halda sig við að kjósa laugardag á s.l. sumri. Ég held að ekki sé hægt að leggja Alþingi niður bara af því mönnum dettur það í hug.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla mér hvorki að túlka stjórnarskrá eða lög um kosningar til Alþingis. Hitt vildi ég segja að það er afar óheppilegt að það skuli lagt upp til þings eins og nú var gert, án þess að búið væri að draga ramma um þinghaldið, þingflokkar og forusta þingsins og ríkisstjórn væri búin að koma sér saman um hvenær kjósa skyldi til Alþingis. Þetta er mjög óheppilegt og því er nauðsynlegt að mínu mati að forustan hér í þinginu reyni að ná landi í þessu máli sem allra fyrst. Almennt séð hlýtur að vera æskilegt að menn geti bundið sig nokkurn veginn við sama dag eða sama árstíma þegar kosið er til Alþingis og það fari ekki eftir tilviljanakenndu þingrofi hvenær næst er kosið. Þetta finnst mér vera umhugsunarefni. Ég vil líka benda á að í alþingiskosningum og aðdraganda þeirra er æskilegt að lýðræðislegur undirbúningur geti farið fram með þátttöku sem flestra. Það hagar þannig til á Íslandi að að vetrarlagi er þetta víða nánast ókleift vegna samgönguerfiðleika. Við höfum heyrt það, herra forseti, frá formanni stærsta þingflokksins á Alþingi að það sé hætt að snjóa í byrjun apríl og því eigi að vera í lagi að kjósa 11. apríl eða svo. En við höfum ekki frétt af því, ekki á Austurlandi a.m.k., að það sé tryggt. (**Gripið fram í:** En í Garðabænum?) Aprílmánuður getur verið mjög erfiður um samgöngur á norðanverðu og austanverðu landinu og á Vestfjörðum eins og menn þekkja. Um þetta verða menn auðvitað að fjalla af viti og miða við íslenskar aðstæður.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég lagði áherslu á í rökstuðningi mínum með fsp. að kosið yrði fyrir 23. apríl. Raunar má segja að það skipti ekki höfuðmáli þó kosið sé þá helgi sem er næst þessum degi og er kannske ástæðulaust að gera stórmál úr því og þess eru ýmis dæmi, en að alls ekki verði kosið síðar. Það finnst mér skipta hér höfuðmáli.

Hv. 5. þm. Austurl. gerði að umtalsefni ófærð og snjóa. Það er auðvitað rétt, það geta komið hret. Það getur komið ófærð hér í næstum öllum mánuðum ársins. Það verður heldur ekki séð að veðurfar hafi staðið flokkunum fyrir þrifum, hvorki á Austurlandi, Vestfjörðum eða Vesturlandi, um að efna til prófkjörs hjá sínum flokksmönnum. Menn gleyma því að það eru svolítið aðrar aðstæður í þjóðfélaginu núna og það er hægt að framlengja kosningar um einn dag ef þurfa þykir vegna ófærðar. Það eru engin óyfirstíganleg vandamál sem þar er við að etja. Menn nota þetta sem tylliástæðu miklu frekar en annað.

En ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og legg áherslu á að þar sem ekki eru mjög margir vinnudagar þingsins í rauninni eftir og hæstv. ríkisstjórn hefur óskað eftir því að a.m.k. 100 lagafrumvörp, ef ég man rétt, verði afgreidd, þá er nú ekki seinna vænna en að fara að gera sér ítarlega grein fyrir því og nákvæmlega hvernig menn ætla að vinna hér það sem lifir þingtímans. Það eru ekki svo margir vinnudagar. Þá er best að leggja hin óraunhæfu áform um lagafrumvörpin 100 á hilluna og snúa sér að því að gera raunhæfar áætlanir um hvernig haga skuli vinnunni í þinginu það sem eftir er af þessu kjörtímabili.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd og hún er við þau orð sem höfð voru eftir mér, að mér skildist, að ég hefði einhvern tímann sagt að ekki snjóaði í apríl. Þau orð eru hins vegar eftir Dagblaðinu Vísi en ekki eftir mér, í fyrirsögn við viðtal sem var haft við mig. Ef menn hefðu haft fyrir því að lesa viðtalið hefðu þeir fengið að vita það sem ég raunverulega sagði.

Hafandi alist upp úti á landi veit ég vel að það getur snjóað í apríl. Það vill svo til að ég man eftir kafsnjó þann 9. júní þar sem ég ólst upp. Ef menn ætla að velja dag þar sem alls ekki geti snjóað er líklega best að færa sig yfir í júlí. Það er einna öruggasti mánuðurinn, held ég.

Ég vil svo aðeins segja að það er mín bjargföst skoðun að það eigi að kjósa áður en kjörtímabilinu lýkur, en ég get vel fallist á 25. apríl sem var einn af þeim mörgu dögum sem hæstv. forsrh. taldi koma til greina.

Úrbætur í ferðaþjónustu, ein umr.

Fsp. KH, 163. mál. — Þskj. 173.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hinn 22. apríl s.l. var samþykkt á Alþingi ályktun þess efnis að fela samgrh. að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli þessarar úttektar skal síðan gera áætlun um úrbætur. Í lok ályktunarinnar segir síðan að verk þetta skuli unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna. Á þskj. 173 hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. hvað líði framkvæmd þessarar samþykktar Alþingis. Nú sé ég að ég hefði átt að orða það einnig á umræddu þskj., sem er reyndar aðaláhyggjuefni mitt, hvernig fjármögnun þessa verkefnis skyldi háttað. En ég vænti að hæstv. samgrh. fyrirgefi að sú spurning var ekki orðuð sérstaklega á þskj. og veiti upplýsingar um þann þátt í svari sínu.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi þál. um úrbætur í ferðaþjónustu er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera

úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur. Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna."

Ráðuneytið hófst strax handa um framkvæmd þál. m.a. með því að skrifa ferðamálasamtökum landshlutanna bréf þar sem farið var fram á að þau gæfu nauðsynlegar upplýsingar og hefðu samstarf við ráðuneytið um gerð þeirrar úttektar og áætlunar um úrbætur sem þál. gerir ráð fyrir. Jafnframt var í ráðuneytinu hafin víðtæk upplýsingasöfnun um ferðamál, m.a. um framboð á gistirými sem nánar verður fjallað um hér á eftir.

Til að greiða fyrir skýrslugerð ferðamálasamtakanna var haldinn sameiginlegur fundur með þeim í september s.l. þar sem reynt var að samræma vinnu þeirra að þessu verkefni. Hafa nú borist skýrslur frá öllum ferðamálasamtökum, nema ferðamálanefnd Reykjavíkurborgar sem treysti sér ekki til slíkrar skýrslugerðar að svo stöddu. Sumar þessar skýrslur eru mjög ítarlegar og hefur ráðuneytið því gert útdrátt úr þeim þar sem fram á að koma hverju helst er talið ábótavant til móttöku ferðamanna í hverjum landshluta um sig og hvað er helst til úrbóta. Áður en skýrslan verður gefin út verður haft frekara samráð um efni hennar við fulltrúa landshlutasamtakanna. Til að gefa nokkra hugmynd um hvað þetta verk er viðamikið má geta þess að vélritaður texti er nú um 50 bls. og töfluefni um 70 bls. Þessu verki er þó ekki lokið, en endanleg skýrsla ætti að verða tilbúin í janúarmánuði n.k. Sérstaklega mikil vinna hefur verið lögð í að afla sem fyllstra upplýsinga um framboð og gistirými í einstökum landshlutum og hugsanlega aukningu þess á næstu 2–3 árum.

Samkvæmt skýrslunni er fjöldi herbergja á heils árs hótelum nú 1772, en það er 44% aukning frá árinu 1983 er herbergi voru talin 1228. Hugsanlega hefur eitthvað verið vantalið þá sem nú er talið með. Á sama hátt eru herbergi í sumarhótelum talin vera 1329, en þau voru 991 árið 1983 sem jafngildir 34% aukningu. Heildartala hótelherbergja í landinu er samkvæmt þessu 3101 með rúmlega 6000 rúmum. Framkvæmdir í byggingu gistirýmis hafa því verið verulegar á undanförnum árum og er þá einungis átt við gistihús en ekki heimagistingu, sem litlar upplýsingar eru til um, né heldur gistingu á sveitabæjum, en þar eru nú boðin fram 452 rúm í 192 herbergjum í heils árs gistingu. Loks er framboð á um 700 rúmum á farfuglaheimilum.

Verulegar áætlanir eru nú uppi um byggingu nýs gistirýmis. Hvað Reykjavík snertir verða tekin í notkun 57 herbergi fyrir 82 gesti á Hótel Sögu á næsta ári. Þá eru uppi hugmyndir um stækkun á Hótel Esju og Hótel Holti. Nokkrir aðilar í viðbót hyggjast byggja ný hótel í Reykjavík, svo sem Ólafur Laufdal, Guðbjörn Guðjónsson og Jón Ragnarsson. Á Akureyri eru uppi hugmyndir um stækkun Hótel KEA um 20 tveggja manna herbergi og fleiri framkvæmdir eru þar á döfinni. Víða annars staðar um land eru menn með áætlanir um byggingu gististaða. Verður því ekki annað séð en þessum þætti ferðamála hafi verið vel sinnt og unnt verði um allt land að sinna að þessu leyti ört vaxandi straumi innlendra og erlendra ferðamanna.

Í væntanlegri skýrslu verður fjallað um aðra meginþætti ferðamála en gistiaðstöðu, þó misjafnlega mikið, svo sem framboð og nýtingu samgöngutækja til farþegaflutninga, veitingastaði, mannafla, gjaldeyristekjur og umhverfisvernd. Loks verður reynt að spá um fjölgun erlendra ferðamanna nokkur ár fram í tímann. Sú spá er þó ýmsum annmörkum háð þegar litið er til þess að aukning erlendra ferðamanna til Íslands hefur oft verið sveiflukennd og erfitt að átta sig á hvaða lögmálum hún lyti. Þó munu flestir vera sammála um að bjart sé nú fram undan fyrir þessa atvinnugrein og ástæða til að binda vonir við umtalsverða aukningu í henni, þjóðinni til hagsældar.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Það kom mér ekki á óvart að hann hafði tekið allmyndarlega á þessu máli því að mér er mætavel kunnugt um áhuga hans og skilning á mikilvægi þessarar atvinnugreinar og mikilvægi þess að styðja við það sem gera þarf í þeim efnum.

Hann lýsti nokkuð að hér hefði farið fram mikil upplýsingasöfnun, en einkum heyrðist mér vera þar um að ræða upplýsingar hvað varðar gistiaðstöðu. Ég hlýt því að minna á að það er ýmislegt annað, sem til er tekið hérna í till. okkar, sem mjög brýnt er að fá upplýsingar um ekki síður en gistinguna sem er kannske miklu auðveldara að safna upplýsingum um og er mikill uppgangur í. Það er ýmislegt annað sem hefur setið á hakanum, verkefni sem e.t.v. hafa verið látin liggja í láginni vegna þess að þau eru ekki beinlínis arðbær fyrir þá sem hljóta að framkvæma þau verk. Þar er ég fyrst og fremst að hugsa um atriði eins og leiðamerkingar og eftirlit, aðgang að áhugaverðum stöðum og hreinlætisaðstöðu ekki síst. Það eru þessi atriði sem ég vildi sérstaklega biðja hæstv. ráðh. um að athuga vel og fylgja vel eftir að verði tekin til athugunar og raunverulega gerðar tillögur til úrbóta. Hæstv. ráðh. minntist á að þessi skýrsla, sem kæmi út úr því starfi sem nú er hafið, gæti verið til í janúar og ég vænti þess að við megum eiga von á því að sjá þá skýrslu og treysti því að hann muni fylgja þessu máli vel eftir.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að í þessu svari kemur ekki allt fram, enda er tími takmarkaður, en öllum þessum atriðum, sem fyrirspyrjandi ræddi um, verða gerð skil í væntanlegri skýrslu. Við leggjum áherslu á að þessari skýrslu verði lokið í janúar þó að maður viti aldrei með vissu

hversu langan tíma tekur að ganga frá ýmsu því að það er mjög viðamikil vinna sem þarna á sér stað.

Hernaðarframkvæmdir, ein umr.

Fsp. SJS, 164. mál. — Þskj. 174.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. utanrrh. fsp. á þskj. 174 um hernaðarframkvæmdir. Spurt er um þær framkvæmdir sem leyfðar hafa verið eða beðið hefur verið um frá því að Alþingi var síðast gerð grein fyrir slíkum hlutum. Ég spyr, með leyfi forseta:

„1. Hefur utanrrh. heimilað Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalaginu að hefja einhverjar nýjar framkvæmdir síðan Alþingi var síðast gerð grein fyrir slíku á s.l. vori eða liggja fyrir beiðnir fyrrgreindra aðila um nýjar framkvæmdir?"

Það er, herra forseti, að verða nokkuð árviss viðburður að ég leggi slíka fsp. fyrir hæstv. utanrrh. og uppskeran hefur ætíð verið nokkur, því miður verð ég að segja. Er ágætt fyrir skjalasöfn framtíðarinnar að hafa það dagsett með svörum hæstvirtra utanríkisráðherra í þessari ríkisstjórn hvenær ákvarðanir voru teknar um hverja kippu af hernaðarframkvæmdum í senn. Þetta er að verða dálaglegur listi. Þetta verður væntanlega í síðasta sinn sem ég legg a.m.k. í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar svona fsp. fyrir og verður skráningunni lokið og hún fullkomnuð þegar svörin liggja fyrir.

Í öðru lagi spyr ég: „Hafa átt sér stað viðræður um aðild Íslands að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins og ef svo er, á hvaða stigi eru þær viðræður?"

Ég vísa til skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál á síðasta þingi þar sem vikið er lítillega í skýrslunni að þessu tiltekna atriði og rætt um að kanna hvort það sé hagkvæmt fyrir Íslendinga að gerast aðilar að þessum sjóði. Ég bið menn að hugleiða í því sambandi þá eðlisbreytingu sem yrði á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu ef það tengdist með þeim hætti hinni hernaðarlegu uppbyggingu þess og hinum hernaðarlegu stofnunum þess enn frekar en orðið er, en eins og kunnugt er hefur það verið stefna hæstvirtra utanríkisráðherra Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn að tengja Ísland með öllum tiltækum ráðum meira við hina hernaðarlegu hlið NATO og hernaðarlegu stofnanir þess, sbr. sérstakan hernaðarfulltrúa í Brussel og aðild að hernaðarlegu nefndinni og uppbyggingu sérstakrar skrifstofu eða deildar herspekinga heima á Íslandi sem bólgnað hefur mjög út á síðustu árum og fengið nægar fjárveitingar til að auka umsvif sín hvað sem líður öllum öðrum niðurskurði. Þess vegna er nauðsynlegt að Alþingi sé þegar í stað gerð grein fyrir því á hvaða stigi hugsanlegar kannanir á aðild okkar Íslendinga að mannvirkjasjóði NATO eru staddar.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur á þskj. 174 lagt fyrir utanrrh. tvær fsp. Svar við þeirri fyrri, sem hann þegar hefur lesið upp, er svohljóðandi:

„Á árlegum fundi með byggingadeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október s.l., voru eftirtaldar varnarliðsframkvæmdir heimilaðar fyrir 1987:

1. Bygging húsnæðis fyrir húsnæðisskrifstofu varnarliðsins, um 300 m^2 bygging.
2. Félagsheimili fyrir varnarliðsmenn.
3. Húsnæði fyrir fjármála- og bókhaldsdeild flughersins.
4. Vegagerð, bifreiðastæði og að- og fráveitur fyrir nýtt 250 íbúða hverfi.
5. 250 íbúðir, tveggja, þriggja og fjögurra herbergja.
6. Verkstæði, um það bil 180 m^2, við flugskýli.
7. Tvær nýjar vararafstöðvar við byggingu kafbátaleitareftirlitsins.
8. Framhaldsframkvæmdir við gerð flughlaðs, akstursbrautir og flugvallarveg vegna nýju flugstöðvarinnar.
9. Viðgerð á akstursbrautum merktum S-2 og X-3.

Kostnaður við allar ofangreindar framkvæmdir greiðist af Bandaríkjunum nema viðgerð á akstursbrautunum er síðast voru nefndar sem eru greiddar af Atlantshafsbandalaginu.

Svar við fsp. 2: Það hafa engar viðræður átt sér stað enn vegna aðildar að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Eins og fram kom í skýrslu minni til Alþingis á s.l. vori er varnarmálaskrifstofan að gera úttekt á hugsanlegri aðild Íslands að mannvirkjasjóðnum. Ég geri ráð fyrir því að þeirri úttekt verði lokið í febrúar n.k. og að henni lokinni verði hægt að meta kosti og galla hugsanlegrar aðildar okkar að sjóðnum. Og að lokum: Greinargerð um þessar framkvæmdir, sem ég hef svarað hv. þm. um, var lögð fram í hv. utanrmn. Alþingis í morgun.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það var eins og ég átti von á og vænta mátti af fyrri reynslu dálaglegur listi sem hann las upp, hæstv. utanrrh., um nýframkvæmdir og það er alveg greinilegt að ekki er verið að tjalda til einnar nætur þar sem menn eru að byggja félagsheimili og ýmiss konar slíka aðstöðu til að geta hreiðrað betur um sig, látið fara betur um sig þarna á Miðnesheiðinni. Og 250 íbúðir er út af fyrir sig ekki svo lítið, a.m.k. ef miðað er við íbúðabyggingar landsmanna sjálfra í sumum landshlutum.

Ég vil sérstaklega taka það fram og lýsa yfir minni skoðun á því að ég tel að aðild Íslendinga að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins sé í alla staði óeðlileg og ég hlýt að mótmæla því að yfirleitt sé verið að eyða tíma í að athuga þá hluti. Ég skildi hæstv. utanrrh. svo að það yrði einhvers konar

hagrænt mat lagt til grundvallar því hvort af slíkri aðild yrði eða ekki. M.ö.o.: það er ekki talin ástæða til að velta því fyrir sér pólitískt séð eða með tilliti til stöðu okkar Íslendinga í utanríkismálum hvort við eigum að ganga í þennan sjóð eður ei heldur er látið líta svo út sem það sé fyrst og fremst eitthvert mat á hagkvæmni sem þar eigi að ráða ferðinni. Ég mótmæli því algerlega og tel engar forsendur, burtséð frá stöðu okkar að öðru leyti, til þess að við förum að ganga inn í þennan sjóð. Ég vil þá spyrja hvert yrði næsta skrefið ef við gerðumst formlegir aðilar að þessum sjóði. Yrði það þá ekki áframhald á sömu braut sem mundi enda á því að Íslendingar vopnuðust sjálfir, kæmu hér á fót her o.s.frv.? Það er a.m.k. ekki órökrétt framhald af þeim breytingum sem orðið hafa og þessari athugun. Ég skora á hæstv. utanrrh. að verja tíma sínum betur en að bollaleggja um aðild að þessum sjóði sem, eins og menn vita, hefur það í starfsreglum sínum að veita ekki fé nema til uppbyggingar hernaðarlegra mannvirkja og hernaðarlegra mannvirkja eingöngu. Það er rétt að hæstv. utanrrh. hafi það vandlega í huga, m.a. með tilliti til þeirrar fsp. sem er næst á dagskrá, herra forseti.

Herflugvöllur á Norðurlandi, ein umr.

Fsp. SJS, 165. mál. — Þskj. 175.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. utanrrh. fsp. varðandi hugsanlega þátttöku Bandaríkjahers eða Atlantshafsbandalagsins í uppbyggingu flugvallar á Norðurlandi.

Eins og menn vita hefur við og við komið upp umræða um að áhugi væri fyrir hendi af hálfu Bandaríkjahers og eða Atlantshafsbandalagsins að koma sér upp öðrum flugvelli af svipaðri stærð og Keflavíkurflugvöllur er, annaðhvort til að staðsetja eða eiga þar möguleika á staðsetningu eða millilendingu herflugvéla. Það hefur verið erfitt að fá haldgóðar upplýsingar um þessa hluti eins og endranær og hefur læðst að ýmsum grunur um að umræða um nauðsyn þess fyrir okkur Íslendinga að byggja sérstaklega upp varaflugvöll sé að einhverju leyti blandin áhuga NATO eða Bandaríkjamanna á því að koma sér upp annarri herstöð eða öðrum herflugvelli. Það er vitað og hefur verið vitað um nokkurt árabil að Bandaríkjamenn hafa vegna liðsflutninga og viðbúnaðar hér á spennutímum áhuga á því að auka afköst flugvalla af þessari stærð hér á landi. Um tíma héldu menn að fyrir hendi væri áhugi þeirra á því að bæta við Keflavíkurflugvöll sjálfan í þessu skyni, en nú virðist stefnan hafa verið tekin á að byggja sérstakan flugvöll á öðrum stað á landinu ef marka má þær fregnir sem af þessu hafa borist.

Fari svo að ríkisstjórnin hyggist ganga til viðræðna eða ljá máls á því að Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalagið taki til við að byggja upp flugvöll sem að einhverju leyti eigi að vera íslenskt samgöngumannvirki eins og maður hefur skilið það, sbr. fræga bókun ríkisstjórnarinnar um skilning á því hugtaki, er eðlilegt að spurt sé í framhaldinu, og það geri ég í 2. lið, herra forseti, hvort þess sé að vænta að ríkisstjórnin íslenska hyggist ganga lengra á sömu braut og leita hófanna hjá sömu aðilum um þátttöku í ýmissi annarri mannvirkjagerð, t.d. í samgöngumannvirkjum af öðru tagi, jafnvel í vega- og brúagerð, hafnagerð og byggingu skóla og dagvistarheimila. Því er um það sérstaklega spurt að gefnu tilefni.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur á þskj. 175 lagt fram fsp. tvær sem hann gerði grein fyrir og ég mun nú svara. — Svarið við fyrri spurningunni:

Í aprílmánuði s.l. svaraði ég fsp. um áhuga Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum flugvelli við Sauðárkrók með því að staðfesta að flotastjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi hafi lýst áhuga á að kannaður verði möguleiki þess að byggður verði varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll án þess að ákveðin staðsetning væri höfð í huga. Jafnframt lýsti ég yfir að engar formlegar viðræður hefðu þá farið fram milli Íslendinga og fulltrúa Atlantshafsbandalagsins um málið.

Vegna fyrirliggjandi fsp. Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e., get ég staðfest að fyrstu formlegu viðræður íslenskra stjórnvalda við flotastjórn Atlantshafsbandalagsins og varnarliðið munu fara fram í þessum mánuði. Að öðru leyti vísa ég til svars sem ég gaf um málið í aprílmánuði s.l. Þar er að finna m.a. þá skilgreiningu að varaflugvöllur er málefni sem heyrir undir samgrn.

Það er hins vegar hér verið að spyrja um viðræður á vegum Atlantshafsbandalagsins og því svara ég því sem að málinu snýr hvað það snertir.

Af hálfu samgrn. munu taka þátt í viðræðunum Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Pétur Einarsson flugmálastjóri, en af hálfu utanrrn. þeir Sverrir Haukur Gunnlaugsson, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofunnar, og Þorgeir Pálsson prófessor.

Sem svar við annarri fsp. vil ég aðeins víkja að því að hún er örlítið leiðandi. Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt varðandi mannvirkjasjóðinn, en að öðru leyti svara ég þeirri fsp. neitandi.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið okkur. Það er öllum, trúi ég, ljóst að nauðsynlegt er að við byggjum varaflugvöll á Íslandi ekki bara fyrir okkur heldur einnig fyrir þá sem eiga leið um okkar næsta nágrenni.

Það hafa margir fjallað um þessi mál upp á síðkastið, bæði kirkjuþing og herstöðvaandstæðing-

ar, og mig langar til að lesa nokkur orð sem sóknarprestur okkar Sauðárkróksbúa og prófastur Skagafjarðar skrifar í Morgunblaðið í síðustu viku út af umfjöllun kirkjuþings um málið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgöngubætur þessar kalla einstakir þingfulltrúar aukin hernaðarumsvif og varar kirkjuþingið við þeim."

Og síðar segir séra Hjálmar Jónsson: „Hinn fyrirhugaði alþjóðaflugvöllur verður í framtíðinni mikil samgöngubót og ekki síður nauðsynlegt öryggistæki. Fullvíst má telja að herflugvélum í nauðum verði hjálpað til lendingar á Sauðárkróksflugvelli án tillits til tegundar eða þjóðernis. Skagfirðingar eru greiðasamir og sjálfsagt einnig til þess búnir að hjálpa kirkjuþingsmönnum niður á jörðina."

Ég get sagt að við erum ábyggilega tilbúnir að hjálpa fleirum, sem um þessi mál hafa fjallað, til að komast niður á jörðina þannig að menn geti fjallað um þessi mál á vitrænan hátt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er upplýst að íslensk stjórnvöld ætla í næstu viku að hefja formlegar viðræður við flotamálayfirstjórn Atlantshafsbandalagsins um byggingu varaflugvallar á Íslandi. Við vissum það áður að forusta Sjálfstfl. er sokkin á kaf í aronsku, en það er kannske dálítið nýtt fyrir suma að forusta Framsfl. með ráðherrum flokksins í ríkisstjórn er búin að beygja sig fyrir þessum sjónarmiðum og niðurlægingin, má segja, var alger eins og hún birtist í orðum síðasta hv. ræðumanns.

Það hljóta að vera tíðindi fyrir landsmenn að það eigi að vera hernaðaryfirvöld erlendis sem hafi áhrif á það og verði ráðandi um það hvar eigi að byggja samgöngumannvirki á Íslandi utan Keflavíkurvallar ekki minni í sniðum en þegar verið er að tala um sérstakan varaflugvöll.

Það hefði verið smekklegra að hæstv. utanrrh. hefði tjáð sig um mál þetta í síðustu viku þegar rætt var um sérstaka þáltill. um athugun á að koma upp varaflugvelli á Akureyri, þegar þm. höfðu aðstöðu til að leggja hér orð í belg undir rýmri ræðutíma en hér er. Af því að hæstv. forsrh. er hér hlýt ég að minna á sérstaka yfirlýsingu hans um daginn þess efnis að þetta verði rætt af hálfu ríkisstjórnarinnar með þeim skilningi að ekki væri um hernaðarframkvæmd að ræða. Sú yfirlýsing var honum lík.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Mönnum hefur lengi verið ljóst að í því gæti falist aukið öryggi í samgöngum Íslendinga að komið væri upp varaflugvelli og að það gæti orðið mikið hagkvæmnismál fyrir íslensk flugfélög. Hins vegar hefur alltaf blasað við að fagleg sjónarmið hlytu að ráða því hvar flugvöllurinn yrði staðsettur og um langt skeið hafa augu manna í vaxandi mæli beinst að því að Sauðárkróksflugvöllur komi í því tilliti til greina.

Ég hef hins vegar ævinlega lagt á það þunga áherslu að í þessu máli yrði fyrst og fremst að miða við íslenska hagsmuni og ég harma að í seinni tíð er farið að blanda inn í þetta mál þeim möguleika að fengið verði fé frá NATO til þessara framkvæmda. Auðvitað er það svo ljóst sem verða má að ef fé er fengið frá Atlantshafsbandalaginu til þessara framkvæmda breytir málið um eðli. Það eru börn sem ekki sjá það.

Það er samstaða um það heima fyrir og ég hef tekið eftir því að það er meðal manna úr öllum flokkum að ef flugvöllurinn við Sauðárkrók á að breytast í hernaðarmannvirki vilja menn frekar án þess vera. Til eru þeir sem ímynda sér að hægt sé að fá fé frá Atlantshafsbandalaginu án þess að Atlantshafsbandalagið hafi nokkur sérstök not af flugvellinum. Ég held að þar sé um mikla skammsýni að ræða. Gjafir eru ekki gefnar yfirleitt af slíkum aðilum án endurgjalds. Við skulum forðast að víkka út yfirráðasvæði bandaríska hersins hér á Íslandi. Og ég veit að Norðlendingar allir frábiðja sér að hernaðarflugvöllur verði reistur í Skagafirði.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Öll rök hníga að því að það sé skynsamlegt að koma hér upp varaflugvelli þegar við höfum efni á og að því verður verulegur sparnaður. Það er jafnframt ljóst að öll rök hníga að því og allar þær kannanir sem gerðar hafa verið sanna að sá flugvöllur eigi að vera á Sauðárkróki. Afstaða bæjarstjórnar Sauðárkróks hefur verið tvímælalaus til þessa og verður væntanlega áfram sú að þessi flugvöllur eigi að vera íslenskur og fyrir almennt flug. Hugmyndir hafa verið uppi um fjármögnun þessa flugvallar, m.a. úr mannvirkjasjóði NATO. Ég tek það fram að þær hafa ekki verið settar fram af Skagfirðingum eða heimamönnum á Sauðárkróki, m.a. með tilliti til þess hvert er hlutverk mannvirkjasjóðs. Samgrh. og utanrrh. hafa skipað nefnd í málið. Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram nokkuð óljós hugmynd, að því mér þykir, og talað um að byrja á sléttu, þ.e. athuga um varaflugvöll með sérstöku tilliti til Sauðárkróksflugvallar, ellegar þá Egilsstaðaflugvöll ef eitthvað kæmi upp á með Sauðárkróksflugvöll.

Það fer allt eftir því hvernig þessi hugmynd þróast hvort hún er góð eða slæm. Hugmynd prófastsins á Sauðárkróki er góðra gjalda verð og framkvæmanleg, en ég vil taka það fram, herra forseti, að ég tek afstöðu gegn hugmynd um herstöð, þ.e. að flugvöllurinn yrði með nokkrum hætti undir stjórn hersins eða mannaður af hernum að nokkru leyti, hvort heldur hann ætti að rísa á Sauðárkróki eða Egilsstöðum.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Sá ljóti grunur minn hefur því miður verið staðfestur að hæstv. ríkisstjórn sé að undirbúa sig, leita leiða til að koma þessu hernaðarmannvirki inn í landið og selja það þjóðinni í skrautlegum neytendapakkningum. Sá grunur varð

nánast að vissu þegar einhver framsóknarlegasta yfirlýsing síðari áratuga birtist í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir að það væri alls ekki skilningur ríkisstjórnarinnar að um hernaðarmannvirki yrði að ræða. Þó að hernaðaraðilar borguðu framkvæmdina yrði þetta engu að síður borgaralegt mannvirki.

Ég vil í því sambandi vekja aftur athygli á þeim starfsreglum mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að leggja ekki fé í önnur mannvirki en þau sem í eðli sínu og/eða stjórnunarlega eru hernaðarmannvirki. Það er alveg ljóst að þessi regla hefur undantekningarlaust verið þar í heiðri höfð, m.a. vegna þess að viss dæmi hafa verið um að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og mannvirkjasjóðsins hafi verið að reyna að lauma borgaralegum framkvæmdum að einhverju leyti inn undir sama hatt og hernaðarlegum. Slíkt hefur í þeim tilfellum verið stöðvað og vísað til þeirrar reglu sjóðsins að leggja ekki fé í annað en hernaðarleg mannvirki.

Það er alveg ljóst að hér er eingöngu á ferðinni dulbúningur fyrir hernaðarmannvirki. Það er alveg ljóst að fé yrði ekki lagt í slíkt mannvirki, herra forseti, nema því fylgdu einhver ákvæði um hugsanlega yfirtöku Bandaríkjahers eða NATO á mannvirkinu á spennutímum, svipað og hliðstætt og er með flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Hér er, herra forseti, og með því skal ég ljúka máli mínu, á ferðinni enn eitt hamarshöggið, svo syngur við, í kistulagningu þeirrar yfirlýstu stefnu þessarar ríkisstjórnar, sem hæstv. forsrh. hefur borið fram, að auka ekki hernaðarumsvif á kjörtímabilinu. Hér er rekinn enn einn naglinn til að festa svo rækilega líkkistulokið yfir þessari stefnu að það verður naumast rifið af.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það var aðeins út af því sem hv. 5. þm. Austurl. sagði varðandi svör mín áðan. Er ekki alveg ljóst hvernig svara á fsp. sem borin er fram í dag og ekki var hægt að hafa til meðferðar fyrir viku? Hv. þm. sagði að ég hefði átt að svara henni fyrir viku. Það liggur alveg í augum uppi að henni gat ég ekki svarað fyrr en fyrirspyrjandi hafði haft tækifæri til að tala fyrir henni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur kvatt sér hljóðs. En það skal vakin athygli á því að hv. 5. þm. Norðurl. v. getur ekki talað núna skv. þingsköpum. (**StG:** Get ég ekki gert örstutta athugasemd, herra forseti?) Ekki stutta athugasemd. Við erum að reyna núna að gera það sem í raun og veru er ómögulegt, að nota form þingskapa til umræðu þar sem ekki er gert ráð fyrir umræðu. En ég vek athygli hv. þm. á því hvort það kunni að vera að hann þurfi að bera af sér sakir. En til þess að það sé hægt þurfa sakir að hafa verið bornar á hann. (**SJS:** Hann þarf að bera af sér sakir.) (**StG:** Vissulega voru þær bornar á mig, herra forseti, og þess vegna er ég nú kominn langleiðina í stólinn.) Hv. 5. þm. Norðurl. v. ber af sér sakir.

Stefán Guðmundsson:

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Maður er ýmsu vanur úr þessari austanátt. Það kom ekki fram í mínu máli, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að það væru hernaðaryfirvöld sem ættu að ráða gerð flugvalla á Íslandi eða staðsetningu þeirra. Og ég var ekki að ræða um gerð hernaðarflugvalla eða hernaðarmannvirkja hér á landi. Hins vegar hef ég skilning á því að það eru ýmsar breytingar að gerast nú. M.a. munu ein fimm flugfélög, sem núna fljúga á milli Evrópu og Ameríku og hafa tekið í notkun tveggja hreyfla flugvélar, þurfa þess frekar að varaflugvöllur verði byggður á Íslandi. Ég gæti sagt miklu meira um þetta mál, en því miður er tíminn farinn frá okkur. En ég held að við ættum að reyna að halda okkur við jörðina í þessum umræum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að forsetinn er farinn að teygja túlkun þingskapa með þeim hætti sem hér kom fram. Sakarefni hv. 5. þm. Norðurl. v. var býsna athyglisvert og nýstárlegt og rýmkar bersýnilega möguleika okkar þm. á að taka til máls í fyrirspurnatímum.

Ég vil í tilefni af þessari umræðu leyfa mér að óska eftir því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir afstöðu Framsfl. Hann mun hafa lýst því yfir, hæstv. forsrh., að hann væri á móti því að það yrði til hernaðarmannvirki í Skagafirði með þeim hætti sem hér er verið að ræða um.

Nú er það alveg ljóst að ef Bandaríkjamenn setja peninga í þennan flugvöll eru þeir um leið að gera kröfur um að þetta sé hernaðarmannvirki, getur ekkert annað verið. Með öðrum orðum: Verður forsrh. og Framsfl. á móti því að varaflugvöllur verði til í Skagafirði eða annars staðar með framlögum frá Bandaríkjamönnum? Mun Framsfl. beita sér gegn því? Ef Framsfl. hins vegar fellst á þær hugmyndir sem hér eru uppi er hann að taka ákvörðun um þriðju herstöðina frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom til valda. Það eru radarstöðvarnar á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra og það er þessi ákvörðun, sem Sjálfstfl. er bersýnilega að þrýsta fram, að það verði tekin ákvörðun um herstöð í Skagafirði. Það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. geri grein fyrir afstöðu sinni og flokks síns í þessu máli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram í tilefni orða hv. 3. þm. Reykv. að það er ekki ætlunin af hálfu forseta að rýmka þær reglur sem gilda um umræður um fyrirspurnir, en ef einhverjum hv. þm. er gefið leyfi til að bera af sér sakir er það gert í trausti þess að menn séu að bera af sér sakir.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég endurtek það, sem ég hef áður

sagt, að af okkar hálfu kemur ekki til greina að hér verði reistur annar hernaðarflugvöllur. Það kemur heldur ekki til greina að hér verði reistur flugvöllur eða varaflugvöllur fyrir millilandaflug nema hann sé að öllu leyti undir innlendri stjórn. Ef það er rétt, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að framkvæmdasjóður Atlantshafsbandalagsins veiti ekki styrki nema háð því skilyrði að slík mannvirki séu undir þeirra stjórn, kemur ekki til greina að þiggja slíkan styrk. (**SvG:** En annan?) Alls ekki. (**SvG:** En annan?) Ja, ef um er að ræða styrk sem engum skilyrðum er bundinn nema þeim að varnarliðsvélar fái að lenda þar fremur en að fara í sjóinn þegar ekki er lendingarfært í Keflavík finnst mér að við getum ekki útilokað það. Hins vegar verð ég að segja eins og er að mér þykir dálítið furðulegt ef það er rétt að þeir vegir sem hafa verið lagðir í Noregi með styrk úr framkvæmdasjóði Atlantshafsbandalagsins eru undir stjórn þess. Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt það. Það verð ég að segja eins og er. En þetta voru athyglisverðar upplýsingar og nauðsynlegt að þær séu skoðaðar.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að vekja athygli á þeirri afar athyglisverðu staðreynd að þó að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið ákvörðun um að ganga til viðræðna við tiltekna aðila hefur hún ekki kynnt sér starfsreglur þeirra betur en svo að hæstv. forsrh. kemur af fjöllum í sambandi við hluti sem ég hélt að væri almenn vitneskja og almennar upplýsingar um starfsreglur mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins.

Í sambandi við vegi í Noregi er því til að svara að þeim er ætlað hernaðarlegt hlutverk. Það er viðurkennt. Það er æft samkvæmt því hernaðarlega hlutverki o.s.frv. Þannig tengjast þau mannvirki hernaði á þann hátt að viðkomandi sjóður telur sér fært að leggja í þá fé. Eins og ég sagði byggjast þessar reglur á því að annaðhvort eðli sínu samkvæmt eða stjórnunarlega sé um hernaðarmannvirki að ræða. Það er alveg ljóst, ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það, að sjóðurinn mun ekki leggja fé í mannvirki á Íslandi nema þessum skilyrðum sé fullnægt öðru hvoru eða báðum.

Skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, ein umr.

Fsp. KÁ, 175. mál. — Þskj. 185.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hafa borist slæm tíðindi frá sjúkrahúsum landsins, einkum héðan af höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt frétt sem birtist í Alþýðublaðinu nú í byrjun nóvember er barnaspítali Hringsins nú rekinn þannig að börn koma inn að morgni og eru send heim að kvöldi og hluta spítalans er lokað um helgar. Rúmum hefur verið fækkað á deildum og þess eru dæmi að deildir hafi ekki verið opnaðar eftir lokun af ýmsum ástæðum og jafnframt berast þau tíðindi að hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða vanti til starfa á ýmsar deildir sjúkrahúsanna og að á flestum deildum sé gífurlegt vinnuálag á starfsfólkinu vegna undirmönnunar. Háskólamenntaðir hjúkrunarfræðingar sögðu upp störfum sínum frá og með 1. okt. og hjúkrunarfræðingar innan BSRB hugðu á uppsagnir, en samkvæmt nýjustu fréttum hafa þeir nú frestað þeim vegna væntanlegra laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ástæður þessarar óánægju, sem kemur fram í þessum aðgerðum hjúkrunarfræðinganna, eru fyrst og fremst lág laun, mikið vinnuálag og mikil ábyrgð sem ekki er metin til launa. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk hjá Hjúkrunarfélagi Íslands eru um 77% hjúkrunarfræðinga innan þess félags við hjúkrunarstörf, en 23% sinna öðrum störfum eða eru á eftirlaunaaldri. Ég veit ekki hvernig þetta hlutfall er miðað við aðrar sérmenntaðar stéttir, en staðan er nú þannig samkvæmt mínum upplýsingum að 195 íslenskir hjúkrunarfræðingar starfa erlendis, 100 eru komnir á eftirlaun en 1925 eru í starfi, en tugir ef ekki hundruð hjúkrunarfræðinga, því miður hef ég ekki nákvæma tölu, eru í öðrum störfum, þar á meðal sem heimavinnandi húsmæður.

Hjúkrunarfræðingar eru ein þeirra kvennastétta sem orðið hafa illilega fyrir barðinu á launastefnu ríkisstjórnarinnar og eru orðnar langþreyttar á lélegum kjörum, en þeir gjalda sem síst skyldu, sjúklingar sem þurfa á hjúkrun að halda.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef hér rakið leyfi ég mér, herra forseti, að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. á þskj. 185:

„1. Hve marga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða vantar til starfa?

2. Hvar er skorturinn mestur?

3. Hversu margir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar eru í a) fullu starfi, b) hlutastarfi?

4. Hversu mikla yfirvinnu vinna hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar að jafnaði á mánuði hverjum?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. 1. liður fsp. hv. þm. hljóðar svo: „Hve marga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða vantar til starfa?“ og 2. liðurinn hljóðar svo: „Hvar er skorturinn mestur?“ Ég kýs að svara þessum tveimur fyrstu liðum fsp. saman.

Lauslega áætlað vantar í þær stöður sem leyfi er fyrir rúmlega 200 hjúkrunarfræðinga og öllu fleiri sjúkraliða. Þessar tölur eru breytilegar frá einum mánuði til annars.

Mikil hreyfing er á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum í starfi. Þeir hverfa frá um tíma, en koma flestir til starfa á ný. Allmargir eru við nám um lengri eða skemmri tíma hér heima eða erlendis.

Þeir munu vera um 65 í lengra námi, en þá er átt við eins til tveggja ára framhaldsnám, og 25 á styttri námskeiðum. Þegar fjölmennir hópar hjúkrunarfræðinga fara í framhaldsnám hlýtur það auðvitað að hafa áhrif á þetta ástand. Núverandi stöðuleyfi fyrir þessar starfsstéttir segja þó ekki alla sögu því að allmargar sjúkrastofnanir og heilsugæslustöðvar hafa óskað eftir fleiri stöðuheimildum en þær hafa nú leyfi fyrir. Skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa er meiri í stofnunum í Reykjavík en úti á landsbyggðinni og tiltölulega meiri á öldrunardeildum, geðdeildum og barnadeildum. Hins vegar er meiri skortur á sjúkraliðum til starfa úti um landið.

Við þetta má bæta að það er ekki einungis skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum í stofnunum hér í Reykjavíkurborg og víðar í þéttbýlinu heldur einnig á ófaglærðu aðhlynningarfólki. Ef tölur eru teknar miðað við núverandi ástand í stærstu sjúkrahúsunum eru stöðuheimildir fyrir hjúkrunarfræðinga við Landspítalann 340. Af þeim eru setnar 308, en 21 hjúkrunarfræðingur er í barneignarleyfi eða námsleyfi af þeim hópi. Stöðuheimildir fyrir sjúkraliða eru 157, en í starfi eru 174 sjúkraliðar. Stöðuheimildir fyrir hjúkrunarfræðinga í Borgarspítalanum eru 204, af þeim eru setnar 179 stöður, og fyrir sjúkraliða 168 stöðuheimildir, af þeim eru setnar 134 stöður. Í Landakotsspítala eru stöðuheimildir hjúkrunarfræðinga 110, af þeim eru setnar 108 stöður, og fyrir sjúkraliða eru heimildirnar 99, af þeim eru setnar 87. Í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eru stöðuheimildir hjúkrunarfræðinga 79,5 og af þeim eru setnar um það bil 76 stöður. Stöðuheimildir fyrir sjúkraliða eru 88, en í þeim stöðum og öðrum störfum eru 95,5 sjúkraliðar. Ég tel þessar hlutfallstölur svolítið skrýtnar, en það er vegna þess að svo margt af þessu fólki vinnur hlutastörf. Þess vegna standa tölurnar ekki alltaf á heilli tölu. Við eftirgrennslan telja flest sjúkrahúsin úti á landi sig mun betur stödd nú hvað því viðvíkur að fylla þessar stöður en oft áður.

Ef ég vík að heilsugæslunni og þeim heilsugæslustöðvum sem heyra beint undir ráðuneytið eru stöðuheimildir fyrir hjúkrunarfræðinga 119. Segja má að allar þær heimildir séu notaðar. Á örfáa staði vantar hjúkrunarfræðing til starfa, en þá hefur stöðuheimildin verið notuð til annars þann tíma.

3. spurning hv. þm. var: „Hversu margir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar eru í a) fullu starfi, b) hlutastarfi?“

Hjúkrunarfræðingar í fullu starfi eru um 680 og í hlutastarfi um 1000. Sjúkraliða hef ég ekki eins nákvæmt yfirlit yfir, en af þeim tölum sem ég hef eru þeir mun fleiri í hlutastarfi en í fullu starfi en þegar um er að ræða hjúkrunarfræðingana. Samkvæmt könnunum kemur í ljós að hjúkrunarfræðingar brautskráðir frá Háskólanum og þeir aðrir sem hafa farið í framhaldsnám eru fleiri í fullu starfi en aðrir.

4. spurning hv. fyrirspyrjanda var um hversu mikla yfirvinnu hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar ynnu að jafnaði á mánuði hverjum. Því er til að svara að hún er mjög misjöfn í stofnunum og má segja að það haldist í hendur við það hvort skortur er þar á þeim til starfa og hversu margir hafa verið fastráðnir í fullt starf og með hátt starfshlutfall. Í sumum stofnunum er yfirvinnan sáralítil og þá mest samningsbundin yfirvinna, svo sem kaffitímar og annað, en annars staðar töluvert mikil. Hjá stærstu sjúkrahúsunum, Landspítalanum og Borgarspítalanum, er yfirvinna hjúkrunarfræðinga frá 25 til 35 stundir í mánuði, en hjá sjúkraliðum 26–43 stundir í mánuði. Sjúkraliðar eru fleiri í hlutastarfi og því eru yfirvinnustundir þeirra fleiri.

Ég vona að fsp. hv. þm. sé svarað, en þessar upplýsingar eru teknar saman af Ingibjörgu Magnúsdóttur deildarstjóra í heilbrrn.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. kærlega fyrir þessi svör. Þetta eru miklar upplýsingar, sem hún hefur hér lagt fram, og ég þarf að skoða þær betur til að geta áttað mig á því hvað þetta segir. En mér finnast það býsna háar tölur að 200 hjúkrunarfræðinga vanti til starfa. Ég ætla ekki að segja meira um þetta í bili því að ég er líka með næstu fsp. Hún er í beinu framhaldi af þessu máli, um það til hvaða ráða eigi að grípa. Ég verð þó að segja að ég hefði búist við því að yfirvinna væri jafnvel enn meiri á spítölum. En þetta þarf að skoðast betur.

Lokun deilda á sjúkrahúsum, ein umr.

Fsp. KÁ, 176. mál. — Þskj. 186.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Í framhaldi af fyrri fsp. mínum leyfi ég mér á þskj. 186 að spyrja hæstv. heilbrrh.:

„1. Hefur þurft að loka deildum sjúkrahúsa vegna skorts á starfsfólki, þ.e. utan venjulegra sumarlokana?

2. Hvaða ástæður telur ráðherrann liggja að baki skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á sjúkrahúsunum?

3. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að bæta úr þessum skorti?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. 1. spurningu hv. þm. um lokun sjúkrahúsa er því að svara að sjúkrahúsin í Reykjavík hafa orðið að loka deildum eða draga úr starfsemi um stundarsakir, en minna hefur verið um slíkt úti á landsbyggðinni. Í Landspítalanum hefur endurhæfingardeild með 23 rúmum verið lokuð um nokkurra mánaða skeið, um 7–8 mánuði, og í Borgarspítala eru 26 rúm ekki í notkun. Þetta er samkvæmt upplýsingum sem fengnar voru frá framkvæmda-

stjóra Borgarspítala í morgun. Þessi rúm í Borgarspítalanum eru á tveim handlækningadeildum og tveim öldrunardeildum. Þar er því engin heil deild lokuð heldur má segja að dregið hafi verið úr starfsemi á þeim fjórum deildum sem hér hafa verið nefndar. Sex rúm í hvorri deild hafa ekki verið tekin í notkun af þeim sem heimilt er að hafa þar.

Spurning nr. 2 er: „Hvaða ástæðu telur ráðherrann liggja að baki skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á sjúkrahúsum?"

Þessari spurningu hafa margir reynt að svara með því að geta sér til og stundum heyrir maður úr ýmsum hornum afar einföld svör og telja að hér liggi að baki ein einföld ástæða. Ég tel ekki að svo sé. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að fyrir liggi allverulegar kannanir á því hvað stéttirnar telja sjálfar um þetta atriði og á hvern átt orsakirnar tengjast saman. Þess vegna var það að Hjúkrunarfélag Íslands og Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga hafa látið gera kannanir um meginástæður fyrir skorti á hjúkrunarfræðingum til starfa og heilbrmrn. hefur styrkt þessi félög lítið eitt til þessara kannana. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt til að undirbyggja kjarabaráttuna með faglegum hætti og tel að þessi félög eigi heiður skilið fyrir að standa þannig að þessum málum.

Hjúkrunarfélag Íslands gerði sína könnun fyrir þremur árum og ráðuneytið styrkti það þá nokkuð. Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga gerði sína könnun á s.l. ári og fékk einnig styrk frá ráðuneytinu til þess arna. Báðar þessar kannanir leiddu í ljós að meginástæða var talin vera lág laun. — Ég tel ástæðurnar í þeirri röð sem talið var að vægi þeirra væri. — Síðan kom óreglulegur vinnutími. Þriðja meginástæða var að starfið samræmdist illa heimilisstörfum, vinnuálag væri mikið og víða væri skortur á barnagæslu. Ég bendi á í þessu sambandi að könnun Hjúkrunarfélags Íslands var birt í tímariti félagsins, Hjúkrun, frá árinu 1984. Könnun Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga hefur ekki verið birt enn þá. Jafnskjótt og ég fæ hana í hendur er ég fús til þess að láta fjölfalda hana og afhenda hv. þm. hana. Ég tel að hér sé um mál að ræða sem hefur svo mikla þýðingu að nauðsynlegt sé að átta sig á öllum þáttum þess.

Þótt ekki hafi verið gerðar jafnítarlegar kannanir á meðal sjúkraliða hefur af ráðuneytisins hálfu verið reynt að kanna þetta með fyrirspurnum til þeirra hópa á stofnunum víða um land og svo virðist sem útkoman sé svipuð þar. En eins og mönnum er kunnugt er yfirgnæfandi meiri hluti hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða konur sem þurfa að sjá um heimilishald og barnauppeldi. Margar hverfa frá starfi um stundarsakir vegna ungra barna, það er auðvitað einn þáttur skýringarinnar á því að þær eru ekki allar í starfi samtímis og síst í fullu starfi í sínu fagi, en aðrar minnka við sig starf um skemmri eða lengri tíma. Það mun vera rúmlega 1% af körlum í stétt hjúkrunarfræðinga og svipuð hlutfallstala meðal sjúkraliða.

Í þeirri von að hv. þm. geri einhverja athugasemd sem ég þarf að gera athugasemd við mun ég láta þessu lokið í bili. Ég kem þá svari við 3. spurningunni að sem athugasemd.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög svo alvarlegu máli þar sem kemur í ljós að hundruð hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða eru ekki í starfi eða stöður þeirra eru óskipaðar. Það er umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðh. að dýr mannvirki skuli standa ónotuð, t.d. öldrunardeildir, meðan hundruð manna bíða eftir plássi, vegna þess að ekki er unnt að manna þessar stofnanir. Vitaskuld er, eins og ráðherra réttilega benti á úr könnun Hjúkrunarfræðingafélags Íslands, um að ræða annars vegar lág laun og hins vegar skort á dagvistarrými. Ég efast t.d. um að konur í læknastétt hætti störfum vegna launa í sama hlutfalli og hjúkrunarfræðingar hætta störfum vegna sinna launa.

Ráðherrann minntist einnig á að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hverfa frá starfi vegna umönnunar barna. Hér er það skorturinn á dagvistarrýminu sem segir til sín. Við þetta verður ekki unað. Það verður að gera eitthvað í þessu. Hér ber allt að sama brunni og varðandi aðrar starfsstéttir meðal ríkisstarfsmannna. Kennarar fást ekki og réttindalaust fólk gegnir þeirra störfum vegna þess að menn lifa ekki af þeim launum sem íslenska ríkið býður þeim. Það er verkefni ríkisstjórnarinnar allrar að taka þessi mál til alvarlegrar umræðu áður en þetta þjóðfélag okkar hrynur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mig langar til að vekja á því athygli í þessu sambandi að þegar spurt er um lokun deilda á sjúkrahúsum vegna hjúkrunarfræðinga- eða sjúkraliðaskorts er aðeins hálf sagan sögð þótt því sé svarað vegna þess að stór hluti af þeirri starfsemi sem þó er enn höktandi inni á sjúkrastofnunum landsmanna er við stórlega erfið skilyrði og undirmannaður svo að tugum og hundruðum nemur á stærstu sjúkrastofnunum. Sem stjórnarmanni í stjórnarnefnd ríkisspítalanna, kosnum þangað inn af Alþingi, er mér málið skylt. Ég vil nefna sem dæmi að barnaspítali Hringsins, sú merka og þýðingarmikla stofnun, er nú rekin að hluta til með þeim hætti að börnin eru send heim á kvöldin og keyrð þangað aftur á morgnana. Vegna hvers? Jú, vegna þess að það er ekki hægt að manna næturvaktir á deildum spítalans. Ef mönnum er það ekki ljóst að þarna er við mikið vandamál að etja þegar starfsemin er komin í slíkar ógöngur ætti mönnum að vera það með því að hugleiða þetta dæmi.

Ég vil svo segja, herra forseti, að við hefðum þurft miklu meiri tíma en hér gefst til þess að ræða almennt stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og viðbrögð manna við þeim mikla vanda sem við er að etja í starfsmannahaldi í opinberum rekstri.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa nú komið fram ógnvekjandi upplýsingar um fjölda hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem vantar til starfa. Að vísu koma þær ekki á óvart því að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar eru dæmigerð kvennastétt og eins og ráðherra gat um eru það vitaskuld hin lágu laun, skortur á barnagæslu og óreglulegur vinnutími sem gerir það að verkum að það er erfitt að koma heim og saman skyldum kvenna heima fyrir og starfi úti á vinnumarkaði.

Þetta vandamál blasir við fleiri kvennastéttum en þeim sem hér um ræðir og á þessu vandamáli verður að taka umsvifalaust. Það er víða neyðarástand á heimilum landsins út af þessu og þess vegna bíð ég með eftirvæntingu eftir svari hæstv. ráðherra við 3. lið þessarar fsp. sem henni gafst ekki tími til að svara áðan, en hann er: Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að bæta úr þessu?

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég skal hafa það örstutta athugasemd um þær upplýsingar sem komu fram hér og hafa reyndar komið fram á þingi áður. Fyrir þremur árum síðan var gerð könnun og kom hún út á prenti í riti hjúkrunarfræðinga þar sem þessar ástæður voru nefndar, hvað liggur að baki því að skorturinn er svo mikill eins og raun ber vitni, og eru þær engin ný sannindi. Það er sem sagt lág laun, það er, eins og fram hefur komið, vaktavinnan. Það hefur ekkert verið gert á þessum þremur árum og það finnst mér aðalmálið. Við getum ekki alltaf beðið eftir nýrri og nýrri könnun þegar fram kemur hér, og það hefur verið öllum hv. þm. ljóst, að ekkert hefur verið gert á þessum þremur árum. Það var lögð fram þáltill. um að skipuð yrði nefnd af ríkinu til þess að gangast í að leysa þessi vandamál eða alla vega koma með tillögur til úrbóta og hún var ekki einu sinni samþykkt á hv. Alþingi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil freista þess að svara 3. lið fsp. í tilefni af þeim athugasemdum sem fram hafa komið, en þessi spurning var um til hvaða aðgerða ráðuneytið hygðist grípa.

Þetta mál hefur verið mjög mikið rætt og það er ekki skortur á nefndum í þessu sambandi heldur er það fyrst og fremst spurning um fjármagn og einnig samkomulag manna um viss skipulagsatriði.

Hjúkrunarfræðingar hafa sjálfir einkum bent á hækkun launa og aukaþóknun fyrir fullt starf, sveigjanlegri vinnutíma og fleiri dagvistarrými. Þessa þætti alla hef ég rætt við hlutaðeigandi aðila og geri mér vonir um að úr rætist. S.l. vetur reyndi ég það ráð sem nokkurn árangur bar þegar læknar áttu í hlut fyrir mörgum árum og svipað stóð á um fjarvistir þeirra frá landinu. Ég skrifaði 180 hjúkrunarfræðingum sem dveljast erlendis og spurðist fyrir um það hvort þeir vildu koma heim til starfa ef þeir fengju einhverja fyrirgreiðslu við heimflutning sinn. Sex hafa þegar komið til starfa og það eru að berast bréf enn með fyrirspurnum um í hverju slík aðstoð væri fólgin og við höfum yfirleitt beint þessum svörum til viðkomandi sjúkrastofnana. Það koma þá hugmyndir um það frá hjúkrunarfræðingum sem erlendis dvelja við hvaða stofnanir þeir vildu gjarnan starfa og við hvers konar verkefni. Svo virðist sem þarna hafi aðeins orðið hreyfing á og þetta litla bréf, þó að þarna hafi ekki margt skilað sér enn, sé samt enn þá að vekja viðbrögð því að menn gera það ekki svona í einni handarvendingu að flytja sig með fjölskyldu sína heim.

Hvað viðkemur sjúkraliðum hafa tveir skólar bæst við sem bjóða upp á sjúkraliðanám, en meðal óska sjúkraliða í sambandi við þeirra málefni var það að athugað yrði um endurskoðun á námi þeirra, fyrirkomulagi, hvort hægt væri að opna þeirra námsleiðir betur en verið hefur og jafnvel endurskoða allt innihald þess náms.

Nefnd hefur starfað í þessu og lokið störfum og tillaga hennar er í stuttu máli sú að sjúkraliðanámið færist smátt og smátt alfarið inn í fjölbrautaskólana en að Sjúkraliðaskólanum verði áfram haldið sem ársskóla, um nokkurra ára bil a.m.k., fyrir almennt sjúkraliðanám. Auk þess bjóði hann upp á sérnám í vissum greinum, námskeið upp undir hálft ár eða svo sem veittu þá réttindi til vissra kjarabóta. Þetta eru atriði sem sjúkraliðar hafa lagt mikla áherslu á. Þeir skólar sem bæst hafa við eru Fjölbrautaskólinn í Keflavík og nú í haust Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Þetta þýðir að fólk sem getur farið í þetta nám þegar það er ungt í heimabyggð sinni kemur þá frekar til þessa starfs en ef það þyrfti að bíða þangað til að loknu venjulegu framhaldsnámi og fara þá til Reykjavíkur til að læra þessi störf. Ég geri mér þess vegna vonir um að mun fleiri sjúkraliðar brautskráist á næstu árum heldur en hingað til. Þessi atriði vildi ég sérstaklega nefna.

Svo eru aðrar aðgerðir sem eru til þess fallnar að létta á sjúkrahúsum, m.a. sú þjónusta sem fólgin er í heimahjúkrun, því að auðvitað dregur úr skorti á slíku starfsfólki á sjúkrahúsum ef dregið er úr aðsókn á hjúkrunardeildirnar. Þess vegna var flutt um það frv. s.l. vor og samþykkt hér á hv. Alþingi að sjúkrasamlögin greiddu fyrir heimahjúkrun, en það hefur ekki verið heimilt hingað til. Hingað til hefur heimahjúkrunin verið skipulögð af heilsugæslustöðvunum en lagabreytingin þýðir að þá getur fólk snúið sér til hjúkrunarfræðings. hjúkrunarfræðingur, sem e.t.v. sinnir heimili sínu að langmestu leyti og er ekki í föstu starfi neins staðar annars staðar, tekur að sér nokkra sjúklinga sem hann hjúkrar heima fyrir. Ég held að um allt land geti þessi breyting orðið til að draga úr þörfinni á stofnununum sem við ræddum um. En auðvitað eru þetta allt saman hliðarráðstafanir. Það sem vitanlega skiptir máli og mér dettur ekki í hug að loka augunum fyrir eru kjaramál þessara stétta eins og annarra.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir svörin. Þetta eru gagnmerkar upplýsingar sem hafa komið fram þó að ekki sé hægt að segja að þær komi á óvart því að þetta ástand hefur mörgum verið ljóst.

Ég tek innilega undir það með heilbrrh. að ástæðan fyrir stöðu þessara mála er fyrst og fremst launamálin, vinnutíminn, skortur á barnaheimilum og sú mikla ábyrgð sem fylgir þessum störfum. En allar þessar upplýsingar leiða mig til þeirrar niðurstöðu að það sem fyrst og fremst þurfi að gera sé að reyna að bæta launakjörin og ég skora á ráðherrann að beita sér í þeim málum. En það þarf líka að skoða allt heilbrigðiskerfið í heild og athuga hvaða leiðir er hægt að fara innan þess til að bæta aðstöðuna. Hæstv. ráðherra nefndi það að hún væri að reyna að sækja hjúkrunarfræðinga til útlanda og manni dettur nú í hug Florence Nightingale, að það sé verið að reyna að höfða til hins góða hugarfars. En staðreyndin mun vera sú, því miður, að þegar hjúkrunarfræðingar koma heim frá útlöndum snarlækka þeir í launum, þannig að þetta er auðvitað engin lausn.

Ég þekki sjálf dæmi um tiltölulega nýútskrifaðan hjúkrunarfræðing sem hætti starfi á sjúkrahúsi og gerðist flugfreyja og fékk þrisvar sinnum hærri laun hjá Flugleiðum en í heilbrigðiskerfinu. Að öllu þessu þarf að hyggja.

Það er líka vert að velta því fyrir sér hvort það skólakerfi sem við höfum nú megnar að uppfylla þörfina fyrir hjúkrunarfræðinga, hvort sú menntun sem veitt er í Háskóla Íslands dugar til þess að fullnægja þörfinni.

Herra forseti. Ég gæti haft langt mál um þetta, en ég ítreka þakkir til ráðherrans og þakka öðrum sem tekið hafa til máls um þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Mér var að berast skjal úr ráðuneytinu sem fyllir dálítið betur það sem ég var að segja. Sá kafli sem ég mun vitna til hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjúkrunarfræðingar voru einnig spurðir um hvað þeir teldu vera meginástæður fyrir skorti á hjúkrunarfræðingum. Mynd 12 sýnir hvaða atriði hjúkrunarfræðingarnir töldu mikilvægust í þessu sambandi. Eins og sjá má sýna þessar niðurstöður sem byggðar eru á óbundnu vali að flestir, eða 35%, nefndu mikið vinnuálag. Næstflestir, eða 16%, nefna síðan lág laun, 14% nefna óreglulegan vinnutíma og 11% nefna vandamál við barnagæslu."

Önnur mynd sýnir svör þátttakenda við sömu spurningu en nú eru svörin bundin þannig að svarendur eru beðnir að raða viðeigandi atriðum í forgangsröð. Flestir, eða 41% svarenda, telja að lág laun séu mikilvægasta ástæðan fyrir hjúkrunarfræðingaskortinum. 22% nefna óreglulegan vinnutíma, 15% nefna að vinnan samrýmist illa heimilisstörfum. Álíka margir nefna mikið vinnuálag og vandamál vegna barnagæslu, eða um 9%.

Þetta vildi ég, herra forseti, láta koma fram því að hér var um að ræða mjög vandaða og vísindalega úttekt.

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því í lokin að ráðherrann er ekki reiðubúinn með neinar tillögur til úrbóta í þessum málum og ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar og hæstv. heilbrrh. að ráða nú bót á þessum málum.

Sjúkranuddarar, ein umr.

Fsp. GHelg, 188. mál. — Þskj. 199.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Í maí 1985 voru undirrituð lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Skv. þeim var síðan gefin út reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara. Sú reglugerð var undirrituð 6. jan. 1986, um svipað leyti og ýmsar aðrar slíkar reglugerðir.

Síðan gerðist það að stjórn Félags ísl. sjúkraþjálfara ritar ráðherra bréf 21. júlí 1986 og mótmælir harðlega þessari reglugerð og telur að þar hafi verið farið inn á þeirra eigið starfssvið. Nokkrum dögum seinna gefur núv. hæstv. heilbrrh. út reglugerð um afnám þessarar umræddu reglugerðar. Og þá stóðu sjúkranuddarar sem sagt aftur í sömu sporum og áður en reglugerð þeirra var samin.

Ekki voru allir sammála um að þessi reglugerð hefði á nokkurn hátt stangast á við lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta eða komið inn á svið annarra starfsstétta. M.a. ritar Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir bréf í júní 1986 þar sem hann telur að við setningu reglugerðar þeirrar sem áður var minnst á hafi verið staðið að verki eins og lög mæla fyrir um og að umsögn landlæknis um drög að reglugerð hafi verið send ráðuneytinu.

Síðan hefur það gerst að hæstv. ráðherra hefur skipað nefnd til að reyna að leysa þessi mál og sú nefnd hefur skilað af sér til hæstv. ráðherra. En það mál lítur nú ekki vel út þar sem menn virðast ekki geta komið sér saman um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, og skal ekki lengja mál mitt, að leggja fram fsp. á þskj. 199, tvær fsp. sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hvers vegna var reglugerð nr. 13/1986, um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara, numin úr gildi?

2. Er ný reglugerð fyrirhuguð? Sé svo, hvenær er hennar að vænta?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það mál sem hér er spurt um hefur verið til umræðu meðal margra heilbrigðisstétta, fleiri heilbrigðisstétta en hv. fyrirspyrjandi nefndi hér. Það er rétt að staðið var að undirbúningi þessarar reglugerðar eins og lög mæla fyrir, enda hafa lögin að geyma afskaplega víðtækar heimildir fyrir ráðherra til þess að kveða á um einkarétt tiltekins hóps til tiltekinna starfa og draga að sama skapi úr möguleikum annarra eða réttindum til þess hins sama starfs.

Þegar um svona víðtæk lög er að ræða, sem takmarka rétt hóps manna til starfa frá því sem er áður en slík fyrirmæli eru gefin út, er það mín skoðun að ráðherra þurfi að hafa það á hreinu að ekki sé gengið inn á svið annarra stétta.

Öðru máli gegndi ef slíkt mál færi í gegnum Alþingi. En ég treysti mér ekki til að standa að því að ákveða með einu pennastriki að tilteknum hópi manna skuli leyft að stunda starf sem hann og aðrar heilbrigðisstéttir telja hann færan til og öðrum, hópi sem líka er talinn til starfsins fær, sé ekki leyft að vinna það. Ég skal skýra nánar hvað ég á við, því að það kom í ljós einmitt í þessu máli.

Ég hafði þær upplýsingar þegar þetta mál var lagt fyrir að þær heilbrigðisstéttir sem þarna ættu hlut að máli væru á einu máli um drög að reglugerð og svo virtist vera áður en undirritað var. Þegar mér fóru að berast ábendingar um að sú væri alls ekki raunin fór ég að kanna betur bakgrunn ýmsan fyrir þessari reglugerð og ég komst að þeirri niðurstöðu að reglugerðin gengi að vísu ekki á neinn hátt í bága við heimildarlögin sjálf heldur í bága við lögin um sjúkraþjálfara. En það eru aftur á móti sérlög sem gilda um þá stétt og þá sem starfa með sjúkraþjálfurunum. Það var því niðurstaða mín að reglugerðin óbreytt gæti ekki staðist samkvæmt lögum. Þess vegna taldi ég ekki fært annað en að nema hana úr gildi á meðan unnið væri að samningu nýrrar reglugerðar.

Á meðan á þessu stóð kom fram að menn úr félagi sem heitir Nuddarafélag Íslands féllu ekki undir reglugerð um sjúkranuddara. Í Nuddarafélagi Íslands eru ýmsir starfsmenn sem eru mjög hæfir á þessu sviði og eru að margra dómi ekki síður lærðir en hinir, en þeir hafa ekki hlotið fræðslu sína í skólum heldur á stofum í starfi. Þar er t.d. um að ræða blinda fjölskyldumenn sem eru taldir mjög færir í starfi og ekki síður en ýmsir sem eru í Sjúkranuddarafélaginu. En reglugerðin kvað á um það að allar umsóknir skyldu fara í gegnum Sjúkranuddarafélagið þannig að þarna var einn árekstur-inn. Milli sjúkraþjálfara og sjúkranuddara var annar árekstur. Einn þáttur reglugerðarinnar eins og hún var gekk að mínu mati í bága við skýrgreiningu á störfum sjúkraþjálfara sem er í lögum sem Alþingi hefur samþykkt, svo og reglugerð byggðri á þeim lögum.

Þegar svona stendur á tel ég að verði að ganga vel frá því að ekki sé ómaklega tekinn réttur af neinum með setningu reglugerðar og þá þess heldur að þetta vald er í hendi ráðherra, þegar um þennan hóp er að ræða, en ekki Alþingis. Við þetta vil ég svo bæta að ég er orðin varkárari en í upphafi þessa starfsárs míns sem heilbrrh. um setningu slíkra reglugerða því að eins og hv. þm. þekkja hefur það farið mjög vaxandi að ýmsar stéttir vilja fá löggildingu eða einkaréttindi til tiltekins starfs. Í slíkum tilvikum tel ég, a.m.k. á meðan breyting skv. löggildingum er að komast á, að vera þurfi svigrúm til réttindaveitingar á þann hátt að vinnan sé ekki tekin af mönnum sem hana stunda, nema þá að sýnt sé að þeir hafi beinlínis unnið tjón með því starfi sínu þannig að hér er um að ræða mikla grundvallarspurningu. Aðalatriðið er það að slík heimildarlög verður að nota með mikilli varúð.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég get verið henni sammála um að það má ýmislegt segja um löggildingu starfsstétta. En ef verið er að, og eins og búið er að, löggilda einstök starfsheiti verður auðvitað eitt yfir alla að ganga. Ég vil t.d. nefna að læknaritarar hafa fengið löggildingu fyrir sínum starfa.

Eftir því sem mér hefur skilist eru sjúkranuddarar fyrstir manna til þess að viðurkenna að þeir hafa ekki menntun á borð við sjúkraþjálfa og gera sér fyllilega ljóst að þeir geta þar með ekki gegnt þeim störfum sem þeir síðarnefndu gegna. Og þeir eru jafnvel tilbúnir til að viðurkenna að e.t.v. hafi verið gengið of langt í umræddri reglugerð. Þeir hafa lagt til breytingar sem taka af allan vafa um að þeir eru ekki að fara inn á svið sjúkraþjálfara heldur hugsa þeir störf sín fyrst og fremst sem einn þátt sjúkraþjálfastarfa eða hugsa sér að vera svokölluð stoðstétt. Og þeir gera sér jafnframt fyllilega ljóst, eins og tillögur þeirra hafa sýnt, að þeir vinna auðvitað ekki nema skv. tilvísun frá lækni.

Þetta lyktar auðvitað allt ofurlítið af þeirri lagskiptingu sem mér sýnist verða ákveðnari með ári hverju innan heilbrigðisstéttanna og að mínu viti ber að reyna aðeins að spyrna fótum við. Auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að kunnátta manna sé virt til ýmissa starfa, en að sjúkranuddarar séu gagnleg stétt, sem geti leyst ýmsan vanda mannanna á tiltölulega auðveldan hátt, hlýtur að vera og er alveg ótvírætt eins og margir hafa sannreynt. Ekki veitir nú af að létta af heilbrigðiskerfinu því sem mögulegt er að lagfæra utan þess.

Mér er alveg ljóst að hæstv. ráðh. er svolítill vandi á höndum við að reyna að fá þetta fólk til að koma sér saman um hvernig að þessum málum verði staðið. Ég get ekki neitað því að mér finnst nokkur hroki í því fólginn, eins og kemur fram í ýmsum bréfaskriftum um þetta mál, að menntastofnanir neiti gjörsamlega að standa að samningu reglugerðar eða leggja nokkuð til hennar og get ég nefnt þar bæði háskólafólk og fólk úr fjölbrautaskólunum. Ég held að þarna sé hægt að koma sér saman um með einhverri lagni hvernig að þessum málum skuli stað-

ið og ég tel að ekki sé hægt að halda sjúkranuddurum utan við alla löggildingu, eins og nú er, með tilliti til þess sem þegar er búið að löggilda af starfsstéttum innan heilbrigðiskerfisins.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, ein umr.

Fsp. SDK, 189. mál (framkvæmd þingsályktunar). — Þskj. 200.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Þann 22. apríl s.l. samþykkti Alþingi till. til þál. þess efnis að meta skyldi heimilisstörf til starfsreynslu úti á vinnumarkaðnum. Þáltill., sem samþykkt var, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla."

Reyndar gengur þessi þál. miklu skemur í þá átt að meta heimilisstörf til starfsreynslu en við Kvennalistakonur vildum og ljóst var við samþykkt hennar að hún gerði lítið annað en að staðfesta það ástand sem þá ríkti í þessum málum.

Ályktunin eins og hún liggur nú fyrir er í raun tvíþætt. Annars vegar kveður hún á um að heimilisstörf skuli metin til starfsreynslu þegar um hliðstæð störf er að ræða, ekki þegar um öll störf er að ræða eins og upphaflega till. gerði ráð fyrir, og hins vegar að kanna skuli hvernig meta megi heimilisstörf þegar um óskyld störf er að ræða. Fyrra atriðið hefur þegar verið í framkvæmd víða um árabil, að vísu í einum hrærigraut. Því felur ályktun Alþingis í sér að framkvæmdarvaldið hlutist til um að greiða úr flækjunni og samræma þetta mat heimilisstarfa.

Síðara atriðið, könnunin á því hvernig meta megi starfsreynslu við heimilisstörf þegar um er að ræða óskyld störf, er öllu mikilvægara þar sem það er mun víðtækara, nær til miklu stærri hóps og felur í sér mun meiri viðurkenningu á heimilisstörfum.

Nú leikur mér hugur á að vita hvernig tekist hefur til með framkvæmd beggja þessara þátta till. og því spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 200 hvað líði framkvæmd þál. um mat heimilisstarfa til starfsreynslu sem samþykkt var á Alþingi 22. apríl s.l.

Svo merkilega hittist reyndar á að á þessum fundi sameinaðs Alþingis hefur verið dreift á borð hv. þm. prentaðri skýrslu frá hæstv. félmrh. um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu. Er þar komið, eftir því sem mér telst til, um 10 bls. skriflegt svar við fsp. minni þótt eigi hafi verið um beðið og er hér sannarlega vel að verki staðið hjá hæstv. ráðherra. Ég geri ráð fyrir að við fáum helstu niðurstöður þessarar skýrslu í svari hans á eftir.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. um þessa þál. vil ég geta þess að á ríkisstjórnarfundi á þessu ári var ákveðið að fela félmrh. að fylgja þessari þál. eftir, láta á það reyna á hvern hátt væri hægt að koma til móts við samþykkt Alþingis. Eins og hér hefur komið fram er þessi þál. tvíþætt, annars vegar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust þegar um hliðstæð störf er að ræða og hins vegar felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka reynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla.

Það sem gert var í sambandi við þetta mál var það að félmrh. fól ákveðnum aðila, Gerði Steinþórsdóttur cand. mag., að gera úttekt á stöðu þessara mála og gera tillögur um hvernig meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf. Gerður Steinþórsdóttir lauk þessu verkefni í september s.l. og skilaði um það skýrslu sem félmrh. lagði fyrir ríkisstjórn. Ríkisstjórnin samþykkti að þessi skýrsla yrði óbreytt eins og hún kom frá hendi þess aðila sem vann hana til birtingar á hv. Alþingi þannig að hv. þm. gætu fjallað um hana og hún yrði þá tekin til meðferðar á þingi síðar til umræðu.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið efnislega afstöðu til skýrslunnar, en í þessari skýrslu, eins og hv. þm. geta séð, eru í fyrsta lagi lagðar fram ákveðnar tillögur skýrsluhöfundar um hvernig að þessu skyldi staðið og rakið á hvern hátt hún byggir það upp. Enn fremur tekur hún til meðferðar ágrip af gangi þessa máls á hv. Alþingi og rekur heimilis- og umönnunarstörf í framhaldi af því. Hún tekur einnig til meðferðar núgildandi ákvæði í kjarasamningum ýmissa aðila sem hafa fjallað um þessi mál. Víða eru þessi mál að einhverju leyti metin þannig að starf heimavinnandi fólks er metið, en þó á ófullnægjandi hátt.

Eins og kemur fram í áliti skýrslunnar, sem ég geri ekki ráð fyrir að ræða hér því að eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er það algjör tilviljun að skýrslan skyldi birtast á sama degi og þessi fsp. er tekin til umræðu, eru þar þrjár tillögur sem hún leggur fram.

Í fyrsta lagi tillaga 1, um að metin skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin á sama hátt, þó mest til fjögurra ára starfsaldurs.

Síðan er tillaga 2. Metin skuli á sama hátt óskyld eða sérhæfð störf ef um er að tefla heimilis- og umönnunarstörf metin til hálfs í starfsaldri. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma.

Og tillaga 3. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð

störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf í minnst þrjú ár metin til starfsaldurs. Slíkur áunninn starfsaldur getur mest orðið fjögur ár.

Ég vil taka fram að auðvitað gengur tillaga 1 lengst og er að sjálfsögðu veigamest í þessu, en ég vil þó geta þess að það má alls ekki líta á þessar tillögur sem tillögur ríkisstjórnarinnar sem slíkar. Ég mun í umræðum í ríkisstjórn um málið beita mér fyrir því að þessi starfsaldurstími verði lengri, þ.e. það verði metið hærra en þarna kemur fram. En ég vil, herra forseti, aðeins segja að svar mitt við fsp. er það að hér er fyrsta skrefið tekið í þessu máli og síðan mun það tekið til umræðu síðar á þinginu.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin eða réttara sagt skýrsluna því að svör hans tóku mið af henni. Samt getum við ekki rætt þessa skýrslu í þessum fyrirspurnatíma og verð ég því að láta það bíða betri tíma. Ég hef rétt haft færi á að hlaupa lauslega yfir hana meðan við höfum setið hér á fundi í dag. Það er frumlestur og ekki áreiðanlegur að öllu leyti, en ég vil strax koma þeirri athugasemd á framfæri að ég sé ekki að verjanlegt sé að setja það þak á mat heimilisstarfa til starfsreynslu sem lagt er til í öllum þeim tillögum sem fram koma í skýrslu hæstv. ráðh. Ég held að það sé eðlilegt að meta starfsreynslu við heimilisstörf eins og alla aðra starfsreynslu og gera þar engan greinarmun á.

Hæstv. ráðh. taldi tillögu 1 ganga lengst. Mér sýnist tillaga 2 ganga lengst í fljótu bragði. Það fáum við færi að ræða um seinna þegar þessi skýrsla verður tekin til umræðu í hv. sameinuðu þingi.

Það er eitt til viðbótar sem ég vildi segja um þessa skýrslu núna strax. Í fljótu bragði er erfitt að sjá hvaða stefnu hún tekur. Hún kemur víða við og það er ekki beint ljóst hverjar eru í raun niðurstöður hennar. En þetta og annað sem lýtur að þessum málum er ekki færi á að ræða í fyrirspurnatíma, þar er ekki hægt að ræða heila skýrslu, þannig að við verðum að geyma okkur þá umræðu þar til þar að kemur.

Fjárveitingar til Alþýðuskólans á Eiðum, ein umr.

Fsp. HG, 206. mál. — Þskj. 221.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 221 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um fjárveitingar til Alþýðuskólans á Eiðum. Spurt er:

„1. Hvert er mat menntmrn. á fjárþörf til stofnframkvæmda og viðhalds bygginga við Alþýðuskólann á Eiðum á árinu 1987?

2. Hvaða tillögur hefur ráðuneytið gert um þessi efni vegna fjárlagaundirbúnings 1987?“

Þetta er fsp. Tilefni hennar er að í fjárlagafrv. er ekki að finna neina sundurliðun á fjárveitingum til viðhalds héraðsskóla eða stofnframkvæmda við héraðsskóla nema tilgreint er að 8 millj. kr. skuli verja til Héraðsskólans í Reykholti vegna áframhaldandi byggingarframkvæmda mötuneytishúss. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Fjvn. Alþingis mun gera tillögu um skiptingu framlags milli einstakra héraðsskóla.“

Ég grennslaðist fyrir um það hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun hvaða tillögur hefðu farið þar í gegn um þessi efni. Þar kom aðeins fram það sem varðar rekstur skólans, en ekkert varðandi viðhald eða stofnkostnað þannig að ég sé ekki á hverju fjvn. á að byggja tillögur sínar um skiptingu. En hæstv. ráðh. getur væntanlega greint okkur frá hvernig að þessum málum er staðið af hálfu menntmrn.

Alþýðuskólinn á Eiðum er einn af elstu héraðsskólum í landinu og raunar eldri sem skólastofnun, afar þýðingarmikil í menntakerfinu á Austurlandi. Ég skoðaði aðstæður skólans á síðasta hausti eða síðsumars og mér varð þá ljóst að þar vantar geysilega mikið á að haldið sé í horfinu með eðlilegum hætti varðandi viðhald mannvirkja og aðstæður aðrar sem eðlilegt er að búa nemendum þar á heimavist og einnig kennsluaðstöðu og aðstöðu fyrir kennara. Þar skortir mikið á og satt að segja ýmislegt í hálfgerðri niðurníðslu vegna fjárskorts en alls ekki áhugaleysis heimamanna því að þar hefur verið festa í skólastarfi og skólastjórn um langt árabil.

Það er líka ástæða til að geta þess, því að oft er talað um héraðsskólana sem deyjandi stofnanir, að Alþýðuskólinn á Eiðum er það ekki. Þar er setinn hver bekkur og fullskipaður skóli þannig að það er langt frá því að þar sé um einhverja deyjandi grein að ræða. Þess vegna skiptir mjög miklu að eðlilega sé staðið að uppbyggingu og viðhaldi stofnunarinnar varðandi aðbúnað allan.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Svo ég rifji það aðeins upp var á árinu 1982 lokið við að byggja heimavist sem rúmar um 40 nemendur, einnig kennaraíbúð. Nokkurt átak var þá einnig gert í að snyrta staðinn með því að malbika bílastæði við skólahúsið. S.l. tvö ár hefur verið unnið að því að bæta mötuneytishús skólans með því m.a. að skipta um miðstöðvarkerfi og ofna og setja tvöfalt gler í hluta af húsinu. Bætt hefur verið aðstaða til matargerðar í kjallara eldhúss, endurbætt hitakerfi í íbúð skólastjóra o.fl. Næstu verkefni, aðalverkefni m.a., eru að laga inngang og hreinlætisaðstöðu við mötuneyti, bæta einangrun húsa og setja tvöfalt gler í glugga þar sem það hefur ekki verið gert, mála að utan hús skólans og gera við múrskemmdir, endurbyggja að hluta heimavistir skólans, sérstaklega hreinlætisaðstöðu, og endurnýja innanstokksmuni, lagfæra eldhús í samræmi við nútímakröfur.

Þegar svara á þeirri spurningu hve mikilla fjár-

muna sé þörf á til viðhalds Eiðaskóla sérstaklega og svo annarra héraðsskóla raunar er strax hægt að svara því til að það eru miklum mun hærri fjárhæðir en stjórnvöld hafa talið sig geta látið af hendi rakna hinn síðasta áratug t.d. Viðhaldsþörf er orðin mikil og er nú unnið að því að endurmeta viðhaldsþörf staðarins á ný. Slíkt hefur raunar verið gert bæði árið 1973 og 1976, en í framhaldi af því hefur nægilegt fjármagn ekki fengist til að sinna þeirri þörf.

Ljóst er að ef ætti að endurmeta og lagfæra öll hús Eiðaskóla kostar það ekki undir, lauslega áætlað, 10–20 millj. kr. Auðvitað eru slíkar endurbætur háðar því hve mörgum nemendum á að ætla rúm í skólanum á næstu árum, en eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram er sem betur fer enginn uppgjafartónn austur þar í starfsemi skólans.

Við áætlanagerð í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1987 óskaði menntmrn. eftir fjárveitingu fyrir Eiðaskóla að upphæð 2 millj. kr. Í frv. til fjárlaga 1987 eru áætlaðar 17 millj. til framkvæmda við héraðsskóla, en Alþingi á eftir að skipta þeirri fjárhæð.

Ég get getið þess að í fjárlagatillögum var lagt til að hlutur stofnkostnaðar héraðsskólanna af hálfu ráðuneytisins yrði 21 millj. 450 þús. Reykholt var þar efst á blaði með 8 millj., Núpur með 5 millj. 650 þús., Eiðar með 2 millj. kr. og aðrir héraðsskólar minna.

Það var getið sérstaklega í rökstuðningi fyrir þessari beiðni um endurnýjunarþörf á miðstöðvarlögnum í mötuneytishúsi skólans, tvöfalt gler í allt húsið árið 1987 og að einangra það betur til að minnka upphitunarkostnað og enn fremur skírskotað til margháttaðrar endurbótaþarfar á húsum skólans, en nú er eins og ég sagði unnið að áætlanagerð. Ég skal játa að það vekur manni áhyggjur hversu naumt er skammtað til þessara þarfa, alveg sérstaklega þar sem, eins og fram hefur komið í svari mínu, margháttaðra viðgerða og endurbóta er þörf á skóla sem stendur vel í stykkinu hvað aðsókn og rekstur varðar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Eins og fram kom í máli ráðherrans skortir sannarlega mjög mikið á að gert sé ráð fyrir þeim fjárveitingum til héraðsskólanna til viðhalds og stofnkostnaðar sem þörf er á samkvæmt máli ráðherrans og ég hygg að hann hafi alls ekki verið of stórtækur í þeim tölum sem hann nefndi, t.d. 10–20 millj. kr. sem þyrftu til að koma vegna Alþýðuskólans á Eiðum eins saman, en fleiri stofnanir eiga þarna í hlut sem eru að berjast um sama fjármagn. Mér sýnist líka að það hafi ekki af hálfu menntmrn. verið staðið að mati á þessari fjárþörf með nógu skilmerkilegum hætti eins og einnig raunar kom fram hjá hæstv. ráðh. og er ég ekkert að sakfella hann fyrir það persónulega, en mér sýnist að héraðsskólarnir hafi orðið hornreka í sambandi við mat á fjárþörf og úr því þyrfti sannarlega að bæta.

Mér sýnist, eftir að hafa aflað mér upplýsinga frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að fjvn., sem nú á að fjalla um það erfiða verkefni að skipta þeim reytum sem ríkisstjórnin hefur ætlað til þessara hluta og bæta þar væntanlega einhverju við, hafi í rauninni ekkert fyrirliggjandi á að byggja til hvaða verkefna eigi að verja eða á hverju eigi að byggja þá skiptingu sem um er að ræða. Mér er til efs, en hæstv. ráðh. getur e.t.v. skorið úr því hér, að fjvn. hafi þær upplýsingar handa á milli sem ráðherrann var m.a. að vitna til. En sé svo ekki hvet ég ráðherrann eindregið til að koma þeim upplýsingum hið skjótasta til nefndarinnar. Það er vafalaust áhugaefni okkar beggja sem þm. Austurlandskjördæmis að þarna verði úr bætt og þörfin er sannarlega brýn. Það má ekki gerast að lífvænlegar skólastofnanir á þessu sviði gjaldi þess, þó að í einhverjum landshlutum og í vissum tilvikum hangi þessar stofnanir á horriminni varðandi aðsókn. Tengsl þeirra við framhaldsskólakerfið og reyndar grunnskólann líka á sumum svæðum er ekki sem skyldi, en þessu er ekki til að dreifa við Alþýðuskólann á Eiðum eins og hér hefur komið fram og því er afar nauðsynlegt að hugað sé að málum hans varðandi þessa undirstöðuþarfir.

Ég nefni það líka að lokum, herra forseti, að sumir héraðsskólanna, sem hafa verið leigðir til hótelhalds á sumrum, hafa getað notið þess að lappa upp á húsnæðið, það brýnasta, með leigutekjum. Nú veit ég ekki hvert stefnir í þeim efnum, en ég veit að Eiðaskóli hefur notið þess í nokkru á undanförnum árum. Ég held að það þurfi að gæta þess að þær tekjur verði ekki frá þessum skóla teknar a.m.k., því að það er áreiðanlega mikil þörf á því að geta hagnýtt það fé sem kemur inn vegna þessara nota sérstaklega.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal ganga úr skugga um að hv. fjvn. verði fóðruð á öllum tiltækum upplýsingum þannig að ekki skorti á eða því verði við borið þegar kemur til skipta eða fjárveitinga.

Varðandi leigutekjur vegna hótelreksturs vil ég aðeins geta þess að það stendur auðvitað ekki til að ræna viðkomandi skóla þeim tekjum sem hafa komið sér mjög vel fyrir marga þeirra og haldið raunar í þeim lífinu. Ég hef hins vegar í hyggju að koma fastara skipulagi á þann leigumáta sem hefur með öllu farið fram hjá menntmrn. sem er eignaraðili og hefur auðvitað yfir þessu að því leyti að segja. En það verður eingöngu til að styrkja þessa tekjuleið skólanna en ekki til að ræna neinu frá þeim.

SAMEINAÐ ÞING

24. fundur, þriðjudaginn 2. des.,
að loknum 23. fundi.

Heimilisfræðsla, fyrri umr.

Þáltill. MMS o.fl., 131. mál (tillögur um endurskipulagningu). — Þskj. 137.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tala fyrir þáltill. sem er á þskj. 137. Flm. er frú Magdalena M. Sigurðardóttir varaþm., sem á ekki sæti á þingi nú, og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ásamt mér. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kanna með hvaða hætti best verði staðið að almennri heimilisfræðslu í landinu. Kannað verði m.a. hvernig að slíkri fræðslu sé staðið annars staðar á Norðurlöndum.

Ráðherra geri tillögu um endurskipulagða starfsemi hússtjórnarskólanna og heimilisfræðslu í landinu og leggi hana fyrir Alþingi.“

Á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. risu upp víðs vegar um landið hússtjórnar- og kvennaskólar. Fylgdu þeir í kjölfar vaknandi áhuga og kröfu kvenna um meiri menntun og meira jafnræði kynjanna. Þessi þróun náði hámarki sínu um miðja þessa öld er starfandi voru í öllum landshlutum hússtjórnarskólar, flestir með 8–9 mánaða starfstíma á ári. Eingöngu stúlkur sóttu um inngöngu, enda unnu flestar konur heima. Þá var ekki hægt að ganga út í búð og kaupa svo að segja alla hluti tilbúna. Því var mikils um vert að konur kynnu „að koma ull í fat og mjólk í mat“ og hráefni til matreiðslu kom beint af skepnunni og hagsæld heimilis valt á að húsmóðirin kynni vel til verka.

En þetta gildir bara enn og það skapast oft erfiðleikar þegar fólk stofnar heimili af kunnáttuleysi beggja aðila í þessum málum. Þess vegna er áríðandi að koma einhverju skipulagi á þessa fræðslu til að koma í veg fyrir erfiðleika á fyrstu búskaparárum þeirra sem fella hugi saman og hefja heimilishald.

Á áttunda áratugnum fór aðsókn að húsmæðraskólunum stórlega þverrandi og hafa þeir smám saman verið að týna tölunni. Á s.l. vetri var þremur vel metnum skólum í þéttbýlum héruðum hreinlega lokað. Þeir sem þekkja til starfsemi hússtjórnarskólanna harma þessa þróun og telja að þessi tegund skóla megi ekki leggjast niður. Það er hins vegar augljóst að þessir skólar eins og aðrir skólar verða að vera í takt við tímann. Hússtjórnarskólarnir veita ekki starfsréttindi á vinnumarkaðnum og því vill ungt fólk ekki eyða heilum vetri til náms í þeim. En það á ekki að leggja þá niður heldur breyta starfsemi þeirra.

Nú á að kenna heimilisfræði í grunnskólunum og er það vel, en mikill misbrestur er á að þeim ákvæðum í grunnskólalöggjöfinni sé alls staðar framfylgt. Á grunnskólastiginu má sannarlega ná góðum árangri sé kennslan vel skipulögð og miði að því að kenna nemendum að meta hollt fæði og lifnaðarhætti, almenn þrif og þekkingu á vörugæðum. Takmörk eru þó fyrir því hvað ungir nemendur geta tileinkað sér af því sem þarna er kennt eins og raunar í öðrum greinum í skólum.

Í þjóðfélagi örra breytinga er nauðsynlegt að styrkja stöðu heimilanna. Það er því full þörf á að ungt fólk, konur sem karlar, eigi kost á námskeiðum í hefðbundnum heimilisfræðum, svo sem matreiðslu, þvotti, ræstingu, saumum, vöruþekkingu og að læra að nota þau mörgu hjálpargögn sem nú eru á boðstólum í sambandi við heimilisrekstur og fjölskyldumálefni. Þar að auki eru svo aðrar greinar sem í rauninni flokkast undir listiðnað, svo sem vefnaður, keramik, hekl, prjón og fjöldamargt annað.

Í þessu streituþjóðfélagi, sem við lifum í, er mikils virði að geta slakað á við holla og skapandi tómstundaiðju. Það er að vísu hægt að fara út í búð og kaupa flesta hluti tilbúna, en þá höfum við ekki fullnægt þeirri sköpunarþörf sem býr í okkur flestum og ber að hlúa að en ekki drepa niður.

Að þessu athuguðu sjáum við flm. að sannarlega er þörf fyrir hússtjórnarskólana í þjóðfélaginu og að bregðast verður við þeim breytingum sem orðið hafa með því að laga starfsemi þeirra að nútímaháttum.

Á nokkrum stöðum hafa hússtjórnarskólarnir fært starfsemi sína í námskeiðaform sem hafa verið vel sótt, bæði af almenningi og sem valgreinar í framhaldsskólunum. Þannig hafa kennarar þessara skóla efnt til námskeiða í nágrannabyggðarlögunum og hefur þessi háttur mælst vel fyrir.

Það hefði raunar átt að hafa þessa þáltill. enn þá víðtækari, ekki síst vegna þess að sumir héraðsskólarnir virðast vera að verða verkefnalausir. Mikið hefur t.d. verið fjallað nú um framtíð Laugaskóla og hvernig beri að notfæra sér þau húsakynni og þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi og þannig er um fleiri skóla. Auðvitað þarf að kanna hvort það henti að nota slík menningarsetur til áframhaldandi skólahalds, t.d. í beinu eða óbeinu sambandi við verkmenntaskólana, svo sem t.d. Verkmenntaskólann á Akureyri, hvort það henti að taka einhverjar greinar þar inn og nýta þá fjármuni sem þar eru á staðnum til þeirra hluta.

Þessi till. fer sjálfsagt til félmn. Sþ. þar sem ég á sæti og ég mun huga að því, þó að ég sé flm. þessarar tillögu, hvort það sé rétt að breyta tillgr. í þessa átt þar sem það er mjög brýnt að þessi mál séu könnuð í víðara samhengi en felst í þessari tillgr. Ég legg til að þáltill. verði vísað, herra forseti, til félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vildi biðja forseta að láta athuga hvort hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu ef hann vildi gera því málefni sem hér er á dagskrá þann heiður að vera viðstaddur þessa umræðu.

Ég kem hingað til þess að taka undir efni þessarar tillögu og lýsa stuðningi við hana. Það sem hér segir í grg. með tillögunni um starfsemi og hlutverk húsmæðraskólanna er síst ofmælt. Þessir skólar eru að mínum dómi beinlínis ávöxtur kvennabaráttunnar um aldamótin síðustu og þeir hafa gegnt ómetanlegu fræðslu- og menningarhlutverki um margra áratuga skeið. Það ber ekki vott um mikinn skilning né virð-

ingu fyrir því hlutverki að láta þessa skóla nú daga uppi eins og hver önnur nátttröll í stað þess að sýna þeim fullan sóma og ætla þeim áframhaldandi hlutverk í takt við nútímann.

Ég veit ekki hvort hv. alþm. og allur almenningur gera sér fyllilega grein fyrir áhrifum húsmæðraskólanna á menningu þjóðarinnar og þjóðlífið yfirleitt en þau áhrif hafa sannarlega ekki verið lítil. **(Forseti:** Ég hef látið athuga hvort menntmrh. sé í húsinu og hann er ekki hér.) Ég sé samt ekki ástæðu til þess að biðja um frestun á þessari umræðu en vona að hæstv. menntmrh. kynni sér hana.

Það vill svo til að sú sem hér stendur getur talað af nokkrum kunnugleika um starfsemi húsmæðraskóla enda að nokkru leyti uppalin í einum slíkum þótt ekki hafi þar verið um nám að ræða. Þennan umrædda skóla lagði hæstv. menntmrh. niður í haust með einu pennastriki. Ég man vel þegar þessi skóli var að fyllast á haustin námsmeyjum úr öllum landshlutum, oft uppburðarlitlum og óöruggum, og ég man þegar þær, oftast gjörbreyttar manneskjur, voru að kveðja á vorin og pakka niður öllu sem þær höfðu unnið um veturinn. Það var ekki lítið af saumuðum, prjónuðum og ofnum munum sem enn þá prýða heimili vítt og breitt um landið. En menn skyldu ekki halda að þær hafi eingöngu lært að elda, sauma, prjóna og vefa. Þær lærðu einnig íslensku, heilsufræði, næringarfræði, uppeldisfræði, bókfærslu og ótal aðra hluti sem koma sér vel í lífsbaráttunni. Ég man sérstaklega eftir lítilli bók sem hét því skemmtilega nafni „Hvernig fæ ég búi mínu borgið?" Ég fletti þessari bók oft sem krakki, sérstaklega vegna skemmtilegra mynda, og nú er mér orðið ljóst að þarna hefur væntanlega verið að finna stefnu hinnar hagsýnu húsmóður sem áreiðanlega hefur bjargað mörgu heimilinu frá örbirgð. Líklega hefðu stjórnendur ríkisbúrekstrarins gott af því að lesa þessa ágætu bók.

Nemendur húsmæðraskólanna bjuggu sig undir það sem beið þeirra flestra og bíður okkar flestra enn, þ.e. meðgöngu, fæðingu og uppeldi barna. Ég veit svei mér ekki hvort slíkt er nokkurs staðar kennt nú til dags á sama hátt og í þessum skólum og ég hef oft velt því fyrir mér hversu fáránlegt það er að krefjast sérmenntunar í þessu og hinu og prófa og réttinda til allra hluta og enginn er maður með mönnum nema hafa eitthvert próf og stúdentspróf er algjört lágmark. En langflestir fara í gegnum þetta allt saman án þess nokkurn tíma að vera leiðbeint um fjölskyldumál eða uppfrætt um einföldustu atriði við heimilisrekstur eða svo mikið gefið í skyn að samlíf leggi einhverjar skyldur á herðar og barneignir og barnauppeldi krefjist e.t.v. einhvers annars en eðlisávísunar. Slík fræðsla er a.m.k. fyrirferðarlítil á námsskrám almennra skóla, telst líklega ekki gagnleg. Það krefst engra prófa né réttinda að annast heimili og börn enda ólaunuð störf. Og nám sem ekki leiðir til einhverra starfsréttinda laðar ekki að sér nemendur nú á tímum. Það er fyrst og fremst orsök þess hvernig nú er komið fyrir húsmæðraskólunum í landinu, þessum miklum menningarstofnunum.

E.t.v. á eðlislæg hógværð kvenna sinn þátt í því hvernig komið er. Það vantar a.m.k. ekki að húsmæðrakennarar og húsmæðraskólastjórar og skólanefndir og kvenfélagskonur hafa séð hvert stefndi með húsmæðraskólana. Það eru orðin um 20 ár og sums staðar jafnvel aldarfjórðungur síðan fór að draga úr aðsókn í þessa skóla sem síðan hafa verið lagðir niður einn af öðrum illu heilli í stað þess að aðlaga þá kröfum nútímans.

Á liðnum árum hefur öðru hverju í fullri hógværð verið knúið dyra í menntmrn. með tillögur og óskir um endurskipulagningu húsmæðrafræðslu og skólastarfs á þessum vettvangi, en að því er virðist talað fyrir daufum eyrum. E.t.v. var ekki knúið nógu fast. Einum þætti skólastarfs í landinu virðist því hér með lokið án mikillar eftirsjár í ráðuneyti. Á sama tíma er heimilisfræðsla í grunnskólum algerlega í molum. Dóttir mín, sem komin er í 7. bekk, hefur fengið þrjár kennslustundir í heimilisfræðslu alla sína skólatíð, þrjár kennslustundir, og eldri bræður hennar eitthvað svipað. Slíkur er nú sóminn sem þessari námsgrein er sýndur. En nú er þetta ákaflega misjafnt. Maður hefur svo sem séð kennslustofur í grunnskólum úti um landið, sem eru mjög vel búnar, og fengið af því fregnir að þar sé þessu sinnt af alúð. En því miður er þetta námsgrein sem er oftast skorin niður fremur en ýmislegt annað.

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra þykir þetta viðunandi. Ég hafði hugsað mér að eiga við hann orðastað hér en hann er horfinn af vettvangi. Hann hefði vafalaust svarað því neitandi, að honum þætti þetta ekki viðunandi og vísað til svars síns á þskj. 197 um nefndarstörf sem sagt er að byrjað hafi á þessu hausti.

Í fyrirspurnatíma nýlega var drepið á þessi mál og mér blöskraði, satt að segja, máttleysi þeirra umræðna og get ekki sagt að ég hafi orðið nokkru nær um áform stjórnvalda í þessum efnum nema að innlegg hæstv. ráðherra hafi gert mig heldur svartsýnni á framtíð þessa fræðsluþáttar í höndum ráðherra þrátt fyrir fyrrnefnt svar hans við fsp. hv. þm. Þórarins Sigurjónssonar sem ég vitnaði til hér áðan.

Ég vonaðist til þess að geta fengið frekari svör frá ráðherra núna þar sem mér þótti svo lítill fengur í svörum hans við fsp. hv. 4. þm. Reykn. hér í fyrirspurnatímanum en það er svo lítið eða raunar ekkert svigrúm til skoðanaskipta í fyrirspurnatíma svo að ég geymdi mér að lýsa frekar eftir viðhorfum og áformum hæstv. ráðherra. Það tækifæri gefst því miður ekki núna.

En, herra forseti, það er alls ekki vansalaust hvernig látið hefur verið reka á reiðanum með þennan fræðsluþátt í skólakerfinu, húsmæðraskólarnir látnir daga uppi og almenn heimilisfræðsla í grunnskólum skammarlega vanrækt. Tillagan á þskj. 137 er því fyllilega tímabær tillaga. Ég vil hvetja hv. alþm. til að kynna sér efni hennar og hugsa alvarlega um þessi mál og ég skora á hæstv.

menntmrh. að taka rösklega á málinu og láta ekki við neitt fuður sitja.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég er hingað komin til þess að lýsa stuðningi við þessa tillögu, hvað varðar efni hennar, þó að mér sé ljóst að sjálfsagt er erfitt að móta stefnu í þessum þætti skólamála nema í samhengi við almenna stefnumörkun í skóla- og menntamálum sem nú sárlega skortir.

Ég get verið sammála flestu því sem stendur í grg. og vil aðeins leyfa mér að víkja að því að varðandi grunnskólakennslu held ég að flest hafi verið til bóta sem unnið hefur verið þar á síðustu árum nema eitt. Og það er einmitt kennsla í handmennt. Ég leyfi mér að halda þessu fram sem foreldri, er átt hefur fjölda barna í grunnskóla, og mér satt að segja ofbýður hve lítil áhersla er lögð á að kenna börnum það mikilvæga atriði, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson minntist á áðan, að hafa ofan af fyrir sér, að geta skapað eitthvað með höndunum. Ég held að þetta sé eitt mikilvægasta uppeldisatriði í lífi hverrar manneskju. Og ég verð að segja það alveg eins og er að handavinnukennsla t.d. í grunnskólum er aldeilis fyrir neðan allar hellur í þeim skólum sem ég hef kynnst. En ég vil taka skýrt fram að öll önnur kennsla var til mestu fyrirmyndar. En það er greinilega ekki í tísku lengur að vinna í höndunum hluti sér til ánægju. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta sé ekki látið dankast svona einmitt á þeim tímum sem við lifum á, þegar manneskjan getur látið mata sig á nær allri afþreyingu.

Varðandi húsmæðraskólana hygg ég að það sé alveg rétt að þeir skólar hafa í raun og veru orðið tímanum að bráð. En það er ekki endilega það sama og að þeir geti ekki nýst til nokkurs hlutar. Mér er fullkunnugt um það að á Norðurlöndum er nám í hússtjórnarskóla virt sem stig í ýmsum námsgreinum, t.d. fóstrunámi, jafnvel hjúkrunarnámi ef ég man rétt og fleiri slíkum störfum. Auðvitað mætti athuga hvort ekki væri hægt að byggja þetta nám þannig upp. Hins vegar held ég að einhver þáttur þess hve heimilisfræðsla í grunnskólunum er léleg *stafi hreinlega af skorti á kennurum. Nú er mér ekki* kunnugt um hvort það er hreinlega skortur á menntuðum kennurum eða hvort það er sama sagan og annars staðar í stéttinni að menn vilji ekki stunda kennslu vegna lágra launa og lélegra kjara. Það þori ég ekki um að segja.

Ég get tekið undir margt sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði hér áðan. Húsmæðraskólar eiga sér langa og merkilega sögu og áttu áreiðanlega ólítinn þátt í menntun kvenna áratugum saman og hafa unnið sér mikið til gildis í íslensku menningarlífi. En það er enginn vafi á því að það þarf að kanna hvernig þessum skólum megi breyta.

Ég hef oftlega minnst á úr ræðustól að menn sýni lítinn áhuga á framleiðslu listiðnaðar hér á landi. Aðrar þjóðir hafa getað selt listiðnað í stórum stíl. Nægir þar að nefna Finna. Ég er ekki í vafa um að þetta geta Íslendingar líka gert. Stór hópur íslenskra kvenna vinnur verulegt magn af slíkri vöru árlega. Nægir að nefna allan ullariðnaðinn sem unninn er á heimilum. Það mætti því svo sannarlega athuga hvort þær konur sem þessa atvinnu stunda gætu ekki nýtt sér kennslu í þessum skólum þegar þeim hefði verið breytt á einhvern vitrænan máta og endurmenntast með einhverju árabili og haldið þannig við og aukið kunnáttu sína.

Ég vil, herra forseti, halda því fram að hér sé hið merkasta mál á ferðinni og ég treysti því að hæstv. ráðherra geri þegar í stað gangskör að því að kanna leiðir til að kippa þessum málum í liðinn fremur en að láta stórhýsi standa svo til auð og ónotuð. Satt að segja er sorglegt að aka fram hjá Húsmæðraskóla Reykjavíkur, einu glæstasta stórhýsi Reykjavíkurborgar hér við Sólvallagötu, og sjá varla lífsmark í þessari miklu stofnun sem á árum áður hýsti 70 heimavistarnemendur.

Ég vil hins vegar beina þeim tilmælum til hæstv. forseta þessarar deildar hvort ekki sé tími til kominn þegar von er á að hv. þm. mæli hér fyrir málum að viðkomandi hæstv. ráðherra sé viðstaddur þá umræðu. Það telst orðið til tíðinda að ráðherra í viðkomandi málaflokki taki til máls þegar þingmenn mæla fyrir máli. Einhvern veginn finnst mér í þessu fólgin lítilsvirðing á málatilbúnaði þeirra og með því gefið í skyn að ekki sé líklegt að málinu sé ætlað að ná fram að ganga. Ég vildi því biðja hæstv. forseta að taka þetta mál upp á næsta forsetafundi. Fer ég þess hér með á leit að ráðherrar verði beðnir um að vera viðstaddir þegar þingmenn tala fyrir málum í þeim málaflokkum sem þá varða.

En að lokum: Ég þakka flm. þessarar till. til þál. sem hér er á dagskrá og skora á hæstv. ráðherra að vinna að endurskipulagningu á starfsemi þessara umræddu skóla.

Forseti (Ólafur Þ. Þórðarson):

Forseti mun mæta á forsetafundi kl. 9 í fyrramálið og koma þeim boðum á framfæri sem hér var óskað eftir.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Málefni hússtjórnarskólanna hafa komið til umræðu öðru hvoru og það er mjög eðlilegt í jafnmikilli kreppu og þessi fræðsla á við að búa og þær stofnanir sem sérstaklega hefur verið ætlað að sinna þessari kennslu, hússtjórnarskólarnir.

Ég nefni aðeins fáein atriði í tengslum við þetta mál sem ég tel góða tillögu. Ég tek undir flutning hennar. Eins og hv. 2. flm. þessarar tillögu nefndi eru það auðvitað fleiri þættir sem gætu átt heima í úttekt af þessu tagi, eins og héraðsskólarnir. Ég held að vandi hússtjórnarfræðslunnar sé sumpart til kominn vegna þess að það skortir eðlilega stefnumörkun varðandi yfirstjórn fræðslumálanna í landinu. Á grunnskólastigi hafa menn tekið ákveðin skref með uppbyggingu á fræðsluskrifstofum og ætlað þeim og fræðsluráðum í landshlutum ákveðinn hlut í sam-

bandi við uppbyggingu og skipulag fræðslumála á sínu svæði. Á framhaldsskólastigi skortir slíka stefnumörkun og ramma varðandi yfirstjórn þeirra mála sem heyra undir menntmrn. skv. ýmsum sérlögum um hina einstöku framhaldsskóla og almennum lögum um fjölbrautanám.

Við þm. Alþb. í hv. Ed. höfum nú í tvígang lagt fram frv. til laga um framhaldsskóla þar sem gert er ráð fyrir mjög mikilli valddreifingu í umsýslan og yfirstjórn framhaldsskólastigsins í landinu.

Nú er það svo að heimilisfræðsla varðar bæði skólastigin, með mismunandi hætti að sjálfsögðu eftir því sem við á, bæði grunnskóla- og framhaldsskólastig. En hússtjórnarskólarnir hafa frekar tengst framhaldsskólastiginu en grunnskólanum þannig að þau losaratök sem hafa verið varðandi stjórnun þessara skóla og takmarkaður áhugi sem hefur beinst að málefnum þeirra stafar af þessari miðstýringu hér út frá menntmrn. sem hefur haft með þessi mál nær alfarið að gera, sums staðar líklega með vissri milligöngu skólanefnda sem skipaðar hafa verið á seinni árum til að fjalla um málefni einstakra skóla. Ég held að þetta eigi að vera umhugsunarefni fyrir þá sem fá þessa till. til þál. til umtjöllunar, að þarna er viss ástæða fyrir því hvernig komið er.

Ég er alveg sannfærður um það að ef menn hefðu náð almennri stefnumörkun varðandi framhaldsskólastigið með þeirri valddreifingu sem við höfum markað stefnu um í Alþb. varðandi þetta skólastig, og þá einnig varðandi grunnskólann, væru þessi mál ekki í því óefni sem þau víða eru. Ég er alveg sannfærður um það að heimafólk hefði ekki látið það gerast að þessar skólastofnanir sums staðar standi gagnslitlar eða til lítilla nota og hafi slitnað úr tengslum við umhverfi sitt. Þannig að hér er sem sagt að mörgu að hyggja um þessi efni.

Gildi heimilisfræðslunnar er mikið eins og hér hefur komið fram í þessari umræðu. Við erum að ræða um þýðingu heimilisstarfanna, nauðsyn á sérstöku mati heimilisstarfanna, að þau séu tekin inn í almennt starfsmat og margt fleira sem ber hér á góma. Allt tengist þetta auðvitað spurningunni um að heimilisfræðin og heimilisfræðslan eigi ákveðinn sess í almennu skólakerfi landsmanna, bæði grunnskólastigi og framhaldsskólastigi.

Ég vil geta þess, herra forseti, að það er ekki alls staðar jafnbágt ástand varðandi starfsemi og nýtingu þessara skóla og skyldu menn einnig hafa það í huga. Sá hússtjórnarskóli, áður húsmæðraskóli, sem mér er tengdastur er Húsmæðraskólinn á Hallormsstað, eini skóli sinnar tegundar á Austurlandi. Það eru mörg ár og raunar áratugir frá því að fór að draga úr almennri sókn í þann skóla eftir gamla kerfinu, ef svo má segja. Þegar ég hafði það hlutverk með höndum að reyna að hjálpa til við að móta stefnu fyrir framhaldsnám á Austurlandi og var í forystu fyrir byggingarnefnd menntaskóla á Egilsstöðum fyrir áratug eða svo, leit ég einnig til þessa skóla og við í byggingarnefndinni og komum ákveðnum tillögum á framfæri við menntmrn. þess efnis að aðstaðan í þessari skólastofnun yrði notuð bæði fyrir grunnskólastig og framhaldsskólastig, þannig að þeir skólar þar sem ekki hefði verið búið að heimilisfræðslunni sem skyldi í heimahéraði fengju afnotarétt af þeirri aðstöðu sem þessi sérskóli, þessi hússtjórnarskóli, byði upp á. Það var tekið undir þessar tillögur heima og reyndar í ráðuneyti og sú breyting gerð á að skólar á Austurlandi, sem svona var ástatt um, nýttu sér aðstöðuna á Hallormsstað með því að fara með nemendur í einstökum bekkjum þangað í vikutíma, tvisvar á vetri má ég segja, og fyrri hluta vetrar nýttist skólinn að fullu til slíkra nota. Allir höfðu ánægju af og þarna var tekið á fleiri þáttum eins og umhverfisþáttum þar sem umhverfið á Hallormsstað býður mjög upp á að veita fræðslu og innsýn inn í ýmsa þætti umhverfismála og náttúrufræða. Þetta lukkaðist vel og að þessu búa menn enn á Hallormsstað.

Jafnframt hvöttum við til þess að væntanlegur menntaskóli á Egilsstöðum horfði til þess að nýta sér þessa aðstöðu til þess að byggja inn ákveðinn þátt í einstökum námsbrautum, eins og t.d. í matreiðslufræðum og öðru þess háttar sem krefst sérnáms og um er að ræða sérstakar námsbrautir í sumum framhaldsskólum, að þeir nýttu sér aðstöðuna á Hallormsstað. Þetta hefur ekki gengið eftir sem skyldi varðandi framhaldsskólann en ég held að það sé kannske vegna þess að þeir sem að skólanum standa á Egilsstöðum hafa ekki lagt í það að hagnýta sér þessa aðstöðu og tengja þetta inn með þeim hætti sem hugmyndir okkar stóðu til en get þó ekki dæmt um það í einstökum atriðum.

Aðeins þetta til viðbótar: Það hefur hins vegar verið starfsemi einnig seinni hluta vetrar í þessum hússtjórnarskóla með þeim hætti að þar hafa verið námskeið fyrir karla og konur sem hafa viljað nýta þau. Ég hygg að það hafi aðallega verið konur að heiðbundnum hætti sem þar hafa verið á ferð. Það hefur glæðst aðsóknin að svona þriggja, fjögra, fimm mánaða námskeiðum þar við skólann. T.d. var hann fullnýttur í þessu skyni eftir áramótin í fyrra og ég hygg að það horfi eins varðandi núverandi námsár að það sé um verulega aðsókn að ræða í það nám sem þarna er boðið upp á, þó að aðeins sé um líklega þriggja til fjögra mánaða skeið. Þarna er viðleitni til að laga sig að breyttum aðstæðum sem hefur tekist nokkuð vel, en ég er sannfærður um að þarna má betur gera ef rétt er á haldið og legg að lokum áherslu á það að yfirstjórn þessara mála þarf að færast heim í hérað, líka varðandi héraðsskólana, þannig að heimafólkið finni það sem sitt verkefni að nýta þá aðstöðu sem þarna er til staðar með eðlilegum hætti en sé ekki að reyna að kippa hér í — ja, ég vil ekki hafa ljót orð, herra forseti — embættismenn sem eru fjarri vettvangi og sinna þessum málum því miður ekki sem vera þyrfti.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir við þáltill. Hv. síðasti ræðumaður ræddi hér um og lýsti

hvernig þetta væri á Austurlandi. Þetta var í svipuðu horfi á Laugum fram að þessum vetri. En þá var lokað fyrir.

Ég held að það sé alveg rétt, sem hefur komið fram í máli bæði hv. síðasta ræðumanns og annarra sem hér hafa tekið til máls, að aðalástæðan fyrir því að það er minni sókn í þessa skóla sé að námið nýtist ekki áfram eins og vera þyrfti. Hitt er ekki nokkur vafi um að slík fræðsla, sem við erum hér að ræða um, kemur fólki að miklu gagni þegar það stofnar heimili og er nauðsynleg til þess að vel fari á fyrstu árum sambúðar. Það er hvorki meira né minna. Stundum, þegar lítil kunnátta er hjá báðum aðilum í heimilishaldi, fer margt í handaskolum og nýtast ekki þeir fjármunir sem menn hafa handa á milli nema kunna þar til verka eins og í öðrum störfum í okkar þjóðfélagi. (**HG:** Það er á seinni árum líka.) Já, já, en þetta lærist nú hv. þm. Þetta er verst fyrst. Grauturinn vill brenna við o.s.frv. meira á fyrstu árunum en þegar menn fara að venjast þessu.

Í sambandi við grunnskólann. Það er út af fyrir sig ágætt að byrja að kenna þessi heimilisstörf þar, sérstaklega þeim unglingum sem eru notaðir til þess heima fyrir að hjálpa til á heimilinu. En ungum krökkum sem eru ekki látnir gera heimilisstörf heima fyrir nýtist þessi kennsla ekki mikið, því miður. Þannig held ég að það séu full rök fyrir því og sé brýn þörf að skipuleggja þessa kennslu og till. eigi fullan rétt á sér.

En herra forseti. Ég sakna þess mjög að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér til að taka þátt í þessari umræðu og ég mælist til þess að það verði ekki lokið umræðunni þannig að við gætum átt við hann orðastað þótt síðar verði í sambandi við þessi mál því að eins og ég sagði er það ekki einungis þessi till. sem ber að líta á heldur eru skólar víðs vegar um landið að verða verkefnalausir og þarf að athuga með hvaða hætti er hægt að nýta þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi. (**Forseti:** Má forseti spyrja ræðumann áður en hann gengur úr stólnum hvort það sé réttur skilningur hjá honum að það sé fullnægjandi að menntmrh. verði við þegar þetta mál komi aftur á dagskrá eftir meðferð í nefnd?) Já, herra forseti. Það gæti farið dálítið eftir því hvernig till. kæmi úr nefnd ef búið væri að eiga orðastað við ráðherrann áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. PP, 167. mál. — Þskj. 177.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 177 till. til þál. um afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins og opinberra stofnana. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema tóbaksveitingar á vegum ríkisins og opinberra stofnana."

Ég mun ekki hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Málið er einfalt og skýrir sig sjálft.

Alþingi samþykkti 17. maí 1984 lög um tóbaksvarnir. Þessi lagasetning var mikið nýmæli og þessu nýmæli hefur verið vel tekið og þessi lagasetning skilað góðum árangri. Ég held að engum blandist hugur um að það hefur dregið mjög úr reykingum á almannafæri. Sérstaklega er gleðilegt hvað miklu færri unglingar reykja nú en áður. Þess vegna tel ég að það sé mjög óviðunandi að ríkið eða ríkisstofnanir veiti lengur tóbak á fundum eða í samkvæmum. Hér er þó ekki lagt til að sett verði á algjört reykingabann. Gestir ríkis eða ríkisstofnana svo og starfsmenn geta notað sitt eigið tóbak svo fremi sem þeim svo sýnist.

Við erum orðin forgangsþjóð í heiminum varðandi tóbaksvarnir og til okkar er litið sem fyrirmyndar á því sviði. Þess vegna er ósamkvæmni í því að ríkið veiti tóbak sem er meira að segja réttilega merkt sem heilsuspillandi eitur. Auðvitað vilja ríkisstjórn og Alþingi stuðla að velferð þegnanna. Það er engin kurteisi að spilla heilsu gesta eða starfsmanna með eitruðu tóbaki. Ég vil geta þess að Danir eru einnig að fjalla um þessi mál.

Ég vil með þessu vekja athygli á máli sem ég veit að menn, þegar þeir íhuga það, sjá að er sjálfsagt og vona að það hljóti góða og jákvæða afgreiðslu í hv. allshn.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Sem fanatískur andstæðingur reykinga vil ég taka undir þessa till., enda þykir mér ákaflega hvimleitt að vera innan um reykingafólk. Það er kannske annað mál. En mig langar til að varpa þeirri spurningu til flm. hvort hann hafi nokkra hugmynd um það hversu mikill kostnaður þetta er fyrir ríkissjóð. (**PP:** Ég hef ekki hugmynd um það.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiguhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 195. mál. — Þskj. 206.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 206 leyfi ég mér ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að flytja svohljóðandi till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 250 millj. kr. á núgildandi verðlagi til

þessa verkefnis á ári hverju þar til þörfinni hefur verið fullnægt.“

Í grg. með þessari till. segir, með leyfi forseta:

„Tillaga svipaðs efnis var flutt á 107. löggjafarþingi (160. mál), en náði þá ekki fram að ganga. Á þeim tveimur árum, sem liðin eru, hafa húsnæðismál verið mál málanna og ýmsar úrbætur náðst fram. Einn hópur fólks, sem liggur þó óbættur hjá garði, eru leigjendur.

Hér á landi eru hópar fólks sem þurfa eða vilja leigja húsnæði, ýmist tímabundið, t.d. námsmenn, eða um lengri tíma. Þess eru mörg dæmi að fólk ræður ekki við þau kjör sem boðið er upp á á almennum húsnæðismarkaði og eins og kunnugt er anna verkamannabústaðirnir hvergi nærri þörfum þeirra sem rétt eiga á félagslegum íbúðum. Margir eiga því ekki annarra kosta völ en að leigja húsnæði og ætti það reyndar ekki að vera lakur kostur ef rétt væri að málum staðið.

Nýleg könnun á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins sýnir svo að ekki verður um villst að mikil þörf er fyrir leiguhúsnæði. Allar sveitarstjórnir á landinu voru beðnar að áætla þörf sína fyrir leiguhúsnæði og auk þess fern félagasamtök sem hafa innan sinna vébanda þá hópa sem eru hvað fjölmennastir meðal leigjenda. Niðurstöður urðu þær að sveitarfélögin telja þörf á 1750–2000 leiguíbúðum. Félagasamtökin Öryrkjabandalag Íslands, Bandalag íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtökin og Félagsstofnun stúdenta telja sitt fólk þurfa rúmlega 900 íbúðir. Samtals telja þessir aðilar að þörfin á leiguhúsnæði sé því á bilinu 2650–2900 íbúðir.

Það fólk, sem hér um ræðir, eru einkum námsmenn, aðallega á Reykjavíkursvæðinu, einstæðir foreldrar sem margir eiga við mikinn húsnæðisvanda að stríða, aldraðir sem ekki eiga eigið húsnæði og fatlað fólk sem oft og tíðum þarf sérhannað húsnæði. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að vera láglaunahópar.

Sú stefna hefur ríkt hér um áratuga skeið að stefna þeim námsmönnum, sem stunda vilja framhaldsnám, til Reykjavíkur, en ekkert hefur verið hugsað fyrir húsnæði þeim til handa. Félagsstofnun stúdenta annar aðeins þörf örlítils hluta stúdenta við Háskóla Íslands og aðrir skólar bjóða ekki húsnæði til leigu. Á hverju hausti keppa því þúsundir nemenda um það húsnæði sem er í boði og verðið á almennum markaði fer stöðugt hækkandi samkvæmt lögmálum framboðs og eftirspurnar.

Kannanir hafa leitt í ljós að húsnæðismálin eru stærsti vandi einstæðra foreldra og að í þeirra hópi eru margir, einkum konur, sem ekki ráða við þau kjör sem bjóðast og verða því m.a. að leita á náðir ættingja. Vandi fatlaðra og þroskaheftra er gífurlegur þar sem húsnæði fyrir þá hefur ekki verið byggt árum saman. Gamalt fólk býr margt við þröngan kost og verður að keppa við alla hina um takmarkað leiguhúsnæði. Þá eru ónefndir þeir sem af ýmsum ástæðum lenda í félagslegum erfiðleikum og svo loks þeir sem vilja fremur leigja en að glíma við afborganir og vexti. Úti á landsbyggðinni er skortur á leiguhúsnæði þess oft valdandi að erfitt er að fá fólk til vinnu og t.d. kennarar, læknar og prestar staldra stutt við.

Af framansögðu má því ljóst vera að hér er um brýnt mál að ræða. Því er lagt til að ríkisstjórnin grípi til aðgerða þegar í stað og verji 250 millj. kr. til byggingar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Ætla má að slíkt „eyrnamerkt“ fé verði mönnum hvatning til að hefjast handa við byggingu leiguhúsnæðis.

Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá þingmönnum Kvennalistans um ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna kom fram að meira fé kemur frá lífeyrissjóðunum en reiknað var með á þessu ári. Það er því tillaga Kvennalistans að hluta þess fjár verði varið til byggingar leiguhúsnæðis. Augljóst er að sú fjárhæð, sem hér er stungið upp á, dugar hvergi nærri, en hún er þó byrjun. Brýna nauðsyn ber til að síðan verði gerð áætlun til a.m.k. tíu ára um það hvernig vandi leigjenda verði leystur.

Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr og hvort það á húsnæðið sjálft eða leigir af öðrum. Það sjónarmið að fólk geti valið milli þess að leigja og eiga sitt húsnæði hefur ekki átt hljómgrunn meðal ráðamanna heldur hefur eignastefnan verið alls ráðandi. Það verður aldrei lausn fyrir alla þegna þessa lands að kaupa húsnæði og því verður að bjóða aðra kosti, leiguhúsnæði verður að vera fyrir hendi. Sú tillaga, sem hér er flutt, er skref í átt til nýrrar lausnar í húsnæðismálum, lausnar sem lengi hefur verið beðið. Ljóst er að þörfin á leiguhúsnæði er mikil og því ekki eftir neinu að bíða að hefjast handa.“

Herra forseti. Ég bendi á að þessi till. gengur út frá núverandi húsnæðiskerfi. Hún gengur út frá því að till. falli undir 33. gr. laganna um húsnæðismál, c-liðinn, sem heimilar sveitarfélögum og félagasamtökum, að vísu er það takmarkaður hópur, að byggja leiguhúsnæði. En ég ítreka að það má hugsa sér önnur kerfi og aðrar lausnir á þessum málum sem tengjast þá því að gerð verði heildarúttekt á húsnæðismálunum. Ég verð líka að benda á að þrátt fyrir það sem segir í grg. um að ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna verði meira á þessu ári en reiknað var með er ekki þar með sagt að svo verði áfram. Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af framtíðarfjármögnun húsnæðiskerfisins vegna þess að það kemur að því að það þarf að borga þetta fé til baka. Það þarf að borga lífeyrissjóðunum aftur það fé sem þeir hafa lagt til húsnæðismálanna og það fé er fengið með vöxtum.

Herra forseti. Að loknum þessum umræðum legg ég til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég var mikill baráttumaður fyrir því á sínum tíma að inn í 33. gr. húsnæðislaganna væri tekin heimild til þess að þeir sem vildu leigja

öldruðum, öryrkjum eða námsmönnum íbúðir við hóflegum kjörum fengju inni í verkamannabústöðunum og hef m.a. rökstutt það með því hversu langt á eftir við erum í sambandi við stúdentagarðana. Mér eru afskaplega vel ljós vandkvæði margra úr þessum hópum því að auðvitað verða húsnæðismálin erfið þeim sem litlar tekjur hafa og hafa ekkert annað til ráðstöfunar en sjálfsaflafé sitt eða örorkubætur, ellilífeyri og þar fram eftir götunum. Ég hef þess vegna verið mikill hvatamaður þess að þessir hópar sitji fyrir og hef beitt mér fyrir því. Það veldur mér á hinn bóginn afskaplega miklum vonbrigðum, ekki aðeins við þessar umræður heldur yfirleitt þegar þessi mál ber á góma, þegar verið er að flytja á þinginu yfirborðstillögur, blekkingartillögur, í þá veru að þjóðfélagið hafi efni á því að láta öllum þegnum sínum í té, þeim sem það vilja, fjármagn með þeim sérstöku kjörum sem þar er gert ráð fyrir án þess að það þýði hærri skatta.

Hér er enn ein yfirborðstillagan. Þessi yfirborðstillaga hljómar þannig hjá Alþfl. að sveitarfélögin eigi að leggja fram 20% hverrar íbúðar í kaupleiguíbúðum og að þessi 20% eigi síðan að vera vaxtalaus svo lengi sem viðkomandi sýnist, en ef hann kýs að breyta íbúðinni úr leiguíbúð í kaupleiguíbúð skuli sá hinn sami geta fengið 600 þús. að láni til allt að 30 ára. Hér er þetta sama dæmi sett upp og nú þannig að ríkissjóður eigi að leggja fram 250 millj. Það er að vísu haft þannig að námsmennirnir mega vera með og aldraðir mega vera með og öryrkjarnir mega vera með, en bara í bland. Jafnframt segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Og svo loks þeir sem vilja fremur leigja en glíma við afborganir og vexti."

Hvað er átt við með þessum orðum að „glíma við afborganir og vexti"? Felst í þessum orðum að húsaleigan eigi að duga fyrir afborgunum og vöxtum? Ég spyr. Það er ekki erfiðara að glíma við afborganir og vexti en húsaleigu ef það er sama fjárhæðin. Það skiptir ekki máli hvort útgjöldin heita afborganir og vextir eða hvort húsaleigan heitir bara húsaleiga ef um það er að ræða að viðkomandi eigi að greiða sömu fjárhæðina á hverju ári. Það getur komið mismunandi niður. Það getur verið að gjalddagi afborgana og vaxta sé einu sinni á ári en húsaleigan kannske mánaðarlega. En þegar upp er staðið þá er þetta sama fjárhæðin. Það sem verið er að gefa í skyn með þessum orðum er það að Kvennalistinn vilji koma mönnum undan því að standa undir afborgunum og vöxtum.

Svo spyr ég líka, og það er gott að fá um það upplýsingar: Hvernig hugsar Kvennalistinn sér þessar 250 millj.? Hvað á að gefa mikið á hverja íbúð fyrir sig og hver eiga almennt að vera stærðarmörk þessara íbúða? Ekki kemur það fram. Hér er talað um það: „Ætla má að slíkt „eyrnamerkt" fé verði mönnum hvatning til að hefjast handa við byggingu leiguhúsnæðis". Það væri ekki dónalegt ef menn gætu fengið að byggja hér leiguhúsnæði, fengju peningana sumpart gefins úr ríkissjóði og eftirstöðvarnar yrðu lánaðar til 43 ára með 1% vöxtum. Hver heldur hv. þm. að greiðslubyrðin af 1 milljón sé til 40 ára með 1% vöxtum? Ég spyr. Hvað heldur hv. þm. að greiðslubyrðin sé mikil af 1 milljón á ári með 1% vöxtum til 40 ára? (**KÁ:** Það má reikna það út.) Það má reikna það út, já. En ég gerði ráð fyrir að þm. hefði gert sér grein fyrir því hversu mikil greiðslubyrðin væri áður en hann legði til að þessi kjör yrðu boðin þeim mönnum sem eins og hann segir sjálfur „vilja fremur leigja en glíma við afborganir og vexti".

Og ég spyr líka: Hvernig í veröldinni stendur á því að maður skuli upplifa það hér í hinu háa Alþingi dag eftir dag, viku eftir viku, ár eftir ár að fluttar séu um það tillögur að það eigi fyrst og fremst að koma til móts við það fólk sem ekki vill sjálft bera ábyrgð á því húsnæði sem það býr í, vill ekki sjálft sjá um viðhald og endurbætur á sínum húsum, prýða þau og fegra og hugsa um umhverfið? Hvernig stendur á því að þetta fólk er alltaf hornreka í þessum umræðum? Ég hélt satt að segja að Íslendingar almennt væru þeirrar skoðunar að hver og einn, ekki bara sumir, ætti rétt á því að fá húsnæði yfir sig með skikkanlegum kjörum. Ég hélt að nábýlið hér á landi, við erum ekki svo mörg í þessu landi, væri svo mikið að við hugsuðum hvert um annars hag og værum ekki að reyna að koma með sýndartillögur eða yfirboðstillögur af þessu tagi til að slá ryki í augu fólks. Þetta vil ég segja.

Og hvaða menn eru það sem eiga að fá að byggja þessa leiguhjalla? Hverjir eiga það að vera? Ég spyr enn: Er það hugsjón þm. að byggð verði sérstök hverfi, sérstakir bústaðir fyrir fólk sem ekki vill sjálft standa undir vöxtum og afborgunum af sínum lánum? Og hver eiga svo tekjumörkin að vera? Í þessari till. er eingöngu um það talað að það eigi að skattleggja alla borgarana um 250 millj. á ári í tíu ár til þess arna.

Nú get ég, herra forseti, spurt öðruvísi. Ef við mundum nú taka þessu vel og segja: Við skulum bæta við félagslega kerfið 250 millj. að gjöf til viðkomandi. Við skulum hugsa okkur að þetta sé hrein viðbót. Og við skulum líka segja að við ætlum að bæta við 80% sem talað er um í greininni til viðbótar til þess að dæmið gangi upp. Hvað erum við þá að tala um háar fjárhæðir? Við erum að tala um 1 milljarð 250 millj. kr. sem fjármagnað verði með þessum hætti.

Mig langar að spyrja hv. þm. Það hefur verið talað um fjármögnun húsnæðislána. Við tölum um að lífeyrissjóðirnir þurfi að fá 6,5% af því fé sem þeir leggja til húsnæðiskerfisins til þess að þeir geti staðið við sínar lífeyrisskuldbindingar. Svo erum við að tala um það núna að lána þetta til 40 ára með 1% vöxtum. Hvað heldur hv. þm. að meðlag ríkissjóðs á ári hverju fyrir utan 250 millj. verði að vera mikið til að standa undir hinum hlutanum sem er lánaður með 1% vöxtum til 40 ára? Hvað þarf það að vera stór hlutur?

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessi mál séu rædd út í hörgul. Mín skoðun er sú og ég vík ekki

frá henni. Við eigum að finna lausn sem kemur öllum vel. Við eigum að hækka hin almennu lán. Ég sé að það er óhjákvæmilegt vegna þeirra yfirboða sem fram koma, þó að við eigum erfitt með það. Þó að við verðum að þrengja okkur til þess er ég reiðubúinn að vinna að því að við hækkum lánin fyrir alla og við reynum að sameinast um það, en reynum ekki að koma til móts við suma miklu meira en að fullu og miklu meira en sanngjarnt er en láta hina sem verr eru settir vera áfram í sömu sporunum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður fór geyst í ræðu sinni og illt þykir mér að sitja þegjandi undir ræðum sem slíkum þannig að ég sé mig tilknúna til að segja hér nokkur orð.

Hér er til umræðu þáltill. um byggingu leiguhúsnæðis. Um það er væntanlega ekki deilt, hv. þm., að þörfin fyrir leiguhúsnæði er gríðarleg. Á undanförnum sex árum hafa alls verið byggðar 67 leiguíbúðir hér á landi. Þörfin sem sveitarstjórnir á landinu áætla að sé fyrir leiguhúsnæði og sem fern félagasamtök sem hafa innan sinna vébanda þá sem helst þurfa á leiguhúsnæði að halda áætla er alls 2900 íbúðir. 250 millj. eru varla upp í nös á ketti til að svara þessari þörf. Ég held að hv. þm. þurfi ekki að hafa jafngríðarlegar áhyggjur af því og hann hafði í ræðustól áðan að það ætti að fara að veita, ef þessi till. yrði samþykkt, af almannafé í stórum stíl til þeirra sem ekki nenna eða vilja sjá um að borga af og hugsa um sitt húsnæði, eins og þm. orðaði það.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að hann teldi nauðsynlegt að mæta þörfum þriggja hópa sem hann nefndi sérstaklega hvað þetta varðar, þörfum aldraðra, þörfum öryrkja og þörfum námsmanna. Ef hv. þm. les grg. með till. sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir var að enda við að mæla fyrir þá kemur mjög skýrt fram í þeirri grg. að þessir hópar eru ótvíræðir forgangshópar. Þar er talað sérstaklega um námsmenn, það er talað sérstaklega um fatlaða, það er talað sérstaklega um gamalt fólk og það er talað sérstaklega um einstæða foreldra. Síðan er talað sérstaklega um sérþarfir landsbyggðarinnar þar sem oft fæst ekki fólk til starfa vegna skorts á leiguhúsnæði. Þetta eru þau fimm atriði sem nefnd eru í grg. með till. Ég sé ekki að hv. þm. hafi nokkra ástæðu til að ætla að fyrir þær 250 millj. sem þarna er lagt til að leggja fram verði lagt út í einhverja óráðsíu með leiguhúsnæði eins og helst mátti marka af hans orðum.

Hitt er svo aftur annað mál að Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að fólk eigi hér á landi að geta valið um það hvort það byggir sjálft eða hvort það býr í leiguhúsnæði og líka fólk sem ekki tilheyrir þeim hópum sem við höfum hér rætt um. Hv. þm. talaði ákaflega óvirðulega um þann hóp og helst var á honum að skilja að það væri fólk sem ekki vildi borga afborganir og vexti af húsnæðislánum eins og annað fólk, fólk sem ekki nennti að sjá um hús sín og þar fram eftir götum. Ég vil benda hv. þm. á að fólk borgar húsaleigu í leiguhúsnæði og það án þess að hljóta nokkur eignarréttindi af húsnæðinu þannig að það er einfaldlega spurning um val, hvort fólk vill greiða fyrir sína búsetu í einhverju húsnæði án þess að eignast það, eða hvort það vill greiða fyrir búsetu sína og eignast það líka. Það er allt og sumt sem þarna skilur á milli.

Þm. fór líka geyst með að honum fannst vanta útfærslu á þessari till. Hann spurði: Hver eiga að vera stærðarmörk íbúða? Hvar eiga að vera tekjumörk þeirra sem fá inni í svona húsnæði eða fá fjármagn til að byggja það? Hvar eiga leiguhjallahverfin að rísa? Þm. Kvennalistans ætla sér ekki þá dul að ákveða slíkt í þingsölum. Slíkt ráðstjórnarlag viðgengst einfaldlega ekki í þingflokki Kvennalistans. Hér á landi höfum við Húsnæðisstofnun þar sem sitja fulltrúar stjórnmálahreyfinga og stjórnmálaflokka. Eins og flm. gerði grein fyrir er gert ráð fyrir að því fé, sem varið yrði til byggingar leiguhúsnæðis samkvæmt þessari till., yrði ráðstafað til Húsnæðisstofnunar ríkisins og hún mundi síðan ráðstafa því áfram. Þar eru auðvitað teknar slíkar ákvarðanir.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi þessi orð ekki mikið lengri. Það sem skín út úr þessu öllu saman er það að hv. síðasti ræðumaður talar fyrir ákveðinni stefnu í húsnæðismálum. Það er sjálfseignarstefnan. Ekki unir hann við að þau nýju húsnæðislög, sem voru sett hér í lok síðasta þings, eru einhver mesta niðurnegling á sjálfseignarstefnunni sem nokkurn tíma hefur verið gerð hér á landi. Þá herskyldu, sem ég vil nefna svo, að koma sér upp eigin húsnæði, vilja sjálfstæðismenn greinilega leggja á alla hér á landi og það í svo miklum mæli að ekki má víkja frá hársbreidd án þess að hér fari allt í háaloft.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. spurði hér spurninga og ég ætla að reyna að svara þeim á einhvern hátt. Ég tók það sérstaklega fram í framsögu minni áðan að þessi till. gengur út frá núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og till. gengur út frá c-lið 33. greinar. Í þeirri grein segir, með leyfi forseta, — þessi kafli fjallar um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar:

„Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.“ Síðan kemur skilgreiningin á því hvað eru félagslegar íbúðir og í c-lið segir: „Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins, eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.“ Þessi tillaga gengur út frá þessum lið því við höfum nú ekki gengið svo langt að sinni að gera brtt. á þessum lið þannig að hann verði opnaður. Reyndar tel ég vera nauðsyn á því þannig að fleiri aðilar eigi rétt á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna, t.d. félag

eins og Búseti.

Þær upplýsingar sem fram koma í grg. og það sem ég tíundaði hér áðan er auðvitað fyrst og fremst rökstuðningur fyrir þörfinni á leiguhúsnæði og mér þykir hv. þm. ganga ansi langt í útlistunum sínum þegar hann fer að sjá fyrir sér leiguhjalla og jafnvel heilu hverfin. Það gilda nú þær reglur hér í skipulagi að yfirleitt er íbúðum dreift býsna mikið og hverfi eru yfirleitt blönduð svo að ég tel ekki hættu á að slík hverfi myndist, enda er það alls ekki ætlunin, og eins og hv. þm. Halldór Blöndal veit mætavel þá gilda ákveðnar reglur hjá byggingarsjóðunum um staðalíbúðir og lánin eru veitt í samræmi við það. Ég vil bara benda á það. Þar af leiðandi mundu leiguíbúðir að sjálfsögðu falla undir þær reglur.

Þessi till. gengur einfaldlega út á það að veitt sé ákveðinni upphæð, þá væntanlega inn í Byggingarsjóð verkamanna, sem hefur þessu hlutverki að gegna og að sveitarfélögin og þeir aðilar, sem núna geta byggt leiguhúsnæði samkvæmt lögunum, viti þá að þau geti gengið að þessu fjármagni. En eins og ég sagði þá gerum við ekki brtt. við lögin að svo stöddu.

Ég held reyndar að í máli hv. þm. hafi aðeins blandast inn í þetta mál önnur þáltill. sem hér liggur fyrir sem er frá Alþfl. um kaupleiguíbúðir og það er margt gott um það mál að segja, en líka ýmislegt við það að athuga.

Ég held að ég svari ekki fleiru að sinni en ítreka að þessi till. gengur út frá núgildandi lögum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég lít svo á að sú þáltill. sem hér er til umræðu eigi fullan rétt á sér. Ekki það að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að stuðla að því þeir sem hafa möguleika á að eignast íbúð og geta staðið undir því geri það. Hitt er annað mál að það eru margir í þjóðfélaginu sem geta það ekki. Það er til skammar t.d. hvernig sumt gamla fólkið þarf að búa, m.a.s. hér í borginni. Ég gæti komið með nokkur dæmi þess. Líka má nefna í sambandi við atvinnulífið í sumum stöðum úti á landi að það er ekki hægt að fá fólk vegna þess að það eru ekki til íbúðir. Þó að menn vilji flytja í þessa staði um tíma og nauðsynlegt sé að fá þangað fólk sem hefur ákveðna þekkingu þá vilja menn ekki kaupa íbúð í stuttan tíma, jafnvel þó að þeir ætli sér að setjast þar að nokkur ár, hvað þá ef um enn skemmri tíma er að ræða.

Við vitum það, og ég þekki það af mínu starfi, að t.d. einstæðar mæður með börn hafa sumar hverjar ekki möguleika á að eignast íbúð. Það fer auðvitað eftir því hvað þær hafa fengið út úr sínu búi, ef þær hafa skilið, en margar konur, bæði ekkjur og fráskildar konur, standa eftir þannig að þær hafa ekki möguleika á því. Það er auðvitað rétt að þessar konur eiga að sitja fyrir. Það er rétt. En þeirri þörf er í dag ekki fullnægt. Það er staðreynd. Ég hef því ekki samvisku til annars en að taka alveg undir þessa till. Hún á fullan rétt á sér.

Spurningin er náttúrlega hvort þarna á að vera inni einhver tala, 250 millj. eða eitthvað meira eða minna. Ég held að sú tala sem þarna er nefnd muni ekki einu sinni fullnægja á nokkrum árum þeirri þörf sem er í okkar þjóðfélagi, þannig að við hljótum að stefna að því að jafna aðstöðumuninn, bæði að þessu og öðru leyti, og vera manneskjur til þess að hafa það takmark og gera það sem í okkar valdi stendur til að ná því. Spurningin er á hvað stuttum tíma og hvað við getum, en alla vega á að stefna að því.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það liggur nú fyrir samkvæmt könnun sem gerð var á vegum Félagsvísindastofnunar að 93–94% af ungu fólki í landinu vill fá að eiga sína íbúð sjálft. (**SV:** Ef það getur.) Ef það getur. Minn málflutningur hefur verið sá, og ég vil ítreka hann, að við eigum að koma meira til móts við það fólk sem vill leggja það á sig að eignast sína íbúð. Við eigum að gera það og við eigum ekki að níðast á því fólki til þess að gera meira en góðu hófi gegnir fyrir hina sem, eins og hér segir í till., „vilja fremur leigja en að glíma við afborganir og vexti".

Það er alls ekki rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. að í þessari till. sé einungis verið að tala um þá hópa sem ég nefndi áðan og ber fyrir brjósti, þ.e. námsmenn, aldraða og öryrkja. Það er ekki rétt. Það er líka í þessu verið að tala um aðra þá sem ekki vilja, og í því felst auðvitað að þeir hafi getu til en vilja ekki. Ef þetta er rangt þá hefur slæðst inn prentvilla í grg. þessarar till. og þá er rétt að Kvennalistinn láti leiðrétta það. En hér stendur, og ég ítreka, herra forseti, efst á bls. 2: ... „og svo loks þeir sem vilja fremur leigja en að glíma við afborganir og vexti."

Ég vil segja líka að ég misskildi framsöguræðuna. Mér fannst á framsöguræðunni og grg. að hugmyndin væri sú að ríkissjóður ætti að leggja þetta fé fram sem óafturkræft fé til leiguíbúða — sá er nú vaninn þegar talað er um að ríkið leggi fram fé sem ég þóttist hafa séð þar í þessu. „Verði varið 250 millj. kr. á núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári hverju þar til þörfinni hefur verið fullnægt." Þetta skilur maður náttúrlega með þeim hætti að hér sé verið að tala um óafturkræft fjármagn. En eftir því sem umæðurnar koma fram virðist hugsun hv. flm. vera sú ... (**SV:** Ekki skil ég hana þannig.) ég skil það þannig því að ég man nú ekki eftir því að till. af þessu tagi um hækkaðar fjárveitingar samkvæmt fjárlagafrv. til Húsnæðisstofnunar sé flutt með þáltill. í þinginu. Ef menn vilja auka fjárframlög til Húsnæðisstofnunar, til Byggingarsjóðs verkamanna þá er vaninn sá að það sé gert einfaldlega með brtt. við fjárlagafrv. og heimilt er samkvæmt þingsköpum að flytja slíka brtt. strax, að ég ætla, meðan fjárlagafrv. liggur fyrir. — Er það ekki rétt, herra forseti? — Þannig að það hefði þá verið hin eðlilega málsmeðferð ef fyrir flm. vakti einungis að auka það fé sem Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar. Þetta er rétt eins og þegar Alþfl. er að flytja brtt. við lög um tekju- og eignarskatt í formi brtt. við

fjárlagafrv. Það er hvort tveggja marklaust með öllu. Hins vegar getur þetta lýst ákveðnum vilja þm. og hefði þá verið skýrara að segja: að auka framlög til Byggingarsjóðs verkamanna sem þessu nemur, þannig að ekki hefði komið til þessi misskilningur.

Í sambandi við skortinn á leiguhúsnæði úti á landsbyggðinni. Í þessari grg. er sérstaklega talað um þrjár stéttir, þ.e. kennara, lækna og presta. Nú er það svo um presta að þeir hafa sérstakt prestssetur sem er í eigu ríkisins. Læknar hafa margir líka sitt húsnæði og kennarar við heimavistarskóla sömuleiðis, nema fyrir flm. vaki að ríkið taki upp þá almennu stefnu að sjá kennurum fyrir leiguhúsnæði. En þá spyr ég eins og hv. síðasti ræðumaður: Hvað þá um verkamennina, um sjómennina og aðra sem búa á hinum smærri stöðum?

Kjarni málsins er í mínum huga þessi: Okkur hefur ekki tekist á undanförnum árum að sinna húsnæðismálunum sem skyldi. Það tókst á síðasta þingi að stíga stærra skref í þeim efnum en kannske hefur verið stigið nokkru sinni fyrr í einu lagi. Það tókst að hækka lánin svo að þau eru nú komin upp í 2,3–4 millj. hjá þeim sem enga íbúð eiga. Þessir peningar eru lánaðir til 43 ára sem er að minni hyggju stærsta skref sem stigið hefur verið í einu lagi. Á sama tíma og þetta kemur fram rignir yfir þingið brtt. þess efnis að nú eigi að gera betur, nú eigi að lána 100% fyrir æ stærri fjölda og er ég þá með tillögur Alþfl. í huga. Eftir ræður ykkar áðan skilst mér að þið viljið halda ykkur við 80% og að þau samtök sem byggja vilja leiguíbúðir verði þá að leggja til 20%. Er það réttur skilningur? (Gripið fram í.) Það er réttur skilningur, já. Þá eruð þið að tala um þau 20% og bjóðið þá að því leyti ekki jafnvel og Alþfl. og er það út af fyrir sig viðurkenning á því að opinbert fjármagn er þó ekki endalaust hér.

Ég tek undir það sem fram hefur komið og vil leggja á það ríka áherslu að ég tel að námsmennirnir hafi orðið mest út undan á síðustu árum. Ég held að það sé okkur til vansæmdar hversu illa er að stúdentagörðunum búið og ég vil leggja mikið á mig til þess að í kringum Háskólann geti risið myndarlegri stúdentagarðar en nú er og þess vegna voru mér það vonbrigði þegar ég sá í úttekt um leiguhúsnæði að einungis var gert ráð fyrir 50 íbúðum fyrir háskólastúdenta á ári hverju næstu þrjú árin.

Hitt er svo aftur alveg deginum ljósara að þörfin fyrir leiguhúsnæði minnkar jafnt og þétt fyrir þá borgara sem komnir eru út á vinnumarkað, sem eru farnir að spreyta sig í lífsins skóla, hinn almenna borgara, um leið og okkur tekst að auka það lánsfé sem við veitum hinum almenna borgara, manninum eða konunni á götunni. Ég taldi það mikið að við skyldum geta farið upp í 70% á þessu ári, 2,3–4 millj. á íbúð, ef við erum að tala um notað húsnæði, þá 70% af því. Ég taldi þetta mikið stökk og hef ekki viljað lasta það, enda greinilegt að með svo miklu lánsfjármagni, framboði á lánsfé, að ef það er að fullu nýtt þá erum við að binda bagga framtíðinni eins og lánamarkaðurinn er núna. Og þó við tölum um 3,5% vexti af þessum lánum — hér er verið að tala um 1% — þá mun það taka í ríkissjóð að standa undir vaxtamuninum, greiðslunum til lífeyrissjóðanna sem fá 6,5% en við tölum um 3,5% vexti til þessa fólks.

Ég hef orðið var við þennan mikla áhuga. Það væri afskaplega fróðlegt ef við létum reikna það út hvað það mundi kosta ríkissjóð á hverju ári ef við gerumst svo djörf að fara niður í 1% vexti af þessu fé, ef við bjóðum það fram. Hvað erum við þá að binda stóra bagga? Hvað verða klyfjarnar þungar sem við erum að binda framtíðinni? Hvað ætlum við því fólki sem nú er að vaxa upp í landinu að standa þannig undir miklum niðurgreiðslum á vöxtum? Þetta mál er ekkert einfalt.

Ég tek mikið mark á könnun Félagsvísindastofnunar. Í þeirri könnun kom líka fram að langsamlegur meiri hluti af þessu fólki, einhvers staðar ef ég man rétt í kringum 80 eða jafnvel 90%, sagðist vera reiðubúið að leggja mikið á sig til þess að eiga sitt húsnæði sjálft. Ég held þess vegna að við ættum hér í þinginu að reyna að ná breiðu samkomulagi um það hvernig við getum komið til móts við óskir þessa framsækna fólks sem lifir við þá hugsjón að þjóðfélagið eigi ekki að bjóða því upp á verri kjör en það hefur boðið foreldrum þess, sem sé að það megi láta sig dreyma um það að ráða sínum húsum, vera kóngar í sínu ríki eða drottning á sínu heimili og geta sjálft án þess að spyrja aðra gert einfalda hluti sér til hagsbóta á húsnæðinu, lagað í kringum sig og allt þetta sem hver og einn vill gera. Það er ekki bara mannskepnan. Það eru til allrar hamingju öll dýr merkurinnar með því gerð að vilja hafa sem frjálsastar hendur um það hvernig það býr að sér og sínum og við eigum einmitt að gera það og ekki vera feimin við að mæta unga fólkinu einmitt þar. Mæta því þar sem það vill helst að við mætum því. Mæta því með því að gera því kleift að eignast húsnæði eins og við eigum sjálf.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir að það var stigið stórt skref í sambandi við breytinguna á húsnæðislöggjöfinni og veitti ekkert af. Ég vil segja að þetta form, sem Kvennalistakonur hafa valið sér um að flytja þáltill. um þetta málefni, er alveg í fullu gildi og hv. þm. fá enn þá betra tækifæri til að skiptast á skoðunum um slíkt form. Ég er hissa á jafnreyndum þm. og hv. þm. Halldóri Blöndal að hann skuli vera að reka hornin í þessa aðferð til þess að fá umræðu um þetta mál hér á hv. Alþingi.

Hitt get ég ekki verið honum sammála um, að það sé sjálfsagt fyrst og fremst að hugsa um þá sem betur mega sín í þessu þjóðfélagi og hafa möguleika á að eignast sjálfir íbúð, að hinir sitji eftir. Það er gott og blessað að vilja byggja stúdentagarða og það er rétt að í vissum tilvikum er þar um vandamál að ræða. En það er enn þá meira vandamál annars staðar í þjóðfélaginu að þessu leyti og þess vegna þurfum við

að líta þangað. Það er málið. Ég vona bara að menn velti því fyrir sér og reyni að kryfja það til mergjar hvar þörfin er mest. Hefur hv. þm. kynnt sér það bæði hér í Reykjavík og í okkar kjördæmi hvaða húsnæði sumir verða að láta sér lynda og hafa ekki um aðra möguleika að ræða? Er það okkur til hróss að vera með bundið fyrir bæði augun eða líta í aðra átt þegar við vitum það sanna í þessu efni? Nei, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá er það til skammar, hvorki meira né minna, bæði fyrir okkur sem hér erum og sum bæjarfélögin, hvernig er búið að þessu gamla fólki og einstæðum mæðrum og barnmörgu fólki. Við getum auðvitað breytt til og reynt að borga þessu láglaunafólki það hátt kaup að það geti eignast íbúðir. Það er önnur leiðin. (**HBl:** Getur það það ekki með verkamannabústöðum? Er þetta ekki að mæla á móti því?) Það er alveg spurning í mörgum tilvikum að það sé hægt. Og slíkar íbúðir liggja ekki á lausu, það veit hv. þm.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Ég vil bara láta þá skoðun í ljósi hér og nú að það á fyrst og fremst að hugsa um það fólk sem er í neyðinni. Það verður að sitja fyrir hinum sem eru betur staddir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnast nú þessir útúrsnúningar hv. 3. þm. Norðurl. e. kunnuglegir. Ég hef flutt hér margar ræður um húsnæðismál og ég hef ævinlega lagt á það þunga áherslu að ég treysti stéttarfélögum og sveitarfélögum best til þess að meta þörf þeirra einstaklinga sem erfiðast eiga. Ég hef talið að verkamannabústaðakerfið ætti að svara þeirri þörf gagnvart miklum hluta þessa fólks. Síðan eru aðrir sem búa í leiguíbúðum sveitarfélaga og það verða að gera. Ég hef ekki talið að aðrir en þessir tveir aðilar, sveitarfélögin og verkalýðsfélögin, væru betur fær til þess að meta þörf þess fólks sem er verst statt í þessu þjóðfélagi. Þetta hefur margsinnis komið fram. Og ég ítreka að í þeirri milliþinganefnd, sem ég sat í um húsnæðismál á árunum 1983–1984, beitti ég mér sérstaklega fyrir því að það ákvæði væri tekið inn að heimild væri til að lána — eða ég vikka það út, ég man ekki hvort það var vísir að því áður — ég gerði a.m.k. rýmra það ákvæði sem veit að því að heimilt sé félagasamtökum eða sveitarfélögum að byggja leiguíbúðir við hóflegum kjörum fyrir aldraða, öryrkja eða námsmenn og aðra þá sem verst eru settir. Þannig að útúrsnúningur af þessu tagi nær náttúrlega engri átt.

Það sem ég var að segja og er kjarninn í mínu máli: Fyrir fólk sem er jafnvel statt, sem er heilbrigt, sem gegnir hinum ýmsu gagnlegu störfum í þjóðfélaginu á að vera til sá kostur að það eigi sæmileg tök á því að eignast sína íbúð. Það er það sem ég er að segja. Það dregur ekkert úr því að ég vilji koma til móts við aðra. En ef við ætlum að stækka þann hóp óþarflega mikið, sem hér er verið að tala um, sem við bjóðum þessi kjör, leiguíbúð, það þýðir að lagt er fram 100% fjárins og vextirnir eigi að vera 1% á ári, þá erum við náttúrlega að fara illa með opinbert fé. Við erum að því. Og við erum að bjóða upp á húsnæðiskost sem engar líkur eru til að þetta fólk sé ánægt með til lengdar. Þess vegna segi ég að við mætum best þörfum þessa fólks með því að rýmka heimildir til þess að fólk geti spjarað sig sjálft, eignast sínar íbúðir og því má ekki gleyma.

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær hressilegu umræður sem hér hafa orðið um þessa till. en mig langar að segja það að lokum að ég er mjög sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um það að það þyrfti að efla verkamannabústaðakerfið. Sumir eru mjög gagnrýnir á það en ég held að það kerfi hafi reynst mörgum vel. En því miður hefur ekki tekist að fullnægja þeim þörfum sem því kerfi er ætlað að uppfylla. Því miður. (**Gripið fram í:** Það er málið.) Já, og það sem meira er, eins og efnahagsmál hafa þróast hér á landi á undanförnum árum hefur komið í ljós að það eru allnokkrir sem ekki ráða einu sinni við þau kjör sem verkamannabústaðakerfið býður upp á. Þess eru allmörg dæmi að íbúðir í verkamannabústöðum hafi lent á nauðungaruppboðum nú á undanförnum mánuðum, því miður.

Mig langar að benda hv. þm. Halldóri Blöndal á það að fólk hugsar misjafnlega og sumir geta einfaldlega haft þá stefnu í lífinu að eiga ekki neitt, langa bara ekki til þess að eiga nokkurn skapaðan hlut og vilja ekki láta eignir, það sem mölur og ryð fá grandað, binda sig. Mér finnst að það eigi að vera sjálfsögð regla í samfélaginu að fólk geti valið, að það sé ekki verið að stefna öllum inn á eina braut.

Að lokum, herra forseti, vil ég ítreka það að þessari till. verði vísað til félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

16. fundur, miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum. Það er 207. mál á þskj. 222.

Aðdragandi máls þessa er að með lögum nr. 55 frá 30. maí 1984, um breytingu á fyrrnefndum lögum nr. 68 frá 1967, um Iðnlánasjóð, var iðnlánasjóðsgjaldið hækkað um 0,05%, í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni. Jafnframt var kveðið svo á um að ⅔ hlutum af gjaldinu skyldi ráðstafað óskiptum til Útflutnings-

miðstöðvar iðnaðarins.

Með lögum nr. 38 frá 5. maí 1986 var ákveðið að stofna Útflutningsráð Íslands. Útflutningsráð yfirtók 1. okt. s.l. starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Í 6. gr. laga nr. 38 frá 1986, um Útflutningsráð, var mælt svo fyrir að hið nýstofnaða útflutningsráð skyldi njóta hlutdeildar þeirrar í iðnlánasjóðsgjaldi sem áður rann til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Með frv. þessu er því verið að samræma lögin um Iðnlánasjóð lögum um Útflutningsráð Íslands.

Í frv. er jafnframt lagt til að lögin þannig breytt verði endurútgefin í heild. Ekki er vanþörf á því, enda hefur lögunum verið breytt níu sinnum frá árinu 1967. Reyndar var ætlunin að endurútgefa lögin vorið 1984, en frá því var horfið þar sem líkur þóttu til að heildarlög um sjóði atvinnuveganna yrðu samþykkt. Svo varð þó ekki og er því lagt til að lögin verði nú endurútgefin í heild sinni.

Að lokinni 1. umr., virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Sjómannadagur, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 224.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sjómannadag, en sjómannadagurinn, fyrsti sunnudagur í júní, hefur verið haldinn hátíðlegur í nær 50 ár, í fyrsta skipti 6. júní 1938.

Ekki er ástæða til að rekja sögu þessa merka dags hér, hún er öllum kunn, en tilgangur dagsins var frá upphafi að halda árlega hátíð sjómönnum til heiðurs, minnast látinna sjómanna, einkum þeirra sem létust af slysförum á sjó. Þessum merkjum hefur síðan verið haldið á loft og dagurinn hefur frá upphafi verið almennur hátíðisdagur í útgerðarstöðum um land allt.

Samt sem áður hefur það verið svo að dagurinn hefur ekki verið allsherjarfrídagur sjómanna. Framan af lögðu sjómannastéttin og forustumenn hennar ekki megináherslu á að sjómannadagurinn yrði almennur frídagur sjómanna, enda gekk lífið oftast mest út á það að afla sér og sínum viðurværis.

Með batnandi hag og ríkari stéttarvitund hefur þessari hugmynd vaxið mikið fylgi. Í kjarasamningum margra sjómannafélaga hafa verið sett ákvæði um þetta efni, þó með allvíðtækum fyrirvörum. Félögin hafa og gert samþykktir um þetta mál og beint áskorunum til stjórnvalda þar um.

Nú þegar u.þ.b. hálf öld er liðin frá því að sjómannadagurinn var fyrst haldinn þykir ástæða til þess að flestra dómi að koma fastari skipan á frí sjómanna þennan dag.

Ég skal ekki rekja frv. þetta í löngu máli, enda hafa mál þessi komið til umræðu í hv. Ed. Ég get hins vegar tekið það fram að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að sjómannadagurinn ætti að vera allsherjarfrídagur sjómanna með sem minnstum undanþágum. Það er hins vegar ljóst að ekki verður hjá því komist að nokkrar undanþágur séu gerðar.

Það hefur orðið nokkur bið á því að þetta frv. yrði flutt, einkum vegna þess að menn hafa viljað leitast við að ná sem bestri samstöðu um málið. Það sem hefur staðið í vegi fyrir því að slík samstaða hafi getað náðst eru aðallega þrjú atriði.

Í fyrsta lagi verður að líta til þess að sjómannadagurinn er dagur allra sjómanna, ekki eingöngu fiskimanna, einnig þeirra sem vinna á farskipum, varðskipum, hafrannsóknaskipum. Oft er erfitt að stöðva öll þessi skip í landi einn ákveðinn dag.

Í öðru lagi fylgir frídegi röskun á úthaldi skipa, bæði sem selja á erlendum markaði og vissulega einnig þeirra sem landa innanlands. Í því sambandi er rétt að geta þess að það hafa ýmsir haldið því fram að sjómannadagurinn gæti orðið þess valdandi í sumum byggðarlögum að allt of mikill afli bærist á land rétt fyrir frídaginn. Það eru vissulega dæmi þess að slíkt gerist þar sem sjómannadagurinn er haldinn af fiskimönnum undantekningarlaust eins og gert er í nokkrum landshlutum.

1. gr. frv. fjallar um hvenær dagurinn skuli haldinn, þ.e. fyrsta sunnudag í júnímánuði ár hvert, með þó þeirri undantekningu að beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skuli sjómannadagurinn haldinn næsta sunnudag á eftir. Það var svo þegar kosið var til sveitarstjórna á s.l. ári að sjómannadeginum var víðast hvar frestað vegna þess. Þó var það ekki alls staðar. Ég ætla ekki að fara út í ástæður þess að það var gert, en það varð þess valdandi að allmikil óánægja var með að eitthvert hringl skyldi koma á það að dagurinn væri haldinn hátíðlegur á eðlilegum tíma. Þar sem hann var haldinn hátíðlegur þann dag sem ætlast var til virtist það ganga vel, a.m.k. var það svo þar sem ég var staddur þann dag og var ekki að heyra á sjómönnum þar að neitt væri því til fyrirstöðu að hann væri haldinn sömu helgi og kosningarnar fóru fram þótt það sé vissulega betra að slíkt rekist ekki á.

Í 2. gr. kemur fram að ákvæði þessara laga taki ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó eru ákvæði um að ef farskip hefur eigi látið úr höfn fyrir kl. 24 á föstudegi fyrir sjómannadag skuli það eigi láta úr höfn fyrr en kl. 12 á mánudagsmorgni. Síðan eru ákvæði um strandferðaskip og sanddæluskip.

Í 3. gr. eru ákvæði um Landhelgisgæsluna og í 4. gr. um Hafrannsóknastofnun, en í 5. gr. eru undantekningar frá þessari almennu reglu sem þar koma fram.

Þar kemur í fyrsta lagi fram sú skylda varðandi öll

fiskiskip að þau skulu liggja í höfn á sjómannadegi, eigi koma síðar til hafnar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og ekki láta úr höfn fyrr en kl. 12 á mánudagsmorgni næsta dag á eftir. Síðan kemur fram að ákvæði 1. mgr. í 5. gr. séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætla að sigla með afla sinn á erlendan markað eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi, enda hafi samkomulag tekist um slíkt milli útgerðarmanns og meiri hluta skipshafnar. Slíkt samkomulag þarf að liggja fyrir fjórum vikum fyrir sjómannadag og skal það tilkynnt viðkomandi sjómannafélagi.

Það liggur fyrir að svo er á ýmsum stöðum, sérstaklega háttar þannig til t.d. í Reykjavík og á Akureyri, að það hefur verið góð samstaða um það, eftir því sem mér er tjáð, milli útgerðar og sjómanna að hluti af skipunum sé úti á sjómannadag. Eftir því sem forráðamenn þeirra útgerðarfélaga hafa tjáð mér telja þeir að slíkt samkomulag ætti að geta verið milli sjómanna og útgerðar þegar þannig háttar til.

Auðvitað er það einnig svo á ýmsum öðrum stöðum á landinu þótt menn hafi látið sig hafa það að taka á móti miklum afla rétt fyrir sjómannadaginn. Þannig er t.d. að því er varðar humarvertíðina sem þá er að byrja. Mikið berst að landi fyrir helgina í þeim verstöðvum sem humar er aðallega landað í svo að ég nefni dæmi. Auðvitað hefur þetta í för með sér röskun á vinnslu á viðkomandi stöðum og það tekur nokkurn tíma að koma róðrum skipanna í eðlilegt horf eftir þann tíma. Slík vandamál hafa menn hins vegar getað yfirstigið með góðu samkomulagi í viðkomandi verstöðvum og engin ástæða að ætla annað en að svo geti orðið áfram.

Það má segja að um þetta mál eru enn skiptar skoðanir milli sjómanna og útvegsmanna. Sjómenn telja að engar undantekningar eigi að vera í þessum lögum. Það eigi að vera skylda að öll fiskiskip skuli vera í höfn á sjómannadag undantekningarlaust. Það hefur hins vegar enginn látið sér detta í hug að stöðva farskipin þennan dag og ég býst ekki við að slíkar skoðanir séu uppi. Hins vegar telja útvegsmenn að of langt sé gengið í þessu efni og má segja að hér sé um nokkra málamiðlun að ræða milli þeirra sjónarmiða sem hafa komið fram.

Ég vænti þess að þegar fjallað verður um frv. þetta í nefnd fái þm. tækifæri til að kynna sér betur þessi sjónarmið. Ef menn sjá einhverja betri leið til málamiðlunar milli þessara andstæðu sjónarmiða er ekkert að því að gera þar einhverja breytingu á. Hitt er svo annað mál að ég efast um að hún finnist. Menn hafa t.d. talað um að atkvæðagreiðsla eigi að fara fram um borð í skipum. Ég á ekki von á því að slíkt sé á nokkurn hátt nauðsynlegt. Venjulega standa menn vel saman um borð í slíkum skipum og það er yfirleitt mikill meiri hluti fyrir ákvörðunum sem teknar eru um borð í íslenskum fiskiskipum þegar málin hafa verið rædd. Ég held því að það sé ekki rétt að atkvæðagreiðsla þurfi að fara fram um borð. Hins vegar er óeðlilegt að einn og einn maður geti stöðvað meirihlutavilja áhafnar ef þeir telja að hagsmunum sínum sé betur borgið með öðrum hætti.

Ég vil að lokum leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum mælti ég fyrir frv. til l. um sama efni og það frv. fjallar um sem er nú til umræðu. Það frv. var að vísu einfaldara í sniðum og ekki tekið tillit til allra þeirra tilvika sem um er fjallað í þessu frv.

Ég vil hins vegar í stuttu máli lýsa ánægju með að hæstv. sjútvrh. skuli hafa flutt þetta frv. Mér er fyllilega ljóst, eins og hann raunar rakti í sinni ræðu, að um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir, kannske að einhverju leyti meðal sjómanna sjálfra um útfærsluna í smáatriðum, en einkum þó milli sjómanna og útvegsmanna sem telja hér of langt gengið, en sjómenn telja hins vegar of skammt gengið.

Mér hafa borist ýmsar athugasemdir sem sjómannasambandsþing, sem haldið var í október, gerði við frumvarpsdrög sem þá lágu fyrir og ég hygg að einhverjar þeirra athugasemda hafi þegar verið teknar til greina en aðrar ekki, en það gefst auðvitað tækifæri til að skoða þetta mál betur í nefnd. Það eru hér ýmis álitamál.

Ég bendi á að ef ég man rétt var fyrra frv. um sama efni vísað til allshn. Hins vegar hefur hæstv. sjútvrh. gert tillögu um að þessu máli verði vísað til sjútvn. Nú er það algert álitamál í rauninni hvar þetta mál á heima og ég hygg að það megi rökstyðja hvort fyrir sig, að allshn. fjalli um þetta eða sjútvn., en ég held að það hefði verið að vissu leyti æskilegt ef þessi frv. hefðu bæði hafnað í sömu nefnd þannig að það væri hægt að fjalla um þau samtímis.

Það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi er að efnisatriði málsins nái fram að ganga, ekki hver er höfundur frv. eða hver leggur það fram. En ég túlka það svo að þar sem sjútvrh. hefur lagt fram stjfrv. um þetta efni muni lögfesting sjómannadagsins sem frídags ná fram að ganga. Sá var auðvitað tilgangur minn með flutningi frv. sem ég vék að áðan. Það er höfuðmál að þetta nái efnislega fram að ganga og vissulega væri það ekki verra ef Alþingi treysti sér til að afgreiða þetta núna fyrir jólin. Ég held að um þetta mál sé ekki verulegur ágreiningur í þinginu. Ég get a.m.k. ekki ímyndað mér það. Það kemur þá væntanlega í ljós. En ég fagna því sem sagt að þetta frv. skuli hafa komið hér fram.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ég hef verið mikill efasemdarmaður um alla þá lögbundnu frídaga sem eru hér á landi umfram það sem tíðkast svo víða erlendis. Við höfum uppstigningardag, við höfum skírdag, við höfum annan í páskum og hvítasunnu, fyrsta sumardag, frídag verslunarmanna, þingmenn höfðu frí 1. desember s.l. og frí er í skólum, mánaðarfrí og þess háttar sem að vísu er kannske ekki lögboðið.

Það er svo sem auðséð að tekjur, hvorki þjóðar-

tekjur né tekjur heimila, aukast ekki við það að við fjölgum frídögum. Við urðum vitni að því fyrir nokkrum árum, þegar illa gekk að ná saman kjarasamningum, að orlof var lengt, en hverju það hefur skilað launþegum eða þjóðarbúinu veit ég ekki.

Ég var í haust, þegar hv. þm. Eiður Guðnason mælti fyrir sínu frv. sem hann gat um áðan, í nokkrum vafa um nauðsyn þess að lögbinda frídag sjómanna og ég er það að nokkru leyti enn. Ég er ekki alveg viss um nauðsyn þess, en ég mun vissulega fylgjast vel með í sjútvn. og hlusta grannt á málflutning þeirra hagsmunaaðila sem munu örugglega koma á okkar fund.

Sjómannadagurinn, eins og hæstv. ráðh. gat um, hefur verið haldinn hátíðlegur býsna lengi og sjómannadagurinn er vegleg hátíð í mörgum sjávarplássum úti um land. Ég minnist þess að hafa verið tvo sjómannadaga í Vestmannaeyjum þar sem voru veruleg hátíðahöld. Ég er sannfærður um að þau verða áfram hvort sem þetta verður lögbundið eða ekki. Eins hef ég átt þess kost að vera á sjómannadegi bæði á Húsavík og eins í Neskaupstað. Sérstaklega man ég eftir að þar voru verulega mikil hátíðahöld og íbúar í Neskaupstað töldu að þjóðhátíðardagur Íslands hyrfi gersamlega í skuggann af sjómannadeginum.

Ég hef sem sagt haft vissar efasemdir um að þessar þvinganir, sem vissulega eru í frv., væru nauðsynlegar. Auk þess má velta því fyrir sér hvers vegna hv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn hafa skyndilega svo mikinn áhuga á þessu máli. Sjálfsagt er rétt, eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, að menn vöknuðu til nokkurrar meðvitundar um mikilvægi dagsins þegar kosningadag s.l. vor bar upp á sjómannadag. Ég man eftir því að það voru ekki allir mjög ánægðir með það og er jafnvel sagt að sumir hafi setið heima á kjördegi þess vegna. En mér finnst að það bjóði heim ýmsum vandamálum að binda mjög fast í lögum að öll fiskiskip skuli vera inni ákveðinn dag. Það er ekki aðeins að það mun berast mikill afli að landi. Við getum hugsað okkur t.d. ef hér í Reykjavík kæmu skyndilega 14 skip inn sama daginn og auk þess mundu þau þá hefja veiðiferð væntanlega um svipað leyti næst. Ég á við 14 stóra togara. Eins er á Akureyri þar sem gæti orðið heimahöfn a.m.k. 8 stórra fiskiskipa á næstunni.

Það er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir því að hægt sé að veita undanþágur frá þessum lögboðnu innkomum skipanna. Í þeirri grein og reyndar víðar í frv. er gjarnan talað um kl. 12 á laugardag, en alltaf kl. 12 á mánudagsmorgni. Að hverju leyti laugardagur kl. 12 er öðruvísi en mánudagsmorgunn kl. 12, hver áherslan er þar, skil ég ekki, það getur verið að þetta sé bara hortittur, hvers vegna lögð er áhersla á kl. 12 á mánudagsmorgni, en aftur sagt að það skuli vera kl. 12 á laugardag og sjálfsagt átt við hádegi báða dagana.

En það eru ákvæði í 5. gr. um að ákvæði 1. mgr. skuli vera frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi, enda hafi samkomulag tekist um slíkt milli útgerðarmanna og meiri hluta skipshafnar. Þarna vildi ég setja punkt. Mér finnst það ákaflega þungt í vöfum og vafasamt að það takist ætíð að viðkomandi sjómannafélag skuli hafa tilkynnt um slíkt samkomulag fjórum vikum fyrir. Maður getur vel hugsað sér að það verði breytingar í áhöfn og að það liggi alls ekki ljóst fyrir hver meiri hluti áhafnar verður nákvæmlega þennan dag. Mér finnst sem sagt nóg að það sé einfaldlega um það samkomulag milli áhafnar og útgerðar að frá þessu megi verða undantekningar.

Það er ekki aðeins að þessar fjórar vikur gætu orðið óþarflega langur tími heldur gæti allt eins verið að aðstæður breyttust gjörsamlega á þessum tíma. Við vitum að það er orðið æðimikið hagsmunamál fyrir sjómenn á t.d. fiskiskipum og þeim sem selja ísaðan fisk að nákvæmlega sé — hvað eigum við að segja — stillt inn á góða söludaga. Menn geta ekki spáð í markað á ísuðum fiski kannske fjórar vikur fram í tímann. Menn hljóta að geta komist að samkomulagi um þetta án þess að þurfi að tilkynna það með svona löngum fyrirvara.

Ég vildi að menn skoðuðu þennan möguleika og ég vil, eins og ég sagði áður, endilega hlusta grannt á hagsmunaaðila sem væntanlega koma á fund okkar í sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér skuli vera komið fram stjfrv. um lögbindingu á frídegi sjómanna, sjómannadeginum, og lýsi stuðningi mínum við frv. að meginefni til eins og ég gerði um það frv. sem var hér til umræðu fyrir skömmu og var reyndar lagt fram á síðasta ári líka og flutt af sömu þm.

Það er reyndar skrýtið að ekki skuli hafa komið fram fyrr á hv. Alþingi tillögur um að gera þennan dag að skyldufrídegi. Það er að verða hálf öld síðan þessi dagur var upphaflega hátíðlegur haldinn, 6. júní 1938. Ég er þess vegna ekki neitt hissa á áhuga ráðherra á að koma þessu máli inn á þing núna og fá þennan dag samþykktan sem frídag.

Það er ýmislegt í frv. sem kannske orkar tvímælis. Ég vil þá nefna fyrst í sambandi við 1. gr. að þar er lagt til að sjómannadagurinn verði fyrsti sunnudagur í júní eins og jafnan hefur verið ef ekki er hvítasunna og það skuli bundið að önnur helgin í júní skuli vera frídagurinn þegar hvítasunnu ber upp á fyrsta sunnudaginn. Í fyrra bar kosningadag upp á laugardaginn fyrir sjómannadag og af því urðu nokkur vandræði sums staðar. Þetta getur gerst oftar. Hefur þó reyndar verið reiknað út að það séu ekki líkur fyrir því að þetta verði algengt. Ég tel þess vegna að það sé ekki neinn vafi á að það eigi að halda sig við fyrsta sunnudag í júní, en mér finnst vera nokkru meiri vafi á því hvort það eigi að fresta sjómannadeginum. Ég hef tilfinningu fyrir því að það séu meiri rök fyrir því að færa hann framar, færa hann til síðustu helgarinnar í maí. Það er reyndar kjördagur til sveitarstjórnarkosninga, en líkurnar fyrir því að þetta falli saman,

að hvítasunna sé fyrsta sunnudaginn og kjördagur síðustu helgi í maí, eru ekki miklar. Ég hef ekki látið líta á þetta, en mér finnst einhvern veginn að það liggi ekki í hlutarins eðli að þetta falli oft saman.

Ég tel að þessi breyting væri æskileg vegna þess að eins og hér hefur komið fram er sjómannadagurinn mjög mikill hátíðisdagur víða um land. Hann er sannkallaður þjóðhátíðardagur. Eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. var að lýsa hér eru þá stórhátíðir í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og víðar. Í flestum sjávarþorpum landsins eru þetta mjög miklir hátíðisdagar. Ef frídagurinn er færður aftur, sem yrði fjórða hvert ár eða svo, aftur að annarri helgi í júní, erum við komin ansi nálægt þjóðhátíðardeginum 17. júní. Ég hef reynslu fyrir því og veit það að þegar sjómannadagurinn er haldinn á seinni helginni skemmir þetta fyrir báðum þessum hátíðum. Það verður minna úr sjómannadeginum og það verða líka minni hátíðahöld 17. júní. Ég tel að það muni ekki breyta miklu tíðarfarslega hvort sjómannadagurinn er haldinn síðustu helgina í maí. Sumir munu kannske óttast að það séu heldur meiri líkur fyrir verra veðri í lok maí en fyrri hluta júní, en þar er varla mikill munur á.

Þessari skoðun minni vildi ég skjóta inn í umræðuna núna, leyfa þm. að heyra mína skoðun á þessu máli, en ég mun halda þessari skoðun fram að einhverju leyti í nefnd þó að ég geri ekki þetta að tilefni til brtt. við málið ef ekki verður samkomulag um það í nefnd milli hagsmunaaðila.

Ég tek undir það sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um klukkuna í texta frv. Það er einhver misgáningur þar. Það er talað um kl. 24 á föstudegi, kl. 12 á mánudagsmorgni, kl. 12 á laugardegi o.s.frv. Þetta verður sjálfsagt lagað í nefnd.

Í 4. gr. er fjallað um Hafrannsóknastofnunarflotann og hvernig sú stofnun skuli stjórna sínum skipum til þess að sjómenn hennar fái notið þessa frídags. Mér finnst ástæðulaust að þarna sé einhver undanþága. Ég held að það hljóti að vera hægt að skipuleggja starf Hafrannsóknastofnunarinnar þannig að það eigi ekki að þurfa að undanskilja sjómenn hennar þessum frídegi.

Í 5. gr. koma svo aðalundanþágurnar eða í lok 5. gr. Fyrri hluti greinarinnar er reyndar um það hvaða skip skuli liggja í höfn, en lok greinarinnar eru á þann veg að ákvæði 1. mgr. séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað og að aðrir hagsmunir séu í húfi. En þetta er bundið því að ákveðið samkomulag eigi sér stað.

Mér finnst að þessi hluti greinarinnar sé algerlega óþarfur. Ég tel fráleitt að það sé verið að mismuna bæði þeim sem eru á skipunum og um leið ákveðnum rekstrarþáttum, þ.e. fiskvinnslunni. Það er verið að gera fiskvinnsluna hér heima að hluta til skylduga að hafa sín skip í landi, en þeir sem ætla að sigla og þjóna erlendum aðilum skulu vera undir aðrar reglur settir. Og að það sé ekki erfitt að skipuleggja hvernig afli berst að fiskvinnslustöðvum. Ja, hugsum okkur stóra fiskvinnslustöð í Reykjavík, t.d. Granda, eða Útgerðarfélag Akureyringa, að þeir góðu menn sem stjórna þar geti ekki í tæka tíð skipulagt siglingu skipa sinna til hafnar þannig að þau hrúgist ekki öll að landi á föstudegi. Það mundi ekki verða stórslys þó að lengdist frítími einnar eða tveggja skipshafna um einn eða tvo daga. Væri ekki hægt að kalla togarana inn aftur eftir helgina á mismunandi tímum? Hvernig er stjórnin í fiskvinnslunni ef ekki er hægt að gera hluti sem þessa? Og á að fara að mismuna sjómönnum á skipum út frá einhverjum hugmyndum þeirra sem stjórna fiskvinnslunni? Mér finnst það alveg fráleitt.

Frekar er verið að skapa vandamál með þessum undanþágum en að það sé verið að leysa þau vandamál sem skapast af því að þessi dagur verður lögbundinn. Ég tel að einmitt sem undanþáguminnst séu málin farsælast leyst. Það mun ábyggilega ganga jafnt yfir útgerðarmenn og fiskverkun ef það verður gert á þann veg. Allar undanþágur frá svona ákvæðum eru af hinu verra og skapa óánægju á milli aðila.

Þeim rökum að það skapist ákveðnar aðstæður þar sem mörg skip sjái um hráefnisöflunina var haldið fram líka þegar var verið að tala um að ekki mætti hafa helgarfrí. Þetta eru nákvæmlega sömu rökin og beitt var í umræðunum þegar var verið að semja um helgarfríin á bátaflotanum. Þá var sagt að það truflaði hráefnisöflun og annað eftir því.

Þetta frv. kemur nú til sjútvn. Ég veit að a.m.k. sumir hagsmunaaðilar telja það eðlilegri málsmeðferð en að það fari í félmn. eða allshn. Ég veit að við í sjútvn. munum leggja allan okkar metnað í að koma þessu máli sem fyrst frá okkur og vinna á þann veg að það verði öruggt að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um frv. Ég fagna því að það skuli vera komið fram sem stjfrv. og vona að hægt sé að koma því sem fyrst áfram í nefnd. Það vill þannig til að ég er formaður sjútvn. Ed. sem frv. er vísað til. Tækifæri gefst til að ræða það þar ítarlega og kalla fyrir þá aðila sem þess óska að láta álit sitt í ljós þar. Auðvitað verða þar skiptar skoðanir eins og vill verða um slík mál. Þó held ég að það verði ekki eins mikið og mætti halda í upphafi.

En ég tel að það hafi verið okkur til vansa, Íslendingum, hvað við höfum dregið lengi að lögfesta slíkan dag fyrir íslenska sjómenn. Ég er alls ekki sammála hv. 5. þm. Norðurl. e. í því að þetta sé hættuleg viðbót við þá mörgu frídaga sem þegar eru fyrir í okkar ágæta landi. Það má deila um hvort þeir eru of margir, en þessi stétt á skilið að hafa sinn frídag. Það þarf aðeins að finna leiðir til þess hvernig er best að koma því við þannig að það verði sem minnst um árekstra. Það verður að segja eins og er að síðustu ár hefur það mjög færst í vöxt að flestar útgerðir hafa reynt að haga málum þannig til að

hægt væri að lofa mönnum að vera heima á þessum hátíðisdegi. Þetta er þó mjög misjafnt.

Eins og ræðumenn hafa komið inn á fjallar 5. gr. nokkuð mikið um þetta. Það skal verða skoðað vel hvað hægt er að gera í þeim efnum. En ég held að það séu svo miklar breytingar sem orðið hafa að það verði ekki talin höfuðsynd þó að skip sé komið í höfn á hádegi á laugardegi og sé ekki landað úr því fyrr en á mánudagsmorgni. Það fer eftir aldri fisksins sem í skipinu er hvernig því er hagrætt. Þannig er hægt að koma slíkum málum þokkalega fyrir ef vel er að staðið. Við eigum ekki að láta það verða okkur fjötur um fót í þessum efnum.

Eins er orðalagið í 5. gr. þar sem talað er um kl. 12 á mánudagsmorgni. Mér finnst alveg eins hægt að segja kl. 12 á hádegi. Það er kannske skýrara mál. Það þarf ekkert að fara milli mála eða gera því skóna að það sé verið að blekkja einn eða neinn með því. Það er ætlast til þess að fríið sé tveir sólarhringar, það sé komið í höfn kl. 12 á hádegi á laugardegi og það sé ekki látið úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi á mánudegi.

Um þær undanþágur sem 5. gr. býður upp á eða þá túlkun sem þar má hafa mun nefndin ræða ítarlega og kynna sér hvernig menn líta á það. En í heild tel ég að það sé vel að stjórnvöld skuli koma með slíkt frv. og það sé heiður fyrir íslenska sjómenn. Það er búið að dragast of lengi að gera það. Ég vona að við getum náð sem mestri og bestri samstöðu um þetta mál.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er komið fram um frídag sjómanna. Það er í því sá hryggur sem þarf til þess að íslenskum sjómönnum sé sýndur fullur sómi og er það eitthvað annað en sú tillaga sem var hent hingað inn á s.l. ári allsendis hrárri um sama mál.

Það má segja að íslenskir sjómenn hafi löngum verið værukærir yfir ýmsum félagslegum hagsmunamálum sínum og það sýnir sig kannske best í þessu máli því það var í rauninni ekki fyrr en á s.l. vori, þegar sjómannadagurinn stangaðist á við kjördag, að menn tóku við sér og vildu fá bót og tryggingu. Þá var að vísu komin í gang vinna hjá hæstv. sjútvrh. og fleirum í málinu og var það vel. En það er fyllilega tímabært að afgreiða þetta mál þannig að það sé ekki aðeins til sæmdar íslenskum sjómönnum heldur íslenskri þjóð.

Ég tel að í þessu frv. sé það svigrúm sem þarf að vera til þess að menn geti stundað veiðimennsku á eðlilegan hátt þótt frídagur sé lögbundinn, svigrúm til siglinga, til gæslu á hafinu og til rannsókna. Það eru þarna atriði sem er sjálfsagt að skoða, svo sem eins og það hvort það þurfi að vera fjögurra vikna fyrirvari á því ef skip ætlar að sigla. Þetta eru tæknileg atriði sem eru smámál í þessu dæmi og á að vera auðvelt að finna flöt á.

Meginmálið er bitastætt og þannig að unnt er að afgreiða það. Ég endurtek að ég fagna sérstaklega að þetta frv. er komið fram því að þarna er um mikið réttlætis- og skyldumál að ræða.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Vesturlands höfum áhuga fyrir mörgum málum sameiginlega, ekki síst fyrir frv. sem hér er til umræðu, frv. til l. um sjómannadag.

Þegar svipað mál var til umræðu fyrr á þessu þingi, þ.e. það frv. til l. sem hv. 5. landsk. þm. og fleiri lögðu fram og hv. 5. landsk. þm. mælti hér fyrir, lýsti ég því yfir að ég teldi það frv. fremur magurt. Það væri óhjákvæmilegt að setja í lög fyllri reglur um framkvæmd sjómannadagsins, ef ég má svo að orði komast. Það væri útilokað að hafa sjómannadaginn fortakslaust löghelgan án þess að það væru settar fyllri reglur.

Frv., sem hér er til umræðu og lagt er fram og mælt er fyrir af hálfu hæstv. sjútvrh., tekur til allra þeirra atriða sem ég minntist á í hinni fyrri umræðu um svipað mál. Ég geri fremur ráð fyrir að hv. sjútvn., þrátt fyrir og ég efast ekki um vandaðan undirbúning þessa máls af hálfu hæstv. sjútvrh., ræði við hagsmunaaðila um framkvæmdina eins og nauðsynlegt er. Það er mjög nauðsynlegt að um þetta mál ríki einhugur. Það getur sitt sýnst hverjum, en ég legg ríka áherslu á að um málið verði einhugur.

Varðandi 1. gr. frv. er það e.t.v. til athugunar, eins og ég hef raunar getið um áður við ekki ólíkar aðstæður og í svipaðri umræðu, að sjómannadagurinn skuli vera almennur fánadagur eins og hér er lagt til. Eins og menn vita eru hinir löghelgu fánadagar undir svokölluðum forsetaúrskurði um fánadaga. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé óeðlileg málsmeðferð að löghelga fánadag sjómanna með þessum hætti, síður en svo, en ég mælist til þess að hv. sjútvn. athugi þennan þátt frv., hvort eðlilegra sé að þau ákvæði verði í lögum um sjómannadag eða í öðrum lögum.

En ég mæli með því að þessu frv. verði fremur hraðað. Ég fylgi því heils hugar. Ég tek að sjálfsögðu þeim rökum sem liggja til grundvallar hugsanlegum breytingum í nefnd, en legg áherslu á að málið nái fram að ganga.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði raunar ekki að kveðja mér hljóðs að nýju, en það er þó tvennt sem veldur því að mig langar til að segja nokkur orð til viðbótar.

Í fyrsta lagi ræddi ég stuttlega um það í minni fyrri ræðu að fyrra frv. um þetta efni hefði verið vísað til allshn. eða mig minnti að svo hefði verið gert. Það reyndist rétt við athugun. Hins vegar er mér kunnugt um að sjútvrh. leggur á það nokkra áherslu og með rökum að þessu máli verði vísað til sjútvn. vegna þess að hér er um að ræða hagsmunamál sem varðar bæði sjómenn og útvegsmenn. Ég fellst vissulega á þau rök. En ég mundi gera það óformlega að tillögu minni að allshn. sendi hv. sjútvn. til

umsagnar það frv. sem þar liggur þannig að um þetta mál megi verða sem mest eining.

En önnur ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs var sú ræða sem hv. 3. þm. Suðurl. flutti úr þessum ræðustól áðan. Hann hefur þann ágæta hæfileika að geta komið mönnum á óvart með ýmsum hætti. Hann gat ekki á sér setið, hv. 3. þm. Suðurl., um leið og hann fagnaði þessu frv. sjútvrh., að senda okkur tóninn sem flutt höfðum hitt frv. Fannst mér það nánast óþarfi og m.a. þess vegna fann ég mig knúinn til að standa hér upp.

Í sumar var greint frá því allítarlega í Morgunblaðinu að hv. þm. Árni Johnsen hefði fengið þá formann Farmanna- og fiskimannasambandsins, Guðjón Kristjánsson, og Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambandsins, til að vinna álitsgerð um lögbindingu sjómannadagsins. Síðan sagði í Morgunblaðinu:

„Með þetta álit til hliðsjónar hyggst Árni Johnsen alþm. flytja till. á þingi í haust ásamt fleirum um lögbindingu þessa dags sem frídags fyrir sjómenn."

Í annarri grein síðar sagði sami hv. þm., og vitna ég til Morgunblaðsins, ekki ómerkari heimildar:

„Þingmenn Sjálfstfl. eru samþykkir því að sjómannadagurinn verði lögbundinn og þar með er kominn hryggur í málið, en ég mun vinna að því að málið verði flutt á næsta þingi að öllu óbreyttu og ekki verra að eiga Eið Guðnason vísan liðsmann þegar á hólminn er komið."

Ég veit ekki hvað þessi hryggur er alltaf að þvælast fyrir hv. þm. Árna Johnsen. Hann var að tala um þennan hrygg áðan.

En hvernig er þetta mál vaxið? Styðja þm. Sjálfstfl. þetta mál allir óskipt? Sumir þeirra gera það. Ég heyrði ekki að hv. 5. þm. Norðurl. e. Björn Dagbjartsson styddi þetta mál. Hann hafði a.m.k. marga fyrirvara á því og flutti satt að segja mjög einkennilega ræðu að mér fannst. Raunar kom hún kannske ekki á óvart vegna þess að ég þykist hafa tekið eftir því að í hvert einasta skipti sem hæstv. sjútvrh. hreyfir einhverju máli hér hefur hv. 5. þm. Norðurl. e. ævinlega á því aðra skoðun, hvert svo sem málið er. Ég hygg mig hafa fylgst með þessu nokkuð lengi.

En er það hryggurinn í málinu að það er ágreiningur um þetta milli þm. Sjálfstfl. eins og kom berlega fram áðan, því miður?

Það var hv. 3. þm. Suðurl. ekki til mikils sóma það hnútukast sem hann var hér með áðan. Það setur svo sem ekki meiri hrygg í málið. Og kannske eru sum mál sem hv. þm. flytur hálfgerðir hryggleysingjar ef betur er að gáð. Ég held a.m.k. að það sé ekki mikið kjöt á öllum þeim beinum sem rekur frá honum inn á hið háa Alþingi.

Ég endurtek, virðulegi forseti, að ég held að það sé eðlilegt og fyrir því hafa verið flutt hér rök að um þetta mál verði fjallað í hv. sjútvn., það sé að ýmsu leyti eðlilegra en að hafa þessi tvö frv. í sitt hvorri nefnd, og að allshn. sendi sjútvn. málið til meðferðar og það fái þá meðferð. Og þar sem flestir hv. þm., að undanteknum hv. 5. þm. Norðurl. e., hafa tekið vel í það mál að lögbinda frídag sjómanna sýnist mér ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál ætti að geta fengið afgreiðslu hér áður en þinghaldi lýkur fyrir jól.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi orð hv. 5. landsk. þm. um að vísa þessu máli til sjútvn., eins og hér var lagt til af hæstv. ráðh., þá verður það að sjálfsögðu gert. En eins og hann réttilega gat um hefur frv. svipaðs efnis farið nú þegar til allshn. Því verður að sjálfsögðu beint til formanns allshn. að það frv. verði sent til umsagnar til hv. sjútvn. jafnhliða því sem unnið verður að þessu máli.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt upp í ræðustól var fyrir það fyrsta að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa umræðu, en í sambandi við meðferð málsins í nefndum er ég í þeirri aðstöðu að vera formaður allshn. Ed. og á einnig sæti í sjútvn. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að sjútvn. fái frv. hv. 5. landsk. þm. til meðferðar og umsagnar og mun beita mér fyrir því að málið fái réttláta og skjóta meðferð eftir því sem ég hef tök á sem formaður í allshn. og sem nefndarmaður í sjútvn.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að blanda mér í umræður um hvort hryggur hafi verið í frv. hv. þm. Eiðs Guðnasonar eður ei. Hvort sem honum finnst það undarlegt eða ekki leyfi ég mér að halda því fram að mér finnst svolítið skrýtið, fyrst ekki hefur verið talin ástæða til þess í fimmtíu ár að lögbinda þennan frídag sjómanna, hvers vegna rokið er upp til handa og fóta núna. Frv. hv. þm. Eiðs Guðnasonar kom fram með mjög skjótum hætti í fyrravor og það kemur fram aftur núna. Að vísu er ákaflega lítið í því frv., eins og hv. 3. þm. Suðurl. hefur sagt.

Það er misskilningur að ég hafi einhvers staðar sagt að þetta væri hættuleg viðbót við þann frídagafjölda sem við höfum. Ég held því enn fram að frídagafjöldi á Íslandi sé ekki til að bæta lífskjör. Ég held því fram enn þá að breyttir útgerðarhættir, t.d. á frystiskipum, t.d. með mikilli sölu á ísuðum fiski, geti einmitt orðið til þess að tekjur sjómanna lækki við það ef þeir eru skyldaðir til að koma inn hvernig sem á stendur á vissum degi. Ég held því enn þá fram að eins og það hefur viðgengist í fimmtíu ár geti sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnslan komið sér saman um að halda þennan dag hátíðlegan eins og verið hefur og eins og ber að gera.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er alltaf jafnundarlegt hvað hv. þm. Eiður Guðnason þolir lítið. Þó er það kannske skiljanlegt ef tekið er tillit til þess að hann þjáist af pólitísku hrygglosi. Það er sérstakt einnig

að því leyti að það er sama hvenær er og hvar, hv. þm. getur ávallt rifið úr vasa sínum úrklippur úr Morgunblaðinu og hefur ugglaust slíkt safn undir kodda sínum eða í sæng sinni. Koma þá upp sígildar tilvitnanir sem eru ágætar út af fyrir sig. En mér þykir óþarft að fjölyrða mjög um þetta pólitíska hrygglos. Það er verkur sem við skulum vona að lagist. A.m.k. er ástæða til að greina á milli þess vandamáls og hins að sjómenn á Íslandi eiga skilið að fá lögbundinn frídag.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að blanda mér í umræðuna um hrygglosið eða hryggbrotið eða hvað það er á milli hv. þm. Árna Johnsen 3. þm. Suðurl. og 5. landsk. þm., en ég undirstrika enn á ný að flutningur frv. hv. 5. landsk. þm. Eiðs Guðnasonar vakti ákveðna athygli á þessu máli. Ég hef vissan grun um að þó að það hafi kannske ekki verið burðugt og ekki með sterka hrygglengju hafi það verið viss hvati að því að málið er komið til umræðu núna.

En það sem kom mér til að koma upp í ræðustólinn aftur var einkennileg skilgreining hv. 5. þm. Norðurl. e. á því að þetta mál sé komið hér til umræðu. Hann sagði að hér væri rokið upp til handa og fóta eftir að þessi hátíðisdagur væri búinn að vera í fimmtíu ár til að lögbinda hann. Hvað skyldu vera mörg lögin, sem eru samþykkt á hv. Alþingi, sem að einhverju leyti er hægt að vísa aftur í fimmtíu ár, hundrað ár og jafnvel miklu meira? Það eru skrýtin rök fyrir því að ekki skuli vera sett lög að þetta sé nú búið að vera svona í fimmtíu ár og hvernig í ósköpunum standi á því að breyta eigi þessu eitthvað núna. Ef nokkuð er íhaldssemi er það nú þetta. Það er kannske svo að hv. þm. þyki gott að vera kallaður íhaldsmaður.

En hann var einnig að halda því fram að tekjur heimila mundu ekki aukast við það að einum lögbundnum frídeginum væri bætt við. Ég hef frekar trú á því að það muni gerast, með ákveðinni bindingu frídaga muni ýmsir hlutir nýtast betur en með allri þeirri kraftasókn sem hér er beitt í sambandi við sjávarútveg. Það hefur sýnt sig að ýmislegt hefur breyst til hins betra við það að vinnutími hefur verið styttur. Við minnumst þess að í verkfallinu 1978 gerðist það að verkamannafélagið Dagsbrún setti á yfirvinnubann. Hvað kom út úr því dæmi? Það kom út úr því dæmi að þau fyrirtæki sem voru þá rekin aðeins með dagvinnunni skiluðu sömu afköstum og ef þar hefði verið unnið tíu stundir eða lengur.

Það þarf stundum að taka á með lagasetningu þeirri kraftavinnu og þeirri kraftasókn sem beitt er á ýmsa vegu í þjóðfélaginu. Það þarf að taka fram fyrir hendurnar á ýmsum atvinnurekendum á þann veg að það sé bundið með lögum að fólk skuli hafa frí, hvort sem það er frí á venjulegum hvíldartíma eða á hátíðisdögum sem þessum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim undirtektum sem þetta frv. hefur fengið. Ég held það megi ráða af því að það ætti að reynast auðvelt að ljúka því tiltölulega fljótt hér í þinginu. En ég vildi minnast á nokkur þeirra efnisatriða sem hér hefur verið komið inn á. Það hefur nú þegar komið fram að samstaða er um að vísa málinu til sjútvn., enda er hér um málefni að ræða sem snertir ýmislegt í sjávarútveginum og hlýtur því að teljast eðlilegt.

Að því er 1. gr. varðar, það sem hv. 4. þm. Vesturl. tók fram, að það væri eðlilegra að það væri síðasta helgi í maí ef hvítasunnuhelgi ber upp á fyrsta sunnudag í júní, þá er fyrst og fremst fylgt þeirri hefð sem ríkt hefur varðandi sjómannadaginn, þeirri hefð sem hefur verið svo lengi sem hann hefur verið haldinn. Hvort það er rík ástæða til að breyta þeirri hefð, m.a. út af 17. júní eða af öðrum ástæðum, skal ég ekki fullyrða um, en það er vissulega rétt hjá hv. þm. að þegar tveir hátíðisdagar eru svo nálægt hvor öðrum getur það dregið nokkuð úr gildi daganna. Þó leyfi ég mér að efast um að það skipti verulegu máli. Ég tel þó rétt að þetta atriði sé rætt við sjómannasamtökin. En það kom engin athugasemd fram af þeirra hálfu að því er þetta atriði varðar.

Að því er varðar 4. gr., um Hafrannsóknastofnun, kemur hér fram að hún skuli leitast við að skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi. Það þykir ekki rétt að gera þetta að algjörri skyldu þannig að það sé engin leið að víkja þar frá. Ástæðan er sú að það kemur fyrir að Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í rannsóknaleiðöngrum ásamt skipum annarra þjóða. Þar af leiðandi getur hún verið bundin slíkum leiðöngrum. En það er mjög afdráttarlaust að hún skuli leitast við að gera þetta þannig að þessir sjómenn eigi sem næst undantekningarlaust frí eins og aðrir sjómenn. Þó geta verið ástæður sem kalla á að þarna sé erfitt að víkjast undan. Ég vil t.d. taka fram að það á að fara fram mjög víðtæk talning á hvölum á öllu Norður-Atlantshafi á næsta ári, sem í munu taka þátt skip frá öðrum þjóðum, og það getur verið erfitt að leita samræmis við slíka aðila. En að sjálfsögðu mun Hafrannsóknastofnunin gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að slíkt sé hægt, enda eru fyrirmæli um það í þessari lagagrein.

Að því er varðar orðalagið í 5. gr., kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og kl. 12 á mánudagsmorgni, þá tel ég að það skipti ekki mjög miklu máli. Mér sýnist að menn hljóti að skilja þetta rétt. En ástæðan er einfaldlega sú að í upphaflegum drögum stóð kl. 14 á laugardegi og síðan kom fram í tillögum Sjómannasambands Íslands að þessu skyldi breytt úr kl. 14 í kl. 12. Ég sé að það orðalag hefur verið tekið upp og fyrra orðalagi ekki breytt þó að tímasetningunni kl. 14 hafi verið breytt í kl. 12. Ég sé ekki að það skipti neinu máli hvort þetta stendur með þessum hætti eða er breytt í það horf sem hér hefur komið fram.

Að því er varðar undanþáguákvæðin er ljóst að það eru aðilar sem telja afar mikilvægt að slíkar undanþágur geti átt sér stað. Ég vil hins vegar benda á að frídagur sjómanna hefur verið að þróast í gegnum áratugina og það er miklu minna um undantekningar frá því að sjómenn séu í landi en áður var. Það er eins með þessi atriði eins og öll önnur að eðlilegt er að þessi þróun haldi áfram og reynt sé að hafa sem besta samstöðu meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi um að halda þennan dag hátíðlegan. Auðvitað verður hátíð ekki haldin vegna þess að það stendur í lögum og lífinu verður ekki lifað alltaf betur þó að um það séu lagafyrirmæli. Ég skildi orð hv. 5. þm. Norðurl. e. þannig en ekki á þann hátt að hann væri á móti því að þessi lög yrðu sett. Auðvitað höfum við mörg dæmi þess að það getur verið varasamt að hafa lög svo fortakslaus að aldrei sé hægt að gera neina undantekningu þar á.

Ég tel langeðlilegast að nefndin kynni sér sjónarmið þessara aðila, sem við höfum reynt að kynna okkur sem best, og fari þar bil beggja. Ég tek fram að ég tel það þýðingarmeira að lögin séu sett. Það er rík krafa um það víðast hvar í sjávarbyggðarlögum eftir því sem ég kemst næst. En síðan má breyta þeim lögum síðar meir eftir því sem til tekst. Ég tel það mikilvægara. Hafa má einhver undanþáguákvæði sem megi þá breyta síðar meir ef samkomulag næst um og menn telja ástæðu til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

16. fundur, miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Fasteigna- og skipasala, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá, frh. 1. umr.

Frv. FÞ o.fl., 194. mál (borðtennisútbúnaður). — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 226.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, það er 211. mál á þskj. 226.

Frá því á árinu 1976, þegar sett voru sérstök lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hafa verið í gildi tvenn lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Önnur þeirra eru framangreind lög, nr. 29/1976. Skv. þeim lögum fer Bandalag starfsmanna ríkis og bæja með umboð til þess að gera aðalkjarasamning við fjmrn. fyrir hönd aðildarfélaga sinna en þau annast hins vegar gerð sérkjarasamninga. Að því er tekur til starfsmanna sveitarfélaga fara einstök félög þeirra með umboð til gerðar aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings við viðkomandi sveitarstjórnir. Skv. lögum þessum hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rétt til að gera allsherjarverkfall í þeim tilgangi að knýja á um gerð aðalkjarasamnings. Verkfallsréttur þessi er þó takmarkaður á ýmsan hátt og aðdragandi verkfalls með öðrum hætti en á almennum vinnumarkaði. Hin lögin, er að þessu lúta, eru lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 1973 en þau eru með síðari breytingum, sbr. lög nr. 62/1985. Þau lög gilda nú um Launamálaráð ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna og Bandalag kennarafélaga, en það fékk fyrr á þessu ári viðurkenningu til samningsgerðar sem heildarsamtök skv. þeim lögum. Auk þess gerir Læknafélag Íslands kjarasamninga fyrir sjúkrahúslækna á grundvelli þeirra laga. Meginmunur þessara tvennra laga liggur í því að í þeim síðarnefndu er ekki heimild til verkfallsákvörðunar. Um þá starfsmenn sem undir þau lög falla gilda því lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Á undanförnum árum hefur æ gleggra komið í ljós að ýmsir annmarkar eru á núverandi skipan samningamála. M.a. hefur það komið fram í ágreiningi milli samningsaðila um túlkun á lögunum, bæði í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í október 1984 og í málsmeðferð í málum Bandalags háskólamanna fyrir kjaradómi á síðasta ári. Enn fremur hefur það sýnt sig að núgildandi lög hafa ekki til að bera þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er og hefur það m.a. leitt til klofnings og útgöngu einstakra félaga, bæði úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna.

Í allmörgum samningaviðræðum á undanförnum

árum hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja borið fram þá ósk að lögum um samningsrétt bandalagsins yrði breytt á þann veg að samningsréttur og verkfallsréttur flyttust til einstakra aðildarfélaga bandalagsins. Ekki var tekið undir þessar óskir af fjmrn. fyrr en í febrúar á þessu ári þegar fjmrn. lýsti sig reiðubúið til þess að vinna að breytingu á löggjöfinni í þá átt sem óskir bandalagsins hnigu en með vissum skilmálum varðandi takmörkun á umfangi og framkvæmd verkfalla.

Í viðræðum við hin bandalögin kom í ljós að þar var einnig vilji fyrir hendi til að vinna að hliðstæðum breytingum og var við gerð kjarasamninga við öll bandalögin á fyrri hluta ársins ákveðið að aðilar að hverjum samningi um sig skyldu undirbúa endurskoðun núgildandi laga um samningamál opinberra starfsmanna.

Á þessu stigi málsins hafði fjmrn. gert viðsemjendum sínum grein fyrir grundvallarviðhorfum sínum til breytinga á lögum um kjarasamninga. En þessi voru helstu atriðin sem þá komu fram:

Í fyrsta lagi að ein lög giltu fyrir alla ríkisstarfsmenn að þessu leyti, óháð félagsskipan og heildarsamtökum.

Í öðru lagi að samningsréttur verði í höndum einstakra stéttarfélaga í stað bandalaga stéttarfélaganna.

Í þriðja lagi að verkfallsréttur fylgi samningsrétti en með svipuðum takmörkunum og verið hafa í framkvæmd hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í fjórða lagi að starfsmenn stjórnarráðs og lögreglumenn hefðu ekki verkfallsrétt og vinnuskylda í verkfalli hvíldi einnig á starfsmönnum við nauðsynlegustu öryggis- og heilsugæslu.

Í fimmta lagi að kjaradeilunefnd yrði lögð niður og verkefni hennar leyst með öðrum hætti.

Í sjötta lagi að skylda sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu yrði afnumin.

Áður en gengið yrði að því verki að semja lagafrv. í samræmi við þessi atriði taldi fjmrn. rétt að kanna viðhorf þeirra stétta sem ráðgert var að ekki hefðu verkfallsrétt. Voru þau mál rædd í tengslum við sérkjarasamninga við Landssamband lögreglumanna og Tollvarðafélag Íslands. Lauk þeim viðræðum með samkomulagi við þessa aðila um flutning frv. um breytingu á lögum um lögreglumenn er banni þeim verkfall. Það frv. hefur nú verið lagt fram og í grg. þess koma fram þau viðhorf sem liggja til grundvallar og verða því ekki rakin hér frekar.

Meginrökin fyrir sérstökum lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna felast annars vegar í sérstöðu þeirra hvað ráðningarkjör varðar og hins vegar í sérstöðu ríkisins sem vinnuveitanda og þeim skyldum sem ríkið hefur lögum samkvæmt á ýmsum sviðum og ekki má verða háð verkfalli hvort sinnt verður eða ekki.

Eftir fyrstu fundi í nefndum með hverju bandalagi um sig þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir um breytingar á núgildandi kjarasamningalögum ákváðu bandalögin að ganga sameiginlega til þessara viðræðna og undirbúningsvinnu. Skipuðu þessir aðilar sameiginlega viðræðunefnd sem skilaði af sér 24. nóv. s.l. frv. þessu og samkomulagi allra þessara aðila, fjmrn. og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga um að vinna því brautargengi.

Í grg. með frv. er gerð ítarleg grein fyrir breyttum og nýjum efnisatriðum og skulu þau ekki rakin hér í einstökum atriðum. En rétt er þó að draga saman þau meginatriði sem greina frv. þetta frá núgildandi lögum og skýra þau viðhorf sem þar liggja að baki.

Í núgildandi lögum er umboð til að gera samninga annars vegar bundið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hins vegar við þau heildarsamtök sem fjmrh. veitir viðurkenningu skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Umboð til að gera aðalkjarasamning er með þessum hætti takmarkað við fáa aðila og umboð til að gera sérkjarasamninga er í höndum þeirra félaga sem geta og vilja vera aðilar að þessum heildarsamtökum.

Í fyrirliggjandi frv. er umboð til samningsgerðar ekki bundið með þessum hætti en gert ráð fyrir að hvert það stéttarfélag starfsmanna ríkis eða sveitarfélaga sem uppfyllir tiltekin almenn skilyrði geti orðið samningsaðili óháð því hvort það er innan heildarsamtaka eða ekki. Gildandi lög eru fyrst og fremst miðuð við ríkið og starfsmenn þess en um samninga starfsmanna sveitarfélaga hafa gilt ákvæði reglugerðar sem sett hefur verið með þeim lögum. Ákvæði fyrirliggjandi frv. eru miðuð við að þau geti tekið til sveitarfélaga og starfsmanna þeirra með sama hætti og til ríkisins og starfsmanna þess.

Heimild til verkfalls, sem skv. gildandi lögum nær einungis til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, færi skv. frv. til einstakra stéttarfélaga. Takmarkanir á verkfallsrétti og ákvæði um aðdraganda verkfallsboðunar eru á ýmsan hátt hliðstæð því sem nú gildir um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Frávikin eru fyrst og fremst fólgin í því er varðar sáttasemjara og sáttatillögu við boðun verkfalls annars vegar og hins vegar með hvaða hætti undanþágur frá verkfalli eru ákveðnar.

Skv. núgildandi lögum ber sáttasemjara að leggja fram sáttatillögu ef verkfall er boðað. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram um tillöguna og ráða úrslit hennar því hvort til verkfalls kemur eða ekki. Í frv. er ekki gert ráð fyrir skyldu sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu. Um aðild hans að kjaradeilu mun því fara eftir lögum nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Í gildandi lögum hefur sérstök nefnd, kjaradeilunefnd, það hlutverk að ákveða hverjir skuli vinna þrátt fyrir verkfall í þeim tilgangi að tryggð sé nauðsynleg öryggis- og heilsugæsla. Fyrirkomulag þetta og starfsemi kjaradeilunefndar hefur sætt harðri gagnrýni í síðustu verkföllum. Í stað þessa fyrirkomulags gerir frv. ráð fyrir því að annars vegar verði birtur tæmandi listi yfir þau störf sem undanþegin eru verkfalli og hins vegar að undanþágur verði veittar til að koma í veg fyrir neyðarástand.

Slíkar undanþágur yrðu háðar samþykki tveggja fulltrúa sem deiluaðilar skipa.

Í þeim lögum sem um Bandalag háskólamanna og Bandalag kennarafélaga gilda er hlutverk sáttasemjara það að koma á viðræðum milli aðila og kanna möguleika á samkomulagi. Takist það ekki innan tiltekinna tímamarka er málinu vísað til Kjaradóms. Ákvæði þessi falla nú niður og þar með hlutverk Kjaradóms í kjaradeilum félaga opinberra starfsmanna. Gildissvið laganna er sama og þeirra laga sem það leysir af hólmi, þ.e. opinberir starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga með þeim undantekningum sem í lögunum greinir. Lögin taka hins vegar ekki til starfsmanna sem ráðnir eru skv. samningum almennra verkalýðsfélaga en um þá samninga gilda þeirra eigin samningar, svo og lög nr. 19/1979 um laun í veikindum og rétt til uppsagnarfrests og aðild að lífeyrissjóðum viðkomandi stéttarfélags. Þeir sem heyra undir reglugerð um veikindarétt starfsmanna og eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins munu lúta þeim reglum sem frv. þetta mælir fyrir um. Samningsumboð fyrir hönd starfsmanna verður skv. frv. hjá öllum þeim félögum sem nú eru með samninga og að auki er gert ráð fyrir að ný félög geti fengið þann rétt uppfylli þau tiltekin skilyrði. Þar er um að tefla fagfélög eða stofnanafélög af ákveðinni stærð eða að öðrum kosti almennt félag annarra starfsmanna hjá sama vinnuveitanda. Ekki er gert ráð fyrir að fleiri en eitt félag semji um sömu störf sem háð eru lögformlegum skilyrðum. Undantekning frá þessu er þó núverandi félög á meðan félagsskipan helst óbreytt.

Ákvæði laganna um verkföll eru um margt hliðstæð gildandi ákvæðum um verkfall Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 29. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru talin upp ýmis störf sem eru undanþegin verkfalli. Gera þau ráð fyrir því að flutt verði sérstakt frv. um breytingu á þeim lögum þess efnis að inn í þá upptalningu starfa, sem nú er fyrir, bætist þeir starfsmenn stjórnarráðsins sem ekki er þar þegar að finna, svo og starfsmenn ríkissaksóknara og ríkislögmannsembættis. Meginrök fyrir sérákvæðum um starfsmenn stjórnarráðsins eru þau að ekki sé eðlilegt né rétt að æðstu stjórnsýslustofnanir ríkisins sé unnt að lama með verkfallsaðgerðum. Í núgildandi lögum var tekið tillit til þessa með þeim hætti að verkfallsheimild náði ekki til deildarstjóra og skrifstofustjóra, auk þess sem félagar í Bandalagi háskólamanna höfðu ekki verkfallsrétt. Þá var starfsfólk forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytis einnig undanskilið. Heimild til verkfalls var því takmörkuð við tiltölulega lítinn hóp starfsmanna. Óbreytt fyrirkomulag að þessu leyti getur ekki talist heppilegt, hvorki fyrir stjórnarráðið eða starfsmenn þess. Þá þykir rétt að undanskilja starfsmenn embætta ríkissaksóknara og ríkislögmanns þar sem þau embætti kunna að fá mál tengd verkfallinu til lagalegrar umfjöllunar. Fulltrúar heildarsamtaka Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru ekki meðmæltir breytingu þessari en telja hana þó ekki frágangssök.

Áður hefur verið getið þeirra ákvæða sem ætlað er að gilda um lögreglumenn ríkisins en til þeirra teljast einnig tollverðir. Í undirbúningi að þessari löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ítrekað andstöðu sína gegn þessari breytingu og lagt til að lögreglumenn og tollverðir yrðu undanskildir verkfalli með sama hætti og þær starfsstéttir sem sinna öðrum öryggisgæslustörfum eða heilbrigðisþjónustu. Ríkisstjórnin telur á hinn bóginn óhjákvæmilegt að tryggja fullkomna löggæslu í landinu hvernig sem á stendur. Og um þetta atriði er ekki ágreiningur við viðkomandi stéttarfélög.

Í frv. eru ákvæði þess efnis að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu skuli ekki heimilt að taka þátt í verkfalli. Efnislega er hér um hliðstætt ákvæði og nú er í lögum um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að ræða. En í stað þess að í þeim lögum var sérstakri nefnd, kjaradeilunefnd, falið að úrskurða hverjir skyldu starfa á grundvelli þess er hér farin sú leið að birtur verður árlega listi um þessi störf. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að losna við þær deilur sem snerust um störf þeirrar nefndar í síðasta verkfalli og ætla má að erfitt sé að útiloka að upp blossi á ný ef slík nefnd er að störfum þegar verkfall er skollið á.

Fylgiskjal með frv. er listi um þau störf hjá ríki og nokkrum hluta sveitarfélaga sem aðilar eru sammála um að eigi að skipa slíka skrá. Skrám þessum er síðan ætlað að vera fyrirmynd að hliðstæðum listum yfir starfsmenn annarra stofnana sem ekki hefur unnist tími til að fullgera nú. Vegna þessa frv. ber nauðsyn til að gera breytingu á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og að setja lög um Kjaradóm en lagaákvæði um hann eru í öðrum þeim lögum sem úr gildi falla ef það frv. sem hér er mælt fyrir verður að lögum. Lagfrv. um þessi efni verða lögð fram hér á Alþingi innan tíðar.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu rakið aðdraganda og helstu atriði þess frv. sem hér liggur fyrir. Mál þetta er brýnt. Miklu skiptir að samskipti og samningar um kaup og kjör milli ríkis og sveitarfélaga og starfsmanna þeirra geti farið fram með eðlilegum hætti og skv. leikreglum sem báðir aðilar viðurkenna. En svo er ekki eins og nú standa sakir. Með hliðsjón af því að samningstímabil núgildandi samninga er senn á enda er brýnt að hið háa Alþingi afgreiði mál þetta hið fyrsta og áður en gert verður þinghlé vegna jóla. Ég mælist því til þess við hv. þingdeild að hún fyrir sitt leyti greiði fyrir afgreiðslu málsins.

Að samningu þessa frv. unnu með fjmrn. öll heildarsamtök opinberra starfsmanna en innan þeirra eru næstum allir þeir starfsmenn sem lögin munu taka til, ef samþykkt verða. Fulltrúar þessara aðila hafa lagt fram mikið starf og sýnt mikinn samstarfsvilja í þeim tilgangi að tryggja málinu brautargengi. Fullkomin samstaða er milli þeirra og

fjmrn. um frv. þetta og ágreiningur um einstök atriði var lagður til hliðar í stað þess að láta hann spilla öðrum málum brýnni og mikilvægari sem full samstaða er um.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er í raun og veru samningur milli félaga opinberra starfsmanna annars vegar, þ.e. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga og opinberra aðila sveitarfélaga og ríkisins hins vegar.

Þessi samningur eða niðurstaða verður til með bókun sem er dagsett í fjmrn. 24. nóvember s.l. Þetta mál kemur síðan til umræðu á Alþingi þegar fáeinir dagar eru liðnir af desember og það er ætlast til þess að hv. Alþingi setji stimpil á þetta og afgreiði málið núna á þeim þremur vikum sem eftir eru fram að jólum.

Það er auðvitað slæmt að standa svona að málum, að stilla þinginu með þessum hætti upp við vegg. Þó að hér sé vafalaust um að ræða hið ágætasta mál, samkvæmt því sem ég hef kynnt mér, er hitt ljóst að með þessum takmarkaða tíma er réttur alþm. og möguleikar til að hafa áhrif á málið og texta frv. rýrður mjög verulega. Ég held að við meðferð svona mála þurfi stjórnvöld að temja sér önnur vinnubrögð, þ.e. þau að a.m.k. fulltrúar stjórnarandstöðuflokka fái auk ríkisstjórnarinnar möguleika á því að fylgjast með gerð máls af þessu tagi á undirbúningsstigi. Ég held að það sé mjög mikils um vert að um mál af þessu tagi sé víðtækt samkomulag, ekki aðeins milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, heldur líka innan þingsins. Og ég tel að það sé gagnrýni vert að ganga frá máli af þessu tagi af hálfu ríkisstjórnarinnar án þess að gefa stjórnarandstöðuflokkum formlega möguleika á því að hafa áhrif á málið eða a.m.k. að fylgjast með gerð þess svo að segja frá degi til dags á meðan þetta mál er að verða til sem frv.

Svo vill til að ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar þannig að ég mun ekki eyða löngum tíma í að fara yfir efnisatriði frv. Ég mun fyrir mitt leyti óska eftir því í nefndinni að á vettvang hennar verði kallaðir fulltrúar samtaka opinberra starfsmanna, þeirra sem undirrituðu textann í fjmrn. 24. nóvember s.l., og óska eftir því að farið verði yfir þetta frv. grein fyrir grein í nefndinni eins og sæmir í vönduðum vinnubrögðum þingnefnda. Ég tek það hins vegar fram, fyrst og fremst vegna þeirra óska sem fram hafa komið af hálfu samtaka opinberra starfsmanna, að ég mun fyrir mitt leyti gera það sem ég get til að greiða fyrir því að þetta frv. fái sem skjótasta meðferð en áskilja mér, auðvitað, allan rétt til þess að reyna að tryggja að sú meðferð sem málið fær í þinginu verði vönduð í alla staði.

Ég vil aðeins víkja að því, í fyrsta lagi, varðandi efnisatriði þessa máls að ég hefði talið eðlilegt að ákvæði þessa frv. næðu til tollvarða og lögreglumanna með sama hætti og gildir um aðra opinbera starfsmenn. Ég tel að það sé óeðlilegt að þessir hópar séu algjörlega fyrir utan mál af þessu tagi. Og ég bendi á að þeir möguleikar sem opinberir starfsmenn hafa skv. þessu frv. til að þrýsta á í kjaradeilum og verkföllum eru í raun og veru mjög víða fremur gagnvart einstaklingum sem þjónustu eiga að njóta af hálfu ríkisins heldur en ríkinu sjálfu. Ég tel að þessar takmarkanir gagnvart lögreglumönnum og þó sérstaklega tollvörðum, veiki í raun og veru stöðu samtaka opinberra starfsmanna frá því sem verið hefur og vera þarf ef aðilar eiga að geta tekist á um kaup og kjör með eðlilegum hætti.

Ég vil víkja þessu næst, virðulegi forseti, að 5. og 6. gr. frv., en í 5. gr. er kveðið á um skilyrði þess að félög opinberra starfsmanna geti verið samningsaðilar. Þar er tekið fram í 3. tölul. 5. gr. að eitt skilyrðanna sé að félag taki til a.m.k. ⅔ starfsmanna sem undir lögin heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.

Ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort það hafi verið rætt í viðræðum við opinbera starfsmenn hvaða líkur eru á að þessi skilyrði 5. gr. breyti félagslegri uppbyggingu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá því sem nú er. Ég hygg að svo geti farið. Kannske eru menn með vísvitandi hætti að stuðla að breytingu á félagslegri uppbyggingu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég vil alla vega inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort um það er að ræða, en í 6. gr. frv., síðustu málsgr., segir:

„Stofnun nýs félags, sem fer með samningsumboð skv. 5. gr., skal tilkynna a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok samningstímabils þeirra kjarasamninga sem gilda fyrir félagsmenn hins nýja félags."

Þessi málsgr. bendir til þess alveg ótvírætt að 40 manna hópur opinberra starfsmanna, sem að öðru leyti uppfyllir skilyrði 5. gr., geti, ef hann tilkynnir það innan þriggja mánaða, gert kröfur sem fullgilt stéttarfélag fyrir hönd síns hóps. Ég skil það svo, og ég vænti að það sé tryggt, að hér sé um einhliða rétt hinna opinberu starfsmanna að ræða og það þurfi ekki annað en að uppfylla þessa tilkynningarforsendu. Það sé ekki á færi fjmrn. að vefengja á neinn hátt þessa tilkynningu skv. 3. málsgr. 6. gr. ef félagið að öðru leyti uppfyllir ákvæði þessa frv., þ.e. 5. gr. þess.

Ég vil taka það fram þessu næst, virðulegi forseti, að ég tel að það sé til bóta að fella kjaradeilunefndina niður og að koma annarri skipan á mál en gert var ráð fyrir undir kjaradeilunefndinni. Það var alltaf mjög erfitt fyrirkomulag, olli stöðugum deilum í kjaraátökum. Þess vegna var óhjákvæmilegt að leita annarra leiða en gert var ráð fyrir í gildandi lögum. Á þessum forsendum gerist það síðan að settur er upp ákveðinn listi jafnframt því sem losað er um ýmis ákvæði vegna kjarasamninga og verk-

falla opinberra starfsmanna, t.d. varðandi skyldur sáttasemjara til að leggja fram tillögu í kjaradeilum á ákveðnu stigi kjaradeilunnar.

Í 11. gr. er hins vegar um að ræða ákvæði sem er áframhaldandi binding á möguleikum opinberra starfsmanna, en þar segir:

„Kjarasamningur framlengist um sex mánuði í senn með óbreyttum uppsagnarfresti hafi honum eigi verið sagt upp réttilega."

Venjan er sú samkvæmt lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur að samningsaðilar koma sér saman um hversu langir frestir eru teknir þegar um er að ræða uppsögn kjarasamninga og eða framlengingu þeirra. Þess vegna slær það mig þannig — nema flutt verði önnur og meira sannfærandi rök en þau að þetta sé eins og í gildandi lögum — að þarna sé um að ræða ákvæði sem sé í rauninni óeðlilegt miðað við hvað er að gerast í þessu frv. að öðru leyti. Ég vil a.m.k. áskilja mér allan rétt til að skoða þetta ákvæði 11. gr. miklu nánar.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða frekar um mál þetta við 1. umr. vegna þess að sjálfsögðu verði aðilar málsins kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. þegar hún fær þetta mál til meðferðar. Ég vil þó að lokum inna eftir einu atriði varðandi III. kafla frv., sem fjallar um verkföll, 14.–25. gr. Ég sé ekki í þessum greinum ákvæði um samúðarvinnustöðvanir og inni hæstv. fjmrh. eftir því hvort það beri að skilja kafla frv. svo að um samúðarvinnustöðvanir opinberra starfsmanna gildi þess vegna hin almennu lög um stéttarfélög og vinnudeilur eða hvort um þetta mál hafi verið fjallað með öðrum hætti í viðræðum fjmrn. við samtök opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða mjög mikilvægt atriði varðandi samskipti samtaka launafólks, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og annarra samtaka opinberra starfsmanna annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar. Það er eðlilegt að svo miklu leyti sem nokkur kostur er að svipaðar reglur gildi um þessa hluti hjá þessum samtökum þannig að ekki komi til árekstra á milli þeirra þegar um er að ræða framkvæmd vinnudeilna á hvaða stigi sem þær kunna að vera.

Ég tel þetta vera stórmál í þessu sambandi og óska eftir því að fjmrh. þegar við 1. umr. greini frá því hvað hafi farið á milli aðilanna um samúðarvinnustöðvanir og ákvarðanir um þær. Þá er ég auðvitað ekki aðeins að tala um hugsanlegar samúðarvinnustöðvanir félaga innan samtaka opinberra starfsmanna. Ég er líka að tala um samúðarvinnustöðvanir sem talið væri nauðsynlegt að grípa til vegna verkfalla sem í gangi væru á vegum Alþýðusambandsfélaganna, verkfalla sem háð eru innan þess ramma sem lögin um stéttarfélög og vinnudeilur gera ráð fyrir.

Páll Pétursson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð við 1. umr. málsins. Ég hef tækifæri til þess sem formaður þeirrar nefndar sem málið fer til að lokinni þessari umræðu að fjalla nánar um það þar. Ég vil þó við 1. umr. málsins láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. Þarna er um samning að ræða sem ég held að hafi tekist dável og hafi verið unnið skynsamlega að og ég kann þeim þakkir sem festu hann á blað. Það er alveg ljóst að á þeim lögum sem í gildi eru hafa komið í ljós ýmsir annmarkar og ágreiningur hefur risið um túlkun á ýmsum ákvæðum laganna. Þannig held ég að fullkomin ástæða sé til að finna betra form á þessi vandasömu og viðkvæmu samskipti. Ég held að það hafi verið unnið skynsamlega að undirbúningi þessarar lagasetningar hér til og ég vonast eftir því að Alþingi beri jafnframt gæfu til að vinna skynsamlega að sínum hluta.

Einn nefndarmaður, hv. 3. þm. Reykv., var með ákveðnar óskir um málsmeðferð í nefndinni. Ég get skýrt frá því strax að ég mun reyna að verða við óskum hans um að nefndarmenn fái þær upplýsingar sem þeir óska eftir. Ég mun hins vegar jafnframt reyna að hraða meðferð málsins í nefndinni og halda langa fundi og tíða. Ég treysti því að nefndarmenn sjái sér fært að mæta vel og reiðulega og vinna að málinu af gaumgæfni.

Ég held að flest þau ákvæði, sem hér er lagt til að breytt verði, séu til bóta. Ég lýsi sem sagt ánægju minni með þetta frv. og ánægju okkar framsóknarmanna. Og ég mun reyna að verða við þeim óskum sem hv. 3. þm. Reykv. setti fram varðandi málsmeðferð í fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég þakka þær undirtektir sem fram hafa komið í ræðum hv. 3. þm. Reykv. og 2. þm. Norðurl. v. og þann vilja sem fram hefur komið að greiða fyrir framgangi málsins. Auðvitað er það svo að það er skammur tími til stefnu og á marga lund hefði verið æskilegt að Alþingi hefði getað tekið lengri tíma til umfjöllunar um svo mikilvægt mál. Það var reyndar ásetningur ríkisstjórnarinnar að leggja þetta mál fram fyrr á þinginu, en við töldum að það bæri að gefa sér tíma til að freista þess að ná samstöðu við þau heildarsamtök sem hér eiga hlut að máli. Ég tel mjög mikilvægt að sá tími sem notaður var í því skyni hefur borið þennan árangur og samtök opinberra starfsmanna hafa lagt sig fram um að ná hér samkomulagi. Það hefur auðvitað gert að verkum að málið er að því leyti betur undirbúið en ella þegar það kemur nú fyrir Alþingi.

Vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. um 5. gr. frv. og spurningar um hvort henni væri ætlað að hafa áhrif á félagslega uppbyggingu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá er því til að svara að það er ekki stefnt að því með frv. að hafa nein áhrif á uppbyggingu félagslegrar skipunar opinberra starfsmanna. Það hefur frá öndverðu í þessu starfi verið afstaða fjmrn. að opinberir starfsmenn ættu að ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir haga skipulagi og uppbyggingu félagsstarfs síns. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að félög opinberra starfsmanna geti breytt

sínu skipulagi ef þau kjósa svo. Hér eru sett þau skilyrði sem menn urðu sammála um að félög yrðu að uppfylla til að njóta réttinda samkvæmt þessu frv. og það er ekki, eins og fram kemur af greininni, á neinn hátt háð samþykki ráðuneytisins. Séu skilyrðin uppfyllt hafa þau félög sem í hlut eiga þann rétt sem lögin mæla fyrir um.

Að því er varðar spurningu um samúðarvinnustöðvun kemur glöggt fram í III. kafla frv. og 14. gr. þess að það er gert ráð fyrir að heimild til að gera verkfall sé í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning. Það er m.ö.o. ekki gert ráð fyrir því í þessum lögum frekar en þeim lögum sem í gildi hafa verið um verkfall opinberra starfsmanna að verkfall opinberra starfsmanna sé gert í öðrum tilgangi en að hafa áhrif á framgang þeirra krafna sem viðkomandi félög opinberra starfsmanna hafa sett fram.

Þó að eðlilegt sé að svipaðar meginreglur gildi um samningsrétt og fyrirkomulag samninga hjá opinberum starfsmönnum og félögum á almennum vinnumarkaði er það auðvitað svo að það gilda að ýmsu leyti önnur sjónarmið varðandi opinbera starfsmenn. Því er hér fyrst og fremst að því stefnt að tryggja þennan rétt að þessu leyti. Mér er ekki kunnugt um að í viðræðum aðila í þeim viðræðunefndum sem fjölluðu um frv. af hálfu opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar af hálfu fjmrn. hafi komið fram athugasemdir við þessa skipan málsins.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans ábendingar og vil láta það koma hérna fram þegar við 1. umr. af minni hálfu að ég tel það mjög veigamikinn galla á frv. og þessari löggjöf í heild þegar með þessum hætti er reynt að byggja hindranir á milli félaga opinberra starfsmanna annars vegar og verkalýðsfélaga á hinum almenna launamarkaði hins vegar að því er varðar samúðarvinnustöðvanir. Við höfum þegar nokkra reynslu í þessum efnum þar sem til árekstra hefur komið og ég óttast að þó að mjög margt í þessu frv. sé til bóta geti þetta ákvæði og hin þrönga túlkun fjmrh. á ákvæðum frv. orðið til þess að fjölga árekstrum framvegis en ekki fækka milli hinna almennu verkalýðsfélaga annars vegar og félaga opinberra starfsmanna hins vegar.

Ég tók hins vegar glöggt eftir því sem hæstv. ráðh. sagði í lok máls síns varðandi það að þetta mál hefði ekki komið til umræðu við meðferð málsins milli fjmrn. og BSRB. Ég mun þess vegna inna forvígismenn BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga eftir því hverju það sæti að þessi mál hafi ekki sérstaklega komið til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 225.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög, er árangur af nefndarstarfi þeirrar nefndar sem viðskrh. skipaði 11. jan. 1984 til þess m.a. að endurskoða lög nr. 32/1978, um hlutafélög, og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað snertir smærri hlutafélög. Endurskoðun á lögunum um hlutafélög er og í samræmi við þáltill. er samþykkt var hér á Alþingi í ársbyrjun 1982 um að fela ríkisstjórninni að standa að slíkri endurskoðun laganna. Frv. þetta er því áfangi í annars víðtækari endurskoðun áðurgreindrar nefndar á félagalöggjöfinni.

Í þá nefnd sem samdi frv. voru skipaðir Árni Vilhjálmsson prófessor, sem var formaður nefndarinnar, Baldur Guðlaugsson lögmaður, Björn Líndal lögfræðingur, Gísli Ólafsson forstjóri og Guðmundur Skaptason lögmaður. Hreinn Loftsson lögfræðingur var starfsmaður nefndarinnar fram í september 1984, en þá tók við af honum Sigurbjörn Magnússon fulltrúi.

Ástæður þess að hrint er af stað endurskoðun svo stuttu eftir að lög voru sett um þetta efni eru þær að fljótlega eftir setningu laganna 1978 varð vart gagnrýni á þau og var hún á því byggð að hin nýju lög gengju í ýmsum atriðum á svig við lagasetningarstefnu hinna Norðurlandanna varðandi t.a.m. lágmarksfjölda hluthafa og fjölda stofnenda. Með frv. því sem nú liggur hér fyrir er því lögð til veigamikil samræming á lögum okkar og nágrannalandanna um fjölda stofnenda og hluthafa. Komið er í veg fyrir málamyndahluthafa og þar með stuðlað að aukinni hagræðingu við stofnun hlutafélaga.

Fleiri mikilvægar breytingar er að finna í frv. þessu. Skal hér látið nægja að geta þeirra er helstar má telja, en vísað til frv. í heild um nánari útlistun þeirra. Auk fyrr nefndra breytinga er hér gerð sú tillaga að lágmarksfjárhæð sem hlutafé þarf að nema til þess að hlutafélag verði stofnað verði 300 000 kr. og skuli breytast í samræmi við lánskjaravísitölu. Er það gert til að koma í veg fyrir að verðlagsbreytingar eins og þær er hér hafa orðið rýri gildi viðmiðunarinnar. Lagt er til að sett verði í lögin ákvæði er bæti stöðu hluthafa þegar stjórn hefur synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn og gert ráð fyrir að hluthafi geti þá krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Hér er og að finna tillögur um að ekki verði tekin til úrlausnar mál á hluthafafundi er ekki hafa verið greind í dagskrá nema með samþykki allra mættra hluthafa í stað ⅔ hluta þeirra svo sem nú er. Í frv. er einnig að finna ákvæði er leyfa mun, verði frv. þetta að lögum, að stjórn

smærri hlutafélaga verði skipuð aðeins einum eða tveimur mönnum og er ákvæði þetta í fullu samræmi við tillögur frv. að öðru leyti.

Auk þeirra atriða sem hér hafa verið rakin og lúta að stjórn og skipulagi hlutafélaga eru í þessu frv. margar mikilvægar breytingar lagðar til um að fella ákvæði hlutafélagalaganna að þeim breytingum sem orðið hafa á reikningsskilareglum hér á landi á síðustu árum og gera ýmsar aðrar nauðsynlegar lagabreytingar á gildandi reglum um ársreikninga. Taka breytingar þessar m.a. til sanngjarnari reglna um ráðstöfun á endurmatssjóði auk aðlögunarreglna um gerð rekstrarreikninga. Enn fremur er í frv. lagt til að nú verði lögfest sú skipan að í stað þess að ráðherra geti veitt aðgang að ársreikningum allra hlutafélaga verði einungis heimilt að veita almennan aðgang að ársreikningum hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum. Tillaga þessi er í samræmi við þá skoðun að núgildandi lagaákvæði og framkvæmd þeirra verði að teljast óheppileg. Jafnframt er nauðsynlegt að stuðla að því að hlutafélagaskrá geti rækt eftirlitshlutverk sitt á þann hátt er lögin gera ráð fyrir. Loks má geta að í frv. því sem hér var lagt fram eru gerðar tillögur um umtalsverðar breytingar á reglum er varða slit hlutafélaga og jafnframt er um að ræða endurbætur á verklagsreglum sem kveða á um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga. Má telja að mikil bót sé að að fá slíkar reglur inn í gildandi lög um þetta efni.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið í stórum dráttum helstu atriði er frv. þetta tekur til. En fjölda annarra er sleppt og vel hefði mátt geta þeirra nú þegar frv. er fylgt úr hlaði, en í stað þess leyfi ég mér að vísa til hinna prentuðu athugasemda með frv. sem eru ítarlegar. Að lokum vil ég geta þess að frv. þetta hefur verið sent til umsagnar ýmissa aðila eða samtaka þeirra og hefur það almennt hlotið góðan hljómgrunn.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 207.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tollalög sem er 196. mál á þskj. 207.

Það var eitt af fyrstu málum núverandi ríkisstjórnar að beita sér fyrir breytingum á tollalöggjöfinni. Vorið 1983 voru sett bráðabirgðalög til að koma tollalækkunum til framkvæmda. Breyting sú á tollum var þó aðeins liður í áformum um gagngera endurskoðun á ríkisfjármálunum. Það hefur verið að því stefnt og að því unnið að gera veigamiklar breytingar á þeirri löggjöf sem mælir fyrir um tekjuöflun ríkisins, m.a. til að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu og bæta starfsskilyrði atvinnuveganna. Endurskoðun tollskrárlaga svo og annarra tekjustofna ríkisins hefur verið við það miðuð að atvinnuvegunum verði almennt gert jafnt undir höfði að því er varðar aðflutningsgjöld. Þá hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um virðisaukaskatt sem miðar að því að eyða uppsöfnunaráhrifum söluskatts skv. gildandi söluskattslögum.

Í mars s.l. voru í tengslum við gerð kjarasamninga gerðar verulegar breytingar á tollskrárlögum þar sem tollar voru lækkaðir og samræmdir á matvælum og ýmsum nauðsynlegum rafmagnsheimilistækjum, auk þess sem horfið var frá þeirri gífurlegu skattheimtu sem verið hafði á bifreiðum. Þessar breytingar hafa tvímælalaust dregið stórlega úr útgjöldum heimilanna sem var ein af meginkröfum samningsaðila og ein af meginforsendum þess að þeir víðtæku samningar á vinnumarkaðnum sem gerðir voru í byrjun þessa árs náðust.

Frv. það sem hér liggur fyrir er liður í þeim áformum að einfalda þann þátt tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs sem lýtur að innheimtu og álagningu aðflutningsgjalda og með þeim hætti að gera það skilvirkara en um leið að draga úr kostnaði sem bæði innflutningsverslunin og ríkissjóður óhjákvæmilega hljóta að axla við núverandi aðstæður. Leitað hefur verið til ýmissa hagsmunaaðila sem málið varðar og í ýmsum efnum höfð hliðsjón af ábendingum þeirra um fjölmörg atriði.

Að undanförnu hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun þeirra gjalda sem lögð eru á innfluttar vörur og vörur framleiddar innanlands með það fyrir augum að fækka gjaldstofnum, eyða uppsöfnunaráhrifum aðflutningsgjalda í innlendri framleiðslu og að öðru leyti með niðurfellingu eða lækkun aðflutningsgjalda í því skyni að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu.

Megintilgangur með framlagningu þessa frv. er hins vegar þessi:

1. Að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit þannig að jafnt viðskiptavinir tollyfirvalda sem þau sjálf séu vitandi um réttindi og skyldur varðandi innflutning og útflutning á vörum.
2. Að gera tollmeðferð á vörum sem einfaldasta og taka upp vinnubrögð sem nútímalegir viðskiptahættir krefjast.
3. Að gera yfirstjórn tollamála markvissari, m.a. með því að fela ríkistollstjóra að hafa eftirlit með og samræma störf tollstjóra í einstökum tollumdæmum.
4. Að breyta tollumdæmum þannig að sem mestrar hagkvæmni gæti í rekstri tollembætta og dregið

verði sem mest úr kostnaði innflytjenda og farmflytjenda af tolleftirliti.

5. Að kveða skýrt á um yfirstjórn tollgæslunnar, samræma störf tollgæslumanna og að öðru leyti efla tollgæslu.

6. Að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í þeim tilgangi að stytta birgðahald og geymslutíma hjá innflytjendum og um leið geymslukostnað sem leiða ætti til lækkunar vöruverðs.

7. Að setja skýrari reglur um úrlausn ágreiningsmála til að stuðla að sem mestu réttaröryggi við úrlausn tollamála.

Það er ekki úr vegi að rifja upp helstu almenn sjónarmið sem gæta þarf þegar lagt er af stað við undirbúning og gerð nýs tekjuöflunarkerfis fyrir ríkissjóð eða breytingu á einstökum þáttum þess eins og tollakerfinu. Megintilgangur með flestum sköttum er að afla fjár til þess að standa undir opinberri þjónustu og framkvæmd. Frá sjónarmiði fjáröflunar skiptir mestu að gjaldstofnarnir séu almennir og stórir þannig að afla megi mikilla tekna með sem minnstum tilkostnaði og sem minnstri áhættu á undandrætti. Ljóst er að með þeirri ákvörðun sem tekin var 1970, er ákveðið var að Ísland gerðist aðili að EFTA og síðar með samningi við Evrópubandalagið á árinu 1973, voru lífdagar tolla sem fjáröflunartækis í raun og veru taldir. Fram til þess tíma höfðu þeir verið ein megintekjulind ríkissjóðs auk þess sem kostnaður af innheimtu þeirra var hlutfallslega lítill og hætta á undandrætti sömuleiðis ekki mjög mikil.

Eins og sjá má af fjárlagafrv. fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að tollar verði aðeins tæp 7% af heildartekjum ríkissjóðs en þeir voru um 30% árið 1969 þegar ákvörðun um aðild okkar að Fríverslunarbandalaginu var tekin. Það þarf því ekki að hafa mörg orð um það hvernig núverandi tollakerfi fellur að þeim meginsjónarmiðum sem nefnd hafa verið.

Annað sjónarmið sem hafa verður í huga við breytingu á skattkerfi er tekjujöfnunin. Öll skattlagning hefur tekjuskiptingaráhrif hvort sem að því er stefnt eða ekki. Þótt lagt hafi verið af stað 1970 með góð áform í huga m.a. um samræmda tollun vara er deginum ljósara að núverandi skipan bæði tollskrárinnar og eins þeirra tekjustofna sem hróflað hefur verið upp við hlið hennar virkar í mörgum tilvikum í þveröfuga átt. Prentaðar bækur eru t.d. tollfrjálsar meðan efni bóka, lesið upp á segulband, ber á annað hundrað prósent gjöld. Þessi mismunun jafnar augljóslega ekki tekjur milli sjáandi og ósjáandi svo að dæmi séu nefnd.

Þótt tekjujöfnunarmarkmiðinu sé almennt reynt að ná með beinni skattlagningu á tekjur manna og eignir auk greiðslna í gegnum almannatryggingakerfið er ekki síður hægt að hafa áhrif á tekjuskiptingu með óbeinni skattlagningu, með því að skattleggja vörur með mismunandi hætti og hafa þar með áhrif á ráðstöfunartekjur manna á ýmsa lund.

Þriðja atriðið sem hvers konar skattlagning hefur áhrif á er svonefnd efnahagsleg hvatning sem hagkerfið veitir til starfa, sparnaðar og framtaks. Þá er víst að tekjuöflun hins opinbera og framkvæmd hennar hefur áhrif á ráðstöfun framleiðsluþáttanna milli atvinnugreina, á val milli framleiðsluaðferða, neysluvöru og þjónustu, neyslu og sparnaðar, vinnu og tómstunda og yfirleitt á alla ráðstöfun efnislegra gagna og gæða í hagkerfinu. Engum dylst að uppbygging tollakerfisins skiptir miklu máli í þessu tilliti og er hverjum manni kunnugt að frá 1970 hefur verið stefnt að því til að mynda að auka möguleika iðnaðarins til þess að taka við vinnuafli frá öðrum atvinnugreinum, svo og nýju vinnuafli sem árlega bætist við á vinnumarkaðinn. Tekjuöflunarkerfið snertir hvern samfélagsborgara og hagsmuni hans beint og óbeint og er af þeim sökum eitt viðkvæmasta ákvörðunarefni stjórnvalda.

Meginreglur þær sem gilda um álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda er nú að finna í þrennum lögum. Í fyrsta lagi gilda um álagningu aðflutningsgjalda lög nr. 120 frá 1976, um tollskrá o.fl. Í lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eru meginákvæðin um yfirstjórn tollamála, tollstjórnina, tollsvæði, tollhafnir o.fl. Þriðju lögin sem fjalla um tollmeðferð á vörum eru lög nr. 43/1960, um tollvörugeymslur o.fl. Í þessum lögum er að finna ákvæði er varða rekstur almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verslanir og svokallaðar flutningsgeymslur. Í þessum þrennum lögum er gripið á öllum helstu þáttum er snerta tollmeðferð og tollheimtu í tengslum við innflutning og útflutning á vörum. Eðlilegast er að efnisákvæðum er snerta ákveðið réttarsvið sé skipað saman í einn lagabálk. Með því fæst betri yfirsýn yfir gildandi rétt á viðkomandi sviði, réttarskipanin verður gleggri og ætla má að síður verði hætta á að ósamræmis gæti í einstökum atriðum. Við heildarendurskoðun á tollskrárlögum var þegar ákveðið að semja frv. er tæki til allra meginþátta tollkerfisins og er tollafrumvarpið árangur þess starfs. Meginefni tollskrárlaganna frá 1976 er tollnafnaskrá með tolltöxtum sem er eins og menn kannast við byggð á svonefndri Brussel-tollnafnaskrá frá árinu 1963.

Í frv. því til tollalaga sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að fyrirkomulagi tollnafnaskrárinnar verði breytt þannig að hún verði ekki lengur hluti af efnisákvæðum laganna heldur verði tollnafnaskráin viðauki við lögin ásamt tolltöxtum sem hafa lagagildi. Er gert ráð fyrir að sérstakt ákvæði verði tekið upp er auðveldi ýmsar tæknilegar breytingar á tollskránni og hægt verði að leiðrétta hana þannig að texti skrárinnar endurspegli m.a. sem nákvæmast tollun vara og dragi þannig úr hættu á mismunun tollmeðferðar á vörum eftir innflytjendum eins og nú er raunin vegna fjölmargra undanþága sem er að finna í auglýsingum og einstökum ráðuneytisbréfum.

Þannig er gert ráð fyrir að taka megi upp ný tollskrárnúmer í tollskrána í þeim tilvikum þegar tollar eru samræmdir á vörum sem gerðar eru úr mismunandi efnum eða fella niður, t.d. þegar fram-

leiðsla er hafin innanlands á vörum sem samningar Íslands við Fríverslunarbandalagið og Evrópubandalagið taka til. Jafnframt verður hægt að taka upp ný tollskrárnúmer til þess að auðvelda framleiðendum innlendra vara að átta sig á samkeppnisstöðu sinni gagnvart innlendum aðilum eða viðkomandi hagsmunasamtökum, eða ríkinu að fylgjast með innflutningsverslun landsmanna. Heimildin felur jafnframt í sér möguleika til þess að leggja af tollskrárnúmer sem kunna að vera orðin dauður bókstafur vegna breyttra framleiðsluhátta.

Loks er lagt til að sérstök heimild verði tekin upp til þess að aðlaga tollskrána þeim breytingum sem kunna að verða samþykktar af tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins varðandi flokkun vara í tollskrám. Í júní 1983 var lagður fram samningur af hálfu Tollasamvinnuráðsins um nýja vöruflokkun í tollskrá sem nefndur hefur verið Samræmda skráin. Gert er ráð fyrir að þau lönd sem gerast aðilar að skránni taki hana upp 1. jan. 1988. Samningur þessi hefur þegar verið undirritaður af Íslands hálfu og mun hljóta staðfestingu síðar.

Unnið hefur verið að því í fjmrn. að undanförnu að undirbúa upptöku þessarar skrár. Þar sem mjög æskilegt er að tengja upptöku skrárinnar þeirri tölvuvinnslu sem fyrirhuguð er á næstunni og forðast þannig tvöfaldan forritunarkostnað er stefnt að því að Samræmda skráin verði tekin upp á sama tíma. Yrði farið að fordæmi annarra landa í því sambandi.

Með lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, var tekið upp það nýmæli að fjmrh. gæti falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollamála eftir því sem henta þætti. Jafnframt var ákveðið að setja við embættið tollgæslustjóra er annaðist, auk starfa sinna við tollstjóraembættið í Reykjavík, yfirstjórn tollgæslunnar utan Reykjavíkur í umboði tollstjórans í Reykjavík, allt eftir nánari ákvörðun fjmrh. Fram til þessa hefur fjmrh. ekki nema að mjög takmörkuðu leyti notfært sér þá heimild sem hann hefur lögum samkvæmt til þess að fela tollstjóranum í Reykjavík slíka yfirstjórn. Sama gildir um störf tollgæslustjóra.

Á síðasta þingi voru sett lög um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt þeim er Ríkisendurskoðun færð undir Alþingi og þiggur því vald sitt og umboð frá því. Ljóst er að breyting þessi útheimtir að gerðar verði á starfsemi Ríkisendurskoðunar einhverjar breytingar og mun það óhjákvæmilega hafa áhrif á starfssvið hennar, ekki hvað síst endurskoðun tollskjala sem nú heyrir undir sérstaka tolladeild í Ríkisendurskoðun. Má gera ráð fyrir að deildin í núverandi mynd verði lögð niður og verkefni hennar tvinnuð öðrum skyldum þáttum eins og almennu eftirliti með innheimtu annarra opinberra gjalda en aðflutningsgjalda. Þessi breyting mun krefjast endurskipulagningar á endurskoðun tollskjala almennt hjá tollstjórum.

Nefnd breyting á stöðu Ríkisendurskoðunar í ríkiskerfinu er þó ekki eina ástæðan sem kallar á breytta yfirstjórn tollamála. Unnið hefur verið að tölvuvæðingu embættis tollstjórans í Reykjavík. Tölvuvinnsla innflutnings, bæði að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda og eins öflun upplýsinga til ýmiss konar skýrslugerðar, og síðar tölvuvinnsla útflutnings mun hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsemi embættis tollstjórans í Reykjavík og síðar hafa áhrif á starfsemi ýmissa annarra embætta, stofnana og aðila sem við það eiga viðskipti á ýmsum sviðum. Stefnt er að því að undirbúningi að tölvuvinnslunni verði að fullu lokið í júlí n.k. og tölvuvinnsla allra aðflutningsskjala verði hafin 1. september. Meðal þeirra breytinga sem gert er ráð fyrir að verði í kjölfar tölvuvæðingarinnar er að starfsemi tolladeildar Ríkisendurskoðunar flytjist yfir til embættis tollstjórans í Reykjavík, svo og endurskoðun tollafgreiðslna hjá öðrum tollembættum.

Embætti tollstjórans hefur um áratuga skeið annast tollafgreiðslu á nær öllum innflutningi landsmanna eða milli 80 og 90%. Við það embætti hefur einnig vegna umfangs innflutnings og útflutnings skapast ákveðin verkaskipting varðandi tollafgreiðslur. Embættið í Reykjavík hefur því á að skipa mannafla sem er að mörgu leyti sérhæfður í ýmsum greinum tollamála, t.d. vörugreiningu, endurskoðun tollskjala, tollgæslu o.fl. Meðal annars af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar og vegna þess öryggis sem tryggja verður vegna hagsmuna ríkissjóðs við tekjuöflun við núverandi aðstæður er lagt til að tekin verði upp heimild til að fela tollstjóranum í Reykjavík að gegna starfi ríkistollstjóra er hafi eftirlit og boðvald yfir tollstjórum í öðrum tollumdæmum en Reykjavík og kveðið verði nánar á um það í lögum hvaða verkefni honum skuli falin. Samkvæmt tollalögunum er gert ráð fyrir að við embætti tollstjóra starfi eins og nú tollgæslustjóri sem fari með stjórn tollgæslunnar í landinu.

Kveðið er í tillögunum nánar á um ýmis verkefni sem tollgæslustjóra er falið að sinna, eins og fjárreiður tollgæslunnar, ráðningu og stjórnun tollgæslumanna og eftirlit með störfum þeirra og samræmingu. Til þess að efla tollgæsluna í starfi og gera störf hennar virkari og auka jafnframt varnað við brotum á tollalöggjöfinni er lagt til að tekið verði upp skýrt lagaákvæði er heimili tollgæslustjóra að senda tollgæslumenn milli tollumdæma til sérstaks tolleftirlits. Með þeim hætti má veita tollgæslumönnum í einstökum tollumdæmum fyrirvaralaust aukna aðstoð þegar ástæða er talin til og koma við eftirliti sem oft og tíðum skilar ekki árangri nema beitt sé hreyfanlegum mannafla. Slíkt heimildarákvæði er í raun forsenda þess að samvinna, sem lagður hefur verið grundvöllur að með samningum við erlend tollyfirvöld, komi að fullum notum við þau löggæslustörf sem tollgæslunni er ætlað að sinna.

Um úrlausn ágreiningsmála vegna tollmeðferðar vöru gilda ákvæði 36. gr. gildandi tollskrárlaga. Þar er kveðið á um að fjmrh. eigi fullnaðarúrskurð m.a. um það hvar flokka skuli vöru í tollskrá, svo og hvað

telja skuli eðlis- og tollverð vöru. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til þess að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem fjallað er um í greininni.

Frá því þetta var tekið í lög hefur meðferð þess valds sem í greininni felst verið með ýmsum hætti. Ýmist hefur úrlausn mála verið í höndum einstakra starfsmanna fjmrn., sem kveðið hafa upp úrskurði um tollflokkun vara eða tollverð, eða skipuð hefur verið nefnd til þess að gera tillögur til fjmrh. um úrlausn máls en starfsmenn tolladeildar ráðuneytisins síðan úrskurðað formlega um úrlausn máls fyrir hönd ráðherra. Miklu varðar að sem mest festa sé í framkvæmd varðandi úrlausn þeirra ágreiningsmála sem upp kunna að rísa vegna framkvæmdar tollskrárlaga.

Í fyrsta lagi er æskilegt að mál hafi hlotið viðeigandi meðferð hjá viðkomandi tollstjórum. Er því lagt til að sérstaklega verði kveðið á um málsmeðferð hjá tollstjórum sem tryggja á sem vandaðasta meðferð á fyrstu stigum tollmeðferðar vöru.

Í öðru lagi verður að tryggja þeim sem hagsmuna eiga að gæta, bæði innflytjanda og ríkisvaldinu, áfrýjunarrétt þegar úrlausn tollyfirvalds þykir orka tvímælis. Verður að telja eðlilegast að úrskurðarvald þetta sé í höndum aðila sem starfi sjálfstætt við hlið stjórnsýsluaðila á vettvangi tollamála. Á undanförnum árum hafa ágreiningsmál á þessu sviði aukist stórlega, en orsaka þess er m.a. að leita í aukinni innflutningsverslun landsmanna, fjölbreyttara vöruvali og flóknum fríverslunarsamningum sem hafa haft áhrif á gerð tollskrárinnar. Starf þeirra sem séð hafa um úrlausn þessara mála er orðið það umfangsmikið að fyllsta ástæða er til þess annars vegar að setja á stofn nefnd er hafi á að skipa minnst einum föstum starfsmanni og hins vegar að beina málum af þessu tagi í ákveðinn farveg er um gildi fastmótaðar reglur. Skipun tollanefndar með þeim hætti ætti að stuðla að meira réttaröryggi við úrlausn tollamála og jafnframt að flýta úrskurðum.

Á undanförnum árum hafa miklar umræður farið fram um upptöku svonefndrar tollkrítar. Tvívegis hafa verið skipaðar nefndir til þess að gera tillögur til fjmrh. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og frumvörp um upptöku slíks fyrirkomulags ítrekað verið lögð fram á Alþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Í tillögum þeim sem liggja fyrir er enn á ný hreyft hugmyndinni um greiðslufrest vegna innflutnings á vörum. Gert er ráð fyrir að frv. það sem hér liggur fyrir komi til framkvæmda frá og með 1. jan. 1987. Tölvuvæðingu við embætti tollstjórans í Reykjavík verður, eins og sagt hefur verið, lokið 1. sept. 1987, þar á meðal að taka upp sérstakt tölvuvætt bókhald vegna greiðslufrests. Ljóst er hins vegar að hann mun hafa áhrif á tekjustreymi í ríkissjóð sem taka verður tillit til við gerð fjárlaga. Þykir eðlilegast að greiðslufresturinn verði tekinn upp 1. jan. 1988 og við undirbúning fjárlaga fyrir það ár verði gert ráð fyrir nefndum breytingum en tíminn fram til þess verði notaður til þess að undirbúa framkvæmdina að öðru leyti. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum í öðrum tollumdæmum verður síðan tekinn upp eftir því sem önnur tollembætti tengjast embætti tollstjórans í Reykjavík.

Í tengslum við nefndan greiðslufrest er gert ráð fyrir að reglunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála verði breytt, þ.e. þeim ákvæðum er kveða á um að eigi megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti. Verði það ofan á mun kvöðin um bankastimplun falla niður, enda mun hún í óbreyttri mynd koma í veg fyrir það hagræði sem að er stefnt með greiðslufresti.

Reglur um bankastimplun voru settar 1950. Ástæðan fyrir því var að sumir innflytjendur pöntuðu vörur frá útlöndum án þess að hafa innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og söfnuðust slíkar vörur því upp hér á hafnarbakkanum. Af þessum svokölluðu hafnarbakkavörum hlutust margs konar vandræði, m.a. umkvartanir erlendra sendiráða yfir vanskilum íslenskra innflytjenda og enn fremur leiddi það stundum til þess að innflytjendur, sem fylgdu öllum reglum um innflutning, voru afskiptir þegar leyfi voru veitt til innflutnings á þessum vörum. Þáverandi viðskrh., sem setti þessar reglur, vildi þar með eyða þessum órétti og jafnframt því óorði sem komst á viðskipti Íslands við erlend fyrirtæki. Bankastimplunin hefur því í reynd veitt erlendum aðilum tryggingu fyrir því að vörur yrðu ekki afhentar án þess að þær yrðu fyrst greiddar eða greiðsla tryggð. Slík gæsla tollyfirvalda á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú, m.a. vegna almenns frelsis í innflutningsmálum, en veldur hins vegar innflytjendum og tollyfirvöldum verulegu óhagræði. Til fróðleiks má nefna að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Þótt skammt sé í að greiðslufrestur verði tekinn upp er nú í undirbúningi, m.a. við embætti tollstjóra í Reykjavík, að afgreiðslan verði einfölduð með þeim hætti að innflytjendum verði um miðjan desember heimilað að greiða aðflutningsgjöld í tveimur vörugeymslum farmflytjanda í umdæminu án viðkomu á skrifstofu embættisins. Er af þessu augljóst hagræði fyrir innflytjendur.

Samkvæmt gildandi lögum eru hvorki innflytjendur né útflytjendur skráðir hjá viðkomandi tollstjórum. Í frv. er gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðsluháttum að þessu leyti. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að innflytjandi geti tekið vöruna beint frá farmflytjanda án greiðslu aðflutningsgjalda. Til þess að svo megi verða er ljóst að taka verður upp breytta skráningu á þeim vörum sem farmflytjandi lætur frá sér fara. Skráning varanna verður að byggjast á því að um sé að ræða innflytjendur sem hafa fengið sérstaka heimild frá tollyfirvöldum til þess að fá slíka tollafgreiðslu og er

því sérstök skráning innflytjenda hjá tollyfirvaldi óhjákvæmileg. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir að þeir innflytjendur verði skráðir sem stunda innflutning sem aðalatvinnu. Í þessu sambandi verður að gera ráð fyrir að framleiðslufyrirtæki, sem flytja sjálf inn vörur til framleiðslu sinnar, verði einnig skráð. Aðrir, svo sem einstaklingar sem flytja vörur inn til persónulegra nota eða fá vörur sendar að gjöf, verða ekki skráðir. Gert er ráð fyrir að útflytjendur verði skráðir með sama hætti.

Segja má að vísir að slíkri skráningu hafi komið til við upptöku græna hliðsins við embætti tollstjórans í Reykjavík sem er leiðin til hraðari tollafgreiðslu fyrir þá innflytjendur sem sýnt hafa í samskiptum sínum við tollyfirvöld að flóknar reglur, sem nú gilda, koma á engan hátt í veg fyrir rétta tollskýrslugerð.

Á árinu 1972 skipaði þáv. fjmrh. nefnd til að hafa með höndum undirbúning að stofnun fríhafnar hér á landi. Nefnd þessi kynnti sér rekstur fríhafna erlendis. Aflaði hún sér gagna um rekstur og störf fríhafna í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, m.a. um þær réttarreglur sem liggja slíkri starfsemi til grundvallar. Í áliti nefndarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að mjög tímabært væri að hefja starfrækslu fríhafnar hér á landi. Taldi nefndin að slík starfsemi yrði til þess fallin að einfalda og auðvelda innflutningsverslun til landsins auk þess sem skapast mundu möguleikar til aðvinnslu á vörum áður en þær væru teknar til tollmeðferðar. Enn fremur segir í áliti nefndarinnar að við þetta mundu opnast möguleikar í sambandi við svokallaða transit-vöru eða gegnumflutningsvöru, svo og samsetningu á vöru að hluta, umpökkun o.fl. Nefndin skilaði með áliti sínu drögum að frv. sem hún lagði til fjmrh. og hann lagði fram á Alþingi. Það hefur hins vegar aldrei komist til framkvæmda.

Tvívegis hefur komið til kasta Alþingis till. til þál. um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Tillögur þessa efnis hafa verið fluttar en ekki verið samþykktar. Í frv. er lagt til að tekið verði upp heimildarákvæði til handa ríkisstjórninni til að leyfa rekstur tollfrjáls svæðis eða frísvæðis. Rekstur frísvæðis opnar möguleika á ýmsum atvinnutækifærum, bæði í verslun og iðnaði. Skilyrði til þess að koma upp slíku svæði er að nokkru leyti fyrir hendi nú þegar. Mannvirki þau sem fyrir hendi eru, t.d. á Keflavíkurflugvelli, eru á engan hátt fullnýtt.

Hér að framan hefur verið rakið meginefni þeirra breytinga sem ríkisstjórnin telur tímabært að gerðar verði á tollkerfinu til þess m.a. að færa afgreiðslu hætti í það horf að þeir falli sem best að breyttum viðskiptaháttum og flutningum á vörum til og frá landinu. Breyttir viðskiptahættir, aukin verslun og skjalaflóð því samfara krefjast meiri hraða og nútímalegri vinnslu þeirra gagna sem tollafgreiðsla hlýtur ávallt að byggjast á. Með frv. þessu hefur vonandi tekist að draga upp þann ramma sem varðar leiðina að þessum markmiðum án þess að hagsmunir ríkisins af innheimtu gjalda og löggæslu hafi verið skertir. Hversu vel tekst til er hins vegar ávallt komið undir nánari útfærslu einstakra atriða og ekki síður þeim aðilum sem eftir lögunum eiga að starfa og blása í þau lífi.

Fjölmörg önnur atriði mætti auðvitað nefna sem felast í frv. en ég vísa að því leyti til almennra athugasemda sem fylgja með frv.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 228.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. það sem ég legg hér fram er til endurskoðunar á gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 29 frá 23. mars 1983. Frv. er samið í samgrn.

Enda þótt gildandi lög um þetta efni séu aðeins rúmlega þriggja ára gömul liggja fyrir því brýnar ástæður að ég legg þetta frv. fram nú. Ég legg áherslu á að frv. verði afgreitt eins fljótt og unnt er. Fyrir því liggja m.a. þær ástæður að skipunartími núverandi skipulagsnefndar fólksflutninga rennur út nú um áramótin og að sérleyfi fyrir nýtt fimm ára sérleyfistímabil verða veitt í byrjun næsta árs. Meginbreytingarnar í þessu frv. frá gildandi lögum eru þessar:

1. Umferðarmáladeild er lögð niður og 5. gr. í gildandi lögum því felld út.

2. Skattur á sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa er afnuminn.

3. Ákvæði um rétt sveitarfélaga til einkaréttar á rekstri strætisvagna eru gerð skýrari og víðtækari en nú er.

4. Fulltrúum í skipulagsnefnd er fækkað úr sjö í fimm.

Auk þessara breytinga eru gerðar tillögur um ýmsar minni háttar lagfæringar. Með þessum breytingum er stefnt að því að framkvæmd þessara mála verði einfaldari og ódýrari en nú er jafnframt því sem stefnt er að auknu frjálsræði í þessum mikilvæga málaflokki eins og ég mun frekar gera grein fyrir hér á eftir.

Verkefnum umferðarmáladeildar hefur fækkað verulega á síðustu árum. Þannig eru hópferðaleyfi nú gefin út til fimm ára í senn í stað eins árs áður, eða til sama tíma og sérleyfin gilda. Á þessu ári var Umferðarmiðstöðin seld Félagi sérleyfishafa og

Bifreiðastöð Íslands og fækkaði þá enn þeim verkefnum sem deildin hafði. Annar þeirra tveggja starfsmanna sem deildin hefur, þ.e. forstöðumaður deildarinnar, fer á eftirlaun nú um áramótin. Ætlunin er að flytja þau verkefni sem eftir verða í deildinni, fyrst og fremst útgáfu sérleyfa og hópferðaleyfa, sem eru gefin út eins og ég hef þegar sagt til fimm ára í senn, til ráðuneytisins og þá án þess að auka þar við starfsfólki.

Rétt er að taka það fram að útgáfu leiðabókar verður hætt en hún hefur verið gefin út árlega allt frá því að Póstur og sími hafði skipulag fólksflutninga með höndum. Eðlilegt er að útgáfa bókarinnar, ef hún þykir nauðsynleg, sé í höndum flutningsaðila sjálfra eins og er í öðrum greinum flutninga.

Í gildandi lögum er ákvæði um að greitt skuli gjald af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum og skuli því varið til að standa straum af kostnaði við rekstur skipulagsnefndar fólksflutninga og umferðarmáladeildar. Þetta gjald er áætlað í fjárlögum fyrir næsta ár 3 millj. kr. Við það að umferðarmáladeildin er lögð niður fellur þetta gjald eðlilega niður en kostnaður við rekstur skipulagsnefndar fólksflutninga er ekki teljandi.

Eins og ég sagði áður eru ákvæði um rétt sveitarfélaga til einkaréttar á rekstri strætisvagna gerð skýrari og víðtækari en nú er. Ástæðan fyrir þessu er að á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og samgrn. hefur að undanförnu verið unnið töluvert mikið að könnun á hagkvæmni samræmingar á almenningsvagnasamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Áhugi sveitarfélaganna á þessu máli er verulegur og horfur á ýmsum breytingum á almenningsvagnasamgöngum á þessu svæði. Í gildandi lögum er einkaleyfi bæjarfélags til strætisvagnareksturs einungis fyrir akstur innanbæjar. Nauðsynlegt er að þetta ákvæði gildi einnig um akstur til nærliggjandi sveitarfélaga. Hjá því verður ekki komist þegar um er að ræða þéttbýl sveitarfélög sem eru sambyggð eða allt að því, eins og Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður. Raunar má segja að þetta ákvæði hafi þegar komið til framkvæmda þar sem er akstur Strætisvagna Kópavogs til Reykjavíkur.

Fari svo að sveitarfélög yfirtaki rekstur sérleyfis samkvæmt þessu ákvæði finnst mér rétt að undirstrika að í frv. er haldið óbreyttu ákvæði gildandi laga um það að ráðherra skuli heimilt að binda einkaleyfi því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Með þessu á að verða tryggt að sérleyfishafinn verði ekki fyrir fjárhagslegum skakkaföllum þótt viðkomandi sveitarfélag yfirtaki sérleyfið í formi einkaleyfis.

Loks er lagt til í frv. að fækkað verði um tvo fulltrúa í skipulagsnefnd fólksflutninga, úr sjö í fimm. Lagt er til að aðild Búnaðarfélagsins að nefndinni falli niður. Að vísu er aðild þess að nefndinni orðin næsta gömul eða allt frá árinu 1945. Hins vegar hefur orðið gjörbreyting á þjóðfélaginu á þessum áratugum, ekki hvað síst í samgöngum og skipulagningu þeirra. Tel ég að því hlutverki sem fulltrúa Búnaðarfélagsins var ætlað að gegna í upphafi verði jafn vel gegnt af fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga sem fyrir er í nefndinni. Jafnframt tel ég rétt að gera þeim sem aðild eiga að nefndinni jafnt undir höfði og því er fulltrúum Félags sérleyfishafa fækkað úr tveimur í einn. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands er fulltrúi launþega að sérleyfis- og hópferðaakstri í skipulagsnefndinni.

Ég hef gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem þetta frv. felur í sér frá gildandi lögum, en auk þess eru ýmsar minni háttar breytingar sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Ég vona að í máli mínu hafi komið skýrt fram hvers vegna ég legg þetta frv. fram nú og óska eftir því að Alþingi reyni að hraða afgreiðslu þess af þeim ástæðum sem ég hef áður greint frá. Svo að ég dragi þær ástæður fram í örfáum orðum í lok máls míns eru þær að skipunartími núverandi skipulagsnefndar rennur út um áramótin, fyrir dyrum er veiting sérleyfa fyrir allt landið, verkefni umferðarmáladeildar hafa dregist verulega saman svo að ekki er þörf fyrir hana lengur og loks er með frv. reynt að greiða fyrir þeirri endurskipulagningu á almenningssamgöngum sem fyrirsjáanleg er á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 172. mál. — Þskj. 182.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l., sem er að finna á þskj. 182, um jarðhitaréttindi. Flm. ásamt mér eru aðrir hv. þm. Alþb. hér í deildinni.

Frv. þetta er gamall kunningi. Það hefur verið flutt áður í þingdeildinni, fyrst sem stjfrv. seint á starfsferli ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, og þá með vissum fyrirvörum af hálfu sjálfstæðismanna sem stóðu að þeirri ríkisstjórn, en síðan sem þmfrv. og var í fyrra vísað til hv. iðnn. sem fjallaði nokkuð um málið en afgreiddi það ekki frá sér.

Efnislega fjallar þetta frv. um það að lýst verði sem almannaeign jarðhita sem liggur dýpra en 100 m undir yfirborði landareigna, eins og fram kemur í 6. gr. frv., en landeigendur geti ráðið yfir jarðhita sem er grynnra eða á yfirborði. Skv. frv. er tekið tillit til þess sem gerst hefur í þessum málum. Þannig er

veittur ákveðinn aðlögunartími skv. 8. gr. fyrir þá sem borað hafa eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. jan. 1987. Það er skv. 11. gr. gert ráð fyrir því að sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skuli hafa forgangsrétt til að fá leyfi skv. 9. gr. til jarðhitarannsókna og svokallað jarðhitaleyfi skv. 10. gr. frv.

Hér er um stórmál að ræða, stefnumörkun í máli sem oft hefur borið á góma á hv. Alþingi, og er það rakið í grg. með frv. þessu, en það mun hafa verið 1956 sem máli þessu fyrst var hreyft hér og þá af hv. þáv. þm. Ólafi Jóhannessyni. Ég hef rakið það fyrr hér í umræðum um þetta mál að þingskörungar eins og Ólafur Jóhannesson og Bjarni Benediktsson höfðu áhuga á að fá lögfesta almenna stefnu í þessum efnum svipað og fram kemur í þessu frv. og tóku ekki undir þau sjónarmið, sem heyrðust frá sumum andmælendum og heyrast enn, að stefnumörkun af þessu tagi stangist á við 67. gr. stjórnarskrárinnar varðandi eignarrétt. Allt er þetta rakið í ítarlegri grg. með þessu frv. og færð rök fyrir því, m.a. með tilvitnun í þá hv. þm. og lagaprófessora sem ég nefndi áðan, að lagasetning af þessu tagi brjóti ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Það er einnig bent á að löggjöf svipuð þessu og stefnumótun hefur verið gerð í löndum sem ráða yfir jarðhita, þar á meðal í Bandaríkjunum og Nýja-Sjálandi og ýmsum fleiri ríkjum, og það er minnt á dóma sem fallið hafa um þessi efni þar sem mál af svipuðu tagi hafa gengið undir dóma í vestrænum löndum og sem staðfest hafa þau viðhorf, sem hér endurspeglast, að með löggjöf sé unnt að kveða á um yfirráðarétt yfir auðlind eins og jarðhita.

Ég minni á það hér, herra forseti, að þegar þetta mál var flutt á tveimur fyrri þingum kom fram hjá fyrrv. hæstv. iðnrh. Sverri Hermannssyni að hann teldi vera nauðsynjamál að marka stefnu um eignarrétt yfir jarðhita og í iðnrn. hefði verið unnið áframhaldandi að þessu máli og það væri að vænta tillagna af hálfu stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar, um þessi efni. Það hefur hins vegar ekkert komið inn í þingið og ég hef ekki séð að boðað sé neitt frv. um þetta efni af hálfu ríkisstjórnarinnar, en vegna þess að hæstv. núv. iðnrh. er hér viðstaddur umræðuna og hæstv. fyrrv. iðnrh. er hér einnig þætti mér vænt um ef það kæmi fram hver séu viðhorf núverandi stjórnvalda til þessara mála og hvort ekki megi vænta þess að hæstv. iðnrh. stuðli að því að mál þetta megi fá þinglega afgreiðslu og þá málsmeðferð í hv. iðnn., sem ég legg til að fái mál þetta enn og aftur til meðferðar, að unnt sé að taka á því og afgreiða frv. um þetta efni hér í þinginu.

Ég minni einnig á að þm. Alþfl. hafa flutt um þetta efni frv. á fyrri þingum og ég held að það sé enginn ágreiningur á milli okkar í þeim efnum. Frv. það sem þm. Alþfl. í þessari deild lögðu fram á síðasta þingi varðaði að vísu takmarkaðra efni, þ.e. háhitann eingöngu, og byggði á frv. sem Magnús Kjartansson fyrrv. ráðherra lagði fram á sinni tíð, en þetta frv. tekur almennt til jarðhita og dregur almennar markalínur sem ég held að sé mjög æskilegt að dregnar verði í þessum efnum.

Það væri mjög æskilegt að tekist gæti breið samvinna í þinginu um þetta stóra mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þetta er ekki mál sem einn hugur ríkir um, a.m.k. ekki hjá núverandi stjórnarflokkum eftir því sem ég hef í þeim heyrt. Þar eru greindar meiningar um þetta mál. En nauðsynin á að höggva á þennan hnút er mikil með tilliti til þess að við reynum að nýta þessa auðlind okkar, jarðhitann, og stunda rannsóknir sem nauðsynlegar eru til farsællar hagnýtingar á þessari auðlind.

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma í að mæla fyrir þessu máli, en vænti þess að um það geti tekist góð samvinna í hv. iðnn. deildarinnar.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur nú mælt fyrir frv. á þskj. 182, en það er frv. til l. um jarðhitaréttindi. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Austurl. að þetta er stórt og mikið mál. En um eignarrétt og umráðarétt jarðhita gilda áþekkar reglur og um vatnsorku. Í 10. gr. vatnalaganna segir að um hveri og laugar skuli fara eftir 9. gr. með þeim takmörkunum sem nánar eru tilteknar. Samkvæmt þeim er landeiganda heimilt að hagnýta sér til orkuvinnslu slík minni háttar vötn, svo sem jarðvatn, regnvatn og leysinga, sem á landareignum safnast, lindir, dý og tjarnir sem eiga að hafa stöðugt rennsli ofanjarðar. Hér skal það ósagt látið hvort slíkt sé í reynd kostur svo að einhverju máli skipti, en í vatnalögunum er gert ráð fyrir því að því er best verður séð.

Ákvæði 9. gr. orkulaganna nr. 58 frá 1967 skiptir á hinn bóginn öllu meira máli um rétt landeiganda til hagnýtingar jarðhita, en þar segir:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni þó með þeim takmörkunum sem þessi lög tilgreina."

Í 10. gr. er nánar kveðið á um heimildir landeiganda. Honum er heimilt að hagnýta sér jarðhita eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá er kveðið á um rétt hans til mannvirkjagerðar í því skyni að hagnýta megi jarðhitann. Í lok greinarinnar segir að landeiganda sé heimilt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Hér er landeiganda veittur víðtækur réttur til hagnýtingar, þ.e. að því hversu langt niður þessi réttur nær. Sú kenning hefur verið orðuð að eignarráð nái svo langt niður sem nauðsynlegt er til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum, hvað sem það nú merkir.

Ólafur Jóhannesson prófessor, fyrrv. ráðherra, hefur bent á í Tímariti lögfræðinga 1956 að jarðhiti í náttúrlegum hverum eða laugum eða yfirborði jarðar fylgi landareign þeirri sem hann er í. Réttur landeiganda til jarðhitans er ekki takmarkaður við ákveðið dýpi, t.d. metratölu, heldur verður að meta

það í hverju tilfelli með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almenningshagsmunum og vandkvæðum þeim sem eru á því að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, milli margra eigenda.

Sú aðalregla er að framan greinir er í samræmi við það sem gildir um vatnaréttindi og námuréttindi að íslenskum lögum. Þótt jarðhiti undir yfirborði jarðar sé óneitanlega nokkurs annars eðlis en málmur eða málmblendingar sem liggja kyrrir í jörðu og hagnýting jarðhitans sé að sumu leyti frábrugðin nýtingu vatnsorku miðast þó við að svipuð sjónarmið geti gilt.

Réttindum landeigenda virðast litlar hömlur settar. Ef landeigandi hefur fjárhagslegt bolmagn til að hagnýta sér jarðhita djúpt í jörðu virðist tæplega hægt að banna honum það nema breyting á lögum komi til. Að sjálfsögðu yrði hagnýting að vera öðrum að meinalausu og sætti auðvitað þeim almennu takmörkunum sem lög gera ráð fyrir.

Oft hefur verið talað um að sett yrði sú lagaregla að hverri landareign fylgdi aðeins réttur til hagnýtingar jarðhita í jörðu og undir yfirborði jarðar í allt að 100 m dýpi. Miðað við dómvenju verður þó að ætla að slík ákvæði gætu staðist þrátt fyrir eignarréttarákvæði í 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í lögum um rétt landeiganda til eignarumráða á jarðhita eru settar margs konar almennar takmarkanir.

1. Skv. 10. gr. a-lið vatnalaga er landeiganda óheimilt að spilla hverum, laugum og ölkeldum í landi sínu eins og þar er nánar lýst. Í 46. gr. orkulaga er ákvæði sama efnis. Þá koma einnig til náttúruverndarlögin.

2. Skv. 10. gr. b-lið um skyldu til þess gegn greiðslu að láta í té vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir.

3. Í 13. gr. orkulaga er ráðstöfunarréttur á jarðhita takmarkaður á þann veg að bannað er að undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi nema með sérstöku leyfi ráðherra. Almennt bann af þessu tagi gildir ekki um vatnsréttindi. Hins vegar er í vatnalögum bannað að skilja tiltekin vatnsréttindi við landareign nema lagaheimild komi til, sbr. 15. gr.

4. Skv. 7. gr. orkulaga er áskilið leyfi ríkisvaldsins til ákveðinnar notkunar jarðhita svipað og gert er um vatnsnot almennt.

Leyfi Alþingis er áskilið til að reisa og reka orkuver stærra en 2000 kw og leyfi iðnrh. ef um er að ræða raforkuver 200–2000 kw. Þetta ákvæði á jafnt við um gufuaflsstöðvar og vatnsaflsstöðvar. Mér skilst að svo sé litið á að á löndum sem eru einungis afréttareign, á almenningum og öðrum eigendalausum svæðum geti allir hagnýtt sér jarðhitaorku innan þeirra marka sem landslög setja, sbr. líka vatnalög, orkulög og náttúruverndarlög.

Um þetta frv., sem hér er til umræðu, má því í stuttu máli segja, eins og kom fram hjá hv. frummælanda, að þetta er gamall kunningi sem alþm. þekkja. Frv. sem ganga í þessa átt hafa verið flutt á Alþingi aftur og aftur og ekki náð fram að ganga. Ekki hefur heldur orðið úr því að samþykkja frv. sem hafa gengið út á það að lýsa þjóðareign landsvæði sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir. Þetta skyldi einnig taka til jarðhita og vatnsréttinda. Í því sambandi er vitnað í dóm Hæstaréttar frá 28. des. 1981, en þar kemur fram að ríkið krafðist viðurkenningar á beinum eignarrétti sínum á Landmannaafrétti. Niðurstaða meiri hluta Hæstaréttar varð sú að ríkið hafi ekki fært fram lagastoð sem einkaeignarréttur til landsvæðis þessa verður reistur á og eigi verður slík krafa byggð á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Í dómum meiri hluta segir enn fremur eftirfarandi:

„Hins vegar verður að telja að handhafar ríkisvaldsins, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða."

Alþingi hefur ekki sett slíkar reglur. Það hefur ekki reynst pólitískur vilji til slíks og ég efast um að það sé reiðubúið til slíks á þessu stigi málsins.

M.a. með hliðsjón af því sem ég hef nú rakið stendur nú yfir í iðnrn. sérstök könnun á þessum málum. Í sambandi við samningu frv. um vatns- og jarðhitaréttindi hafa komið upp nýjar hugmyndir um hvernig hugsanlega mætti ráða fram úr þessum málum. Það er ekki enn fullséð að það muni takast, en ég held þó að það sé ómaksins virði að beðið sé eftir því hvernig til tekst. Vona ég að hv. flm. þessa frv. sé mér sammála um það.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Það er gagnlegt að heyra sjónarmið framkvæmdarvaldsins og þeirra sem með viðkomandi málaflokk fara í Stjórnarráði Íslands. Ég heyrði ekki á máli ráðherrans að hann vefengdi út af fyrir sig að það væri fullur réttur Alþingis að setja lög um þetta efni án þess að það bryti í nokkru í bága við stjórnarskrá lýðveldisins og ég lýsi ánægju minni með að ekkert kom fram í máli ráðherrans það er ég heyrði sem drægi það í efa.

Hæstv. ráðh. vitnaði í hæstaréttardóm varðandi eignar- og yfirráðarétt á afréttarlandi eða landi norðan Tungnaár, dóm sem féll 1981, og ef ég man rétt er þar beinlínis hvatt til þess að Alþingi setji lög og reglur um meðferð á slíkum landareignum og landsvæðum svo að það stendur í rauninni upp á Alþingi að gera hreint fyrir sínum dyrum varðandi þessi mikilsverðu mál, jarðhitaréttindi, en einnig raunar vatnsréttindi, en um orku fallvatna hef ég ásamt fleiri hv. þm. ítrekað flutt frv. inn í þingið síðustu árin.

Ég heyrði að hæstv. ráðh. greindi frá að verið væri eitthvað að fjalla um þessi mál í ráðuneyti hans og þar væru á kreiki nýjar hugmyndir sem ráðherrann hins vegar ekki greindi okkur nánar frá í hverju væru fólgnar, einhver ný tök þessara mála, og bað um skilning á því að um þær hugmyndir yrði fjallað og

tekinn tími til þess. Mér finnst þetta mál hafa dregist þegar verulega úr hömlu og það þurfi að vinda að því bráðan bug að vinna sig fram úr því. Það verður ekki gert með því að að þessum málum verði unnið án tengsla við Alþingi og umræðu um þessi mál hér í þinginu í kyrrþey uppi í stjórnarráði. Það væri þá lágmark að þær hugmyndir yrðu kynntar í hv. iðnn. þingsins. Ég spyr hæstv. ráðh. að því hvort hann vilji stuðla að því fyrir sitt leyti að þau gögn, sem fyrir liggja og varða þær hugmyndir sem ráðherrann vék að, verði fram reidd í sambandi við meðferð þessa máls í hv. iðnn. Það held ég að væri gott framhald á þessari umræðu og mundi kannske verða til þess að þoka henni svolítið áfram þó að ég kysi vissulega að menn reyndu að setja lög nú þegar á þessu þingi um þessi mál. Ég er ekki að segja að þær tillögur sem liggja fyrir í þessu frv. séu þær einu sem ég gæti hugsað mér í þessum efnum. Það mætti hugsa sér tillögur sem kannske næðu ekki að fullu þeirri stefnumörkun sem hér er um að ræða en tryggðu samt eðlileg yfirráð almannavaldsins yfir þessari mikilsverðu auðlind.

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. tjái sig um það efni hvort hann sé reiðubúinn að veita hv. iðnn. þessarar deildar aðgang að þeim tillögum sem hafa verið til umræðu í ráðuneyti hans þannig að iðnn. geti fjallað um það með hliðsjón af þeim hugmyndum.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil á þessu stigi taka undir á ný með hv. 5. þm. Austurl. að hér er um gríðarlega stórt mál að ræða. Ég vil að sjálfsögðu stuðla að því að öll mál sem lögð eru fyrir Alþingi fái þinglega afgreiðslu. Ég tek líka undir að það er nauðsynlegt í svona stóru máli að þar myndist breið samvinna og ég óska eftir samvinnu í þessu máli sem og í mörgum öðrum sem við getum átt samleið í.

Ég vil undirstrika og staðfesta að ég vefengi ekki rétt Alþingis til að setja lög um hvað sem er. Það er bara eitt sem ég óttast, að tími vinnist ekki til að koma þessu máli fram á þessu þingi. En ég skal ekki útiloka það. Það væri ekki hreinskilni af mér að taka ákveðið undir að það væri hægt að koma málinu fram á þessu þingi. Það get ég ekki gert af því að ég trúi ekki á það sjálfur. Að sjálfsögðu ber mér skylda til sem ráðherra að veita hv. þm. og þingnefnd allar upplýsingar um þá vinnu sem á sér stað í ráðuneytinu og ég mun beita mér fyrir því að svo verði gert.

Eitt af því sem mér er minnisstæðast úr þeim samtölum sem við höfum átt um þessi mál í undirbúningi að frv. í ráðuneytinu er t.d. hvernig á að tryggja rétt landeiganda þar sem vitað er að hiti er í jörðu gegn landeiganda sem kannske á land við hliðina á því landi og í seinna tilfellinu er enginn jarðhiti í landinu – hvernig á að tryggja að hann hafi ekki rétt til að bora á ská og eigna sér hita náungans. T.d. þetta er ekkert auðvelt mál. Það eru mörg svona mál sem eru í athugun. En ég tek yfirleitt undir allt það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. og mun kanna það nú þegar hvort ég get ekki látið hann hafa einhver þau gögn og helst öll sem fyrir liggja í könnunum í ráðuneytinu og varða þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

25. fundur, fimmtudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Stefnumótun í umhverfismálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 180. mál. — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Varaflugvöllur á Akureyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 184. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP, 167. mál. — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Leiguhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 195. mál. — Þskj. 206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Heimilisfræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. MMS o.fl., 131. mál (tillögur um endurskipulagningu). — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta og þingheims á þeirri staðreynd að fyrir þinginu hefur legið mál, 151. mál, um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, lagt fram 13. nóv. s.l. og vísað til utanrmn. 25. nóv. og skilað var áliti af minni hl. í gær. Það álit liggur fyrir á þskj. 238.

Tillaga þessi varðar afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Er mælt var fyrir máli þessu í nóvembermánuði var vakin athygli á að hraða þyrfti afgreiðslu þessa máls þannig að þingið gæti tekið afstöðu til þess. Atkvæði voru greidd á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær um þá tillögu sem þarna er um rætt og þar féllu atkvæði 139 með, 12 á móti, en fjögur ríki sátu hjá og í þeim hópi Ísland.

Ég tel, herra forseti, að það sé óhæfa í raun að nú annað þingið í röð skuli Alþingi ekki taka afstöðu til þessa máls og að það skuli gerast nú á þessu þingi, með þeim hætti sem raun ber vitni, að meiri hl. í utanrmn. hefur ekki séð ástæðu til þess að skila áliti um þessa tillögu til þingsins þannig að hún kæmist á dagskrá og hefur hagað sinni málsmeðferð þannig að þinginu gefst ekki kostur á að greiða atkvæði um þessa tillögu og þar með um afstöðu utanrrh. sem ræður atkvæði Íslands á allsherjarþinginu. Ég tel þetta vera hina mestu óhæfu í raun að svona skuli haldið á málum og skil ekki þann meiri hl. í utanrmn. sem vill ekki fá fram afstöðu hér í þinginu til málsins og hefði talið að hæstv. utanrrh. hefði einnig átt að vinna að því að úr því væri skorið hvort hann hefði hér meiri hluta í þinginu fyrir þessari afstöðu sinni. Ísland er þarna sett í hóp 16 ríkja sem ekki greiða atkvæði með umræddri tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en 139 með, þar á meðal öll önnur Norðurlönd en Ísland. Hér er ekkert smámál á ferðinni og það er mikið umhugsunarefni að það skuli vera þingsköp á Alþingi sem gera það kleift að þæfa mál með þeim hætti sem hefur gerst og koma í veg fyrir að þingviljinn komi í ljós í tæka tíð.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að á öðrum þjóðþingum Norðurlanda, ég hygg t.d. í danska Folketinget, séu þingsköp með þeim hætti að hægt sé að fá fram atkvæðagreiðslu með skjótum hætti, t.d. í tengslum við fyrirspurnir, um mál og afstöðu stjórnvalda og þannig hefur danska þingið að meiri hluta til tekið afstöðu andstæða utanrrh. og ríkjandi stjórn til mikilsverðra utanríkismála. Það væri eðlilegt að mínu mati að endurskoða þingsköpin hjá okkur í ljósi þess sem hér hefur gerst, þegar tiltekinn meiri hl. í þingnefnd notar sér aðstöðu sína með þeim hætti sem hér um ræðir.

Í utanrmn. voru haldnir þrír fundir þar sem tillaga þessi var á dagskrá en því var borið við að menn gætu ekki haft samráð við sína þingflokka á þeim tíma og var það þó full vika sem um var að ræða þannig að það er auðvitað öllum ljóst að hér er með vísvitandi hætti verið að komast hjá því að afgreiða mál úr nefnd og gera þinginu kleift að taka afstöðu.

Ég mælist til þess, herra forseti, að tekin verði á vettvangi forystu Alþingis, forseta þingsins, afstaða til þingskapa að þessu leyti og horft verði til þess sem gerist í öðrum þjóðþingum nágrannalandanna og sem kemur í veg fyrir að hægt sé að hindra að þingið taki afstöðu til þýðingarmikilla mála eins og t.d. í þessu tilviki.

Ég vænti þess, herra forseti, að vilji sé fyrir því, virðulegur forseti stuðli að því, að þetta verði tekið upp á vettvangi forystu þingsins og þingsköpum verði breytt þannig að tryggt sé að hægt sé að fá fram atkvæðagreiðslur í þinginu um þýðingarmikil mál án þess að þau þurfi að ganga til nefndar eins og gert var í þessu tilviki. Þess utan tel ég nauðsynlegt að tillagan á þskj. 161 fái þinglega afgreiðslu þrátt fyrir þá atkvæðagreiðslu sem fram fór á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í gær vegna þess að það er nauðsynlegt að leiða þingviljann í ljós, engu síður þó að atkvæði hafi þarna fallið, og fá úr því skorið hvort hæstv. utanrrh. hefur meiri hluta í þinginu fyrir þeirri afstöðu sem hann tók til þessa máls. Ég vænti þess að meiri hl. í utanrmn. sjái til þess að álit komi hér inn í þingið þótt seint sé þannig að Sþ. fái þetta mál til efnislegrar meðferðar að fenginni afstöðu meiri hl. í utanrmn.

Ég bendi einnig á að það er annað mál sem fyrir nefndinni liggur sem hefði átt að vera komið hér fram þannig að afstaða gæti legið fyrir í rauninni efnislega um sama mál, 12. mál þingsins, um frystingu kjarnorkuvopna, flutt af þm. Kvennalista, en einnig það mál liggur nú í utanrmn. án þess að það fengi þar afgreiðslu.

Ég vænti að þm. skilji alvöru þessa og það er ekki bara það tilvik sem hér um ræðir, svo alvarlegt sem það er, heldur fordæmið og möguleikinn sem hér er til þess í rauninni að koma í veg fyrir að þingið fái með eðlilegum hætti fjallað um mikilsverð mál eins og afstöðu til utanríkismála, í þessu tilviki stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að koma hér upp um

þingsköp vegna þess máls sem hér er til umræðu og þeirrar umfjöllunar sem það hefur fengið. Ég vek athygli á því að hér er í raun og veru um að ræða stefnu Íslendinga í utanríkismálum og hvernig hún er mótuð. Það er álitamál og hefur verið ágreiningsmál á þessu þingi hvernig á að standa að þeirri stefnumótun, hvort hún á alfarið að vera í höndum eins manns eða hvort Alþingi Íslendinga á að eiga þar hlut að máli.

Í þessu tiltekna máli sem er atkvæðagreiðsla um frystingu kjarnorkuvopna eða stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar hefur Kvennalistinn reynt að fá fram skoðun Alþingis á þessu tiltekna máli s.l. þrjú þing með því að flytja tillögu sem er samhljóða þeirri umræddu tillögu, Mexíkó og Svíþjóðar, um frystingu kjarnorkuvopna. Hún er hreinlega þýðing á þeirri tillögu. Þessi tillaga hefur ekki fengist úr utanrmn. nema að því leyti til sem hún var tekin inn í þá sögulegu þál. um afvopnunarmál sem var gerð hér á þinginu 1985 í maí. Flestir ætluðu að með því að taka þá tillögu inn í afvopnunartillöguna hefði verið gefin næg leiðbeining til utanrrh. um stefnu Íslendinga í þessu tiltekna máli þannig að hann treysti sér til þess að greiða þessari tillögu atkvæði sitt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það varð ekki.

Í svari hæstv. utanrrh. við fsp. hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur kom fram að þessari atkvæðagreiðslu hefði ekki verið breytt, hún hefði verið hin sama og áður. Ég hef sjálf verið svo heppin að sitja þing Sameinuðu þjóðanna s.l. þrjár vikur og fylgjast með því hvernig atkvæði hafa fallið þar af hálfu Íslendinga. Ég veitti því athygli að mjög oft fylgir Ísland Norðurlöndunum að málum. Það er undantekning ef við gerum það ekki. Það er fremur regla að við gerum það. Öll Norðurlöndin hafa séð sér fært að skipta um skoðun í þessu máli og því finnst mér, vegna þess að hér er um að ræða stefnumótun Íslendinga í utanríkismálum, mikilvægt að spyrja hæstv. utanrrh. ef það er hægt undir málaliðnum um þingsköp: Getur utanrrh. ekki skipt um skoðun í máli ef mikilvægar forsendur liggja fyrir hendi?

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Það er rétt að það komi fram að af hálfu framsóknarmanna í utanrmn. var ekkert gert til að tefja afgreiðslu þeirrar tillögu sem hér er vakið máls á, um þingsköp. Það fannst hreinlega ekki tími til þess að ræða þessa tillögu í þingflokknum svo að hægt væri að taka afstöðu til hennar á þann hátt að þingflokkurinn allur sætti sig við.

Það var óvissa um það hvenær atkvæðagreiðslan í allsherjarþinginu færi fram og þar af leiðandi kom það okkur nokkuð á óvart þegar við fréttum í gærmorgun að hún ætti að fara fram eftir nokkra klukkutíma og það var engin leið að kalla saman þingflokksfund og ganga frá afstöðu flokksins í þessu máli fyrir þann tíma. Hins vegar munum við fulltrúar Framsfl. í utanrmn. skila nál. um téða tillögu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér gerist það enn þá einu sinni að meiri hluti þingsins heldur þannig á þingstjórninni að mál kemst ekki til meðferðar í tæka tíð, það er alveg ljóst. Og þegar þingflokkur Framsfl. ber því við að ekki hafi verið tími til að fjalla um málið er það viðbára — það var ekki vilji hjá Framsfl. til þess að fjalla um málið. Þeir voru á móti því að málið kæmi til atkvæða vegna þess að þeir höfðu lent í því fyrir nokkrum misserum, þegar þeir ætluðu einu sinni að hafa sjálfstæða afstöðu í utanríkismálum, að vera reknir til baka eins og ræflar og beygja sig fyrir íhaldinu. Þeir vildu ekki láta það endurtaka sig að þeir yrðu berir að slíku og þess vegna kom Framsfl. í veg fyrir það ásamt Sjálfstfl. og Alþfl. að þetta mál yrði afgreitt í þinginu með eðlilegum hætti.

Hér er að mínu mati komið að stórkostlega alvarlegum hlut í störfum hins virðulega Alþingis ef það getur gerst ár eftir ár að þingið kemur því ekki við að tjá vilja sinn í máli af þessu tagi þegar auk þess er um að ræða mál sem hefur verið lagt fyrir þingið aftur og aftur, nákvæmlega samhljóða mál lá fyrir þinginu í fyrra. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, ef menn vilja bera einhverja virðingu fyrir því og störfum Alþingis, sem ég veit að menn vilja, og bera virðingu fyrir sínum eigin verkum, að þm. hljóti að taka á þessu máli og gera ráðstafanir til þess að þingsköpum verði breytt þannig að þau séu ekki notuð til þess að lýðræðislegur vilji þingsins fái ekki að koma í ljós. Þingsköp eru til að greiða fyrir lýðræðinu en ekki til að hindra að eðlilegar niðurstöður, lýðræðislegar og þingræðislegar, fáist hér á hv. Alþingi. Þessi vinnubrögð sem hér hafa verið uppi geta lamað Alþingi sem aðhaldsstofnun að ríkisstjórn og ráðherrum á hverjum tíma og eru þess vegna í rauninni hættuleg.

Í danska þinginu eru þær reglur í þingsköpum að unnt er að fara fram á atkvæðagreiðslu um mál í fyrirspurnatíma eða undir umræðum um skýrslu forsætisráðherra. Ég hygg að það eigi að skoða það mjög vandlega hvaða ákvæði er unnt að setja í þingsköp til tryggingar því að vilji þingsins fái að koma í ljós án þess að með þeim ákvæðum sé í rauninni þrengt að möguleikum þingsins til að ræða mál. Það er ekki það sem menn eru uppi með hugmyndir um heldur hitt að afgreiðsla fáist með eðlilegum hætti.

Hitt er svo einnig alvarlegt, herra forseti, í þessu efni að í 15. gr. þingskapa er algjörlega óyggjandi ákvæði um það að utanrrh. á að leita til utanrmn. í málum af því tagi sem hér eru uppi og það ákvæði bendir auðvitað til þess að þegar uppi er ágreiningur eða deilur í slíkri nefnd sé honum rétt og skylt, utanrrh., að hlutast til um að vilji þingsins fái að koma í ljós. Í 15. gr. þingskapa segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þing-

tíma."

Hér er alveg skýrt hvað þessi stofnun, hið virðulega Alþingi, segir um þessi mál og telur að utanrrh. eigi að vinna með þeim hætti sem greint er í 15. gr. þingskapanna. Ég hlýt þess vegna að taka mjög eindregið undir þau orð hv. 5. þm. Austurl. að hér er komið að býsna alvarlegum vanda fyrir Alþingi Íslendinga og það er óþolandi ef hlutir verða látnir ganga svona fyrir sig áfram.

Ég vil einnig leyfa mér í tengslum við þetta að benda á, herra forseti, að ef forysta þingsins sér sér ekki fært að flytja tillögur af því tagi sem hér voru nefndar af hv. 5. þm. Austurl. er auðvitað sjálfsagður hlutur að þeir aðrir þm. sem eru þeirrar sömu skoðunar og hann og ég í þessu efni beiti sér fyrir slíkum tillöguflutningi þannig að það verði tryggt að lýðræðislegur vilji Alþingis Íslendinga fái að koma fram og það verði ekki beitt bolabrögðum af neinu tagi til að koma í veg fyrir slíkt jafnvel þó að þau bolabrögð séu kölluð tímaleysi í einstökum þingflokkum eins og hér hefur gerst í þingflokki Framsfl.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég tel að hér hafi ekki tekist vel til. E.t.v. hefur utanrmn. starfað of hægt eða þingflokkur Framsfl. ekki í takt við starfshætti utanrmn. ellegar gangur mála á allsherjarþinginu hefur verið of hraður.

Ég mótmæli því harðlega getsökum hv. 3. þm. Reykv. um afstöðu þm. Framsfl. til frystingar kjarnorkuvopna. Við fluttum í fyrra nokkrir þm. Framsfl., þ.e. auk mín Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson till. sem hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að lýsa þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að leitast við að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um frystingu á framleiðslu kjarnavopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Ísland skal hafa frumkvæði um tillöguflutning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau mál á grundvelli ályktunar Alþingis frá 23. maí 1985."

Afstaða okkar þessara flm. til málsins hefur ekki breyst og við höfum í undirbúningi tillögugerð um afvopnunarmál eins og áður hefur komið fram hér á hinu háa Alþingi. Því miður náði þessi tillaga ekki fram að ganga á síðasta þingi og var þó allnokkur tími til þess að ræða hana í utanrmn., en þaðan fékkst hún ekki afgreidd. Afstaða utanrrh. til till. kom fram við umræður og því miður hef ég nú ekki séð merki þess að utanrrh. hafi breytt afstöðu sinni, en hann lagðist gegn þessari till. með þeim rökum að hann taldi hana ekki vera í samræmi við ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Ég get hins vegar ekki fallist á þann skilning hans að þessi till. okkar eða frystingarheimildin stangist á við ályktun Alþingis frá 23. maí 1985.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það var ekki ætlunin að stöðva hv. 2. þm. Norðurl. v. í ræðu sinni heldur að áminna hann um að halda sig innan marka þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hugði að hv. 5. þm. Austurl. mundi vekja athygli á því máli sem ég ætla að hreyfa hér, en þannig stendur á að þáltill. í Sþ., 180. máli, hefur verið vísað til félmn. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við þingskapaumræður um það efni sem verið er að ræða. Hann fær orðið á eftir um annað atriði.) Það kom hvergi fram í mínu máli að ég hygðist ræða um annað en þetta og er mér spurn hvernig forseta hefur dottið það í hug. (**Forseti:** Því er að svara að hv. þm. var búinn að ræða við forseta um að ræða um annað mál og þótti honum sem hann væri að byrja á því. En ef það er misskilningur heldur hv. þm. ræðu sinni áfram.) Herra forseti. Ég ætlaði að vekja athygli á hvernig málum hefur verið vísað til nefndar, en sé það ekki á dagskrá strax fresta ég máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það gerist e.t.v. of sjaldan að við alþm. ræðum tilhögun starfsins hér á Alþingi og fundarsköp, en tilefni gefast stundum, eins og nú hefur átt sér stað, til að taka þau mál til umræðu og að mínu viti hefur hér átt sér stað alvarlegur hlutur sem hlýtur að vekja spurningar um hvort þau þingsköp og e.t.v. einnig verkstjórn innan ramma þingskapanna sé með þeim hætti að tryggi ætíð og ávallt sem lýðræðislegastan framgang mála á Alþingi.

Nú er það svo að þegar almennt er settur lagarammi um störf Alþingis er æskilegt að í honum sé tryggður nægur tími og næg umþóttun til þess að öll sjónarmið komi fram í málum og enginn verði þar út undan þingskapanna vegna. En það skiptir máli hvort eðli máls sem um er fjallað er tímabundið af sjálfu sér eða ekki. Megi ég taka dæmi, herra forseti, skiptir það t.d. máli hvort við erum að fjalla um undirbúning afmælis kristnitökunnar árið 2000 þannig að við höfum nokkurn tíma fyrir okkur til undirbúningsins eða hvort við erum að fjalla um atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem vitað er að mun fara fram eftir fáeina daga. Hér er einmitt um slíkt að ræða og þá gefur auga leið að ætli Alþingi sér að taka afstöðu, að móta stefnu í slíkum tilfellum, verður að haga verkstjórn og eða setja þingsköpin þannig að slíkt sé kleift. Ég get ekki skilið niðurstöðu þessa máls með öðrum hætti en þannig að það sé óhjákvæmilegt að taka til endurskoðunar annaðhvort eða hvort tveggja verkstjórn í nefndum á hv. Alþingi og eða þingsköpin.

Ég vil einnig, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði, vitna til ákvæða 15. gr. þingskapa um störf utanrmn. Ég hef áður gert það, herra forseti, og ég hef áður gert því skóna að þau ákvæði séu ekki alltaf virt sem skyldi af hæstv. ríkisstjórn. Það sem hér hefur gerst er að í máli sem orðið hefur að hitamáli og deilumáli

á hv. Alþingi á undanförnum þingum hefur enn einu sinni mistekist að fá fram ótvíræðan vilja Alþingis sjálfs í málinu. Ákvæði 15. gr., með leyfi forseta, hvað varðar utanrmn. eru svohljóðandi:

„Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma."

Því verður ekki á móti mælt að hér er á ferðinni eitt af meiri háttar utanríkismálum síns tíma, þar sem er kjarnorkuvígbúnaðurinn og tilraunir til þess að stöðva hann. Því verður naumast á móti mælt. Og þegar það gerist að utanrrh. fær ekki frá utanrmn. einhlíta leiðsögn, einhlítar ábendingar um afstöðu okkar á alþjóðavettvangi hlýtur það eðli málsins samkvæmt að vera réttasta málsmeðferðin að skjóta málinu til Alþingis sjálfs. Ef utanrmn. verður einhuga um niðurstöðuna og hæstv. utanrrh. fær slíkar leiðbeiningar frá utanrmn. er í sjálfu sér ekki mikið við það að athuga þótt málið komi ekki fyrir hv. Alþingi sjálft. En ef uppi er ágreiningur innan nefndarinnar, ef hann liggur fyrir og er ljós, er það að mínu mati hrein óvirðing við þingræðislegan framgang mála að málinu skuli ekki skotið til úrskurðar í Alþingi sjálfu. Það hefði tvímælalaust átt að gera í þessu tilfelli.

Það má einnig vitna í umræður um þetta sama mál frá fyrri þingum þar sem komið hefur í ljós mikill stuðningur við till. hv. Kvennalistaþingmanna og hv. 5. þm. Austurl. sem snerta þetta mál. Ég vitna í því sambandi í ræður hv. þm. Framsfl., afstöðu Alþb. og Kvennalistans. Alþfl., sem að vísu hefur verið í felum, hefur ekki heldur lýst yfir að hann sé andvígur málinu. Þannig gæti vel verið að eiga sér hér stað að meiri hluti Alþingis væri settur frá því að láta vilja sinn í ljós og snúa hæstv. utanrrh. á rétta braut í þessu efni. Auðvitað hlýtur hann að eiga að greiða atkvæði og taka afstöðu í samræmi við vilja meiri hluti Alþingis og það á að vera honum sjálfum öllum öðrum mönnum fremur keppikefli að svo sé, að hann viti það ávallt að hann láti greiða atkvæði fyrir Íslands hönd í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis. Það þarf að vera alveg ljóst og hæstv. utanrrh. sjálfur ætti öllum öðrum fremur að keppa að því að svo sé.

Virðulegur forseti. Ég treysti því að þetta mál verði geymt en ekki gleymt og við betri tíð munum við ræða í fullri alvöru, hv. alþm., hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta hér um þannig að slík þingræðisleg óhöpp eigi sér ekki stað framvegis.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Vegna þessara umræðna og vísan til 15. gr. þingskapa vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Utanrmn. hefur fengið vitneskju um óbreytta afstöðu utanrrh. vegna umræddrar atkvæðagreiðslu. Alþingi hefur fengið upplýsingar um forsendur atkvæðagreiðslunnar, sbr. svar mitt við fsp. hv. varaþm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Að sjálfsögðu getur utanrrh. breytt um afstöðu, en forsendur voru ekki til þess að hans dómi eins og kom fram í svarinu sem ég gaf.

Utanrmn. hefur fengið vitneskju jafnóðum og utanrrn. hefur borist vitneskja um atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu. Það er hins vegar ljóst að afgreiðsla mála þar gekk mun hraðar fyrir sig en oft áður.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að hann hefur tekið sér einskorað vald til að móta stefnu Íslendinga í utanríkismálum og segist hafa síðan tilkynnt bæði hv. utanrmn. og einnig Alþingi um niðurstöður ákvarðana sinna. Hann hefur undirstrikað að það er utanrrh. einn sem mótar stefnu Íslendinga en ekki Alþingi Íslendinga, hvorki nefndir þess né Alþingi sjálft, heldur fær það síðan að vita um ákvarðanir ráðherra.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði um óhöpp. Ég álít að hér sé ekki um óhöpp að ræða. Tímaleysi er ekki haldbær afsökun í þessu máli því að þetta mál hefur legið fyrir Alþingi á hverju ári s.l. þrjú ár. Ef þm. og heilu þingflokkarnir eru svo seinir að hugsa að það tekur þá þrjú ár að velta fyrir sér í raun jafneinföldu máli og þetta er, þá held ég að hæstv. forseti þurfi að taka það til alvarlegrar athugunar.

Varðandi tímaleysið vil ég vekja athygli á því að þann 4. nóv. s.l. mælti ég fyrir þáltill. okkar þingkvenna Kvennalistans um frystingu kjarnorkuvopna sem er samhljóða þeirri till. sem hér er til umræðu. Þann 11. nóv. fór síðan fram atkvæðagreiðsla í þriðju nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Það gafst því tími til að taka afstöðu hér í þinginu. Síðan fór fram atkvæðagreiðsla í sjálfu allsherjarþinginu í gær um þetta sama mál þannig að það hefur gefist tími síðan 4. nóv. að fjalla um þetta mál á þingi.

Það sem vantar hér er ekki tími. Það vantar pólitískan vilja. Og þingsköpin eru, eins og áður hefur verið getið um í umræðunum, notuð til þess að beita þeim pólitíska vilja sem kúgar vilja Alþingis og leyfir honum ekki að koma í ljós. Það er skoðanaofbeldi og það er svokallað meirihlutalýðræði en ekki hið virka lýðræði sem hér ætti að ríkja.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þann stuðning sem fram hefur komið í umræðunni við þá hugmynd og tillögu af minni hálfu að forusta þingsins og hæstv. forseti hafi frumkvæði að því að skoða gildandi þingsköp með tilliti til breytinga þannig að ekki verði hægt að halda á málum eins og hér hefur verið gert af meiri hluta í þinginu eða meiri hluta í tiltekinni þingnefnd.

Það hefur komið fram hjá talsmanni Framsfl., hv. 9. þm. Reykv., að Framsfl. ætli sér að skila áliti varðandi 151. mál, að fulltrúar hans í utanrmn. ætli

að skila áliti. Hv. þm. Páll Pétursson gat þess hér að það hefði tekist illa til án þess að hann festi nákvæmlega hönd á því hvort það var hans eigin þingflokkur, fulltrúarnir í utanrmn. eða nefndin í heild. Ég vísa til þess, eins og fram kom hjá hv. þingflokksformanni Framsfl., að þeir fluttu sérstaka till. vegna þessa máls í fyrra, vegna þeirrar atkvæðagreiðslu og deilna sem fóru fram um afstöðu utanrrh. til málsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, svo að það er með fádæmum að fulltrúar flokksins í utanrmn. geti ekki lýst afstöðu til málsins sem búið er að vera á dagskrá hér árum saman. En það er mál út af fyrir sig og betra er vissulega seint en aldrei. En það er hörmulegt þegar menn haga sínum málatilbúnaði með þessum hætti.

Ég vil taka það fram, herra forseti, til að öllu sé til haga haldið varðandi meðferð þáltill. að hv. 9. þm. Reykv. kvaddi þegar utanrmn. til fundar eftir að ég bar fram ósk um það 25. nóv. og nefndin kom saman 26. nóv. þar sem þessi till. var rædd og talsmenn annarra þingflokka sem fulltrúa eiga í nefndinni óskuðu eftir frestun til að fá ráðrúm til að bera sig saman um afstöðu til málsins. Ég er ekki með neinar ásakanir við hv. 9. þm. Reykv. af þeim sökum, síður en svo. Hann gegndi formennsku í utanrmn. á þessum dögum.

En ég vænti þess að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að þingsköpin verði athuguð og ég treysti því einnig að þetta mál komi hér til þingræðislegrar afgreiðslu þó seint sé eftir að utanrmn. og fulltrúar þar hafa skilað sínum álitum.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mótmæli því að um sé að ræða skoðanaofbeldi eða skoðanakúgun. Ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í utanríkismálum, hún hefur kynnt hana fyrir Alþingi og mönnum hefur verið hún fullkomlega ljós. Afstaða varðandi þessa atkvæðagreiðslu er óbreytt nú frá því sem hún var í fyrra og ætti ekki að koma neinum þm. á óvart.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á því að tillaga Mexíkó og Svíþjóðar skuli vera orðin að *slíku hitamáli hér. Ég get alls ekki litið á það sem* einhvern endanlegan mælikvarða á afstöðu manna til afvopnunar eða kjarnorkuvopna í heiminum hvort Alþingi reynir að knýja utanrrh. til að skipta um skoðun á milli atkvæðagreiðslna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það væri nær að við tækjum upp umræður um að halda fram þeirri stefnu sem mótuð var með þáltill. 23. maí 1985 og reyndum að fylgjast með því sem er að gerast í þeim efnum núna í veröldinni og í samskiptum risaveldanna.

Ég er í sjálfu sér algerlega samþykkur því að Ísland hefði átt að greiða atkvæði með þessari tillögu, en ég lít ekki svo á að það sé eitthvert stórmál hvort Íslendingar fylgja slíkri tillögu eða ekki núna á þessum haustdögum þegar alveg ný sjónarmið hafa komið upp í sambandi við afvopnunarmál og kjarnorkumál í heiminum.

Við áttum þess kost í gær, hv. formaður utanrmn. og ég, að ræða við sérstakan sendimann Sovétstjórnarinnar sem kominn er hingað til lands til að kynna viðhorf, sjónarmið, niðurstöður og væntanlegar samningaviðræður um þessi efni í Genf. Það er augljóst mál að það er ekki lengur um að ræða frystingu kjarnavopna (**Forseti:** Hv. þm. er áminntur um að halda sig við umræður um þingsköp.) heldur stórfellda fækkun kjarnavopna og væntanlega útrýmingu þeirra, bæði strategískra og taktískra, ekki síðar en um næstu aldamót. Ísland á vissulega að láta til sín heyra á þessum vettvangi og styðja viðleitni risaveldanna til að ná samkomulagi um mál sem er miklu brýnna og miklu stærra en sú núlllausn sem við höfum verið flæktir í.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég inni eftir því í fyrsta lagi hvort það er svo að forseti Sþ. muni beita sér fyrir því að fram fari atkvæðagreiðsla um þá tillögu sem hér hefur orðið tilefni þessarar umræðu. Ég held að nauðsynlegt sé að það liggi ljóslega fyrir hvort ekki er alveg tryggt að slík atkvæðagreiðsla færi fram í þinginu, atkvæðagreiðsla um þá tillögu sem hér hefur orðið tilefni þingskapaumræðunnar. Það er óhjákvæmilegt að sú afstaða hæstv. forseta liggi fyrir.

Framsfl. virðist vera sammála því að málið hafi ekki komið til atkvæðagreiðslu í tæka tíð vegna þess að talsmaður Framsfl. í utanríkismálum, hv. 9. þm. Reykv., telur að hér sé ekki um stórmál að ræða vegna þeirra hluta sem eru nú að gerast í utanríkismálum, alþjóðamálum, afvopnunarmálum. Og hvað er að gerast? Það sem er að gerast er að Bandaríkin eru að sprengja SALT-II samkomulagið um langdræg kjarnorkuvopn og Bandaríkjastjórn hefur lýst því yfir að hún muni ekki stöðva tilraunir með kjarnorkuvopn þrátt fyrir 17 mánaða einhliða stöðvun af hálfu hins risaveldisins. Það eru þessar staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Það er þetta nýja sem er að gerast og það kallar á viðbrögð. Málið hér í þingskapaumræðunni snýst þó fyrst og *fremst um það: Má Alþingi Íslendinga hafa skoðun* eða ekki? Svo virðist sem Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. hafi bundist bandalagi um að koma í veg fyrir að Alþingi Íslendinga fái að tjá sig um þessi mál. Það er athyglisvert, fróðlegt að þannig skuli hlutirnir standa og þetta skuli liggja fyrir og það skuli hafa þurft hér nærri klukkutíma þingskapaumræðu til að draga fram þessar staðreyndir um hina ólýðræðislegu afstöðu þessara flokka, misbeitingu á þingsköpum og reglum Alþingis í þessum efnum.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég skal halda mig eingöngu við þingsköp. Ég vil einungis taka fram að það er alrangt að það hafi staðið á Alþfl. að taka afstöðu í þessu máli. Afstaða okkar var tilbúin þegar um

síðustu helgi. Hins vegar hagaði því svo til í nefndinni að fulltrúar Framsfl. báðu um frekari frest. Okkur hefur ekkert verið að vanbúnaði til að lýsa skoðun okkar á þessu máli. En ég skal halda mig við það að ræða ekki frekar um efnisatriði málsins.

Í annan stað vil ég harðlega mótmæla því að það hafi staðið á því að Alþfl. tæki afstöðu að því er varðaði tillögu Kvennalistans um svipað efni í fyrra. Ég lýsti afstöðu Alþfl. eindregið og afdráttarlaust í utanrmn. í fyrra þannig að allar ásakanir um afstöðuleysi í þessum efnum eru út í hött.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil algerlega mótmæla því að af hálfu okkar framsóknarmanna sé verið að koma í veg fyrir að þessi tillaga komi til atkvæða hér í þinginu. Ég gat þess fyrr í dag að fulltrúar flokksins í utanrmn. mundu skila nál. um þessa tillögu. Það þýðir að af okkar hálfu leggjum við til að málið komi hér til afgreiðslu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti mun beita sér fyrir því að taka til athugunar það atriði, sem hv. 5. þm. Austurl. lagði til og fleiri hafa tekið undir, hvort efni sé til að breyta þingsköpum um það tiltekna efni sem hér hefur verið til umræðu. Forsetar þingins munu svo ræða þetta mál við formenn þingflokkanna.

Það hefur aðeins verið vikið að verkstjórn í þessum umræðum og hv. 3. þm. Reykv. beindi því til forseta, ef það er rétt skilið, að hann tryggði að hin umrædda þáltill. kæmi til atkvæða í þinginu. Það skal tekið fram að samkvæmt hinum nýju þingsköpum sem nú gilda var forsetum ætlað meira verkefni en áður varðandi störf nefnda. Þar segir að forsetar hafi sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Forsetar hafa síðan þessi þingsköp voru samþykkt tekið tillit til þessa, m.a. með því að kalla formenn þingnefnda til funda og ræða stöðu mála í einstökum nefndum með það fyrir augum að ýta undir að það geti verið sem skjótust, markvissust og skipulegust vinnubrögð í nefndum. Hins vegar hafa forsetar ekki vald til að skipa nefndum fyrir og þess vegna geta forsetar ekki í krafti valds tryggt eitt eða neitt í því efni hverju nefndir skila frá sér.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það sé nokkuð mikil nauðsyn á því að sambærileg mál fari til sömu nefndar hér í þinginu. Nú háttar svo til að félmn. Sþ. er frekar ung nefnd í þinginu og tekur að mestu leyti við verkefnum frá allshn. Það er mikil nauðsyn að þess sé gætt að það sé samræmi í því hvaða tillögum er vísað til allshn. og hvaða tillögum er vísað til félmn.

Það hefur nú gerst að til allshn. hefur verið vísað till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd þar sem 1. flm. er Hjörleifur Guttormsson, en á þessum fundi var vísað til félmn. till. til þál. um stefnumótun í umhverfismálum þar sem 1. flm. var Gunnar G. Schram. Mér sýnist að það sé ekki við hæfi að umfjöllun um hliðstæð mál eigi sér stað samtímis í tveimur nefndum þingsins og vænti þess að forseti beiti sér fyrir því að það verði undantekning frá reglunni en ekki regla í það minnsta og helst hefði ég talið að þyrfti að fjalla um þessar tillögur í sömu nefnd.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég er flm. þess máls varðandi átak í umhverfismálum og náttúruvernd sem vísað var fyrir nokkru til allshn. Það er 90. mál þingsins að ég hygg. Sú tillaga sem í dag gekk til atkvæða og vísað var til félmn. er um sama málefni, stjórn umhverfismála, sem hin tillagan tekur einnig til. Mér finnst alveg nauðsynlegt að sama þingnefndin fjalli um þessi mál. Ég veitti því hins vegar ekki athygli hvert tillaga gekk um málið sem vísað var til félmn. í dag. Ég vænti þess að það verði séð til þess að þetta verði leiðrétt. Allshn. hefur fjallað á fyrri þingum um þá tillögu sem ég er 1. flm. að og þar liggja fyrir umsagnir frá ýmsum aðilum einnig um stjórn umhverfismála þannig að það er ábending mín að ég tel eðlilegt að allshn. haldi um þetta mál áfram. Ég held að það greiði fyrir þinglegri meðferð beggja málanna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið undir þær athugasemdir sem hv. 5. þm. Vestf. kom hér fram með og hv. 5. þm. Austurl. tók undir. Það er hverju orði sannara að það á að vera samræmi í því til hvaða nefnda þingmálum er vísað og samkynja mál eiga að fara í sams konar nefnd. Hér má segja að hafi orðið mistök sem liggja í því að það hefur verið farið að tillögu flm. um það í hvaða nefnd málinu væri vísað, en það á ekki að vera vandi að koma í veg fyrir að það hljótist tjón af þessu og forseti mun ræða við nefndarformenn um málið.

Fjármögnunarfyrirtæki, fyrri umr.

Þáltill. PP, 170. mál. — Þskj. 180.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 180 till. til þál. um fjármögnunarfyrirtæki. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta

undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki þannig að unnt sé að marka stefnu um að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimiluð þátttaka í slíkri starfsemi hér á landi."

Á undanförnum árum höfum við sett hér á Alþingi lög um viðskiptabanka og seðlabanka. Í lögunum um viðskiptabanka er kveðið svo á að erlendum bönkum sé einungis heimiluð starfsemi hér á landi í formi umboðsskrifstofa, en hlutverk umboðsskrifstofa er takmarkað við upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu, en ekki hina hefðbundnu lánastarfsemi.

Á síðustu misserum hafa sprottið upp á Íslandi fjármögnunarfyrirtæki og sum með verulegri þátttöku erlendra aðila. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um slíka starfsemi og hafa þau verið stofnuð samkvæmt lögum um hlutafélög sem afmarka einungis rekstrarform þeirra. Fyrirtæki þessi eru stofnuð til að veita hvers kyns fjármálaþjónustu, svo og að hafa með höndum skylda starfsemi. Starfsemin er fjármögnuð með hlutafé, að hluta til erlendu, og með erlendum lántökum og með útgáfu verðbréfa til sölu.

Til þessa hafa þau fyrirtæki sem stofnuð hafa verið í þessum tilgangi lagt aðaláherslu á „leysingarstarfsemi" (leasing), en stefna jafnframt að annarri sérhæfðri fjármálaþjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Umfang þessarar starfsemi er enn þá óljóst, en gera má ráð fyrir að innan fárra missera gætu slík fyrirtæki verið búin að ná verulegum ítökum í efnahagslífi þjóðarinnar. Ekki er útilokað að með þessu móti nái slík fyrirtæki virkum yfirráðum yfir mikilvægum þáttum atvinnulífsins, svo sem í fiskeldi, mikilvægum fyrirtækjum í sjávarútvegi, fiskvinnslu ellegar verktakastarfsemi.

Skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978 má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Eigi í hlut félag með ótakmarkaðri ábyrgð, t.d. sameignarfélag, skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í félagi með takmarkaðri ábyrgð, t.d. hlutafélagi, er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnrh. getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár í hlutafélagi alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Ef við lítum á hvernig þessu er háttað með verslun er það þannig að sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, verður einnig að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í félagi með takmarkaðri ábyrgð er einungis áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Enn fremur skal hlutafé í hlutafélagi vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi. Viðskrh. getur þó veitt undanþágu frá þessum skilyrðum standi sérstaklega á.

Í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, er erlendu vátryggingarfélagi heimilt að reka starfsemi að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Í lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o.fl., segir að enginn megi gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Meðal þeirra skilyrða sem sett eru fyrir slíkri leyfisveitingu er að umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það s.l. ár. Sé um félag að ræða er lögreglustjóra því aðeins heimilt að veita því leyfi ef stjórnarformaður, þeir sem firma rita og þeir sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægja þessu skilyrði.

Ýmis önnur lög um einstakar atvinnugreinar hafa að geyma strangari ákvæði um ríkisfang, búsetu og meirihlutaeign hlutafjár. Má t.d. nefna lög nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, lög nr. 34/1964, um loftferðir, og lög nr. 53/1970, um skráningu skipa. Auk ákvæða í lögum um einstakar atvinnugreinar er fjallað um fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum hér á landi í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Lög þessi krefjast þess að einstaklingur hafi íslenskt ríkisfang til að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign. Eigi félag með ótakmarkaðri ábyrgð hlut að máli skulu allir félagsmenn hafa íslenskt ríkisfang, en sé um hlutafélag að ræða skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Lögin gera einnig ráð fyrir að hlutafé í hlutafélagi skuli a.m.k. að ⅘ vera í eigu íslenskra ríkisborgara. Dómsmrh. getur þó skv. lögunum veitt undanþágu frá þessum skilyrðum ef, eins og þar segir, „ástæða þykir til".

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, segir að meiri hluti stofnenda hlutafélags skuli hafa haft heimilisfesti hér á landi a.m.k. í tvö ár. Þar segir enn fremur að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnar skuli vera hér búsettur, en viðskrh. er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði. Þá er viðskrh. heimilt samkvæmt hlutafélagalögum að veita erlendu hlutafélagi rétt til starfa hér á landi að fullnægðum tilteknum skilyrðum, þar á meðal því að félagið fullnægi ákvæðum hlutaðeigandi atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Lög um samvinnufélög hafa ekki að geyma ákvæði um þátttöku erlendra aðila í samvinnufélögum og lög um sameignarfélög hafa ekki verið sett hér á landi.

Það er eins og sjá má á þessari upptalningu, nokkuð mismunandi hvernig haldið er á þessum málum í hinum einstöku atvinnugreinum og við hin einstöku skilyrði, en það má segja að löggjafinn gjaldi verulega varúð við að leyfa erlendum aðilum að fjárfesta hér á landi. Þess vegna er mjög óeðlilegt að um fjármögnunarfyrirtæki skuli ekki vera til löggjöf og það sé raunar hægt að fara fram hjá allri hinni löggjöfinni einungis í gegnum fjármögnunar-

fyrirtæki.

Það er á hinn bóginn svo að afstaða til eignarhalds útlendinga í íslenskum fyrirtækjum hefur lengi verið ágreiningsefni á meðal okkar. Á seinni árum hefur mjög verið slakað á um þá aðgát sem erlendri fjárfestingu hefur verið sýnd. Afstaða manna til erlendrar fjárfestingar markast m.a. af því hve vel eða að hverju marki þeir treysta Íslendingum sjálfum til að sjá fyrir sér. Það hefur reyndar aldrei verið hörgull á mönnum hér á landi sem hafa talið að Íslendingum væri ofviða að sjá um sig sjálfir og þeim bæri að leita til útlendinga um aðstoð við uppbyggingu atvinnulífsins og rétt væri að þeir ræki það í verulegum mæli.

Á seinni árum hefur átt sér stað mjög ör þróun í fiskirækt og fiskeldi. Ég er þeirrar skoðunar að þau mál hafi að hluta til farið úr böndum. Fiskeldisstöðvarnar eru mjög stórar hér, t.d. miklu stærri en Norðmenn treysta sér til að byggja í sínu landi. Það er tekin mjög mikil áhætta með þessum stóru stöðvum hér, bæði fjárhagsleg áhætta, áhætta vegna sóttvarna og einnig aukin mengunarhætta ef stöðvarnar eru mjög stórar. Þetta svið hefur verið opnað upp á gátt fyrir útlendingum. Íslendingar þurfa að vísu að eiga meiri hluta hlutafjár, en útlendingum er kleift að eiga 49% hlutafjár. Lánsfé er oftast erlent að verulegu leyti og útvegað af hinum erlendu aðilum þannig að hin virku yfirráð eru raunverulega komin úr höndum okkar Íslendinga.

Ég er ekki að gera lítið úr því að Íslendingar hafa á þessu sviði öðlast dýrmæta reynslu. Uppbyggingin hefði ekki orðið nærri því svona ör ef þessi leið hefði ekki verið farin. En hún er áhættusöm að mínum dómi og á henni eru þær skuggahliðar m.a. að flestir hentugustu staðirnir eru komnir undir fiskeldisstöðvar sem að meira og minna leyti eru í eigu útlendinga og undir virkum yfirráðum útlendinga. Það kann að verða í framtíðinni nokkuð þröngt um íslenska fiskeldismenn og fiskeldisfrömuði í sínu eigin landi ef þeir vilja fara á flot með alíslensk fyrirtæki.

Í fiskiðnaði og fiskveiðum höfum við verið betur á verði og það hefur sannarlega komið sér vel að varðveita yfirráð okkar höfuðatvinnuvegar í höndum Íslendinga sjálfra. Ég er þess fullviss að við hefðum aldrei unnið landhelgisdeiluna með þeim hætti sem við gerðum ef erlendir hagsmunir, t.d. enskir, enskt fjármagn hefði verið ráðandi í einhverjum verulegum mæli í íslenskum sjávarútvegi. Sama má segja um orkulindir okkar, fallvötnin. Við höfum staðið nokkuð fastir á því að varðveita þau í íslenskri eigu. Það er einnig mikilvægt. Í stóriðju höfum við nokkra reynslu af samstarfi við erlent fjármagn og eignarhaldi útlendinga. Sú reynsla er ekki sérlega glæsileg. Þessi fyrirtæki hafa keypt af okkur rafmagn og því miður oft undir framleiðslukostnaðarverði, þannig að við höfum orðið að borga með þeim viðskiptum á margan hátt. Ísland freistar útlendra fjármálajöfra að því er virðist og nú nýlega hafa þeir Wallenberg og Nicolin sýnt landinu áhuga og fengið fótfestu hér. Ég stóð á sínum tíma að lögum um þróunarfélag. Ég átti ekki von á því að það yrði að fáum misserum liðnum komið í slagtog með Wallenberg og Nicolin, þegar við gengum frá þeim lögum. Það eru fleiri fjármálajöfrar og jafnvel braskarafélög sem hafa komið auga á Ísland og þá möguleika sem hér finnast.

Varðandi þessa erlendu fjárfestingu sýnist sitt hverjum. Það er sjálfsagt að það komi fram að ýmsir líta erlenda fjárfestingu allt öðrum augum en ég. Sumir eru mér algerlega ósammála og sumir ósammála að hluta til. Ég tel að það sé mikilvægt að Íslendingar hafi ætíð virk yfirráð yfir atvinnulífi sínu og þess vegna beri að gaumgæfa ítarlega af hálfu stjórnvalda hvernig ástand er nú og marka ákveðna stefnu um það hvernig þessari þróun skuli stýrt í framtíðinni. Við erum ekki sammála um erlenda fjárfestingu, en um hitt eigum við allir að geta orðið sammála að mínum dómi, að um þessa starfsemi sé ekki óhætt annað en setja lög, beinlínis bráðnauðsynlegt að marka lagaramma, glöggva sig á því hvernig málum er háttað núna og marka starfseminni ákveðinn bás í efnahagslífi Íslendinga, víðan eða þröngan eftir atvikum.

Að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að þessi till. verði send atvmn. til athugunar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hreyfir með þessari þáltill., sem hann hefur mælt fyrir, mikilsverðu máli um fjármögnunarfyrirtæki og að löggjöf verði sett um þau þannig að hægt sé að marka stefnu um að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimiluð þátttaka í slíkri starfsemi hér á landi. Það má segja að þetta mál sé komið vonum seinna til umræðu í þinginu. Ég þakka hv. flm. fyrir frumkvæðið og þá er ég sérstaklega með í huga það sérstæða skref, sem stigið var á s.l. sumri og er vafalaust tilefni þess að till. þessi er flutt, þar sem var sú ákvörðun stjórnar Þróunarfélags Íslands að heimila erlendum auðjöfrum, sænskum, að eignast meiri hluta í fyrirtæki hér á landi gegnum fjármögnun. Þar var um að ræða fyrirtæki, ég held nafnið sé Silfurberg, án þess að ég vilji alveg fullyrða um heitið því að ég hef ekki gögn hér fyrir framan mig, og þar voru íslensk lög og lagafyrirmæli sniðgengin. Ja, með mesta velvilja mætti segja að það væru hagnýttar gloppur í íslenskri löggjöf til að heimila þessum sænsku auðkýfingum að eignast þarna meiri hluta í íslensku fyrirtæki. Því var svo hagað þannig að íslenskir stjórnarmenn fengju að vera í meiri hluta í fyrirtækinu þó kapítalið væri að meiri hluta erlent. Þetta var fyrsta fyrirtækið í rauninni sem spratt af Þróunarfélagi Íslands sem sett var á laggirnar hér eftir miklar stimpingar milli stjórnarflokkanna vorið 1985, hygg ég vera, og sannarlega býsna sérstætt að þá skyldi staðið að málum með þeim hætti sem þarna var gert undir forustu hæstv. forsrh. sem fer með málefni Þróunarfélagsins og ákvörðun stjórnarinnar auðvitað tekin í vitorði við hæstv. forsrh. Það er full ástæða til

að ætla að núv. ríkisstjórn hyggist ganga sömu götu, hagnýta sér gloppur og smugur í íslenskri löggjöf til að smeygja hér erlendum aðilum fram hjá íslenskum lögum inn í íslenskan atvinnurekstur.

Þess má geta að þeir sænsku aðilar sem þarna eiga í hlut eru mjög áhrifamiklir í sænsku atvinnulífi og hafa einmitt náð þar undirtökum í mjög mörgum iðnfyrirtækjum í krafti minni hluta í gegnum keðju af fyrirtækjum, eiga meiri hluta í einu og láta það svo fjármagna dótturfyrirtæki og tekst þannig í krafti takmarkaðs fjármagns og minni hluta að ráða í reynd keðju af fyrirtækjum. Ég hygg að út af þessu umrædda fyrirtæki, sem Þróunarfélagið setti með klækjum á laggirnar s.l. sumar með blessun hæstv. forsrh., sé einmitt eitt slíkt dótturfyrirtæki til komið. Það er kennt við silfur. Ætli það heiti ekki Silfurlax. Þetta er rétt að hafa í huga þegar menn eru að ræða þau mál sem þessi þáltill. fjallar um.

Ég er alveg sammála áhyggjum flm. till. Það er fyllsta ástæða til þess að halda ekki opnum smugum í íslenskri löggjöf eða gloppum sem geri kleift að hleypa inn í íslenskan atvinnurekstur fram hjá Alþingi, fram hjá almennum fyrirmælum í lögum, erlendum aðilum. Það var svo sem líkt þeim sem þarna stóðu að máli að fara að hagnýta sér slíkar smugur eins og gert var.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að kveða á um í ályktunartillögu Alþingis að haldið verði við þá stefnu ótvírætt að erlendir aðilar fái ekki heimild til að eiga meiri hluta í atvinnurekstri í íslenskum fyrirtækjum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að samræma íslenska löggjöf í þessum efnum þannig að það gildi í reynd hið sama um allan atvinnurekstur. Og mín skoðun er sú að Íslendingar eigi, nema í undantekningartilfellum, að standa einir að atvinnurekstri í okkar landi.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. rakti hvernig erlent kapítal er í rauninni búið að taka forustuna í uppbyggingu fiskeldis í landinu undanfarin ár. Þrátt fyrir takmnarkanir um 49% eignaraðild að hámarki hafa þeir í reynd náð yfirtökunum í krafti lánsfjár og í krafti þekkingar sem þeim er ætlað að leggja til og íslensku aðilarnir eru að greiða stórfé fyrir margir hverjir. Það er mál út af fyrir sig hvernig innlendir aðilar láta erlend fyrirtæki blóðmjólka sig með sölu á svokallaðri tækniþekkingu á okurverði. Íslenska járnblendifélagið er dæmið um eina slíka tilhögun og skattareglurnar varðandi ÍSAL eru annað dæmi sem er allt á nýlendustigi er óhætt að fullyrða, hvernig þessir aðilar hirða arð og komast hjá skattgreiðslum í gegnum svokallaða sölu eða þóknun fyrir tækniþekkingu.

Það er full ástæða til þess við meðferð þessarar till. að fá fram á henni breytingu þar sem vilji Alþingis og stefnumörkun af hálfu þingsins kemur fram varðandi þá löggjöf sem ríkisstjórninni er falið að setja. Þar eigum við að sníða stakkinn mjög þröngt að því er varðar erlent áhættufjármagn eins og það er kallað.

Menn hafa verið þeirrar skoðunar nokkuð almennt, fulltrúar íslensks atvinnurekstrar líka, að gjalda varhug við að útlendingar komi inn í sjávarútveginn í landinu, undirstöðuatvinnuveg okkar. Lög mæla fyrir um það að útlendingar megi ekki eiga krónu í íslenskum fiskiskipum, í fiskibátum hérlendis. Það er sannarlega vel og ætti að vera til eftirbreytni varðandi aðra þætti atvinnulífs. Þarna er auðvitað alveg nauðsynlegt að samræmis sé gætt. Og við skulum hafa það í huga að þessir erlendu aðilar, sem kynnu að leggja fé sitt hér inn í atvinnurekstur eftir gildandi lögum eða gloppum í löggjöf, munu auðvitað með einum og öðrum hætti reyna að koma fótunum inn fyrir í sjávarútveginum fram hjá íslenskum lögum eftir að umsvif þeirra fara að vaxa og það er ekkert ýkja langt á milli okkar hefðbundna sjávarútvegs og þess fiskeldis sem hér er að ryðja sér braut með útlendinga að verulegu leyti í forustu. Þetta er stórmál og ég lýsi fylgi við þann málflutning sem kom hér fram hjá flm., vildi ganga þar enn lengra í ýmsum efnum og tel nauðsynlegt að við meðferð þessa máls í nefnd verði fjallað um hvaða vegarnesti ríkisstjórn fær í sambandi við fjármögnunarfyrirtæki og löggjöf varðandi þau.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. frá hv. 2. þm. Norðurl. v. þar sem lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimiluð þátttaka í slíkri starfsemi hér á landi.

Ég tel að það sé afar skiljanlegt að þetta mál komi inn á hv. Alþingi til umræðu. Mér fannst þó síðasti ræðumaður tala nokkuð öðruvísi um þetta mál en ég held að almennt sé farið að gera, bæði í þessu þjóðfélagi og eins í okkar nágrannalöndum. Það er alveg ljóst að víðast hvar hafa menn haft skilning á því að það getur verið af hinu góða að fá erlent fjármagn til að byggja upp atvinnulíf og það fari yfir landamæri og sé jafnvel hollara að það gerist í því formi að áhættufjármagn geti borist yfir landamæri fremur en þjóðin kæfi sig í erlendum skuldum eins og hv. síðasti ræðumaður stóð fyrir þegar hann sat í ríkisstjórn á sínum tíma.

Það er einu sinni þannig að sumir telja að þeir hafi ávallt vit á öllum málum betur en allir aðrir og síðasti ræðumaður er einn þeirra. Hann sagði hér í ræðustól að menn hefðu leikið af sér í samningum og tiltók tvo samninga, sem Alþingi Íslendinga stóð að, annars vegar um ÍSAL og hins vegar Íslenska járnblendifélagið. Ég leyfi mér að rifja upp að það var forveri hv. síðasta ræðumanns, einn þeirra, þm. og ráðherra, Magnús Kjartansson, sem stóð í því á sínum tíma að semja við Union Carbide um járnblendiverksmiðju við Hvalfjörð. Hann hafði skilning á því að semja við útlendinga en það hefur hv. síðasti ræðumaður aldrei haft.

Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. að fyrir nokkrum árum flutti ungur varaþm. Framsfl. þáltill. og enn fremur lagafrv. sem gengu út á að örva það að erlent

áhættufjármagn gæti komið til Íslands. (**Gripið fram í:** Hann var kominn til útlanda þá.) Sá maður fékk samþykkta þáltill. og nú stendur yfir vinna á vegum viðskrn. þar sem þessi ágæti maður, Björn Líndal, hefur unnið að því að safna gögnum og gera tillögur um það hvernig þetta megi gerast og ég fagna því að sjálfsögðu. Þetta samþykkti hv. Alþingi, enda hefur Alþingi haft þá skoðun að það þurfi að semja heildarlöggjöf um þessi mál og koma málum þannig *fyrir að erlent áhættufjármagn megi notast í íslensku* atvinnulífi.

Björn Líndal og Hreinn Loftsson, sem með honum starfar, vinna að þessu verkefni með þeim hætti að þeir eru að safna saman upplýsingum um íslenska löggjöf, um löggjöf í nágrannalöndunum og síðan verður það auðvitað mat hæstv. ríkisstjórnar hvort fram kemur lagafrv. En þessi þáltill. sem hér liggur fyrir fjallar fyrst og fremst eða eingöngu um fjármögnunar- eða fjármálafyrirtækin. Það eru starfandi þrjú fyrirtæki hér á landi sem eru nokkuð stór í sniðum þar sem erlent fjármagn kemur nærri. Eitt er á vegum Sambandsins, það heitir Lindin. Þar ræður ríkjum m.a. Þórður Ingvi Guðmundsson, háttsettur maður hjá Framsfl. Leysing er fyrirtæki þar sem Helgi Bergs ræður ríkjum, það er sameignarfyrirtæki, reyndar hlutafélag margra aðila, og loks er það Glitnir sem Iðnaðarbankinn á aðild að og þar er enn fremur um erlent fjármagn að ræða. Ég tel að þessi fyrirtæki hafi gert margt til bóta og óska eftir því, þegar hv. atvmn. fær þetta mál til umsagnar, að það verði kannað hve mikið fjármagn hafi t.d. runnið til Norðurl. v. frá þessum fyrirtækjum sem hér eru nefnd.

Ég held að æskilegt sé að hafa erlenda aðila með, það geti verið til bóta, það geti verið til bóta að láta þá taka áhættu með okkur fremur en að þeir hafi ávallt sitt á þurru þegar við tökum lán hjá þeim. Hins vegar verðum við að gæta okkur á því að þeir fari ekki inn í okkar auðlindir allar eins og t.d. í fiskveiðar eða í orkuna sjálfa. Þar þurfum við að gæta okkar sérstaklega og ég tek undir það með þeim sem þau sjónarmið hafa viðrað.

Varðandi það hvort löggjöf um fjármögnunarfyrirtækin þurfi að vera með sama hætti og bankalöggjöf á Íslandi held ég að þess þurfi varla. Norðmenn hafa farið þá leið, hafa mjög flókna löggjöf um fjármögnunarfyrirtækin, en þess ber að geta að bankalöggjöfin er fyrst og fremst neytendalöggjöf fyrir almenning í landinu en þeir sem versla við fjármögnunarfyrirtæki eru yfirleitt ýmiss konar kaupsýslu- og athafnamenn sem vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Hitt ber þó að taka fram að verðlagseftirlit og Seðlabanki ættu að gefa miklu betri upplýsingar en þessir aðilar gera í dag um þessa starfsemi.

Ég vil enn fremur, herra forseti, minna á það að hæstv. forsrh. lýsti því yfir — reyndar ekki hér á landi en í einni af sínum opinberu heimsóknum nýlega ég man ekki hvar það var, ég held að það hafi verið í Svíþjóð frekar en í Kína — að Íslendingar ætluðu sér að opna landið fremur en nú er fyrir erlendu fjármagni og nú þyrfti að endurskoða alla löggjöf þar að lútandi. Að því er unnið. (**JBH:** Hann hefur orðið fyrir áhrifum frá félaga Deng.) Það má vel vera, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Hér á landi hafa starfað fyrirtæki í eigu útlendinga, það eru tölvufélög, dótturfyrirtæki. Það gerist í gegnum löggjöfina um verslunaratvinnu, fjármálafyrirtæki sem ég hef nefnt og fiskeldisfyrirtæki sem *hv. flm. gerði talsvert að umtalsefni.*

Það er algengur misskilningur, sem oftast kemur úr ákveðnu horni, að útlendingar standi í biðröðum eftir því að komast með sitt fjármagn inn í íslenska atvinnuvegi. Þvert á móti held ég að við þurfum að vinna talsvert í því að fá þá til þess að koma með áhættufjármagn inn í þá atvinnuvegi sem við viljum byggja upp til þess að við getum náð meiri hagvexti og betri lífskjörum hér á landi. Það er nægt lánsfjármagn í landinu, nægt lánsfjármagn, en það vantar eigið fjármagn í fyrirtækin og það er einmitt það sem þarf að gera og þess vegna þarf að örva erlenda fjárfestingu í landinu og um það þurfum við reglur. Þær reglur verða auðvitað til og það er verið að vinna að því starfi eins og hv. flm. þessarar tillögu veit mætavel. Og ég tel að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, eigi að bíða eftir að því starfi ljúki, því lýkur í þessum mánuði, og síðan eigi ríkisstjórnin, sem við styðjum báðir, ég og hv. flm., 2. þm. Norðurl. v., að fá hæstv. viðskrh. til þess að flytja hér inn í þingið heildartillögur um það hvernig fara eigi með þessi mál. Ekki eingöngu fjármögnunarfyrirtækin, heldur alla fjárfestingu sem erlendir aðilar vilja taka þátt í. Þetta er stórt mál og undir það vil ég taka sé það meining hv. flm. tillögunnar. Andi nýrra laga verður að vera jákvæður og til þess ætlaður, eða lögin, að örva erlenda fjárfestingu í landinu innan þeirra reglna sem við viljum setja.

Herra forseti. Ég sá ástæðu til þess að rifja það upp að það var varaþm. Framsfl. sem flutti hér inn í þingið tillögur um þetta efni. Það er unnið að tillögu á grundvelli þeirrar þál. sem þá var samþykkt og ég treysti því að hv. flm., 2. þm. Norðurl. v., standi með mér og öðrum stjórnarliðum að því að fá fram lagafrv. þar sem um er að ræða heildarreglur um þessi efni og þar skulum við standa saman og biðja hæstv. viðskrh. að leggja það frv. fram.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður og gagnlegar. Hér er um að ræða mál sem brýnt er að taka afstöðu til.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að varpa fram nokkrum áleitnum spurningum í tengslum við annað mál sem nú er brýnt að Alþingi láti til sín taka en það er endurskipulagning bankakerfisins.

Sem kunnugt er hefur okkar þjóðfélag þá sérstöðu í samanburði við ríki grannlanda okkar að við höfum um langt skeið búið við fyrirferðarmikið pólitískt ríkisbankakerfi og pólitískt forsjárkerfi í fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarmálum. Yfir-

stjórn fjármagnsins hefur verið að verulegu leyti í höndum pólitískra aðila. Það mun vera nokkurt ágreiningsmál milli stjórnarflokkanna hvernig bregðast skuli við því áfalli sem þetta kerfi hefur orðið fyrir og er þá átt við Útvegsbankann og örlög hans.

Sjálfstæðismenn hafa lýst því yfir að þeir vilji nota þetta tækifæri til þess að endurskipuleggja bankakerfið með því að ná því markmiði að hér komist á laggirnar einkabanki eða hlutafjárbanki og hann fullnægi þeim skilyrðum að vera nægilega öflugur til þess að geta veitt fjárhagslega þjónustu sæmilega öflugum fyrirtækjum. Við Alþýðuflokksmenn höfum lýst því yfir að við erum sammála þessum markmiðum, við teljum þetta mjög æskilegt. Við teljum mjög æskilegt að hér rísi öflugur hlutafjárbanki sem geti veitt ríkisbönkum samkeppni og um leið orðið til þess að draga úr óhæfilega mikilli pólitískri stýringu fjármagnsins.

Ég nefni þetta hér vegna þess að um leið og þetta hefur verið rætt segja menn sem svo: Við búum í litlu þjóðfélagi og ef við erum að tala um öflugan banka sem ekki á að njóta ríkisábyrgðar og ríkið á ekki að standa á bak við allar hans skuldbindingar segja margir sem svo: Slíkur banki verður ekki tekinn alvarlega í erlendum viðskiptum. Erlendir viðskiptaaðilar okkar eru vanir að ganga að því sem gefnu að ríkið sjálft standi á bak við allar slíkar skuldbindingar. Þess vegna er óséð að hlutafjárbanki, þótt hann væri sæmilega öflugur á okkar mælikvarða, stæði sig að því er varðaði erlend viðskipti. Og nú kemur spurningin: Ef við ætlum í áföngum að fikra okkur út úr þessu pólitískt stýrða ríkisbankakerfi, hvað getum við þá gert til þess að tryggja að slíkur hlutafjárbanki geti þótt gjaldgengur í erlendum viðskiptum? (**Forseti:** Vakin er athygli hv. ræðumanns á því að á dagskrá eru fjármögnunarfyrirtæki, þáltill., 170. mál Sþ.) Herra forseti, ég þakka ábendinguna en vek um leið athygli hans á því að ég er að ræða um mál sem varðar dagskrármálið, þ.e. þátttöku erlends áhættufjármagns í íslensku efnahagslífi og hugsanlega þær reglur sem þessi þáltill. fjallar um að við ættum að setja til þess að stýra því. Og kjarni málsins í því sem ég er að segja er þessi: Ef slíkur hlutafjárbanki ætti að vera gjaldgengur gæti það verið nauðsynlegt skilyrði að hann yrði að hluta til í eigu erlendra aðila sem ættu hlut í honum. Þar með tengist það mjög náið þessu máli þó að hér sé aðeins fjallað um fjármögnunarfyrirtæki. Hvað er banki? Hann er fjármögnunarfyrirtæki.

Ég tek undir það með hv. frsm. og flm. að það er tímabært að setja um þetta almennar reglur. En ég *held að menn ættu að nálgast viðfangsefnið ekki út* frá hugmyndafræði, ekki út frá því að draga sér upp grýlumyndir fyrir fram af böli erlends fjármagns, sér í lagi með hliðsjón af því að það er staðreynd að ríkisbankakerfið íslenska, það fé sem það lánar, er 40% erlent fé að uppruna, erlent lánsfé. Hér er fyrst og fremst spurning um þetta: Viljum við heldur að erlent fjármagn komi hingað inn í landið í gegnum hið pólitískt stýrða banka- og fjárfestingarlánakerfi og verði allt á ábyrgð ríkisvaldsins sem slíks eða viljum við setja almennar reglur sem heimila þátttöku erlends áhættufjármagns við uppbyggingu í íslensku atvinnulífi? Og er ekki rétt, herra forseti og hv. flm., að reyna að taka í því efni nokkurt mið af reynslu allra annarra þjóða í kringum okkur? Þess munu nefnilega vera fá dæmi að tekist hafi að byggja upp þróttmikið og háþróað efnahagslíf án þátttöku erlends áhættufjármagns í mismunandi miklum mæli en á vissum þýðingarmiklum skeiðum þeirrar uppbyggingar.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrst fyrir spaklegar og skemmtilegar umræður. Ég er hins vegar ekki sammála sumum hv. ræðumönnum um gæði þess og nauðsyn þess að reiða sig á erlent fjármagn við uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Ég er hins vegar ekki að loka á það að það geti átt rétt á sér í vissum og afmörkuðum tilfellum, síður en svo.

Ég vil gera að umtalsefni hugtakið áhættufjármagn, sem hv. 2. þm. Reykv. og reyndar 5. þm. Reykv. gerðu að umtalsefni. Þetta hugtak, áhættufjármagn, eins og það er sett fram og notað af þeim, er merkingarleysa. Hér er um gróðafjármagn að ræða, það mætti fremur kalla það gróðafjármagn eða gróðavonarfjármagn. Það er fjármagn sem eigendur þess eða umráðamenn vonast eftir að renti sig sem hraðast, renti sig hraðar en með venjulegri bankaávöxtun. Þetta fjármagn kemur ekki til okkar í neinu góðgerðarskyni eða til þess að taka neina sjensa í íslensku atvinnulífi. Þetta fjármagn kemur til Íslands til þess að aukast þar og margfaldast. Áhættan er hins vegar venjulega Íslendinga megin. Það má miklu fremur segja að vasapeningar hv. 2. þm. Reykv. séu áhættufjármagn því að þeir renta sig ekki nærri því alltaf enda er þar tekin töluverð áhætta.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á tillöguflutning flokksbróður míns, hv. varaþm. Björns Líndals, þar sem hann flutti till. til þál. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Þessi till. til þál., ef ég man rétt, hljóðaði upp á það að fela ríkisstjórninni að láta semja frv. til l. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi og það er ekki nema gott eitt um það að segja. Þessi löggjöf þarf ekkert endilega að vera til rýmkunar. Hún getur orðið til þrengingar, en af hinu góða er að fá reglur um þetta sem hægt er að starfa eftir.

Ég tel að það sé rétt að setja lög um það tiltekna atriði sem Björn Líndal gerði að umræðuefni, þ.e. fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum, þröng eða rúm eftir atvikum og eftir vilja þingsins. Ég tel jafnframt rétt og enn brýnni nauðsyn bera til að setja lög um fjármögnunarfyrirtæki. Hér er um nýtt svið að ræða sem er okkur að nokkru leyti framandi og þessi lög þurfa fremur að vera til aðhalds frá núverandi stjórnleysi heldur en til að

auka á það. Það er verst að láta málin þróast stjórnlaust eins og þau gera í dag. Hér hefur enginn hugmynd um það hvað er í eigu Íslendinga og hvað er í eigu útlendinga. Það hefur enginn hugmynd um það að hve miklu leyti þessi fyrirtæki hafa fótfestu í íslensku athafnalífi.

Ég tel að þó að hér hafi orðið nokkur meiningarmunur um erlent fjármagn, kosti þess og galla, séu menn í stórum dráttum sammála um það að skynsamlegt sé að setja lagaramma um fjármögnunarfyrirtækin. Fyrir það er ég þakklátur, herra forseti, og lýk máli mínu.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Mig langar aðeins til þess að benda hv. 2. þm. Norðurl. v. á nokkur undirstöðuatriði sem ég held að sé kominn tími til að hann skilji.

Í fyrsta lagi þetta: Ástæðan fyrir því að svokallað áhættufjármagn, sem er hugtak notað yfir fjármagn sem t.d. er hlutafé eða getur tapast fyrst í viðkomandi félögum, rentar sig betur en annað fjármagn er sú áhætta sem við þetta fjármagn er bundin. Það er þess vegna alltaf munur á vöxtum eða ávöxtunarkröfu slíks fjármagns og annars fjármagns. Þetta þekkja allir sem hafa komið nálægt eðlilegum banka- og fjármögnunarviðskiptum. Ástæðan er sú að sumt af þessu fjármagni tapast. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt við það að áhættufjármagn eigi að renta sig betur því að það geta komið áföll sem geta orðið þegar fyrirtæki fara á hausinn og þá tapast þetta fjármagn alveg. Það þekkja ýmsir þeir sem hafa átt fjármuni í fyrirtækjum og hafa glatað þeim vegna þess að fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota. Þetta er auðvitað svo augljóst sem mest getur verið, en mér fannst hv. 2. þm. ekki alveg hafa gert sér það fyllilega ljóst, en vonandi — já, mér sýnist það — hef ég bætt úr því nú.

Ég skal ekki um það dæma hvort vasapeningar mínir renti sig betur eða verr en t.d. vasapeningar hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég hygg að þingfararkaup hans sé vasapeningar því að hann er stórbóndi norður í landi og býr þar góðu búi og ég hygg að það standi undir honum og fjölskyldu hans, annað séu vasapeningar. Og ég efast ekki um, ef hann er líkur frændum sínum fyrir norðan, að hann sé maður til þess að ávaxta það fjármagn vel.

Að lokum þetta. Hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hefur lýst því yfir að það þurfi að samræma reglur um erlent fjármagn hér á landi, bæði er varðar beina fjárfestingu og fjármagn sem kemur hér í gegnum fjármögnunarfyrirtæki. Þessa yfirlýsingu styð ég eindregið. Ég styð einnig þá vinnu sem fer fram á grundvelli þáltill. framsóknarmannsins Björns Líndals. Ég veit að henni er að ljúka og ég tel í framhaldi af því eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn hlutist til um það að lagt verði fram á Alþingi frv. um þessi efni og mæli með því að þær hugmyndir sem koma fram í þessari þáltill. hv. 2. þm. Norðurl. v. verði samferða þeirri vinnu, enda er hér um náskyld mál að ræða. Ég vonast að sjálfsögðu til þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. styðji hæstv. forsrh. og sjónarmið hans jafndyggilega í þessu máli — ég ætlaði að segja og öðrum, þá mundi ég eftir því að hann gerir það ekki. Ég get orðað þetta öðruvísi: Hann styðji a.m.k. sjónarmið hæstv. forsrh. í þessu máli jafnvel og ég geri. Það er nú alveg lágmark að formaður þingflokks framsóknarmanna geri það.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umræðum hefur hv. 2. þm. Norðurl. v. hreyft hér allmerku máli sem er till. til þál. um fjármögnunarfyrirtæki, en hann vill fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um þá starfsemi. Þessi tillaga er að mörgu leyti gagnleg og þörf því að hún dregur athyglina að því sem efni hennar er, þeim fjármögnunarfyrirtækjum sem hér hafa nokkur verið stofnuð á síðustu misserum og árum. Það má vel vera að rétt sé að taka það til athugunar hvort æskilegt er að setja löggjöf um þessi félög og slíka starfsemi.

Tillagan leiðir hins vegar hugann að þeirri spurningu hvort ekki er orðið tímabært að taka frá grunni til endurskoðunar þær reglur íslenskra laga sem gilda um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Það vekur upp þá grundvallarspurningu hvort ekki sé eðlilegra að fá hingað til lands erlent áhættufjármagn í stað þess að sífellt sé verið að taka lán í bönkum og öðrum lánastofnunum gegn veðum í eignum hér á landi á háum vöxtum. Slík lán auka skuldabyrði þjóðarinnar sem þegar er orðin ærin fyrir, ekki síst þegar við höfum þá staðreynd í huga að það lánsfjármagn sem nú er um að ræða í íslensku atvinnulífi mun vera að uppruna um 70% erlent.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. þessarar tillögu sagði, að það áhættufé, sem um er að ræða og kemur inn á vegum og vettvangi hinna nýju fjármögnunarfyrirtækja, er gróðafjármagn. Það liggur í hlutarins eðli að svo er. En ég sé í sjálfu sér ekki neitt illt við það vegna þess að vitanlega eru það ekki aðeins eigendur hins erlenda áhættufjármagns sem hafa hag og ábata af því fjármagni heldur ekki síður þeir Íslendingar sem að fyrirtækjunum standa og byggja þau upp, sem þá einnig hagnast í jafnvel ríkari mæli en hinir erlendu eigendur áhættufjármagnsins. Það er mergurinn málsins.

Þetta leiðir vitanlega hugann að þeirri grundvallarspurningu sem er staða erlends áhættufjármagns í íslensku atvinnulífi. Ég vil taka undir með þeim sjónarmiðum, sem hér hafa komið fram, að það beri að gjalda varhug við því að erlendir fjármagnseigendur nái undirtökum í íslensku atvinnulífi. Ég held þó að það sé ekki hægt að setja allt „íslenskt atvinnulíf“ að þessu leyti undir sama hatt.

Það er vitanlega sjálfsögð stefna, sem fylgt hefur verið, að tryggja það sem vendilegast að Íslendingar hafi einir yfirráð yfir sínum auðlindum og nýtingu þeirra. Þar er fyrst og fremst um að ræða nýtingu sjávaraflans og fiskimiðanna, nýtingu íslenskra

fallvatna og orku, nýtingu annarra íslenskra landkosta eins og jarðhita og annars slíks. Það sama þarf hins vegar alls ekki að gilda hvað varðar aðgang erlends fjármagns að annarri atvinnustarfsemi, þar sem ekki er um auðlindanýtingu að ræða. Ég tel einborið að ekki þurfi sömu reglur að gilda um fjárfestingar í ýmsum þjónustugreinum eða iðnaði og þær takmarkanir sem við viljum láta gilda hvað varðar nýtingu auðlinda okkar. Ég tel þess vegna bæði þörf á því og fulla ástæðu til þess að sett verði skýr lög um það hér á Alþingi hvernig við getum nýtt okkur þá kosti sem í erlendu áhættufjármagni felast. Það hafa allar nágrannaþjóðir okkar gert í vaxandi mæli á liðnum árum með góðum árangri og þangað getum við vitanlega sótt löggjafarfyrirmyndir.

Ég minni á það að nýlega hafa verið samþykkt hér á þingi tvenn lög um bankastarfsemi. Í öðrum þeirra er gert ráð fyrir heimild erlendra banka til þess að reka hér svokallaðar umboðsskrifstofur. Ég held að það komi mjög til athugunar við könnun á þátttöku erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi hvort ekki er orðið tímabært að rýmka um slíkar heimildir erlendra banka til starfsemi hér á landi í formi útibúa eða á annan hátt þar sem erlendir fjármagnsaðilar lána til íslenskra framkvæmda og íslenskra atvinnufyrirtækja þannig að það séu hinir erlendu aðilar sem bera þá áhættuna. Ef illa fer séu það ekki íslenskir fjármagnseigendur sem beri skaðann heldur þeir erlendu fjármagnseigendur, þeir sem að hinni erlendu bankastarfsemi standa. Þannig dreifum við áhættunni. Þar er ekki um eignaraðild að ræða, heldur er þar einfaldlega um þátttöku í bankastarfsemi að ræða. Það má vel vera að menn segi að þetta sé erfið og óheilbrigð samkeppni fyrir íslenska banka og íslenska bankastarfsemi. Ég er ekki á sama máli. Ég tel að hér gæti vel verið um heilbrigða samkeppni að ræða sem mundi einmitt geta átt þátt í því að létta ýmsum byrðum af íslenska bankakerfinu og geti verið íslenskum atvinnuvegum mjög til góða.

Í öðru lagi vil ég minna á frv. sem nýlega var dreift hér á þingi en það er frv. til nýrra tollalaga. Í 90. gr. þess frv. er gert ráð fyrir nýmæli í íslenskum lögum, þ.e. stofnun sérstakra tollfrjálsra svæða en stofnun þeirra hefur verið bönnuð hingað til. Þar er gert ráð fyrir að fram geti farið vinnsla, iðnaður eða atvinnustarfsemi þar sem virði vörunnar sé aukið, þar sem virðisauki skapist án þess að af slíkri vöru, iðnaðarstarfsemi eða atvinustarfsemi þurfi að greiða aðflutningsgjöld og aðra íslenska tolla og gjöld. Það kemur vissulega til greina að á slíkum sérsvæðum verði heimilað að nýta erlent áhættufjármagn í meira mæli en annars staðar innanlands.

Til að draga saman það sem ég vildi segja í tilefni þessarar þáltill., þá er hún í rauninni aðeins angi af miklu stærra máli, því máli að við Íslendingar setjum reglur og löggjöf, sem hingað til hefur skort í íslensk lög, um þátttöku erlends áhættufjármagns í íslensku atvinnulífi. Ég tel að það sé nauðsyn á frjálslegri reglum á því sviði en hingað til hafa gilt. Raunar hafa þær reglur verið mjög á reiki eins og hv. flm. benti á. Íslenskt atvinnulíf þarf að nýta sér áhættufjármagn í miklum mun meira mæli en það gerir í dag. Það getur orðið íslensku atvinnulífi veruleg lyftistöng á komandi árum. Þar er um það að ræða að hinir erlendu fjármagnseigendur taka áhættuna en ekki hið íslenska bankakerfi. Þess vegna eigum við að setja um þetta skýrar reglur. Í þeim reglum þarf vitanlega jafnan að gæta þess að í efnisköflum slíkra laga og slíkra reglna seljum við ekki forræði yfir atvinnustarfsemi okkar eða auðlindum í hendur útlendinga. Aðrar þjóðir hafa getað búið svo um hnútana að ekki er um slíkt að ræða og okkur ætti ekki að vera þar vandara um.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil gera örstutta athugasemd. Ég gleymdi að svara hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Ég er ekki hlynntur þátttöku erlendra bankastofnana í íslensku bankakerfi og ég er ósammála röksemdafærslu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Gunnars G. Schram um það efni.

Hv. 2. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, sagði mér nú svo sem ekkert nýtt. Hér er um gróðavonarfjármagn að ræða og það er ekki sent hingað til að taka áhættu. Það er sent hingað til þess að ávaxtast og ávaxtast hraðar en með öðru móti.

Ég get ekki annað en glaðst yfir hollustuyfirlýsingum hv. 2. þm. Reykv. Friðriks Sophussonar við forsrh. okkar. Það var nú tími til kominn að hv. þm. færi að láta í ljósi aðdáun sína á þeim manni.

Ég held að það sé engin ástæða til þess að hnýta till. mína við vinnu Björns Líndals og Hreins Loftssonar. Mín till. er sjálfstæð og ber að skoðast sem slík en ekki sem einhver partur af því sviði sem þeir eru að fjalla um Björn Líndal og Hreinn Loftsson. Svo á ég heldur ekki von á því að það sé nú alveg að fæðast frv. frá þeirra hendi, hvað þá að það fái framgang hér á þinginu í vetur.

Ég er sammála Gunnari G. Schram um það að erlend lán eru dýr og geta verið hættuleg ef þau keyra úr hófi. Þess vegna þarf að hafa mikla stjórn og mikla aðgát við lántökur erlendis. Þó held ég að það sé skárri leið en það að selja frumburðarréttinn. Ég held að við eigum að kappkosta það Íslendingar að vera hér sjálfseignarbændur á landi okkar, fremur en leiguliðar útlendinga eða starfsmenn þeirra. Ég held að við eigum að kappkosta það fremur að vera húsbændur en hjú heima hjá okkur sjálfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Á fundum verkalýðshreyfingar og

vinnuveitenda þessa daga og nætur hefur verið fjallað um gerð nýs kjarasamnings. Þar er um það rætt að verðlagi og verðbólgu verði haldið í skefjum. Þar er og rætt hvernig lækka megi verðlag svo launþegar og neytendur um leið megi búa við traustari lífskjör. Þar og í Alþfl. hefur mönnum mjög brugðið í brún vegna þeirra frétta sem berast nú um hugsanlega upptöku kvóta í eggja- og kjúklingaframleiðslu. Ýmislegt bendir til að þessar ráðagerðir séu komnar á lokastig.

Samband eggjaframleiðenda, eða einstaklingar innan þess, hafa sótt um 50 millj. kr. lánsábyrgð til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til að gera Íseggi, þ.e. eggjadreifingarstöð Sambandsins, kleift að kaupa Holtabúið á Rangárvöllum. Samkvæmt fréttum og fyrri reynslu af Sambandi eggjaframleiðenda er fyllsta ástæða til að ætla að tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að ná meiri hluta eggjaframleiðslunnar undir sig. Að því loknu skal þvinguð fram framleiðslustjórnun og sölueinokun á eggjum og reynsla slíkrar einokunar sýnir að í kjölfarið muni verðið stórhækka og í framhaldi af því auka útgjöld ríkisins. Stjórn Framleiðnisjóðs fundaði um þetta mál s.l. föstudag og vísaði beiðninni frá um stundarsakir eða þangað til ákveðnum skilyrðum hefði verið fullnægt:

1. Fyrir liggi óskir meiri hluta eggja- og kjúklingaframleiðenda fyrir stjórnun í þessum greinum.
2. Framleiðnisjóði verði tryggður tekjustofn af kjarnfóðurgjaldi sem innheimt er af alifuglafóðri og heimilt verði að ráðstafa þeim fjármunum sem lánum eða framlögum í samráði við framleiðendur í hverri grein.
3. Stofnað verði hlutafélag um kaupin og verði hlutafé eigi minna en 25% af stofnkostnaði við búkaupin. Félagið sé opið öllum félögum í samtökum eggjaframleiðenda.

Á fundi með sauðfjárbændum þann 2. des. fullyrti aðstoðarmaður landbrh. að þessum skilyrðum yrði að líkindum fullnægt þegar í gær og mætti búast við *því að beiðnin yrði afgreidd innan skamms í stjórn* Framleiðnisjóðs. Ég hef frétt að ekki sé ákveðið hvenær fundurinn verður haldinn — kannske var hann haldinn í dag, ég hef ekki frétt af því, — en þar *verður fjallað um þessa beiðni ef að líkum lætur,* reyndar hef ég frétt að svo yrði.

Það bendir sem sagt allt til þess að nú eigi að taka upp kvótakerfi í þessari búgrein sem svo mörgum öðrum. Það yrði þá gert þrátt fyrir mikla andstöðu fjölmargra eggja- og kjúklingabænda sem telja þetta leið til að koma þeim fyrir kattarnef.

Því spyr ég landbrh.: Hafa ráðuneytinu borist tillögur um slíka framleiðslustjórnun? Er það vilji hans að framleiðslustjórnun verði tekin upp? Er slík stjórnun fyrirhuguð? Er samstaða í ríkisstjórninni um slíkt kvótakerfi í eggja- og kjúklingaframleiðslu?

Ég vænti þess að fá skýr svör um þessi efni og bendi jafnframt á að neytendur, launþegar í landinu, eiga rétt á slíkum svörum. Það get ég fullyrt og geri það fyrir hönd verkalýðssamtakanna að slík aðför að neytendum mun hafa skaðvænleg áhrif á þær samningaviðræður sem nú standa yfir. Ég vænti þess að fá skýr svör við þessu efni.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það mun vera orðið langt síðan að fram fóru að koma hugmyndir og óskir um að stjórna eggjaframleiðslu eins og fleiri búgreinum. Ég man ekki hversu margar tillögur mér hafa borist og viðtöl ég hef átt af þeim sökum.

Á s.l. ári voru samþykkt ný lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara. Þar gerði Alþingi ráð fyrir heimild til þess að slík skipan gæti verið tekin upp. Ég hef jafnan sagt að það yrði að fara eftir vilja framleiðendanna sjálfra. Þeim er veittur þessi möguleiki í gildandi lögum og ef þeir óskuðu eftir því þá mundi ég taka það til athugunar. Það er rétt að þetta hefur verið í meiri umræðu nú að undanförnu en áður. Ástæðan fyrir þessu er vissulega ekki sú að þarna eigi að leggja í aukinn kostnað, meiri birgðir, heldur er það markmiðið að reyna að gera framleiðsluna hagkvæmari.

Það hefur t.d. komið fram hversu mikill sparnaður er talinn hafa orðið í útgerð hér á landi við það að koma kvótakerfinu á vegna betri rekstrar — það er eitt glöggt dæmi um það hvað hægt er að gera með því að hafa skynsmlegar aðferðir — og að það sé betri leið en að leggja í mikinn kostnað, bæði í fjárfestingu og framleiðslu, sem ekki skilar sér og síðan verður það að ráðast hversu margir verða gjaldþrota. Ég hika ekki við að segja að ég tel að sú leið sé allt of dýr fyrir þjóðfélagið. Ég held að þjóðin hafi nú á þessu ári fengið reynslu af því hversu dýrt það er að láta gjaldþrot ráða því. Því vitanlega hækkar svo verðið þegar nægilega margir eru farnir á hausinn og það eru neytendur sem verða þá að borga raunverulega allan kostnaðinn á einn eða annan hátt. Því hef ég talið það skynsamlegt að fara þessa leið. En eins og ég sagði: því aðeins að framleiðendur sjálfir séu sammála um það að því *marki sem lögin kveða á um.*

Ég mun skoða rækilega þau gögn sem hafa verið að berast til ráðuneytisns núna og athuga hvort þar eru uppfyllt þau skilyrði sem lögin tiltaka og að því *loknu mun ég taka afstöðu til málsins.* (**KSG:** Er samstaða í ríkisstjórninni?) Samkvæmt lögum hefur landbrh. þessa heimild. Alþingi hefur falið honum það að framkvæma þessi lög. Ég hef ekki borið þetta mál upp í ríkisstjórninni enn þá, það er ekki komið á það stig, en að sjálfsögðu mun ég gera það áður en málið verður endanlega afgreitt.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það eru líklega seinustu forvöð að ræða þetta mál hér á Alþingi, ef marka má orð hæstv. ráðh., því greinilegt er að þetta mál siglir nú hraðbyri í það að komið verði á kvótakerfi í eggjaframleiðslu hér á landi og það með því að maður hefur fregnað að þeir aðilar sem áhuga hafa á þessu kvótakerfi telja sig þegar hafa uppfyllt þau skilyrði sem lögin margfrægu frá því í fyrra gera ráð fyrir. Þá

er ráðherra ekkert að vanbúnaði að taka þessa menn upp á sína arma og flytja þá inn í það allsherjar kvótakerfi landbúnaðarins sem við þegar þekkjum.

Auðvitað er markmiðið hér sem endranær í yfir 60 eða 70 ára sögu stjórnunar landbúnaðarframleiðslu hér á landi að gera framleiðsluna hagkvæmari. Maður spyr sig þá bara: Hvers vegna dettur mönnum það enn eina ferðina í hug? Hvers vegna dettur mönnum það raunverulega í hug enn þann dag í dag að þessu markmiði sé hægt að ná með þeim vinnubrögðum sem menn hafa beitt núna um áratuga skeið og engum árangri hafa skilað öðrum en sívaxandi örbirgð bænda? Og alls ekki því sem það átti að skila, þ.e. lækkuðu verði á framleiðsluvörum bænda til neytenda. Aðalvandinn sem við búum við í dag er að landbúnaðarvörurnar sem við eigum að neyta eru einfaldlega of dýrar og þess vegna neytir fólk einhvers annars.

Herra forseti. Ég veit að maður talar hér innan ákveðinna tímamarka en ég ætla þó að leyfa mér í lok máls míns í fyrsta lagi að skora á ráðherra að sýna okkur þær tölur sem hann fullyrti að væru til sem sönnuðu árangur kvótakerfisins til lækkunar útgerðarkostnaðar. Mér finnst það ansi fífldjarft að halda því fram hér í ræðustól að slíkar tölur séu fyrir hendi, því þær eru alls ekki fyrir hendi, og hitt að held ég líka að sé röng fullyrðing að það sé dýrara fyrir þjóðfélagið að láta nokkur eggjabú fara á hausinn en að viðhalda rekstri þeirra með einhverjum hætti. Við eigum velferðarkerfi sem getur tekið við því fólki sem verður fyrir skakkaföllum af því að bú þeirra fara á hausinn. En það velferðarkerfi á eingöngu að vera fyrir fólk en ekki fyrir fyrirtæki.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. 6. landsk. þm. vekur máls á þessu efni hér. Það virðist gerast svo margt sem maður hefur ekki tíma til að fylgjast með og á honum var að heyra að komið væri að lokaákvörðun. Ég fagna því einnig að hann virðist vera svo góður talsmaður frjálshyggjunnar sem fram kom í ræðu hans.

Mér líst afar illa á að þvinga þetta mál fram með þeim hætti sem frummælandi gaf í skyn að hér væri að gerast. Ég gat heldur ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en verið væri að bjarga einhverjum frá gjaldþroti. Væri í sjálfu sér fróðlegt að fá að vita hvort það er tilfellið. Varðandi þau orð hæstv. ráðh. sem féllu varðandi kvótakerfi og sparnað í því sambandi, þá er kvótakerfi alltaf neyðarúrræði og það er einmitt neyðarúrræði í landbúnaði núna vegna þess að við erum komnir þar í ógöngur. Ekki að það sé einhver óskastaða sem menn eigi að byrja nýjar atvinnugreinar á.

Ég endurtek það að ég er á móti þessum þvingunum sem hér virðast eiga að nást fram. Og ég vil vara menn við því hvar það endar ef við höldum slíkum leik áfram.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi umræða á sér stað hér í dag. Hún orðin tímabær. Ég tel þetta vera alvarleg tíðindi. Mig langar til þess að leggja fyrir hæstv. ráðh. örfáar spurningar í þeirri von að hann svari þeim skýrt og skorinort:

1. Er eðlilegt að nota opinberan sjóð eins og Framleiðnisjóð til þess að ná meiri hluta í einni grein landbúnaðar sem nú er utan við svokallaða stjórnun?

2. Ef í kaupsamningi aðila sem um er að ræða eru ákvæði um það að nýir eigendur skuldbindi sig fram í tímann um margra ára skeið að kaupa af einu fyrirtæki aðföngin, telur hæstv. ráðh. það vera siðlegt að opinber sjóður liðki fyrir slíkum kaupum?

3. Hver er fjárhagsleg staða Íseggs hf.? Hvernig stendur á því að þau skilyrði eru sett fram að nýir eigendur þess hluta Holtabúsins sem snýr að eggjaframleiðslunni þurfi að lofa 20 millj. kr. hlutafé? Hver er fjárhagsvandi Íseggs og hvers vegna? Getur það verið að óhagræðið af þessari afurðastöð eigi einhvern þátt í því?

4. Þessi spurning snýr að kjúklingunum sem reyndar er annar þáttur þessa sama máls. Er það rétt að það eigi að greiða útflutningsbætur á kjúklinga?

5. Er það rétt að sett hafi verið það skilyrði að ef úr kaupum yrði þá skuli öll egg seld í gegn um afurðastöð?

6. Hefur hæstv. landbrh. persónulega haft afskipti af þessu máli í þá átt að hvetja til þess að Framleiðnisjóður veiti ábyrgð eða láni til þessara kaupa?

Ég vísa á bug rökstuðningi hæstv. ráðh. um kvótakerfið sem er vandamál bæði í sjávarútvegi og í landbúnaði, sem við þurfum að vinna okkur út úr en ekki að kafna í til frambúðar eða láta fleiri atvinnugreinar lenda í þeirri sjálfheldu sem kvótakerfi er og hlýtur að vera. Ég lýsi yfir eindreginni andstöðu við þetta mál eins og það hefur verið skýrt hér og treysti því að hæstv. ráðh. leggi þetta fyrir ríkisstjórn því að ég tel að þar muni það gerast að þetta mál verði þurrkað út af borðum hæstv. ríkisstjórnar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var hér örstutta stund í salnum áðan en hefur nú vikið af vettvangi. Ég hefði gjarnan viljað beina nokkrum spurningum til hans út af þessu máli, en hann virðist hafa horfið af vettvangi. Í rauninni er þetta mál afskaplega einfalt. Mér sýnist að hér sé bara á ferðinni enn eitt framsóknarhneykslið í þessum efnum þar sem á að nota fjármuni frá almenningi, opinbert fjármagn til þess að hjálpa ákveðnum aðilum til að skapa sér einokunarstöðu á sviði eggjasölu. Það er auðvitað meiri háttar hneyksli og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Mér þykir ánægjulegt að hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., skyldi hafa tekið jafneindregið undir með málshefjanda, hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, í þessu efni og beint raunar einnig mjög ákveðnum spurningum til hæstv. landbrh.

Hér er sem sagt enn eitt hneykslið á ferðinni, sýnist mér, og ber að gera ráðstafanir til að stöðva það. Ég hygg að það muni enn þá vera hægt. Hér er ekki verið að hugsa um hagsmuni neytenda, hér er verið að hugsa um einhverja allt aðra hagsmuni en neytenda. Það er verið að hjálpa einhverjum ákveðnum mönnum til að gera út á neytendur og nota til þess opinbera peninga.

Ég skil satt að segja ekki þá röksemdafærslu hæstv. landbrh. þegar hann talar annars vegar um kvótakerfið í sjávarútvegi, og hvað það hafi nú sparað óskaplega mikið, og hvað það hljóti þá að vera einstaklega gott að koma upp kvótakerfi að því er hænsnabúskap varðar. Ég fæ ekki tengt þetta saman með þeim hætti sem hann gerði.

Mér heyrist afstaða meiri hluta þeirra þm., sem hafa tjáð sig hér um þetta mál, vera alveg skýr. Þetta mál ber að stöðva. Hér er verið að vega að hagsmunum almennings. Ég vona að við, sem gagnrýnum þetta, fáum þá stuðning úr stærri ríkisstjórnarflokknum eins og mér heyrðist á varaformanni Sjálfstfl. að muni ekki standa á. Ég harma bara að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., skuli ekki vera hérna í salnum. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann um eitt og annað og fá hans afstöðu skýrt fram en varaformaðurinn talar væntanlega fyrir hans hönd. Ég a.m.k. treysti því. Þetta er mál sem ber að stöðva og því fyrr því betra vegna þess að hér er beinlínis verið að vega að hagsmunum almennings og neytenda.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Formsins vegna er það eðlilegt að frummælandi beini spurningum sínum til hæstv. landbrh., oddvita framsóknarkerfisins í landbúnaðareinokun. En það er bara formsins vegna, vegna þess að það er þarflaust að spyrja. Svörin eru gefin fyrir fram. Það er markmið Framsfl. að koma ekki aðeins landbúnaðinum heldur sjávarútveginum líka undir miðstýrt einokunarkerfi og um það þarf ekkert að deila. Orð hæstv. ráðh. báru því vitni.

Í raun og veru á að beina þessum spurningum til formanns Sjálfstfl., 1. þm. Suðurl., og til þeirra sjálfstæðismanna. Spurningin er þessi: Ætlið þið, herrar mínir, hv. alþm., sjálfstæðismenn, að láta þetta líðast? Eða ætlið þið að sjá til þess að þessi aðför að þessum geira landbúnaðarframleiðslu, sem er stórt neytendamál, þessi aðför til að koma þessari framleiðslu undir einokunarkerfi framsóknarmanna, ætlið þið að láta líðast að hún takist? Má treysta því að þið fylgið eftir orðum ykkar hér og sjáið til þess að þetta gerist ekki? Því nú duga ekki orð, nú spyrjum við um athafnir.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Það virðist staðfest að það er vilji og ætlun landbrh. að setja kvóta á þessa framleiðslu þrátt fyrir mótmæli verkalýðssamtakanna, þrátt fyrir mótmæli neytendasamtakanna sem hafa mjög öflugt mótmælt þessu og bent á það að í öllum tilvikum þar sem svona er farið að þá hefur verðlag hækkað og útgjöld ríkisins hækkað. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum mjög eindregið og vænti þess ef landbrh. ætlar að gera þetta, sem hann segist reyndar ætla að gera, að þá verði aðrir í ríkisstjórninni til þess að taka fram fyrir hendurnar á honum.

Ég minni á að það velferðarkerfi sem íslensk alþýða hefur komið á hér í þjóðfélaginu er fyrir fólkið en ekki fyrir fyrirtækin og ég vænti þess að aðrir í ríkisstjórninni komi í veg fyrir það að komið verði á velferðarkerfi fyrirtækja í eggjaframleiðslu þar sem einstaklingar geta makað krókinn en aðrir dottið upp fyrir.

Ég vil enda þetta með þessum áskorunum og vil minna á það að þessar stundirnar er verið að reyna að gera kjarasamning þar sem menn eru að tala um það að lækka verðlag eða halda verðlagi stöðugu. Á að rétta aðilum vinnumarkaðarins þennan kinnhest sem hér er á ferðinni? Ég spyr.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim orðum hv. 6. landsk. þm. að hér sé verið að rétta verkalýðshreyfingunni kinnhest. Eins og ég sagði er tilgangurinn vitanlega sá að skapa hagkvæmni og hagræðingu í rekstrinum, eða þannig skil ég þessa lagasetningu Alþingis sem mér er falið að framkvæma. Ég vil ítreka að ég hef ávallt svarað því að ég ætla ekki að fara að gefa framleiðendum einhver fyrirmæli í þessu skyni, en hins vegar eiga þeir samkvæmt lögunum þennan möguleika ef þeir vilja og ég mun ekki gera neitt í andstöðu við fjölmarga kjúklingaframleiðendur eins og einhver sagði hér áðan.

Hv. 2. þm. Reykv. bar fram nokkrar spurningar. Ég veit ekki hvort ég hef náð þeim öllum en ég held að sú fyrsta hafi verið hvort ég teldi eðlilegt að nota fjármagn Framleiðnisjóðs í því skyni sem hann ræddi um. Það kom fram í máli frummælanda að eitt af þeim skilyrðum sem sjóðsstjórn hafði sett var sú að fjármagni Framleiðnisjóðs yrði ekki hætt. Það hygg ég að sé alveg ótvírætt í því sem hann las.

Um fjárhagsvanda Íseggs veit ég ekki. Það sem um hefur verið rætt er að stofna þarna hlutafélag sem væri öllum opið, sjálfstætt hlutafélag. Ég hef ekki séð enn þá þá félagsstofnun eða þann samning sem þar er um að ræða. Ég sagði að gögn væru að berast í ráðuneytið. Ég veit ekki hvernig þau líta út þegar allt kemur til alls og málið hefur verið skoðað þannig að ég get á þessari stundu ekki svarað því.

Vegna orða sem hér féllu — ég hygg að það hafi verið hv. 8. þm. Reykv. — um að örbirgð bænda stafaði af stjórnun, þá er rétt hjá honum að það er þungt fyrir fæti hjá mörgum bændum vegna mikilla fjárfestinga sem þeir hafa lagt í á síðustu árum, meiri en markaðsaðstæður gera kleift að nýta til fullrar framleiðslu. Það er þetta sem fyrst og fremst skapar þá erfiðleika sem eru í landbúnaði. Vissulega verður framleiðslan dýrari ef lagt er í meiri fjárfestingu en þörf er á. Það ættu allir að skilja. Og það er dýrt bæði fyrir þessa einstaklinga og þjóðfélagið í heild ef

síðan á að stjórna því með því að menn verði gjaldþrota.

Um stöðu einstakra eggjaframleiðenda hef ég ekki hugmynd, ég þekki ekki þeirra rekstur, en ítreka það aðeins að það eru þeirra samtök sem þarna eiga að bera ábyrgðina skv. lögunum. Að öðru leyti er tímans vegna ekki hægt að fara langt út í að ræða þessi mál frekar en ég mun að sjálfsögðu ræða þetta mál við samstarfsflokkinn áður en frá því verður gengið. Ég skal lofa hv. 2. þm. Reykv. því.

Könnun á tannlæknaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 178. mál. — Þskj. 188.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á síðustu dögum hafa orðið nokkrar umræður í fjölmiðlum um heildartekjur tannlækna og kostnað við tannlæknaþjónustu landsmanna í framhaldi af svari fjmrh. við fsp. minni um tekjur og skatta tannlækna. Ýmsar spurningar hafa vaknað í framhaldi af þessu svari ráðherra, sem og vegna upplýsinga sem stjórn Tannlæknafélagsins hefur látið frá sér fara um tekjur tannlækna og heildarkostnað vegna tannlækninga. Auk þess sem benda má á ýmsar mótsagnir í því sem fram hefur komið frá tannlæknum sjálfum, sem og að upplýsingar frá þeim um heildartannlæknakostnað falla ekki saman við heildarrekstrartekjur sem fram koma á skattframtölum.

Þá hafa ýmsir leitt að því líkur að töluverð fjárhæð af því sem inn kemur vegna tannlæknakostnaðar skili sér ekki til skatts. Í Tímanum í dag er þeirri spurningu m.a. slegið fram á forsíðu hvort 450 millj. vanti í skattframtöl tannlækna.

Ég hef þennan inngang að máli mínu nú þegar ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 188 um könnun á tannlæknaþjónustu en upplýsingar sem fá má út úr slíkri könnun, sem hér er gert ráð fyrir, gætu vissulega gefið góða vísbendingu um hver raunverulegur kostnaður er við tannlæknaþjónustu landsmanna og þá einnig hvort rétt sé að verulegar fjárhæðir skili sér ekki til skatts hjá tannlæknum.

Eins og fram kemur í grg. með till. er markmiðið með þessari könnun að fá fram hvað áætla megi að hinir einstöku aldurshópar í þjóðfélaginu sæki sér oft tannlæknaþjónustu, sem og hver útgjöld fjölskyldna og einstaklinga eru af þeim sökum. Ljóst er að slík könnun gæti haft margvíslegt gildi. Má þar nefna hvort einstakir aldurshópar eða þjóðfélagshópar sæki síður tannlæknaþjónustu en aðrir og þá hvaða áhrif það hefur að almannatryggingakerfið tekur ekki þátt í tannlæknakostnaði fyrir fólk á aldrinum 17–67 ára. Á þeim upplýsingum sem fá mætti úr þessari könnun mætti líka byggja hvaða leiðir eru vænlegastar til að auka tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir og þar með að draga úr tannlæknakostnaði. Sömuleiðis gætu upplýsingar úr þessari könnun auðveldað alla ákvarðanatöku um frekari þátttöku tryggingarinnar í tannlæknakostnaði, sem og um mótun stefnu í tannlækningum og tannlæknaþjónustu almennt.

Þær upplýsingar sem fram komu í svari ráðherra um heildarrekstrartekjur tannlækna gera þessa könnun sem ég mæli fyrir enn brýnni því brýnt er að leita allra leiða til að fá fram hver raunverulegur tannlæknakostnaður er á landinu. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er hér genginn í salinn. — Við ræðum hér till. til þál. um könnun á tannlæknaþjónustu en þeirri till. tengist að nokkru leyti svar sem hæstv. fjmrh. gaf hér á Alþingi fyrir nokkru um tekjur og skatta tannlækna þannig að ég taldi æskilegt að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessar umræður og svaraði þá einni eða tveimur spurningum sem fram koma hjá mér um þetta mál.

Ég tel brýnt að þessi könnun fari fram og það verði leitað allra leiða til að fá fram hver raunverulegur tannlæknakostnaður er hér á landi, ekki einungis vegna þeirra atriða sem ég áður nefndi og snerta stefnu hins opinbera í tannlækningum og tannlæknaþjónustu almennt, heldur verði vart við annað unað, hvorki af tannlæknastéttinni né stjórnvöldum, en að hið rétta komi í ljós bæði að því er snertir heildartannlæknakostnað sem og hvort um skattaundandrátt sé að ræða. Í slíkum málum er nauðsynlegt að hið rétta komi í ljós þannig að þeir í stéttinni sem greiða sína skatta liggi ekki undir ámæli um undandrátt sem og að á þeim málum verði tekið ef í ljós kemur að menn standa ekki í skilum með tekjur sínar til skatts. Þær upplýsingar sem hingað til hafa komið fram um heildartannlæknakostnað og tekjur tannlækna gefa vissulega einar og sér nægjanlegt tilefni til að þessi mál verði skoðuð ofan í kjölinn og að Alþingi beri skylda til að stuðla að því að sú könnun á tannlæknaþjónustu sem ég hér mæli fyrir verði framkvæmd.

Því til viðbótar kemur einnig gildi slíkrar könnunar við mótun stefnu í tannlæknaþjónustu almennt. Nokkur atriði skulu tilgreind sem fram hafa komið. Miklar mótsagnir hafa komið fram hjá tannlæknum um hvert sé hlutfall tryggðra hópa í tannlæknaverkum og heildarkostnaði tannlækninga. Í fyrstu var haldið fram að hlutur tryggðra væri 10–15%. Skömmu síðar hélt stjórn Tannlæknafélagsins því fram að hlutur tryggðra væri 50% og nú síðast gefa upplýsingar, sem fram hafa komið á Alþingi, til kynna að hlutur tryggðra sé 70%. Hér er um lykilatriði að ræða þegar leggja á mat á hver heildartannlæknakostnaður er á landinu. Staðreyndir sem hægt er að ganga út frá eru greiðslur hins opinbera vegna tryggðra hópa sem er þekkt stærð. Því segir það sig sjálft að ef meta á heildartannlæknakostnað út frá þeirri forsendu er lykilatriði að vita hvert sé hlutfall tryggðra í heildartannlæknakostnaði. Svo að ekki sé meira sagt eru hlutföll sem tannlæknar gefa sjálfir mjög á reiki í þessu efni og sveiflurnar stórar þegar ýmist er haldið fram 10–15% eða 50% hlut

tryggðra en þetta er þýðingarmikið atriði í málinu, reyndar lykilatriði til að komast til botns í hver er raunverulegur tannlæknakostnaður á landinu. Sú könnun sem ég hér mæli fyrir að fram fari gæti gefið þýðingarmiklar upplýsingar um þetta mikilvæga atriði málsins.

Í öðru lagi hefur stjórn Tannlæknafélagsins haldið því fram að heildartannlæknakostnaður hafi verið 746 millj. á árinu 1985, en samkvæmt skattskýrslum eru heildarrekstrartekjur tannlækna 530 millj. á árinu 1985. Hér skeikar 216 millj. kr. og maður spyr: Hvað veldur? Tannlæknar gefa sjálfir upp að heildarrekstrarkostnaður á tannlæknastofu sé um 3 millj. Á sama tíma halda þeir fram, eins og í Morgunblaðinu 14. nóv. s.l., að heildarveltan sé að meðaltali um 3 millj. Samkvæmt þessari forsendu er lítið eftir í laun til tannlækna.

Skattaframtöl gefa til kynna að laun tannlækna á árinu 1985 séu um 63 þús. kr. Ef reiknað er einnig með uppgefnum rekstrarhagnaði á skattframtölum eru mánaðartekjur á árinu 1985 um 71 þús. kr. Í Morgunblaðinu 14. nóv. hefur stjórn Tannlæknafélagsins haldið því fram að laun tannlækna á árinu 1985 hafi verið rúmlega 108 þúsund kr. á mánuði. Hér munar einnig miklu á því sem stjórn Tannlæknafélagsins heldur fram um laun tannlækna á því ári sem fram kemur í skattframtölum.

Í þessari grein stjórnar Tannlæknafélagsins í Morgunblaðinu má einnig sjá að tannlæknar sem vinna við tannréttingar bera mun meira úr býtum, en samkvæmt því sem þeir gefa upp er um ellefu tannlækna að ræða sem vinna við tannréttingar sem hafa 88 millj. tekjur á árinu 1985 vegna tryggðra hópa eða um 8 millj. á hvern tannlækni.

Í svari fjmrh. kemur fram að nettóeignir tannlækna hækkuðu um 1100 þús. kr. á hvern tannlækni að meðaltali á árinu 1985, en launin hækkuðu að meðaltali milli þessara ára um rúm 200 þús. kr. á hvern tannlækni. Og því spyr maður: Hvernig getur eignaaukning á hvern tannlækni að meðaltali verið 1100 þús. meðan launin samkvæmt skattframtölum hækka einungis um liðlega 200 þús. kr.?

Það er ljóst að skattgreiðslur tannlækna eru mjög misjafnar ef marka má það sem fram kom í Þjóðviljanum í ágúst, en þar er gerð úttekt á ellefu tannlæknum. Þar er kona ein, tannlæknir, með hæstar tekjur og skatta. Þessi úttekt sýnir að tekjur hennar hafa verið um 5–6 millj. og hún greiðir 2,5 millj. kr. í tekjuskatt. Hún hefur tífalt meiri tekjur en næsti tannlæknir sem er gefinn upp og hennar skattar samtals eru 2,5 millj. en sá lægsti greiðir 148 þús. Hér er um mjög mikinn mismun að ræða og reyndar má segja óeðlilega mikinn mismun í einni og sömu stéttinni.

Og enn frekari spurningar vakna: Hvernig stendur á því að samkvæmt skattframtölum má sjá að heildartannlæknakostnaður á hvern einstakling sem tryggingarnar greiða fyrir nálgast 5500 kr. á ári en rúmlega 1000 kr. fyrir hópinn sem ekkert fær greitt úr tryggingunum, þ.e. hópinn 17–67 ára sem telur 146 þús. manns. Hér er þó um að ræða hópinn sem helst þarf á að halda dýrum viðgerðum, gullfyllingum, krónum og brúaraðgerðum.

Fram hafa að vísu komið og komist í mínar hendur síðustu daga tannlæknareikningar frá fólki sem sýnir að tannlæknakostnaður er mun meiri en hér kemur fram. Hér eru þrír reikningar upp á nærri 30 þús. í þrjú skipti fyrir 4 eða 5 ára barn, venjulegar tannviðgerðir, sem þýðir um 10 þús. kr. á hverja klukkustund. Hér hef ég líka fengið frá konu möppu með hennar sögu um tannlækningar. Hún greiddi 378 þús. fyrir 37 skipti hjá tannlæknum sem einnig þýðir um 10 þús. kr. á hvert skipti.

Og fleiri spurningum er ósvarað. Í Danmörku eiga allir landsmenn kost á tannlækningum almannatrygginga. Almennt er þátttaka tryggjinganna 50% fyrir þær tannviðgerðir sem þær á annað borð taka þátt í. Það gefur auga leið að tekjur sem danskir tannlæknar hafa vegna tryggðra hópa ættu þá að vera nokkru hærra hlutfall af þeirra heildartekjum en íslenskra tannlækna þar sem almannatryggingakerfið hér á landi tekur mjög takmarkaðan þátt í tannlæknakostnaði. Samt hafa danskir tannlæknar einungis 30% af sínum tekjum vegna tryggðra hópa meðan íslenskir tannlæknar virðast hafa um 70% af tekjum sínum vegna tryggðra hópa, en 30% vegna þeirra sem utan tryggingakerfisins standa ef marka má skattaframtöl þeirra.

Annað er einnig athyglisvert þegar rætt er um þá niðurstöðu sem nú er fram komin úr skattframtölum tannlækna. Við skulum ekki gleyma einu mikilvægu atriði. Sé um verulegan skattaundandrátt að ræða hjá tannlæknum er sökin ekki öll hjá tannlæknum. Við verðum að athuga að það skattakerfi sem við búum við opnar fyrir alls konar smugur og leiðir til þess að stunda „lögleg skattsvik“. Ég nefni sem dæmi viðmiðunarreglur þær sem ríkisskattstjóri notar til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds. Þessar reiknuðu tekjur ríkisskattstjóra eru síðan notaðar til að reikna sjálfstæðum atvinnurekendum skatt. Hvernig voru þessar viðmiðunarreglur t.d. árið 1985, þ.e. árið sem á skattskýrslum kemur fram að heildartannlæknakostnaður var 530 millj. kr.? Þar kemur fram að þessi reiknuðu laun ríkisskattstjóra voru frá 176 þús. kr. í hæst 528 þús. kr. Og hverjir féllu undir þessar hæstu viðmiðunartekjur sem skattstjóri reiknar sjálfstæðum atvinnurekendum? Jú, ég vitna orðrétt í viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra, með leyfi forseta, en þar segir:

„Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni. Undir þennan flokk falla t.d. lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafarsérfræðingar hvers konar, tannlæknar, verkfræðingar og fleira.“

Hér er um að ræða tekjur sem eru áætlaðar 528 þús. kr. á árinu 1985. Og þegar þessar 528 þús. kr. eru bornar saman við upplýsingar sem fram koma í svari skattstjóra nú út af sköttum tannlækna kemur í ljós eftirfarandi: Á öllum skattframtölum tannlækna

voru einungis gefnar upp í heild 31 millj. kr. í launatekjur, en það er í þeim dálki skattframtala sem launþegar fylla út þegar þeir gefa upp sínar tekjur. Í þennan reit skattframtalanna gefa tannlæknar upp að meðaltali um 14 þús. kr. í árstekjur árið 1985 vegna tekna árið 1984. Þegar litið er í reitinn reiknuð laun við eigin atvinnurekstur er aftur á móti að finna töluna 127 millj. sem gefur að meðaltali hverjum tannlækni í árstekjur rúmar 600 þús. kr. á því ári. Þessi tala er nálægt því að vera sú viðmiðunartala sem ríkisskattstjóri notar til að ákvarða tannlæknum tekjur sem á árinu 1985 voru samkvæmt reglum skattstjóra 528 þús. kr. Sé um undandrátt að ræða hjá tannlæknum skulum við ekki gleyma því að þá má einnig rekja það til þess að skattalögin eins og þau eru nú úr garði gerð veita sjálfstæðum atvinnurekendum ýmsar smugur.

Þá er kannske rétt að minnast á það í leiðinni að það kom fram skýrsla, eins og allir muna, á þingi nýlega eða fyrir ári þar sem fram kom að undandráttur frá skatti var áætlaður um 6,5 milljarðar kr. ef ég man rétt. Við erum hér að tala um aðeins eina stétt. Ef gerð yrði sambærileg úttekt á fleiri stéttum hér á landi og hér hefur verið gerð á tannlæknum er ég viss um að ekki mun alltaf koma heim og saman það sem áætlað er að ýmsar stéttir hafi í tekjur og það sem gefið er upp á skattframtölum.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi sem glöggt sýna að nauðsyn er á þeirri könnun á tannlæknaþjónustunni sem ég hér mæli fyrir að fari fram. Slík könnun mundi hafa tvíþættan tilgang: Annars vegar að veita mikilvægar upplýsingar sem að gagni mættu koma við að upplýsa raunverulegan tannlæknakostnað landsmanna og þá hvernig tekjur tannlækna skili sér til skatts. Í annan stað gæfi slík könnun mikilvægar upplýsingar sem að gagni koma þegar verið er að marka stefnuna í tannlækningum og tannverndarmálum Íslendinga. Staðreyndin er að tannheilsa Íslendinga er mun verri en okkar nágrannaþjóða og er það vissulega mál út af fyrir sig sem stjórnvöldum ber skylda til að gefa gaum. Könnun sem gerð hefur verið á tannskemmdum 12 ára barna hér á landi samanborið við önnur lönd sýnir athyglisverða niðurstöðu.

Á árinu 1983 voru að meðaltali átta skemmdar tennur, tapaðar eða fylltar í 12 ára börnum hér á landi meðan í Hollandi, Finnlandi og Noregi voru um fjórar skemmdar tennur í 12 ára börnum. Í Bandaríkjunum voru tvær tennur skemmdar í 12 ára börnum að meðaltali en hér á landi voru það um átta tennur. Við hljótum að gefa gaum að þessari staðreynd þegar tannlæknakostnaður er orðinn svo stór útgjaldaliður í okkar heilbrigðiskerfi. Liggur það í augum uppi að með öflugum fyrirbyggjandi tannverndaraðgerðum væri hægt að draga verulega úr tíðni tannskemmda hjá börnum og þar með tannlæknakostnaði. Þessi könnun, sem ég hér legg til að framkvæmd verði, gæti einmitt veitt mikilvægar upplýsingar um hvernig best verði á þessum málum tekið, en hún á að leiða í ljós eftirfarandi atriði skipt eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnustétt: áætluð árleg útgjöld fjölskyldna og einstaklinga vegna tannlækninga og hversu oft einstakir aldurshópar notfæra sér tannlæknaþjónustuna.

Ég vek í lokin athygli á því, sem fram kemur í grg. með þessari till., að ég hef beðið Félagsvísindastofnun Háskólans að leggja mat á það hvað slík könnun mundi kosta. Þar kemur fram að slík könnun mundi aðeins kosta um 135 þús. kr. Miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið á síðustu dögum verður að vænta að Alþingi taki á þessum málum nú þegar og samþykki fyrir jólaleyfi þm. að slík könnun fari fram. 135 þús. kr. kostnaður er varla til þess að tala um þegar svo mikið er í húfi eins og ég tel að fram hafi komið í mínu máli. Því vil ég í lokin leyfa mér að vænta að þessi till. fái skjóta meðferð í nefnd og verði afgreidd fyrir jólaleyfi þm. Ég vísa til bréfs Félagsvísindastofnunar sem fram kemur í þáltill., en af þeim upplýsingum sem þar koma fram má draga þá ályktun að bregðist Alþingi fljótt við í þessu máli væri hægt að vænta niðurstöðu úr þessari könnun fyrri hluta næsta árs.

Herra forseti. Ég vil í lokin beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. varðandi þær upplýsingar sem fram hafa komið hér á Alþingi í svari hans við fsp. minni um tekjur og skatta tannlækna. Telur hann, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja, að það sé rétt og eðlilegt að skattrannsóknarstjóri taki sérstaklega á þessu máli og hvort hann geti upplýst þingið um hvort eitthvað slíkt sé í undirbúningi af hálfu skattayfirvalda? Auðvitað væri nauðsynlegt, þegar verið er að ræða hér um eina atvinnustétt og hugsanlegan skattaundandrátt, að taka upp almenna umræðu um skattamál og skattsvik almennt, en að gefnu tilefni, þar sem hér liggja fyrir upplýsingar um tannlæknastéttina, vil ég fá að beina þesssari fsp. við umræðu um þessa þáltill. um könnun á tannlæknaþjónustu til hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessari till. verði vísað til hv. félmn.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar fsp. sem hv. 2. landsk. þm. beindi til mín í sambandi við þá till. sem hér er til umræðu þykir mér rétt að minna á að í þeim lögum sem kveða á um störf og starfsskyldur skattrannsóknarstjóra segir að skattrannsóknarstjóri geti hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á skv. þessum lögum og hann skal annast rannsóknir eftir kröfu skattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 96. gr. skattalaganna. Það er m.ö.o. svo að skattrannsóknarstjóri starfar mjög sjálfstætt og hann annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra. Það hefur ekki verið venja að fjmrh. gefi skattrannsóknarstjóra fyrirmæli um að hefjast handa um rannsókn á tilteknum einstaklingum eða tilteknum hópi einstaklinga. Ég hygg, án þess að ég hafi grafist fyrir um það hver rök eru fyrir þessari skipan, að þar liggi það til grundvallar að

skattrannsóknarstjóri starfi sjálfstætt og þannig að sem minnst hætta sé á því að einstaklingum, skattgreiðendum, sé mismunað í þeim störfum sem framkvæmd eru á vegum embættis skattrannsóknarstjóra.

Ég tek hins vegar undir að það er fullkomin ástæða til þess að huga sem gleggst að öllum atriðum sem lúta að því að bæta innheimtu skatta þannig að tryggt sé að menn greiði skatta í réttu hlutfalli við sínar tekjur. Það er m.a. hlutverk skattrannsóknarstjóra að stuðla að því að svo megi verða. Ég hygg að það verði ekki borin fram gagnrýni á störf skattrannsóknarstjóra að þessu leyti. Ég tel að hann hafi í sínum störfum, bæði sá skattrannsóknarstjóri sem nú gegnir þessu embætti og eins þeir sem á undan honum hafa verið, innt það af hendi í fullu samræmi við ákvæði þessara laga.

Ég vil þá víkja lítillega að einu atriði, sem hv. 2. landsk. þm. minntist á í ræðu sinni, og það eru þær viðmiðunarreglur sem skattstjóri setur og ráða m.a. skattgreiðslum sjálfstæðra atvinnurekenda. Ég get tekið undir að þetta er eitt af þeim atriðum sem hljóta að koma til skoðunar þegar gengið er eftir því að sjálfstæðir atvinnurekendur greiði tekjuskatt til ríkisins í réttu hlutfalli við raunverulegar tekjur sínar. Undir það tek ég fullkomlega. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess, vegna þess að hv. 2. landsk. þm. dró þetta hér inn í umræðurnar, að á liðnu sumri, þegar upplýst var hverjar tekjur ríkisins yrðu af tekjuskatti, kom fram að tekjuauki ríkissjóðs umfram það sem fjárlög höfðu áætlað stafaði m.a. af því að skattstjórar höfðu áætlað tekjur á þá sem ekki skiluðu skattframtölum langt umfram það sem gerst hefur áður og að skattstjóri hafði hækkað viðmiðunarreglur vegna sjálfstæðra atvinnurekenda umfram það sem almennar launabreytingar sögðu til um. Ég er ekki með tölur við hendina, en mig minnir að tekjuauki ríkissjóðs af þessum tveimur ástæðum hafi verið um 300 millj. kr. og tekjuauki ríkisins vegna þess að viðmiðunarreglurnar sem hér voru teknar til umræðu voru hækkaðar umfram breytingu á almennum launatekjum leiddu til þess að ríkissjóður fékk tæplega 100 millj. kr. meira í sinn hlut en áætlað hafði verið með fjárlögum. Ég hefði talið að þeir sem hafa áhuga á að bæta skattheimtu ríkisins að þessu leyti með því að tryggja það að sjálfstæðir atvinnurekendur skjóti ekki undan tekjum sínum hefðu fagnað þessari niðurstöðu. En það er öðru nær.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir fékk ég skeyti frá þingflokki Alþfl., sem hv. 2. landsk. þm. á sæti í, þar sem þess var krafist að ríkissjóður endurgreiddi sjálfstæðum atvinnurekendum þessa upphæð. (**JS:** Ætlarðu að lesa skeytið?) Þess var krafist að allur tekjuauki ríkissjóðs umfram það sem fjárlög höfðu áætlað yrði endurgreiddur, þar á meðal sú aukning á tekjum sem varð vegna þess að skattstjóri hafði hækkað þessar viðmiðunarreglur og sú aukning sem varð vegna þess að skattstjórar gengu lengra fram í því að áætla á þá sem ekki höfðu skilað skattskýrslum. Það hefur verið áhyggjuefni hversu það hefur færst í vöxt að menn hafi ekki skilað skattskýrslum og það er einn þátturinn í því að reyna að spyrna við fótum í þessu efni og bæta og auka réttlæti í skattheimtunni að knýja á um það með þessum hætti.

Þingflokkur Alþfl. krafðist þess að þessar upphæðir yrðu endurgreiddar einnig. Ég hef nokkrum sinnum í umræðu hér á hinu háa Alþingi eftir þetta tekið það fram að það kunni að vera að Alþfl. hafi sent þetta skeyti áður en hann fékk upplýsingar um hvernig þessi tekjuauki skiptist niður og það kunni því að hafa verið af skorti á upplýsingum að skeyti þetta var sent, en það hefur margsinnis eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir, og þær hafa komið fram í blöðum og þær hafa komið fram í sölum Alþingis, komið fram af hálfu talsmanna Alþfl., einkanlega þó af hálfu formanns Alþfl., að eigi að síður stæði Alþfl. enn á því að það ætti að endurgreiða þessar auknu tekjur sem fengust af hækkun viðmiðunarreglunnar. Ég hef að vísu aldrei heyrt hv. 2. landsk. þm. mæla fyrir þessari endurgreiðslu eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir og ætla ekki að væna þm. um að hafa eina skoðun þegar um álagningu skatta er rætt en aðra þegar þessi mál eru til meðferðar, en það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu. Og ég vil spyrja hv. 2. landsk. þm. hvort hann sé tilbúinn til þess að afturkalla þá kröfu sem fram kemur í þessu skeyti að því er tekur til tekjuaukans sem kom vegna hækkunar á viðmiðunartekjum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt að kanna umfang skattsvika í þessu þjóðfélagi og jafnframt að bæta skattheimtu ríkisins, sérstaklega þannig að hún verði réttlátari og þeir greiði sem það geta og það sem þeim ber en stingi ekki undan. Hins vegar getur það orkað tvímælis að taka fyrir eina stétt umfram aðrar í þessum efnum. Sannarlega er líka nauðsynlegt að kanna árangur í rekstri heilbrigðisþjónustunnar á sem flestum sviðum en ekki bara þessu eina, en tannlæknaþjónusta er að sjálfsögðu heilbrigðisþjónusta.

Ég er ekki viss um að það þurfi í raun að gera slíka könnun, þó að hún kunni að gefa mjög góðar og víðtækar upplýsingar, til þess að breyta þeirri áherslu sem nú er á tannlæknaþjónustu á Íslandi. Ég er ekki að mæla gegn því að þessi könnun verði gerð, alls ekki, en ég tel að það sé hægt að breyta þeirri áherslu sem er í tannlæknaþjónustu hérlendis án þess að gera veigamikla könnun. Það hefur þegar sýnt sig hjá okkur, eins og kom reyndar fram í máli hv. flm., að á Íslandi eru fleiri skemmdar tennur í börnum en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta stafar ekki síst af því að hér er ekki beitt nægilega góðum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Á undanförnum árum hef ég borið fram fyrirspurnir á þinginu um það hvernig væri farið með fé Tannverndarsjóðs, en Tannverndarsjóður kom til 1975 þegar gerður var samningur milli Tannlæknafé-

lags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um að leggja sem svarar 1% af kostnaði Tryggingastofnunarinnar við tannlækningar í sjóð sem standi undir kostnaði við fræðslu um tannvernd sem trúnaðarlæknir skipuleggur í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið. Fé þessa sjóðs hefur að mestu leyti legið óhreyft og ekki nýst til tannverndar fyrr en á allra síðustu árum, en þó hafa legið í þeim sjóði á síðustu árum fjárhæðir sem nema nærri hálfri milljón kr. eða jafnvel meir.

Ég vek jafnframt athygli á því að nú er í gangi á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar stórtæk áætlun um heilbrigði fyrir alla árið 2000 og hluti af þessari áætlun er einmitt áætlun sem hefur verið samþykkt af alþjóðasamtökum tannlækna um að stuðla að heilbrigði í munnholi fyrir alla árið 2000. Í þessari áætlun hafa alþjóðasamtökin, sem íslenskir tannlæknar eru aðilar að, sett sér markmið til að bæta heilbrigði í munnholi. Þessi markmið byggjast ekki fyrst og fremst á viðgerðum á tönnum. Þau byggjast fyrst og fremst á fyrirbyggjandi aðgerðum. Mikilvægur þáttur í tannskemd hjá okkur Íslendingum er einmitt mikið sykurát. Hér er ekki blandað flúor í neysluvatn eins og víða til tannverndar og það er að sjálfsögðu álitamál hvort slíkt eigi að gera eða þá að auka neyslu flúorefna í töfluformi eða með því að bera á tennur. En það er kannske eitt sem er umfram allt árangursríkt. Það er að auka heilbrigðisfræðslu fyrir börn, foreldra og aðra fullorðna sem annast börn. Auka almenna þekkingu um tannhirðu og næringu. Þetta er hægt að gera í sjálfu sér áður en fyrir liggja niðurstöður úr könnun sem slíkri. Og þetta þarf að gera. Það þarf að koma á skipulegri fræðslu um tannhirðu þannig að við verðum ekki með meiri hluta þess fjár sem við verjum til tannlæknisþjónustu í tannviðgerðum. Ef við lítum t.d. á það sem hinar Norðurlandaþjóðirnar gera, þá nota Danir aðeins um 40% af opinberum útgjöldum sínum til tannlækninga í tannviðgerðir en 60% í fyrirbyggjandi aðgerðir. En við notum mestan hluta okkar fjár í tannfyllingar og gerviuppbyggingar og trúlega líka tannréttingar. Það hefur verið allt of erfitt að fá fjármuni í fyrirbyggjandi starf.

Það er mikill skilningur og stuðningur við þessa áætlun heilbrigðismálastofnunarinnar hjá heilbrigðisyfirvöldum nú og þau hafa beitt sér fyrir því að hefja starf við þessa áætlun og þá vonandi jafnframt líka að styðja aðgerðir til tannverndar. Ég tel þetta mjög mikilvægt. Ég mæli ekki gegn þessari könnun og ég mæli heldur ekki gegn því að hún verði hluti af nánari könnun á því hvernig skattframtali er háttað og hvernig skattheimtu er hægt að bæta hérlendis, en ég held hins vegar að það sé hægt að byrja á aukinni skipulegri fræðslu um tannvernd án þess að niðurstöður slíkrar könnunar liggi fyrir því það er þar sem skórinn kreppir fyrst og fremst hjá okkur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er fyrst út af máli síðasta ræðumanns, hv. 3. landsk. þm., um nýjar áherslur í sambandi við tannheilsuna. Ég vil geta þess að gefnu tilefni að það sem hv. þm. lýsir eftir, aukin framlög úr Tannverndarsjóði til fræðslustarfsemi til að vernda tannheilsuna, er þegar komið af stað og þegar búið að vinna mjög mikið og skipulagt verk í þessu, enda framlög úr þessum umræddu sjóði verið fjórfölduð í því skyni á þessu ári. Það sem verið er að gera og hv. þm. hefur e.t.v. orðið var við í fjölmiðlum eða annars staðar er að aðstoðarfólk tannlækna á tannlæknastofum hefur fengist til mjög mikilsverðs samstarfs í þessu sambandi, bæði kynnt ýmiss konar tannverndaraðgerðir á fjölförnum stöðum eins og í stórmörkuðum og í apótekum, tannfræðingur verið ráðinn til að aðstoða við skipulagða tannfræðslu í skólum landsins og fjölmörg atriði eru nú þegar komin í framkvæmd til að vinna að skipulagðri fræðslu- og upplýsingaherferð meðal almennings.

Þetta var um það sem gerist í tannverndinni í þrengsta skilningi og fram fer undir stjórn Magnúsar R. Gíslasonar, yfirmanns tannheilsudeildar í ráðuneytinu. Hann hefur ásamt ráðgjöfum sem tengjast bæði Tannlæknafélagi Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands skipulagt mjög mikilsvert starf í þessu skyni.

Annar mikilvægur þáttur, sem þessu tengist og þessi sami tannlæknir hefur vissulega tekið þátt í, er einmitt að koma á framfæri manneldismarkmiðum fyrir Íslendinga sem ekki síst hafa að geyma ábendingar um hvernig vernda megi tannheilsuna betur. Þetta eru auðvitað atriði sem eru ekki þess eðlis að sett verði í lög eða reglugerð hvað fólk eigi að láta ofan í sig og í hvaða hlutföllum. Hins vegar tel ég að sem best kynning manneldismarkmiða eigi eftir að skila sér í minni útgjöldum þjóðarinnar til lækninga annaðhvort á tönnum eða öðru. Talandi um það væri e.t.v. nærtækt að útbýta eintaki af því plaggi meðal þm. þótt það sé ekki komið í sérlega faglegt útgáfuform eða myndskreytt. Frá þessu hefur verið gengið fyrir nokkru, Manneldisráð Íslands hefur samþykkt þessi markmið og heilbrrn. hefur staðið að því að kynna þetta nýlega og nokkuð verið um það fjallað í fjölmiðlum. Ég vonast til að meira verði um það á næstunni. Það er enginn vafi á því að þar er líka mikilvægur liður í tannverndinni.

Annars ætlaði ég aðallega að nefna örfáum orðum það sem mér þykir máli skipta í sambandi við þá till. sem hér liggur fyrir. Ég hygg varðandi þær aðgerðir sem ég hef gert grein fyrir og mun verða haldið áfram að vinna að ekki sé spurning um hvort eitthvað slíkt sé í gangi. Samþykkt þessarar till. hlýtur að hafa þýðingu fyrir miklu fleira. Ég er hlynnt því máli sem hér er á dagskrá. Ég hygg að einmitt það að láta slíka könnun fara fram fljótlega þegar þetta tannverndarátak er nýhafið af meiri krafti en nokkurn tíma hefur verið sé mjög skynsamlegt, að láta könnun fara fram núna og svo aftur að þó nokkrum árum liðnum til þess að menn geti borið saman tannheilsu fólks áður en farið var að vinna með auknu afli að tannverndaraðgerðunum og hin-

um margumræddu forvarnarverkum. Þetta held ég að hafi verulega þýðingu.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þessa till. Sérstaklega fagna ég því sem kom fram hjá hæstv. heilbrmrh. í þessu máli. Hæstv. heilbrmrh. hefur sýnt það í ráðuneytinu að hún hafi vissulega skilning á þessu máli og hefur tekið á mörgu í heilbrigðisráðuneytinu að því er snertir tannlækningarnar. Ég nefni kannske sérstaklega það sem lengi hefur vantað og tók langan tíma að koma á, þ.e. greiðslukvittanir fyrir tannlækningar sem mjög erfiðlega gekk að fá tannlækna til að samþykkja.

Ég fagna því að hún skuli taka undir að æskilegt sé að slík könnun fari fram á tannlæknaþjónustunni. Ég hygg að það væri skynsamleg leið líka, sem hún bendir á, að slík könnun færi fram fljótlega og síðan aftur eftir að gert hafi verið átak í tannverndarmálum. Ég vænti þess að þau orð sem hæstv. ráðh. hefur látið falla í þessu máli muni hjálpa til þess að þetta mál fái stuðning á þinginu og eins og ég nefndi í minni framsögu að hægt verði að samþykkja það fyrir jólaleyfi þm. Mér er kunnugt um að það eru margir tannlæknar mjög áhugasamir um að slík könnun fari fram sem hér er á dagskrá og ég ítreka að hér er um mjög lítinn kostnað að ræða eða 135 þús. kr. þannig að ég vænti stuðnings hæstv. ráðh. við framgang málsins hér á þingi.

Varðandi orð hæstv. fjmrh. að því er snertir skattgreiðslur tannlækna verð ég að segja að það olli mér vonbrigðum að yfirmaður skattamála hér á landi, hæstv. fjmrh., skyldi ekki sjálfur hafa sjálfstæða skoðun á því hvort hann teldi að það bæri að athuga sérstaklega af hálfu ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarembættisins þær upplýsingar sem hér liggja fyrir. Ég er í sjálfu sér ekkert að draga í efa að skattrannsóknarstjóri muni skoða þetta mál, en ég hygg að það væri líka málinu til bóta ef sjálfur yfirmaður skattamála á Íslandi, hæstv. fjmrh., hefði einhverja skoðun á þessu máli, hvort það bæri að skoða sérstaklega.

Hann ræddi nokkuð um viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra og launamatið. Ef hæstv. fjmrh. hefur fylgst með tillöguflutningi mínum og umræðum á Alþingi á undanförnum árum að því er varðar skattamál og kannske skattaundandrátt sérstaklega ætti honum ekki að koma það á óvart að ég hef lagt mikla áherslu á að þessar reiknuðu tekjur sem ríkisskattstjóri ákvarðar yrðu endurskoðaðar og það var reyndar einn liður í þeirri till., sem ég flutti 1983 og var samþykkt á Alþingi, að þetta launamat yrði sérstaklega skoðað. Ég hygg að hæstv. núv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh. hafi nokkuð unnið samkvæmt þessari till. Fyrrv. fjmrh. bætti við mannafla hjá skattstofunum sem varð til þess að auka nokkuð tekjur ríkissjóðs, þ.e. það skilaði sér meira inn og meiri árangur varð af skattaeftirlitinu á eftir. Mig minnir að það hafi verið talað um fimmföldun á endurálagningu frá skattstofunum þegar farið var að taka á þessu máli.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. hafi líka verið að framkvæma einn lið í þessari till., sem samþykkt var á Alþingi, sem kvað á um endurskoðun á launamati. Þetta var endurskoðað og þessar viðmiðunarreglur eða launamat hækkað. Ég er honum alveg sammála um að þær eru mjög óeðlilegar þessar tölur sem hafa verið og sú hækkun sem þarna hefur komið fram núna, lægsta launamatið frá 239 þús. og upp í hæst 828 þús., og að þar sé meira að segja ekki nóg að gert og það þurfi að skoða þetta allt enn frekar og kannske hvort það sé rétt að fara þá leið, hvort það sé þá ekki hægt að finna einhverja skilvirkari leið en hér er farin.

Að því er varðar sjálfstæða atvinnurekendur er það kafli út af fyrir sig sem hægt er að ræða. Það kom einmitt fram í svarinu sem fjmrh. dreifði á Alþingi að það er ekki nema upp undir helmingur af sjálfstæðum atvinnurekendum sem greiðir tekjuskatt. Þeir greiða sennilega um 25% af öllum tekjuskattinum. Ég hygg að við séum sammála um það, ég og hæstv. fjmrh., að það eigi hvergi að hlífa sjálfstæðum atvinnurekendum og standa þannig að málum að þeir greiði sinn skatt eins og þeim ber. Að vísu var ég ósammála þeirri leið, sem hann fór á s.l. sumri, að leggja á aukinn skatt, upp á 650 millj. ef ég man rétt. Ég taldi t.d. að hann hefði ekki staðið rétt þar að málum þegar slík endurálagning kom fram að hækka þá ekki til samræmis persónuafslátt og barnabætur. Ef ég man rétt voru skattahækkanir þarna milli ára um 64% meðan persónuafsláttur inn og barnabæturnar hækkuðu ekki nema um 30%. Þetta er atriði sem mér hefði fundist að hæstv. fjmrh. hefði átt að taka á. En varðandi skattgreiðslur hjá sjálfstæðum atvinnurekendum held ég að við séum hvergi ósammála.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið um viðmiðunarreglur sjálfstæðra atvinnurekenda og fsp. minnar til hv. 2. landsk. þm. um það hvort Alþfl. væri tilbúinn að falla frá kröfu, sem hann setti fram í skeyti í sumar, um endurgreiðslu á hluta af auknum tekjum umfram það sem fjárlög höfðu áætlað vegna tekjuskattsálagningar sem stafar af því að viðmiðunarreglur sjálfstæðra atvinnurekenda voru hækkaðar. Ég lít svo á að hv. 2. landsk. þm., varaformaður Alþfl., hafi með orðum sínum hér í raun og veru staðfest að það hafi ekki verið réttmætt að krefjast þessarar endurgreiðslu. (**JS:** Þetta er rangt.) Þá verð ég að halda því fram að það sé ekki mikið að marka ummæli hv. þm. um að það þurfi að huga sérstaklega að viðmiðunarreglunum. Þegar þær eru hækkaðar í framkvæmd á sjálfstæðum atvinnurekendum og það skilar auknum tekjum í ríkissjóð krefst Alþfl. þess að þetta sé endurgreitt. Þegar verið er að tala um þessi mál í öðru samhengi, almennt um að það eigi að vinna gegn skattsvikum, vill Alþfl. að þessar

viðmiðunartölur séu hækkaðar og ríkið nái inn meiri tekjum. Þegar verið er að ræða um þetta almennt, um skattsvik og aðgerðir til að stemma stigu við þeim, kemur þessi krafa fram. Þegar þetta er gert í framkvæmd krefst Alþfl. þess með skeyti og yfirlýsingum að þetta verði allt saman endurgreitt. Ég verð að segja að þetta er í fullu samræmi við ýmislegt annað sem kemur fram í málflutningi Alþfl. Þar rekur sig hvað á annars horn. Það er sagt eitt í dag og annað á morgun og þar stendur ekki steinn yfir steini.

Því atriði að fjmrh. eigi að fyrirskipa skattrannsóknarstjóra að hefja rannsókn á tilteknum einstaklingum eða tilteknum hópi einstaklinga mótmæli ég algerlega. Ég hef lýst því hér yfir áður að ég tel eðlilegt að skattrannsóknarstjóri noti sitt vald til að athuga sérhvert það mál og sérhverja þá starfsgrein sem hann telur nauðsynlegt eftir almennum reglum í því skyni að skapa aukið aðhald og koma í veg fyrir skattsvik, en ég teldi það afar afar misráðið ef fjármálaráðherrar á hverjum tíma, hverjir sem því embætti gegna, tækju upp þann sið að gefa fyrirmæli um að nú skyldi rannsaka þennan einstakling eða þennan hóp einstaklinga. Þá væri skammt yfir í það að fjármálaráðherrar gætu tekið sér það vald að fyrirskipa að nú skyldi ekki framkvæmd rannsókn hjá þessum einstaklingi eða hinum eða þessum starfshópi eða hinum. Þetta grundvallaratriði verða menn að hafa í huga. Ég lýsi yfir fyllsta trausti á þeim manni sem nú gegnir starfi skattrannsóknarstjóra og þeim sem gegnt hafa því á undan honum og tel að þeir hafi sinnt sínum störfum af kostgæfni og ég veit að þeir munu gera það áfram og hefja hverjar þær rannsóknir sem tilefni er til að gera af þeirra hálfu.

Fleira ætlaði ég ekki að taka fram vegna ræðu hv. 2. landsk. þm.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ummæla hæstv. heilbrmrh. um gildi slíkrar rannsóknar.

Í sjálfu sér finnst mér ekki að það þurfi að sanna lögmæti fyrirbyggjandi aðgerða. Eins og ég sagði þó áðan er ég ekki á móti þessari rannsókn og ég tel að það gæti orðið mjög áhugavert, einmitt í samræmi við það sem hæstv. ráðh. sagði, að fylgjast með því til að undirstrika mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða hvernig væri farið tannlæknaþjónustu í byrjun átaks og síðan eftir að það hefði staðið um nokkurt skeið. En það finnst mér þá liggja í orðum hæstv. heilbrmrh., og ég fagna því, að það verði í raun varið fjármunum og mannafla til að halda áfram skipulegri fræðslu og öðrum aðgerðum til tannverndar til að bæta tannheilsu án þess að kosta til þess dýrum viðgerðum. Mér finnst það hafa legið í orðum hennar og ég fagna þessari yfirlýsingu hennar því að það er náttúrlega marklaust út af fyrir sig að vera að hefja rannsókn fyrir einhverja aðgerð ef ekki á að beita verulegu afli til að auka tannheilsu með tannvernd og gera síðan rannsóknir þegar það átak hefur staðið um nokkra hríð. Þess vegna styð ég að þessar rannsóknir verði gerðar til að hægt verði að gera samanburð síðar.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur tekið upp siði Halldórs Blöndals hér á þingi að vera með útúrsnúninga og snúa út úr orðum sem eru sögð í þessum ræðustól. Út af fyrir sig er það í lagi þó hv. þm. Halldór Blöndal leyfi sér slíkt, en að hæstv. fjmrh. og formaður í Sjálfstfl. leyfi sér að vera með útúrsnúninga, snúa hreinlega út úr því sem sagt er, tel ég honum ekki sæma.

Auðvitað veit hæstv. fjmrh. mætavel að Alþfl. hefur margflutt till. á þingi um að afnema ætti tekjuskatt af launatekjum. Við höfum margsagt að það sé launafólk sem fyrst og fremst beri tekjuskattinn. Það sem við mótmæltum þegar þessi endurálagning kom fram var fyrst og fremst aukin álagning á launafólk í þessu landi. Ég sagði að við hefðum flutt till. 1983 um að þetta launamat yrði endurskoðað. Það var ekki gert fyrr en þá á þessu ári. En að launamatið sé endurskoðað, sem leiðir þá til endurálagningar á sjálfstæða atvinnurekendur, hef ég ekkert við að athuga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaupleiguíbúðir, fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 185. mál. — Þskj. 195.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kaupleiguíbúðir sem ég flyt ásamt þm. Alþfl. og fram kemur á þskj. 195. Ég spyr hæstv. forseta hvort hv. 6. þm. Norðurl. e. Guðmundur Bjarnason er hér í húsi. Ég hefði gjarnan viljað að hann yrði viðstaddur þessa umræðu ef hann væri í húsi. (**Forseti:** Það verður athugað.) Ég get hafið mál mitt þó að þm. sé ekki í salnum.

Meginefni þessarar till., sem ég mæli fyrir, er eftirfarandi:

1. Hafinn verði undirbúningur að byggingu 6000 kaupleiguíbúða á næstu tíu árum í samráði við sveitarfélög eða félagasamtök. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu slíkra íbúða gætu verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök sem áhuga hefðu á að gerast framkvæmdaaðilar um byggingu slíkra íbúða og þar með að tryggja félögum sínum rétt til hluta af þeim kaupleiguíbúðum sem í till. þessari er gert ráð fyrir að verði byggðar eða keyptar.

2. Lagt er til að Byggingarsjóður verkamanna láni 85% af byggingarkostnaði íbúða sem ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Lán-

ið verði til 40 ára og beri 1% vexti. Hins vegar verði um að ræða lán úr Byggingarsjóði ríkisins, 80% af byggingarkostnaði til 40 ára, og beri lánin 3,5% vexti. Framlag sveitarfélaga eða félagasamtaka verði 20% af byggingarkostnaði.

3. Þetta fyrirkomulag býður upp á val hvers og eins um leigu eða kaup á kaupleiguíbúðum. Sé um leigu að ræða fer sú mánaðargreiðsla til greiðslu afborgana og vaxta af lánum frá byggingarsjóðunum auk þess sem gert er ráð fyrir gjaldi til greiðslu sameiginlegs viðhalds. Ef viðkomandi kýs að eignast íbúð með kaupleigufyrirkomulagi greiðir hann viðbótargjald, en viðbótargjaldið fer til endurgreiðslu á framlagi sveitarfélags eða framkvæmdaaðilans. Gerður er samningur um endurgreiðslu á framlaginu ásamt verðbótum og vöxtum, en vextir eru 3,5%. Endurgreiðslan fer fram með sérstöku mánaðarlegu viðbótargjaldi og getur greiðslutími þess verið allt að 30 ár. Að þeim hluta greiddum fær leigjandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið eftirstöðvar af áhvílandi lánum frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum.

Samningar um kaup leigjanda á íbúð sinni og greiðsla viðbótargjalds verði bindandi nema hvað aðilar geta komið sér saman um að lengja eða stytta greiðslutímann. Heimild verður þó í undantekningartilfellum, ef aðstæður leigjenda breytast í veigamiklum atriðum, að láta kaupin ganga til baka. Leigjandi á þá tilkall til endurgreiðslu þess viðbótargjalds sem hann hefur innt af hendi ásamt verðbótum og vöxtum. Heimilt er að flytja áunnin réttindi á milli sveitarfélaga og innan sama sveitarfélags.

Til að auðvelda sveitarfélögum að hrinda í framkvæmd þeirri áætlun, sem till. þessi gerir ráð fyrir, er í 5. tölul. till. kveðið á um að ríkissjóður veiti sveitarfélögum allt að 250 millj. kr. lán árlega í tvö ár gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með 3,5% vöxtum til að auðvelda þeim að hrinda af stað framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 kaupleiguíbúða árlega næstu tíu árin.

Með þeirri leið sem hér er lagt til að farin verði opnast nýir möguleikar í húsnæðismálum sem tryggja fleiri kosti fyrir þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Kostir kaupleiguíbúða eru ótvíræðir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- og leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auk þess fylgir þessu fyrirkomulagi einn meginkostur, en hann er sá að fólk þarf ekki að leggja fram stórar fjárhæðir til að brúa bil milli lánveitingar og kaupverðs íbúðar þar sem í þessum tillögum er eingöngu gert ráð fyrir föstum mánaðarlegum greiðslum. Þetta er kostur sem kaupleiguíbúðirnar hafa fram yfir íbúðir í verkamannabústöðum. En þrátt fyrir að verkamannabústaðaíbúðir séu hagstæðasti valkosturinn í húsnæðismálum í dag og þar sé að finna bestu greiðslukjörin er reyndin samt sú að láglaunafólk getur ekki nýtt sér þær íbúðir og hefur það reyndar komið fram nú nýlega í fjölmiðlum vegna þess að það hefur ekki fjármagn til að brúa bil milli lánafyrirgreiðslu og kaupverðs.

Byggingarsjóður verkamanna lánar nú allt að 85% af byggingarkostnaði staðalíbúða, en hlutur kaupenda er 15%. Í sérstökum tilfellum er heimilt að hækka lánshlutfallið í allt að 90% sé um erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður að ræða. Framlag kaupanda getur því orðið 375 þús. kr. sé miðað við 2,5 millj. kr. kaupverð íbúðar og ef heimildargreinin er nýtt verður framlag kaupanda 250 þús. kr.

Þó að íbúðir í verkamannabústöðum séu með hagstæðustu kjörum sem bjóðast í húsnæðismálum er ljóst að greiðslukjörin eru engu að síður ofviða mörgum. Þeir sem fá lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins þurfa einnig að brúa verulegt bil milli kaupverðs og lána. Má nefna að sé um eldri íbúð að ræða er það rúmlega 1 millj. kr. miðað við 2,5 millj. kr. kaupverð á íbúð. Það er mín skoðun að af stjórnvöldum sé allt of lítil áhersla lögð á félagslegar íbúðabyggingar. Margt bendir til að með nýju húsnæðislöggjöfinni muni enn draga úr áherslu á félagslegar íbúðabyggingar. Ég á reyndar erfitt með að trúa því að verkalýðshreyfingin sé þeirri stefnu sammála, ekki síst í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið um gífurlega þörf fyrir leiguhúsnæði og félagslegar íbúðabyggingar.

Skv. því sem hæstv. félmrh. upplýsti nýverið á Alþingi er þörf fyrir 2500 leiguíbúðir á næstu 2–5 árum, þar af um 1000 á vegum félagasamtaka eins og Öryrkjabandalagsins, Leigjendasamtakanna og Félagsstofnunar stúdenta. Auk þess liggja fyrir umsóknir um 500 íbúðir í verkamannabústöðum. Þegar litið er til þess hve lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum á undanförnum árum, frá 1981 til apríl 1986, eða að á 5–6 ára tímabili hafa aðeins verið byggðar um 67 leiguíbúðir, þá er full ástæða til að hafa af því verulegar áhyggjur ef ekki verður stefnubreyting á og að félagslegar íbúðir hafi meiri skilning hjá stjórnvöldum og þeim sem ráða ferðinni í þessum málum. Verði sú till. samþykkt sem ég hér mæli fyrir er það mín skoðun að það muni gjörbreyta því ófremdarástandi sem við höfum búið við í húsnæðismálum og skapa fjölda fólks möguleika til að eignast þak yfir höfuðið á viðráðanlegum greiðslukjörum. Auk þess munu kaupleiguíbúðir vera lausn á þeirri miklu þörf sem er fyrir leiguhúsnæði.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til, herra forseti, þegar svo fáir þm. eru í salnum, að gera till. þessari ítarlegri skil þó að að mínu mati sé hér mikilvægt mál á ferðinni. Ég vil þó í lokin láta í ljós það álit mitt að ég tel að þessi till. hafi verulegan hljómgrunn innan verkalýðshreyfingarinnar sem hefur látið sig húsnæðismálin miklu skipta. Í því sambandi vil ég hér í lokin, herra forseti, leyfa mér að vitna í nokkur ummæli forustumanna verkalýðshreyfingarinnar sem fram komu í Alþýðublaðinu 28. maí á þessu ári, en þar lýsa nokkrir verkalýðsleiðtogar skoðun sinni á þeim kaupleiguíbúðum sem hér eru til umræðu. Þar kemur fram, með leyfi forseta, hjá Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, formanni Sóknar, að hún telji þetta tvímælalaust athyglisverðustu till. sem komið

hefur fram lengi í húsnæðismálum. Hún segir, með leyfi forseta:

„Tvímælalaust eru kaupleiguíbúðir mikið hagsmunamál fyrir lægst launaða fólkið sem fárra kosta á völ í húsnæðismálum."

Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, segir:

„Mér finnst hugmyndin athyglisverð. Í verkamannabústaðakerfinu eiga hópar í erfiðleikum með að fjármagna útborgun. Það er því mikill kostur ef hægt er að veita þessum hópum möguleika á mánaðarlegum greiðslum án útborgunar."

Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, sagði í þessu viðtali að Dagsbrún hafi alvarlega í hyggju að taka húsnæðismálin upp og þar séu kaupleiguíbúðir efstar á blaði.

Hér er líka vitnað í Ögmund Jónasson, talsmann húsnæðishreyfingarinnar, Guðríði Elíasdóttur, formann Framtíðarinnar í Hafnarfirði, Reyni Ingibergsson, talsmann Búseta, Rögnu Bergmann, formann Framsóknar, og Kristján Thorlacius, formann BSRB. Má segja að þetta fólk, sem ég hef hér vitnað til, hafi allt þá skoðun að hér sé um mjög hagstæðan og góðan kost í húsnæðismálum að ræða.

Ég hafði óskað eftir því að hv. þm. Guðmundur Bjarnason yrði viðstaddur þessa umræðu, en hann er formaður þeirrar milliþinganefndar sem skipuð hefur verið til að fjalla um húsnæðismál, sérstaklega félagslegar íbúðabyggingar. Ég hefði viljað eiga við hann orðastað um félagslegar íbúðabyggingar og kannske sérstaklega spyrja hann hvort það sé rétt, sem ég hef heyrt, að milliþinganefndinni hafi fyrir nokkuð mörgum vikum, að ég hygg svona tveim mánuðum, borist bréf frá verkakvennafélaginu Framsókn, starfsmannafélaginu Sókn og Framtíðinni í Hafnarfirði þar sem fram kom áskorun til félmrh. og milliþinganefndarinnar um að þessi kostur yrði sérstaklega kannaður og að milliþinganefnd og félmrh. beittu sér fyrir því að kaupleiguíbúðir kæmust til framkvæmda. Ég hef haft af því spurnir, herra forseti, að þetta bréf hafi ekki einu sinni verið kynnt nefndarmönnum sem sæti eiga í milliþinganefnd og sé það rétt sætir það auðvitað furðu.

Ég skal ekki ræða þetta frekar þar sem hv. þm. er ekki viðstaddur, en læt máli mínu lokið og óska eftir að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg fáránlegt að hér skuli lengst af hafa verið einn og kannske tveir eða enginn þm. viðstaddur fyrir utan flm. og sjálfa mig. Tveir ráðherrar sáust þó áðan í máli sem var rætt á undan þessu.

Það er athyglisvert mál sem hér er til umræðu og ástæða er til að fagna því að umræður fari fram um húsnæðismál á Alþingi, enda mikill vandi óleystur í þeim efnum. Það eru þó margar spurningar sem vakna við lestur þessarar þáltill. Þetta mál var aðalkosningamál Alþfl. í sveitarstjórnarkosningunum s.l. vor og mátti því vænta þess að það bærist inn á borð alþm.

Eftir lestur þessarar till. til þál. höfum við Kvennalistakonur ýmsar spurningar og athugasemdir fram að færa. Það sem ég rek fyrst augun í er að hvergi kemur fram skilgreining á hugtakinu kaupleiguíbúð. Samkvæmt mínum skilningi er það íbúð byggð eða keypt af sveitarfélagi eða samtökum, fjármögnuð með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og þessar íbúðir er svo ýmist hægt að kaupa eða leigja.

Nú er framkvæmd húsnæðismála með þeim hætti að ýmist eru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna eins og þingheimur veit — og þingheimur er ekki stór í þessum sal nú. En hér er stungið upp á þriðju leiðinni sem á að fara í stórum stíl. Sú spurning vaknar hvort ekki væri ástæða til að fara í gegnum kerfið í heild og einfalda það í stað þess að bæta við nýrri leið. Er það t.d. meining flm. að kaupleiguíbúðir verði til við hlið verkamannabústaða eða eiga þær að koma í staðinn fyrir þá?

Í nýlegri könnun Húsnæðisstofnunar ríkisins um þörf á leiguhúsnæði kemur fram að sveitarfélög og fern félagasamtök telja þörf á um það bil 3000 leiguíbúðum. Skv. þessari till. yrði þeirri þörf fullnægt á fimm árum og væri það auðvitað vel, en þá eru eftir aðrar 3000 íbúðir skv. till. Hvaða þarfir eiga þær að uppfylla? Hvernig eru þessar tölur fengnar? Eru þær í samræmi við áætlaða þörf um húsnæði á næstu árum?

Þess er getið í till. að sveitarfélögin eigi að leggja fram 15–20% af kostnaðarverðinu og þau eiga að fá það fé í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, alls 250 millj. kr. Hvaðan á það fé að koma? Er það hugsað sem viðbót við fé Jöfnunarsjóðsins eða á að taka það af því sem fyrir er? Það liggur fyrir að sá sjóður á mjög í vök að verjast og sveitarstjórnarmenn hafa lýst þungum áhyggjum vegna niðurskurðar á framlögum til sjóðsins. Eins og nú horfir er hann ekki aflögufær. Málið horfir auðvitað öðruvísi við eigi að bæta stöðu hans, en einhvers staðar verður að taka það fé.

Það vaknar einnig sú spurning hvort svo viðamikið verkefni sé leggjandi á sveitarfélögin eins og mál standa nú. Það gengi eflaust hjá hinum stærstu þeirra, en það verður að kanna hvers hin smærri eru megnug í þessum efnum því áform þessi hafa óhjákvæmilega töluverðan kostnað í för með sér fyrir þann sem framkvæmir. Þó er vert að benda á að minnstu sveitarfélögin skortir leiguhúsnæði ekki síst.

Flm. leggja til að félagasamtök geti einnig orðið framkvæmdaaðilar, en hvernig eiga þau að fara að því að fjármagna 15–20% af byggingarkostnaði? Ég vil líka spyrja: Hverjir koma til með að eiga rétt á kaupleiguíbúðum? Allir? Í raun þýðir þetta kerfi, sem till. stingur upp á, 100% lán til þeirra sem kaupa íbúðir innan þessa kerfis. Er það í raun grundvallarhugsun till.?

Mig langar einnig til að spyrja flm.: Hvað verður um rétt sveitarfélagsins eftir að íbúðir hafa verið

seldar? Éiga þau forkaupsrétt og á hvaða verði á að selja íbúðirnar og endurselja þær? Er meiningin að setja reglur um slíkt og eftir hverju á að fara? Innan verkamannabústaðakerfisins hefur það verið vandamál við hvað skuli miðað þegar íbúðir koma til endursölu. En auðvitað er þetta mál sem hægt er að leysa. Ég er forvitin að fá að heyra hvað hv. flm. ætla sér í þessum atriðum.

Skv. húsaleigulögunum gilda reglur um hvernig leiga skuli ákveðin. Skv. till. á leigan að duga fyrir afborgunum og vöxtum auk sameiginlegs reksturs. Er það ekki ætlun flm. að sveitarfélagið fái neitt í sinn hlut, t.d. til að eiga í varasjóði til viðhalds og annars sem upp á kann að koma? Hvað um fasteignagjöldin? Hver á að greiða þau?

Þá vaknar sú spurning hvort sú leiga sem nefnd er í till. sé ekki of lág. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur reiknað út að eðlileg leiga sé nú um 10 þús. kr. og eru þá hvorki afborganir né vextir inni í dæminu. Því væri fróðlegt að fá að vita hvernig sú upphæð, sem nefnd er í till., 7805 kr., er fengin og hvort hún standist.

Það mætti velta vöngum yfir fleiri hliðum þessa máls, en niðurstaða okkar er sú að auðvitað eigi að skoða þá leið sem hér er stungið upp á. Æskilegra er þó að endurskoða kerfið í heild, fjármögnun þess og húsnæðisþörfina í landinu á næstu áratugum.

Kerfið þarf að verða sveigjanlegra. Á næstunni eru væntanlegar tillögur svokallaðrar félagsíbúðanefndar sem skipuð var af hæstv. félmrh. s.l. sumar og var einmitt minnst á í framsögu hv. 1. flm. Þar til þær tillögur birtast fögnum við að sjálfsögðu öllum umræðum um húsnæðismál, en teljum þó rétt að bíða átekta í stórframkvæmdum þar til tillögur nefndarinnar líta dagsins ljós. Það hefði verið fróðlegt að heyra frá hv. 2. þm. Norðurl. e., ef hann hefði verið staddur hér í húsinu, hvers væri að vænta frá þeirri nefnd, en hann á eftir því sem ég best veit sæti í félagsíbúðanefnd.

Ég vil að lokum bera fram fsp. til flm. um það hvernig þetta fyrirkomulag hafi reynst erlendis, sérstaklega með tilliti til þess þegar hluti íbúðanna hefur verið seldur en aðrar eru enn í leigu. Hver er ábyrgð sveitarfélaganna í þeim efnum?

Að síðustu vil ég minna á þær tillögur sem þingkonur og varaþingkonur Kvennalistans hafa flutt í húsnæðismálum hér á þinginu, t.d. nú síðast um byggingu leiguhúsnæðis sem hv. varaþingkona Kristín Ástgeirsdóttir mælti fyrir í vikunni, á þriðjudaginn var. Sú till. felur í sér átak í byggingu leiguhúsnæðis, en það málefni hefur verið á stefnuskrá Kvennalistans frá öndverðu. Fólk verður að geta valið um hvort það kaupir húsnæði eða leigir. Því er nauðsynlegt að leita allra leiða til úrbóta í þeim málum og því er gott að þetta mál skuli komið hér til umræðu þó að ýmislegt þurfi að skýra frekar um framkvæmd þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Myndlistarverkefni, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 191. mál. — Þskj. 202.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég flyt þáltill. um að ráða myndlistarmanninn Erró til að vinna myndlistarverkefni fyrir Íslendinga. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að taka upp viðræður við myndlistarmanninn Erró, Guðmund Guðmundsson, í því skyni að hann taki að sér myndlistarverkefni fyrir Íslendinga, tengd menningu, sögu, atvinnulífi og náttúru landsins og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi."

Í grg. með till. er lögð áhersla á að þarna sé um að ræða verkefni sem séu spennandi fyrir menningu Íslands og markaðssókn. Erró er sá Íslendingur í málaralist sem er hvað þekktastur á alþjóðavettvangi og vekja verk hans sífellt meiri athygli. Stíll Errós höfðar til alls þorra fólks óháð landamærum og hann hefur tekið að sér ákveðin verkefni fyrir stjórnvöld erlendis og stórfyrirtæki, bæði einkafyrirtæki og opinberar stofnanir. Það er því hugmyndin á bak við þessa till. að fá þennan kunna og hæfa listamann til að sinna verkefni sem í senn væri menningarauki og möguleiki á markaðssókn, t.d. í sambandi við kynningu á okkar afurðum, sjávarafla, landbúnaðarafurðum, iðnaðarvörum og öðru. Þetta er nýstárleg aðferð, má segja, en er í takt við nútíma áróður og tækni til að afla markaða á hinum breiða grunni erlendis. Það má segja að sá sé megintilgangur málsins að opna það á þann hátt að menntmrh. kanni þá möguleika sem unnt er í þessu sambandi.

Það er einnig þáttur í þessari hugmynd að rækta meira samband við listamanninn Erró af hálfu Íslendinga. Hann er t.d. ekki á listamannalaunum þótt hann sé einn kunnasti íslenskur málari í heimi í dag og er ástæða til að rækta betur samband við hann og list hans.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 208. mál. — Þskj. 223.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um uppsetningu viðvörunarbúnaðar og rannsókna á jarðskjálftasvæði Suðurlands. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að afla fjár til þess að koma upp viðvörunarbúnaði og efla rannsóknir á Suðurlandi, einkum landmælingar og efnamælingar á lofttegundum vegna hættu á svonefndum Suðurlandsskjálfta."

Í grg. er fjallað um rök fyrir þessari till.

Nú er það svo að maður gæti haldið að vænta mætti jarðskjálfta í hv. Sþ. því að fáir eru til að hlýða á. Engu að síður er það skiljanlegt af ýmsum ástæðum vegna nefndastarfa og annars slíks í fjvn. og öðru sem bindur menn á þessum tíma ársins. En þessi till. miðar við að þarna sé tekið á ákveðnum þætti sem er bráðnauðsynlegur í sambandi við varnaðaraðgerðir á Suðurlandi.

Það er í ráði að efna til samnorræns verkefnis jarðskjálftafræðinga þar sem sinnt verði yfirgripsmiklum þætti í jarðskjálftamælingum, en þar er ekki gert ráð fyrir að stundaðar verði landmælingar og efnamælingar sem þó geta skipt sköpum í því að vara fólk við yfirvofandi hættu á skjálfta. Setja þarf upp hallamæla til landmælinga og taka sýnishorn í borholum sem eru á svæðinu.

Það liggur fyrir í þessu samnorræna verkefni að sótt hefur verið um 6 millj. kr. sænskar til verkefnisins miðað við að Íslendingar taki á sig rekstrarkostnað sem var áætlaður nokkrar millj. kr., en sá þáttur sem þessi tillgr. fjallar um er ekki inni í þessari áætlun.

Það er svo að þegar spenna eykst undir jarðskorpunni, sem er aðdragandi jarðskjálfta eða eldsumbrota, myndast mjög smáar sprungur í hana og þær hleypa í gegn geislavirkum lofttegundum sem benda til þess hvers er að vænta. Í álitsgerð sem flm. hefur óskað eftir frá Guðmundi S. Sigvaldasyni, forstjóra Norrænu eldfjallastöðvarinnar, segir hann um viðbúnað vegna jarðskjálfta á Suðurlandi að lítill vafi leiki á því að sterkur jarðskjálfti muni ríða yfir Suðurland einhvern tíma á næstu árum eða áratugum. Á þeirri öld sem nú er senn liðin frá síðustu jarðskjálftum hefur fólksfjöldi margfaldast og gífurlegir fjármunir hafa verið festir í nýjum mannvirkjum. Engin reynsla er fengin á hvernig þessi mannvirki reynast í miklum skjálfta, en vitað er að mörg þeirra eru ótrygg í slíkum hamförum. Efnahagslegan skaða er hægt að bæta, en hitt, sem ekki verður bætt, er ógnvekjandi. Vegna þeirrar ógnar er erfitt að ræða málið í raun og veru því að raunsönn lýsing á því sem getur gerst í Suðurlandsskjálfta kynni að valda ótta og gæti haft alvarleg áhrif á atvinnulíf og búsetu í þessum mikilvæga landshluta.

Vísindamenn, sem gera sér grein fyrir hættunni, forðast að segja hug sinn allan og ræða málið af mikilli varkárni. Boðin komast að vísu til skila, en varkárnin veldur því að fólk er í vafa og hefur undankomuleið í sjálfsblekkingum. Þessi viðkvæma staða veldur því að öll umræða eða snögg viðbrögð stjórnvalda eru til þess fallin að auka á óttann. Í þessu sérstaka tilviki er sjálfsblekking af hinu góða á meðan lítið hefur verið gert af því sem hægt er að gera til að auka öryggi fólksins, en þó er þetta allt tvíbent eins og gefur að skilja.

Viðbúnaður vegna jarðskjálfta er með tvennum hætti. Það er ítarleg könnun á mannvirkjum og styrking þeirra sem eru talin lífshættuleg í skjálfta, enn fremur fræðsla sem beinist að því að kenna fólki hvernig hver og einn getur stuðlað að eigin öryggi með einföldum og ódýrum aðferðum. Í öðru lagi er um að ræða uppsetningu og skilvirkan rekstur allra mælitækja sem nú eru notuð við tilraunir til að segja jarðskjálfta fyrir.

Það er á þessum nótum sem þessi till. er lögð fram, að takast á við þann þátt sérstakl ga sem lýtur að efnatöku og hallamælingum. Ég ætla ekki að ræða þessa þætti frekar hér, en vísa til grg. með till. og legg til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám tóbaksveitinga á vegum ríkisins (167. mál) 1291, 1348.
Alþingiskosningar og þinghald (29. mál) 1250.
Fasteigna- og skipasala (193. mál, trygging) 1319.
Fjármögnunarfyrirtæki (170. mál) 1360.
Fjárveitingar til Alþýðuskólans á Eiðum (206. mál) 1279.
Fólksflutningar með langferðabifreiðum (213. mál, heildarlög) 1340.
Heimilisfræðsla (131. mál, tillögur um endurskipulagningu) 1283, 1349.
Herflugvöllur á Norðurlandi (165. mál) 1259.
Hernaðarframkvæmdir (164. mál) 1257.
Hlutafélög (210. mál, heildarendurskoðun) 1330.
Iðnlánasjóður (207. mál, Útflutningsráð Íslands) 1304.
Jarðhitaréttindi (172. mál) 1342.
Kaupleiguíbúðir (185. mál) 1394.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna (211. mál, heildarlög) 1320.
Könnun á tannlæknaþjónustu (178. mál) 1381.
Leiguhúsnæði (195. mál) 1292, 1348.
Lokun deilda á sjúkrahúsum (176. mál) 1268.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (189. mál, framkvæmd þingsályktunar) 1277.
Minning Emils Jónssonar 1249.
Myndlistarverkefni (191. mál) 1400.
Rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands (208. mál) 1400.
Sjómannadagur (209. mál) 1305.
Sjúkranuddarar (188. mál) 1274.
Skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum (175. mál) 1265.
Stefnumótun í umhverfismálum (180. mál) 1348.
Tollalög (196. mál, heildarlög) 1331.
Tollskrá (194. mál, borðtennisútbúnaður) 1319.
Um þingsköp 1349 (afstaða til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar); 1359 (vísun mála til nefnda).
Umræður utan dagskrár 1374 (stjórn eggjaframleiðslu).
Úrbætur í ferðaþjónustu (163. mál) 1254.
Varaflugvöllur á Akureyri (184. mál) 1348.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1249, 1263, 1264, 1353, 1359, 1360.
Forseti Sþ. Ólafur Þ. Þórðarson 1288.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 1316.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1251, 1264.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1278.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 1320, 1328, 1331, 1386, 1392.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 1266, 1268, 1271, 1273, 1275, 1389.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 1304, 1344, 1347.
Landbrh. Jón Helgason 1376, 1380.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 1280, 1282.
Samgrh. Matthías Bjarnason 1254, 1256, 1330, 1340.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1305, 1318.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 1258, 1260, 1263, 1355, 1357.
Árni Johnsen 1313, 1316, 1400.
Björn Dagbjartsson 1308, 1316, 1377.
Davíð Aðalsteinsson 1314.
Eiður Guðnason 1250, 1253, 1308, 1314, 1378.
Friðrik Sophusson 1366, 1371, 1378.
Guðrún Agnarsdóttir 1350, 1356, 1388, 1393, 1397.
Guðrún Helgadóttir 1270, 1274, 1276, 1287.
Gunnar G. Schram 1372.
Halldór Blöndal 1252, 1294, 1300, 1303.
Haraldur Ólafsson 1351, 1357, 1359.
Hjörleifur Guttormsson 1253, 1261, 1279, 1281, 1288, 1342, 1346, 1349, 1356, 1360, 1364.
Jóhanna Sigurðardóttir 1381, 1391, 1394.
Jón Baldvin Hannibalsson 1368, 1379.
Jón Kristjánsson 1316.
Karl Steinar Guðnason 1374, 1379.
Kjartan Jóhannsson 1358.
Kolbrún Jónsdóttir 1271.
Kristín Ástgeirsdóttir 1265, 1268, 1273, 1274, 1292, 1298, 1304.
Kristín Halldórsdóttir 1254, 1256, 1284.
Ólafur G. Einarsson 1254.
Ólafur Þ. Þórðarson 1354, 1359.
Páll Pétursson 1262, 1291, 1327, 1353, 1360, 1370, 1374.
Ragnar Arnalds 1261.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1271, 1277, 1279, 1297.
Skúli Alexandersson 1310, 1317.
Stefán Benediktsson 1346.
Stefán Guðmundsson 1260, 1264.
Stefán Valgeirsson 1283, 1290, 1299, 1302.
Steingrímur J. Sigfússon 1257, 1258, 1259, 1262, 1265, 1270, 1354.
Svavar Gestsson 1264, 1325, 1329, 1352, 1358.
Valdimar Indriðason 1312.

EFRI DEILD

17. fundur, mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. SkA o.fl., 192. mál (skipun skólanefndar). — Þskj. 203.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 203 leyft mér ásamt þeim hv. þm. Þórði Skúlasyni og Sveini Jónssyni að flytja frv. til breytingar á grunnskólalögum. Breytingin er við 18. gr. laganna og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. gr. Upphaf 18. gr. laganna orðist svo:

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnahreppum fimm mönnum, enda standi þeir einir að skólarekstrinum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kosningu nýrrar skólanefndar, sem leiðir af samþykkt laga þessara, skal lokið fyrir upphaf næsta skólaárs, 1987–1988."

Í lögum um grunnskóla nr. 63 frá 1974 er ákvæði um það í 18. gr. að ef íbúatala kauptúnahreppa nær ekki tölunni 900 skuli skólanefndin aðeins skipuð þrem mönnum, en ef íbúatalan er yfir 900 skuli skólanefndirnar skipaðar fimm mönnum.

Ég leitaði í frv. sem lagt var fram þegar þessi lög voru samþykkt og sá ekki neina umfjöllun um það af hverju fækkað hafði verið í skólanefndunum frá því sem áður var, en í eldri grunnskólalögum var talan fimm um fjölda í skólanefndum.

Það verður ekki séð á hverju þessi tala byggist og ekki heldur á hverju þessi fjöldi íbúa byggist, á hverju það byggist að endilega er miðað við 900. Það eru ekki heldur nein ákvæði í grunnskólalögum um hvað skuli gert í þeim sveitarfélögum sem íbúar fækka í á kjörtímabilinu eða ef það gerðist að íbúum mundi fjölga.

Það er kunnugt að í flestum nefndum sveitarfélaga er stefnt að því að hafa nefndarmannafjöldann svipaðan og hreppsnefndarmannafjöldinn er, þ.e. fimm eða sjö. Mér er meira að segja kunnugt um að svo langt hefur verið gengið í þessu að menn hafa ýtt við lögum. Ég veit um sveitarfélag sem hefur kosið sjö manna hafnarnefnd þó að í hafnarlögum sé ætlast til þess að þar séu fimm til þrír. Ástæðan fyrir þessu, að það sé reynt að hafa töluna nálægt því sem hreppsnefndarfulltrúarnir eru margir, er að tryggja að allir hreppsnefndarmenn hafi rétt til að velja menn í viðkomandi nefndir og þau sjónarmið sem urðu þess valdandi að hver og einn var kjörinn í hreppsnefndina fái að njóta sín í viðkomandi nefndum.

Okkur flm. var kunnugt um að í nokkrum þéttbýlishreppum með íbúatöluna innan við 300 hafa komið upp vandamál í sambandi við kjör í skólanefnd. Sums staðar hefur meiri hluti hreppsnefndar kosið alla þrjá fulltrúana úr sínum hópi og útilokað þar með áhrif og sjónarmið minni hlutans úr skólanefnd. Varla er trúlegt að það sé tilgangur laganna. Á öðrum stöðum hefur verið leitað samkomulags um val skólanefndarmanna eða samþykktir áheyrnarfulltrúar frá minni hluta eða minni hlutum. Slík vandræðaákvæði sem eru jafnframt ólýðræðisleg er vitaskuld óþarft að hafa í lögum. Þess vegna er þessi brtt. flutt.

Í gildistökuákvæðinu er gert ráð fyrir því að breyting sem frv. felur í sér komi til framkvæmda við upphaf næsta skólaárs. Þá þyrftu þeir kauptúnahreppar sem hafa færri en 900 íbúa og þrjá menn í skólanefnd að hafa lokið kosningu nýrrar skólanefndar.

Að lokinni umræðu um frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi fylgi við frv., tel að það sé að mörgu leyti skynsamlegt „eins og við mátti búast".

Hv. 1. flm. þessa frv. sagði frá því að sums staðar hefði borið við að meiri hluti í sveitarstjórnum hefði beitt minni hlutann ofríki, þó að það væru ekki nákvæmlega hans orð átti hann við það, og skólanefndarmenn hefðu allir verið skipaðir úr hópi stuðningsmanna viðkomandi meiri hluta í sveitarstjórn. Ég álít að slíkt ofríki hafi þá komið fram einfaldlega vegna þess að það hafi ekki verið óskað eftir að kosningar til viðkomandi nefndar væru leynilegar og bundnar hlutfallskosningar eins og, ef ég man rétt, var áður í sveitarstjórnarlögum. Nú er slíkt ákvæði skv. 2. mgr. 57. gr. núverandi sveitarstjórnarlaga. Það hlýtur að vera hægt að koma við hlutfallskosningum, enda þótt fjöldi sé lægri en fimm eða sjö eins og er gert ráð fyrir í frv. Ég bendi á þetta, tel að slík málsmeðferð og slík niðurstaða, sem hv. flm. hefur vafalaust sagt réttilega að væri til dæmi um, hljóti í þeim tilvikum að vera að kenna sjálfum sveitarstjórnarmönnum ef um það er að ræða að fulltrúar í skólanefnd væru allir á bandi meiri hlutans, ef ég má svo að orði komast, meiri hluta í viðkomandi sveitarstjórn. Öðru máli gegnir hugsanlega ef um aukinn meiri hluta er að ræða.

En ég tek undir að það er eðlilegt í skólanefndum ekki síður en í öðrum nefndum sem kjörnar eru á vegum sveitarstjórna að þar sé sá fjöldi fulltrúa að mögulegt sé að gæta þess að fulltrúar sem flestra hópa eða samtaka — segjum stjórnmálaflokka — sem eiga aðild að sveitarstjórn eigi fulltrúa í svo mikilvægum nefndum sem ég játa að skólanefndirnar eru. Ég tek undir þetta frv. og vænti þess að það fái jákvæða umfjöllun og jákvæða meðferð í menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 178.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Haustið 1979 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Magnús H. Magnússon nefnd sem falið var að endurskoða læknalög nr. 80/1969, með síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti þeir Ólafur Ólafsson landlæknir, sem var formaður nefndarinnar, Ólafur Bjarnason dr. med., prófessor, sem var tilnefndur af læknadeild Háskólans, Guðmundur Oddsson læknir, sem tilnefndur var af Læknafélagi Íslands, María Pétursdóttir skólastjóri, sem tilnefnd var af Samtökum heilbrigðisstétta, og Ingimar Sigurðsson lögfræðingur í heilbr.- og trmrn. sem jafnframt gegndi ritarastörfum fyrir nefndina. Við endurskoðun laganna hugaði nefndin sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

1. Reynslunni af framkvæmd gildandi læknalaga sem eru að stofni til frá 1932 og lítið breytt frá þeim tíma.

2. Áhrifunum af tilkomu annarra heilbrigðisstétta á framkvæmd læknalaga. Nú njóta um 20 heilbrigðisstéttir lögverndunar, en þær voru örfáar árið 1932.

3. Að breytingum á læknalögum annarra Norðurlanda, en Ísland hefur um nokkurt skeið verið aðili að norrænum samningi um sameiginleg starfsréttindi lækna á Norðurlöndum þannig að löggjöf einstakra Norðurlanda hefur bein áhrif á framkvæmd þess samnings.

Nefndin lauk störfum í byrjun árs 1983 er hún lagði fyrir ráðuneytið tillögur í búningi lagafrv. Náði nefndin samstöðu um flest efnisatriði og byggir frv. á þeim atriðum sem ekki var ágreiningur um, með örfáum undantekningum. Læknafélag Íslands, Samtök heilbrigðisstétta og læknadeild Háskóla Íslands fjölluðu um frv. á meðan það var í smíðum og kom fram stuðningur við það og ábendingar sem margar voru teknar inn í tillögur nefndarinnar.

Helstu breytingarnar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1. Lögð er til nýskipan mála varðandi veitingu almenns lækningaleyfis og að kandídatsnámi verði einnig hægt að ljúka á heilsugæslustöðvum en ekki aðeins á sjúkrahúsum.

2. Lögð eru til skýrari ákvæði um hlutverk læknadeildar Háskóla Íslands varðandi mat á læknismenntun sem sótt er erlendis.

3. Lögð eru til skýrari ákvæði um réttindi lækna og í hverju þau skuli fólgin að svo miklu leyti sem hægt er að skilgreina störf þeirra.

4. Lögð eru til hnitmiðuð ákvæði um skyldur lækna og þeim deilt niður eftir viðfangsefnum.

5. Lögð er til önnur skilgreining á hugtakinu „skottulækningar“ og að það geti aldrei náð til lækna.

6. Lögð er til sú aðalregla að lækni sé óheimilt að reka sjálfstæða lækningastarfsemi eftir 75 ára aldur.

7. Lagt er til að ráðherra geti svipt lækna lækningaleyfi tímabundið þannig að ekki þurfi í öllum tilvikum að svipta þá leyfi endanlega.

8. Mörkuð er sú stefna að læknalög gildi sem mest eingöngu um lækna og lækningastarfsemi þannig að í frv. eru færri atriði sem varða aðrar heilbrigðisstéttir en eru í gildandi lögum. Má sem dæmi nefna að ekki er gert ráð fyrir takmörkuðum lækningaleyfum sem samkvæmt gildandi lögum eru ætluð aðilum sem hafa menntun á ákveðnum sviðum læknisfræðinnar en ekki almenna læknismenntun. Eftir tilkomu laga nr. 24/1984, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, geta slíkir aðilar fengið viðurkenningu starfsheitis og starfsréttinda skv. þeim lögum.

9. Frv. gerir ráð fyrir að réttur Læknafélags Íslands verði viðurkenndur, þ.e. nokkur afskiptaréttur af starfsemi lækna og skipulagningu. Skv. gildandi lögum er sá réttur enginn.

Auk þess sem ég hef talið upp hér að framan eru ákvæði læknalaga færð í nútímalegra horf og til samræmis við önnur lög sem sett hafa verið á undanförnum árum á sviði heilbrigðismála og má þá sérstaklega nefna lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. núna lög nr. 58/1983.

Ég held að ekki sé ástæða til að tíunda frekar efnisatriði frv. hér heldur vísa til ítarlegrar grg. sem frv. fylgir, en Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, einn nefndarmannanna, tók þá grg. saman. Þar er m.a. fjallað um lagasetningu um lækna, réttindi og skyldur lækna og helstu nýmæli frv. auk almennra athugasemda við einstakar greinar.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 245.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Á árinu 1984 voru samþykkt lög um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Skv. lögunum eru framlög manna til atvinnurekstrar frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan ákveðinna marka og að uppfylltum vissum

skilyrðum. Í lögunum er kveðið á um hámark frádráttar á ári hverju. Skv. 25. gr. laganna skulu fjárhæðir í 2. gr. breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta var gert í fjárlögum fyrir árið 1986 og umræddar fjárhæðir þannig hækkaðar um 36% á milli ára. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1987 og er því nauðsynlegt að breyta fjárhæðum 2. gr. laga nr. 9/1984 með sérstökum lögum.

Að mati Þjóðhagsstofnunar hefur verið gert ráð fyrir að laun hækki um 31% milli áranna 1985 og 1986 og er því í þessu frv. gerð sú tillaga að fjárhæðir 2. gr. laga nr. 9/1984 hækki um 31%. Er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega hefur verið lagt fram á Alþingi og er nú til meðferðar hjá hv. fjh.- og viðskn. Nd.

Það er hins vegar rétt að taka fram að endurmat á launabreytingum milli áranna 1985/1986 fer nú fram þannig að ég vildi beina því til nefndarinnar sem fær frv. til meðferðar að svo kann að fara að gera verði breytingar á frv. í meðferð nefndarinnar þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir um launabreytingar á milli áranna 1985 og 1986, en þess er að vænta að endurmat á þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið í því efni, liggi fyrir mjög skjótt.

Að öðru leyti er hér um að ræða eðlilega breytingu á þessum lögum sem ella hefði verið breytt með skattvísitölu. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., enda er það flutt í tengslum við breytingar á öðrum lögum sem til meðferðar eru og tengjast tekjuöflun ríkisins.

Það er mjög mikilvægt að þetta frv. fái skjóta meðferð þannig að það geti orðið að lögum fyrir jólaleyfi þm. eins og önnur frv. sem lúta að tekjuöflun ríkisins á næsta ári.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, frú forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að gera efni þessa frv. að innihaldi minnar ræðu hér. Ég ætlaði eingöngu að beina einni fsp. til hæstv. fjmrh. í tilefni frv. Heyrst hefur m.a. í tengslum við þá samninga sem tókust uppi í Garðastræti um helgina að til standi að breyta nokkuð lögum um tekjuskatta, þannig m.a. að draga úr frádráttarliðum og einfalda skattheimtuna eins og það hefur verið kallað. Því vildi ég fá að heyra hjá fjmrh., ef hann á annað borð getur á þessu stigi um það sagt, hvaða fyrirætlanir eru uppi um frádráttarliði eins og þessa vegna fjárfestingar, hvort meiningin er að þeir haldi sér ef frádráttarliðir verða einfaldaðir eða hvort ætlunin er að halda frádráttarmöguleikum sem þessum inni í tekjuskattslögum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fsp. 8. þm. Reykv. er rétt að ítreka að það hefur verið unnið að athugunum á grundvallarbreytingum á tekjuskattskerfinu á vegum fjmrn. og að því hefur verið miðað að breyta kerfinu á þann veg að fækka frádráttarliðum og einfalda þannig tekjuskattskerfið, m.a. í því skyni að auðveldara verði að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Þetta hefur að sjálfsögðu áður komið fram opinberlega og í umræðum á hinu háa Alþingi.

Aðilar vinnumarkaðarins settu fram svipuð sjónarmið í tengslum við gerð kjarasamninga og ríkisstjórnin hefur talið rétt og eðlilegt að sú nefnd sem fjallað hefur um þessi mál á vegum fjmrn. taki þær tillögur til skoðunar og meðferðar og hafi samráð um áframhald þeirrar vinnu sem unnið hefur verið að að undanförnu.

Aðilar vinnumarkaðarins voru fyrst og fremst að ræða um tekjuskatt einstaklinga. Sú nefnd sem hefur verið að vinna að þessu á vegum fjmrn. hefur á hinn bóginn víðtækari fyrirmæli. Mín skoðun er sú að þegar gerð verður grundvallarbreyting á tekjuskattslöggjöfinni að þessu leyti verði hún einnig að taka til fyrirtækjanna og væri eðlilegt að huga að því í þessu sambandi að fækka frádráttarliðum fyrirtækjanna og ná þannig fram lægra skatthlutfalli og reyna þannig að ná fram þessum meginsjónarmiðum bæði að því er varðar einstaklinga og fyrirtæki. Engar tillögur liggja endanlega fyrir um þetta efni, en þetta meginsjónarmið hlýtur að verða tekið til skoðunar bæði að því er varðar einstaklinga og fyrirtæki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

17. fundur, mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseta Nd. hafa borist hér tvö bréf. Annað bréfið er frá Sverri Hermannssyni 3. þm. Austurl. þar sem hann greinir frá því að hann geti ekki sótt þingfundi á næstunni og óskar eftir því að Tryggvi Gunnarsson, skipstjóri á Vopnafirði, taki sæti sitt á Alþingi á meðan hann er fjarverandi.

Tryggvi Gunnarsson hefur áður setið á þingi og sótt þingfundi á þessu kjörtímabili, kjörbréf hans

hefur verið rannsakað. Ég býð Tryggva Gunnarsson velkominn til starfa á þinginu.

Svo er hitt bréfið. Þar greinir Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., frá því að Pétur Sigurðsson 12. þm. Reykv. dveljist erlendis í opinberum erindum og geti ekki sótt þingfundi. Því er óskað eftir því að sæti Péturs taki Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur og er Guðmundur H. Garðarsson kominn til þingfundar. Hann hefur setið á þessu þingi, kjörbréf hans hefur verið rannsakað og ég býð Guðmund H. Garðarsson velkominn til starfa.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 172. mál. — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (starfsmenn án verkfallsréttar). — Þskj. 243.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem er 227. mál á þskj. 243.

Þetta frv. er flutt í beinum tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem lagt hefur verið fram og rætt við 1. umr. hér í deildinni. Í því frv. eru gerðar breytingar á ákvæðum um samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Við undirbúning frv. var samtökum opinberra starfsmanna gerð grein fyrir efni þess. Þótt þau séu ekki sammála breytingum þeim sem lagðar eru til í þessu frv. í einu og öllu töldu þau þær ekki frágangssök og unnu m.a. að samningu ákvæða í frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem miðuð eru við efni þessa frv.

Í frv. felst sú breyting að í upptalningu starfsmanna sem skv. þessum lögum er ekki heimilt að gera verkfall bætast starfsmenn stjórnarráðs, starfsmenn ríkissaksóknara og starfsmenn ríkislögmanns. Eins og er nær bann við verkfalli til deildarstjóra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og að auki til starfsfólks í forsrn., utanrrn. og launadeild fjmrn. Í heild hefur því tiltölulega lítill hluti starfsmanna stjórnarráðsins verkfallsrétt.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að framkvæmdarvald ríkisins geti lamast vegna átaka um kjaramál og til þess að afnema það misræmi í þessu efni innan stjórnarráðsins sem verið hefur.

Frv. tekur einnig til allra starfsmanna ríkissaksóknara í stað fulltrúa áður og til starfsmanna ríkislögmanns. Embætti þessi kunna að þurfa að fjalla um mál vegna verkfalla og því er talið rétt að starfsmenn þeirra eigi þar engan hlut að máli.

Í frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er tekið tillit til þessa frv. Er þar gert ráð fyrir að þau stéttarfélög sem skv. þeim lögum hafa rétt til samninga semji eftir því sem um félagsaðild fer fyrir starfsmenn þá sem undir 29. gr. laga um réttindi og skyldur falla. Enn fremur er gert ráð fyrir að viðkomandi félög eigi rétt á að gerðardómur taki mál þeirra til úrskurðar ef samningar takast ekki. Í frv. er einnig sú breyting að listi sá sem birta skal samkvæmt lögum taki einungis til forstöðumanna stofnana. Önnur störf sem frv. tekur til eru þess eðlis að ljóst er á hverjum tíma hver þau eru og ekki þörf á árlegri birtingu skrár um það efni.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er frv. í beinum tengslum við það frv. sem er nú til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það er nauðsynlegt að fjalla um þessi frv. í samhengi ásamt með frv. sem lagt hefur verið fram um Kjaradóm. Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram af hálfu okkar þm. Alþb. að það er mjög erfitt fyrir okkur að sækja þingfund hér milli kl. 6 og 7 í dag þannig að ég vildi fyrir okkar hönd gjarnan beiðast undan því. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að mæta aukalega á þingfundum næstu daga fram að jólum eftir því sem nauðsyn krefur, en þannig stendur á að það er erfitt að koma því við fyrir okkur á þessum tíma í dag. Ég vildi ekki vera að biðja um orðið um þingsköp út af þessu máli, herra forseti. Við erum tilbúin til þess jafnframt fyrir okkar leyti að greiða fyrir því að þau þingmál sem hér eru á dagskrá fái meðferð á venjulegum þingtíma deildarinnar ef það er kleift af öðrum ástæðum.

Hér liggja fyrir þrjú þingmál sem eru um kjaramál opinberra starfsmanna. Hér er á dagskrá eitt málanna, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, til að flýta fyrir af minni hálfu að nefna þessi mál öll, þ.e. þau mál sem eru á dagskrá, nr. 3 um lögreglumenn, nr. 4 það sem nú er til umræðu og nr. 5 um Kjaradóm.

Það mál sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir núna rétt í þessu felur í sér takmörkun á verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Það er gert ráð fyrir því að til viðbótar við þá sem ekki er heimilt að gera verkfall verði bætt skv. þessu frv. starfsmönnum stjórnar-

ráðsins, starfsmönnum ríkissaksóknara og starfsmönnum ríkislögmanns. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé gengið býsna langt, a.m.k. að því er varðar starfsmenn stjórnarráðsins, og ekki sé ástæða til að hafa ákvæðin um bann við verkfalli þessara starfsmanna jafnvíðtæk og frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að með þessum ákvæðum sé verið að svipta starfsmenn stjórnarráðsins mannréttindum og eðlilegra hefði verið að koma þessum hlutum fyrir með þeim hætti að þau störf sem óhjákvæmileg teljast verði unnin þó um vinnudeilur sé að ræða en að öðru leyti geti starfsmenn stjórnarráðsins eins og aðrir starfsmenn ríkisins haft verkfallsrétt ef þeir telja óhjákvæmilegt að grípa til slíks í kjaradeilum.

Ég tek hins vegar eftir því að samtök opinberra starfsmanna hafa tekið þátt í undirbúningi frv. og hafa fallist á að vinna að meðferð þess þó þau séu ekki sammála þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Ég mun fyrir mitt leyti ekki greiða þessu frv. atkvæði, en þar sem opinberir starfsmenn og samtök þeirra hafa látið þetta yfir sig ganga með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í frv. mun ég ekki við meðferð málsins greiða atkvæði gegn frv. en ekki styðja það með þeim hætti sem það er hér.

Í annan stað er á dagskránni frv. til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm þar sem bætt er nokkrum embættismönnum við þann lista sem Kjaradómur á að fjalla um. Þar er um að ræða landlækni, yfirdýralækni, ríkislögmann, rektor Kennaraháskóla Íslands, skrifstofustjóra Alþingis og ríkisendurskoðanda. Ég held að í rauninni sé þetta samræming við þau frv. sem hér eru lögð fram að öðru leyti þannig að ég hef ekki margt um það að segja, en vík að lokum, herra forseti, að frv. um breytingu á lögum um lögreglumenn. Þar er gert ráð fyrir að lögreglumenn ríkisins, þ.e. lögreglumenn sem við teljum svo í venjulegum skilningi þess orðs og tollverðir, verði sviptir verkfallsrétti, að þeir megi hvorki gera verkföll né taka þátt í verkfallsboðun.

Þetta frv. er flutt í framhaldi af samningum sem gerðir voru við tollverði og lögreglumenn á s.l. ári og aðilar gerðu með sér bókun annars vegar 18. júlí s.l. og hins vegar 15. sept. s.l., sem er samhljóða, þar sem segir:

„Aðilar eru sammála um að fyrirhuguð breyting á lögum um lögreglumenn, er banni verkföll þeirra, nái til tollvarða með sama hætti og til annarra lögreglumanna ríkisins."

Í fyrri bókuninni segir: „Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi að inn í lögin um lögreglumenn nr. 56/1972 komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins."

Það liggur sem sagt fyrir samkomulag við þau tvö stéttarfélög sem þetta frv. varðar. En ég er fyrir mitt leyti andvígur frv. Ég tel að það sé óþarfi að ganga svo langt í því efni að svipta lögreglumenn og tollverði verkfallsrétti. Ég tel að það sé verið að svipta fólk þarna mikilvægum mannréttindum, að menn geti lagt niður vinnu til að þrýsta á um kaup og kjör. Þess vegna mun ég ekki styðja þetta mál, en þar sem stéttarfélögin hafa fallist á það mun ég við meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. og skil nefndarinnar láta það afskiptalaust en láta andstöðu mína við efni málsins koma fram í nál.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég vil geta þess í framhaldi af því sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. áðan varðandi áframhald funda í dag að forseti sér ekki ástæðu til þess eins og á stendur að boða til fundar eftir kl. 4. Er það vonandi meðtekið af hv. þingdeild.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Frv. þau sem hér liggja fyrir eru flutt í tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem þegar hefur verið lagt fram og rætt á Alþingi og fjallar um samningsrétt og verkfallsrétt. Hér eru gerðar þær breytingar á gildandi lögum að bætt er við tilteknum starfshópum sem ekki er heimilt að gera verkfall og tilsvarandi breytingar gerðar á lögum um Kjaradóm, auk þess sem kannske er rétt að ræða í tengslum við þetta frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn. Það er fljótsagt að ég hygg að þessar breytingar séu til bóta þó að við í þingflokki Alþfl. höfum ekki tekið formlega afstöðu til þess.

Í tilefni af athugasemdum síðasta ræðumanns um verkfallsrétt lögreglumanna er það dálítið nýstárleg hugmynd að því er varðar vinnumarkaðsmál í vestrænum löndum ef hér væri innlendur her hvort sá her skyldi hafa verkfallsrétt. Um lögreglumenn gegnir að nokkru leyti sama máli og sé ég ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá skipan mála að löggæslumenn hafi ekki verkfallsrétt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Kjaradómur, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 244.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Kjaradóm, 228. máli á þskj. 244. Kjaradómur starfar nú skv. lögum nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í nýju frv., sem lagt hefur verið fram um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er ekki gert ráð fyrir að Kjaradómur hafi framvegis hlutverki að gegna gagnvart þeim sem undir samningsumboð stéttarfélaga opinberra starfsmanna falla. Hins vegar er þar gert ráð fyrir að Kjaradómur ákveði eftir

sem áður laun nokkurra æðstu embættismanna og dómara. Kjaradómi hefur einnig verið fengið hlutverk skv. öðrum lögum eins og sakir standa. Með tilliti til þessa þótti rétt að fella úr lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna ákvæði um störf Kjaradóms, en flytja í þess stað frv. um sérstök lög um Kjaradóm. Það er það frv. sem hér liggur fyrir.

Efnisleg nýmæli eru ekki í frv. önnur en þau að gert er ráð fyrir að í stað þess dómara sem tilnefndur hefur verið af launamálaráði Bandalags háskólamanna kemur dómari tilnefndur af félmrh. Enn fremur er gerð tillaga um lítils háttar breytingu á þeim störfum sem undir verksvið dómsins falla, en þar er fyrst og fremst um samræmingaratriði að ræða.

Frv. er, eins og þegar hefur komið fram, flutt í beinum tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og nauðsynlegt að um það verði fjallað og það afgreitt í samhengi og samræmi við afgreiðslu þess frv.

Ég legg þess vegna til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Hæstv. fjmrh. hefur uppi tillögu um að vísa þessu máli til fjh.- og viðskn. og það kann að vera að það sé ekkert sem skaðar það. En yfirleitt mun þessu hafa verið vísað til allshn. (**Gripið fram í:** Eða félmn.) en varla félmn. Hins vegar geta verið aðrar ástæður sem valda því að það sé skynsamlegt að þetta gangi til þeirrar nefndar sem hér er lagt til.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Verði sú regla almennt upp tekin að ráðherrar kjósi sér nefndir án tillits til hefða eða venja í þinginu spyr maður hvort fráleitar hugmyndir, sem hér hafa komið fram, um að vísa málum til iðnn. sem heyra undir landbúnað og til sjútvn. sem heyra undir eitthvað allt annað séu í reynd að verða jafnforkostulegar. Hér tekur hæstv. fjmrh. sig til og vísar í fyrsta lagi máli til fjh.- og viðskn. sem hefur heyrt undir allshn. og heldur svo áfram með sömu syrpu.

Ég lýsi því yfir að mér finnast þetta forkostuleg vinnubrögð. Mér er ekki ljóst hvað formaður allshn., hv. 2. þm. Reykn., hefur af sér brotið í störfum í þinginu eða hjá sínum flokki ef hann nýtur ekki þess trausts að málum sé til hans vísað í samræmi við hefðir þingsins, nema þetta sé framhald af deilum vegna þess hvernig skipa beri lögum um skatta í landinu.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er flutt í beinum tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og því mjög mikilvægt að um það sé fjallað í samhengi og samræmi við þá umfjöllun sem það frv. fær. Samkvæmt venju hefur verið um þau mál fjallað, þ.e. breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í fjh.- og viðskn. í a.m.k. aldarfjórðung sem Alþingi hefur fengið þau mál til meðferðar.

Í annan stað vil ég minna á að síðast þegar breytingar voru gerðar á lagaákvæðum um Kjaradóm fékk hv. fjh.- og viðskn. það mál til meðferðar. Ég tel það þess vegna í fullu samræmi við þær hefðir sem hér hafa verið og þær ákvarðanir sem Alþingi hefur áður tekið, bæði að því er varðar nefndarmeðferð um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og eins að því er varðar Kjaradóm sjálfan, og legg þess vegna áfram til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mál sem snert hafa Kjaradóm hafa á síðustu þingum komið til fjh.- og viðskn. og er auðvelt að fletta því upp í bókum þingsins ef hv. 5. þm. Vestf. óskar þess. Þetta er í fullu samræmi við þingsköp og hefðir eins og ég man það. Að vísu er það rétt að það er stundum matsatriði hvaða mál eigi að fara í félmn. og hvaða mál eigi að fara í fjh.- og viðskn. sem varða atvinnumál, launamál, en ég fullyrði að það hefur verið í samræmi við þinghefð síðan Kjaradómur var stofnaður að mál sem hann varða séu sett fyrir fjh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Báðir síðustu ræðumenn hafa undirstrikað að það hefur átt sér stað tilfærsla á verkefnum frá allshn. yfir til fjh.- og viðskn. Það er í sjálfu sér ekki fjárhagsmál á nokkurn hátt hvort menn fái greidd laun eftir Kjaradómi eða í verkfalli. Það getur enginn svarað því fyrir fram undir hvorum kringumstæðunum er um hærri launagreiðslur að ræða. Málið í eðli sínu getur ekki heyrt undir fjh.- og viðskn. Það er ekki verið að taka ákvarðanir um fjárútlát af neinu tagi. Það er verið að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur. Eru réttindi og skyldur orðin að fjárhagsmáli? Hvenær gerðist það? Er ætlunin að fara að reikna í krónutölu hvað þetta þýðir fyrir ríkið? Það verða fróðlegir útreikningar ef menn telja að það sé hægt að gera dæmið upp á þann hátt.

Auðvitað blasir við að það er verið að færa til verkefni með þessu móti. Tilfærslan hefur ekki byrjað á þessu þingi, það er alveg rétt. En í eðli sínu á málið ekkert erindi í fjh.- og viðskn. Það fjallar einfaldlega ekki um útreikninga á fjárupphæðum. Það fjallar um réttindi og skyldur.

Ég ætla ekki að hafa þessa umræðu lengri. En mig undrar ef menn telja að það geti verið rétt stefna í sölum þingsins að færa til mál á milli nefnda aðeins vegna þess að einhverjir ákveðnir þm., kannske að eigin áliti „súper"-þingmenn, hafa verið settir í ákveðnar nefndir og vilji mjög gjarnan fá málin til sín. Mér er alveg ljóst hverjir það eru sem hafa verið settir í fjh.- og viðskn. þingsins. Ég kannast mjög vel við þennan klúbb. Og ég skil vel að þeir vilji fá að taka á þessu máli. En þetta mál fjallar ekki um

fjárhagsmál. Þetta mál fjallar um réttindi og skyldur. Og það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því hvort það er verið að framkvæma þingsköp með eðlilegum hætti þegar svona er að málum staðið eða hvort það er verið að undirstrika að það eigi að taka upp þá stefnu að ráðherrar velji sjálfir til hvaða nefnda málum er vísað.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill af þessu tilefni taka fram að það er margt rétt í því sem hv. síðasti ræðumaður segir um þetta. Hins vegar verður það að segjast eins og er að skv. 15. gr. þingskapa er að vísu gert ráð fyrir því að níu fastanefndir starfi í hvorri þingdeild, en það er ekki augljóst mál af orðalagi þingskapa hvaða málum skuli vísa til hverrar nefndar heldur verður eðli máls að ráða, eins og venjan er hér og yfirleitt ekki mikill ágreiningur um slíkt, þó að slíkt geti komið upp vegna þess að auðvitað eru alltaf einhver takmarkatilfelli sem verður að kanna þegar málum er vísað til nefndar. Vissulega hefur það verið svo, og það hafa allir forsetar frá upphafi reynt að haga málum svo og allir sem ráða í þinginu, að það myndist tilteknar hefðir um hvert málum sé vísað. Þeim hefðum verður auðvitað haldið í heiðri. Hins vegar tel ég að það sé ekki ástæða til að vera svo bókstafstrúar að hvergi og aldrei sé hægt að víkja neitt út af um hvert málum sé vísað. Það er upplýst nú að um Kjaradóm hefur verið fjallað í fjh.- og viðskn. Ekki aðeins kom það fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e., heldur hef ég um það skýrslu frá skrifstofu Alþingis, sem var lögð fyrir mig nú. Þannig tel ég það engan veginn fráleitt þó að hæstv. ráðh. hafi gert tillögu um fjh.- og viðskn. í þessu efni. En ég tek fram að eins og oftar, þegar ágreiningur hefur orðið um nefndir, er það deildin sjálf sem sker úr og ef ekki eru tillögur, sem ég finn ekki að séu, um aðra nefnd er augljóst að forseti mun bera upp tillögu hæstv. fjmrh. um að vísa málinu til fjh.- og viðskn. Reyndar mun forseti bera þá tillögu fyrr upp, komi önnur tillaga fram, samkvæmt hefð sem hér ríkir um það efni.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Sem fyrirsvarsmaður fjh.- og viðskn. deildarinnar vil ég ekki gera hlut okkar minni en efni standa til, en ef verið er að ræða um „súper"-þingmenn eru þeir áreiðanlega ekki síður staddir í hv. allshn. deildarinnar en í fjh.- og viðskn. (**ÓÞÞ:** Þó er hlutur hinna ekki gerður minni en efni standa til.) A.m.k. er það ekki svo með framsóknarmennina.

Að öðru leyti er þessi umræða of seint á ferðinni. Ef menn hefðu viljað breyta þessari aldarfjórðungs gömlu hefð um að kjarasamningar opinberra starfsmanna færu til fjh.- og viðskn. og setja þá til einhverrar annarrar nefndar hefði átt að gera það áður en kjarasamningar opinberra starfsmanna voru sendir til fjh.- og viðskn. Hér er um að ræða tvö frv. sem eru fylgifrv. kjarasamninga opinberra starfsmanna og sjálfsagt að fylgi því máli og séu meðhöndluð í sömu nefnd. Þar af leiðir að nú þegar er búið að taka ákvarðanir sem hljóta að leiða til þess að fylgifrv. fylgi aðalfrv. og lendi hjá fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 20:1 atkv.

Lögreglumenn, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (verkfallsréttur). — Þskj. 239.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 239 er frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn nr. 56/1972. Það er flutt í tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um frv. þessi öll hefur náðst samstaða milli samtaka starfsmanna og ríkisstjórnarinnar.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að lögreglumenn ríkisins megi hvorki gera verkföll né taka þátt í verkfallsboðun. Til lögreglumanna ríkisins teljast auk lögreglumanna tollverðir og áhafnir varðskipanna. Í lögum um Landhelgisgæsluna eru ákvæði sem undanþiggja starfsmenn hennar verkfallsþátttöku og verkfallsboðun þannig að ekki er um að ræða breytingu á réttarstöðu þeirra. Samkomulag er milli stjórnvalda og Landssambands lögreglumanna og Tollvarðafélags Íslands um að hinn mikilsverði og viðkvæmi starfsvettvangur þeirra verði ekki gerður að ágreiningsefni eða dreginn inn í verkfallsátök heldur aðrar leiðir farnar til úrlausnar á hugsanlegum kjaradeilum þeirra og stjórnvalda. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til athugasemda við lagafrv. um aðdraganda þess og undirbúning.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. Með tilliti til þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram vildi ég vísa til forseta úrskurði um nefnd, en ég teldi eðlilegt að það fylgdi hinum frv. þar sem er um fylgifrv. að ræða. (**Forseti:** Forseti hefði kosið að það kæmi fram ákveðin tillaga um þetta.) Já, ég legg þetta til.

Friðrik Sophusson:

Virðulegi forseti. Þegar þetta frv. kemur hér til umræðu langar mig til að beina því til hv. nefndar sem fær þetta mál til meðferðar, sem virðist ekki vera alveg ljóst enn þá hver verður, að kanna rækilega hvort ekki sé ástæða til að setja ákvæði í lögin um lögreglumenn frá 1972, í 4. gr., þess efnis að til lögreglumanna teljist, auk lögreglumanna ríkisins, skipshafna varðskipa og tollvarða, fangaverðir. Ég vil rekja í örfáum orðum söguleg atriði er

varða þetta mál.

Á síðustu öld voru lögregla, tollur og fangavarsla í höndum sýslumanna og lögreglustjóra, sbr. 7. gr. laga frá 4. mars 1871, en þá var fyrsti fangavörðurinn ráðinn í Reykjavík en annars staðar á landinu önnuðust sýslumenn fangavörslu. Í 1. gr. laga frá 7. maí 1928 eru störf tollstjóra og lögreglustjóra aðskilin, en sameinuð að hluta, þ.e. gerðir aftur að löggæslumönnum með lögum frá 12. febr. 1940, en þar er ráðherra heimilað að ákveða að tollverðir séu lögreglumenn ríkisins og er það svo allt til 20. apríl 1963 með lögum nr. 56/1972, þeim lögum sem nú er verið að breyta, að tollverðir eru í 5. gr. gerðir að lögreglumönnum ríkisins í skilningi þeirra laga.

Varðandi fangaverði er sama ákvæði um það hverjir skuli annast og sjá um ábyrgð á gæslu og viðurværi fanga, þ.e. sýslumenn úti á landi. Þetta ákvæði er í lögum allt fram til 1954 a.m.k., en síðan er fangavarðastarfið sett til hliðar í þessum lögum og þeir eða yfirmenn fangelsa ekki taldir lengur með lögreglumönnum ríkisins.

Varðandi þá menn er fangaverðir gæta skal tekið fram að oftast eru það þeir menn sem eru erfiðastir og hættulegastir af þeim mönnum sem lögregluþjónar fást við daglega.

Í 70. gr. laga um meðferð opinberra mála segir, með leyfi forseta:

„Gæslufangar sæti þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal svo sem kostur er að beita þá hörku eða harðýðgi."

Það má öllum vera ljóst að framkvæmd gæsluvarðhalds er mjög vandasöm eins og m.a. ofangreind lagagrein ber með sér. Það er því ljóst að gera verður miklar kröfur til fangavarða, t.d. hvað varðar menntun, aga og siðferði. Þessar kröfur hljóta að vera í engu minna mæli en þær sem gera verður til lögreglumanna, tollvarða og starfsmanna Landhelgisgæslunnar eða þeirra stétta sem einnig er ætlað að verja og framfylgja þeim sömu lögum og reglum sem þeir dómar eru byggðir á sem fangavörðum er gert að fullnusta í sínu starfi.

Herra forseti. Ef nefndin, sem fær þetta mál til meðferðar, kemst að þeirri niðurstöðu að það sé óeðlilegt að fangaverðir falli undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn, en mér hefur skilist að sú sé afstaða dómsmrn., finnst mér koma til greina sú leið, sem embættismenn í dómsmrn. hafa reyndar nefnt við mig, að gerð verði breyting á lögum um fangelsi og fangavist og þar skýrt tekið fram að réttarstöðu fangavarða, þar á meðal hin hlutlæga ábyrgð ríkisvaldsins á skaða sem fangaverðir verða fyrir, verði jafnað til réttarstöðu lögreglumanna í lögum um lögreglumenn, en síðan verði í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna kveðið á um að fangaverðir vinni í verkföllum.

Í fskj. með frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem nú er til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn., hefur í upptalningu, er fylgir 19. gr. þeirra laga, en það er listi yfir þær starfsgreinar sem verða að vinna í verkfalli, fallið niður ein lína, þ.e. um fangaverði, en fulltrúar fjmrn. hafa sagt hv. nefnd að það hafi verið af misgáningi og þess vegna sé það leiðrétting að inn komi í fskj. að fangavörðum beri að vinna í verkföllum.

Herra forseti. Það er mín ósk að hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, kanni til hlítar hvernig eðlilegast er að koma þessum lagaákvæðum fyrir, en eins og ég hef sagt í minni ræðu kemur til greina annars vegar að gera breytingar á 4. gr. laga um lögreglumenn eða gera breytingu nú þegar á lögum um fangelsi og fangavist því að ég hygg að ekki verði hægt að bíða eftir heildarendurskoðun þeirra laga jafnvel þótt hún standi yfir um þetta leyti.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég að það komi skýrt fram að ég hef lagt áherslu á það í dómsmrn. og reyndar víðar að réttindi fangavarða yrðu ekki lakari en lögreglumanna. Í undirbúningi hefur verið að koma því fram samhliða þessari breytingu. Hins vegar hefur þurft að ræða það milli stéttarfélaga. Það er ástæðan fyrir því að málið er ekki enn þá útkljáð. En ég vona að það leysist. Er ætlun mín sú að þeirra hlutur verði ekki lakari en efni standa til.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þungskilið er lögmál lífsins og alltorskilið virðist mér eftir hvaða reglum málum er vísað til nefnda. Þau lög sem þetta frv. fjallar um breytingar á voru tekin fyrir í þinginu 1972 og þá var því frv. vísað til allshn. Með leyfi forseta æski ég þess að mega lesa upp 1. gr. laganna ef menn skyldu eftir henni geta áttað sig á því hvort það efni sem er í lögum um lögreglumenn frá 1972, 1. gr. þeirra laga sem eru í gildi, bendi til þess að þetta mál heyri undir fjh.- og viðskn.

„1. gr. Ríkið heldur uppi starfsemi lögregluliðs sem hefur það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglum, stemma stigu við lögbrotum og vinna að upplýstrun brota, sem framin eru, samkvæmt því sem nánar greinir í V. kafla laga um meðferð opinberra mála."

Í sjálfu sér skyldi engan undra að þeir sem eiga að sjá um þessi störf eigi ekki að geta farið í verkfall. Það er eiginlega dálítið skrýtið ef þeir gætu farið í verkfall. Ég fæ ekki séð hvernig nokkurt ríki fær staðist þar sem það væri framkvæmt að lögregluþjónar væru í verkfalli þegar þeim dytti í hug.

1. gr. í frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. málsgrein, mega hvorki gera verkföll né taka þátt í verkfallsboðun."

Þetta er talið svo flókið mál og efnismikið í fjárhagslegri afstöðu þingsins að það þurfi alla reiknimeistara fjh.- og viðskn. til að finna út hvað þetta kosti. Að sjálfsögðu verða þeir þá spurðir spjörunum úr um útreikningana og forsendur. Ég hef aldrei vitað að í þingstörfum kæmi það upp að

mönnum dytti önnur eins vitleysa í hug og ætla að fara að hrúga öllum málum inn í fjh.- og viðskn. hvort sem þau eiga þar erindi eða ekki.

Ég geri að tillögu minni, herra forseti, að þessu máli verði vísað til allshn. samkvæmt hefðum. Ekki samt 100 ára hefðum eins og hér hefur verið talað um áður. Svo fróður er ég ekki um söguna að ég viti hvort þessi nefnd var til þá, en það hefur komið fram hjá einum ræðumanni í dag að hún muni hafa verið til fyrir 100 árum. Ég mælist eindregið til þess að þessu máli verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SV, SvG, TG, ÞP, BÍG, EH, FrS, GSig, GB, GA, GHelg, GGS, HBl, JS, KP, KSK, MB, ÓE, PP, PJ, IG.

nei: SJS, EBS, JBH, ÓÞÞ.

14 þm. (GHG, StG, StH, ÞS, AS, FÞ, GeirG, GE, GJG, HÁ, HG, KJóh, KH, MÁM) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Afgreiðsla þessara þriggja mála, sem hér hafa verið á dagskrá, er með hreinustu endemum. Þær breytingar sem átt hafa sér stað á stöðu opinberra starfsmanna á síðustu árum hafa gert það að verkum að mál sem varða réttindi þeirra og skyldur eiga auðvitað ekkert erindi til hv. fjh.- og viðskn. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur bent á. Ég tel hins vegar fráleitt að þessi þrjú mál, sem eru hér á dagskrá, 3. mál, 4. mál og 5. mál, verði viðskila og úr því að búið er að vísa tveimur málunum til hv. fjh.- og viðskn. er fráleitt að senda það mál annað sem hér er nú verið að greiða atkvæði um. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem mál þetta er í eðli sínu hvorki flókið né vandasamt og virðist hvorki þurfa aðstoðar reiknisérfræðinga né tölvuþjónustu, fjallar aðeins um hvort lögreglumenn skuli hafa verkfallsrétt eða ekki, tel ég það ekki svo flókið að það sé ekki hægt að vísa því til allsh. og segi nei.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Sem forseti vil ég taka það fram að ég tel frá almennu sjónarmiði að eðlilegra hefði verið að vísa þessu máli til allshn. og það hljóti að verða svo þegar mál af þessu tagi koma síðar fram að hefðir verði látnar ráða og þá gangi þetta mál til allshn. sem rétt er samkvæmt eðli þessa máls. En hagkvæmnisástæður ráða stundum og það er af þeim sökum sem Ingvar Gíslason, sem hér er í forsetastóli, greiddi atkvæði með því að þetta færi til fjh.- og viðskn. að þessu sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Skoðanaágreiningur, sem upp er kominn milli forseta deildarinnar og hv. 1. þm. Norðurl. e., hlýtur að verða tekinn hér til örlítillar umræðu. Með þeirri ákvörðun deildarinnar að vísa málinu til fjh.- og viðskn. er að sjálfsögðu verið að skapa þá hefð að mál um lögreglumenn fari eftirleiðis þangað.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti hefur ekkert um þessa athugasemd að segja. Hv. 1. þm. Norðurl. e. er ekki í ræðustól sem stendur!

Afborgunarkaup, 1. umr.

Frv. SvG og JM, 159. mál (heildarlög). — Þskj. 169.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns greina frá því að ég mun leggja til að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn. þannig að þeir sem vilja mótmæla því geti þá undirbúið ræður sínar meðan ég tala.

Þetta er frv. til l. um afborgunarkaup sem flutt er af mér og hv. þm. Jóni Magnússyni. Þetta frv. er endurflutt frá stjfrv. sem lá hér fyrir þinginu 1978–1979. Tilgangur okkar með flutningi frv. er sá að koma þessum málum hér á dagskrá, en afborgunarkaup hafa tíðkast í fjárhagslegum viðskiptum fólks um margra áratuga skeið og auðvitað ekki vansalaust að ekki skuli vera til nein heildarlöggjöf um þau málefni, en hin gömlu lög um lausafjárkaup frá 1922 veita litla stoð í þessum efnum.

Í grg. með frv. segja flm. svo:

„Veturinn 1978–1979 var til meðferðar á Alþingi stjfrv. um afborgunarkaup. Frv. kom til 2. umr. og afgreiðslu í Nd. 15. maí 1979. Þar var birt umsögn Neytendasamtakanna sem var eindregið jákvæð og lauk með þessum orðum:

„Með hliðsjón af framansögðu mæla Neytendasamtökin með samþykkt frv. þessa um afborgunarkaup og leggja jafnframt áherslu á að mál þetta verði afgreitt á þingi því er nú situr.“

Verslunarráð Íslands taldi í umsögn sinni að frv. mundi hafa það í för með sér að afborgunarkaup legðust niður þar sem seljendur kysu heldur að taka við víxlum en að taka fyrirvara um eignarrétt í söluvörunni. Þrátt fyrir þetta var frv. samþykkt samhljóða í Nd. og afgreitt þannig til Ed. Þar stöðvaðist málið vegna tímaskorts við lok þingsins.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens var gert ráð fyrir því að setja reglur um afborgunarkaup. Viðskrh. Tómas Árnason lét fara yfir frv. í ráðuneyti sínu, en lagði endurskoðaða útgáfu þess aldrei fyrir ríkisstjórn né Alþingi. Þess vegna er Ísland eina landið í Vestur-Evrópu sem

ekki hefur enn neinar lagareglur um afborgunarviðskipti þótt allir játi nauðsyn þess að settar verði slíkar reglur hér á landi.

Flm. telja óhjákvæmilegt að hreyfa þessu máli nú á þinginu. Er frv. hér lagt fram óbreytt frá því sem það var eftir afgreiðslu Nd. Alþingis vorið 1979. Verður það vonandi grundvöllur til þess að Alþingi reki af sér slyðruorðið þegar á þessu þingi með því að samþykkja frv. eins og það er eða með þeim breytingum sem samstaða kann að nást um.

Flm. eru þeirrar skoðunar að neytendastarf eigi að byggjast á samtökum neytenda. Samstarf við verkalýðssamtökin á þessu ári hefur skilað miklum árangri. Í grannlöndum okkar eins og Svíþjóð hafa neytendastofnanir ríkisins sinnt þessum málum aðallega. Hér á landi hefur hins vegar orðið til neytendahreyfing. Eðlilegt er og sjálfsagt að ríkið styðji verulega við bakið á neytendahreyfingunni, en hlutverk ríkisvaldsins á síðan að vera að efla almenna neytendavernd á vegum Verðlagsstofnunar og að setja almennar lagareglur.

Neytendamál koma sjaldan til meðferðar á Alþingi sem er sérkennilegt þar sem neytendur og hagsmunir þeirra ráða úrslitum um marga veigamestu þætti efnahagsmála. Flm. telja að með frv. þessu komist neytendamál á dagskrá Alþingis með afgerandi hætti, enda er ætlast til þess að þingið sinni málinu alvarlega og afgreiði rammalöggjöf um þann þátt neytendaverndar sem frv. fjallar um, afborgunarkaup.

Þegar frv. var lagt fram á Alþingi veturinn 1978–1979 fylgdi því ítarleg grg. og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa inngangskafla hennar:

„Hér á landi, sem og víðast annars staðar, er alltítt að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti að seljandi lánar kaupanda kaupverðið eða hluta þess um vissan tíma, t.d. þannig að kaupandi greiðir hluta kaupverðsins þegar í stað en greiðir síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Algengt er að seljandi leitist við að tryggja skilvísa greiðslu eftirstöðva kaupverðsins með því að halda eignarrétti sínum yfir söluhlut þar til kaupverðið er að fullu greitt, enda þótt kaupandi fái afnot söluhlutar þegar við kaupin. Þegar svo háttar reynir að sjálfsögðu á margvísleg lögfræðileg vandamál sem ekki koma til varðandi kaup þar sem kaupverðið er greitt út í hönd.

Víða um lönd hefur verið sett löggjöf um afborgunarkaup og mótast sú löggjöf yfirleitt af vilja löggjafans til að vernda hagsmuni kaupenda og neytenda í þess háttar kaupum. Í upphafi þessarar aldar höfðu Danir, Norðmenn og Svíar með sér samvinnu um samningu laga um þetta efni. Árangur þess samstarfs kom fram í því að í þessum löndum voru sett lög um afborgunarkaup sem voru að verulegu leyti efnislega samhljóða.

Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í nóvember 1946 var ákveðið að tekin skyldi upp endurskoðun á hinum norrænu lögum um afborgunarkaup þar sem m.a. yrði tekið enn meira tillit til sjónarmiða neytenda en áður hafði verið. Frá því um 1950 hafa síðan verið gerðar ýmsar lagabreytingar í þessa átt á Norðurlöndum.

Hérlendis hefur engin löggjöf verið sett um afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara. Ákvæði laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, veita enga stoð um úrlausn margvíslegra og mikilvægra atriða sem á reynir í kaupum af þessu tagi og vafasamt er að hve miklu leyti fastar viðskiptavenjur hafa myndast á þessu sviði. Með frv. þessu er stefnt að því að ráða hér bót á. Er leitast við að skýra sem best réttarstöðu og úrræði kaupanda og seljanda við afborgunarkaup og er um margt höfð hliðsjón af norrænum lögum um þetta efni. Að nokkru leyti beinast ákvæði frumvarpsins að því að vernda kaupanda gegn ósanngjörnum kröfum eða harkalegu framferði seljanda, einkum við endurheimtu söluhlutar, en jafnframt er lagt til að seljanda verði tryggð fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda."

Þessu fylgja í frv. ítarlegar athugasemdir við hverja grein frv. og tel ég ekki ástæðu til að fara yfir þær frekar í framsöguræðu minni.

Ég vek athygli, herra forseti, á því að frv. fylgir fskj. sem er yfirlit um könnun á afborgunarkaupum sem fram fór á vegum Neytendafélags Reykjavíkur og nágrennis í maí 1985. Þar er ítarlega greint frá því hversu mikið er um afborgunarkaup hér á landi og þau eru mjög veruleg. Það kemur fram að langt yfir þriðjungur þeirra sem kaupa hluti til heimilisnota notar sér afborgunarmöguleika þegar þeir eru í boði. Þegar um er að ræða húsgögn er þetta um 36%, önnur heimilistæki 28%, sjónvörp, hljómtæki, myndbönd 25%. Hér er langoftast um að ræða hluti sem kosta á verðbilinu 11–40 þús. kr. Algengasta greiðsluformið í þessu efni eru skuldabréf með eignarréttarfyrirvara. Einnig er talsvert mikið um að ræða víxla sem eru einnig með eignarréttarfyrirvara og algengasti tíminn eru fjórir mánuðir og sex mánuðir. Að mati kaupenda munaði yfirleitt talsverðu á afborgunarverði og staðgreiðsluverði og töldu 37% aðspurðra að verulegur munur hefði verið á afborgunarverði og staðgreiðsluverði, en 37% að munurinn hefði ekki verið verulegur.

Það kemur fram að 42% þeirra sem kaupa með afborgunarkaupum segjast ekki hafa kynnt sér þá samninga sem gerðir voru um afborgunarhlutinn þegar frá samningum var gengið. Það kom einnig fram í þessari könnun að nær helmingur aðspurðra notaði greiðslukort í afborgunarviðskiptum.

Í fskj. II er birt samþykkt aðalfundar Neytendafélags Reykjavíkur og nágrennis frá 5. júní 1985 þar sem segir:

„Hér landi eru engin lög um afborgunarviðskipti. Flestir samningar um afborgunarkaup eru seljanda í hag, en réttur kaupandans er yfirleitt fyrir borð borinn. Aðalfundurinn hvetur til þess að sett verði hið fyrsta lög um afborgunarkaup."

Þessi hvatningarorð aðalfundar Neytendafélags Reykjavíkur geri ég að mínum lokaorðum og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari

umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég leitaði upplýsinga hjá hæstv. forsrh. á þessu þingi um hvað væri að frétta af störfum nefndar sem unnið hefur að frv. til stjórnarskipunarlaga. (**HBl:** Sú nefnd hefur skilað góðu starfi.) Hv. 1. þm. Vestf., hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, er formaður þeirrar nefndar nú og hv. 2. þm. Norðurl. e. fullyrðir að sú nefnd hafi skilað góðu starfi, en hvar þau skil liggja í skrifuðum tillögum hefur ekki verið upplýst.

Ég tel að það segi sína sögu um áhuga þingsins á þessu máli að hv. 3. þm. Reykv. taldi það *fullnægjandi afgreiðslu ef Alþb.* eða Alþingi *fengi* skýrslu um málið. Ég áttaði mig ekki fullkomlega á því hvort heldur það var sem hann taldi að væri fullnægjandi.

Nú er það svo engu að síður að formönnum flokkanna hefur verið það ljóst alllengi að stjórnarskráin sem við búum við er um margt sniðin við aðrar aðstæður en nú ríkja í íslenska lýðveldinu. Ég hygg að sá áhugi sem kom fram á að gera breytingar lýsi sér best í því að þegar gerður var stjórnarsáttmáli sem grunnur að samstarfi þeirra sem stóðu að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var þar sett inn að flutt yrði frv. að nýrri stjórnarskrá. Þetta frv. var að mestu leyti mótað í nefnd sem þá hafði starfað, en samt fór svo að allt það verk var lagt til hliðar og engin samstaða varð um að standa að breytingum á stjórnarskránni nema hvað varðar kosningar til Alþingis. Eitthvert samviskubit höfðu þeir sem þannig stóðu að málum því að þeir sem beittu sér fyrir þessari stefnubreytingu sögðu svo í grg. þess frv., sem þá var flutt um breytingu á stjórnarskránni, þar sem aðeins var fjallað um kosningar til Alþingis, með leyfi forseta:

„Þingflokkar, sem að frv. þessu standa, hafa orðið ásáttir um að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M.a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Það var engin tímasetning á því hvenær þingflokkarnir ætluðu að beita sér fyrir þessum aðgerðum, en það eina sem gert hefur verið varðandi þessa yfirlýsingu eftir að hún kom fram var það að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir því að þingflokkarnir tilnefndu menn í nefnd til að fylgja þessari samþykkt eftir. Með leyfi forseta vil ég lesa upp hverjir voru tilnefndir í þessa nefnd. Af hálfu Sjálfstfl. Lárus Jónsson, af hálfu Alþfl. Eiður Guðnason, af hálfu Alþb. Helgi Seljan, af hálfu Samtaka um kvennalista Kristín Halldórsdóttir, af hálfu Framsfl. Ólafur Þ. Þórðarson og af hálfu Bandalags jafnaðarmanna Stefán Benediktsson. Samkvæmt flokkaskipan í dag liggur ljóst fyrir að Alþfl. hefur átt tvo menn í nefndinni.

Ég tel að þegar þessi nefnd skilaði sínu áliti á liðnu sumri hafi þingflokkunum ekki verið neitt að vanbúnaði að beita sér fyrir því að fara nú að standa við loforðin og þess vegna varpaði ég þeirri spurningu fram til hæstv. forsrh., eins og ég gat um hér áðan, hvað liði störfum stjórnarskrárnefndar.

Mér er ljóst að þetta mál er stórt. Mér er ljóst að þeir sem stóðu að yfirlýsingunni vilja sennilega velflestir koma sér undan því að þurfa nokkurn tíma að gera meira. En hvort sem þeim líkar það betur eða verr komu þeir af stað þeirri ólgu í íslensku þjóðlífi og þeirri umræðu um þessi mál að samtök sem nefna sig Samtök um jafnrétti milli landshluta risu upp, urðu til og settu menn í það verk að semja frv. til stjórnarskipunarlaga. Þetta var ekki launuð nefnd eins og sú sem ríkisvaldið hefur haft á sínum snærum. Þetta voru hugsjónamenn sem settust niður og fóru að vinna að þessu verki, öfluðu sér upplýsinga um hvernig stjórnarskrár vestrænna ríkja og þeirra ríkja sem helst er hægt að segja að virði mannréttindi standa að þessum málum.

Ég flutti þetta frv. í fyrra og gerði þá efnislega grein fyrir aðalatriðum þess. Eftir það hefur það helst gerst að á Alþingi Íslendinga hefur verið samþykkt frv. til sveitarstjórnarlaga sem losaði um allar reglur varðandi skipun þriðja stjórnsýslustigsins á Íslandi. Það er nánast í höndum sveitarstjórnarmanna sjálfra hvort þeir vilja þar aðhafast eitthvað til að koma því á eða ekki.

Nú er það svo að frv. til stjórnarskipunarlaga eru að sjálfsögðu grunnlög sem önnur lög byggjast á. E.t.v. má segja sem svo að miðað við þau grunnlög sem við vorum með sé ekki óeðlilegt hvernig staðið var að setningu laganna um sveitarstjórnarmál. En ég vil, með leyfi forseta, lesa upp úr skýrslu byggðanefndar, þ.e. þeirrar nefndar sem ég gat um áðan að skilað hefði áliti, innganginn á bls. 3:

„Ein meginniðurstaða nefndarinnar að því er þátt stjórnsýslunnar varðar er sú að ekki sé hægt að leggja til að umtalsverð verkefni séu að óbreyttu færð frá ríkinu til sveitarfélaganna vegna þess hve mörg þeirra eru fámenn og veikar stjórnsýslueiningar, jafnvel þótt auknir tekjustofnar kæmu til. Bein og hlutfallsleg fækkun í fámennustu sveitarfélögunum hefur sífellt veikt þau og m.a. valdið miklum þrýstingi í þá átt að ríkið tæki aukinn þátt í verkefnum og þjónustu sem þau veita. Fámenn sveitarfélög valda ekki þeim verkefnum sem

þeim nú eru falin í lögum og geta því ekki tekist með árangri á við önnur og ný. Þá er landið víða orðið svo strjálbýlt að sameining fámennra sveitarfélaga leysir ekki vandann þrátt fyrir batnandi samgöngur.

Aðrar aðgerðir, sem nefndin telur koma til greina til þess að styrkja sveitarstjórnarstigið sem grundvallareiningu í stjórnkerfinu, eru gerðar að umtalsefni í nál. Þær nægja þó ekki til þess að unnt sé að ná verulegum árangri til aukinnar valddreifingar og virkara lýðræðis og að auka völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum óháð búsetu með flutningi verkefna og tekjustofna frá ríkinu til heimastjórna í héruðum landsins. Til þess þarf að mati nefndarinnar þriðja stjórnsýslustigið. Um það er nefndin sammála, en ekki er fullmótað hversu langt eigi að ganga á þessu sviði og hvort þetta stjórnsýslustig eigi í eðli sínu að byggjast á samstarfi sveitarstjórnarmanna í lýðræðislegu, lögskipuðu formi eða vera sjálfstætt þriðja stjórnsýslustigið. Í báðum tilvikum telur nefndin að þetta millistig í stjórnkerfinu eigi að ná til tiltölulega stórra svæða, t.d. núverandi kjördæma, og æðsta vald eigi að vera í höndum lýðræðislega kjörinna héraðsþinga.

Samtímis því sem nefndin var að störfum var til umfjöllunar í ríkisstjórn og á Alþingi lagasetning um sveitarstjórnarmál. Hún taldi því æskilegt að fá viðbrögð þingflokkanna við þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið í nefndinni, einkum um skipan sveitarstjórnarmála og breytta verka- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Því var þingflokkunum skrifað 27. febr. 1985 og svara óskað við ákveðnum spurningum. Svör þingflokka, Alþfl., Kvennalista, Framsóknar- og Sjálfstfl. eru birt í fskj. II–V.

Þingflokkur BJ sendi nefndinni till. til þál. um gerð laga um fylkisstjórnir. Fulltrúi Alþb. gerði nefndinni grein fyrir umræðum í þingflokknum. Svörin bárust sum hver það seint að nefndin ákvað að halda áfram störfum og móta almennar tillögur sem unnt væri að ræða skipulega innan þingflokkanna, ásamt gögnum þeim sem nefndin leggur til grundvallar niðurstöðum sínum.

Þetta nál. er ekki síst hugsað sem upplýsingasafn til grundvallar umræðu um aukna valddreifingu og aukin áhrif landsmanna í eigin málum. Auk þess er leitast við að greina meginorsakir aukinnar byggðaröskunar á síðustu árum og bent almennum orðum á aðgerðir til þess að hafa áhrif á þá þróun til jöfnunar.

Herra forseti. Aðalniðurstaða hinnar stjórnskipuðu nefndar, sem ég gat um hér áðan og hæstv. forsrh. beitti sér fyrir að yrði skipuð, var sú varðandi stjórnkerfið að þriðja stjórnsýslustigið þyrfti að komast á. Það væri grundvallaratriði. Auðvitað hljótum við, sem stóðum að þessu nefndaráliti, að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort einhver alvara hafi verið á bak við hugmyndir þingflokkanna á sínum tíma eða hvort hugsunin með nefndarskipuninni hafi fyrst og fremst verið sú að nú væri rétt að setja til starfa nefnd til að friða þá menn sem ósáttastir voru við þá tilhögun mála að taka kosningalögin ein út úr en láta allan jöfnuð að öðru leyti lönd og leið. E.t.v. segir það sitt um þann vilja sem þarna var á bak við að ekki verður ráðið af svari hæstv. forsrh. varðandi núverandi stjórnarskrárnefnd að þar sé nokkur skapaður hlutur að gerast.

Ég hygg að það sé hollt að gera sér grein fyrir því að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi í fólkstilfærslu hefur leitt til þess, hvort sem okkur líkar það vel eða illa, að í almennum kosningum á Íslandi verða hinar dreifðu byggðir með sama áframhaldi í þeirri aðstöðu að miðstýringarvaldið héðan úr Reykjavík ræður öllu um framþróun mála. Það er alveg sama hvort það er réttur sjómannsins til þess að ýta bát úr vör og draga sér þorsk í soðið, hann má búast við því að varðskip renni upp að hliðinni á honum og segi honum að hann sé að brjóta lög þó þetta sé þúsund ára gömul hefð, réttarhefð. Það er alveg sama með aðra þætti, það verður öllu stjórnað frá einum punkti úr höfuðstöðvunum, héðan, hvort heldur það verður á sviði dómsvalds, félagsmála, heilbrigðismála, landbúnaðar eða hvað það nú er sem við nefnum.

Í atvinnulegu tilliti blasir það við að um 90% nýrra starfa verða til í þjónustu. Verði stefnan óbreytt og ekki farið í að koma upp þriðja stjórnsýslustiginu og flytja þjónustuna út á land, þá er þetta ákvarðanataka um það að þeim sem ganga menntaveginn frá hinum dreifðu byggðum verða boðin störf í þjónustu, vissulega, en fyrst og fremst á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Ég hygg að það sé hollt að gera sér grein fyrir því að þau nýju störf sem landsbyggðin fékk í sinn hlut á árunum 1981–1984 voru aðeins 25% af öllum þeim störfum sem urðu til í landinu. Ef það væri aftur á móti reiknað hver hlutdeild landsbyggðarinnar hefði orðið í þjónustustörfunum þá væri það miklu lægra hlutfall.

Ég tel að þessi þjóð skiptist í sjálfu sér í tvo hópa. Það er hávær minni hluti í þéttbýli sem prédikar það að engin þörf sé á því að byggja landið allt. En ég er sannfærður um að meiri hluti þéttbýlisbúa á Íslandi, meiri hluti hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu vill að Ísland haldist í byggð. Ég er sannfærður um það. Hvers vegna? Vegna þess að taugarnar sem þetta fólk hefur til landsins liggja flestar til þeirra stöðva þar sem forfeður þess bjuggu. Þess vegna er það ríkt í þéttbýlisbúum að gera þá kröfu að landið haldist í byggð. Menn hafa aftur á móti ekki viljað setjast niður og skoða það á raunhæfan hátt hver sé ástæðan fyrir þessari þróun.

Það er rökrétt að það fækki í sveitum vegna tækniframfara og fleira fólk flytjist til þéttbýlis, að það verði hærra hlutfall af Íslendingum sem búi í þéttbýli. Það þarf aftur á móti ekki að halda því fram eða reyna að verja það að ekki sé hægt að skapa næg störf til að viðhalda þeirri byggð sem í dag er í sveitunum, ef menn vilja. Hitt hlýtur aftur á móti að vera ærið umhugsunarefni hvort menn geri sér ekki grein fyrir því að það stjórnkerfi sem við búum við

hér á landi er í öllum aðalatriðum sambærilegt við stjórnkerfi það sem lýðræðisþjóðir almennt búa við, að öðru leyti en því að hér hefur ekki verið byggt upp þriðja stjórnsýslustigið. Menn hafa einhverra hluta vegna talið að það þyrfti ekki að byggja það upp. Þetta væri allt í lagi. Afleiðingin er sú að miðstýringin hefur haldið áfram með vaxandi þunga.

Til að fyrirbyggja allan misskilning, alla umræðu um það að þeir sem voru í þeirri nefnd sem ég vitnaði til hér áðan hafi verið andvígir Stór-Reykjavíkursvæðinu eða að þeirra hugmyndir séu gegn því, þá vil ég lesa hér upp, með leyfi forseta, það sem sagt er um þá mætu borg, Reykjavík, á bls. 47:

„Reykjavík ásamt með nágrannasveitarfélögunum er nú þegar orðin mjög öflug höfuðborg sem gegnir sínu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menningar og listar í landinu. Það má segja að ör vöxtur hennar á fyrri áratugum hafi haft þann ótvíræða kost fyrir íslenskt þjóðlíf að þar varð snemma til atvinnu- og menningarsamfélag sem varð fremur fyrir valinu til búsetu en erlendar borgir hjá mörgum ungum Íslendingi. Nú er engin slík þörf fyrir öran vöxt höfuðborgarsvæðisins, heldur þvert á móti. Jöfn þróun í byggð landsins er því þjóðfélagslega hagkvæm. Það gildir um höfuðborgarsvæðið jafnt og önnur byggðarlög í landinu."

Ég vil undirstrika að það verður aldrei hægt að segja það um þá menn sem árétta og samþykkja sem réttan slíkan sögulegan texta sem hér er settur fram að þeir séu að ráðast gegn höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru ekki að því. Markmiðið er ekki slíkt og hefur aldrei verið. Við sem höfum viljað vinna að þeirri þjóðfélagslegu endurskipulagningu sem leiddi til þess að æskumenn Íslands, sem samkvæmt félagsfræðikönnun vilja velflestir búa í sínum heimabyggðum eigi þeir kost á atvinnu þar, við höfum einnig viljað vinna að því að þeim séu gefinn kostur á að fá þar störf við sitt hæfi. En það gerist ekki nema miðstýringin, eins og hún hefur verið, verði brotin á bak aftur. Það gerist ekki nema við komum þjónustunni út á land. Og við komum henni ekki þangað nema með því annars vegar að efla sveitarfélögin mjög frá því sem nú er og að hinu leytinu að koma á þriðja stjórnsýslustiginu.

Ég held að þegar frv. til stjórnarskipunarlaga, eins og það sem hér hefur verið lagt fram, er til umræðu, þá sé hollt að gera sér grein fyrir því að aðalefni þess er aðeins íslensk framsetning á stjórnarskráratriðum eins og þau gerast best í okkar nágrannalöndum. Menn hafa hnotið hér fyrst og fremst um eina grein í þessu frv. sem e.t.v. má segja að grípi á annan hátt á málum en almennt er í stjórnarskrám nágrannalandanna. Það er, með leyfi forseta, 65. gr. Þar segir svo:

„Í hverju fylki skal vera einn aðalbanki, fylkisbanki, sem er sameign banka og sparisjóða fylkisins. Fylkisbankinn sér um öll erlend viðskipti og bindiskyldu fylkisins.

Fylkisbankarnir ákveða sameiginlega söluverð gjaldeyris.

Sameiginlegur seðlabanki landsins skal vera í Reykjavík.

Nánar skal kveðið á um fylkis- og seðlabanka í lögum."

Ástæðan fyrir því að þetta er sett hér inn er að því miður hefur lögum um Seðlabanka Íslands verið beitt á þann veg að í gengisskráningu íslensku krónunnar hefur oftar en einu sinni ekkert tillit verið tekið til stöðu atvinnuveganna. Menn hafa ekki hikað við að standa þannig að málum að láta heilu árin líða svo að eigið fé grundvallaratvinnuvega Íslands hefur verið að minnka og mönnum gert að skyldu að selja þann gjaldeyri sem aflað er á lægra verði en það kostar að framleiða vöruna sem þarf til að afla þessa gjaldeyris. Ástæðan fyrir því að mönnum dettur þetta í hug er m.a. sú að það er orðið of mikið bil á milli þjónustusvæðanna á Íslandi og þeirra svæða sem bera alla ábyrgð á framleiðslunni. Framleiðslan á þeim vörum sem skapa gjaldeyri fyrir þjóðina fer fyrst og fremst fram í þorpunum og bæjunum hringinn í kringum landið. Til þess að fyrirbyggja það að tekjur þessara svæða séu með rangri gengisskráningu afhentar á þann hátt sem gert hefur verið er farið fram á það að það fylkisbanki sé í hverju fylki.

Ef menn bæru saman lögin um Seðlabanka Íslands og efndirnar þá hygg ég að mörgum mundi bregða. E.t.v. er hluti þess vandamáls sem þar er við að glíma sú furðulega staða að aðalseðlabankastjóri landsins er jafnframt stjórnarformaður í skuldugasta fyrirtæki á Íslandi, fyrirtækinu sem skuldar hærri fjárhæðir í erlendum gjaldeyri en nokkurt annað fyrirtæki í landinu. Þess vegna hafa það oft og tíðum verið beinir hagsmunir hins skulduga fyrirtækis að halda gengisskráningu krónunar á þann veg að fjármagn væri fært frá framleiðsluatvinnuvegunum til þjónustuatvinnuveganna.

Ég veit að þeir eru margir sem vilja forða sér undan umræðu um þessi mál. Þeir vilja firra sig ábyrgðinni með því að reyna að koma sér undan því að ræða þau. Þetta er gömul aðferð. Það var einu sinni borið á strútinn að hann sakir forheimsku styngi hausnum í sandinn. En nú er búið að sanna það af náttúrufræðingum að það er ekki vegna heimsku sem strúturinn stingur hausnum í sandinn. Nei, þegar hann er búinn að stinga hausnum í sandinn þá líkist hann svo búskunum í eyðimörkinni að rándýrin taka feil á honum og búskunum og hann sleppur við árás. En þeir sem stinga höfðinu í sandinn og koma sér undan því að ræða þessi mál, flýja af hólmi jafnvel þó þau séu rædd í þjóðfélaginu fram og til baka, þeir hafa greinilega hvorki hugrekki strútsins né hugsun í samræmi við hans skynsemi til þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Þeir flýja af hólmi, (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) leggja á flótta hver eftir annan frá þeirri umræðu að þurfa að ræða það mál hvort það þurfi að koma á nýrri stjórnarskrá á Íslandi. Og sumir, sem eru þekktir að því hér í þingsölum að biðja um orðið og blanda sér í

mörg mál vegna þess að þeir hafi almennan áhuga á þjóðmálaumræðu, þeir fylgja á eftir í þeim flótta.

Herra forseti. Svo vel stendur á að formaður allshn. þingsins í Nd. var aðalráðgjafi þeirrar nefndar sem samdi frv. að nýrri stjórnarskrá fyrir ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Það verður því ekki hægt að bera því við að þekkingarskortur hamli að á þessu máli verði tekið efnislega. Það hlýtur að vera eitthvað allt annað ef þetta mál fer ekki í atkvæðagreiðslu hér í þinginu í vetur. Það gæti hugsast að þm. vildu koma sér undan því að greiða atkvæði um málið, vildu ekki þurfa að standa frammi fyrir kjósendum og svara því hvort þeir hefðu stutt þessa eða hina greinina í umræddu frv., vildu geta skýlt sér bak við það að málið hefði farið til nefndar og væri geymt þar, hefði aldrei farið úr nefndinni. Það er hugsanlegt að slíkt sé ríkjandi og þess vegna vilji menn ekki að málið verði afgreitt úr nefnd. Á það mun þó látið reyna í vetur.

Ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að flytja langt mál. Ég vil aðeins minna á það að því eins rýkur að eldur er undir. Og það er eldur undir í íslenskum byggðum, hinum dreifðu byggðum þessa lands, sem í dag vilja fá svör frá þingflokkunum um það jafnrétti og þá valddreifingu sem þeir buðu að þeir vildu lofa að koma á í landinu ef breytt yrði lögunum um kosningar til Alþingis. Ég hef ekki séð þennan vilja þeirra í tillöguformi hér í þingsölum. Nefndin sem átti að vinna að þessu verki hefur skilað sínu áliti. Það lá fyrir í sumar. Að vísu var það geymt þó nokkurn tíma sem trúnaðarmál. En ég vil vara þá flokka sem bregðast því að bera ábyrgð á sínum loforðum. Það getur vel farið svo að það eigi eftir að rústa íslenskt flokkakerfi, rústa það ef þau loforð verða svikin. Því svo vel þekki ég til fólksins í hinum breiðu byggðum Íslands að þó að menn fylki þar oft liði hver á móti öðrum eftir stjórnmálaskoðunum, þá kunna menn líka að breiðfylkja. Þá fylkja menn liði saman hvar í flokki sem þeir standa og þannig hafa þeir staðið að málum sem hafa starfað í samtökunum Jafnrétti á milli landshluta.

Ég hygg að þess vegna sé skynsamlegra fyrir stjórnmálaflokkana að fara að koma þeim tillögum á prent sem þeir hafa í þessum málum og að fólkið fái að vita hvort það voru loforð sem ætlunin var að efna eða hvort það voru loforð sem menn voru fyrir fram ákveðnir í að svíkja, sem þeir gáfu upp á borðið þegar þessi umræða fór hér fram í þinginu á sínum tíma.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu en legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

26. fundur, þriðjudaginn 9. des., kl. 3 miðdegis.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Nú er að hefjast fyrirspurnafundur og þá eru þrír ráðherrar með boðuð forföll, auk hæstv. menntmrh. sem mun vera fjarverandi úr þinginu þessa daga. Það er ákaflega bagalegt, þá sjaldan þarf á ráðherrum að halda hér til að umræður geti gengið eðlilega fyrir sig, að þeir skuli ekki mæta á þingfundi. Sérstaklega er þetta alvarlegt í dag vegna þess að hæstv. heilbrmrh. hefur boðað forföll þegar fyrir liggur hér fsp. sem ég lagði fram í síðustu viku um kaup ríkisins á Borgarspítalanum. Fsp. er á þskj. 237 þar sem spurt er:

„Mun heilbrmrh. beita sér fyrir því að ríkið kaupi Borgarspítalann? Hafa farið fram viðræður um kaup ríkisins á Borgarspítalanum eða öðrum sjúkrahúsum sveitarfélaga? Telur heilbrmrn. að auðveldara sé að tryggja vandaða heilbrigðisþjónustu ef fleiri sjúkrahús landsins verða í eigu ríkisins?“

Ég tel að það sé ákaflega brýnt að svar hefði fengist við þessari fsp. strax í dag vegna þess að fyrir borgarráði Reykjavíkur liggur í dag tillaga frá borgarstjóra um að Reykjavíkurborg selji ríkinu Borgarspítalann. Ég tel að það sé nauðsynlegt að viðhorf hæstv. heilbrmrh., ríkisstjórnar og stjórnarflokka til þessa máls komi fram þegar í stað þannig að það sé unnt fyrir alla aðila, borgaryfirvöld og starfsmenn Borgarspítalans, að átta sig á því hvað hér er á ferðinni. Það hefur verið pukrast með þetta mál. Það hefur verið lokað inni og mér er kunnugt um að þó að fyrir liggi samningsuppkast um sölu á Borgarspítalanum hefur forstjóri Borgarspítalans ekki fengið að sjá það samningsuppkast enn þá.

Hér er framkvæmd mála öll mjög í skötulíki þegar ljóst er hins vegar að nauðsynlegt er að taka fjármál spítalanna í landinu til alvarlegrar athugunar, m.a. vegna þess að hallinn á daggjaldaspítulum landsins var fyrstu níu mánuði þessa árs 500 millj. kr., 19,4%. (**Forseti:** Hv. þm. er beðinn að athuga að þetta eru umræður um þingsköp.) Já, þetta tengist þingsköpum, herra forseti.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu máli hér vegna þess að umræða verður að fást um þetta mál og niðurstaða áður en 2. umr. fjárlaga fer fram. Ætlar Sjálfstfl. að knýja ríkið til þess að kaupa eina tíu spítala í landinu á einu bretti næstu daga? Er þetta valddreifingarstefna Sjálfstfl.? Hæstv. heilbrmrh. hefur kosið að vera fjarverandi þegar þetta mál er á dagskrá. Ég vænti þess að hæstv. forseti sjái svo til að þetta mál verði rætt á fundi í Sþ. á þriðjudaginn kemur þannig að umræða geti farið fram hér um þessi mál og vandamál sjúkrahúsanna í landinu áður en fjárlög verða afgreidd. Ég fullyrði að ef standa á að þessum málum,

sem snúa að spítalakerfinu í landinu, með þeim hætti sem uppi eru hugmyndir um mun það taka langan tíma í umræðum á hv. Alþingi við umræður um fjárlög fyrir árið 1987. Það verða öll ráð til þess að sjá fram úr því.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti mun taka til athugunar ósk hv. 3. þm. Reykv. um að það fari fram umræða næsta þriðjudag um það efni sem hann ræddi um og af hálfu forseta virðist ekkert vera til fyrirstöðu að slíkt geti orðið.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykv. Hér eru mál öll með ólíkindum að því er þetta varðar. N.k. föstudag mun vera ákveðið að 2. umr. fjárlaga fari fram. Ég veit ekki til þess að umræða hafi orðið um það t.d. innan fjvn. að ríkið kaupi Borgarspítalann. Það hafa engin erindi borist slík, það er ég best veit, til fjvn. Ég tel að það sé um seinan n.k. þriðjudag að ræða þessi mál á Alþingi því að þá er einvörðungu eftir 3. umr. fjárlaga. Ef af þessu á að verða á slík umræða að fara fram strax á Alþingi. Þingið á ekki að verða afskipt. Það á að ræða slík mál. Hér er um 600–700 millj. bita að ræða. Einhvern tíma hefði mönnum þótt æðimikið að kyngja slíku. (**Forseti:** Þm. er beðinn að halda sér við umræður um þingsköp.) Ég held mig á sömu nótum og málshefjandi sem talaði áðan og taldi hann það vera um þingsköp.

Ég ítreka að umræða um þennan þátt mála verður að eiga sér stað á Alþingi fyrr en n.k. þriðjudag. Það er lágmarkskrafa hjá þinginu að það fái vitneskju um það sem hér er á ferðinni ef rætt er á annað borð í alvöru um að ríkið kaupi Borgarspítalann.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að koma upp og ítreka þá beiðni sem hér hefur verið flutt. Efni fsp., sem ekki fæst rædd í dag vegna fjarvistar hæstv. heilbrmrh., varðar stefnubreytingu í heilbrigðismálum. Hún kemur mjög á óvart vegna þess að allir hafa verið leiddir til að trúa því að það væri stefna heilbrmrh. og flokks hennar að selja ríkisfyrirtæki en ekki að auka bákn ríkisins til rekstrar. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að þingið fái að ræða þessi mál þegar um er að ræða svo stórar fjárhæðir og þegar um er að ræða líka slík vinnubrögð og hafa verið höfð í frammi við fyrirhugaða sölu þessa spítala.

Ég vil ítreka beiðnina, sem kom hér fram áðan, að þessi mál fáist rædd helst fyrir næsta þriðjudag ef einhver leið er til þess eftir þingsköpum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram í tilefni af þessum umræðum að það var gert ráð fyrir að hafa 2. umr. fjárlaga á fimmtudag n.k. Nú er ákveðið, var ákveðið í gær, að hafa þá umræðu á föstudag þannig að ég geri ráð fyrir að það verði einhver tími til umráða fyrir Sþ. á fimmtudag. Og þetta mál verður athugað.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þær undirtektir sem beiðnir okkar hafa fengið og minni á að fyrirspurnatími er býsna knappur til að fjalla um það viðamikla mál sem hér er á ferðinni og auðvitað full ástæða til að kanna hvort ekki er hægt að láta fara hér fram ítarlega umræðu utan dagskrár um fjármál spítalanna á fimmtudaginn kemur. Mun ég ræða það við forseta og heilbrmrh. áður en næsti fundur verður haldinn í sameinuðu þingi.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég sé mig tilknúinn til að vekja athygli hæstv. forseta á því að tveir mánuðir eru nú liðnir síðan lagðar voru fram hér í Sþ. þrjár fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi tiltekin efni, um skólaakstur, gæslu í heimavistum og fjölda réttindalausra kennara við kennslustörf. Þessum þremur fsp. var útbýtt í Sþ. 14. okt. s.l. Síðasta mánuðinn hef ég margoft nefnt það við skrifstofu Alþingis að mig sé farið að lengja eftir svörum frá hæstv. ráðh. við þessum fsp.

Sumar þessara fsp. og viss atriði í þeim tengjast fjárlagagerð þar sem farið er fram á upplýsingar frá hæstv. ráðh. um hverjar séu hans tillögur varðandi niðurskurð til þessara þátta af hálfu ríkisins. Svo og er þarna innt eftir afstöðu ráðherra varðandi ásakanir sem hann hefur borið fram gagnvart starfsmönnum í skólakerfinu, fræðslufulltrúum o.fl. Mér finnst það vera óhæfa að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa svarað þessum fsp. fyrir löngu. Hér er auðvitað komið fram yfir öll eðlileg mörk í þessum efnum og 2. umr. fjárlaga er að hefjast í þessari viku þannig að ég hlýt að finna að því hvernig hér er staðið að málum.

Nú er hæstv. ráðherra menntamála, Sverrir Hermannsson, vikinn af þingi í bráð og einhver í stjórnarráðinu gegnir þá væntanlega störfum fyrir hann. Ég hlýt að óska eftir því að hæstv. forseti sjái til þess að svar berist við umræddum fsp. næstu daga þannig að það geti legið fyrir við fjárlagaumræðu. — Ég heyrði hér á hv. varaþm., sem er kominn til þings fyrir hæstv. menntmrh., að hann vilji hjálpa til að ýta á eftir svörum við þessum fsp. og þykir mér það út af fyrir sig góð liðveisla.

Ég nefni það einnig hér, þó að það sé ekki jafnt ástatt um það, að 30. okt. lagði ég fram fsp. til hæstv. iðnrh. um raforkuverð til álversins í Straumsvík og svar hefur enn ekki borist við þeirri fsp., en skrifstofa Alþingis hefur gefið mér vonir um að fari að styttast í það.

Þetta vildi ég nefna hér, herra forseti, vegna þess að ég veit að virðulegur forseti vill að það sé farið með skriflegar fsp. ekki ósvipað og með þær fsp. sem hér eru teknar á dagskrá og til umræðu og treysti því að hæstv. forseti veiti mér liðsinni í sambandi við þetta efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti leitast við að ýta eftir svörum við fsp. Sú regla hefur verið upp tekin að skrifstofa þingsins hefur reglulega samband við þau ráðuneyti eða ráðherra sem eiga eftir ósvarað fsp. og það er venja að farið er yfir þessi mál að morgni hvers þriðjudags til þess að forseti sjái hver staðan er.

Um þessi mál, sem hv. 5. þm. Austurl. hefur vikið að, er þetta að segja:

1. Um réttindalausa við kennslustörf, 32. mál. Það stendur á minnisblaði sem skrifstofan hefur látið forseta hafa: Svarið er væntanlegt í næstu viku.

2. Um skólaakstur, 33. mál, segir: Svarið er enn þá í vinnslu í menntmrn.

3. Gæsla í heimavistum, 34. mál. Þar stendur: Svarið er enn þá í vinnslu í menntmrn.

4. Um fjórða málið, sem hv. þm. nefndi, raforkuverð til álversins í Straumsvík, 109. mál, stendur: Svarið við fsp. er væntanlegt í dag.

Það skal tekið fram að ekkert er óeðlilegt að það sé fundið að þegar svör berast svo seint eins og hér hefur komið fram þar sem það er gert ráð fyrir því að svör berist eigi síðar en sex dögum eftir að fsp. eru lagðar fram. En það segir þó í þingsköpum: að jafnaði. Það er vegna þess að það er gert ráð fyrir að það kunni að þurfa að taka lengri tíma og það er ekki óeðlilegt að svo sé stundum.

En það sem forseta finnst að þurfi að taka frekar til athugunar en virðist að hæstv. ráðh. geri er að bíða ekki von úr viti með að afla upplýsinga sem óskað er eftir heldur láta svarið í té með þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru. Og þá er það að þm. verða líka að hafa í huga að spyrja ekki meira eða um margbrotnari efni en ætla má að möguleiki sé að svara innan hins tilskilda tíma. Þetta hlýtur þó í hverju tilfelli að vera matsatriði og ég hygg að framkvæmdin geti orðið þolanleg ef góðvilji ríkir á báða bóga, bæði frá fyrirspyrjanda og þeim ráðherra sem á að svara.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir þær skýringar sem hann gaf fyrir hönd iðnrn. á vöntun á svari til hv. 5. þm. Austurl. Þannig stendur á að svarið er *tilbúið fyrir nokkuð löngu, en mislagðist í ráðuneytinu.* Ég bið innilega afsökunar á því. Það er tilbúið og eins og kom fram hjá hæstv. forseta geri ég ráð fyrir að það verði sent í dag ef það hefur þá ekki tafist vegna lokunar ráðuneytanna eftir hádegið. En það er sem sagt tilbúið fyrir þó nokkru.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari umræðu benda á að ég hef lagt fram í þinginu fyrir löngu, tveimur mánuðum, fyrirspurnir með beiðni um skrifleg svör til hæstv. utanrrh. Annars vegar er fsp. á þskj. 42 til utanrrh. um varnarsvæði, sem svo eru kölluð, og hins vegar er um að ræða fsp. á þskj. 61 til utanrrh. um viðskipti íslenskra fyrirtækja við bandaríska herinn. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti Sþ. gæti greint frá því hvenær þess er að vænta að svör við þessum fyrirspurnum birtist Alþingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Á minnisblaði því sem ég gat um áðan stendur um þessi tvö mál:

Varnarsvæði, 42. mál: Svarið er væntanlegt í næstu viku.

Hin fsp. er um viðskipti við bandaríska herinn. Þar stendur: Svar við fsp. er væntanlegt mjög bráðlega.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka forseta viðbrögð hans við ábendingum mínum og þau svör sem hann kom með og ábendingar sem hann reiddi fram varðandi þingsköp um þetta efni. Ég hygg að varðandi þær fyrirspurnir sem ég var að inna eftir svörum við gildi það ekki að þær séu á neinn hátt þannig fram settar eða flóknar að ekki ætti með tiltölulega skjótum hætti að vera unnt að reiða fram svör við þeim. Það varðar að vísu tölulegar upplýsingar sumpart, en þar á meðal tillögur sem hæstv. ráðh. hlýtur að hafa lagt fram varðandi viðkomandi mál við undirbúning fjárlaga. Nú er hins vegar að draga að afgreiðslu fjárlaga á Alþingi og það er alveg sérstaklega með tilliti til þess að ég tel mjög illt við það að búa að svör fáist ekki fyrir 2. umr. fjárlaga. En samkvæmt því sem fram kom hjá hæstv. forseta er engin vissa fyrir því að svör við 33. máli og 34. máli berist fyrir jól þó að vonir séu gefnar um að það geti gerst í næstu viku.

Ég held í sambandi við skriflegar fsp. og það hversu algengt er að óeðlilegur dráttur verði á svörum við beiðnum um skrifleg svör við fsp. að skynsamlegt væri að það fylgdi dagskrá þingsins í fyrirspurnatíma Sþ. yfirlit yfir þær skriflegu fsp. sem óskað hefur verið eftir svörum við. Ég held að það mundi tryggja að þær fengju hliðstæða meðferð og fsp. þar sem óskað er eftir munnlegum svörum frá ráðherrum, mundi minna viðkomandi hæstv. ráðh. á fyrirspurnirnar því að vissulega getur verið um að ræða að þær falli í gleymsku, séu í vinnslu hjá embættismönnum í viðkomandi ráðuneyti og það sé tæpast við viðkomandi ráðherra að sakast þó að það dragist um einhverjar vikur að svara.

Þetta er vinsamleg ábending frá minni hálfu jafnhliða því sem ég ítreka beiðni mína um að ýtt verði á eftir svörum við nefndum fyrirspurnum frá menntmrn. Einhver í Stjórnarráði Íslands hlýtur að gegna starfi menntmrh. í fjarveru hæstv. ráðh. Sverris Hermannssonar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þessi mál, sem hér hefur verið rætt um, verða tekin til meðferðar af hálfu forseta og leitast við að koma sem bestri skipan á þessi mál.

Um dagskrá.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú vill svo til að þó að tíu mál séu á dagskrá, tíu fyrirspurnir, er málum svo háttað að annaðhvort vantar fyrirspyrjanda á þennan fund eða viðkomandi ráðherra þannig að ekki er hægt að taka neitt málið til umræðu á þessum fundi. Er þá ekki annað eftir en að taka 1.–10. málið, að báðum meðtöldum, út af dagskrá.

SAMEINAÐ ÞING

27. fundur, þriðjudaginn 9. des., að loknum 26. fundi.

Um þingsköp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er svo ástatt að það eru níu mál á dagskrá, en þess er ekki kostur að taka neitt málið til umræðu. Um þetta þarf frekar að ræða við aðra en þá sem eru hér viðstaddir.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Um það sem hér kemur fram, bæði í lok síðasta fundar og á þessum fundi, þarf ekki að hafa mörg orð. Það er dapurleg niðurstaða að ekki skuli vera hægt að ræða hér eitt einasta mál sem á dagskrá er. Það er slæmt að ekki skuli vera hægt að taka á dagskrá mál sem útbýtt var á þessum fundi. Ég er þar flm. að einu máli og hefði verið reiðubúinn að mæla fyrir því hér og nú ef þingsköp leyfðu það. Það verður að gera gangskör að því að með öðrum hætti sé staðið hér að og er ekki þar við hæstv. forseta að sakast.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það stendur nokkuð óvenjulega á í dag með þingstörfin. Fyrir klukkustundu var borinn til moldar fyrrv. forsætisráðherra Íslands. Útförin var gerð á vegum ríkisins og fjöldi þingmanna og þar á meðal ráðherrar voru þar viðstaddir. Það mun vera orsök þess hve fámennt er hér í salnum.

Þetta vil ég að komi fram til að fyrirbyggja allan misskilning. Það er ekki af hyskni eða trassaskap sem hæstv. ráðherrar eru hér ekki mættir eða flokksbræður fyrrv. forsrh. Emils Jónssonar.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil láta koma fram að það er ekki eins og það sé enginn ráðherra mættur hér. Ég sé ekki annað en við séum hér alveg örugglega þrír. Ég var mættur hér til að svara m.a. fsp., en fyrirspyrjanda vantaði. Það er því kannske við aðra að sakast. Ef það er meiri hluti þm. mættur eru fjögur mál á dagskránni sem aðeins er atkvæðagreiðsla um.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er fullkomlega ástæðulaust af hæstv. viðskiptaráðherra að benda á að það sé hægt að ganga til atkvæða um mál hér. Forseta er ljóst hvenær er hægt að ganga til atkvæða og hvenær ekki.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. tók af forseta ómakið með því að minna á jarðarför þá sem fór fram í dag. Menn eru enn þá uppteknir vegna þeirrar athafnar. Er ekki óeðlilegt að það séu margir þm. þar, bæði þar sem um fyrrv. forsrh. er að ræða og fyrrv. forseta sameinaðs þings.

EFRI DEILD

18. fundur, miðvikudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Tékkar, 2. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánastofnun sparisjóðanna). — Þskj. 105, n. 265.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um tékka. Þetta frv. er í sjálfu sér einfalt í sniðum. Nefndin hefur rætt það og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 248.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Þetta litla frv. fjallar um að breytt verði til meiri sanngirni tilteknu ákvæði í almannatryggingalögunum sem varðar börn og maka örorkulífeyrisþega er vistast langtímum saman á sjúkrahúsi eða annarra þeirra sem svo stendur á um að þeir séu vistaðir einhvers staðar þar að bætur — örorkulífeyrir eða eftir atvikum ellilífeyrir þá sjaldan svo ber við — tryggingarnar falla niður til þessara aðila. Þegar svo ber við geti sá maki sem sinnir börnum innan 18 ára aldurs fengið ásamt barnalífeyri, sem greiddur er í samræmi við gildandi ákvæði tryggingalaga, einnig mæðralaun eða eftir atvikum feðralaun

ef það er faðir sem á í hlut og hefur umönnun barna með höndum.

Þegar örorkulífeyrisþegi vistast á langlegusjúkrahúsi eða dvalarheimili eru lífeyrisbæturnar ekki lengur greiddar út til hans heldur til stofnunarinnar. M.ö.o. þessir peningar, sem ella hefðu fallið til heimilisins, eru ekki lengur framfærslueyrir hins sameiginlega heimilis hans, maka hans og barna. Þegar um er að ræða einstætt foreldri greiða tryggingarnar mæðralaun eða eftir atvikum sams konar fjárhæð til feðra sem hafa með höndum umönnun barnanna. En þegar svo stendur á að makinn er á lífi en bætur hans falla niður vegna langvarandi sjúkleika og vistunar í stofnun eru engin mæðralaun greidd. Þetta legg ég til að verði leiðrétt.

Það eru fáir einstaklingar sem svona stendur á um, en með þessu mæla augljós sanngirnisrök. Í þessum hópi myndu einnig vera þeir sem hefðu fengið úrskurðaðan barnalífeyri vegna þess að makinn sætir gæslu- eða refsivist sem varað hefur a.m.k. þrjá mánuði þannig að þá er ekki um neinar aðrar tekjur til heimilisins að ræða en þær sem sá maki leggur til heimilisins sem sinnir börnunum.

Þetta er breyting til samræmis við það sem viðurkennt hefur verið árum og áratugum saman, að mæðralaun eigi að ganga til einstæðra foreldra vegna þess að þar er ekki önnur fyrirvinna á heimilinu. Þess vegna er þetta frv. flutt. Ég held að það verði engin vandkvæði á því að framkvæma þetta, ef að lögum verður, því að í lögum er alveg skýrgreint við hvaða hópa fólks er átt.

Ég vonast til þess að þessi litla breyting í sanngirnisátt geti orðið til að auðvelda þeim foreldrum er annast börn sín einir af þessum ástæðum, sem hér hefur verið lýst, að sjá sæmilega fyrir þeim og halda fyrir þau heimili.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins fáein orð um þetta frv., en um leið og almannatryggingar í heild sinni koma hér á dagskrá gefur það tilefni til þess að grennslast nokkuð fyrir hjá hæstv. ráðh. um líklega þróun tryggingamála, kannske sérstaklega tryggingabóta þó fyrst og síðast, þó ég viti að hæstv. ráðh. hafi í nógu að snúast þessa dagana og á honum hvíli býsna miklar annir af öðru tilefni.

Um þetta mál má segja að hér er um þarfa leiðréttingu að ræða. Ég þekki til dæma. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þau eru ekki mörg, en þau eru þeim mun tilfinnanlegri þegar komið er að luktum dyrum í kerfinu og ekki er hægt að afgreiða þessi mál. Út af fyrir sig fagna ég því þessari leiðréttingu.

Ég vil svo segja um það að þetta vekur að sjálfsögðu upp þá hugsun hjá okkur, sem hefur komið upp öðru hvoru, hvernig líði heildarendurskoðun þess viðamikla og þýðingarmikla málaflokks sem almannatryggingar eru. Nefndir hafa verið að störfum sem hafa átt að sjá um þessa heildarendurskoðun, en það er eins og starf þeirra hafi í gegnum tíðina að mestu leyti gufað upp, en hins vegar verið tekin einstök atriði út úr og leiðrétt. Ég tek það fram að auðvitað er sjálfsagt að sníða af, eins og hér er verið að gera, einstaka agnúa á tryggingalöggjöfinni, en það er líka jafnnauðsynlegt að fara yfir heildardæmið, samræma þessa löggjöf enn betur, tryggja virkari og betri framkvæmd. Þetta snertir svo marga og svo mikið að við þurfum virkilega að fara yfir þessi mál í heild sinni.

Hér hefur verið á hv. Alþingi flutt af hv. varaþm. Þórdísi Bergsdóttur sérstök till. um að fram fari heildarendurskoðun á almannatryggingamálum. Auðvitað er þörf á því að þessi lög séu sífellt í endurskoðun og þarf ekki að fara frekar út í það.

Í grg. frv. er minnt á þær bótaupphæðir sem nú eru í gildi, þ.e. sem voru í gildi í nóvember, þær hafa nú tekið breytingum, og tekið fram að elli- og örorkulífeyrir að viðbættri tekjutryggingu sé í nóvember 15 209 kr., en síðan hefur eins og allir vita orðið hækkun á því um 4,59%. Hins vegar vekja nýgerðir kjarasamningar upp nokkrar spurningar um framhaldið. Það er t.d. vitnað til þess í samkomulagi sem gert hefur verið um þessi mál að bætur almannatrygginga fylgi almennri launaþróun. Það segir að vísu ekki mjög mikið eða mjög ákveðið um hvað það skuli vera. Ég hef þær upplýsingar t.d. frá Þjóðhagsstofnun nú að almenn launahækkun, og þá er að sjálfsögðu átt við meðaltal frá upphafi til loka þessa árs, sé um 35% og er nokkru hærra en fyrri spár Þjóðhagsstofnunar höfðu gert ráð fyrir að meðalhækkun launa yrði, en þetta eru nýjustu spár þeirra, að sú hækkun verði 35%. Ég man í haust eftir því að þá upplýsti hv. þm. Geir Gunnarsson við umræðu um fjárlög að bætur almannatrygginga mundu hækka um tæp 15% á þessu ári og þar af leiðandi um 17% eftir þessar tvær aukaprósentur núna 1. des., ef ég skil rétt. Þarna er þar af leiðandi talsverður munur á þeirri meðaltalslaunaþróun sem orðið hefur í landinu og hækkun almannatryggingabóta hins vegar.

Í efnislega umræðu á ekki að þurfa að fara hér. Það hlýtur að verða gert við umræðu um fjárlög vegna þess að þar verða ákvarðaðar, a.m.k. eitthvað, þær upphæðir sem fara til lífeyristrygginga í landinu. Ég sé því ekki ástæðu til að fara náið út í þær hér. En í nýgerðum kjarasamningum var það aðaleinkenni þeirra að lágu launin væru í forgangi. Hér er um lægstu greiðslur í landinu að ræða í sambandi við þá sem eru eingöngu með elli- og örorkulífeyri plús tekjutrygginguna. Í framhaldi af því hlýtur maður að spyrja hæstv. ráðh., þegar mál af þessu tagi kemur á dagskrá sem snertir almannatryggingarnar, hver þróun bóta verði á næstunni, bæði í ljósi launaþróunar á þessu ári og ekki síður í kjölfar þeirra kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir og tóku mið af því að hækka lægstu launin og þau eingöngu, og vitum við að við erum að tala

varðandi þessar bætur, þó að reynt hafi verið að halda þar nokkuð í í sambandi við hækkanir, lægstu greiðslur í þjóðfélaginu. Þær hljóta þess vegna eðli málsins samkvæmt að taka verulegum breytingum á næstunni og vonandi sem allra fyrst. Ég skýt þessu að hér án þess að ég ætlist til þess að hæstv. ráðh. reiði fram nein endanleg svör um þetta því að það verður örugglega gert við fjárlagaumræðuna, en gott væri að fá einhverjar hugmyndir um hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir, í framhaldi af þeim kjarasamningum sem nú hafa verið gerðir, um almenna hækkun bóta almannatrygginga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Það er eðlilegt að hv. 2. þm. Austurl. eða aðrir þm. hugsi til þess sem spurt var um. Hækkanir almannatryggingabóta á þessu ári hafa ævinlega verið í samræmi við þá prósentuhækkun sem orðið hefur á almennum launum hverju sinni og verið hækkað þá nákvæmlega frá sama tíma en ekki látið bíða, eins og heimilt er þó, eftir lagagreininni, en hún segir að þegar hækkun verður á kaupi í almennri verkamannavinnu, eins og stendur í lagagreininni, skuli bætur almannatrygginga hækka innan næstu sex mánaða í samræmi við það.

1. des. hækkuðu bæturnar um 4,59% þó að raunar væri ekki búið að semja um þá prósentuhækkun þá, en það ákvað ég að gert yrði til þess að hægt væri að láta hækkunina koma á bæturnar sem greiddar yrðu út 10. des. Það er nú svo að stóra tölvan hjá tryggingunum er svo lengi að vinna að henni veitir víst ekki af nokkrum dögum til að athuga málin og þess vegna þurfti ákvörðunin að liggja fyrir snemma.

Það er ljóst að kjarasamningarnir, sem gerðir voru um daginn, leiða til verulegra hækkana á bótum. Það er núna verið að vinna í því stóra dæmi og ég á von á reikningslegum niðurstöðum á næstunni, jafnvel á morgun, þannig að þær munu liggja fyrir fljótlega. Þær hækkanir sem um samdist í kjarasamningunum urðu á þeim tíma að ekki er unnt að ná því inn í greiðsluna 10. des., eins og hver maður sér, en afstaða verður tekin til þess á næstu dögum hvernig hækkunin deilist niður á næsta sex mánaða tímabil, hversu mikið af henni kemur strax við næstu útborgun, þ.e. í janúar, og hversu mikið verður svo á öðrum dagsetningum tímabilsins. Það liggur einungis fyrir að það verða verulegar hækkanir á bótum almannatrygginga einmitt í sambandi við kjarasamningana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um niðurfellingu laga nr. 54 frá 21. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

1. gr. frv. er þannig:

„Lög nr. 54 frá 21. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, falla úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði skv. lögum nr. 54/1981."

2. gr.: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988."

Árið 1963 voru sett lög nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landkaupa. Tilgangur laganna kom fram í fyrirsögn þeirra, en í 1. gr. laganna var ákvæði um að ríkissjóður legði árlega á næstu tíu árum fram 3 millj. kr. sem heimilt væri að lána kaupstöðum og kauptúnum til að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags. Þéttbýlissveitarfélög víða um land höfðu mjög leitað ásjár ríkisins um fjárhagsastoð til að kaupa lönd og lóðir af einkaaðilum, en þá var engin fjármálastofnun í landinu til sem lánaði eða taldi sér skylt að veita sveitarfélögum langtímalán í þessu skyni.

Á árunum 1964–1972 voru árlega veittar 3 millj. kr. á fjárlögum til ráðstöfunar skv. landkaupasjóðslögunum frá 1963 og á árunum 1974–1980 voru árlega veittar 10 millj. kr. í þessu skyni. Samanlagt hefur framlag ríkissjóðs til Landkaupasjóðs á árunum 1964–1980 verið 97 millj. kr. miðað við verðlag hvers árs. Frá og með árinu 1981 hefur ekkert fé verið ætlað í fjárlögum til Landkaupasjóðsins. Á rúmlega tveggja áratuga starfsemi Landkaupasjóðsins hafa 50 sveitarfélög í öllum landshlutum fengið hjá honum lán til landkaupa, þar af tíu kaupstaðir, Grindavík, Garðabær, Seltjarnarnes, Akranes, Bolungarvík, Ísafjörður, Dalvík, Eskifjörður, Selfoss og Ólafsvík, og hafa sum þessara sveitarfélaga fengið lán oftar en einu sinni úr sjóðnum.

Skv. lögum nr. 41/1963 voru lánskjör ákveðin þannig að lánin voru svonefnd annuitets-lán til 25 ára með föstum vöxtum, 5% pr. anno, en með lögum nr. 50/1974 var ákveðið að taka upp verðtryggingu á útlánum sjóðsins. Í árslok 1980 nam skuldabréfaeign sjóðsins 183,6 millj. kr. sem vegna myntbreytingar urðu í ársbyrjun 1981 1 millj. 836 þús. kr. og skv. efnahagsreikningi sjóðsins 31. des. 1985 nam hrein eign hans 8 millj. 136 þús. 600 kr. Þess má geta til viðbótar að í árslok 1986 er eign sjóðsins um 10 millj. kr., en lán á þessu ári hafa verið til tveggja sveitarfélaga, þ.e. til Hólmavíkur 600 þús. og til Reyðarfjarðar 300 þús.

Þegar lög nr. 41/1963 voru sett var sem fyrr segir engin lánastofnun til í landinu sem veitti sveitarfé-

lögunum langtímalán til landkaupa. Á árinu 1966 voru sett lög um Lánasjóð sveitarfélaga og tók hann til starfa á árinu 1967. Er þeim sjóði fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita sveitarfélögum fjárfestingarlán og skv. samningi félmrn. við Lánasjóð sveitarfélaga hefur sjóðurinn allt frá árinu 1967 annast afgreiðslu lána úr Landkaupasjóði, svo og annast innheimtu og bókhald fyrir sjóðinn, en félmrh. hefur tekið ákvarðanir um lánveitingar svo sem lögin mæla fyrir um.

Þar eð ríkissjóður hefur frá og með árinu 1981 hætt að leggja Landkaupasjóði til fjármagn, ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið minnkandi og starfandi er sjóður sem hefur það meginhlutverk að veita sveitarfélögum lán til langs tíma sýnist með öllu ástæðulaust að reka Landkaupasjóð áfram sem sjálfstæða stofnun til frambúðar heldur er lagt til að sameina hann Lánasjóði sveitarfélaga sem í tvo áratugi hefur séð um starfsemi Landkaupasjóðsins. Er því í frv. þessu lagt til að lög nr. 54 frá 21. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, verði felld úr gildi og Lánasjóður sveitarfélaga yfirtaki hlutverk og eignir Landkaupasjóðsins frá ársbyrjun 1988.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. okt. 1986 að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að beina þeim tilmælum til félmrh. að Landkaupasjóður ríkisins skv. lögum nr. 54/1981 yrði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaga. Ég hef því ákveðið að fara að óskum Sambands ísl. sveitarfélaga í þessu máli og þess vegna flyt ég þetta frv. á þskj. 249, enda ekki ástæða til að hafa tvö kerfi eins og hefur verið undanfarið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta. Hér er um lítið mál að ræða, en þó mikilvægt að þessi breyting nái fram að ganga. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Klukkan er rúmlega hálfþrjú í næstsíðustu viku þings fyrir jól og Ed. orðin verkefnalaus og ekki í fyrsta sinn nú á liðnum dögum. Ég vildi vekja athygli á þróun þessara mála nú þó þetta sé ekki ný saga. Nd. fær nú til meðferðar hvert stórmálið á fætur öðru, þeim er þar hnappað inn. Fylgifrv. sem afgreiða þarf samhliða fjárlögum fara öll með tölu í Nd. nú að undanteknu einu sem flutt var hér í haust, eins konar bandormur sem hér var fluttur og fór þá til hv. fjh.- og viðskn. og hefur ekki síðan sést en á væntanlega eftir að koma hér, og að vísu hefur lánsfjárlagafrv. verið lagt fram einnig hér.

Þetta er ekki ný saga og ég veit að erfiðleikar hæstv. forseta eru ærnir. Ráðherrar ráða því nokkuð, virðist vera, hvar þeir leggja mál fram og hafa þar ekki neitt samstarf sín á milli að því er virðist vera og því síður að sami ráðherrann geti verið sjálfum sér samkvæmur í því að leggja mál nokkuð jafnt fyrir deildir.

Ég hef áhyggjur af afgreiðslumáta okkar í næstu viku og hlýt að óttast að enn einu sinni verði kannske í ríkara mæli en oft áður um óæskilega hraðafgreiðslu og ósæmileg vinnubrögð að ræða þegar allt það málaflóð sem ég sé að dembist yfir okkur úr Nd. kemur hingað í næstu viku. Á þessu hlýt ég að vekja athygli um leið og ég veit að hæstv. forseti hefur gert allt sitt til að breyta þessu, en hæstv. ráðherrar ekki nema í litlum mæli farið eftir þeim tilmælum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. hafa verkefni þessarar hv. deildar að undanförnu verið fremur smá og fá. Það er rétt, sem kom fram í hans máli, að forseti þessarar hv. deildar hefur haft af þessu áhyggjur og ekkert tækifæri látið ónotað til að vekja athygli hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar á þessu atriði, þ.e. hvernig málum mætti skipta á milli deilda til að nýta sem best vinnutíma hv. þingdeildarmanna í Ed. En við stöndum samt frammi fyrir orðnum hlut. Það má segja sem svo að forseti sé á frumvarpaveiðum hvenær sem tækifæri gefst, en veiðin verður heldur rýr. En forseti mun að sjálfsögðu koma þessum skilaboðum áleiðis á þeim vettvangi þar sem hann hefur tækifæri til þess.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að nauðsynlegt er að reyna að jafna málum milli deilda, en það er stundum dálítið erfitt að sjá fyrir hvernig málin ganga. Að gefnu tilefni vil ég benda á að ég hef lagt fram í Ed. bæði umfangsmikil frv. og óskað eftir a.m.k. að eitt þeirra næði sem allra fyrst fram að ganga.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Það var vel við hæfi að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra kæmi upp og greindi frá því að hann væri undantekning frá óreglu ráðherranna.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Það er gleðilegt að hv. deildarmenn, sérstaklega hv. 2. þm. Austurl., telja að það vanti fleiri hæstv. ráðherra í þessa virðulegu deild. Ég er þeirrar skoðunar að það sé betra að leggja fram minna af málum, en leggja þau fram af því að það sé þörf fyrir það, ekki bara til að halda deildinni gangandi vegna þess að þm. telja sig ekki hafa nóg að gera.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki á sér setið að bæta nokkru við. Ég held að það sem hv. 2. þm. Austurl. hafi átt við muni vera það hvernig þeim málum er skipt á milli deilda sem fyrir liggja. Það getur forseti tekið undir að þeirri skiptingu hefði mátt vera öðruvísi fyrir komið til þess að hægt væri að nýta betur starfskrafta deildarinnar.

NEÐRI DEILD

18. fundur, miðvikudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Afborgunarkaup, frh. 1. umr.

Frv. SvG og JM, 159. mál (heildarlög). — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 227.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um virðisaukaskatt á þskj. 227.

Á haustmánuðum 1983 lagði þáv. fjmrh. fram til kynningar frv. til laga um virðisaukaskatt. Vinna við frv. hófst að tilstuðlan fjmrh. fyrri ríkisstjórnar, enda var á stefnuskrá þeirrar stjórnar að leggja niður söluskattinn og taka upp virðisaukaskatt í hans stað.

Haustið 1984 var frv. lagt fram á ný í nær óbreyttri mynd og mælt fyrir því í Ed. 30. janúar 1985. Í framsöguræðu þáv. fjmrh. var gerð mjög ítarleg grein fyrir tilurð núverandi söluskattskerfis, ágöllum þess og frá eiginleikum virðisaukaskattkerfis. Ég vil því til að stytta mál mitt nokkuð vísa til þeirrar framsöguræðu um almenna kynningu á ýmsum slíkum þáttum að því er málið varðar.

Mál þetta er af þessum sökum þm. allvel kunnugt, sem og ýmsum samtökum í atvinnulífi og á vinnumarkaði, enda hefur verið víða leitað umsagna um málið á fyrri stigum og samstarf hefur verið haft við ýmsa aðila við frekari undirbúning þess. Einnig hafa stjórnmálaflokkarnir flestir fjallað um þetta mál innan sinna vébanda þannig að nú standa sakir svo að a.m.k. þrír stjórnmálaflokkar hafa tekið afstöðu með kerfisbreytingu af þessu tagi þó að ágreiningur sé um hliðarráðstafanir og einstök framkvæmdaatriði.

Frv. hlaut ekki afgreiðslu á þingi 1985 og var því vísað til ríkisstjórnarinnar. Meginástæður þess voru taldar þær að ekki væri í frv. gerð grein fyrir sérstökum hliðarráðstöfunum til að vernda hag þeirra sem ætla mætti að virðisaukaskattur bitnaði harðar á en núverandi söluskattur. Fyrir rúmu ári fól ég starfshópi þeim sem samið hafði fyrri frv. að endurskoða þau í ljósi þeirra athugasemda sem fram höfðu komið og gera tillögur um nauðsynlegar hliðarráðstafanir. Frv. sem hér er mælt fyrir er afrakstur þeirrar vinnu.

Í grg. frv. er gerð allítarleg grein fyrir ýmsum aðgerðum sem til greina koma til að milda breytinguna úr gamla söluskattskerfinu yfir í virðisaukaskattskerfið. Þær ráðstafanir sem þar er sérstaklega gerð grein fyrir eru að sjálfsögðu ekki þær einu sem til greina gætu komið í þessu efni, en þær tryggja að það markmið næst að framfærslukostnaður hjóna með tvö börn eða fleiri hækkar ekki við breytinguna né heldur framfærslukostnaður elli- og örorkulífeyrisþega og ýmissa fleiri hópa.

Ríkisstjórnin er tilbúin að ræða aðrar leiðir að þessu marki en þær sem fram koma í athugasemdum með frv. Þær eru auðvitað ekki aðalatriði þessa máls eða þessa frv. Aðalatriðið er auðvitað að leggja niður úrelt skattkerfi og taka upp réttlátt og hlutlaust skattkerfi þess í stað. Menn verða að gera upp við sig afstöðuna til virðisaukaskattsins sem slíks á þeim forsendum en ekki á grundvelli viðhorfa til ráðstafana sem eru til hliðar við kjarna málsins. Dæmið um hliðarráðstafanirnar, sem sýnt er í grg. frv., sýnir hins vegar að það er hægt að ráðast í þessa mikilvægu breytingu án þess að það komi illa við hag almennings.

Þegar frv. var lagt fram án hliðarráðstafana náði það ekki fram af þeim sökum. Það kæmi því á óvart að nú, þegar slíkar ráðstafanir eru kynntar og boðið upp á viðræður um útfærslu þeirra, ef einhverjir ætla að leggjast gegn málinu vegna þessara ráðstafana. Slíkt væri auðvitað tvískinnungsháttur.

Hitt er ljóst að hliðarráðstafanir kosta peninga og þeirra verður ekki aflað nema með skattinum sjálfum. Því er gert ráð fyrir í þessu frv. að skatthlutfallið verði hærra en ella eða 24% í stað 21% í fyrri frv. Söluskattur í dag er 25% og því er ljóst að mjög margar vörur og ýmis þjónusta, sem í dag er söluskattsskyld, mundi lækka í verði við breytinguna, bæði vegna lægra skatthlutfalls og vegna þess að uppsöfnunaráhrif söluskattsins hverfa nær alveg í virðisaukaskattskerfinu.

Frv., sem hér er mælt fyrir, felur ekki í sér veigamiklar efnisbreytingar frá fyrri frv. um sama efni sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Hins vegar hefur orðalagi og efnisskipan verið nokkuð hnikað til og breytt í einstökum atriðum. Einkum á þetta við um fyrstu kafla frv. þar sem fjallað er um skattskyldusvið, skattverð, skattskylda veltu og upp-

gjör skattsins. Hefur mjög verið tekið mið af reynslu Dana í þessu efni, enda gert ráð fyrir svipuðum reglum. Danir geta státað af því að virðisaukaskattskerfi þeirra er talið til sérstakrar fyrirmyndar bæði á vettvangi Evrópubandalagsins og Norðurlanda, en þar er nú mjög rætt um samræmingu óbeinu skattkerfanna á grundvelli hins danska.

Það er auðvitað ekki tilviljun að í allflestum löndum Vestur-Evrópu skuli þjóðirnar hafa horfið frá söluskatti yfir í virðisaukaskatt. Alls staðar þar sem áhersla er lögð á að reka samkeppnishæfa atvinnuvegi er reynt að tryggja að skattkerfið hamli ekki gegn framförum og möguleikum atvinnufyrirtækja til að selja á erlendum mörkuðum og keppa við innfluttar vörur. Hér á landi gilda að sjálfsögðu ekki önnur lögmál en annars staðar að þessu leyti. Við höfum ekki efni á því að refsa útflutningsgreinum okkar og samkeppnisiðnaði með því að gera þeim að búa við skattkerfi sem gerir framleiðsluvörur þeirra verr samkeppnisfærar við vörur annarra landa sem búa við hlutlaus skattkerfi. Við höfum heldur ekki efni á að búa við skattkerfi sem hamlar gegn eðlilegri verkaskiptingu milli fyrirtækja og atvinnugreina og vinnur gegn vélvæðingu og eðlilegri framþróun. Allt þetta gerir söluskattskerfið vegna þeirrar uppsöfnunar sem í því felst. Það er ekki bara fræðilega verra en virðisaukaskattskerfið heldur er það orðið þannig hér á Íslandi að það er að verða óframkvæmanlegt bæði fyrir skattyfirvöld og innheimtuaðila, fyrirtækin sem verða að innheimta skattinn. Um þetta mætti nefna ótal dæmi. Allir þekkja fullyrðingar manna, t.d. hér á Alþingi, um hvernig innheimtu þessa skatts sé komið og hve auðvelt er að draga þar undan. Virðisaukaskatturinn er líka betri að því leyti þótt erfitt sé að áætla þar um með mikilli nákvæmni. En þegar öllu er á botninn hvolft snýst málið um að gera starfsskilyrði atvinnuveganna hér á landi þannig að þeir geti betur keppt við framleiðslu annarra landa og þar með greitt fólkinu hér á landi hærri laun og þannig stuðlað að betri lífskjörum. Þetta og ekkert annað er þungamiðja þessa máls og undan þessu verður ekki vikist á tímum sívaxandi milliríkjaviðskipta og vaxandi samskipta af öllu tagi milli landa.

Ég trúi ekki öðru en um þessi atriði hljóti menn að vera sammála hvað sem líður daglegum pólitískum ágreiningi. Það getur enginn verið fylgjandi því að búa við ósanngjarnt skattkerfi sem mismunar atvinnugreinum og hvetur til ranglátrar innheimtu.

Söluskatturinn hér á landi aflar 40% af tekjum ríkisins. Menn hljóta að geta verið sammála um að svo mikilvægur tekjustofn uppfylli lágmarksskilyrði. Að sjálfsögðu er eðlilegt að deilt sé um hæð skatthlutfallsins, um ráðstöfun þess fjár sem aflað er og um ýmis önnur atriði sem þessari breytingu hljóta að vera samfara, en um það grundvallaratriði að svo mikilvægur tekjustofn sé réttlátur og sanngjarn ætla ég að menn hljóti að vera sammála þvert á þær pólitísku línur sem að öðru jöfnu skipta mönnum í ólíka flokka.

En hvaða skilyrði þarf almennur neysluskattur að uppfylla? Slíkur skattur þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta séu eins einföld í framkvæmd og kostur er, jafnt fyrir atvinnulífið og ríkissjóð, og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður. Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ.e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami hvar sem endanlegur kaupandi festir kaup á vörunni. Framleiðsluaðferð, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd, á ekki að skipta máli. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á við hvaða dreifingaraðila kaupandi kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Grundvallarreglur virðisaukaskattskerfisins gera ráð fyrir fullri undanþágu á sölu úr landi, en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismunun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar. Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algerlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upp talin í 3. málsgr. 2. gr. frv. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka, fólksflutninga og vátryggingastarfsemi. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki, þ.e. ef velta þeirra er innan við 100 þús. kr. á ári.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar kringumstæður heimilt að draga frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 12. gr. frv. Meðal þeirra má nefna vörur og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa. Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinna fyrr nefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vörum og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá einnig að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn.

Vinna skattyfirvalda og framteljanda vex í samræmi við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs. Auk þess verða skattfjárhæðir, sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni, hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur geta orðið á innstreymi skattsins í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna.

Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frv. að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr tólf í sex. Þetta hefur aftur á móti í för með sér að virðisaukaskattsskýrslur innheimtuaðila til skattyfirvalda verða ekki að marki fleiri en söluskattsskýrslur í dag þrátt fyrir verulega fjölgun innheimtuaðila, auk þess sem virðisaukaskattsskýrslur verða til muna einfaldari. Of mikið hefur því verið gert úr aukinni pappírsvinnu og skjalagerð í hinni almennu umræðu um þetta nýja skattheimtukerfi.

Gert er ráð fyrir því að eindagi skattsins sé fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til að tekjur ríkissjóðs minnka á því ári sem breytingin gengur yfir og benda lauslegar áætlanir til þess að tekjuhliðrun af þessum sökum gæti orðið um 8–9% á fyrsta ári.

Landbúnaður hefur um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð hans. Eins og kunnugt er er landbúnaður utan núverandi söluskattskerfis. Stór hluti þeirrar fjölgunar galdenda sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfis kemur úr landbúnaði eða um 5000 gjaldendur. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör bænda. Í X. kafla frv. er að finna tillögur í því efni.

Skv. gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða á verkstæði heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerðina og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefði margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskattsins í byggingariðnaði yrðu þau sömu og að svo miklu leyti sem hægt væri að leysa þau yrði að gera það með sama hætti.

Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu. Því er gert ráð fyrir í frv. að full skattskylda yrði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem í efniskostnaði. Án hliðarráðstafana mundi full skattskylda hafa í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fengju hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að skattkerfisbreyting af þessu tagi mun hafa í för með sér hækkun byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana til að vega þar á móti. Í athugasemdum með frv. er að finna tillögur að slíkum ráðstöfunum sem ég mun fjalla nánar um síðar í máli mínu þegar vikið verður að sérstökum hliðarráðstöfunum vegna upptöku virðisaukaskatts.

Í athugasemdum með frv. er rækilega gerð grein fyrir því hvernig skatthlutfall er áætlað og læt ég nægja að vísa um það efni til þess er þar stendur, en vil þó leggja áherslu á að veigamiklir þættir þeirrar áætlunar hljóta að vera nokkurri óvissu háðir.

Í frv. er einnig gengið út frá því að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum verði óbreytt frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að 5,4% af innheimtum virðisaukaskatti hverju sinni jafngildi þeim tekjum sem Jöfnunarsjóður hefur nú af söluskatti. Í frv. er ekki kveðið á um mörkun þessa tekjustofns heldur er gert ráð fyrir því að um þetta atriði verði kveðið sérstaklega á í lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem ákvæði af þessu tagi á samkvæmt efni sínu betur heima. Nú er kveðið á um hlutdeild Jöfnunarsjóðs í söluskatti bæði í lögum um söluskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Þar sem virðisaukaskatturinn er fjölstigaskattur og frv. gerir ráð fyrir sárafáum undanþágum frá skattskyldu er ljóst að veruleg fjölgun verður á innheimtuaðilum við upptöku kerfisins. Er áætlað að fjöldi framteljenda til virðisaukaskatts verði að hámarki 22 500 í stað 10 000 í söluskattskerfinu eins og það er í dag og er þá um ríflega tvöföldun að ræða. Tæpur helmingur þeirra sem framtalsskyldir yrðu við upptöku virðisaukaskatts fellur þó undir einfalda uppgjörsmeðferð varðandi landbúnað. Er þar með dregið mjög úr þeirri aukningu á kostnaði og fyrirhöfn sem af fjölguninni mundi ella leiða.

Nú vinna aðeins 35 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga

verður starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts, en samanburður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald og starfsmannahald með núgildandi söluskattskerfi ef það ætti að halda áfram. Lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þurfi að tvöfalda fjölda starfsmanna frá því sem nú er í söluskattinum. Á hitt er einnig að líta að með einföldun tollskrár, sem nú er í undirbúningi, og einföldun tekjuskattskerfisins má gera ráð fyrir minni mannaflaþörf í þessari starfsemi. Því má reikna með einhverjum tilflutningi starfskrafta innan hins opinbera tekjuöflunarkerfis samfara þeim breytingum.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir nokkur kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning að breytingunni. Áður hefur þess verið getið að gjaldendum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtækin en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhaldi. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup eða sölu þessara vara aðgreint í bókhaldi. Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur.

Hér að framan hef ég í grófum dráttum rakið helstu meginatriði frv. Í þeim efnum hef ég orðið að stikla á stóru, enda málið umfangsmikið. En áður en ég vík að hliðarráðstöfunum þykir mér til hlýða að gera nokkra grein fyrir helstu breytingum sem þetta frv. felur í sér frá fyrri frv. um sama efni.

Eins og áður greinir er efnisskipan breytt nokkuð til samræmis við dönsku löggjöfina um virðisaukaskatt. Ekki þarf að fjölyrða um það hagræði sem því fylgir að miða framsetningu og texta að svo miklu leyti sem um er að ræða sömu efnisákvæði við löggjöf sem góð reynsla er komin á. Auk þeirrar samræmingar sem getið er að framan er ljóst að með þessum hætti má spara bæði verulegan kostnað og fyrirhöfn við ýmsan undirbúning og framkvæmd þessarar skattheimtu. Má í þessu sambandi nefna gerð handbóka og annarra upplýsingarita sem nauðsynleg eru við þjálfun og fræðslu starfsmanna skattkerfisins svo og gjaldenda. Úrlausn ýmissa vandamála og vafaatriða, sem upp kunna að koma í framkvæmd, ætti jafnframt að verða mun auðveldari og fljótlegri þar sem hægt er að styðjast við reynslu annarra í þessum efnum.

Þá hefur orðalagi víða verið breytt og reynt að gera það skýrara. Efnisbreytingar eru þær helstar að fólksflutningar innanlands ásamt ferðaskrifstofuþjónustu verða skv. þessu frv. undanþegin skattskyldu andstætt því sem fyrri frv. gerðu ráð fyrir. Þá er nú gert ráð fyrir þeim möguleika að fyrirtæki sem selja skattfrjálsa þjónustu geti fengið svokallaða frjálsa skráningu. Heimild þessi getur haft þýðingu fyrir fyrirtæki sem leggja þurfa í verulega fjárfestingu vegna viðskipta við skráða aðila. Í þessu efni vísast að öðru leyti til 6. gr. frv. Þá er lagt til að sala dagblaða og sambærilegra frétta- og landsmálablaða verði undanþegin skattskyldri veltu skv. 12. gr. Virðisaukaskattur vegna dvalar á hótelum verður ekki frádráttarbær sem innskattur skv. 16. gr. Uppgjörstímabilið er lengt um tíu daga frá því sem áður var gert ráð fyrir, sbr. 23. gr. frv. Þá er gert ráð fyrir að heimila megi skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði hjá þeim aðilum sem að jafnaði eru með lægri útskatt en innskatt. Er þessu ákvæði fyrst og fremst ætlað að mæta þörfum útflutningsfyrirtækja. Skemmst getur uppgjörstímabilið orðið ein vika.

Þá er ákvæðum um álag vegna vangoldins skatts breytt til samræmis við verðlagsþróun síðustu ára, þ.e. þau eru lækkuð úr 2% á dag í 1%. Ákvæðum um kærur á stjórnsýslustigi er breytt verulega í því skyni að tryggja skjóta úrlausn deilna um skattákvörðun og skattskyldu. Er í þessu sambandi m.a. kveðið á um skipan sérstakrar nefndar sem í skulu sitja fulltrúar stjórnvalda og atvinnulífs. Nefndin skal m.a. hafa endanlegt stjórnsýslulegt úrskurðarvald um skattskyldusviðið, skattverð, umfang undanþága o.fl. Heimilt verður í tilteknum tilvikum að leita til nefndarinnar fyrir fram um úrskurð varðandi álitaefni. Hér er um nýmæli að ræða og vísast til 9. og 42. gr. frv. varðandi þau atriði.

Loks er vert að minnast á að ekki er lagt til að sérreglur gildi um uppgjör virðisaukaskatts hjá útgerðaraðilum eins og fyrri frumvörp gerðu ráð fyrir. Fyrri tillögur í þessum efnum voru sambærilegar þeim reglum sem gert er ráð fyrir að gildi um landbúnað í þessu frv.

Til þess að vega á móti fjárbindingarvandamálum fiskvinnslunnar sem af þessari breytingu kynni að leiða er kveðið á um heimild til mun skemmra uppgjörstímabils eins og þegar hefur verið rakið.

Mun ég nú víkja að hugmyndum þeim sem nefndar eru í athugasemdum með frv. um hliðarráðstafanir í kjölfar skattkerfisbreytingarinnar svo og áhrifum þeirra á verðlag. Frá upphafi hefur verið ljóst að ef halda á undanþágum í virðisaukaskattskerfinu í lágmarki þurfa að koma til ýmsar hliðarráðstafanir til að mæta þeirri auknu framfærslubyrði sem ella hlytist af. Í því sambandi koma nokkrar leiðir til greina og er engin þeirra einhlít.

Í fyrsta lagi kemur til álita að lækka beina skatta og auka útgreiðslur úr skattkerfinu, t.d. í formi barnabóta sem og greiðslur almannatrygginga. Í öðru lagi er hugsanlegt að lækka eða fella niður álögur, svo sem tolla og vörugjald, á ýmsum vörum sem vega þungt í neyslu almennings og mundu að öðru kosti hækka sem næmi virðisaukaskattshlutfallinu. Loks má hugsa sér hefðbundna niðurgreiðsluaðferð til að halda niðri verðlagi ákveðinna vara á meðan aðlögun að hinu nýja skattkerfi á sér stað. Koma þar fyrst og fremst til álita þær landbúnaðarvörur sem þegar eru niðurgreiddar.

Við undirbúning þessa frv. var lögð mikil vinna í að kanna hvaða möguleikar á þessu sviði séu raunhæfir. Ljóst er að enginn einn kostur er fullnægjandi og er því að hluta farið inn á allar þær leiðir sem ég hef nefnt og dæmi um þau atriði tekin fram í athugasemdum með frv. Samtals er áætlað að þessar ráðstafanir megi kosta 2650 millj. kr., en hluti af þeirri fjárhæð kemur fram sem tekjutap en ekki hrein útgjöld. Vegna þess hve ráðstafanir þessar eru kostnaðarsamar er óhjákvæmilegt að hlutfall virðisaukaskattsins verði hærra en ella. Í frv. er gert ráð fyrir að skatthlutfallið verði 24% eða 1% lægra en núgildandi söluskattskerfi. Er þá jafnframt gert ráð fyrir nokkuð bættri innheimtu í hinu nýja skattkerfi miðað við söluskattskerfið.

Niðurstaðan af þeim ráðstöfunum sem hér hafa verið kynntar er sú að niðurgreiddar búvörur hækka ekki í verði, önnur matvæli munu hækka að meðaltali um 14% þrátt fyrir að á þau komi 24% virðisaukaskattur, en matvæli alls að meðtöldum búvörunum munu hækka um 10,5% að meðaltali. Þar sem verðlag á annarri einkaneyslu lækkar lítillega og þar sem hún vegur þyngra í heildarneyslu almennings mun álagning virðisaukaskatts því aðeins hafa í för með sér 1,2% hækkun á verðlagi einkaneyslu, þ.e. framfærsluvísitölu. Þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í álagningu tekjuskatts með hækkun barnabóta, munu hins vegar hafa í för með sér að heildarframfærslubyrði hækkar um 0,5% að meðaltali hjá fjölskyldum í landinu, en lækkar ef eitthvað er hjá þorra hjóna með tvö börn eða fleiri. Niðurstaðan er sem sagt sú að fjögurra manna fjölskylda ætti því að verða heldur betur sett eftir breytinguna en fyrir.

Ráðstafanir til að mæta hækkuðum framfærslukostnaði þurfa ekki að koma til framkvæmda fyrr en frá og með þeim tíma er lög um virðisaukaskatt taka gildi, en í frv. þessu er gert ráð fyrir að það verði 1. janúar 1988. Þar sem hér er um að ræða mjög víðtækar aðgerðir, sem snerta hag margra, er ekki óeðlilegt að sá tími sem líður frá samþykkt frv. uns lögin taka gildi verði notaður til að kanna enn frekar þær leiðir sem til greina koma í þessu efni og freista þess að ná um þær víðtæku samkomulagi. Það er jafnframt ljóst að endurmeta þarf þessar ráðstafanir eða aðrar sem gætu komið í þeirra stað í ljósi þeirra skattkerfisbreytinga sem ætlunin er að ráðast í á næsta ári og tengjast nýgerðu samkomulagi ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin er fús til að stofna til viðræðna um þessi efni við aðila vinnumarkaðarins og önnur hagsmunasamtök.

Þar sem gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur leggist á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, sem nú er undanþegin söluskatti, hefur verið gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að vega upp á móti þeirri hækkun byggingarkostnaðar sem ella hlytist af þessari ráðstöfun. Þessi hækkun hefur verið áætluð 5–7% byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis. Í frv. er gert ráð fyrir að allur sá tekjuauki sem af þessu verður renni óskiptur til baka til íbúðabyggjenda. Nokkrar leiðir er unnt að fara til að koma þeim peningum til skila og er engin þeirra gallalaus.

Sú leið sem hér er bent á er að endurgreiða húsbyggjendum virðisaukaskatt miðað við hvern fermetra í hinu byggða húsnæði, þó að vissu hámarki. Hér er um verulegar fjárhæðir að tefla. Miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins gæti endurgreiðsla á hvern fermetra numið 1500 kr. Með þessu móti ætti að vera tryggt að íbúðarhúsabyggjendur skaðist ekki af álagningu virðisaukaskattsins. Þess má geta að byggjendur atvinnuhúsnæðis munu fá virðisaukaskatt sinn dreginn frá þeim skatti sem þeir innheimta af viðskiptavinum sínum. Setja þarf sérstakar reglur um endurgreiðslur þessar, en um það gildir hið sama og ráðstafanir til að mæta hækkuðum framfærslukostnaði að þær koma ekki til framkvæmda fyrr en virðisaukaskattskerfið sjálft kemst í framkvæmd. Gefst því góður tími til að grandskoða þessa leið sem og aðrar hugsanlegar leiðir að sama marki áður en lögin taka gildi.

Ég hef nú gert grein fyrir aðdraganda þess að fyrir Alþingi er á ný lagt frv. um virðisaukaskatt. Þá hafa í grófum drættum verið rakin nokkur meginatriði frv. Í þeim efnum hefur þó orðið að stikla á stóru, enda málið umfangsmikið og það ítarlega skýrt út í athugasemdum með frv. Á sama hátt hefur verið gerð grein fyrir þeim hliðarráðstöfunum sem tillögur eru gerðar um. Frv. gerir ráð fyrir að virðisaukaskattur verði innheimtur frá og með 1. jan. 1988. Ljóst er að verulegan tíma þarf til undirbúnings og er oft talað um a.m.k. eitt ár frá samþykkt frv. í því sambandi.

Það liggur í augum uppi að svo flókið mál sem þetta krefst rækilegrar skoðunar á Alþingi. Engu að síður er ljóst að ef innleiða á kerfið um áramótin 1987–1988 þarfnast málið rösklegrar meðferðar á Alþingi. Ég tel að ef vel er á málum haldið nægi minnst 9–10 mánaða undirbúningur áður en kerfinu er hrint í framkvæmd. Að öðrum kosti þýðir ekki að ræða um gildistöku frv. fyrr en í ársbyrjun 1989.

Nú hefur umræða um virðisaukaskatt verið uppi í næstum tvo áratugi. Að mínu mati hefur virðisaukaskattskerfið yfirburði sem skattkerfi miðað við hið stórgallaða söluskattskerfi. Virðisaukaskattur stórbætir samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, jafnt á heimamarkaði sem við útflutning. Virðisaukaskatturinn er algerlega hlutlaus gagnvart framleiðsluaðferðum, viðskiptaferlum og neysluvali. Í þessu felast meginkostir hans.

Sumir hafa að undanförnu bent á það sem valkost að endurbæta söluskattinn, t.d. með afnámi undanþága í stórum stíl sem jafnframt gæti leitt til lækkunar skatthlutfalls og mjög bættrar framkvæmdar. Í þessu efni gleyma menn því að uppsöfnunaráhrif skattsins yrkjust væntanlega verulega við þetta. Flestar dýrustu undanþágurnar í söluskatti eiga beinlínis rætur að rekja til þeirrar viðleitni stjórnvalda að draga úr þessum áhrifum og jafna þannig starfsskilyrði. Væri þessi kostur valinn yrði ekki komist hjá því að auka endurgreiðslur vegna

uppsafnaðs söluskatts svo um munar. Það mundi stórauka millifærslur og tilfærslur í kerfinu. Viðamikið og flókið endurgreiðslukerfi af þessu tagi er í eðli sínu ónákvæmt vegna þess að það byggir á misnákvæmum áætlunum og meðaltölum um uppsöfnun skattsins í heilum atvinnugreinum og gæti af þeim sökum skapað fleiri vandamál en það leysti, bæði varðandi réttláta niðurstöðu svo og framkvæmdina alla.

Að mínu mati kemur þessi leið því ekki til greina. Langtum eðlilegra er að taka upp virðisaukaskatt sem sjálfkrafa leysir úr þessum vandamálum á mun einfaldari og tryggari hátt.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. greindi frá því í upphafi máls síns að þrír stjórnmálaflokkar í þinginu væru sammála um þetta frv. þannig að hann hefur væntanlega talað fyrir hönd stjórnarflokkanna, núverandi og tilvonandi. Hér er um að ræða, virðist mér, fyrsta frv. nýju viðreisnarstjórnarinnar sem hann ætlar að reyna að mynda með formanni Alþfl. eftir kosningarnar ef þeir fá nægilegt fylgi til þess. — Það er eftir að telja eins og bent hefur verið á. — Og það fer að mörgu leyti vel á því að þessir flokkar skuli taka höndum saman strax fyrir kosningar, gera grein fyrir því að þeir ætli sér að mynda stjórn eftir kosningarnar og fer sérstaklega vel á því vegna þess að það var viðreisnarstjórnin sem fann upp söluskattinn. Formaður Alþfl. fann upp söluskattinn. Og nú hefur verið tekin um það ákvörðun af Jónunum sem leiða Alþfl. að Alþfl. eigi líka að finna upp og standa að framkvæmd virðisaukaskattsins á Alþingi Íslendinga.

Um meðferð málsins má að öðru leyti margt segja og ég ætla að víkja að því á eftir. Ég ætla fyrst að fara almennt yfir áhrif þessa skatts, ræða um verðlagsniðurstöðuna sem greint er frá í frv., ræða um innheimtuna, endurgreiðslukerfið, millifærsluhlutverk ríkisins og mun síðan að lokum verða með ábendingar um hvað ég tel rétt að gera í þeirri stöðu sem við erum nú með hið almenna skattakerfi í landinu.

Ég vík þá fyrst, herra forseti, að verðlagsniðurstöðunni. Í frv. er byggt á þeim forsendum að um verði að ræða mjög verulegar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum til viðbótar við það sem nú er, en þó er í frv. ekki að finna neitt ákvæði um þetta. Millifærsluráðstafanirnar eru allar fyrir utan þetta frv. Frv. gerir ráð fyrir því eins og það er að búvörur hækki um 24%. Það er það sem stendur í frv. þó að í grg. sé lofað millifærsluráðstöfunum sem hæstv. fjmrh. tók svo að nokkru leyti til baka í ræðu sinni áðan þegar hann upplýsti að ríkisstjórnin væri fyrir sitt leyti tilbúin að ræða um það að haga þessum millifærsluráðstöfunum öðruvísi en gert er ráð fyrir í grg. frv. Það þýðir m.ö.o. að það er verið að benda á þann möguleika að niðurgreiðslur landbúnaðarvara verði mun minni en sagt er í grg., aðrar greiðslur eitthvað hærri, og þess vegna er ekki hægt að ganga út frá neinu öðru en því, ef menn samþykkja frv., að búvörur hækki um 24%.

Búvörur eru söluskattslausar og matvörur hafa verið það allt frá 1. sept. 1978. Það er ljóst að það var mönnum alltaf þyrnir í augum þessi niðurfelling söluskatts af matvælum. Þá hófst fyrir alvöru má segja söngurinn um að söluskattskerfið væri algerlega óbrúklegt og má segja að hann nái hámarki í frv. sem hér liggur fyrir.

Þetta er í fyrsta lagi ljóst með búvörurnar. Þær hækka samkvæmt þessu plaggi um 24%. Önnur matvæli hækka um 14% að meðaltali samkvæmt niðurstöðu greinargerðarinnar. Hvernig lítur þetta dæmi út fyrir láglaunafjölskyldu í landinu eins og sakir standa? Segjum að hver fjölskylda hafi 30 þús. kr. fyrir sig að leggja á mánuði. Þær fjölskyldur eru til í landinu, einkum einstæðra foreldra. Segjum að þessi fjölskylda eyði 20 þús. kr. á mánuði í matvörur, þar af í landbúnaðarafurðir um 10 þús. kr. á mánuði. Búvörurnar hækka úr 10 þús. í 12 400 kr. á mánuði skv. frv., en hér er ekki verið að gera tillögu um að samþykkja grg. Það er aldrei gert í þinginu. Í öðru lagi hækka aðrar matvörur þá úr 10 þús. kr. í 11 400 kr. Skattahækkun þessarar fjölskyldu með 30 þús. kr. á mánuði er 3800 kr. á mánuði skv. þessu frv. vegna þess að nú ber þessi fjölskylda enga skatta hliðstæða af matvörum. Skattahækkun þessarar láglaunafjölskyldu með 30 þús. kr. á mánuði og 360 þús. kr. á ári er skv. frv. upp á 45 600 kr. á ári. Hér er um að ræða nýjan bruttóskatt á þessa fjölskyldu upp á 12,7%. Þar er fundinn skattstofninn sem á að fara að borga núna samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Verði hins vegar þær hliðarráðstafanir sem hér er rætt um varanlegar er ljóst að skattahækkun þessarar fjölskyldu verður um 2 þús. kr. á mánuði miðað við þá eyðslu í matvæli sem ég reiknaði með áðan. Hér er um að ræða skattahækkun upp á 25 þús. kr. á ári. Segjum að þessi fjölskylda hafi eitt barn á framfæri og barnabætur verði hækkaðar um 520–550 millj. kr. Þá er alveg ljóst að þessi fjölskylda verður fyrir skattahækkun, einstætt foreldri með eitt barn, þrátt fyrir hækkun barnabótanna upp á þó nokkrar og tilfinnanlegar upphæðir, vegna þess að þetta fólk hefur litlar tekjur.

Hér er sem sagt verið að flytja til skattbyrðina í landinu, leggja nýja skatta á þá sem eru með allra lægstu launin og lélegustu kjörin. Jafnframt er ljóst að skattaþyngingin á hálaunafólkið verður mikið minni vegna þess að hálaunafólk greiðir mikið lægri hluta tekna sinna fyrir matvæli. Þetta atriði tel ég vera grundvallaratriði þessa máls. Hér er verið að færa til skattabyrði af fyrirtækjum yfir á lágtekjufólk. Ég tel að skattkerfisbreyting, hversu góð sem hún kann að vera að öðru leyti, skattkerfisbreyting af þessu tagi sem hefur það í för með sér að íþyngja láglaunafólki, þar sem hvergi er í frv. minnst á að koma til móts við láglaunafólk þó það standi í

greinargerðinni, slíka skattkerfisbreytingu komi ekki til greina að fallast á fyrir þá sem vilja raunverulega bera hag láglaunafólksins fyrir brjósti.

Ég hef aðeins vikið að matvörunum og búvörunum sérstaklega, en í frv. er gert ráð fyrir að fella niður flestallar undanþágur sem verið hafa í gildi í sambandi við söluskattinn. Ekki lifir þetta fólk frekar en aðrir af einu saman brauði. Það er augljóst að margs konar menningarleg þjónusta mun hækka í verði frá því sem verið hefur skv. þessu frv. Margs konar menningarstarfsemi hefur verið undanþegin söluskatti. Það er gert ráð fyrir því að fella þær undanþágur niður nema í mjög takmörkuðum tilvikum. Ég tel að skattkerfi sem kemur þannig út hljóti að eiga að hafa í för með sér að menn taki um leið ákvörðun um að eyða stórauknu fé, sem svarar þessum skatttekjum a.m.k., til menningarmála í landinu. Ég teldi að ef menn ætla að framkvæma altækan virðisaukaskatt af því tagi sem hér er tillaga um og millifærsluráðstafanir í leiðinni hljóti menn að líta sérstaklega á hlut menningarmálanna sem ég er sannfærður um að fara illa út úr þessu kerfi miðað við það sem verið hefur og er þá langt til jafnað í rauninni.

Staðreyndin er sú að núna hirðir ríkið stórkostlega fjármuni, t.d. í söluskatt af bókum, en skilar í Launasjóð rithöfunda aðeins tíunda parti eða svo af þeim söluskatti.

Hér vík ég fyrst, herra forseti, að verðlagsniðurstöðunni. Og hér er ekki um að ræða tilbúnar tölur af minni hálfu. Þessar tölur liggja fyrir í frv. sjálfu. Þar kemur fram hversu mikill söluskattur leggst núna á einkaneysluna, hversu mikill virðisaukaskattur legðist á einkaneysluna og þar kemur líka fram hverju skila í söluskatti skattskyld aðföng atvinnurekstrar og hverju skattskyld aðföng atvinnurekstrar skila í virðisaukaskatti.

Skv. frv. og grg. þess er einkaneyslan með um 72% af söluskattinum en 85,1% af virðisaukaskattinum. Á grundvelli frv. þýðir þetta að einkaneyslan skilar í söluskatti miðað við sambærilega álagningu um 13 milljörðum kr., en í virðisaukaskatti 15,4 milljörðum kr. Einkaneyslan er m.ö.o. skattlögð um 2,4 milljarða í viðbót við það sem væri samkvæmt söluskattskerfinu. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar ásamt skekkju í öðrum liðum, eins og það er orðað, skila í söluskattinum 14,1% eða 2,6 milljörðum kr. á þeim grundvelli sem frv. er reiknað út. Samkvæmt tillögunum um virðisaukaskatt skilar atvinnureksturinn hins vegar ekki 14,1% heldur 3,2% eða 580 millj. kr. Lækkun skatta af atvinnurekstri er með þessum hætti 2,1 milljarður, en hækkun skatta á einstaklingum er með þessum hætti 2,4 milljarðar kr. Það er grundvallaratriðið í þessu máli að það er verið að íþyngja einstaklingunum en létta byrðar fyrirtækjanna.

En hver eru þá rökin fyrir því að þessar tillögur eru fluttar? Rökin eru þau, eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, að hér er um að ræða altækt kerfi og mikið líklegra að það skilaði sér betur en söluskattskerfið. Í rauninni hefði hæstv. fjmrh. ekki þurft annað en að lesa grg. frv. til að átta sig á því hvað það er í rauninni hæpin staðhæfing að þetta kerfi skili sér mikið betur. Á bls. 40 í grg. frv. segir, með leyfi forseta, í IX. kafla á þessa leið:

„Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts."

Það er m.ö.o. niðurstaða fjmrn. að aðstæður séu að öllu leyti mjög hliðstæðar því sem gerist í söluskattskerfinu og þess vegna þurfi engu minna eftirlit með þessu kerfi en hinu og það sem kallað er sjálfseftirlit, sem er athyglisvert orð, virðisaukaskattskerfisins sé ekki betra en svo að þetta sé mjög svipað og söluskattskerfið.

Ég verð að segja það eins og er, herra forseti, að ég hef engin rök heyrt sem sannfæra mig um að virðisaukaskattskerfið hljóti að skila sér betur en endurbætt söluskattskerfi. Ég hef engin rök heyrt fullgild í þeim efnum. Ég tek það fram að ég er reiðubúinn til að taka við rökum og fallast á þau ef menn geta bent mér á efnisleg rök í þessu efni.

Það er ljóst að innheimtuaðilum virðisaukaskatts fjölgar stórkostlega frá því sem er í söluskatti. Söluskattinn borga nú um 10 þús. greiðendur, en virðisaukaskattinn 22 500. Á bls. 28 í grg. frv. er farið rækilega yfir með hvaða hætti greiðsla virðisaukaskattsins gengur fyrir sig frá hrávörufram-leiðanda til framleiðanda, frá framleiðanda til heildsala, frá heildsala til smásala. Það sem vantar í þessa töflu eru upplýsingar um hversu margir greiðendur eru á hverju stigi virðisaukaskattsins.

Ég hef leyft mér að giska á að greiðendur virðisaukaskattsins á lokastigi séu a.m.k. jafnmargir og greiðendur söluskattsins eru í dag, þ.e. á bilinu 10–12 þús. eða svo. Ég held að það sé ekkert auðveldara að sjá fram úr því að þessir 12 þús. aðilar greiði betur virðisaukaskatt en þeir greiða núna söluskatt. Auðvitað er upphæðin sem þeir eiga að greiða lægri en nú í söluskattinum, en að skilin verði hlutfallslega betri þarna en nú er á ég eftir að sjá að geti orðið.

Það hefur verið talað um að hver aðili virðisaukaskattskerfisins passi upp á annan. Vonandi er eitthvað hæft í því. En þá er líka hitt til, ég ætla ekki að segja góð heldur gamalkunn staðreynd úr þjóðlífi Íslendinga, að menn eru býsna seigir við að hjálpast að við að losa hvor annan við skattstofninn svo að ég taki pent til orða. Þetta gerist í þjónustunni í stórum stíl þar sem báðir aðilar í söluskattinum, bæði viðskiptamaðurinn og sá sem þjónustuna innir af hendi, sameinast um að sleppa söluskattinum vegna þess að þeir eiga sameiginlega hagsmuni af því að losna við hann á einhverju stigi. Þannig hefur það verið og það er ein ástæðan til að menn eru að tala um að laga þetta kerfi. En skyldi það ekki líka geta

verið þannig að menn á einhverjum stigum vildu hjálpast að við að sleppa líka við virðisaukaskattinn? Ég hygg að fljótlega gæti sú orðið raunin og kannske er það rétt sem Guðmundur Bjarnason, hv. 6. þm. Norðurl. e., sagði úr þessum ræðustól fyrir nokkrum vikum: Kannske er nauðsynlegt fyrir ríkið að finna upp nýtt skattkerfi á tíu ára fresti, að þegar búið er að finna á því öll götin og smugurnar verði að endurnýja það alveg upp á nýtt til þess að það sé í rauninni brúklegt til að skila tekjum í ríkissjóð.

Mér finnst reyndar að í grg. með frv. komi fram mismunandi upplýsingar um það hvað hin bætta innheimta gæti gefið og það er dálítið óþægilegt þegar maður er að fara yfir mál af þessu tagi að hlutum skuli ekki bera 100% saman í grg. jafnþýðingarmikils máls og hér er á ferðinni. Ég ætla að nefna um það eitt dæmi: Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að fækka uppgjörsdögum úr 12 í 6 á ári. Það er talið að tekjulækkun ríkisins af þessum ástæðum á fyrsta ári virðisaukaskattsins verði 8–9% af virðisaukaskattinum, vegna tilfærslu í tíma. Með þessu móti tapar ríkissjóður verulegum fjármunum, milli 8 og 9% af 18 milljörðum á fyrsta árinu. Þetta eru 1–1,5 milljarðar sem menn eru að tala um, mér sýnist þetta reyndar vera 1,6 milljarðar króna. Síðan segir í grg. frv.: „Á móti koma væntanlega áhrif af bættri innheimtu.“ En annars staðar í grg. segir að bætt innheimta skili 400 millj. kr. Hvor talan skyldi vera rétt og hvor vitlaus? Þær eru það örugglega ekki báðar. Ég hef satt að segja enga trú á því að virðisaukaskatturinn skili sér einum og hálfum milljarði betur en söluskatturinn strax í upphafi. Mig minnir reyndar að í þeirri nefnd, sem fjallaði um skattsvik og skilaði áliti fyrr á þessu ári, hafi verið gert ráð fyrir því að undanskot undan söluskatti væru 1,2 milljarðar króna, heildarundanskot undan söluskatti. Og ég hafði skilið það svo að menn teldu að virðisaukaskatturinn gæti gefið betri innheimtu sem næmi eins og þriðjungi af þessari tölu í fyrstu lotu, án þess að ég hafi nokkurn tíma séð neinar sannanir eða óyggjandi röksemdir fyrir því að svo geti orðið, enda geta menn kannske ekki framleitt slíkar röksemdir eða birt þær vegna þess að hérna er náttúrlega ekki á vísan að róa í öllum efnum. Alla vega er ljóst að á fyrsta ári virðisaukaskattsins mun vanta upp á greiðslustöðu ríkisins ca. 1500 millj. kr. og það munar um minna. Ég nefni þetta hér vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að ítreka nauðsyn þess að plagg eins og grg. með frv. til laga um virðisaukaskatt sé nákvæmt og rétt þannig að maður lesi sömu hlutina út úr grg.

Þessu frv. og framkvæmd þess fylgir mikil skriffinnska og það er lítið gert úr henni í orðum fjmrh. Það er svo skrýtið með Sjálfstfl. að þegar hann er í ríkisstjórn er honum alveg sama hvað skriffinnskan eykst og hann er tilbúinn til þess að kaupa heilu spítalana og bæta við báknið bara ef hann situr í ríkisstjórn, eins og ekkert sé. Og eins er það með þetta mál. Það er stórkostleg aukning á skriffinnsku ríkisins sem fylgir því að taka upp virðisaukaskatt. Reynt er að draga úr því í ræðu fjmrh. áðan en ég er auðvitað sannfærður um að það hlýtur að þýða stórkostlega aukningu skriffinnsku að taka upp þetta kerfi, greiðendunum fjölgar og allt það. Þetta er dýrara fyrir ríkið. Hvergi í þessum útreikningum er gert ráð fyrir auknum kostnaði fyrir ríkið á skattstofum eða annars staðar þar sem um þessi mál verður fjallað. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á þessu atriði, hvað þessi skriffinnska þýðir í kostnaði fyrir ríkið. Ég get út af fyrir sig látið það koma fram til að láta menn njóta sannmælis að öllu leyti að ég er auðvitað sem félagshyggjumaður og sósíalisti ákaflega ánægður með það að menn fari að fylgjast betur með rekstri fyrirtækjanna í landinu. Mér þykir vænt um að þeir fjármálaráðuneytismenn skuli átta sig á því undir forustu formanns Sjálfstfl. Hitt er auðvitað alveg ljóst að skriffinnsku má ekki auka aðeins til þess að fjölga störfum hjá ríkinu. Skriffinnska verður að hafa einhvern tilgang, að vera með skilvirkara og betra skattakerfi og hagkvæmara líka frá sjónarmiði ríkisins og þjóðarinnar í heild. Ég gagnrýni það að ekki skuli hafa komið fram upplýsingar um það hvað þetta kerfi kostar en það kostar örugglega tugi milljóna kr. frá því sem er í núverandi kerfi.

Þetta virðisaukaskattskerfi þýðir aukna skriffinnsku en ekki bara vegna innheimtunnar heldur líka vegna endurgreiðslnanna sem ætlunin er að taka upp og sýnast vera óhjákvæmilegar ef menn fara með þetta í gegnum þingið sem ég efa nú að verði gert því það er stutt eftir af þessu þingi. M.a. er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur leggist á vinnu á byggingarstað en það mun hækka verð á nýbyggðu íbúðarhúsnæði um 5–7% að mati frv. Það þýðir að íbúð sem kostar 3 millj. kr. hækkar um 150–210 þús. kr. samkvæmt þessu og það er ekki gert ráð fyrir því í þessu að lánin hækki út á þetta. Það á að endurgreiða þessa upphæð. Ég satt að segja hef ekki séð neinar tillögur um það hvernig á að koma þessu endurgreiðslukerfi fyrir til húsbyggjenda, hverjir eiga að fá þetta endurgreitt og hverjir eiga að annast endurgreiðsluna. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að betri upplýsingar komi fram um það. Hér er um að ræða að mínu mati kerfi sem getur verið klúður í framkvæmd, erfitt og flókið og jafnvel getur það kallað á mismunun á milli einstaklinga.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja nokkrum orðum að millifærslunum sem eru í grg. Það er fyrst til að taka að ég er þeirrar skoðunar almennt að millifærsluhlutverk ríkisins megi vera mikið víðtækara en það er nú. Ég er ekki sammála þeim sem telja það höfuðverkefni íslenskra stjórnmála að skera niður þjónustu ríkisins. Ég er ekki sammála þeim sem sjá pólitískan metnað sinn helstan í því að keyra niður tölur ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Hins vegar er ljóst að þessar tillögur þýða aukin ríkisumsvif sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, nettóaukningu ríkisumsvifa frá því sem nú er. Þetta birtist með þeim hætti í fyrsta lagi að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum á að auka um 950 millj. kr. Ég

tel reyndar að það séu verulegar líkur á að þessar niðurgreiðsluhugmyndir yrðu lækkaðar mjög fljótlega og hæstv. fjmrh. opnaði reyndar fyrir það í ræðu sinni áðan. Ég tel að það sé ekki á vísan að róa fyrir neytendur eða landbúnaðinn að þessar niðurgreiðslur verði varanlegar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og þess vegna væri að mínu mati eðlilegra að setja það inn í frv. um virðisaukaskatt, ef að lögum verður, að þennan skatthluta eigi að endurgreiða af tekjum af virðisaukaskatti þannig að það sé ekki slitið á milli eins og gert er ráð fyrir í frv. eins og það hér liggur fyrir sem byggist á því að landbúnaðarvörur hækki í verði um 24%.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að tollar og vörugjöld af innfluttum matvælum og innlendum falli niður, upp á 550 millj. kr. Þetta er ekki aukning á millifærslum ríkisins heldur tilfærsla frá því sem er.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að hækkun húshitunarkostnaðar verði niðurgreidd um 450 millj. kr. og mig vantar alveg upplýsingar um það, herra forseti, og óska eftir að fjmrh. geri grein fyrir því í þessum umræðum: Á hverju er þetta byggt? Hvernig er þessi niðurgreiðsla hugsuð? Hverjir fá hana og hvert fer hún? Það er býsna athyglisvert að á sama tíma og ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að hækka orkuverð í landinu um 600 millj. kr. með sérstökum orkuskatti nú um áramótin er hér verið að tala um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði upp á 450 millj. kr. sem á að koma til framkvæmda um þar næstu áramót. Ég óska eftir nánari upplýsingum um þetta atriði og jafnframt nota ég tækifærið og spyr hæstv. fjmrh.: Hvað er að frétta af þessu orkuskattsmáli? Hvar er það á vegi statt? Er ekki ætlunin að leggja hér inn frv. um það efni? Byggist ekki fjárlagafrumvarpið á því? Hvað tefur? Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin kemur ekki þessu frv. frá sér? Það er auðvitað eins og annað. Það er ekki sauðast við að koma inn málum í þingið á eðlilegum tíma og allt fer í hönk þegar á að fara að afgreiða þau á handahlaupum síðustu dagana fyrir jólin. Hvar er þetta orkufrumvarp? Eru menn kannske hættir við það og er komið eitthvað annað í staðinn?

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að barnabætur hækki skv. grg. frv. um 525 millj. kr. Það kann að vera rétt að þessi hækkun slétti útreikninginn hjá hjónum með tvö börn en það er ljóst að þessi hækkun dugir ekki til að slétta út reikninginn hjá einstæðum foreldrum eins og ég sýndi fram á áðan. Barnabætur munu á næsta ári vera áætlaðar um 1,7 milljarðar kr. Hér er um að ræða hækkun á barnabótum í kringum 30%. Ég held að óhjákvæmilegt sé að spyrja líka hvaða hugmyndir eru um útfærslu á þessu atriði. Er ætlunin að barnabætur og barnabótaauki hækki jafnt og hlutfallslega? Þetta skiptir máli og það er ekki hægt að láta umræðu fara fram um þetta mál öðruvísi en að upplýsingar um það liggi fyrir.

Þá er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir hækki um 4%, upp á 175 millj. kr., og ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því einnig hvernig sú útfærsla er hugsuð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar við þessa umræðu.

Ég sé ekki betur, herra forseti, en að hér sé um að ræða tiltölulega mjög lága upphæð og það skiptir auðvitað máli í þessu efni hvort hún er til að hækka elli- og örorkulífeyri, þ.e. grunnlífeyri eða er hún til að hækka tekjutryggingu eða er hún til að hækka hvort tveggja? Upplýsingar óskast um það með hvaða hætti þessi upphæð er ákveðin. En niðurstaðan verður sú að nettó millifærsla ríkisins eykst um 2100 millj. kr. Það sem Sjálfstfl. kallar yfirleitt „ríkisumsvifin“, með mikilli fyrirlitningu, eykst um 2,1 milljarð kr. eða um 1,4% af þjóðarframleiðslunni eins og hún er talin vera í dag á verðlagi í lok ársins.

Hæstv. fjmrh. tók það fram í sinni ræðu áðan að Sjálfstfl. eða ríkisstjórnin og aðstoðarríkisstjórnin væri til viðtals um breytingu á þessu öllu og ég vildi gjarnan inna eftir því með hvaða hætti menn hugsa sér að koma því á. Hefur það kannske verið rætt innan stjórnarflokkanna hvernig á að skipta þessu, bæði núverandi og tilvonandi? Viðreisnarstjórnin birtist þarna á mynd í DV í gær. Er búið að ganga frá því hvernig á þeim málum verður tekið? Hvað á að eyða miklu í niðurgreiðslur og hvað í annað? Ég er nokkurn veginn sannfærður um það að svörin hjá forsvarsmönnum núverandi og tilvonandi ríkisstjórnar í þessu efni verða þau að þetta sé allt á floti, þessar millifærsluráðstafanir, það sé í raun og veru gjörsamlega óljóst hvernig þessum fjármunum verður varið. Menn eigi eftir að semja um það, „den tid, den sorg“, og þegar kemur að því að ákveða fjárlög fyrir árið 1987 er alveg augljóst mál að það verður hjólað í þessar upphæðir nema þær séu bundnar með allt öðrum hætti en hér er gert.

Niðurstaða mín, herra forseti, af þessum hugleiðingum er sú í fyrsta lagi að frv. þýðir skattahækkun á láglaunafólk. Ég hef rökstutt það með gildum hætti.

Í öðru lagi eru millifærsluráðstafanirnar óákveðnar og óljósar og í þessu sambandi er nauðsynlegt að nefna að í frv. er ekkert ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en hann hefur verið skertur verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það eru ekki tæmandi upplýsingar um það hvernig með hann verður farið og í frv. eru engin ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég hefði talið eðlilegt, ef menn fara fram með þetta á annað borð, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna kæmi inn í mál af þessu tagi vegna þess að annars er meiri hætta á að framlög til hans verði skert en er nú þegar.

Í þriðja lagi nefni ég það í sambandi við þetta frv. að ég tel að innheimtu- og endurgreiðslukerfið verði dýrara en nú er og það sé um að ræða hættu á klúðri í sambandi við endurgreiðslu á byggingarkostnaði.

Í fjórða lagi tel ég að ekki liggi fyrir nein óyggjandi rök um að þetta kerfi skili sér betur en söluskattskerfið og reyndar er það svo dapurlegt að í grg. frv. er bersýnilega engin sannfæring fyrir því að virðisaukaskattur skili sér betur en söluskattur.

Ég tel, herra forseti, þess vegna að eðlilegasta málsmeðferðin við þetta frv. væri sú að ríkisstjórnin fengi það aftur. Og þá er ég ekki endilega að tala um þessa ríkisstjórn því að hún er bráðum dauð, svo er stjórnarskránni fyrir að þakka. Einhver ríkisstjórn tekur við og ég tel eðlilegt að það verði niðurstaðan á þessu þingi að ákveða að allt tekjuöflunarkerfi ríkisins verði tekið til endurskoðunar — allt. Ég tel að eigi að vinna þannig að því að um það verði sem best samstaða í þinginu og með aðilum vinnumarkaðarins, með stjórn og stjórnarandstöðu hverjir sem hana kunna að skipa. Ég tel það verulegan galla á framlagningu þessa máls að við meðferð þess og undirbúning hefur stjórnarandstaðan ekki fengið neinar upplýsingar aðrar en frv. sjálft á undirbúningsstigum málsins. Og ég tel að þegar um er að ræða tekjustofn upp á 16–18 milljarða kr. sé hann svo stór og þýðingarmikill að það eigi að reyna að stuðla að sem bestri samstöðu um álagningu og innheimtukerfi fyrir þennan mikilvæga stofn.

Ég tel að ríkisstjórnin hafi bersýnilega ekki viljað samstöðu um málið nema kannske við Alþfl. Hún hefur bersýnilega ekki viljað samstöðu við stjórnarandstöðuna heldur er málinu slengt framan í hana í frumvarpsformi án þess að hún hafi haft nokkra möguleika til að fylgjast með þessu máli frá degi til dags á undirbúningsstigi. Hér er farið öðruvísi að en hjá hinni borgaralegu hægri stjórn Schlüters í Danmörku þar sem stjórn og stjórnarandstaða, allir meginflokkar danska þingsins, komust að samkomulagi um nýtt kerfi fyrir persónuskatta í Danmörku sem tekur gildi frá og með næstu áramótum, kerfi sem víðtæk samstaða er um og ánægja með bæði meðal stjórnmálamanna og embættismanna. Hér hefur allt öðruvísi verið staðið að hlutunum, verið illa á þeim haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

En það er fleira í þessu efni sem vert er að hafa í huga. Menn eru ekki bara að tala um virðisaukaskatt sem er stórmál. Fyrir liggja í fjmrn. hugmyndir um breytingar á tollalögum. Þessar hugmyndir voru sýndar hér í fyrra en innheimtar með hraði aftur af borðum þm. þegar þær voru búnar að liggja þar í hálfan dag. Hér er um að ræða einn veigamesta þáttinn í tekjuöflunarkerfi ríkisins. Hann er líka til endurskoðunar og líka til endurmats í fjmrn.

Fyrir liggja tillögur um betra skattaeftirlit og aðgerðir gegn skattsvikum, m.a. frá nefnd sem starfaði og skilaði áliti á miðju þessu ári. Fyrir liggja róttækar hugmyndir um breytingu á beinum sköttum frá aðilum vinnumarkaðarins þar sem uppi hafa verið hugmyndir um að sameina í einum skatti útsvar, tekjuskatt, gjald í framkvæmdasjóð aldraða, sjúkratryggingagjald, sóknargjöld og aðra beina skatta og að fella niður frádrætti, taka í staðinn upp afslætti og vera með eina einfalda skattaprósentu. Fjmrh. hefur greint frá því að hann sé að skoða einhverjar svipaðar hugmyndir uppi í fjmrn. og hafi kallað í aðila vinnumarkaðarins til að fylgjast með þeirri vinnu en þessar hugmyndir liggja fyrir og þær eru einn veigamesti hluti tekjuöflunarkerfis ríkisins.

Fyrir liggja einnig hugmyndir um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sjálfstæðar hugmyndir, bæði um útsvar, fasteignaskatta og aðstöðugjöld. Hvar eru þær? Þær liggja fyrir og hafa verið ræddar á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta á að taka með inn í myndina. Fyrir liggja tillögur um samtímaskatt og loforð um samtímaskatt sem taki gildi frá og með 1. janúar 1988. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Telja menn að það sé líklegt að unnt sé að framkvæma hvort tveggja í senn, upptöku virðisaukaskatts og samtímaskatts á sama árinu? Því hefur verið haldið fram mörg undanfarin ár, m.a. af embættismönnum í skattakerfinu, að það væri óhugsandi að þetta gerðist samtímis, þessar tvær róttæku og viðamiklu kerfisbreytingar. Hefur eitthvað breyst í viðhorfum þeirra? Er það vitleysa sem menn hafa verið að halda fram undanfarin ár? Er allt í einu fundin einhver leið, burtséð frá efni málsins en tæknilega, til að framkvæma það að taka upp algjörlega nýtt kerfi óbeinna skatta annars vegar og samtímainnheimtu beinna skatta hins vegar á sama árinu?

Ég efast um, satt að segja, að þetta geti gengið. Ég hef farið yfir þetta mál rækilega og ég á erfitt með að sjá að þetta geti gengið. Hættan er sú að ef of mikið er lagt á skattakerfið af þessu tagi í einu verði framkvæmdin í skötulíki og niðurstaðan hringavitleysa og óánægja með þær breytingar sem verið er að gera. Og ég bið menn í allri vinsemd að ætla sér af í þessu efni og að láta sér ekki detta í hug að við getum snúið þessum hlutum öllum við svo að segja með einu handbragði á einu og sama árinu.

Nei, herra forseti, mín niðurstaða er sú að núna væri eðlilegast að allt skattakerfi ríkis og sveitarfélaga verði tekið til allsherjarendurskoðunar með *tilliti til samhæfingar og samstillingar kerfisins* og með tilliti til þess að það náist samkomulag aðila vinnumarkaðarins og flokkanna á Alþingi í stjórn og stjórnarandstöðu um skattakerfið sjálft sem er grundvöllurinn undir allri samneyslunni og þjónustu ríkisins. Að vera með skattakerfi sem alltaf hefur verið bullandi ágreiningur um milli stjórnar og stjórnarandstöðu og gagnvart aðilum vinnumarkaðarins kann ekki góðri lukku að stýra. Það hefur í för með sér óheppilegar sviptingar í kringum skattakerfið, skapar óvissu hjá skattgreiðendum, öryggisleysi hjá þeim sem eiga að framkvæma málið og niðurstaðan verður stöðug óánægja með þetta grundvallaratriði, þennan hornstein samneyslunnar í landinu.

Ég vil auðvitað leyfa mér að gagnrýna það sérstaklega hvernig ríkisstjórnin hefur sniðgengið stjórnarandstöðuna í sambandi við þetta frv. um virðisaukaskatt. Ég vil einnig gagnrýna það að stjórnarandstaðan skuli ekki kölluð til við umræður um þær kerfisbreytingar á tekju- og eignarskattslögum sem nú eru í gangi. Það er stuttur tími eftir af þessu þingi og það er útilokað að ná í gegnum þingið neinum meiri háttar málum af þessu tagi öðruvísi en

að það sé a.m.k. sæmilegt samkomulag um verklagið hér á hv. Alþingi.

Samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. við frágang kjarasamninganna var gert ráð fyrir að lagt yrði fram á Alþingi frv. um skattamálin og samtímaskattinn. Það stendur ekki að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að frv. verði samþykkt. Ég vil gjarnan inna hæstv. ráðh. eftir því hvaða hugmyndir hann er með í þessu efni sérstaklega og hvort það er ætlun ríkisstjórnarinnar að reyna að láta afgreiða frv. um þessa róttæku kerfisbreytingu í skattamálum á þessu þingi ásamt frv. um virðisaukaskatt. Og af því að hæstv. félmrh. er kominn í salinn legg ég einnig fyrir hann eina spurningu. Hvar er frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem búið er að lofa margoft og hefur verið rætt í Sambandi ísl. sveitarfélaga? Ætla menn kannske líka að fara með það í gegnum þingið, plús frv. til tollalaga sem hér liggur fyrir?

Ég hef enga trú á því að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að keyra þessi mál í gegn vegna þess að ég held að það sé óframkvæmanlegt. En það er nauðsynlegt að vita hvort framlagning þessa frv. um virðisaukaskatt er aðeins framlagning eða hvort menn ætla sér að fylgja því eftir að keyra málið fram á þessu þingi. Er þetta forgangsmál eða á að taka það fyrir á eftir tekjustofnum sveitarfélaga og kerfisbreytingu í skattamálum, staðgreiðslukerfi skatta og öllu því?

Þessi ríkisstjórn er búin að sitja að völdum síðan vorið 1983 og það er fyrst núna sem hún virðist vera að átta sig á því að það þurfi að gera kerfisbreytingar í skattamálum á Íslandi, á síðasta ári kjörtímabilsins. Það eru miklir afreksmenn sem þarna hafa setið að störfum eða hitt þó heldur.

Ég held að það sé nauðsynlegt líka að átta sig á því að ef Alþingi ætlar sér að afgreiða mál af þessu tagi, eins og þetta frv. um virðisaukaskatt, tekur það tíma. Þm. eiga allan rétt á því að vanda afgreiðslu mála. Það hefur aftur og aftur komið fyrir í tíð þessarar ríkisstjórnar að mál hafa verið svo illa unnin í nefndum þingsins, lítt yfirlesin og lítt könnuð að það hefur orðið nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög eða flytja brtt. strax á næsta þingi vegna þess að málin voru morandi í vitleysum af því að ekki fékkst tóm til þess á þinginu að fara með málin með eðlilegum hætti. Það er ekki aðeins sanngirnismál heldur líka skylda okkar alþm. að fara þannig með mál sem við fáum að meðferð þeirra sé öll hin vandaðasta. Og þegar embættismenn eru búnir að hafa þessi mál í fleiri, fleiri, fleiri mánuði hljóta auðvitað þm. einnig að fá góðan tíma til að fjalla um mál af þessu tagi.

Ég lýk máli mínu með því, herra forseti, að segja: Frv. um virðisaukaskatt er mikilvægt mál fyrir þingið. Það snertir stóran hluta tekjustofna ríkisins. Hér er einn af hornsteinum samneyslunnar. Þess vegna á að stuðla að sem víðtækustu samkomulagi um þessi mál, söluskatt eða virðisaukaskatt, tollalög, betra skattaeftirlit, samtímaskatt, tekjuskatta, tekjustofna sveitarfélaga. En að ætla sér að húrra þessum málum hér fram með þeim hætti sem nú virðist ætlunin meira og minna tengslalaust, án þess að augljós tengsl séu á milli málanna, það er fullkomlega gagnrýni vert.

Ég teldi þess vegna eðlilegast að Alþingi kysi fljótlega nefnd allra flokka sem ásamt aðilum vinnumarkaðarins færi í þessi skattamál í heild og reyndi að stuðla að sem víðtækustu samkomulagi. Ríkisbúskapur, sem byggist á skattstofnum sem óeining er um, er í stöðugri óvissu. Það geta komið upp vandamál vegna þessarar óeiningar og ríkisstjórnin á ekki að gera sér leik að því að skapa óeiningu og ósætti eins og hún hefur gert í skattamálunum undanfarna daga.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. fjmrh. á þá leið að þrír stjórnmálaflokkar hafi lýst yfir stuðningi við tillögur um virðisaukaskatt vil ég taka það fram strax í upphafi máls míns að þingflokkur Alþfl. styður ekki þetta frv. Ég hef líka ástæðu til að ætla að því fari fjarri að stuðningur við þetta frv. sé víðtækur innan raða stjórnarflokkanna. Þannig hef ég t.d. ástæðu til að ætla að þeir þm. séu allnokkrir í þingflokki Framsfl. sem geta ekki sætt sig við mörg veigamikil ákvæði í þessu frv. og ég hef reyndar efasemdir um það, þó að ekki séu þær rökstuddar, að það sé ekki einhugur um þessar hugmyndir í þingflokki Sjálfstfl. Í því efni vek ég sérstaklega athygli á því að innan raða atvinnurekenda, einkum þeirra sem eru í forsvari fyrir minni þjónustufyrirtækjum, er verulegur uggur um það hvaða áhrif þetta frv., ef til framkvæmda kæmi, hefði á þær atvinnugreinar.

Þetta segi ég strax til þess að taka af allan vafa um afstöðu okkar þingflokks vegna þess að hitt er rétt, að við erum opnir til viðræðna við aðra stjórnmálaflokka um það að taka upp virðisaukaskatt sem slíkan, sem hefur út af fyrir sig nokkra kosti umfram það söluskattskerfi sem við höfum þekkt á undanförnum árum, en þá því aðeins að sú löggjöf fullnægi mjög ströngum skilyrðum. Úr því sem komið er teljum við eðlilegast að endurskoðun skattakerfisins, sem auðvitað er löngu tímabær, verði tekin upp í heild sinni á vegum nýrrar ríkisstjórnar. Alla vega sýnist mér auðsætt að úr því sem komið er verði það ekki á valdi þessa þings að ná þeirri æskilegu samstöðu um þessa heildarendurskoðun sem út af fyrir sig er ef ekki forsenda þá a.m.k. veigamikill þáttur í því að taka upp svo róttækar breytingar á skattalöggjöfinni í heild.

Í því efni bendi ég sérstaklega á að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og um virðisaukaskatt. Vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi sinn við það, með því að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaprósentu eða ekki. M.ö.o.: Ef ríkisvaldið

við upptöku virðisaukaskatts vill leiða í lög ákveðnar aðgerðir til tekjujöfnunar, sem óhjákvæmilegt virðist að gera, hefur það mikil áhrif á það í hvaða átt tekjuskattsbreytingin verður. Aflétting tekjuskatts af launum með því að hækka skattfrelsismörk í tekjuskatti mjög verulega er auðvitað partur af þeirri tekjujöfnun sem ella þyrfti að grípa til við upptöku virðisaukaskatts. Þess vegna er erfitt að taka afstöðu til annars þáttarins eins út af fyrir sig.

Ef spurt er hvers vegna Alþfl. er andvígur þessu frv. er rétt að tíunda þau rök í stuttu máli:

Í fyrsta lagi: Prósentuálagningin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er allt of há. Það eitt út af fyrir sig veldur því að frv. er með öllu óaðgengilegt. Þessi háa prósenta hefur verðhækkunaráhrif sem leiða til hliðarráðstafana og það er önnur meginröksemdin: Þær hliðarráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að grípa til, þar sem aðalatriðið er meiri háttar niðurgreiðslur á heföbundnum landbúnaðarafurðum, eru með öllu óaðgengilegar fyrir þingflokk Alþfl. Við munum undir engum kringumstæðum fallast á þær.

Lítum aðeins nánar á fyrstu röksemdina, að skattprósentan sé allt of há, 24%. Rökin fyrir því að hverfa frá núverandi söluskattskerfi eru mörg. Menn segja í fyrsta lagi: Söluskattskerfið er ónýtt vegna þess hve undanþágum hefur verið fjölgað óhóflega á undangengnum árum. Þar af leiðandi er eftirlit allt í molum. Og menn eru yfirleitt á einu máli um það að söluskattsundandráttur sé mjög verulegur. En einmitt vegna þess, hve undanþágusviðið er vítt, hefur skattprósentan sjálf farið sí-hækkandi og er nú 25%.

Ef ætlunin er að reyna að ná einhverju samkomulagi um upptöku virðisaukaskatts verður ein meginforsendan að vera sú, þegar menn taka upp virðisaukaskatt og eru þar með að útrýma undanþágum *og víkka út skattskyldusviðið, að skattálagningar*prósentan lækki mjög verulega. Ef ríkisvaldið ætlar sér að taka af heildarneyslu sömu tekjur og áður voru í söluskattskerfinu segir það sig sjálft að við upptöku virðisaukaskatts eða undanþágulauss söluskatts mundi verðlag á þeim vörum, sem áður voru undanþegnar skatti, hækka. En þá verður verðlag á þeim vörum, sem áður báru hina háu álagningarprósentu, að lækka að sama skapi. Niðurstaðan er því sú að ef ríkisvaldið ætlar sér ekki að auka heildarskattheimtu af þessu tilefni ættu heildarverðhækkunaráhrifin að vera raunverulega á núlli.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að þurfa að taka 20,9% í virðisaukaskatti, þrátt fyrir víkkun skattsviðsins og afnám undanþága, til þess að halda óbreyttum tekjum. Og því næst er gert ráð fyrir því að auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega, á þriðja milljarð, með því að halda prósentunni uppi í 24% og þessum hálfum þriðja milljarði á síðan að verja til niðurgreiðslna og annarra tekjujafnandi aðgerða.

Ef ekki er hægt að ná betri árangri en þetta við upptöku virðisaukaskatts spyr maður sjálfan sig: Þrátt fyrir þær fræðilegu röksemdir, sem beita má virðisaukaskatti til stuðnings, umfram núverandi söluskattskerfi, duga þær ekki ef við vegum og metum saman annars vegar þær fræðilegu röksemdir um það að virðisaukaskattur á að vera hlutlaus gagnvart atvinnurekstri, virðisaukaskattur á að vera öruggari í innheimtu þrátt fyrir allt, þær duga ekki út af fyrir sig til þess að vega upp á móti þeim alvarlegu göllum sem í því felast að skattprósentan er svona há. Það eitt að skattprósenta á neysluskatta er svona há hvetur nefnilega mjög eindregið til skattundandráttar. Það er rétt, sem fram kemur aftarlega í grg. með þessum skatti, að menn mega undir engum kringumstæðum ýkja þau rök að virðisaukaskatturinn sé sjálfleiðréttandi í innheimtu. Það er hann ekki. Það verður mjög erfitt, ef menn ætla að taka þetta skattkerfi upp, að ætla að hverfa frá því innan skamms tíma, ef reynslan verður slæm.

Við leggjum þess vegna megináherslu á það að virðisaukaskattsprósentan, sem hér er lagt til að tekin verði upp, er allt of há. Við erum hér auðvitað að gera samanburð annars vegar á meingölluðu söluskattskerfi, með mörgum undanþágum, sem við þekkjum og hins vegar á þessu nýja kerfi. Og þá er sjálfgefið að upp vakni spurningin: Er þá kannske eftir allt saman betra að gera róttækar breytingar á óbreyttu söluskattskerfi, ef hægt er að ná þeim markmiðum að söluskattsprósentan verði miklum mun lægri fyrir vikið? Af þessu tilefni langar mig til þess að rifja upp fyrir hv. þm. eftirfarandi:

Í svörum þáv. hæstv. fjmrh. við fsp. mínum á Alþingi 6. nóv. 1984, þar sem spurt var um tekjuauka ríkissjóðs ef undanþágur frá söluskatti yrðu afnumdar og hversu mikið mætti lækka núverandi söluskattsálagningu miðað við að ríkissjóður héldi óbreyttum tekjum af söluskatti, komu fram eftirfarandi upplýsingar skv. þingtíðindum.

Ef miðað var við að allar vörur, aðrar en endur*söluvörur, hráefni, útflutningsvörur og þjónusta*, yrðu söluskattsskyldar mundu tekjur ríkissjóðs af söluskatti lauslega áætlað tvöfaldast. Brúttótekjuauki ríkissjóðs hefði skv. upplýsingum fjmrn. orðið nálægt 9 milljörðum kr. á haustverðlagi ársins 1985 miðað við forsendur fjárlagafrv. og miðað við það að ekkert af þessum tekjuauka rynni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ef gert var ráð fyrir að söluskattur legðist þannig á opinberar framkvæmdir og aðföng samneyslu, þ.e. á ríkisbúskapinn, kom á daginn að um það bil 10% af tekjuaukanum yrði aftur útgjaldaauki fyrir hið opinbera. En ef ríkisbúskapnum yrði í þessum skilningi sleppt, á þeirri forsendu að hann er inn og út, yrði nettótekjuauki við niðurfellingu stærstu undanþágugatanna í óbreyttu söluskattskerfi um 8 milljarðar kr. miðað við þáverandi verðlag. M.ö.o., almenna röksemdafærslan var sú að með því að taka upp undanþágulaust söluskattskerfi væri hægt að komast langleiðina í það að tvöfalda tekjur ríkissjóðs í óbreyttu kerfi, þ.e. í söluskattskerfi, ekki virðisaukaskattskerfi.

Enn fremur sagði í svörum fjmrn. við þessum spurningum og nú vitna ég til svarsins orðrétt:

„Ljóst er að niðurfelling á ýmsum núverandi undanþáguliðum, einkum á undanþágum einstakra vörutegunda, mun stórbæta möguleika til söluskattseftirlits.“ Ég endurtek: mun stórbæta möguleika til söluskattseftirlits. „Við afnám tekjuskatts á launatekjur liggur beint við að beina mannafla skattstofa í auknum mæli að söluskattseftirliti. Skilvirkari innheimta vegna einfaldara söluskattskerfis og herts eftirlits mun auka tekjur ríkissjóðs til viðbótar um 2–4 milljarða kr.“

Þetta vekur upp margar spurningar. Hvernig stendur á því, þegar gert er ráð fyrir því að taka upp skilvirkara kerfi, sem heitir virðisaukaskattur, að áhrif þessa, samkvæmt upplýsingum í grg. frv., eru ekki meiri en hér er talað um? Áhrifin af því að útrýma undanþágum og víkka út skattskyldusviðið, áhrifin af því að kerfið á að vera öruggara í innheimtu og áhrifin af því að eftirlit með innheimtu verður aukið — hvernig stendur á því að menn gera ekki ráð fyrir því, að það auki tekjur ríkissjóðs um meira en 400 millj. kr.?

Ég fyrir mína parta trúi því ósköp einfaldlega ekki. Fyrir liggja upplýsingar, varfærið mat í svokallaðri skattsvikaskýrslu hæstv. fjmrh., um skattundandrátt, bæði að því er varðar tekjuskatt og söluskatt. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns var gert ráð fyrir því að söluskattsundandráttur væri um 1,3 milljarðar kr. ef ég man rétt. Ég trúi því ósköp einfaldlega ekki að þessar aðgerðir, útvíkkun söluskattssviðsins, afnám undanþága, bætt innheimta og hert eftirlit, leiði ekki til meiri tekjuauka fyrir ríkissjóð í virðisaukaskattskerfi en hér er gert ráð fyrir. Af hverju segi ég þetta? Með vísan til þeirra upplýsinga sem fjmrn. hefur áður lagt fram sem svar við fsp. mínum um tekjuauka ríkissjóðs við afnám á undanþágum í óbreyttu kerfi eru þær rök fyrir því, að unnt sé að lækka álagningarprósentuna í virðisaukaskattskerfi til mikilla muna meira en hér er gert ráð fyrir. Og það er mjög þýðingarmikið atriði, það er beinlínis lykilatriði. Það nær ekki nokkurri átt, ef við ætlum að gera samtímis breytingar á tekjuskattskerfi og neysluskattakerfinu, að ganga út frá því til frambúðar að við búum við neysluskattastig á bilinu 20–30%. Við erum hér að tala um hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi.

Ég segi það hreint út að ég vil ekki kaupa fræðilega kosti virðisaukaskatts umfram óbreytt kerfi þessu verði. Ég vil það ekki. Við erum ekki til viðræðu um að taka upp virðisaukaskatt, sem er svona hrikalega hár. Og við vefengjum röksemdir fjmrn. fyrir því að nauðsynlegt sé að halda virðisaukaskattinum í 20–21% til þess að halda óbreyttum tekjum. Við gagnrýnum það að þegar hér er lagt fram frv. af þessu tagi, sem snertir alla einstaklinga í landinu, alla neytendur og alla forsvarsmenn fyrirtækja, skuli ekki vera lagðar fram meiri tölulegar upplýsingar, sem hægt er að meta. Menn eru beðnir að trúa þeim tölum, sem farið er með í grg., jafnvel þótt þær stangist á við aðrar upplýsingar, sem fram hafa komið frá ráðuneytinu.

Önnur meginröksemd okkar gegn þessu frv. er sú, að við teljum að það byggi á vanmati á þeim tekjuauka sem ríkissjóður getur ætlað sér við afnám á undanþágum og útvíkkun á skattsviði og hertu eftirliti.

Þriðja meginröksemdin er sú, og leiðir af hinu sem þegar er sagt, að verðhækkunaráhrif af þessari háu prósentu eru of mikil. Jafnframt er það mjög gagnrýnisvert að ekki skuli fylgja nánari úttekt, á tölulegum grundvelli, um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskattsins hefði á þær atvinnugreinar sem hafa verið undanþegnar söluskatti. Þau áhrif geta komið fram í mjög mismunandi miklum mæli og það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að skoða það, atvinnugrein fyrir atvinnugrein.

Það er talað um að virðisaukaskatturinn eigi ekki að leggjast á ferðamannaþjónustu. En hvað með t.d. þann þátt ferðamannaiðnaðarins sem heitir hótel- og veitingahúsarekstur, svo að nefnt sé dæmi? Eða þær spurningar, sem fram komu í máli seinasta ræðumanns, um afleiðingar þess arna á byggingariðnaðinn, byggingarkostnað? Er svo að skilja að endurgreiðslan eigi að ná til þeirra einna sem standa fyrir nýbyggingum? Hvaða áhrif hefur upptaka þessa kerfis að öðru leyti á byggingariðnað og þjónustu, svo sem eins og endurbætur og viðhald? Hvaða áhrif hefur fjárbindingin, sem trúlega verður aukin í þessu kerfi á þeim greinum sem nú verða virðisaukaskattsskyldar en báru ekki söluskatt áður?

Það er gagnrýnisvert að upplýsingar um þetta ligjga ekki fyrir. M.ö.o., vinnubrögðin til undirbúnings þessu frv. og upplýsingarnar sem fylgja því eru fjarri því að vera fullnægjandi. Það þýðir að þetta frv. hlýtur að verða lengi í vinnslu þingsins. Það þýðir að þingnefndir, sem fá málið til umfjöllunar, hljóta að gera kröfu til að mikill fjöldi forsvarsmanna fyrirtækja verði kallaður til viðræðna við þingnefndir eða leitað verði eftir upplýsingum frá þeim. Þegar af þeirri ástæðu þykir mér líklegt að þetta mál hljóti að verða lengi í meðförum þingsins. Þar af leiðandi er ólíklegt, eins og allt er í pottinn búið, að það geti náðst pólitískt samkomulag milli þingflokka um þær lágmarksbreytingar, sem gera þarf á frv., til þess að það verði afgreitt endanlega á þeim tíma sem eftir lifir þessa þinghalds.

Þá er loks að nefna hliðarráðstafanirnar eins og þær eru hér boðaðar. Þessar hliðarráðstafanir byggja á þeirri forsendu að ríkissjóður ætli sér að taka allt í allt 2650 millj. kr. í formi virðisaukaskatts umfram það sem söluskattskerfið hefur skilað ríkissjóði áður og verja til verðlækkunaráhrifa. Í fyrsta lagi með því að verja tæpum milljarði til niðurgreiðslna á heföbundnum búvörum. Þar með er fokin sú röksemd að virðisaukaskatturinn eigi að vera hlutlaus gagnvart atvinnufyrirtækjum og atvinnuvegum í landinu. Vegna þess að með hliðarráðstöfunum er verið að verja fé til neyslustýringar, til þess að hafa beinlínis áhrif á neysluval, og þar af leiðandi innkaup og markaðsstöðu fyrirtækja. Það er verið að mismuna atvinnuvegum, og er auðvitað

megingalli. Um þetta er einfaldlega það að segja að þingflokkur Alþfl. mun undir engum kringumstæðum fallast á þessa aðferð.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að tollakerfið verði einfaldað og lækkað og vörugjöld verði felld niður. Það er út af fyrir sig góð ráðstöfun og réttmæt og kemur t.d. til álita, að því er varðar áhrif virðisaukaskatts á byggingariðnaðinn, hvort ekki er hægt að ganga mun lengra í þá átt fremur en að taka upp þá tillögu sem hér er gert ráð fyrir, sem er endurgreiðsla vegna húsnæðisliðarins, hugsuð sem endurgreiðsla á fermetra íbúðarhúsnæðis upp að tilteknu hámarki. Samkvæmt okkar upplýsingum hefur sú aðferð, þar sem hún hefur verið reynd, gefist illa. Virðist þá vera nærtækara bæði í þessu tilviki og almennt að ganga lengra í lækkun tolla á ýmsum hátolluðum vörum, þar á meðal t.d. hátolluðum byggingarvörum, svo sem eins og baðherbergisáhöldum, eldhúsbúnaði og fleira af því tagi.

Röksemdir okkar fyrir því að við getum ekki fallist á þetta frv. eru því þessar upp að telja:

1. Vegna þess að skattprósentan er allt of há.
2. Vegna þess að við tökum ekki trúanlegan talnagrundvöll frv. um það að ekki sé unnt með bættri innheimtu og niðurfellingu á undanþágum að tryggja ríkissjóði þegar af þeirri ástæðu meiri tekjur, þannig að unnt sé að lækka prósentuna og um leið draga úr verðhækkunaráhrifum.
3. Vegna þess að við teljum mikið vanta á að við höfum í höndunum nægilegar upplýsingar um áhrif virðisaukaskattsins á þau fyrirtæki, einkum smærri fyrirtæki í þjónustugreinum, sem nú verða skattlögð í virðisaukaskattskerfi en voru það ekki í söluskattskerfi. Okkur skortir beinlínis sérstakar úttektir á atvinnugreinum og stöðu fyrirtækja, áhrifum skattsins á samkeppnisstöðu og afkomu.
4. Vegna þess að hliðarráðstafanirnar eru af því tagi að við getum ekki fellt okkur við þær.

Heildarniðurstaðan er sú, úr því sem komið er, að það verkefni bíður nýrrar ríkisstjórnar að taka skattakerfið í heild til allsherjarendurskoðunar. Fyrst og fremst með þeim rökum að það hefur áhrif hvað á annað, hvað gert er í endurskoðun á tekjuskattskerfinu, og hvað gert er í endurskoðun á söluskattskerfinu. Það er raunverulega ógerningur, út frá málefnalegum rökum, að taka endanlega afstöðu til annars, án þess að hitt sé þekkt stærð.

Að því er varðar hliðarráðstafanir vil ég bæta því við að það er augljóst mál, hvort heldur við tökum upp virðisaukaskatt eða undanþágulítinn almennan söluskatt, að þá er óhjákvæmilegt að grípa til hliðarráðstafana. Ef við stöldrum við fyrri hugmyndina, undanþágulítinn söluskatt, þá er það augljóst mál að jafnvel þótt söluskattsprósentan yrði mjög lág, þá yrðu verðhækkunaráhrif á þeim vörum og þeirri þjónustu, sem áður var undanþegin söluskatti. Þetta þarf auðvitað að bæta almenningi upp, neytendum, og þá ekki hvað síst barnafjölskyldum, með öðrum hætti. Um það gildir sú almenna skoðun okkar að þá á að beita skattakerfinu í heild sinni til tekjujöfnunar; ekki með því að veita sífellt fleiri og fleiri undanþágur eða frádrætti, og eyðileggja þar með skilvirkni kerfisins, heldur með því að verja hluta af skatttekjunum til útgreiðslu til þeirra hópa sem þyngstar byrðar bera og þurfa mest á tekjujöfnunaraðgerðum að halda. Til þess að draga saman þessar niðurstöður.

Við þurfum í báðum tilvikum að beita tekjujafnandi aðgerðum. Þær þurfa hins vegar að fullnægja því skilyrði, að þær eiga ekki að þjóna undir sérhagsmuni. Þær eiga ekki að vera sértækar. Þær eiga að byggjast á útgreiðslu á mjög rausnarlegum barnabótum til barnafjölskyldna og verulegri hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga, einkum og sér í lagi til ellilífeyrisþega. En þær eiga ekki að vera í því formi að skekkja neysluval og stýra fjármagni þannig milli atvinnugreina. Enda væri það beinlínis í hrópandi mótsögn við meginrökin fyrir upptöku virðisaukaskatts, sem eru þau að hann á einmitt að bæta fyrir annmarka söluskattskerfisins, uppsöfnunaráhrifin, og það að hann er ekki hlutlaus, að því er varðar efnahagsleg áhrif milli atvinnugreina.

Herra forseti. Ég get látið máli mínu lokið að svo stöddu. Ég endurtek það að þingflokkur Alþfl. getur ekki sætt sig við þetta virðisaukaskattsfrumvarp. Til þess að við getum fallist á upptöku virðisaukaskatts þyrfti að gera á því svo róttækar breytingar að það má heita að það þyrfti að semja nýtt frv. — [Fundarhlé.]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja örfá orð við 1. umr. þessa máls. Við stöndum hér frammi fyrir mjög vandasömu málefni, vandasömu verkefni, að bylta tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ég er formaður þeirrar nefndar sem þetta mál fer væntanlega til og ég get heitið ráðherra því og meðnefndarmönnum mínum að við komum til með að athuga þetta mál vandlega því það eru margir kostir við þetta kerfi sem hér er lagt til að tekið verði upp. Það eru því miður einnig nokkrir vankantar. Hliðstætt frv. hefur verið lagt fram a.m.k. tvisvar áður. Margir vankantar, sem voru í þeim frv., hafa verið sniðnir af. Það er hugsanlegt að unnt sé að sníða fleiri vankanta af frv. Ég tel að það þurfi að kanna og gera sér heillegri mynd af áhrifum frv. á atvinnulífið áður en gengið verður frá því sem lögum. Þá þarf einnig að kanna áhrifin á framfærslukostnað og ég vil segja framfærslumöguleika fólksins í landinu. Ég tel að síðan munum við lögfesta þetta frv. ef eða þegar okkur tekst að sníða af vankantana eða sannfærast um að vankantarnir séu horfnir.

Hér er lagt til að fara út í mjög miklar millifærslur í þjóðfélaginu. Það er eðlilegt að spurt sé hvort þær millifærslur haldi og hvort hægt sé að tryggja það að þær nái tilgangi sínum og nái tilgangi sínum til frambúðar. Það hefur verið mjög neikvæð afstaða höfunda þessa frv. til allra undanþága frá virðisaukaskatti og sjálfsagt hafa þeir mikið til síns máls að skattakerfið yrði ekki eins skilvirkt ef um undan-

þágur yrði að ræða í einhverjum mæli. En sumar þjóðir hér í kringum okkur hafa komið sér upp undanþágukerfi og telja fært við það að búa. Þetta held ég að við þurfum allt saman að athuga ítarlega. Það þarf að vera tryggt að með þessari lagasetningu verði ekki þrengdir kostir þeirra sem minnst mega sín.

Ég legg áherslu á að við skoðum þetta frv. með opnum huga og beini því til meðnefndarmanna minna, einnig stjórnarandstæðinga. Það er mikil nauðsyn að breyta skattakerfinu. Söluskattskerfið er orðið ónýtt, þ.e. söluskatturinn kemur ekki nærri því allur til skila og ef við ætlum að búa áfram við þetta söluskattskerfi þá yrðum við að taka því verulegt tak. Tekjuskatturinn hefur verið gerður óvinsæll og það eru komnar nokkrar áberandi gloppur í það kerfi. Sumir, sem manni fyndist að ættu að greiða tekjuskatt, sleppa. Þrátt fyrir allt þá hefur tekjuskattskerfi tekjujöfnunaráhrif og tekjujöfnuður er það sem við þurfum á að halda.

Ég held að það sé mikilvægt að hafa skilvirkt og réttlátt skattakerfi þar sem beitt sé aðhaldi og eftirliti, og eftirliti þarf að vera hægt að koma við. En við lifum náttúrlega ekki á því að skattleggja hver annan og það eru takmörk fyrir því hvað skynsamlegt er að festa mikið vinnuafl í skatteftirliti. Í sjálfu sér skapast ekki verðmæti við það eitt að endurskoða skatt og fylgjast með framtölum. Vinnan við skattheimtu má heldur ekki vera óhóflega mikil.

Ég vænti þess að þetta frv. komi til með að verða til bóta og ég legg áherslu á það við nefndarmenn að við skoðum þetta með opnum huga og reynum að vinna vel og samviskusamlega í þessu máli.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil ræða hér lítillega þetta frv. til laga um virðisaukaskatt sem er nú til 1. umr. í deildinni.

Frv. felur í sér gjörbreytingu á skattheimtu á vegum ríkisins og kæmi til með, ef yrði að lögum, að hafa víðtæk áhrif í þjóðfélaginu. Söluskattskerfið sem nú er við lýði hefur þótt gallað að ýmsu leyti, m.a. talið um of auðvelt að svíkjast undan því og einnig að gæti uppsöfnunaráhrifa í því kerfi. Þó telst það afla ríkinu um 40% tekna sinna eða um 15,5 milljarða kr., en framteljendur í því kerfi eru um 10 þúsund. Starfsmenn sem sinna skattheimtu eða öðru starfi varðandi söluskatt eru nú 35.

Virðisaukaskattur er talinn leggjast jafnar á atvinnuvegina, einkum að minna gæti uppsöfnunar á útflutningsvörur sem þá eru taldar verða samkeppnishæfari á erlendum mörkuðum. Framteljendur í því kerfi verða um helmingi fleiri, eða 22 500 og eru ætlaðar tekjur af innheimtu þessa skatts um 17,75 milljarðar, auk sérstaks tekjuauka, sem er ætlaður til kominn vegna bættrar innheimtu og mun verða um 400 milljónir. Heildartekjur af þessum skatti munu því áætlaðar um 18,15 milljarðar. Þeim mismun sem verður á innheimtu söluskatts og virðisaukaskatts, um 2,65 milljörðum, er síðan ætlað að verja til hliðarráðstafana til að draga úr áhrifum virðisaukaskattsins, með hækkun barnabóta og lífeyrisbóta, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, afnámi tolla og vörugjalds af matvælum og aukinni niðurgreiðslu af búvöru.

Talið er að innheimta virðisaukaskatts sé skilvirkari en innheimta söluskatts. En sú innheimta skeður ekki af sjálfu sér því að jafnframt því að áætlað er að koma á virðisaukaskatti þarf að auka starfslið skatheimtunnar af þessu tilefni um helming, úr 35 í 70 starfsmenn. Menn telja að erfiðara muni reynast að svíkjast undan virðisaukaskatti en söluskatti, en engar sönnur eru fyrir því að svo verði. Virðisaukaskattur var fyrst áætlaður um 25% en skattprósentan var síðan lækkuð úr 25 í 24% eftir ábendingar bæði frá Þjóðhagsstofnun og fulltrúum atvinnulífsins. Stærri hluti virðisaukaskattsins er innheimtur beint af einkaneyslunni en hingað til hefur verið um söluskattinn. En um 85% neyslunnar eru skattlögð samkvæmt virðisaukaskatti miðað við 72% skattlagningu í núverandi söluskattskerfi.

Skattlagning aðfanga og atvinnuvegafjárfestingar hverfur hins vegar að mestu, þannig að um 3% af skattinum verða innheimt af aðföngum í stað 14% nú. Þetta er því fyrst og fremst skattur sem neytendur greiða, þ.e. einstaklingarnir og heimilin, en ekki atvinnuvegirnir eða fyrirtækin.

Stærsti gallinn við virðisaukaskattinn, að mínu mati, er sá að hann leggst á ýmsar neysluvörur almennings sem nú eru undanþegnar söluskatti, t.d. matvæli. Þetta mun koma sér afar illa fyrir margar fjölskyldur og einstaklinga í landinu, einkum og ekki síst þá sem nú eiga að lifa af 26 500 kr. á mánuði samkvæmt nýjustu kjarasamningum.

Meðal þeirra hliðarráðstafana sem nefndar hafa verið og framkvæma á fyrir það umframfé sem fæst með virðisaukaskatti er niðurgreiðsla búvara, a.m.k. fyrst í stað. Öll önnur matvæli en búvörur munu hækka um 14%. Meðaltalshækkun á matvælum, þegar tekið er tillit til niðurgreiðslu á búvörum, verður samt 10,5%. Það vekur sannarlega áhyggjur vegna þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem lægst laun hafa og þyngsta framfærslu. Talið er enn fremur að verðlag á annarri einkaneyslu lækki lítillega þannig að hækkun framfærsluvísitölu mun verða um 1,2% þegar á heildina er litið. Heildarframfærslubyrði er talin hækka um u.þ.b. 0,5% að meðaltali hjá fjölskyldum en ætlunin er að koma til móts við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta.

Hliðarráðstafanir sem ætlað er að fylgi þessu frv. eru að sjálfsögðu millifærslur á vegum ríkisins. Sama máli gegnir um breytingu yfir í virðisaukaskatt frá söluskatti. Hún er líka millifærsla á skattheimtu og skattbyrði á vegum ríkisins, þ.e. skattheimta er þyngd á einstaklinginn og t.d. einstæða foreldra.

Breyting frá söluskattskerfi yfir í virðisaukaskatt er sannarlega umfangsmikil aðgerð sem menn hafa skiptar skoðanir á, jafnt innan stjórnarflokkanna sem utan þeirra. Málið þarf því að fá verulega

ítarlega umfjöllun og góðan tíma. Margir telja að slíkt kerfi eigi ekkert erindi með svo lítilli þjóð sem okkar jafnvel þó að það nýtist vel meðal annarra stærri þjóða.

Kvennalistinn getur ekki stutt þetta frv. í núverandi mynd. Og við teljum reyndar að á því þurfi að gera svo gagngerar grundvallarbreytingar áður en við gætum samþykkt það að til þess vinnist vart tími á þessu þingi sem er álitið verða stutt og er þar að auki komið að þinglokum fyrir jólahlé. Við áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að gaumgæfa málið við nánari umfjöllun þess í nefnd, svo og allar breytingar sem fram kunna að koma. En við höfum miklar efasemdir um málið í núverandi búningi og þá einkum vegna þess sem ég hef áður talið, þ.e. um er að ræða aukinn skatt á láglaunafólk og einstaklinga. Þær hliðarráðstafanir, sem koma eiga til móts við aukna skattbyrði einstaklinganna og fjölskyldnanna og draga úr áhrifum skattsins, eru engan veginn tryggðar, né heldur er fyllilega ljóst að þær dragi nægilega úr áhrifum hans.

Ekki virðast þau rök sem lögð eru fram til réttlætingar virðisaukaskatti vera nægilega trygg eða veigamikil til að vega upp á móti þessum stóra galla. Það er t.d. ekki víst að þetta kerfi leiði til betri innheimtu þrátt fyrir það að frumvarpshöfundar telji kerfið hafa sjálfvirkt innheimtuöryggi. Og fjölgun skattheimtumanna um helming, úr 35 í 70, gæti fullt eins vel nýst til að endurskoða og endurbæta núverandi söluskattskerfi, fremur en að gera þessar grundvallarbreytingar sem hér eru áformaðar.

Kvennalistinn hefur eins og aðrir stjórnarandstöðuflokkar ekki haft tækifæri til að fylgjast með undirbúningi og gerð þessa umfangsmikla máls og hefur því haft lítinn tíma til að gera sér grein fyrir öllum áhrifum sem þessi viðamikla kerfisbreyting gæti haft. Ég vil átelja þessi vinnubrögð, og hefði verið lýðræðislegra og því réttlátara, ekki síður en skynsamlegra, að hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum í svo veigamiklu máli. Við munum því taka okkur eðlilegan tíma til umhugsunar um þetta mál, enda getur stjórnin ekki ætlað sér að kasta höndum til jafnróttækra breytinga og þetta frv. boðar. Hún hlýtur að vilja einhug þm. ef til slíkra breytinga kæmi.

Ég vil endurtaka það að við álítum ekki að þetta frv. hafi neinn möguleika á því að komast í gegn á þessu þingi, heldur hljóti það að þurfa að bíða næsta þings vegna þess hve seint það kemur fram og hve mikils tíma það þarfnast til umfjöllunar áður en möguleiki væri á að samþykkja þessa róttæku breytingu.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki mikil þörf á því að víkja að þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram. Hún er ekki veigamikil eins og hún hefur verið rökstudd hér í umræðunni eða af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar. Ég tel þó rétt að víkja að einstökum atriðum.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því í upphafi ræðu sinnar að ég hefði tekið fram að þrír flokkar væru sammála því að taka upp virðisaukaskatt. Þar vísaði ég til þess að ríkisstjórnin er sammála um það, og stjórnarflokkarnir, að leggja þetta fram og að Alþfl. hefur nýlega gert um það ályktun. Ég hefði auðvitað átt að minnast á það að fyrrv. ríkisstjórn gerði einnig um þetta samþykktir en Alþb. átti aðild að þeirri stjórn. Ég tók það að vísu fram í upphafsræðu fyrir þessu máli að fjmrh. fyrri ríkisstjórnar hefði hafið það verk sem hér er lagt fram og hefur verið unnið að síðan og auðvitað tekið heilmiklum breytingum á þeim tíma. En óneitanlega er það staðreynd sem fyrir liggur að það var hv. þm. Ragnar Arnalds sem á sínum tíma sem fjmrh. hóf þetta starf.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens segir svo, með leyfi forseta:

„Athugað verði að breyta söluskatti í skatt með virðisaukasniði innan tveggja ára."

Nú er ég ekki í færum um að dæma nákvæmlega um það hvað átt er við þegar þannig er tekið til orða að tala um „skatt með virðisaukasniði". Það má sjálfsagt teygja það svolítið og toga og ég ætla ekki að fullyrða um það hver hafi verið hugur þeirra sem þann texta sömdu. Hitt er ljóst að fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar, hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, túlkaði þetta á þann veg að hann fól sérstakri nefnd að semja frv. um virðisaukaskatt og það er upphaf þess máls sem við erum nú að ræða í dag. Á þeim tíma þótti málið vera svo brýnt, að hverfa frá söluskatti og taka upp nýtt kerfi, virðisaukaskatt eða skatt með virðisaukasniði, að talið var nauðsynlegt að gera það innan tveggja ára þegar sú ríkisstjórn var mynduð árið 1980.

Það er nauðsynlegt að hv. 3. þm. Reykv. hafi þetta í huga í umfjöllun sinni um þetta mál og minnist þess. Hann ræddi um nauðsyn samstöðu og samvinnu um málið og því fremur sem Alþb. átti þannig svo drjúgan þátt að upphafi málsins eins og hér hefur verið rakið, þá er eðlilegt að ætla sem svo að þeir Alþýðubandalagsmenn séu í alvöru tilbúnir til slíks samstarfs. Ég er fyrir mitt leyti mjög fús til þess að í þeirri nefnd sem um málið fjallar sé haft fullt samstarf og samráð við stjórnarandstöðuna. Auðvitað eru fjölmörg atriði í frv. sem þessu sem ræða þarf og vega og meta á hvern veg á að haga. Hliðarráðstafanirnar eru svo auk þess sérstakur þáttur sem við höfum lýst yfir að við viljum gjarnan ræða við aðra aðila, þar á meðal stjórnarandstöðuna, í því skyni að ná sem víðtækastri samstöðu.

Hv. 3. þm. Reykv. vék einnig að verðlagsniðurstöðum frv. Hann hélt því fram að með þessu frv. hækkaði allt verðlag um 24% þar sem ekki er söluskattur í dag og benti á að hliðarráðstafanirnar eru ekki hluti af frv. sjálfu. Auðvitað er það svo að hliðarráðstafanir, sem snerta aðra löggjöf eða stjórnvaldsákvarðanir, geta ekki og eiga ekki að vera hluti af frv. sjálfu. En við vildum tryggja með frv. að það væri til fjármagn til þessara hluta og að það kæmi fram með hvaða hætti unnt væri að tryggja

það að þessi kerfisbreyting mundi ekki leiða til þess að framfærslukostnaður heimilanna hækkaði óeðlilega mikið.

Niðurstaðan af öllu þessu er sú, sem fram kemur í athugasemdum með frv., að með þessum hliðarráðstöfunum og því fjármagni sem þannig er tryggt er unnt að haga málum á þann veg að þegar tekið hefur verið tillit til niðurgreiðslna, tollalækkana og aukningar á barnabótum, þá er fjögurra manna fjölskylda, hjón með tvö börn, heldur betur sett en í núverandi kerfi. Auðvitað kemur þetta svolítið misjafnlega niður en þetta er eigi að síður staðreynd þegar horft er á málið í heild. Það verður þess vegna ekki sagt að þessi kerfisbreyting sé gegn láglaunafólkinu í landinu. Það er þvert á móti verið með ákveðnum hætti að tryggja það að þessi venjulega fjölskylda standi í svipuðum sporum og jafnvel heldur betur en nú.

Hv. þm. vék einnig að því að að hans mati væri þörf á jafnmiklu eftirliti, skatteftirliti eftir að þessi skattur væri upp tekinn eins og í söluskattskerfinu. Ég geri ráð fyrir því að þm. séu um það sammála að það sé nauðsynlegt að halda uppi virku skatteftirliti þó að kerfisbreyting sé gerð. Hins vegar er það samdóma álit flestra að með þessu nýja skattkerfi sé það auðveldara og hægara um vik og að það kerfi sé öruggara. Í athugasemdum með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Öryggi virðisaukaskattsins ætti hins vegar að verða meira en söluskattsins, þegar af þeirri ástæðu að margvíslegri óvissu er eytt varðandi skattskyldumörkin og heilsteypt og rökrétt skattkerfi kemur í stað úr sér gengins kerfis. Undandráttur ætti einnig að minnka þar eð aðili, sem dregur veltu undan virðisaukaskatti, kemst ekki hjá því að greiða sjálfur skatt af aðföngum sínum."

Þannig hygg ég að umfjöllun hv. þm. um þetta atriði hafi ekki við rök að styðjast.

Hv. þm. vék einnig að því að skriffinnska mundi aukast og slík aukning yrði að hafa tilgang í sjálfu sér. Hér hefur verið á það bent að skattskýrslum vegna þessara breytinga þarf ekki að fjölga þó innheimtuaðilum fjölgi vegna þess að uppgjörstímabilum er fækkað og á það hefur verið bent að skattskýrslurnar sjálfar verði einfaldari í sniðum. Eigi að síður fylgir þessu í ýmsum efnum meiri skriffinnska, hjá því verður ekki komist, en að sama skapi má spyrja: Geta menn hugsað sér það að lifa við núverandi söluskattskerfi óbreytt? Og ef þeir vilja breyta því, sjá þeir að það sé unnt að gera án þess að það hafi áhrif á skriffinnsku eða starfsmannahald við innheimtu skattsins?

Hér hefur einnig verið bent á að einföldun skattakerfisins í heild sinni kann að leiða til þess að unnt verði að fækka starfsfólki á öðrum sviðum þannig að það er engan veginn víst að það þurfi alla þá 35 menn til viðbótar þegar á hólminn er komið og þegar við höfum tekið jafnframt upp nýtt og einfaldara tekjuskattskerfi.

Hv. þm. vék einnig að niðurgreiðslum til húshitunar og hvernig ætti að koma þeim fyrir. Ég hygg að það liggi í augum uppi að það er ákaflega einfalt mál. Það mundi fara til orkufyrirtækjanna sjálfra, það eru tiltölulega fáir aðilar, og kostnaðarhækkunin kæmi því aldrei fram á reikningum notenda.

Hann vék einnig að spurningunni um hvort unnt væri að taka upp þessi nýju skattkerfi samtímis, virðisaukaskatt og nýtt tekjuskattskerfi. Það verður verulegt álag á skattkerfið að innleiða þessar grundvallarbreytingar á sama tíma. Hjá því getur ekki farið. Ég hygg hins vegar að menn séu sammála um að bæði þessi kerfi séu úr sér gengin, það sé full þörf og tími kominn til að taka á þessu verkefni og það megi ekki dragast mikið lengur. Um það höfum við heyrt margar ræður á hinu háa Alþingi. Mín skoðun er sú að þó að þetta sé á marga lund erfitt eigi að vera hægt að ná þessu fram, en auðvitað fer það að einhverju leyti eftir því hversu Alþingi vinnst við meðferð og úrvinnslu málsins hér. En að mínu mati er þetta unnt.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi ekki vera á valdi þessa þings að ná um þetta samstöðu. Það er býsna skrýtin fullyrðing. Hvers vegna ætti þetta þing ekki að geta náð samstöðu um skattamál, um breytingu á óbeina skattkerfinu og beinu skattheimtunni í landinu? Er það allt í einu orðin afstaða Alþfl. að vilja tefja fyrir framgangi þessara mála? Hv. 3. þm. Reykv., sem yfirleitt er viðskotaillur, og flokkur hans fylgir þeirri stefnu að það eru sjaldnast miklar líkur á að unnt sé að ná víðtækri samstöðu með honum, hefur þó lýst því yfir við þessa umræðu að það sé eðlilegt að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um málið. Ég skildi hans orð á þann veg að hans flokkur væri tilbúinn að leggja eitthvað af mörkum í því efni og fagna því út af fyrir sig. Það kemur mér þess vegna mjög á óvart þegar formaður Alþfl. lýsir því yfir að það sé enginn tími til þess og þetta þing sé ekki í neinum færum til þess að leita eftir því að samstaða náist um þessi mál. Hlýtur þar eitthvað annað að búa að baki en heill hugur varðandi það nauðsynjaverk að koma fram eðlilegum breytingum og nauðsynlegum.

Hv. 5. þm. Reykv. tók einnig fram að Alþfl. styddi ekki þetta frv. Öll afstaða Alþfl. í skattamálum er orðin hin kynlegasta og ekki síst að því er varðar óbeinu skattana. Framan af þessu kjörtímabili var það megintillaga flokksins að það ætti að byggja upp söluskattskerfið, afnema allar undanþágur, byggja það kerfi upp á þann veg á nýjan leik. Þetta var eitt höfuðmál Alþfl. og ekki svo lítill gauragangur gerður í öllum þeim málflutningi. Á flokksþingi Alþfl. núna í haust var snúið við blaðinu í þessu efni og ályktað um að það væri rétt að taka upp virðisaukaskatt. Með leyfi forseta segir svo í ályktun flokksþings Alþfl. um skattamál:

„Viðurkennt er af öllum að verulega vanti á að söluskattur skili sér, bæði vegna þess að undanþágur eru margar og algengt er að söluskatti sé hreinlega sleppt í viðskiptum manna á milli. Flokksþingið ályktar því að taka beri upp virðisaukaskatt. Tryggt

verði að skatturinn verði ekki til þess að hækka framfærslukostnað heimilanna."

Hér er um að ræða mjög ótvíræða ályktun. Flokksþing Alþfl. ályktar að taka upp virðisaukaskatt. Með mjög afdráttarlausum hætti er horfið frá hinni fyrri stefnu. Nú eru ekki liðnar margar vikur frá því að þessi ályktun var gerð og þá kemur formaður Alþfl. upp í ræðustól á hinu háa Alþingi og heldur því fram að nú sé kannske komið svo að það sé eftir allt saman miklu betra að gera breytingar á söluskattskerfinu og hætta að ræða um virðisaukaskatt. Þannig virðist flokkurinn hlaupa frá einni stefnu til annarrar. Í fyrra var það breyting á söluskatti, í haust var það virðisaukaskattur, í desember er það aftur breyting á söluskattskerfinu. Hver verður stefna Alþfl. í janúar, hver verður hún í febrúar þegar flokkurinn hleypur svona fram og til baka? Það er furðulegt hvernig þessum málflutningi er hagað.

Hv. 5. þm. Reykv. vék einnig að því að skattprósentan væri að mati Alþfl. of há og Alþfl. væri hugsanlega tilbúinn að samþykkja virðisaukaskatt ef skattprósentan væri miklu lægri. Þá er rétt að lýsa eftir því hvernig á að lækka skattprósentuna. Virðisaukaskattskerfið felur sjálfkrafa í sér að tvísköttun eða uppsöfnun söluskattsins er hætt í kerfinu sjálfu. Það þarf ekki útgreiðslur eða endurgreiðslur. Þegar af þeirri ástæðu skilar hver prósenta ekki því sama og söluskattsprósentan vegna þess að tvísköttun er hætt. Það verður að taka tillit til þessa.

Hann vék einnig að því að þetta væri hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi. Nú er það auðvitað rangt. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að við erum með tiltölulega lægri tekjuskatt en flestar aðrar þjóðir og þess vegna ekki óeðlilegt að óbeinu skattarnir séu svipaðir eða kannske lítið eitt hærri en hjá öðrum þjóðum. Í Svíþjóð er virðisaukaskatturinn 23,46%, í Danmörku 22%, á Ítalíu til að mynda er hæsta hlutfall 38% og í ýmsum löndum er mismunandi skatthlutfall. Á Írlandi er almenna hlutfallið 25%, en einnig eru lægri hlutföll á ákveðnum sviðum. Þannig fær þessi fullyrðing auðvitað ekki staðist.

Ef Alþfl. hefur enn einu sinni skipt um skoðun í þessu efni og vill ræða breytingar á söluskattskerfinu með því að afnema allar undanþágur og lækka skatthlutfallið, hvernig á þá að mæta vanda atvinnuveganna? Nú vitum við að þessar skattundanþágur hafa ekki verið gerðar algerlega út í bláinn. Þær hafa verið gerðar í flestum tilvikum til að reyna að lagfæra það óréttlæti og þá mismunun sem felst í söluskattskerfinu. Hvað á að gera varðandi vörur sem seldar eru úr landi, útflutningsframleiðsluna? Er í hugmyndum formanns Alþfl. gert ráð fyrir að leggja söluskatt þar á? Á að gera það gagnvart útflutningsframleiðslunni eða á að undanþiggja hana áfram? Og ef á að undanþiggja hana áfram, hvernig kemur það við tekjuöflunarhugmyndirnar? Það má þylja upp langa lista um undanþágur. T.d. veiðarfæri. Ætlar formaður Alþfl. að leggja söluskatt á veiðarfæri, á áburð og grasfræ, á eldsneyti fyrir loftför og svartolíu og gasolíu á fiskvinnsluvélar? Ætlar formaður Alþfl. að leggja söluskatt á fiskvinnsluvélar? Það væri fróðlegt að fá þeirri spurningu svarað þegar hann ræðir um hugmyndir sínar um uppstokkun á núverandi söluskattskerfi. Hverju svarar hv. þm. því? Ætlar hann að leggja söluskatt á sjálfvirkar gagnavinnsluvélar? Á að taka þá skattheimtu upp? Vélar og tæki til fiskeldis og fiskræktar. Hvaða hugmyndir hefur formaður Alþfl. um söluskattsálagningu á þessi tæki eða vill hann taka til baka það hagræði sem ákveðið hefur verið að veita þessari atvinnugrein? Þannig mætti auðvitað lengi telja.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þeir sem eru að tala um að byggja upp söluskattskerfið svari þessu. Hvernig ætla þeir að mæta vanda atvinnuveganna sem hafa fengið undanþágur af þessu tagi? Eða ætla þeir að innleiða hér enn meira ranglæti í skattheimtu með því að leggja söluskatt á alla þessa aðila sem við höfum verið að aðstoða til að styrkja atvinnulífið? Þessu verða talsmenn þessarar kerfisbreytingar að svara.

Svo skýtur það svolítið skökku við þegar hv. 5. þm. Reykv. segir að það sé eitt aðalgagnrýnisefnið á virðisaukaskattsfrv. að það leggist virðisaukaskattur á ýmislegt sem núna er undanþegið í söluskattskerfinu, eins og til að mynda hótelrekstur. Þetta færir hv. þm. fram sem eitt aðalgagnrýnisefnið. Í sömu mund er hann að tala um að það sé æskiegt að taka upp og byggja upp gamla söluskattskerfið og afnema allar undanþágur. Hvað meinar hv. þm. með þessu? Hvernig er hægt að koma öllum þessum málflutningi heim og saman? Það er nauðsynlegt að fá á þessu glöggar skýringar. Það eiga að gilda önnur lögmál þegar verið er að tala um söluskattskerfi. Þá á að afnema allar undanþágur. En því er engu svarað, ekki með einu orði, hvernig á að mæta aðstöðu atvinnuveganna. Þegar aftur er farið að ræða um virðisaukaskattinn er talað um að það þurfi að koma á undanþágum fyrir þær atvinnugreinar sem núna eru undanþegnar söluskatti. Allur þessi málflutningur er býsna kyndugur en í samræmi við annað sem frá hv. þm. kemur í umræðum á hinu háa Alþingi og kemur að því leyti ekki á óvart.

Ég hygg að það þurfi ekki við þessa umræðu að víkja að fleiri atriðum sem fram hafa komið hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar, en ég ítreka að stjórnarflokkarnir eru vissulega fúsir til að eiga samstarf við stjórnarandstöðuna og samráð við afgreiðslu og umfjöllun þessa frv. Í flóknu máli sem þessu þarf vafalaust að ýmsu að hyggja og það er eðlilegt að freista þess, gera það sem unnt er til að ná sem víðtækastri samstöðu. Ég tek undir þau sjónarmið að það er æskilegt, þegar um er að ræða tekjuöflunarkerfi ríkisins, að um það náist breið samstaða. Því meira traust er á kerfinu og því meiri líkur eru á því að það haldi.

Það var vitnað til þess sem gerðist í Danmörku í þeim efnum. Þeir hafa virðisaukaskatt. Það er hluti

af þeirra samstöðu að þeir eru ánægðir með virðisaukaskattinn og þeir hafa verið að gera breytingar sem taka gildi um næstu áramót á tekjuskattskerfinu sem að sumu leyti ganga í svipaða átt og við erum að undirbúa hér. Fyrir þessu hefur ríkisstjórn borgaraflokkanna beitt sér og það er fagnaðarefni að einmitt hinir sósíalísku flokkar á Alþingi Íslendinga skuli taka heils hugar undir þessa stefnumörkun. Í Danmörku, af því að þangað var vitnað, tóku sósíaldemókratar þátt í þessu samstarfi.

Ég ítreka það enn að ég er fús til að láta á það reyna hvort um þessi mál geti tekist samstarf og að taka þá eðlilegt tillit til sjónarmiða annarra í því efni. En mér þykir ótækt ef menn ætla að hefja þann málflutning að nú verði að skjóta öllu á frest, það liggi nú ekki meira á en svo að bæta tekjuöflunarkerfi ríkisins, og berja í þá bresti að það sé sjálfsagt að fresta því um eitt ár enn. Mér finnst að menn eigi í fullri alvöru að takast á við þetta verkefni og takast á við það á þessu þingi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst byrja á að svara því sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að hann væri eiginlega kominn með þetta frv. í þingið af því að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens stóð „athuga skal hvort tekinn verður upp skattur með virðisaukasniði í stað söluskatts innan tveggja ára." Í rauninni var ekki hægt að skilja fjmrh. öðruvísi en þannig að hann hafi eiginlega ekki mátt við bindast, hann hafi neyðst til að hlíta þessu kalli örlaganna sem fólst í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Ég veit að vísu að formaður Sjálfstfl. metur þá ríkisstjórn mikils og þá sem sátu þar fyrir hönd Sjálfstfl., en staðreyndin er sú að það hefur legið fyrir mjög lengi að það hefur verið áhugi á því, t.d. í iðnaðinum svo að ég nefni dæmi, að tekinn yrði upp virðisaukaskattur. Það er óhjákvæmilegt fyrir mér liggur við að segja hvaða ríkisstjórn sem er og hvaða fjmrh. sem er að skoða mjög rækilega hvort það er vit í því að taka upp virðisaukaskatt. Þegar menn ákveða slíkt þarf það hins vegar ekki að þýða að menn komist endilega að þeirri niðurstöðu að það eigi að leggja á virðisaukaskatt. Það er útúrsnúningur. Niðurstaða okkar varð sú að það væri ekki rétt að leggja á virðisaukaskatt miðað við þá athugun sem við höfðum gert.

Ég endurtek hins vegar, ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir umræðunni, að þetta mál á að skoða mjög rækilega. En ég ætlast ekki til þess að hæstv. fjmrh. né samstarfsmenn hans noti þessa setningu mína til útúrsnúnings með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. hefur hér gert og er raunar býsna algengt að hann geri í sínum málflutningi, rétt eins og hann sé á kappræðufundi í hinum gamla stíl sem við þekkjum báðir frá hinum fyrri árum. Málið er ekki svo. Auðvitað hlutum við á sínum tíma að athuga þetta mál. Niðurstaða okkar varð sú að það ætti að láta þetta liggja. Við fluttum aldrei frv. um að taka upp virðisaukaskatt. En strax og ný ríkisstjórn kom vorið 1983 féllst Framsfl. á það ásamt Sjálfstfl. að það yrði lagt fram frv. til sýnis um virðisaukaskatt. Það var hér til meðferðar, en var síðan sent til ríkisstjórnarinnar aftur. Ég er þeirrar skoðunar að miðað við þær forsendur sem ég hef hér rakið í dag og annað sem fram hefur komið hér, m.a. í fróðlegri ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem leggst gegn frv. í núverandi mynd, væri eðlilegt að vísa þessu máli enn þá einu sinni til ríkisstjórnarinnar og að ríkisstjórnin, hver sem hún er, fái þetta mál til meðferðar sem hluta af heildarskattamálum ríkisins, heildartekjuöflunarkerfi ríkisins eins og ég ræddi um áðan.

Hæstv. fjmrh. segist vera sammála því að það eigi að hafa sem víðtækasta samstöðu, breiða samstöðu. Ég tek ekkert mark á orðum hans í þessum efnum vegna þess að athafnirnar sýna allt annað. Hann hefur engan áhuga á samstöðu um hlutina. Hann hefur aldrei sýnt í starfi sínu sem fjmrh. að hann hafi minnsta áhuga á samstöðu með stjórnarandstöðunni um eitt eða neitt. Þó að það hafi legið fyrir að stjórnarandstaðan væri tilbúin til að taka þátt í athugun mála hefur hæstv. núv. fjmrh. skellt skollaeyrum við því ævinlega. Það er ekki hægt að tala um slíkt samstarf eftir að frv. er komið inn í þingið. Þá fer það sína leið inn í fjh.- og viðskn. og fær þar venjulega þinglega athugun. Þar er í raun og veru ekki um neitt annað að ræða en að stjórnarandstöðuflokkunum er stillt upp við vegg. Þeir hafa engin tök á að hafa áhrif á málið. Þess vegna er alveg ljóst að yfirlýsingar fjmrh. um vilja til breiðrar samstöðu eru hrein markleysa.

Ég benti á í ræðu minni fyrr í dag að nú lægju fyrir ítarlegar hugmyndir um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, bæði útsvar, fasteignagjöld og aðstöðugjöld. Það lægju fyrir hugmyndir frá aðilum vinnumarkaðarins um gerbreytingu á skattakerfinu. Það lægju fyrir í fjmrn. tillögur um breytingu á tollakerfinu. Hér lægju fyrir tillögur um virðisaukaskatt. Ég tel að það væri eðlilegt að allar þessar hugmyndir væru skoðaðar í samhengi. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að það er ekki mögulegt fyrir núverandi ríkisstjórn, sem er svo að segja dauð, að taka á þessum málum. Hún hefur engan möguleika til þess. Hún er svo að segja farin frá, svo er stjórnarskránni fyrir að þakka, þannig að hún er svo fullkomlega óburðug í þessum efnum sem frekast getur verið. Hins vegar endurtek ég það, sem ég sagði hér í dag, að ég væri tilbúinn til þess alla vega fyrir hönd míns flokks að taka þátt í því að hér yrði til einhvers konar nefnd á Alþingi með fulltrúum frá öllum flokkum til að fara yfir þessi mál núna og undirbúa að það fari fram allsherjarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins því að hver sú stjórn sem mynduð verður að afloknum kosningum verður að halda allt öðruvísi á þessum málum en núverandi stjórn. Hún verður að reyna að stuðla að sem víðtækustu samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu um tekjuöflunarkerfi ríkisins. Tekjuöflunarkerfi ríkisins er hornsteinn félagslegrar þjónustu og samneyslu í landinu og það

á að vera starfsskylda hvers einasta fjmrh. að halda þannig á málum að sem víðtækust samstaða geti náðst.

Hæstv. fjmrh. talaði um að það væri nauðsynlegt að flýta afgreiðslu á þessu máli og það yrði endilega að verða að lögum á þessu þingi. Ja, mikil lifandis ósköp liggur þessum mönnum allt í einu á, 10. des. 1986, talandi fyrir ríkisstjórn sem var mynduð hérna vorið 1983! Allt í einu vakna þeir upp við vondan draum rétt fyrir kosningar og finna út að þeir verði endilega að breyta þessu kerfi, þeir verði að taka á þessum málum vegna þess að þeir hafa ekkert gert, ekkert aðhafst þennan tíma, hafa ekki sýnt nokkurn minnsta lit á því að Sjálfstfl. vildi breyta því gallaða skattakerfi sem við búum við. Þess vegna eru kröfur fjmrh. um að stjórnarandstaðan afgreiði á handahlaupum þessi mál næstu daga eða vikur, með leyfi hæstv. forseta, það sem heitir á íslensku frekja. Það er ekki hægt að setja mál fram með þessum hætti. Það skulu, herra forseti, vera mín lokaorð í þessari umræðu að sinni.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hugmyndir þær sem hæstv. fjmrh. gerir sér um samstarf og samráð eru vægast sagt heldur kyndugar. Kannske birtast þær mönnum í hvað dæmigerðustu ljósi þessa dagana í tengslum við svokallað Borgarspítalamál. Þar er einnig mikið talað um nauðsyn á samstarfi og samráði þrátt fyrir að það mál beri að með þeim hætti að eitthvað á annað þúsund manns, sem starfa við þessa merkilegu stofnun, frétta í fjölmiðlum eða úti í bæ að til standi eða jafnvel að við liggi að það sé búið að skrifa undir samning um að selja stofnunina með manni og mús eins og það er kallað.

Ef við lítum á samstarfsviljann í þessu máli skal þess getið að við áttum von á því að þetta mál kæmi til umræðu í byrjun vikunnar. S.l. föstudag, þegar þingflokkur Alþfl. hafði enn ekki séð þetta frv., gerði ég ráðstafanir til að útvega þingflokknum það úr fjmrn. Sú viðleitni bar því miður ekki árangur þannig að við sáum frv. fyrst í þeirri mynd sem það hér liggur fyrir í byrjun vikunnar. Fyrir hendingu óskaði hæstv. fjmrh. sjálfur eftir því að umræðu yrði frestað. Þetta segir allt sem segja þarf um samstarfsvilja og samstarfsóskir.

Að nefna síðan í sömu andránni þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í danska þinginu af hálfu ríkisstjórnar þar við stjórnarandstöðu varðandi vandaða viðleitni til endurskoðunar á skattakerfi er náttúrlega að bera saman tvennt sem er eins og svart og hvítt. Hér hefur ekki verið uppi neinn samstarfsvilji eða samstarfstilburðir af neinu tagi. Málið er einfaldlega lagt hér fyrir og menn taka afstöðu til þess á þeim grundvelli.

Hæstv. fjmrh. spurði: Er nú Alþfl. allt í einu farinn að óska eftir því að endurskoðun skattakerfisins verði tafin? Heyr á endemi! Það er á engan hallað þótt það sé rifjað upp að enginn annar þingflokkur hefur jafnrækilega, jafnoft og jafnsamfellt gagnrýnt gildandi skattakerfi á hinu háa Alþingi. Nægir að vitna í tillöguflutning margvíslegan um það, allt frá tillögum um rannsókn og úttekt á umfangi skattsvika, frumkvæði að því kom frá þessum þingflokki, margvíslegar tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum og tillögugerð að öðru leyti um afnám tekjuskatts á almennar launatekjur og tillögur og hugmyndir, reyndar er ofmælt að segja tillögur í formi þskj. um endurskoðun söluskattskerfis, en málflutning í ræðu og riti á Alþingi og á þskj. um það.

Það endurspeglar því ekki vilja til tafa þó að því sé lýst yfir að þingflokkur Alþfl. geti ekki fallist á það frv. sem hér liggur fyrir. Ég komst að orði eitthvað á þá leið að ef við ættum að geta veitt því atfylgi að okkar leyti fæli það í sér að það þyrfti að semja frv. upp á nýtt því að það yrði að gera á því svo veigamiklar og róttækar breytingar. Það kann að vera álitamál hvort það er gerlegt og hvort um það getur náðst samkomulag. Ef hæstv. fjmrh. er að segja að hann vilji það til vinna að samkomulag geti tekist milli þingflokka í þessu máli að frv. verði tekið og limað sundur lið fyrir lið og nýtt samið má vel vera að það takist jafnvel á þessu stutta þingi, því sem lifir af því, að koma þessu máli á lögbækur. Miðað við allar aðstæður, miðað við forsögu málsins og miðað við vinnubrögð tel ég það hins vegar harla ólíklegt. Ég verð að játa að mér finnst það raunar harla ólíklegt miðað við málflutning hæstv. ráðh. eins og hann birtist í svörum hans áðan. Ég tók skilmerkilega fram hvers vegna það væri að við þm. Alþfl. erum ósáttir við þetta frv. og getum ekki stutt það og hefði þess vegna vænst þess í ljósi ummæla um samstarfsvilja að hæstv. fjmrh. viki að því og ræddi það málefnalega. Okkar röksemdir voru þessar:

1. Álagningarprósentan er allt of há.
2. Við höfum rökstudda ástæðu til að ætla að afnám undanþága, víkkað skattskyldusvið, hert innheimta og aukið eftirlit muni skila ríkissjóði verulegum tekjuauka umfram það sem áætlað er í þessu frv. og það þýði þar með að þess sé kostur að lækka álagningarprósentuna verulega.
3. Við nefndum að miðað við þessa háu álagningarprósentu verði áhrif frv. til verðhækkunar, þar á meðal áhrif á kjarasamninga, óeðlilega mikil.
4. Við vildum fá nánari úttekt á áhrifum þessa frv. eða þeirrar lagasetningar sem af því leiddi á einstakar atvinnugreinar.
5. Við nefndum að það væru fyrir því málefnaleg rök að endurskoða hvort tveggja í senn, tekjuskattslög og löggjöf um óbeina skatta eða neysluskatta, og það væri nánast ógjörningur að afgreiða annað málið eitt út af fyrir sig án þess að fyrir lægi nákvæmlega hvað menn ætluðu að gera í hinu. Þetta segir sig nánast sjálft vegna þess að ef fyrir liggur að menn ætla að framkvæma gerbreytingu á tekjuskattskerfinu, sem fæli í sér verulega hækkun á skattfrelsismörkum, verulega grisjun á frádráttarliðum og upptöku staðgreiðslukerfis, mætti meta það

mál út af fyrir sig sem lið í tekjujafnandi aðgerðum til móts við verðhækkunaráhrif sem hlytust af nýju kerfi óbeinna skatta.

Loks nefndum við að þær hliðarráðstafanir, sem hér eru boðaðar og eru m.a. nauðsynlegar vegna þess hversu fyrirhuguð álagningarprósenta er há, væru af því tagi að við gætum með engu móti stutt þær.

Í stað þess að fjalla um þetta á málefnalegum grundvelli eða gefa til kynna afstöðu sína til einstakra atriða svaraði hæstv. fjmrh. aðallega með útúrsnúningi. Útúrsnúningurinn var einkum sá að segja: Flokksþing Alþfl. hefur samþykkt stuðning við virðisaukaskatt. Það út af fyrir sig er rétt. Hins vegar var það engan veginn skilyrðislaust og jafngildir engan veginn stuðningi við þetta virðisaukaskattsfrumvarp vegna þess að sú ályktun sem hæstv. fjmrh. vitnaði til, sem er útdráttur úr miklu lengra skjali, endurspeglar það ekki réttilega. Þar að auki kom það hvergi fram í mínu máli að við höfnuðum virðisaukaskatti sem slíkum. Því fer fjarri. Ég tek fúslega undir það að frá fræðilegu sjónarmiði hefur virðisaukaskattur kosti umfram það söluskattskerfi sem við búum við og um það þarf ekkert að deila. Þess vegna hefur það frá upphafi komið til greina að endurskoðun söluskattskerfis af okkar hálfu yrði í formi virðisaukaskatts. En það getur ekki orðið í formi þess frv. sem hér liggur fyrir, eins og ég er búinn að tíunda og telja upp lið fyrir lið. Við höfum sagt: Við erum tilbúin til viðræðna við aðra flokka um að koma á virðisaukaskatti, en það er bundið ákveðnum skilyrðum. Ég er þegar búinn að telja upp hver þau helstu eru. Þetta frv. fullnægir ekki þeim skilyrðum. Meðan svo er erum við andvígir frv. þó við höldum því að sjálfsögðu opnu að ef eitthvert hald reynist í almennum orðum talsmanna ríkisstjórnarinnar um að þeir séu reiðubúnir til samkomulags og samninga erum við fúsir til að láta á það reyna. En frv. í óbreyttri mynd samþykkjum við ekki.

Tilraunir hæstv. fjmrh. til að láta líta svo út sem Alþfl. hafi hringlað með sínar tillögur eru út í hött. Við stöndum frammi fyrir vali. Ef ekki getur náðst samstaða um virðisaukaskatt er þess að geta að menn eru orðnir sammála um að söluskattskerfið sé ótækt óbreytt, það hafi gengið sér til húðar. Það er prýðilega rökstutt í grg. frv. þó ég minnist þess reyndar að fyrir tveimur, þremur árum, þegar við höfum þá gagnrýni af fullum krafti á hinu háa Alþingi, urðu ákaflega fáir til þess að taka undir það og síst af öllu flokksbróðir hæstv. núv. fjmrh. og forveri hans á stóli fjmrh. Við stöndum frammi fyrir því vali að ef ekki tekst samkomulag um breytt form á þessu virðisaukaskattsfrv. hafa menn þann kost að endurskoða gildandi söluskattskerfi. Það kemur prýðilega fram, eins og ég sagði, hvað það er sem þarf að gera til þess að það verði á annað borð nothæft skattkerfi. Það er auðvitað fyrst og fremst í því fólgið að víkka skattskyldusviðið og afnema undanþágur í stórum stíl.

Hæstv. fjmrh. spurði: Hversu langt á að ganga í afnámi á undanþágum? Undanþágurnar styðjast við ákveðin rök. Það eru einhverjar ástæður fyrir því að þessar undanþágur hafa verið veittar. Þær eru að vísu mjög margvíslegar og margvísleg rök á bak við það, engan veginn öll þau sjónarmið að taka tillit til uppsöfnunaráhrifa og þar af leiðandi samkeppnisstöðu atvinnuvega. Þau eru af margvíslegu tagi, bæði lögbundin og ólögbundin. Margt af því eru bara geðþóttaákvarðanir og atkvæðakaupahugmyndir einstakra fjármálaráðherra á liðinni tíð. En það vill svo til að við höfum beint spurningum til fjmrn. um það mál og gáfum í því ákveðna forsendu um hvað við ættum við með afnámi á undanþágum. Í þeim spurningum var gert ráð fyrir að það yrði að öðru jöfnu undanþágulaust nema að því er varðaði endursöluvörur, hráefni og útflutningsvörur, og reyndar ríkisgeirinn sjálfur. Þetta voru þær undanþágur sem við gáfum þegar við beindum þeirri spurningu til fjmrn.: Hverju mundi slíkt söluskattskerfi skila í formi aukinna tekna til ríkissjóðs? Svörin voru af því tagi að tekjuaukinn af þessu gæti allt að því tvöfaldað tekjur ríkissjóðs, en það var ekki okkar hugmynd, til þess ber enga nauðsyn, heldur er þá spurningin þessi: Ef afnám undanþáganna leiðir til þessarar niðurstöðu er um leið hægt í þessu kerfi að lækka söluskattsprósentuna mjög verulega. Það er eitt af þeim markmiðum sem við viljum ná. Eins og mig minnir að ég hafi vitnað til í ræðu minni áðan var svar fjmrh. á þessa leið:

„Sé tekið mið af þeirri útvíkkun skattskyldusviðsins sem fram kom í svari mínu við fyrstu tveimur liðum fsp. lætur nærri að 12% söluskattur skili ríkissjóði sömu tekjum og núverandi skattkerfi."

Auðvitað liggur í augum uppi að það gæti ekki orðið niðurstaðan vegna þess að í óbreyttu söluskattskerfi er óhjákvæmilegt að taka tillit til samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega, útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina, og taka tillit til uppsöfnunaráhrifa, sem eru höfuðgalli í söluskattskerfinu, í formi endurgreiðslna þannig að nettó gæti niðurstaðan ekki orðið þessi þó að hún gæti engu að síður, að því er virðist, orðið mun lægri prósenta en hér er gert ráð fyrir sem er um leið rökstuðningur fyrir því að ég tel að fjmrn. vanmeti í grg. sinni fyrir virðisaukaskattinum þann tekjuauka sem ríkið getur gert sér vonir um í undanþágulitlu kerfi, hvort heldur er um að ræða virðisaukaskatt eða söluskatt.

Reyndar er ástæða til að geta þess að í þeim hugmyndum sem við reifuðum um undanþágulítið söluskattskerfi var það veigamikið atriði að söluskattur í mun lægri prósentu yrði lagður á allan innflutning við tollafgreiðslu. Í grg. með þessu frv. segir á bls. 40, með leyfi forseta:

„Hlutfall innfluttra vara í heildarneyslunni er mjög hátt hér á landi miðað við önnur nálæg lönd. Um árabil hefur allur innflutningur verið skráður og flokkaður í tölvum á einstaka innflytjendur, en þau gögn geta skattyfirvöld síðan notað til veltueftirlits. Hér er um mjög mikil eftirlitsgögn að ræða sem

munu ekki eiga sér hliðstæðu með öðrum þjóðum. Eftirlit með heildarveltu ætti m.a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi."

Þetta er eitt út af fyrir sig mjög veigamikill þáttur í því að reyna að koma í veg fyrir með árangursríkum hætti undandrátt og skattsvik í söluskatti. Að vísu yrði það í framkvæmd að byggjast á einhverjum heimildum um gjaldfrest í kerfinu. Niðurstaðan í þessu máli er því ósköp einfaldlega sú: Það er út af fyrir sig mjög æskilegt ef það gæti tekist að ná víðtæku samkomulagi um aðgengilegt form á virðisaukaskatti vegna þess að um það er ekki deilt að það skattform hefur ákveðna kosti. Eins og þetta mál er lagt fyrir virðist samkomulagsviljinn vera lítill á þessu stigi málsins og bilið milli sjónarmiða, a.m.k. mín annars vegar og okkar í þingflokki Alþfl. og stjórnarliða hins vegar, virðist vera býsna breitt. Ef ekki tekst slíkt samkomulag ber ríkisstjórninni hins vegar skylda til að gera breytingar á núverandi söluskattskerfi. Þær gat hún gert miklu fyrr vegna þess að það er tiltölulega fljótlegt ef hún vill standa við þá gagnrýni sem hér er sett fram og tíunduð lið fyrir lið á núverandi söluskattskerfi. Það er talið beinlínis ónýtt. Loksins liggur sú viðurkenning skjalfest fyrir. Henni hefði verið í lófa lagið að gera löngu brýnar breytingar á því kerfi, gera það a.m.k. virkt í stað þess að horfa aðgerðarlaust á það árum saman og tala sífellt um virðisaukaskatt. Við erum búin að sjá mörg virðisaukaskattsfrv. og margar skýrslur. Má það reyndar furðulegt heita að ekki skuli hafa gengið betur af hálfu hæstv. fjmrh. og ráðuneytis hans að koma því í það form sem trúlega gæti leitt til einhverrar samstöðu vegna þess að andstaðan byggist ekki á neinum fordómum gegn virðisaukaskatti, andstaðan byggist á alveg sérstökum afmörkuðum þáttum sem auðvelt er að færa rök fyrir.

Að lokum var spurt: Ef við værum að mæla með undanþágulausu söluskattskerfi, hvernig ætti þá að mæta vanda þeirra atvinnugreina sem áður voru undanþegnar söluskatti en hlytu að bera hann? Svarið við því er ósköp einfalt: Sá vandi er þeim mun minni sem söluskattsprósentan yrði lægri. Það er mikill munur á hvort við erum að tala um 12 eða 15% söluskatt eða 24% virðisaukaskatt. Vandinn er þeim mun minni sem söluskattsprósentan er lægri út af fyrir sig. Það er mjög þýðingarmikið atriði. En í annan stað er ekkert undan því að víkjast og hefur alltaf verið vitað að ef menn ætla á annað borð að halda sig við undanþágulaust söluskattskerfi eða undanþágulítið felur það í sér kvöð um endurgreiðslu til að koma í veg fyrir uppsöfnunaráhrif. Tekjuauka af slíku kerfi í lægri prósentu yrði að einhverju leyti að verja til þess. Að öðru leyti gildir það sama um það kerfi og virðisaukaskatt að einhverjum fjármunum verður að verja til tekjujafnandi aðgerða. En jafnvel um það atriði eins og önnur á það við að það er ekki sama með hvaða hætti það er gert. Það fer ekki saman að segja: Það er einn höfuðkostur virðisaukaskattsins að hann er hlutlaus að því er varðar áhrif skattsins á efnahagsstarfsemina, einstakar atvinnugreinar og fyrirtæki, en ætla síðan að beita hliðarráðstöfunum sem eru aðallega í því fólgnar að greiða niður hefðbundnar landbúnaðarafurðir og eyða þar með hlutleysisáhrifunum, ætla þannig að stýra neysluvali og hafa þar með áhrif á stöðu atvinnuvega. Þetta tvennt fer ekki saman. Þetta er í algjörri þversögn. Hitt er kannske ekki að undra að 1. þm. Suðurl., hæstv. fjmrh., skuli leggja fyrir þingið þau áform að ætla að auka skattheimtu í formi virðisaukaskatts og nota tækifærið við upptöku virðisaukaskatts til að auka tekjuöflun ríkisins um 2,5–3 milljarða og ætla að nota bróðurpartinn af þeirri upphæð til að greiða niður ket og smér. Ég leyfi mér hins vegar að vefengja að slík framsóknarmoðsuða eigi miklu fylgi að fagna í flokki hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég árétta að lokum að þingflokkur Alþfl. hefur ekki af neinum „prinsip"-ástæðum hafnað virðisaukaskattsforminu og það er staðreynd að við erum reiðubúnir að leita samkomulags við aðra þingflokka um það, en engu að síður er það staðreynd eftir athugun þessa máls í okkar þingflokki að í óbreyttu formi getum við ekki samþykkt það. Ef hins vegar kemur fram einhver vilji, hvort heldur er af hálfu stjórnarliða eða annarra þingflokka hér, að endurskoða þetta mál frá grunni og taka tillit til þeirrar gagnrýni sem við höfum fram fært, bæði að því er varðar veigamestu efnisatriði frv. sjálfs og hliðarráðstafanirnar, mun ekki standa á okkur að taka þátt í því starfi. En þá verður sá samstarfsvilji að birtast í verki og það mundi fela í sér, eins og ég sagði áðan, nánast að vísa á bug þessu frv. og semja nýtt í staðinn.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram af gefnu tilefni að drög að þessu frv. voru afhent fulltrúum stjórnarflokkanna áður en það var lagt fram á Alþingi. Það hefur nú legið frammi á þinginu í nokkurn tíma þannig að gefist hefur nægur tími til að skoða frv. og fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengu það áður en það var lagt fyrir þingið og það var þar skýrt út og rætt.

Ég man ekki betur en Alþfl. hafi á þinginu í fyrra lagt fram till. um breytingar á söluskattinum sem gerðu ráð fyrir tæplega þriggja milljarða króna aukningu á tekjum til ríkisins með breytingu á söluskattskerfinu. Hvernig í ósköpunum kemur það svo heim og saman að formaður Alþfl. kemur á þetta þing og segir: Nú þarf að stórlækka tekjur ríkisins af söluskatti eða virðisaukaskatti? Þessu þarf að svara.

Hv. þm. þarf líka að gera grein fyrir því ef hann vill virðisaukaskatt en segir: Ég get ekki samþykkt þetta frv. — Hvernig á frv. að vera að hans mati? Ef skatturinn á að vera lægri þarf hann að gera grein fyrir því hvernig á að gera það. Það er auðvelt að segja: Við skulum fara með skattinn niður í 21% og

hafa engar hliðarráðstafanir. Þá þarf hv. þm. að gera fólkinu í landinu grein fyrir því, heimilunum í landinu grein fyrir því að hann vilji ekki gera neinar hliðarráðstafanir til að jafna upp þá röskun sem verður af innleiðingu á nýju kerfi. Þá kemur það glöggt fram. Ef hv. þm. vill svo ganga lengra, þrátt fyrir tillögur sínar á þinginu í fyrra um að stórauka tekjur ríkisins af óbeinu skattheimtunni, og lækka þær núna, þá þarf hv. þm. líka að gera grein fyrir því hvernig á að fara með útgjöld ríkisins því það hlýtur að tengjast hugmyndum um lækkun útgjalda. Þá er rétt að það komi fram á hvaða sviðum það er.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Hæstv. fjmrh. vék að brtt. okkar Alþýðuflokksmanna við fjárlög á s.l. ári og vakti athygli á því að við fluttum till. um niðurfellingu á undanþágum í söluskatti sem hefðu leitt til verulegrar tekjuaukningar ríkisins, um rúmlega 2 milljarða. Hver var skýringin á því? Skýringin er fyrst og fremst þessi og hún kom ákaflega vel fram í svokallaðri skattsvikaskýrslu: Með varfærnu mati þeirrar nefndar sem þar lagði mat á skattundandrátt og skattsvik var því slegið föstu að undandráttur í söluskatti, sem er aðallega í skjóli undanþága, næmi hvorki meira né minna en a.m.k. 1,3 milljörðum kr. Við vorum m.ö.o. að gera till. við fjárlagagerð um að reyna að uppræta skattundandráttinn með því að fækka undanþágum. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Ef það er mat þeirra manna sem semja þetta frv. að útvíkkun skattskyldunnar og skattsviðsins og niðurfelling á undanþágum leiði ekki nema til 400 millj. kr. tekjuauka til ríkissjóðs, hvernig má það koma heim og saman við þær staðreyndir sem birtar hafa verið af opinberri hálfu um möguleika á tekjuaukningu með niðurfellingu á undanþágum og útvíkkuðu skattsviði?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

28. fundur, fimmtudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Kaup ríkisins á Borgarspítalanum, ein umr.

Fsp. SvG og GHelg, 222. mál. — Þskj. 237.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 237 hef ég borið fram fsp. um hugmyndir ríkisins um kaup á Borgarspítalanum. Fsp. var borin fram strax og spurðist að ætlunin væri að selja ríkinu Borgarspítalann. Eftir það hafa átt sér stað hörð átök um málið innan Sjálfstfl. Starfslið spítalans hefur mótmælt harðlega og haldnir hafa verið neyðarfundir hver á fætur öðrum í Sjálfstfl.

Ekki er ljóst hvernig málið verður afgreitt, stefnan liggur ekki fyrir, en hér er á ferðinni gömul stefna Framsfl. í Reykjavík sem Davíð Oddsson er að pína Sjálfstfl. til að framkvæma.

Ég er á móti sölu Borgarspítalans úr hendi Reykvíkinga af eftirfarandi ástæðum:

1. Reykjavík, höfuðborg landsins, á að hafa metnað til þess að reka sjálfstætt sjúkrahús.

2. Borgarspítalinn hefur haft góð áhrif á þróun Landspítalans á undanförnum áratugum. Það er nauðsynlegt fyrir heilbrigðisyfirvöld að geta metið heilbrigðisþjónustu í Reykjavík á tveimur myndarlegum sjúkrahúsum.

3. Því hefur verið haldið fram að Borgarspítalinn sé illa rekinn. Vafalaust má þar margt betur fara en hallinn á rekstri spítalans fyrstu 9 mánuði ársins nam 19,6% af rekstrarútgjöldum, en halli annarra daggjaldaspítala var að meðaltali um 19,4%. Borgarspítalinn er alls ekki lakar rekinn en aðrir spítalar. Hitt er ljóst að mjög hefur sigið á ógæfuhlið í þessu efni á undanförnum árum. Hallinn 1984 var 5%, 1985 16%, 1986 tæp 20%. Það er einnig ljóst að daggjaldakerfið hefur gengið sér til húðar.

4. Því er haldið fram að tekin hafi verið ákvörðun um að færa alla daggjaldaspítala á föst fjárlög. Það er rangt. Alþingi hefur valdið og því hefur ekki verið tekin ákvörðun um að flytja daggjaldaspítala yfir á föst fjárlög. Ég tel eðlilegast að fresta ákvörðun um fjármögnun spítalanna og að undirbúa kerfisbreytingu betur en gert hefur verið í tíð núv. hæstv. heilbrmrh.

5. Því er haldið fram að yfirtaka ríkisins á Borgarspítalanum sé forsenda fyrir betri nýtingu fjármuna heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er rangt. Heilbrmrh. hefur allt vald til þess að ákveða verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

6. Við Borgarspítalann hefur risið B-álma Borgarspítalans sem er byggð fyrir aldraða. Með sölu Borgarspítalans í hendur ríkisins er sú þjónusta í hættu og séu skiptar skoðanir um eignarhald sjúkrahúsanna almennt eru enn skiptari skoðanir um að ríkið reki öldrunar- og hjúkrunardeildir við sjúkrahúsin. Það hefur langoftast verið verkefni sveitarfélaganna að sinna þessum málum.

7. Í Borgarspítalanum er starfrækt slysadeild fyrir allt Reykjavíkursvæðið. Ég vil spyrja hæstv. heilbrmrh.: Telur hún rétt að ríkið reki slíka slysadeild?

8. Því er haldið fram að því hafi verið frestað í fyrra að flytja daggjaldaspítalana á föst fjárlög og þess vegna verði það að gerast í ár. Einnig það er rangt vegna þess að málið hefur verið illa undirbúið eða ekkert undirbúið í tíð hæstv. núv. heilbrmrh.

9. Bent er á að áður hafi sjúkrahús verið flutt á föst fjárlög. Það er rétt en það var þá gert með samkomulagi við forráðamenn spítalanna en ekki í stríði við þá eins og nú. Mín skoðun er því sú að Alþingi eigi að hafna því að flytja spítalana nú á þessu þingi á föst fjárlög. Í annan stað eigi að undirbúa kerfisbreytinguna betur og taka ákvarðan-

ir fyrir þarnæstu áramót.

Herra forseti. Sjálfstfl. hefur sagst vera valddreifingarflokkur. Mikið ræðir hann um sjálfstæði sveitarfélaganna. Niðurstaðan í verki er sú að Sjálfstfl. er miðstýringar- og valdaeinokunarflokkur. Það er hinn pólitíski kjarni þessa máls. Borgin hefur ekki óskað eftir því að selja Borgarspítalann. Það hefur hvergi verið samþykkt í stofnunum Reykjavíkurborgar. Davíð Oddsson borgarstjóri hefur ákveðið að selja Borgarspítalann en hann er ekki Reykjavík þó hann haldi það sjálfur.

Síðast en ekki síst er sala Borgarspítalans lakari kostur að mínu mati frá sjónarmiði heilbrigðisyfirvalda því á engan hátt er hægt að halda því fram að heilbrigðisþjónustan batni þegar ríkið kaupir Borgarspítalann og það eru þau rök, herra forseti, ein sem heilbrmrh. á að taka mark á. Svo virðist hins vegar sem tillitssemi ráðherrans við kröfur borgarstjórans um valdaeinokun sé meiri en umhyggjan fyrir heilbrigðisþjónustunni og það er slæmt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Spurningar hv. fyrirspyrjanda voru margar sérkennilegar og fullyrðingar fram settar sem alls ekki stóðust.

Hin fyrsta fullyrðing sem ekki stenst er sú að ekkert hafi verið undirbúið í tíð þessarar ríkisstjórnar að flytja sjúkrahúsin á svokölluð föst fjárlög. — Réttara væri að segja bein fjárlög því að við þekkjum það vel að ef forsendur fjárlaga standast ekki hjá stofnunum ríkisins, þá eru oft og einatt og oftar en ekki afgreiddar aukafjárveitingar til að bæta þann halla.

Í fyrra var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að sjúkrahúsin flyttust af daggjaldakerfi á föst fjárlög. Ég ákvað að beita mér fyrir því að þessu yrði breytt og veittur frestur í eitt ár til að undirbúa þetta mál. Þá fylgdi á eftir þeirri ákvörðun nefndarstarf sem hófst í janúarmánuði og var unnið að undirbúningi með fulltrúum þeirra aðila sem hlut áttu að máli. Þetta nefndarstarf stóð í marga mánuði og fengnir voru til viðtals forsvarsmenn hvers einasta sjúkrahúss sem hér átti hlut að máli. Það var farið ofan í fjármál, rekstur og skipulag hvers einasta sjúkrahúss sem hér átti hlut að máli með þess eigin forráðamönnum þannig að þetta mál hefur verið eins vandlega undirbúið og nokkur kostur var á.

Við stöndum andspænis þeirri staðreynd að á daggjaldasjúkrahúsunum er 16% halli að meðaltali. Á fjárlagasjúkrahúsunum, sem svo má nefna, er 4–6% halli. Það er eðlilegt og sjálfsagt að bæði þeir sem bera ábyrgð á fjármálum ríkisins eins og Alþingi gerir með fjmrh. í broddi fylkingar og fagráðherra, í þessu tilviki heilbrmrh., ásamt líka Alþingi að sjálfsögðu og enn þá fremur, leiði hugann að því hvort hér sé eitthvað hægt að bæta um í rekstrinum. Einfaldasti hluturinn er sá að haga aðferðum með þeim hætti að sjálft kerfið feli í sér hvatningu fyrir stofnanirnar sjálfar til þess að gera raunhæfar áætlanir og fylgja þeim svo vel sem verða má. Það felur fjárlagakerfið í sér. Og það á að vera hægt að ná nákvæmlega eins góðri þjónustu fyrir þá peninga eins og þá peninga sem eru afgreiddir með ákvörðunum daggjaldanefndar. Vitanlega er þetta ekki hlutur sem skiptir máli um afkomu sjúkrahúsa nema þá að allir hlutir ættu að vera greinilegri, bæði áætlanir og framkvæmd þeirra. Í þessu felst aðhald með því að skynsamlega sé rekið, svo að hin besta þjónusta fáist með sem hagkvæmustum hætti. Þetta er númer eitt og löngu ljóst og rækilega undirbúið fyrir fjárlagavinnuna nú í haust. Hafi komið í ljós að þar hafi einhverjar upplýsingar ekki komið fram eða einhverjar forsendur brostið í þeim áætlunum, sem þá voru gerðar, er það vitanlega skoðað núna á milli umræðna en þar mun ekki skakka nema mjög litlu.

Hv. þm. spyr hvort heilbrmrh. muni beita sér fyrir því að ríkið kaupi Borgarspítalann. Því er til að svara að það er ekki mín stefna að ríkið kaupi Borgarspítalann. Það liggur ósköp ljóst fyrir að það hefur komið fram ósk af hálfu borgarinnar að ríkið gangi til samninga um þetta efni og endurgreiði borginni þá fjármuni sem hún hefur lagt sjúkrahúsinu til umfram þau 15% sem lögskylt er skv. núgildandi reglum. Um þetta hafa þær viðræður snúist.

Ég get hins vegar skýrt frá því að ef hverfa á að þessu ráði tel ég að fyrir slíkri ráðabreytni þurfi að vera ein meginröksemd. Hún er sú að með slíkri breytingu gerist það að fyrirkomulag stjórnunar verði á þann veg að við teljum það hafa aukna hagræðingu í för með sér í þeim tilgangi að hin besta þjónusta náist fyrir fjármuni þar sem ekkert fer forgörðum. Þetta tel ég vera sjálfsagða ábyrgð gagnvart þeim almenningi sem leggur peningana sína í skatta m.a. til að reka stofnanir til að veita þjónustu.

Hér er um að ræða afar mikilvægt starf sem komið er til fyrir frumkvæði Reykjavíkurborgar, það starf sem fer fram á Borgarspítalanum, og það er engin ný saga að það þyki sjálfsögð hagkvæmnisrök og sjálfsögð fagleg rök í því að ná betra og nánara samstarfi milli þeirra stórspítala sem hér eiga hlut að máli, annars vegar innan ríkiskerfisins og hins vegar innan borgarkerfisins, enda hefur það á margan veg komist á.

Nú stendur svo á, eins og hv. þm. vita, að öll sveitarfélagasjúkrahús landsins eru fjármögnuð, rekstur þeirra, af ríkinu frá 90% og yfirleitt er það langt yfir 90%. Rekstur Borgarspítalans er fjármagnaður af borginni innan við 10%. Það er gamalt og nýtt baráttumál sjálfstæðismanna að fjármagnsábyrgð og rekstrarábyrgð fari saman svo sem verða má. Þess vegna hefur það verið mikil röksemd í máli borgarstjóra að það muni gerast með þeirri breytingu sem við hér ræðum um.

Á hinn bóginn er ljóst að það verður að mínu mati — og um það erum við sammála — að ganga til móts við þær röksemdir, sem mjög hafa komið fram og að vonum af hálfu starfsmanna Borgarspítalans, að í því kerfi sem við búum við lögum samkvæmt verði að

ganga svo frá málum að sjálfstæði Borgarspítalans sé tryggt. Ég held að það sé unnt. Ef af þessu verður mun ég gera það. En ég mun ekki ganga til þessara aðgerða nema að fyrir liggi að ljóst sé með hvaða hætti staðið verður að fyrirkomulagi eftir slíka eignatilfærslu og þá á þann veg að líklegt sé að meiri hagræðing og betri þjónusta fáist með þeirri ráðabreytni. Þetta voru meginatriðin.

Ég leyfi mér að bæta því við, herra forseti, að mig undrar það mjög að heyra baráttumann Heilbrigðisstofnunar Íslands tala á þann veg sem hann gerði áðan. Hér er ekki verið að tala um að stofna Heilbrigðisstofnun Íslands. (**SvG:** Hvað er ráðherrann að tala um?) Hér er verið að tala um nánara samstarf Borgarspítalans sem, ef af kaupum verður, verður ríkisspítali, spítala sem er starfræktur á sömu þúsund fermetrunum og annar stórspítali landsins. Og Borgarspítalinn þjónar landsmönnum öllum. Það skulum við ekkert fara í grafgötur um. Það vita allir. Eða til hvers er þyrluflugvöllurinn fyrir utan Borgarspítalann nema til þess að þjóna allri landsbyggðinni að sjálfsögðu? En því fylgja engin hagkvæmnisrök að hafa sjúkrahús út um sveitir landsins undir sömu samræmingarstjórn og tvo, þrjá eða fjóra ríkisspítala sem nú þegar eru starfræktir innan ríkisspítalakerfisins á höfuðborgarsvæðinu. Þetta vil ég taka fram og mér finnst engin ástæða til að leggja að líku þetta mál, sem við höfum nú fyrir augum, og svo aftur á móti rekstur annarra sjúkrahúsa út um land. Þar fer það saman að staðarþekking og rekstrarábyrgð kemur sér mjög vel og svo verður auðvitað áfram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal vakin athygli á því að vart hafði hv. fyrirspyrjandi lokið máli sínu en sex hv. þm. báðu um orðið. Af þessu tilefni þykir rétt að minna á að þessi vettvangur fyrir spurningar og svör er ætlaður fyrir fyrirspyrjanda og ráðherra. En þingsköp gera ráð fyrir að þingmenn geti gert stutta athugasemd og þá er það í þeirri veru að það þurfi að koma fram leiðrétting eða upplýsingar varðandi spurningar og svör. Ég vænti þess að við hjálpumst öll að til að láta þessa umræðu fara fram innan marka þingskapa.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Ég geri mér ljóst að hér er ekki um neina umræðu að ræða heldur eingöngu svar ráðherra við fsp. þingmanns, en ég tel mig engu að síður tilknúinn til að koma í stólinn vegna þess að það er sýnilegt að á þessari stundu getur ekki átt sér stað umræða um þetta mál eins mikilvægt og það er og nauðsynlegt er að ræða um það. Þess vegna vildi ég fá svar við því, annaðhvort hjá forseta eða hæstv. ráðherra, hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. verður viðstödd 2. umr. um fjárlög á morgun því að ég tel óhjákvæmilegt að sú umræða fari að nokkru leyti inn á þessa fyrirhuguðu sölu Borgarspítalans og þá um leið hinn hluta málsins sem er spurningin um hvort breyta á daggjaldakerfi í bein fjárlög. Ég tel að ekki hafi komið fram enn þá neinar röksemdir fyrir því að sú aðgerð ein og sér réttlæti yfirtöku ríkisins á þessum spítala. Mér sýnist frekar að hér sé á ferðinni einhver sú spilltasta aðgerð í stjórnsýslu sem maður hefur lengi orðið vitni að þar sem kunningi selur kunningja 1200 manna spítala með manni og mús án þess að ráðgast um það við nokkurn mann.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Framsóknarmenn hafa ekki tekið endanlega afstöðu í þessu máli. Framsóknarmenn hafa ekki lokað á hugmyndina um yfirtöku ríkisins á rekstri Borgarspítalans sem lið í skipulagsbreytingu í heilbrigðismálum þjóðarinnar, enda er það í samræmi við tillögur nefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem verið hefur að störfum. Í kjölfar yfirtöku á rekstri Borgarspítalans hlýtur náttúrlega að fylgja yfirtaka á rekstri annarra sjúkrahúsa í landinu.

Samrekstur Landspítala og Borgarspítala getur leitt til bættrar sjúkrahúsþjónustu með aukinni sérhæfingu og verkaskiptingu á milli sjúkrahúsa. Ef ekki verður um samrekstur að ræða fæ ég ekki séð ávinninginn. Þá dugir ekki að hlaupa til og kaupa bara af því að forsvarsmenn Reykjavíkurborgar eru óánægðir með að Borgarspítalinn fari á föst fjárlög.

Endurgreiðsla á útlögðum kostnaði er flókið mál. Yfirtaka á rekstri er allt annað. Ég hélt að ríkissjóður væri tæplega aflögufær þessa dagana að taka við fleiri pinklum. Og fleiri vilja nú útþenslu ríkisbáknsins en ég hugði. Það hefur orðið mikil umræða og hörð viðbrögð hjá starfsfólki Borgarspítalans við þessum hugmyndum. Vilji lækna og starfsfólks er mikilvægur og ber að hafa í heiðri. En náttúrlega eru það hagsmunir sjúklinganna fyrst og fremst sem við þurfum að hugsa um.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðh. áðan tel ég nauðsynlegt að fram komi hér örstutt ályktun, gerð af Læknafélagi Austurlands 2. október s.l., sem tengist þessu máli. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Læknafélags Austurlands, haldinn í Neskaupstað 2. okt. 1986, varar við þeirri breytingu sem í vændum er á rekstrargrunni sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Fundurinn bendir á að ekki hefur verið bent á neinn sparnað með þessari breytingu. Endanleg útkoma geti jafnvel orðið aukin heildarútgjöld til heilbrigðismála með auknum flutningum á sjúklingum til Reykjavíkursvæðisins og þar með kröfum um þjónustuaukningu þar á kostnað landsbyggðarinnar. Fundurinn telur rétt að fresta öllum breytingum á rekstrargrunni sjúkrahúsa á landsbyggðinni þar til endanleg könnun hefur verið gerð á kostum og göllum kerfisbreytinganna."

Þetta var ályktun Læknafélags Austurlands. Það er ekki hægt, herra forseti, að greina þessi mál í sundur, sölu á Borgarspítalanum til ríkisins og kerfisbreytingu varðandi sjúkrahúsin á landsbyggð-

inni. Það vil ég alveg sérstaklega undirstrika. Slíkt væri hrein óhæfa að ætla að fara að greina þar á milli. Ég tek undir þær kröfur sem komu fram hjá fyrirspyrjanda um frestun á þessu máli og nánari skilmerkilega athugun. Við höfum heyrt það hér og séð hversu fimur hæstv. heilbrmrh. er í þessu efni og að borgarstjórinn í Reykjavík hefur eignast búktalara á Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir andstöðu þm. Kvennalistans við sölu Borgarspítalans til ríkisins. Ég vil enn fremur nota tækifærið til að átelja þau vinnubrögð sem höfð hafa verið í frammi í þessu máli. Það voru engin samráð höfð við starfsfólk Borgarspítalans né heldur við fulltrúa í borgarstjórn þegar tilkynnt var að fyrir lægi sala spítalans, en vitað er að mikil og kröftug andstaða starfsfólks hefur komið í ljós gegn þessari ráðstöfun. Það var heldur ekki leitað álits Reykvíkinga áður en ákvörðun um þessa kerfisbreytingu var tilkynnt.

Ég undirstrika að hvað efni málsins varðar hefur ekkert komið fram í máli hæstv. heilbrrh. né annarra sem rennir stoðum undir fullyrðingar um aukna hagkvæmni í rekstri ef ríkið tæki yfir stjórnun og rekstur spítalans. Hagræðingu í samstarfi sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu er nauðsynlegt að gera, en slíkt er hægt án þess að ríkið kaupi Borgarspítalann.

Hvað varðar neytendur — því það er annað mikilvægt atriði — er líklegt að þjónusta við sjúklinga verði minni en áður vegna niðurskurðar sem fylgir því að spítalinn fer á föst fjárlög. Það er ekki meiri halli á rekstri Borgarspítalans en á öðrum daggjaldaspítölum landsins. Og ég vil leggja sérstaka áherslu á að sjúkrahús eru líknarstofnanir og þjónustustofnanir en ekki framleiðslufyrirtæki og arðsemi þeirra verður ekki metin á hefðbundinn hátt. Til að meta þá arðsemi þarf breytt verðmætamat.

Síðasta atriði í máli mínu er að hagræðing í rekstri sjúkrahúsa og sú stefnubreyting sem þarf að verða í átt frá dýrri viðgerðarþjónustu yfir í fyrirbyggjandi heilsuvernd verður ekki farin í einu stökki. Hins vegar, ef hægt er að losa 6–700 milljónir úr ríkissjóði í þágu heilbrigðismála, á að verja þeim öðruvísi en að kaupa Borgarspítalann.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal reyna að hafa athugasemdina stutta og aðeins bæta nokkrum punktum við það sem áður hefur verið sagt.

Ég lýsi andstöðu minni við að hlaupið sé að þessu máli eins og til stendur og óska eftir því að tími verði tekinn í að athuga hvernig hagræða megi þessum hlutum. Undirbúningur þessa máls hefur verið forkastanlegur. Dæmi um það er að málið var ekki rætt á borgarráðsfundum áður en borgarráðsmenn sáu það í blöðunum. Verkhagræðing og verkaskipting er í lagi milli Borgarspítala og Landspítala. Nægir að nefna að Landspítalinn annast kvensjúkdómalækningar, fæðingarhjálp, hjartaskurðlækningar o.fl., Borgarspítalinn annast slysadeild, heilaskurðlækningar o.fl. Á Landakoti höfum við ágætis augnlækningadeild. Sem dæmi um ágætt samstarf milli þessara tveggja stofnana, Landspítala og Borgarspítala, er bráðaþjónusta fyrir geðsjúka sem hófst 1983 og hefur verið til mestu fyrirmyndar og valdið gerbyltingu í þeim efnum hér í bæ.

Á Borgarspítalanum hafa verið unnin vísindaafrek, sérstaklega varðandi slysalækningar, sem vakið hafa athygli ekki einungis hérlendis heldur einnig erlendis. Sem dæmi um skjót úrræði og liðlega stjórnun er deild sú er annast nú ráðgjöf varðandi eyðni sem Borgarspítalinn hafði frumkvæði um. Mér er til efs að það hefði getað átt sér stað ef um það hefði orðið að fjalla í stærri einingu.

Herra forseti. Borgin vill losna við Borgarspítalann. Það kostar auðvitað peninga að reka Borgarspítalann. Vill ekki borgin líka selja þjónustuíbúðir fyrir aldraða og væntanlega þá hina öldruðu með? Ráðherrann sagði: Fjármagnsábyrgð og rekstrarábyrgð fari saman. Ég spyr hæstv. ráðh.: Er starfsfólk Borgarspítalans ekki hvort tveggja í senn Reykvíkingar og Íslendingar?

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta stutta athugasemd, en ég mótmæli því, sem kom fram hjá ráðherra, að sama ætti ekki að gilda um öll sjúkrahús í landinu ef verið er að breyta lagagildi, þ.e. ríkið greiði nú upp í 85% fyrir Borgarsjúkrahúsið, en áður fyrr voru skiptin 40 og 60%. Nú eru sjúkrahús víðs vegar um landið þar sem hreppsfélögin greiddu 40% og ríki 60% og ef ríkið er núna svo efnað að það getur keypt mismuninn af borginni ætti það að geta keypt alls staðar um landið. Eftir þeim lögum sem gilda eru ekki undir stjórn ríkisins þær hjúkrunarstofnanir og sjúkrastofnanir sem ríkið borgar 85% í þannig að hér hefur ekki komið fram nein skýring á hvers vegna borgin vill selja Borgarsjúkrahúsið. Þetta er í mínum huga einungis spurning um tilfærslu á fjármunum og hvernig borgin getur náð í meira fjármagn til framkvæmda. Þetta er mjög eðlilegt þegar fjárhagsstaða sveitarfélaga er mjög þröng, en mjög óeðlilegt ef á að mismuna landsmönnum með því að eitt sveitarfélag geti selt gömul tæki og steinsteypu, en önnur sveitarfélög á landinu sem reka sjúkrahús megi sitja með sárt ennið og jafnvel úrelt tæki en ríkið komi þar ekki inn í og greiði mismuninn á þeim prósentum sem nú eru í gildi og þeim sem voru í gildi þegar sjúkrastofnanirnar voru byggðar. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta verði rætt við 2. umr. fjárlaga því að það eru tólf aðrar stofnanir sem fara líka á föst fjárlög og ég tel það blekkingu í fjölmiðlum að tala um að þetta sé einhver spurning um föst fjárlög eða daggjaldakerfi.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hann skyldi skapa hér aðstæður til þess að þessi

umræða gæti farið fram í dag. Það var óhjákvæmilegt vegna þess að þetta mál er að ganga yfir einmitt þessa dagana hjá þeim sem telja sig hafa valdið í þessu máli, þ.e. fjmrh., heilbrmrh. og borgarstjóranum í Reykjavík.

Ég fagna því, sem fram kom í ræðu hæstv. heilbrmrh., að það væri ekki hennar stefna að kaupa Borgarspítalann. Það væri hins vegar þannig ástatt að borgin vildi selja hann. Þetta er misskilningur hjá hæstv. heilbrmrh. Borgin hefur ekki gert neinar samþykktir um að selja Borgarspítalann. Borgarráð hefur ekki samþykkt það, borgarstjórn hefur ekki samþykkt það, stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkur hefur ekki gert samþykkt um það, heilbrigðismálaráð Reykjavíkur ekki heldur, starfsfólk Borgarspítalans ekki heldur. Það er rangt að Reykjavíkurborg hafi óskað eftir því að selja Borgarspítalann. Hins vegar er hugsanlegt að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. hafi samþykkt að selja Borgarspítalann, en sú stofnun er ekki stofnun Reykjavíkurborgar, rétt til að leiðrétta misskilning. Mér þætti vænt um ef hæstv. heilbrmrh. gæti staðið fast á sinni stefnu í þessu efni og þá gegn þeim tilraunum sem Davíð Oddsson hefur í frammi hér til að kúga upp á ríkið þennan spítala.

Ég vil einnig mótmæla þeim almennu röksemdum sem hæstv. heilbrmrh. hefur í þessu máli. Samkvæmt hennar röksemdum er eðlilegt, ef maður tekur þær hátíðlega, að ríkið yfirtaki rekstur allra heilbrigðisstofnana í landinu, elliheimila, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, og samkvæmt hennar röksemdafærslu auðvitað skólana líka vegna þess að þar er um það að ræða að ríkið greiðir nokkurn kostnað, en sveitarfélögin hafa með reksturinn að gera. Hér er kominn miðstýringarmálflutningur sem á engan sinn líka í þessum ræðustól. Og það er sérkennilegt, eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði, að þessi miðstýringarmálflutningur skuli hafður uppi af talsmönnum Sjálfstfl. sem reyna að fá kjósendur til að kjósa sig fyrir annað fyrir kosningar.

Ég held að það sé ójákvæmilegt í þessum efnum líka að mótmæla því sérstaklega, sem hæstv. heilbrmrh. var hér með áðan, að uppi hafi verið tillögur á mínum vegum um Heilbrigðisstofnun Íslands. Það er rangt. Ég hef ævinlega verið andvígur því og er það að ríkið stjórni öllum heilbrigðisstofnunum þannig að það hafi eignarhald þeirra og rekstur á sinni hendi. Ég tel að það sé til bóta fyrir heilbrigðisþjónustuna að um mismunandi eignarhald sé að ræða í þessu efni. En ég vil hins vegar í framhaldi af þeim upplýsingum og yfirlýsingum sem fram hafa komið vekja athygli á: Ef önnur sjúkrahús nú koma til hæstv. heilbrmrh. og segja: Góðan daginn, við viljum að ríkið kaupi þessa spítala, hvar ætlar heilbrmrh. að setja mörkin? Hvaða spítala á að kaupa og hverja ekki? Á að miða við hallann á spítulunum á þessu ári? Hvernig er hann? Sjúkrahúsið á Akranesi 28% halli á fyrstu níu mánuðum ársins, sjúkrahúsið á Patreksfirði 27%, Sauðárkróki 27,1%, Selfossi 25,7%, Keflavík 26,9, Gistiheimili Rauða krossins 23,4%, Hjúkrunarheimilið Fellsenda 29,9, Hlíðabær, Flókagötu 35,4%. Er það ætlunin hjá hæstv. heilbrmrh. að svara því játandi ef forráðamenn þessara stofnana biðja ríkið um að kaupa þær? Auðvitað getur það ekki verið. Auðvitað getur staða ríkissjóðs ekki verið þannig að menn telji þar að það sé rétt að fara að eyða stórfé í að kaupa stofnanir sem þegar er búið að byggja. Hér er um fjarstæðumálflutning af ræða af hálfu hæstv. ráðh. Það eru engin rök sem hafa komið fram, ekki hagkvæmnirök, en umfram allt ekki rök yfirmanns heilbrigðisþjónustunnar sem á númer eitt og tvö og þrjú að spyrja: Verður þjónustan betri við sjúklingana? Það er hlutverk heilbrmrh. númer eitt og tvö og þrjú í þessu efni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Staða þessa máls er í beinum tengslum við umræðuna um hvort það eigi að setja upp þriðja stjórnsýslustigið í landinu eða ekki. Reykjavíkurborg situr uppi með þá staðreynd að einbýlishúsahverfi borgarinnar eru komin út fyrir hennar lögsagnarumdæmi. Þau eru í Garðabæ, þau eru í Kópavogi, þau eru í Hafnarfirði og þau eru uppi í Mosfellssveit. Það svæði sem eftir stendur, kjarninn, er að reka þjónustu sem hinir ættu með öllu réttu að taka fullan þátt í. Þetta er m.a. ein af ástæðunum fyrir því að svo er komið að það er ekki nema brot af þeim sjúklingum sem eru á Borgarspítalanum sem eru þar sem Reykvíkingar. Hinir koma annars staðar frá. Þessu er öðruvísi farið á sjúkrahúsum annars staðar.

Ég tel að þessi umræða hljóti að ýta undir að menn setjist niður og geri sér grein fyrir því að Stór-Reykjavíkursvæðið sem heild á í sjálfu sér að reka spítalann. Það væri miklu eðlilegra. Og menn geta brotið heilann um það í leiðinni, herra forseti, hvort það geti ekki verið nokkuð notalegt að vera í þeim sveitarfélögum þar sem allt verður upp byggt og engu þarf að breyta, t.d. eins og verður með Seltjarnarnesið, ef það getur svo vaðið inn í þjónustukerfi Reykjavíkurborgar til viðbótar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 3. landsk. þm. hefur kvatt sér hljóðs, en hv. þm. hefur þegar gert athugasemd og það er viðtekin regla og grundvallarregla að það er ekki gerð nema ein athugasemd af sama þm. því að ef yrði horfið frá því hvenær væri þá hægt að ljúka umræðum? Og við getum ekki gengið fram hjá því að það verður að ljúka öllum umræðum. **(GA:** Það er leiðrétting á máli hv. þm.) Það er sama þó það sé leiðrétting.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hér hefur ýmsum gullkornum verið stráð. M.a. hefur hv. 3. þm. Reykv. flutt afar tilfinningaheita ræðu um að nú sé best að fresta þessari ósvinnu að láta sér detta í hug að setja sjúkrahúsin á föst fjárlög. Þegar þessi sami hv. þm.

var heilbrmrh. tók hann um það ákvörðun að setja tvö mjög stór sjúkrahús á föst fjárlög, annars vegar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og hins vegar Landakotsspítala. Ég get þess vegna ekki haldið því fram með rökum að hann hafi ekki haft á því skilning þegar hann var heilbrmrh. að fagráðherrar bæru á því nokkra ábyrgð að hin besta þjónusta fáist með sem hagkvæmustum hætti. Ég held að það sé rétt.

Mér er mætavel kunnugt um að Landakotsspítali er ánægður með þessa ráðstöfun þegar frá hefur liðið og ég veit ekki betur en Fjórðungssjúkrahús Akureyrar sé það líka. Og hvers vegna í ósköpunum skyldi ekki Reykjavíkurborg vera það líka? Það er rétt að vissulega er markmiðið betri heilbrigðisþjónusta. Ég held að við stöndum andspænis möguleikum til þess að nota slíka eignayfirfærslu til að fá betri heilbrigðisþjónustu með því að nýta fjármagnið betur í því skyni og þar á meðal til að bæta aðstöðu starfsfólksins á spítulunum sem er mjög mikill vandi í þessu kerfi öllu saman. Ég tel að með því rýmki um möguleika til þess.

Ég bið afsökunar á því að ég fór mannavilt í flokki hv. þm. þegar ég talaði um baráttuna fyrir Heilbrigðisstofnun Íslands. Við nánari athugun sá ég að það var raunar í ráðherratíð Magnúsar heitins Kjartanssonar sem það mál var uppi og bið ég afsökunar á því að ég skuli hafa ruglað hv. þm. saman við þann mæta mann. En ekki vorum við sammála honum um þessa hugmynd um Heilbrigðisstofnun Íslands. Því fer fjarri. Ég er afar ósamþykk slíkum hugmyndum og ég tel að ef sú staða ætti einhvern tíma eftir að koma upp að um endurgreiðslur til sjúkrahúsa úti um landið fram yfir hinn lögskylda hluta í eignum væri að ræða ætti stjórnunin að vera í höndum staðarmanna þar. Þetta er mín skoðun. En hér í Reykjavíkurborg þykir mér alveg einsýnt um þá spítala sem í eigu og rekstri ríkisins eru, að um rekstur þeirra gildi það að það verði að vera samræmingaraðili utan við ráðuneyti sem sjái um tillögugerð vegna ýmissa samræmingarþátta í starfseminni. Þetta held ég að menn séu yfirleitt sammála um á öðrum tímum árs en þegar mál koma upp með þeim hraða sem hér hefur verið um að ræða.

Vissulega er rétt að þetta hefur borið nokkuð hratt að. Ég er reyndar ekki viss um að jafnvel þótt aðdragandinn hefði verið nokkru lengri hefði ég farið fyrst til hv. þm. Kvennalistans og spurt þær ráða áður en ég leyfði mér að setjast á fund hjá borgarstjóranum í Reykjavík. Mér finnst það satt að segja ekki vera neitt gerræði að ráðherrar ræði við borgarstjórann í Reykjavík um málefni stærstu stofnana í rekstri þeirrar borgar. Mér finnst sjálfsagður hlutur að menn geri sér grein fyrir því um hvað þessi mál snúast í raun og veru. Sannleikurinn er sá að það var farið að ræða málin á opinberum vettvangi áður en menn höfðu nægar upplýsingar í höndum til að geta látið umræðu fara fram með rólegum hætti og komið við rökum. Það er afar erfitt að komast að skynsamlegri niðurstöðu byggðri á rökum ef maður hefur ekki rökin handbær, ef maður veit ekki um þau, ef maður veit ekki hvað það er sem menn hafa fyrir augum.

Engum hefur dottið í hug að flytja hreppaflutningi starfsfólk eða sjúklinga. Það er alltaf meiningin að tryggja stöðu starfsfólks, bæði atvinnuöryggi, lífeyrisöryggi og á allan hátt, svo og sjúklinga. Því síður á að leggja niður Borgarspítalann og breyta honum í eitthvert framleiðslufyrirtæki. Það hefur aldrei staðið til. Hér er verið að tala um það ósköp einfaldlega að stærsta sveitarfélag landsins horfist í augu við þá staðreynd að ríkið greiðir hér um bil 100%, allan reksturinn. Og það spyr: Er þá ekki eðlilegra að ríkið hafi þetta með höndum og annist það innan þess kerfis að koma á m.a. mjög mikilvægu valddreifingarstarfi sem núna stendur yfir innan stjórnkerfis Ríkisspítalanna? Ég vek athygli á því. — Og stjórn ríkisspítalanna. Það er rétt, herra forseti, að minna á það á þessum stað. Hvaða miðstýring er það? Það eru fulltrúar Alþingis, fulltrúar almennings, sem alþm., sem eru fulltrúar almennings, kjósa eftir hverjar alþingiskosningar til að hafa eftirlit með því með hvaða hætti þessum miklu fjármunum skattborgaranna er varið til að fá fyrir þá hina bestu þjónustu. Þetta er öll miðstýringin. Mér finnst það vafasöm virðing við Alþingi að láta svo sem þessir fulltrúar Alþingis séu einhvers konar mafía eða ég veit ekki hvað menn eru helst með í huga. Sá munur sem væri á þessu tvenns konar fyrirkomulagi væri að í stað þess að í dag er stjórnarnefnd kosin af borgarstjórn væri eftir þessa breytingu sú stjórnarnefnd, sem sæi um samræmingu, kosin af Alþingi, en vitanlega kæmu þar til starfa með þeim fulltrúum fulltrúar starfsmanna Borgarspítalans og forsvarsmenn þeirrar stofnunar þegar þeirra mál væru rædd þannig að það eru ýmsir fletir á þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. heilbrmrh. að það er mjög skynsamlegt í svona málum að kynna sér þau rækilega og fara yfir málin og ég held að það hafi kannske ekki verið nægilega vel gert, að menn hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel. Það hafa engar röksemdir verið fluttar hérna um að heilbrigðisþjónustan batni. Það hafa engar röksemdir verið fluttar um að hagkvæmnin verði meiri. Er þá ekki málið tæmt? Nei, það er ekki tæmt vegna þess að borgarstjórinn í Reykjavík, hans hátign, hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að selja Borgarspítalann. Það er í raun og veru sá veruleiki semn hæstv. heilbrmrh. virðist ætla að taka tillit til. En þá er þess að geta að borgarstjórinn í Reykjavík hafði ekkert umboð til að selja Borgarspítalann og hefur það ekki enn þá. Borgin hefur ekki samþykkt það, borgarstjórn hefur ekki samþykkt það, borgarráð ekki, stjórn sjúkrastofnana ekki, heilbrigðismálaráð borgarinnar ekki. Borgarstjórinn í Reykjavík hefur ekkert umboð til að ganga frá þessu máli og það er meira að segja ástæða til að

ætla að það sé ekki öruggur meiri hluti í borgarstjórn Reykjavíkur vegna þess að einstakir borgarfulltrúar Sjálfstfl. í stjórn sjúkrastofnana og heilbrigðisráðs Reykjavíkur hafa lýst efasemdum og andstöðu við þessar hugmyndir. (**GHelg:** Og fulltrúaráð Sjálfstfl.) Fyrir nú utan þá mektugu stofnun, fulltrúaráð Sjálfstfl. Maður skyldi nú ætla að einhvern tíma væri hlustað á þá sjoppu á þessum bæ.

Síðan vil ég benda á það, af því að hæstv. heilbrmrh. var að vitna í Landakot og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, að það er rétt að ég átti hlut að því að þau voru flutt á bein fjárlög á sínum tíma. Það gekk mjög vel. Það var gerður samningur við stjórnir þessara stofnana og þær samþykktu þetta á sínum tíma og hafa verið ánægðar með fyrirkomulagið æ síðan. Hæstv. heilbrmrh. segir aftur á móti nú að þessi flutningur hafi verið vel undirbúinn. Það er misskilningur. Það hefur greinilega ekki verið vel undirbúið vegna þess að Davíð Oddsson hefur komist að þeirri niðurstöðu að ef þetta gerist verði hann að bjóða Borgarspítalann til sölu. Vitnið um að þetta sé illa undirbúið af hæstv. núv. heilbrmrh. heitir Davíð Oddsson. Þannig standa þau mál, herra forseti.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki vansalaust að enn á ný skulum við ræða stórmál sem þetta í fyrirspurnatíma en allir vita að fyrirspurnatími er mjög takmarkaður að því leytinu til að þm. hafa í raun, aðrir en ráðherra og fyrirspyrjandi, ekki leyfi til að gera nema eina örstutta athugasemd. Ég lýsi því hér þeirri skoðun minni að ég tel að það sé kominn tími til að við þm. setjumst niður og skoðum aftur þetta ákvæði þingskapalaganna.

En ég kom í ræðustól núna til að koma á framfæri tveimur leiðréttingum og einni upplýsingu og ég vona að það samrýmist þingsköpum, herra forseti.

Í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar kom fram að aðeins brot af Reykvíkingum sæki þjónustu Borgarspítalans. Það er ekki rétt. 75% af sjúklingum Borgarspítalans eru Reykvíkingar.

Í öðru lagi hefur hér verið talað um hallarekstur Borgarspítalans, en það hefur enginn minnst á að Borgarspítalinn hefur með höndum umfangsmestu slysaþjónustu sem sjúkrastofnanir hér á landi sinna og að slysalækningar eru einhverjar dýrustu lækningar sem um getur. Þess vegna mætti búast við því að hallarekstur Borgarspítalans væri mun meiri en annarra sjúkrahúsa og mun meiri en hann er í dag.

Í þriðja lagi, og það er leiðrétting og sú síðasta sem ég vil koma á framfæri, herra forseti, og það er vegna orða hæstv. ráðh. áðan þess efnis að hún hafi ekki talið sér skylt að bera mál þetta undir þm. Kvennalistans á því stigi sem það væri núna. Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um að þm. Kvennalistans hafa ekki farið fram á að ráðherra bæri þetta mál undir þann þingflokk fyrstan af öllum. Hins vegar höfum við látið í ljós þá skoðun að sjálfsagt, nauðsynlegt og eðlilegt hefði verið að hafa samráð við starfsfólk Borgarspítalans um þetta mál. Að það skuli ekki hafa verið gert lýsir í rauninni vel öllu verklagi í þessu máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er aðeins athugasemd í tilefni af þeirri fullyrðingu hv. 3. þm. Reykv. að betur hafi verið staðið að málum þegar Landakot og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hafi verið sett á föst fjárlög. Þá hefði nefnilega verið gerður sérstakur samningur. En eigum við aðeins að upplýsa staðreyndir. Þessi sjúkrahús vissu um þessa ákvörðun sama daginn og fjárlagafrv. var lagt fram. Landakot vissi um þessa ákvörðun tveim klukkustundum áður en fjárlagafrv. var lagt fram. Þetta eru staðreyndirnar í málinu og það er óþarft að vera að halda slíkum firrum fram í þessu máli. Það sýnir bara hve litla trú hv. þm. hefur á þeim fáu rökum sem hann hefur reynt að tína hér fram að tína upp svona vitleysu. (**SvG:** Þetta er nú pex, hæstv. ráðh.) Já, það er sjónarmið hv. þm. að það sé pex að hafa staðreyndirnar réttar sem verið er að tala um, að tala um staðreyndir en ekki um rangfærslur. Þetta er þinglegur mórall sem ég veit ekki hvort menn kunna við, en það er smekksatriði. (**SvG:** Það er forsetans að dæma um þinglegan móral.)

Það var kannske ekki stórt atriði og sennilega alveg óvart sem það kom fram, atriði sem er nauðsynlegt að leiðrétta og ég geri ráð fyrir að hv. 3. landsk. þm. hafi ætlað að leiðrétta áðan þegar hún bað um orðið. Það var að í máli hv. 10. landsk. þm. kom fram dæmi um ýmiss konar starfsemi sem aðeins væri á Borgarspítalanum, ekki á Landspítalanum. Það er rétt að mikilvæg verkaskipting er í ýmsum greinum milli þessara stofnana, en ráðgjöf um eyðni er í Landspítalanum en ekki í Borgarspítalanum. Hins vegar er afar mikilvægt samstarf lækna á báðum þessum spítölum um það efni og m.a. viðbúnaður í sjúkrahúsunum. Þetta vildi ég láta fram koma.

Um þingsköp.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Ég skal ekki meta hversu áríðandi þetta er, en ég bar fram eina litla spurningu áðan í máli mínu og vísaði henni annaðhvort til forseta eða til ráðherra. Þar sem ráðherra er ekki enn farinn úr húsinu datt mér í hug að ítreka hana því að sýnt er að umræða um þetta mál, sem hér var borin fram fsp. um, mun verða þó nokkuð mikil við fjárlagaumræðuna á morgun. Það er spurningin hvort ráðherrann verður viðstödd þessa umræðu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil skýra frá því að ég er að reyna að breyta þeirri fyrirætlan sem verið hafði um morgundaginn, en sannleikurinn er sá að það hefur verið mjög rækilega undirbúin athöfn austur á Seyðisfirði vegna opnunar heilbrigðisstofnunar þar og ætlunin var að þar yrðu meira að segja fleiri ráðherrar viðstaddir vegna stofnana á þeirra vegum. En ég sé ekki betur en það sé óhjákvæmilegt að endurskoða þá ákvörðun þegar 2. umr. fjárlaga fer fram og þessi ráðuneyti fara með jafnstóran hlut af ríkisfjárlögunum sem raun ber vitni og það er stefnt að því.

SAMEINAÐ ÞING

29. fundur, fimmtudaginn 11. des., að loknum 28. fundi.

Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins.

Beiðni GHelg o.fl. um skýrslu, 245. mál. — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 34 shlj. atkv.

Fjármögnunarfyrirtæki, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP, 170. mál. — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Könnun á tannlæknaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 178. mál. -- Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Myndlistarverkefni, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 191. mál. — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 208. mál. — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Kaupleiguíbúðir, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 185. mál. — Þskj. 195.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. beindi til mín nokkrum spurningum varðandi málið, sem hér er til umræðu, þegar það var tekið á dagskrá í síðustu viku. Svör við flestum spurningunum, sem hv. þm. bar fram, er að finna í sjálfri till., ýmist í tillgr. sjálfri eða í grg. með till.

Ég hygg að ítarlegri útfærða till. en þessa varðandi húsnæðismál sé sjaldgæft að finna í sölum Alþingis þegar um er að ræða þáltill. Í þessari till., sem hér er fram borin um kaupleiguíbúðir, eru mjög ítarlega útfærð ýmis framkvæmdaatriði sem snerta þetta mál. Vil ég benda á í því sambandi, þar sem fram hafa komið ýmsar fyrirspurnir frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um ýmis framkvæmdaatriði varðandi þessa till., að þm. Kvennalistans hafa lagt fram till. um byggingu leiguhúsnæðis en tillgr. þar er einungis tvær línur þar sem skorað er á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis og verði varið til þess 250 millj. kr. á núgildandi verðlagi á ári hverju þar til þörfinni hefur verið fullnægt. Meira er ekki sagt um þetta mál sem út af fyrir sig má segja að sé nokkuð viðamikið þar sem um er að ræða að gera stórátak í byggingu leiguhúsnæðis. Útfærslu á einstökum atriðum að því er það varðar eru þó ekki gerð betri skil í þessari till. en raun ber vitni.

Hv. þm. spurði að því hvort kaupleiguíbúðir ættu að verða til við hliðina á verkamannabústöðum eða hvort þær ættu að koma í staðinn fyrir þær. Í þessu sambandi vil ég nefna að kaupleiguíbúðir hafa ýmsa kosti fram yfir íbúðir í verkamannabústaðakerfinu.

Ég nefni þar til að mynda að í kaupleigukerfinu hefur fólk val um leigu eða kaup og í kaupleigukerfinu er ekki um að ræða neina útborgun sem aftur á móti er í verkamannabústaðakerfinu. Fólk þarf ekki að leita lánafyrirgreiðslu til að brúa bilið milli kaupverðs og lána Húsnæðisstofnunar eða standa undir þungri greiðslubyrði vegna skammtímalána í bankakerfinu.

Þegar hv. þm. Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, sem sat hér á þingi fyrir nokkru, mælti fyrir tillögu Kvennalistakvenna um byggingu leiguhúsnæðis kom hún einmitt inn á þennan þátt. Hún sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Eins og efnahagsmál hafa þróast hér á landi á undanförnum árum hefur komið í ljós að það eru allnokkrir sem ekki ráða einu sinni við þau kjör sem verkamannabústaðakerfið býður upp á. Þess eru allmörg dæmi að íbúðir í verkamannabústöðum hafa lent á nauðungaruppboðum nú á undanförnum mánuðum, því miður."

Ég hygg því að þm. Kvennalistans hljóti að hafa gert sér grein fyrir því ef þær hafa kynnt sér þessa tillögu um kaupleiguíbúðir náið að þessi till. um kaupleiguíbúðir hefur ýmsa kosti fram yfir íbúðir í verkamannabústöðum. Það er mín skoðun að komist kaupleiguíbúðir til framkvæmda geti þær komið í staðinn fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Ég hygg þó að ýmsir í verkalýðshreyfingunni hafi þá skoðun að reynsla verði að komast á kaupleiguíbúðir áður en sleppt er íbúðum í verkamannabústöðum. Og þegar ég mælti fyrir þessari till. í síðustu viku vitnaði ég einmitt í ýmsa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sem tjá sig um þessar kaupleiguíbúðir. Það kemur fram hjá öllum þessum forustumönnum sem tjá sig um þessa till. að þeir eru mjög hlynntir því að kaupleigutilhögun komist til framkvæmda en telja þó, a.m.k. sumir, að rétt sé að verkamannabústaðakerfið verði um hríð við hliðina á kaupleiguíbúðum, a.m.k. á meðan reynsla er að komast á kaupleiguíbúðir. En í mínum huga er það ekki vafamál að ég tel að kaupleiguíbúðir geti tekið við af íbúðum í verkamannabústöðum.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði um þörfina og þá hvort talan væri raunhæf um byggingu eða kaup 6 þúsund leiguíbúða næstu 10 árin eins og þessi till. gerir ráð fyrir. Svarið við þeirri spurningu er: Já, ég tel hana vera raunhæfa. Samkvæmt könnun Húsnæðisstofnunar ríkisins er þörfin á leiguíbúðum um 2500–3000 leiguíbúðir næstu tvö til fimm árin. Í þessari þáltill. erum við að tala um 10 ára tímabil. Að auki er ljóst að með tilkomu kaupleiguíbúða mun þörfin minnka eða hverfa fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Eins munu kaupleiguíbúðir minnka þörfina fyrir hefðbundnar lánveitingar úr Byggingasjóði ríkisins, þ.e. til kaupa á eldri íbúðum eða nýbygginga, enda kemur fram í 3. tölul. till. að heimilt sé að fækka almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í hlutfalli við fjölda kaupleiguíbúða sem byggðar eru á ári hverju. Heildarlánafjöldi til kaupa á eldri íbúðum eða byggingar á nýjum íbúðum úr Byggingarsjóði ríkisins mundi þó alls ekki minnka heldur færðist hluti þeirra yfir á kaupleiguíbúðirnar.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði um framlag sveitarfélaganna til kaupleiguíbúða. Úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eiga að koma 250 millj., eins og segir í 5. tölul. till., en þar segir: „Ríkissjóður veiti sveitarfélögum allt að 250 millj. kr. lán árlega í tvö ár gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með 3,5% vöxtum til að auðvelda þeim að hrinda af stað framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 kaupleiguíbúða árlega næstu 10 árin." Hér er um að ræða viðbót við framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna en með þessu fá sveitarfélögin framlög til að hefja þá framkvæmdaáætlun sem hér er gert ráð fyrir. Síðan mundu jöfnum höndum koma inn þau framlög sem kaupendur mundu leggja fram með greiðslu viðbótargjalds frá þeim sem óska að kaupa íbúðirnar í þessu kerfi. En viðbótargjaldið eða B-leigan, eins og fram kemur í grg., fer til að greiða niður hlut sveitarfélaga í kaupleiguíbúðum.

Hv. þm. spurði líka um rétt sveitarfélaga eftir að íbúðir hafa verið seldar. Í þáltill. er þessa framkvæmdaratriðis ekki sérstaklega getið og verður hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir að hafa í huga að við erum að ræða *þáltill. en ekki frv. þannig að ég vona* að það verði virt til betri vegar að ekki er tekið á hverju einasta framkvæmdaratriði í þessari þáltill. Ég vil þó svara því til að hér gæti vissulega verið um samningsatriði við sveitarfélögin að ræða. Ég tel að þá hugmynd mætti þó ræða við sveitarfélögin að á þeim kaupleiguíbúðum sem fjármagnaðar yrðu úr Byggingarsjóði verkamanna með 1% vöxtum hefðu sveitarfélögin forkaupsrétt en íbúðir sem fjármagnaðar yrðu með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins með 3,5% vöxtum mætti selja á frjálsum markaði eftir að hlutur sveitarfélaganna, þ.e. 20% framlagið, væri að fullu greiddur af hálfu kaupenda til sveitarfélagsins.

Hv. þm. spurði líka um greiðslur vegna viðhalds. Enn má finna svör við spurningunni í þáltill. sjálfri. Þar kemur fram á bls. 4 að til viðbótar mánaðarlegum greiðslum þurfi að reikna með viðbót vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar. Í tillgr. sjálfri, í 7. tölul., kemur þetta einnig fram.

Spurt er um hvernig 7805 kr. mánaðargreiðsla er fundin og hvort hún standist. Enn má finna svar við þessari spurningu í till. sjálfri. Fram kemur í 7. tölul. að leigjendur greiði fasta húsaleigu, A-leigu, sem gangi til greiðslu afborgana og vaxta af lánum frá byggingarsjóðunum, auk hæfilegs gjalds til greiðslu sameiginlegs reksturs.

Mánaðarlegar greiðslur sem fram koma í grg. og um er spurt, þ.e. 5393 kr. vegna Byggingarsjóðs verkamanna og 7805 kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins, nægja til greiðslu afborgana og vaxta af lánum frá byggingarsjóðunum.

Herra forseti. Ég hef leitast við að svara þeim spurningum sem fram komu þegar mál þetta var rætt í síðustu viku og læt lokið máli mínu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 1. flm. þessarar þáltill. fyrir svör hennar við spurningum mínum. Ég tel þó ekki rétt hjá henni að öll svörin sé að finna í grg. eða till. því að þess vegna voru spurningarnar fram komnar að till. var lesin mjög gaumgæfilega. Það var ekki fyrst og fremst til að gagnrýna hana heldur til þess að fá frekari upplýsingar um það hvernig flm. hefðu hugsað sér útfærslu þessara hugmynda vegna þess að það vafðist fyrir okkur að sjá hvernig þær yrðu í framkvæmd.

Því miður fann ég ekki gögn mín meðan ég var að hlusta á mál hv. þm. þannig að ég greip ekki öll svör hennar. Ég mun gaumgæfa þau vandlega þegar þingtíðindi berast og mun síðan vonandi fá tækifæri til að fylgjast með þessu máli nánar í nefnd. Ég tók þó ekki eftir því hvort hún svaraði mér þeirri spurningu sem ég spurði, um það hverjir mundu eiga kost á kaupleiguíbúðum. Ég tók ekki eftir að hún svaraði því. Eru það allir eða er það einhver ákveðinn hópur manna?

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér höfum við fyrir framan okkur eina af mestu sýndarmennskuþingsályktunartillögum Alþfl. sem er dæmigerð fyrir þau stjörnuhröp sem hv. þm., formaður Sjálfstfl., stendur nú í. Hann horfir mest til stjarnanna og les framtíð sína í gegnum þær eins og margir af mestu mönnum mannkynssögunnar hafa gert í gegnum aldirnar. (**Gripið fram í:** Formaður Alþfl.?) Formaður Alþfl. Hafi ég mismælt mig bið ég afsökunar á því. Það má vera að hann sé orðinn svo mikill að manni fipist — jafnvel þegar maður ætlar að ávarpa hann og verði að leggja sig allan fram og æfa sig á kvöldin — í návist hins mikla manns, sem les framtíð sína og þjóðarinnar í gegn um stjörnurnar og líkir sér við mestu stjórnmálaskörunga sem fæðst hafa. Hann þykist nú kominn í klæði Ólafs Thors og hefur klætt Jón Sigurðsson í föt Bjarna Benediktssonar og er ég hræddur um að þau verði nokkuð rúm á efsta manni á lista Alþfl., satt að segja, svo ekki sé meira sagt.

Nú hefur sá hinn mikli maður látið varaformann sinn — sem hann hefur raunar lýst yfir að megi ekki verða forustumaður í Alþfl. heldur toppkratinn Jón Sigurðsson — flytja eina till. til þál. Og 1. liðurinn byrjar svo: „Alþingi ályktar að fela félmrh. að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf ...“ og svo framvegis. Og nú langar mig að spyrja varaformann Alþfl. Þessi þáltill. hefur lengi verið í smíðum. Þetta var mikið baráttumál Alþfl. fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Nú hefur heilt sumar liðið síðan og nú hefur sá snjalli maður, Jóns Sigurðsson, komið til liðs við Alþfl. Hvernig stendur á því að þm. Alþfl. hafa ekki notað tímann frá því í vor til þess að standa við loforðin þá við fólkið, sem þeir þykjast hafa unnið mikið fylgi hjá, með því að semja frv. um það efni sem hér er fjallað um? Hvernig stendur á því að þm. Alþfl. eru að tala um skattamál? Ef þeir hreyfa þeim á þingi er það annaðhvort í formi þáltill. eða brtt. við fjárlög þó að þeir viti það að slíkt hefur engin áhrif á skattalög því að slík mál á að flytja í deildum en ekki Sþ. Hvernig stendur á því að þessi hv. þm., varaformaður Alþfl., svíkur umbjóðendur sína frá því í vor, frá síðasta þingi, svíkur þá sveitarstjórnarmenn sem gengu til liðs við Alþfl. í vor, með því, nú þegar komið er fram að jólum, að hafa ekki lagt fram frv. í anda þeirrar húsnæðisstefnu sem Alþfl. barðist fyrir á síðastliðnu vori. Hvernig skyldi standa á því? Það væri fróðlegt að fá svar við því.

Það var einnig mjög athyglisvert að hlusta á varaformann Alþfl. í ljósi þess að formaður Alþfl. les framtíð Alþfl. í gegnum stjörnurnar bæði til fortíðar og framtíðar. Þá kemur hin mikla tímamótaályktun hjá varaformanninum að þessi þáltill. fjalli um það að leggja niður verkamannabústaðina. Þetta á að vera fyrsta skrefið til þess að leggja niður verkamannabústaðina. Þetta er á sama tíma og formaður Alþfl. segir í einu af tískublöðum þjóðarinnar í dag að Jón Baldvinsson, fyrrum formaður Alþfl., hafi vitjað nafns og að hann sé óholdgetinn arftaki Jóns Baldvinssonar sem var einn þeirra manna sem börðust mest fyrir því að koma verkamannabústaðakerfinu í lög á Íslandi. Og ég veit ekki betur en að hér vestur í bæ sé stytta af gömlum forustumanni Alþfl., Héðni Valdimarssyni, — sem fór að vísu sömu leið og Hannibal, hann gekk úr Alþfl. og yfir í Sameiningarflokk alþýðu, sósíalistaflokkinn, en entist ekki aldur til þess að ljúka hringferðinni eins og Hannibal — einmitt í verkamannabústaðahverfinu miðju til að minna á þá forustu sem hann hafði í þessum málum. Ég man ekki eftir því að Alþfl. hafi átt fegurri rós í sínu hnappagati á liðnum árum og áratugum en einmitt þessa verkamannabústaði sem varaformaður Alþfl. nú ætlar að leggja niður. Og af hverju? Af hverju á að leggja þá niður? Það er vegna þess að varaformaður Alþfl. segir að sá ljóður sé á ráði verkamannabústaðanna að menn þurfi að leggja fram fé þegar þeir komi inn í þær íbúðir en kosturinn við kaupleiguíbúðir Alþfl. sé sá að ungt fólk eða gamalt eigi að geta komið inn í íbúð, nýja eða gamla eftir atvikum, án þess að greiða eina einustu krónu.

Hvert er svo framhaldsvers varaformanns Alþfl. ef svo skyldi fara að sumar af þessum íbúðum yrðu byggðar í gegnum Byggingarsjóð ríkisins? Það á ekki aðeins að láta þær sitja fyrir með því að láta þá sem fá 20% framlag úr bæjarsjóðum fá 80% úr Byggingarsjóði ríkisins á móti 70% hjá öðrum heldur á að fækka almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins um eina á sama tíma og veitt er lán til einnar kaupleiguíbúðar. Það er ekki nóg með það að varaformaður Alþfl. vilji veita þeim sem fá kaupleiguíbúðirnar í gegnum Byggingarsjóð ríkisins 10% hærra lán en aðrir eiga að fá. Það er ekki aðeins að hann vilji skattleggja borgarana í því sveitarfélagi sem í hlut á, með því að þeir eigi að leggja fram 600 þús. kr. á íbúð, í þriggja millj. kr. íbúð, skattleggja hina venjulegu borgara til þess að

standa undir því fé, vaxtalausu og afborgunarlausu, heldur felst það í tillögum Alþfl. að það eigi að takmarka fjölda hinna, það eigi að setja á þá kvóta. Um leið og ein kaupleiguíbúð er byggð í gegnum hið almenna kerfi segir varaformaður Alþfl. að það eigi að fækka þeim íbúðum sem aðrir eiga að fá lán til. Það er ekki nóg með það að það eigi með þessum hætti að mismuna mönnum í lánafyrirgreiðslu heldur á beinlínis að níðast á öðrum með því að draga við þá lánveitingarnar, ekki aðeins í fjárhæð heldur líka í tíma. Þetta er mesta ójafnaðarfrumvarp sem lagt hefur verið fram á þessu þingi svo langt ég man.

Ég bið afsökunar, mér fannst að Alþfl. hefði lagt fram frv., en auðvitað er þetta þáltill. af því að það er ábyrgðarminnst. Það er ábyrgðarminnst og þess vegna er þetta þáltill. Það hefði verið frv., ef hugur hefði fylgt máli og ef Alþfl. hefði ætlað að framkvæma þetta, ef formaður Alþfl. hefur lesið það rétt í stjörnurnar að hann eigi eftir að verða forsætisráðherra, ef hann hefur hugsað sér að framkvæma þetta þegar hann verður stjörnuskinsforsætisráðherrann. Er það ekki einhvern veginn svoleiðis sem maður á að segja: stjörnuskinsforsætisráðherra. Aðrir láta sér nægja að guma af því að þeir hafi verið forsætisráðherrar í fortíðinni. En það er gott að fá inn á þing einn sem gumar af því að verða það í framtíðinni. Það er nú út af fyrir sig tilbreyting.

Þeir segja í þessari till. — það er gaman að spyrja, ég sá að formaður Alþfl. kvaddi sér hljóðs — : „Ríkissjóður veiti sveitarfélögum allt að 250 millj. kr. lán árlega í tvö ár.“ Þýðir þetta, formaður Alþfl., að á hverju einasta ári eigi ríkissjóður að veita sveitarfélögunum tveggja ára lán? Hvað þýðir það þegar stendur að ríkissjóður eigi að veita sveitarfélögunum árlega lán í tvö ár? Hvað þýðir það? Bara til að flýta fyrir. Varaformaður Alþfl., hvað þýðir það þegar stendur í þessari till.: Ríkissjóður veiti sveitarfélögum allt að 250 millj. kr. lán árlega í tvö ár gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga o.s.frv.? Þýðir þetta að lánin eigi að vera í tvö ár og að það eigi að vera svona áframhaldandi? (Gripið fram í.) Ég get lesið þetta áfram. Það fæst ekki svar, það fæst ekki svar um það. Þm. verður engu nær þó að hann lesi grg. því þar stendur líka „árlega í tvö ár“. En hvorki formaður Alþfl. né varaformaður treysta sér til þess að svara hvað „árlega í tvö ár“ þýðir. Það er mikill skaði að fyrrv. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar skuli ekki vera hér inni svo að hægt sé að spyrja hann hvað hann hafi átt við þegar hann setti þetta niður á pappír.

Ég vil líka spyrja um annað. Það er sagt hér að menn eigi að geta búið í íbúðunum svo lengi sem þeim sýnist þannig, að sveitarfélögin leggi fram allt að 20%, 15–20% af íbúðarverðinu, vaxta- og afborgunarlaust. Síðan ef viðkomandi sýnist að vilja flytja inn í íbúðina á sveitarfélagið að lána þetta til allt að 30 ára til viðbótar. Viðkomandi er kannske búinn að búa í íbúðinni í 20–30 ár vaxtalaust og þá á að lána það til allt að 30 ára til viðbótar. Og svo stendur hér — og nú langar mig til að spyrja: Er meiningin ef menn vilja síðar kaupa íbúðina að þá verði reiknaðir vextir af þessu láni þann tíma sem viðkomandi hefur ekki borgað afborganir né vexti af íbúðinni. Ég spyr formann Alþfl.: Segjum svo að maður hafi búið í íbúð af þessu tagi í tíu ár. Þá segi hann borginni að hann vilji kaupa íbúðina. Er þá hugmyndin sú að hann eigi að greiða vexti af íbúðinni og vaxtavexti þessi tíu ár sem hann hefur verið þar? Það væri mjög fróðlegt að fá svar við því. Formaður Alþfl. svarar ekki, en varaformaður? Er hægt að segja manni það núna eða þurfa menn að fara upp í stólinn til að svara? — Merkti hringingin að tíminn sé búinn? (**Forseti:** Já, tíminn er vel búinn.) Ég biðst afsökunar á því ef ég hef reynt á þolinmæði forseta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er ekki nóg með það að tími hv. síðasta ræðumanns hafi verið búinn heldur er núna búinn sá tími sem við ætluðum Sþ. í dag. En eins og hv. þm. er kunnugt er gert ráð fyrir fundi í Nd. í dag einnig. Af þessu leiðir að það verður ekki hægt að ljúka þessari umræðu í dag.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

19. fundur, fimmtudaginn 11. des., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 212. mál. — Þskj. 227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 250.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, 233. mál Nd. á þskj. 250.

Skv. 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsyn-

legt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laganna nr. 73 1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 31% á milli áranna 1985 og 1986. Er því skv. frv. þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laganna nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 31%. Er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem liggur til afgreiðslu á Alþingi.

Eins og kemur fram í 1. gr. frv. eru þessar breytingar þannig í sambandi við 26. gr. að hjá þeim aðilum sem ræðir um í 2. mgr. 22. gr. laganna og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið skal við álagningu lækka útsvarið um 4009 kr. í staðinn fyrir 2250. Í sambandi við börn innan 16 ára aldurs, sem eru heimilisföst hjá framfæranda, skal lækka útsvar hans um 802 kr. í staðinn fyrir 450. Í staðinn fyrir niðurfellingu á útsvari sem nemur ákveðinni lágmarksupphæð skal sú upphæð vera 1160 kr. í frv. í stað 650 skv. núgildandi lögum.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir þinginu um skeið frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem byggði á tilteknum forsendum varðandi verðlags- og launaþróun milli áranna 1985 og 1986 annars vegar og 1986 og 1987 hins vegar. Í frv. var gert ráð fyrir að laun breyttust milli áranna 1985 og 1986 um 31% og laun breyttust milli áranna 1986 og 1987 um 15%.

Það frv. sem hér liggur fyrir byggist á sömu forsendum. Í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun lögðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar fram tillögur sem breyta þessum forsendum í veigamiklum atriðum. Þar er gert ráð fyrir að laun á milli áranna 1985 og 1986 hækki um 38% og að laun milli áranna 1986 og 1987 hækki um 18% en ekki 15%. Mér sýnist einboðið að ef á að taka tillit til þessara sjónarmiða við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 hljóti það einnig að gerast varðandi álagningu útsvars á því ári. Hæstv. félmrh. mælti fyrir þessu máli að mér heyrðist óbreyttu og ég inni hann eftir því hvort það er ætlun ríkisstjórnarinnar að taka tillit til þessara breyttu viðhorfa við álagningu sveitarfélaganna einnig á árinu 1987.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun mundu álagningarákvæði eins og þau eru í óbreyttu frv. um tekjustofna sveitarfélaga hækka skatta á næsta ári um 500–600 millj. kr., hvorki meira né minna, ef ekki yrði að gert. Þess vegna var það niðurstaða fjmrh. að leggja fyrir sína embættismenn að koma með tillögur um breytingar frá upphaflegu frv. um tekjuskatt sem höfðu í för með sér að þessi hækkun upp á 500–600 millj. kr. á tekjusköttum ríkisins kæmi ekki til framkvæmda.

Getur hugsast, herra forseti, að þessi veigamikla breyting á forsendum ríkisfjármálanna fyrir árin 1986 til 1987 hafi ekki borist til eyrna hæstv. félmrh. og málið hafi ekki fengið meðferð í Framsfl., öðrum stjórnarflokknum, eða hverju sætir að hæstv. félmrh. mælir fyrir óbreyttu frv. um tekjustofna sveitarfélaga þrátt fyrir þessar veigamiklu breytingar sem hafa orðið á forsendum fjárlaga fyrir árið 1987.

Í öðru lagi vil ég minna á að það hefur farið fram endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem tekur bæði til útsvars, fasteignagjalda og aðstöðugjalda að því er ég best veit. Ég vil sérstaklega inna eftir því hvar sú endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna er á vegi stödd. Hæstv. félmrh. greindi frá því fyrir nokkrum mánuðum að þeirri endurskoðun væri að ljúka. Ég sé hins vegar ekki og hef ekki heyrt frá honum við þessa umræðu neinar upplýsingar um hvar sú heildarendurskoðun er og ég óska eftir upplýsingum um það mál og hvort hæstv. félmrh. hyggst leggja fyrir þingið nýtt frv. um endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og hvort það er ætlun ríkisstjórnarinnar að það mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í sambandi við fsp. hv. 3. þm. Reykv. vil ég segja um fyrra atriðið að þetta frv. var lagt fram á nákvæmlega sömu forsendum og frv. um breytingu á tekju- og eignarskatti og auðvitað mun sú breyting sem núna hefur verið tilkynnt í fjh.- og viðskn. í sambandi við það mál ganga jafnt yfir þetta mál. Ég hef þegar rætt við formann félmn. og hann mun að sjálfsögðu breyta tölum í samræmi við það. Þetta eru samhljóða tillögur sem þurftu að fylgja þeirri ákvörðun að hafa ekki skattvísitöluna í fjárlagafrv. og þar af leiðandi kemur af sjálfu sér að leiðréttingar verða gerðar á báðum þessum málum í samræmi við ákvörðun um tekjuviðmiðunina.

Í sambandi við hitt atriðið, tekjustofna sveitarfélaga, er ljóst og hefur verið upplýst áður að frv. hefur legið fyrir, endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga hefur legið fyrir. Vegna viðræðna sem hafa verið í gangi í sambandi við hugsanlega verkefnaskiptingu og áhrif á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur orðið nokkur frestun á að leggja það fram. En frv. mun verða lagt fyrir ríkisstjórnina eftir helgina og stefnt er að því að það verði lagt fram fyrir jól ef samstaða næst um það, en að öðrum kosti strax eftir þinghlé. Hvort það verður afgreitt á þessu þingi skal ég ekki segja, en það verður til meðferðar á þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 263.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um ríkismat sjávarafurða. Með frv. þessu er lagt til að ríkismat sjávarafurða á ferskum fiski verði afnumið í núverandi mynd.

Á síðari árum hefur meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi gætt vaxandi efasemda um hvort núverandi ákvæði um skyldur Ríkismats sjávarafurða til að meta allan ferskan fisk þjónuðu upphaflegum tilgangi sínum. Hafa menn bent á að gæði fiskafla yrðu best tryggð með því að tengja mat hans með mun beinni hætti en nú er við fjárhagsleg skipti þeirra sem kaupa og selja aflann.

Á vegum sjútvrn. var 2. okt. s.l. haldinn fundur með helstu hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um framtíð Ríkismats sjávarafurða. Var það samdóma álit fundarmanna að skyldumat Ríkismatsins á ferskum fiski skyldi lagt niður, en þess í stað tekið upp gæðamat sem væri í höndum fiskkaupenda og fiskseljenda.

Með frv. þessu er lagt til að gerðar verði lágmarksbreytingar á lögum um Ríkismat sjávarafurða til að gera mögulegt að ferskfiskmat flytjist yfir til hagsmunaaðilanna sjálfra. Í frv. er aðeins kveðið á um afnám núverandi skyldumats opinberra aðila á ferskum fiski, en ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttað hjá viðskiptaaðilum. Liggur í hlutarins eðli að það mun fyrst og fremst verða þeirra mál að koma sér saman um slíka tilhögun.

Með frv. eru ekki gerðar tillögur um breytingar á öðrum ákvæðum laga um Ríkismatið en þeim er lúta að ferskfiskmatinu. Þrátt fyrir afnám skyldumatsins hefur Ríkismatið áfram mikilvægu hlutverki að gegna í íslenskum sjávarútvegi. Ríkisvaldinu ber að sjá til þess að sjávarútvegurinn búi yfir virku gæðastjórnunarkerfi sem tryggir að afurðirnar uppfylli þær kröfur um gæði sem markaðirnir gera þannig að íslenskar sjávarafurðir verði taldar gæðavara. Því er nauðsynlegt að til sé stofnun sem hefur yfirsýn yfir alla þætti gæðamála í sjávarútveginum.

Þá mun Ríkismatið áfram sinna eftirliti með hreinlæti og búnaði og yfirmati á afurðum og útgáfu útflutningsvottorða þar sem opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupendum. Þá er í frv. gerð tillaga um að úrskurðar Ríkismatsins megi leita varðandi ágreining um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum, en það fyrirkomulag hefur reynst vel.

Ef frv. þetta verður að lögum mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér þörf á að endurskipuleggja starfsemi og uppbyggingu Ríkismats sjávarafurða frá grunni. Í framhaldi af því starfi er síðan stefnt að því að leggja fram nýtt heildarfrv. um Ríkismat sjávarafurða.

Afnám skyldumats Ríkismatsins og endurskipulagning stofnunarinnar í framhaldi af því mun leiða til verulegrar útgjaldalækkunar fyrir ríkissjóð. Sparnaður þessi felst bæði í lækkun útgjalda til greiðslu launa og til annars rekstrar stofnunarinnar. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar lækki af þessum sökum um 25 millj. kr. frá því sem verið hefði við óbreytta starfsemi. Á komandi árum verður árlegur sparnaður enn meiri þar sem áhrif breytingarinnar koma ekki að fullu fram á fyrsta ári.

Hinn 1. des. s.l. voru samtals 79,6 stöðugildi hjá stofnuninni. Á þessari stundu er ekki hægt að fullyrða hvað starfsmönnum stofnunarinnar muni fækka mikið við þá endurskipulagningu sem leiðir af samþykkt þessa frv. Ljóst er þó að verkefni ferskfiskmatsmanna falla niður og munu þeir því láta af störfum. Alls er hér um að ræða nærfellt 60 menn er gegna 43,6 stöðugildum víðs vegar um land. Endurskipulagningin mun án efa leiða til frekari fækkunar starfsfólks.

Vissulega skapar breyting af þessu tagi óhjákvæmilega vandamál hjá því starfsfólki sem gegnt hefur stöðum sem niður verða lagðar. Hjá því verður ekki komist. Til hins ber að líta að atvinnuástand í landinu er það gott að flestallt það fólk ætti að geta fengið ný störf við sitt hæfi. Í því sambandi ber að hafa í huga að mat á ferskum fiski verður áfram stundað þótt framkvæmd þess flytjist skv. frv. þessu til viðskiptaaðilanna. Má því, ef að líkum lætur, búast við að starfsþjálfun núverandi matsmanna geri líklegt að þeir eigi kost á störfum áfram á þessu sviði.

Ef frv. þetta nær fram að ganga mun verða fylgst með þessum málum af hálfu sjútvrn. og leitast við að leysa vandamál sem upp kunna að koma varðandi einstaka starfsmenn er láta verða af störfum.

Á fundum hagsmunaaðila í sjávarútvegi hefur í haust verið fjallað nokkuð um framtíð Ríkismatsins. Hefur þar komið skýrt í ljós að enda þótt menn séu sammála um þörf þess að endurskoða starfsemi stofnunarinnar ríkir nokkur skoðanamunur um hvernig að því skuli standa. Af ályktun 15. þings Sjómannasamnbandsins sést að menn vilja þar fara varlega í sakirnar og telja að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi þurfi að koma sér saman um hvað við skuli taka áður en tímabært sé að leggja skyldumatið niður. Aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna vill hins vegar ganga lengra en gert er í frv. þessu og leggja stofnunina niður í heild sinni. Ályktanir fiskiþings um framtíð Ríkismatsins eru hins vegar því miður ekki eins skýrar og skyldi.

Eins og getið var um hér að framan hefur Ríkismatið mikilvægu hlutverki að gegna þrátt fyrir afnám skyldumatsins. Tillögur LÍÚ um að leggja stofnunina niður og fela öðrum stofnunum óhjákvæmileg verkefni verða því að teljast óraunhæfar. Ég tel alveg ástæðulaust að óttast að hagsmunaaðilar muni ekki koma sér saman um með hvaða hætti gæði afla skuli metin í framtíðinni. Við

því er hins vegar varla að búast að viðræður um það hefjist af alvöru nema fyrir liggi að skyldumati hins opinbera verði hætt.

Með frv. þessu er stigið skref til að draga úr umsvifum hins opinbera. Í frv. felst framhald þeirrar stefnu sem mörkuð var með afnámi sjóðakerfisins á síðasta vori. Dregið er úr afskiptum ríkisins af fjárhagsmálefnum sjávarútvegsins.

Oft er á það bent að meðferð og frágangur þess afla sem ætlaður er til sölu á erlendum markaði sé til fyrirmyndar og mun betri en á afla sem landað er til vinnslu innanlands. Þetta sýnir að áhrifaríkasta leiðin til bættrar aflameðferðar er að tengja gæðamat aflans með beinni hætti við verðlagningu hans en verið hefur hingað til. Með frv. þessu er hagsmunaaðilum í sjávarútvegi veitt svigrúm til að skapa þessi tengsl gæða og verðs. Þess er því að vænta að frv. þetta leiði til hvors tveggja í senn, sparnaðar fyrir ríkissjóð og aukinnar tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið í heild með bættum gæðum sjávarafurðanna, okkar helstu útflutningsvöru.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Frv. til l. um breytingar á lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, á þskj. 263, sem hæstv. sjútvrh. var að lýsa áðan, er að ýmsu leyti táknrænt fyrir ýmis vinnubrögð hæstv. sjútvrh. Þó er það sem betur fer ekki alfarið, en kemur býsna oft fyrir. Frv. er lagt fram 9. des. og það var á dagskrá 10. des., í gær, og þá var hugsunin að afgreiða það til nefndar. Það er eftirtektarvert að breytingalögin eiga að taka gildi 1. jan. n.k. Það virðast vera álög á þessum hæstv. ráðherra að hann hefur þá tilhneigingu að koma ærið oft á síðustu stundu með veigamikil lagafrv. og keyra þau í gegnum þingið á skömmum tíma þannig að þau fá alls ekki þinglega meðferð. Oft tekst þetta hjá ráðherranum en stundum ekki. Eitt dæmið er selafrv. sem hefur haft gott meirihlutafylgi á Alþingi en dagaði uppi a.m.k. tvisvar ef ekki þrisvar, ég man það ekki nákvæmlega, vegna þess hversu seint það hefur verið fram lagt. Það mætti nefna mörg fleiri dæmi um vinnubrögð hjá þessum hæstv. ráðh.

Í frv. þessu er efnisbreytingin sú að Ríkismatið hætti að meta ferskan fisk og eiga lög þessi að taka gildi um áramót n.k. Hverjir skyldu eiga að taka við þessu þjóðhagslega mikilvæga starfi sem er það mikilvægt að það getur tryggt okkur markaði og það getur sett okkur út af mörkuðum?

Í grg. með frv. er sagt að hagsmunaaðilar semji um það sín á milli hvernig þessum málum verður háttað. Jafnframt er tekið fram í grg. að nægur tími ætti að vera til áramóta fyrir hagsmunaaðila til að koma sér saman um hvað við taki. Að vísu skal það viðurkennt að það kom fram hjá ráðherranum að nokkrar umræður hefðu farið fram um þetta í Landssambandi útvegsmanna, Sjómannasambandi, á fiskiþingi, en þar voru ekki samhljóða ályktanir eins og ráðherrann tók fram.

Þetta eru ærið vandasöm mál og mikið í húfi að vel takist. Ef frv. þetta yrði samþykkt á hæstv. Alþingi þá yrði það ekki fyrr en í lok næstu viku jafnvel þó sjávarútvegsráðherrahraði væri á. Það yrðu u.þ.b. 10–12 dagar til áramóta að jólahátíðinni meðtalinni. Virkir dagar mundu vera 5 eða 6. Það má nú segja að þarna sé gefinn ríflegur tími til þess að grunda málið vel. Hví í ósköpunum kemur ráðherrann ekki fyrr með þetta mál?

Ferskfiskeftirlitið hefur starfað í aldarfjórðung, eða frá 1961. Stofnun þess olli á sínum tíma þáttaskilum í fiskmeðferð og það hefur veitt mikið aðhald síðan þó oft hafi á það verið deilt bæði með réttu og röngu. Eitt er þó víst að því hefur hrakað umtalsvert í tíð núverandi sjútvrh. eftir að hann varð yfirmaður fiskmats á Íslandi.

Ein af rökunum í grg. eru að þær forsendur sem lágu að baki stofnunar Ferskfiskeftirlitsins séu ekki lengur fyrir hendi, t.d. hafi aukin sala á ferskum fiski erlendis hvatt menn til betri meðferðar. Hversu haldbær eru nú þessi rök?

Árið sem Ferskfiskmatið var stofnað var frystihúsavæðing ekki fyrir hendi í þeim mæli er síðar varð. Meiri hluti togaranna sigldi þá — og áður og eftir 1961 — með aflann á erlendan markað hluta ársins og sumir hverjir meginhluta ársins. Vandamálið hefur alltaf verið það að meðferð á þeim fiski sem selja á ferskan á erlendum markaði hefur verið betri en á þeim fiski sem landað hefur verið hérlendis. Þetta vandamál var til staðar 1961 þegar togararnir veiddu fyrir erlendan markað. Ef þeir hættu við siglingu af einhverjum ófyrirséðum ástæðum þá var það hráefni gjörólíkt að gæðum. Svo er enn í dag. Ég minnist þess fyrir svona 25–30 árum að ég vann við það af og til í heilan mánuð að vera eftirlitsmaður. Ég vann þá á fiskverkunarstöð og var eftirlitsmaður í sambandi við landanir úr togurum. Ekki var það nú beint á vegum Fiskmatsins — og þó. Það var ekki að sökum að spyrja, ef þeir togarar sem höfðu hætt við siglingu lönduðu hér heima þá var um allt annað hráefni að ræða. Þetta þekkja allir sjómenn. En aftur á móti var þetta ærið erfitt ef farið var út í túr og vitað var að landað yrði heima.

Útflutningur á ferskum fiski hefur aldrei leyst þau vandamál sem eru fyrir hendi að því er varðar gæði og meðferð á fiski sem landað er innanlands. Rökin í grg. eru því mjög haldlítil. Helstu rökin gætu verið þau að á nokkrum stöðum á landinu er hluti af afla settur í gáma og ég býst við því að það séu einu rökin sem hægt er að koma fram með, en hvort það leiðrétti eða rökstyðji slíkar aðgerðir dreg ég mjög í efa.

Í grg. er bent á að í frv. til fjárlaga sé gert ráð fyrir því að ferskfiskmat í núverandi mynd verði lagt niður 1. jan. 1987. Þetta afsakar ekki þau flaustursleg vinnubrögð sem hér eiga sér stað. Frá stofnun Ferskfiskeftirlitsins var séð fyrir tekjustofni til þess að standa straum af kostnaði við eftirlitið. Upphaflega var þar um að ræða 1,5 prómill af verðmæti

útfluttra sjávarafurða. Þegar sjóðakerfi sjávarútvegsins var einfaldað að tillögu Matthíasar Bjarnasonar þáv. sjútvrh. var áfram séð fyrir tekjum til eftirlitsins með skatti af útfluttum sjávarafurðum. Það er búið að afnema þetta og hefur verið gert í ráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar. En þetta kemur allt í einn stað niður. Í 23. gr. laga um Ríkismatið er heimild til þess að innheimta kostnað af störfum matsmanna hjá kaupendum og seljendum afla. Þetta ákvæði hefur verið notað til að standa straum af kostnaði við stærðarmat en lagaheimildin nær einnig til gæðamats. Þetta eru ekki aukaútgjöld fyrir kaupendur og seljendur því ef þeir ráða menn í þessi matsstörf þá liggur það ekki fyrir að þau verði unnin af sjálfboðaliðum, heldur hefur verið reiknað með að það væru launuð störf. Þetta afsakar því í engu þau flaustursiegu og óþinglegu vinnubrögð sem hér á að viðhafa.

Í 2. gr. þessa frv. er lagt til að felld verði niður 1. mgr. 10. gr. laganna um Ríkismatið, en 10. gr. hljóðar svo:

„Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim gera ráð fyrir.“

Í grg. segir að þetta sé nauðsynlegt þar sem stöður ferskfiskmatsmanna séu lagðar niður. En nú bið ég menn að athuga. Ég fæ ekki betur séð en að stjórn yfirmatsmanna á matsmönnum sé þarna afnumin og þá sé það ekkert bundið við ferskfiskmat. Ef þetta er eingöngu bundið við ferskfiskmat, hvar er það í lögunum? Ég hef ekki rekist á það. Valdið er tekið af yfirmatsmönnum til þess að stjórna matsmönnum og gefa þeim fyrirmæli. Þessi brtt. um að fella þennan lið niður jafngildir því að leggja Ríkismatið niður. Það er svo aftur á móti allt annað mál. Með afnámi þessarar greinar er stjórn yfirmatsmanna afnumin og þeir geta engin fyrirmæli gefið í neinni vinnslugrein séu lögin lesin.

En það er ekki ein báran stök í þessu frv. Manni verður á að spyrja: Hvað um síldarmatið? Síldarmatsmenn Ríkismatsins eiga eftir að taka út rúmar 200 000 tunnur af síld. Ekki gera þeir það fyrir áramót. Eftir áramót geta þeir engin fyrirmæli gefið matsmönnum stöðvanna og þar af leiðandi enga síld tekið út. Ég held að þarna hljóti að hafa skolast til í lagasmíð sjútvrh. og ég vildi biðja hæstv. sjútvn. deildarinnar að athuga þessi mál betur fyrir ráðherrann. Ráðuneytið sjálft veldur þessu greinilega ekki.

Fróðlegt er að upplýsa það nú að í hinum löngu og erfiðu samningaviðræðum um sölu saltsíldar til Sovétríkjanna í haust þá kröfðust Sovétmenn þess að allt mat á síld frá Íslandi færi fram í Sovétríkjunum, af Sovétmönnum sjálfum og Sovétmenn einir önnuðust þetta mat. Íslendingar harðneituðu þessu og vildu hafa matið áfram á Íslandi og í höndum Íslendinga. Þegar íslensku samningamennirnir spurðu hvort ástæða væri til þess að vantreysta íslenska síldarmatinu þá viðurkenndu Rússar að íslenska síldarmatið væri það langbesta sem þeir þekktu og féllu frá þeirri kröfu sinni að Rússar framkvæmdu sjálfir síldarmatið í Rússlandi. Ef þessar iagagreinar eru teknar eins og þær liggja fyrir í frv. — þeim má breyta — en ef það er meining hæstv. ráðh. þá hafa Sovétmenn fengið óvæntan liðsmann sem er íslenski sjútvrh., æðsti maður síldarmatsins. Maður gæti hreinlega haldið að þarna væri KGB-maður á ferðinni. Ef frv. þetta verður samþykkt óbreytt þá geta síldaryfirmatsmenn og aðrir yfirmatsmenn engin fyrirmæli gefið. Er þetta ekki skýrt og skilja menn þetta ekki?

Ef 4. gr. frv., sem er umorðun á 13. gr., verður samþykkt eins og lagt er til í frv., hvað verður þá um 22. gr. laganna sem fjallar um sama efni og 13. gr. á að fjalla um? Það er ekki lagt til að hún sé lögð niður en þó er 22. gr. efnislega öðruvísi. Varla gilda báðar geinarnar, eða hvað? Frv. þetta er illa undirbúið, seint á ferðinni og fagleg ráðgjöf hefur ekki verið úr fyrsta gæðaflokki hjá lagasmið.

Þess má geta að sú spurning vaknar: Hvernig á Verðlagsráð sjávarútvegsins að ákveða fiskverð fyrir tímann eftir áramót? Fiskverð hefur verið miðað við gæðaflokkun Ríkismatsins en nú er það flokkunarkerfi afnumið og hver kaupandi gæti þess vegna tekið upp sitt eigið kerfi. Fróðlegt væri að fá hugmyndir ráðherrans um þessi efni.

Ég vil taka undir það sem segir í grg. að fyrst og fremst er matið til þess að hafa eftirlit með gæðum en ekki verði. En það sýnir að þetta kallar á ýmis vandamál. Ég býst við að það væri nokkuð auðvelt að samræma þetta nýju kerfi. En eins og ég hef áður sagt þá er fiskmat vandasamt og mikið ábyrgðarstarf og eðli starfsins er þannig að um það hljóta eiginlega alltaf að standa deilur. Þess vegna verða öll lög og reglugerðir að vera skýrar og skilmerkilegar. Ef fiskmat bregst þá getur það valdið verðfalli og hruni á ýmsum greinum þeirrar atvinnugreinar sem framleiðir yfir 70% af okkar gjaldeyristekjum. Við höfum eitt nýlegt dæmi. Niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar varð fyrir 45 millj. kr. tjóni vegna þess að fiskmat stóð sig ekki nógu vel. Og það var dálítið skondið að fiskmatsmaður fyrirtækisins er eigandinn sjálfur. Var Kristján Jónsson löggiltur framleiðslustjóri, þ.e. fiskmatsmaður, eða sjálfskipaður? Hvernig var því háttað? E.t.v. er þetta 45 millj. kr. tjón ekki það versta og um þetta deilum við örugglega ekki, ég og sjútvrh. Ég held að álitshnekkirinn hafi verið verstur því að þetta átti sér stað á mjög þýðingarmiklum markaði. Svona mætti lengi telja og þetta sýnir hætturnar sem alls staðar leynast. Þess vegna má ekki vera að kasta fram illa sömdum lögum og reglugerðum í þessu máli.

Ég vara menn við, sérstaklega sjútvn. Alþingis, að samþykkja í fljótræði einhver lagaákvæði í þessu viðkvæma og þýðingarmikla máli og málum. Ég stóð hér 1984 og varaði við nýjum lögum um fiskmat. Flm. þess lagafrv. var hæstv. sjútvrh. Ég rökstuddi ítarlega að margar greinar í lögunum væru ónákvæmar, ein greinin stangaðist á við aðra og enn aðrar væru óskiljanlegar með öllu. Sjútvn. þingsins

lagfærðu frv. mikið en formælandi sjútvn. Ed. lýsti því yfir að nefndin hefði gert fleiri breytingar á lagafrv. ef til þess hefði unnist tími. Ef til þess hefði unnist tími. En lögin voru afgreidd á síðasta degi þingsins. Ég minni á upphaf ræðu minnar þar sem varað er við að kasta málum fram á síðustu stundu. Síðar komu reglugerðir á grundvelli þessara laga sem ollu deilum. Þá var leitað umsagnar eins virtasta lagaprófessors landsins, Sigurðar Líndals. Það er fróðlegt að heyra hvað lagaprófessorinn segir um þetta lagafrv. sem hæstv. sjútvrh. taldi bót mikilla meina og hefði hann fengið að ráða þá hefðu engar breytingar á því verið gerðar. En eins og ég tók fram var í Ed. sagt að vegna tímaskorts hefði ekki verið hægt að breyta þessu. Hvað segir lagaprófessorinn þegar leitað er álits hans á þessum fyrirmyndarlögum? Ég skal taka hér upp niðurlag af umsögn hans:

„Það skal að lokum tekið skýrt fram að hér er enginn dómur á það lagður hvernig æskilegast sé að haga mati og eftirliti með sjávarafurðum til útflutnings, heldur á það eitt að ekki hefur tekist að gera lögin og reglugerðina svo úr garði að neinni stefnu verði framfylgt svo viðunandi sé. Er þó líklega öllum ljóst að á sviði eins og þessu, þar sem miklir hagsmunir eru oft í húfi og veruleg hætta á árekstrum, er sérstök nauðsyn að reglur hvort heldur í lögum eða reglugerðum séu eins skýrar og skilmerkilegar og kostur er.“

Og síðan segir:

„Þessi lagasetning hefur tekist miklu miður en skyldi og hlýtur það að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir alþm. hvernig það gerist að lög þannig úr garði gerð komist í gegnum þingið. Einhver brotalöm virðist vera á tæknilegum undirbúningi löggjafar hér á landi. Reykjavík, 26. maí 1985. Sigurður Líndal prófessor.“

Þess má geta svona til gamans, þó það séu engin gamanmál, að mér er fortalið að í lagadeild Háskólans séu þessi lög lesin upp og reynt að skýra þau og að þau séu svona eins og kennslubókardæmi fyrir laganema um það hvernig lög eigi ekki að vera. Ég vil nú ekki nefna það nafn, það yrði óþinglegt, sem laganemar gefa þessum lögum, en þessi einkunn, sem prófessor Sigurður Líndal gefur Halldóri Ásgrímssyni sjútvrh. og reyndar öllum þm., á sér vart hliðstæðu. Og á nú að endurtaka svipaðan leik? Ég spyr ykkur, virðulegir alþm.: Er ekki nóg komið?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Listmunauppboð, 1. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 270.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Meginmarkmiðið með frv. til laga um listmunauppboð o.fl., sem samið hefur verið í viðskrn. og ég mæli nú fyrir, er að gera reglur um listmunauppboð frjálslegri en verið hefur.

Samkvæmt þessu frv. er ekki lengur gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda leyfishafa sem aðeins geti haldið uppboð í ákveðnum kaupstað hver fyrir sig, nánar tiltekið hafa leyfin verið bundin við fimm menn í Reykjavík og tvo menn í hverjum hinna tveggja kaupstaða sem leyfi hafa verið veitt til.

Reynslan hefur sýnt að fjöldi leyfishafa hefur verið of takmarkaður og erfiðleikum hefur valdið að geta ekki valið heppilega sali undir uppboð í nágrannakaupstöðum leyfishafa.

Í uppboðsleyfi felst heimild til að selja á frjálsu uppboði hvar sem er á landinu málverk, myndir, listmuni, bækur og frímerki. Rétt hefur þótt að gefa ekki aðeins einstaklingum kost á uppboðsleyfum, heldur og félögum eða öðrum lögaðilum á svipaðan hátt og gert er varðandi verslunarleyfi.

Þá hefur reynslan sýnt að æskilegt sé að lögfesta skýra heimild til að veita líknarfélögum og skyldum aðilum leyfi til að halda í fjáröflunarskyni einstaka uppboð, enda sé þá gætt ákvæða laga um listmunauppboð og annarra laga, t.d. laga um söluskatt.

Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að söluskattur verði áfram af andvirði seldra bóka og frímerkja en nýmæli er að í stað 25% söluskatts af málverkum, myndum og listmunum komi 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Með lækkun gjalda af málverkum, myndum og listmunum á uppboðum er stefnt að því að greiða fyrir söluformi þessu er nýtur vinsælda hér á landi sem erlendis. Jafnframt er hlúð að listamönnum og lögfest sú regla um sölu á ofangreindum verkum á listmunauppboðum er kallast fylgiréttur í erlendri löggjöf. Í fylgiréttinum felst að við endursölu á listaverkum renni ákveðinn hundraðshluti af söluverði til myndlistarmanna sjálfra eða erfingja þeirra. Ef ákvæðið verður lögfest er talið að með því verði stigið merkt skref í sögu norrænnar höfundaréttarlöggjafar og verði Ísland hér í fararbroddi.

Meiri hluti dönsku höfundaréttarnefndarinnar hefur gert tillögu um fylgirétt í danskri löggjöf. Skref það sem markað er í frv. þessu sýnist útlátalítið, enda er hér aðeins verið að tala um að fella niður söluskatt af málverkum, myndum og listmunum á listmunauppboðum, verkum sem ella yrðu gjarnan seld beint milli aðila án kvaða um greiðslu söluskatts. Ef höfundaréttur er fallinn niður, t.d. af gömlu málverki, eða fénu verði ekki ráðstafað, t.d. vegna þess að ekki er vitað um höfund, rennur gjaldið í starfslaunasjóð myndlistarmanna. Gert er ráð fyrir því að menntmrh. geti sett nánari reglur um ráðstöfun þessa gjalds, bæði að því er varðar fylgiréttinn og starfslaunasjóðinn.

Fleiri nýmæli er að finna í frv. t.d. um að

leyfishafar eða uppboðsstjórar megi hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd. Það ákvæði er sniðið eftir ákvæði í lögunum um nauðungaruppboð og er sett til að gæta sem best hagsmuna seljenda og bjóðenda á uppboðum. Að öðru leyti þá vísa ég til frv. og grg. með því.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Skipulagslög, 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 246.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til skipulagslaga, 230. máli Nd., þskj. 246.

Árið 1917 fékk Guðmundur Hannesson prófessor starfsbróður sinn, Magnús Pétursson bæjarlækni, til að flytja frv. til skipulagslaga. Guðmundur hafði þá um nokkurra ára skeið sýnt skipulagsmálum mikinn áhuga og m.a. gefið út bók um skipulag bæja árið áður. Alþingi vísaði þessu frv. til landsstjórnarinnar sem fékk Geir Zoega vegamálastjóra og Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, til að athuga það nánar. Þeir gerðu nokkrar breytingar á frv., en síðan var það lagt fyrir Alþingi árið 1920 og samþykkt sem lög 1921 með nokkrum breytingum. Frv. gerði m.a. ráð fyrir að lögin tækju til allra þéttbýlisstaða með yfir 200 íbúa, en Alþingi breytti því marki í 500. Árið 1938 var þessu marki breytt úr 500 íbúa í 200 eins og frv. 1917 hafði gert ráð fyrir og 1978 var ákveðið að skipulagslögin skyldu taka til allra sveitarfélaga.

Árið 1938 samþykkti Alþingi lög sem heimiluðu ráðherra að innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, er næmi allt að 3 prómill af brunabótavirði hverrar nýbyggingar sem reist verður á skipulagsskyldum stað. Var gjaldi þessu ætlað að standa straum af kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd skipulagsmála.

Skipulagslögin frá 1921 voru tekin til endurskoðunar árið 1958 og aftur 1961 og ný lög, skipulagslög, síðan sett árið 1964. Þau hafa gilt fram á þennan dag með breytingum 1972, 1974 og 1978.

Breytingin 1972 fólst í því að sveitarstjórnum var gegn skilyrðum veitt heimild til að annast um skipulag eigin sveitarfélags, en með breytingu 1974 var ákveðið að úr ríkissjóði skyldi árlega greidd til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Fram að þessu hafði ríkissjóður ekki lagt neitt fé af mörkum til skipulagsmála, jafnvel oft notað skipulagsgjöldin sem tekjulind fyrir ríkissjóð.

Þegar byggingarlögin voru samþykkt á Alþingi 1978 var skipulagslögum breytt þannig að þau skyldu ná til allra sveitarfélaga á landinu á sama hátt og byggingarlögin. Þá þegar var ljóst að endurskoða þurfti skipulagslögin vegna þessa nýja ákvæðis og vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Af ýmsum ástæðum dróst endurskoðun þessi á langinn á næstu árum, en í framhaldi af endurskoðun á reglugerð nr. 217/1966, um gerð skipulagsáætlana og staðfestingu á skipulagsreglugerð nr. 318/1985 sem leysti þá eldri af hólmi, samdi skipulagsstjórn ríkisins að beiðni félmrh. frv. til nýrra skipulagslaga sem voru afhent ráðuneytinu sumarið 1984.

Frv. þetta byggist að verulegu leyti á núgildandi lögum og að fenginni reynslu af framkvæmd þeirra. Stefna þess er, eins og segir í grg. með því, að færa frumkvæði og ábyrgð á sviði skipulagsmála til sveitarstjórna í auknum mæli.

Þá er í frv. það nýmæli að félmrh. skuli hafa frumkvæði að gerð landsskipulags er marki stefnu fyrir byggðaáætlanir og áætlanir hinna ýmsu stofnana. Enn fremur er lögð aukin áhersla á svæðisskipulag, en markmið þess er að samræma betur en verið hefur skipulagsáætlanir fyrir einstök byggðarlög og tengja áætlanirnar við framkvæmda- og fjárhagsáætlanir, svo sem byggðaáætlanir fyrir héruð og landshluta. Félmrn. sendi frv. skipulagsstjórnar til umsagnar til allra kaupstaða, landshlutasamtaka sveitarfélaga og ýmissa félaga, svo sem Arkitektafélagsins og Verkfræðingafélagsins. Töluvert barst af umsögnum um frv., en þó færri en við var búist.

Hinn 24. jan. 1986 skipaði ráðherra fjögurra manna starfshóp til að endurskoða skipulagslögin og var hann þannig skipaður: Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Zophonías Pálsson fyrrv. skipulagsstjóri og Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins. Starfshópurinn skyldi m.a. hafa hliðsjón af frv. skipulagsstjórnar frá 1984 og þeim tillögum sem ráðuneytinu höfðu borist um breytingar á lögunum. Starfshópurinn samdi nýtt frv. til skipulagslaga sem hann afhenti ráðherra í júlímánuði s.l. ásamt athugasemdum.

Frv. var sent til umsagnar til allra nýrra sveitarstjórna í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa og einnig til landshlutasamtaka sveitarfélaga og ýmissa stofnana og félagasamtaka. Í október og nóvember s.l. fjallaði starfshópurinn síðan um hinar ýmsu athugasemdir og þær brtt. sem borist höfðu. Allmargar ábendingar voru teknar til greina og frv. breytt í samræmi við það og er frv. flutt í því formi sem starfshópurinn gekk frá því í nóvember s.l.

Skal nú vikið að sjálfu frv. og helstu breytingum sem þar er um að ræða frá núgildandi lögum.

Kaflaskipting og niðurröðun efnis er töluvert frábrugðið því sem er í núgildandi lögum. I. kafli frv. fjallar um tilgang laganna, gildissvið og skilgreiningu skipulagsáætlana. Þessi kafli er nýmæli. Í

honum er kveðið á um að lögin gildi í lögsögu íslenska ríkisins, en lögin frá 1964 gildi aðeins innan marka hinna einstöku sveitarfélaga.

Þá er í þessum kafla skilgreining á þeim fjórum tegundum skipulagsáætlana sem lögin kveða á um að gerðar skuli, en um þetta eru ekki skýr ákvæði í gildandi lögum. Það eru landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Hugtakið landsskipulag er nýtt í íslenskum lögum. Hins vegar hafa áþekk hugtök, svo sem landsplan og rigsplan, unnið sér nokkurn sess í dönskum og sænskum lögum.

II. kafli fjallar um stjórn skipulagsmála. Hann er mjög svipaður I. kafla gildandi laga. Þó er sú breyting gerð á skipun manna í skipulagsstjórn ríkisins að ráðherra skipar þrjá menn eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tvo án tilnefningar, alla til fjögurra ára. Skv. gildandi lögum skipar ráðherra tvo menn í skipulagsstjórn, en hin sætin eru bundin við embætti húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og vita- og hafnamálastjóra. Þó það þætti eðlilegt árið 1921 að embættismenn ættu setu í skipulagsnefnd ríkisins þar sem varla var um aðra tæknimenntaða menn að ræða eru aðstæður gerbreyttar nú hvað þetta varðar.

Nokkur breyting er gerð í frv. á verksviði skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra. Stofnun þeirri, er skipulagsstjóri veitir forstöðu og almennt hefur gengið undir nafninu Skipulag ríkisins, er gefið nafnið Skipulagsstofa ríkisins í frv.

Ein meginbreyting frv. frá gildandi lögum felst í 9. gr. þess, en þar er kveðið svo á að allar sveitarstjórnir skuli láta gera skipulagsáætlanir hver fyrir sitt sveitarfélag. Skv. gildandi lögum er þessi skylda lögð á skipulagsstjóra ríkisins. Þeim möguleika er þó haldið opnum að sveitarstjórnir geti falið þetta verk Skipulagsstofu ríkisins eða einkaaðilum í samráði við skipulagsstjóra. Fyrir hin stærri sveitarfélög yrði aðalreglan væntanlega sú að sveitarstjórn feli starfsmönnum sínum að annast skipulagsstörfin eins og önnur störf fyrir sveitarfélagið. Breyting þessi er gerð til að leggja áherslu á að skipulagsmálin eru fyrst og fremst mál hvers sveitarfélags og því eðlilegt að þau beri af þeim veg og vanda eins og öðrum málefnum sveitarfélagsins.

Vegna smæðar margra sveitarfélaga og vegna þess hve erfitt hefur reynst að fá tæknimenntaða menn til starfa utan höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að fámennari sveitarfélögin geti notið aðstoðar Skipulagsstofu ríkisins fyrst um sinn.

Nýmæli er það í 8. gr. að heimilt er að ráða skipulagsráðgjafa eða setja á stofn útibú frá Skipulagsstofu ríkisins sem starfi í tengslum við þjónustustöðvar í einstökum kjördæmum, enda komi ósk um það frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Heimildarákvæði þetta er sett vegna ábendingar landshlutasamtaka sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að útibú þessi komi samtímis því að kjördæmin komi sér upp þjónustumiðstöðvum og er hér komið til móts við þau sjónarmið að færa stofnanir nær þeim sveitarfélögum sem þær eiga að þjóna. Reynslan mun skera úr um hvernig þetta fyrirkomulag reynist, en ég vil nefna í þessu sambandi að nú standa yfir viðræður við Byggðastofnun ríkisins um að hefja þetta starf með fleiri aðilum.

Nýmæli er að finna í 10. gr., sbr. einnig 6. mgr. 48. gr., en þar er kveðið svo á að í sveitarfélögum sem hafa yfir 1000 íbúa skuli kjósa sérstakar skipulagsnefndir og jafnframt að þessi sveitarfélög skuli sjálf kosta gerð deiliskipulags að fullu. Fámennari sveitarfélög skulu hins vegar aðeins kosta gerð deiliskipulags að hálfu á móti Skipulagsstofu ríkisins.

Í III. kafla er farið nánar út í skilgreiningu þeirra fjögurra tegunda skipulagsáætlana sem frv. gerir ráð fyrir. Félmrh. er veitt heimild til að hafa frumkvæði að gerð landsskipulags, en ráðuneytum og opinberum stofnunum þá skylt að veita aðstoð við það verk eftir því sem ráðherra telur nauðsynlegt. Tillögu að landsskipulagi skal síðan leggja fyrir Alþingi til kynningar. Landsskipulagi er ætlað að marka í stórum dráttum stefnu ríkisstjórnar um þróun mála næstu fjögur árin, en áætlunina skal síðan endurskoða eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Eins og áður hefur verið vikið að er þetta algert nýmæli hér á landi og verður reynslan ein að skera úr um hvernig heppilegast er að standa að svona verkefni og hversu víðtæk áætlun skuli vera. Nokkur vísir að áætlun sem þessari er sú stóraukna stjórnun sem af brýnni nauðsyn er tekið að beita bæði í landbúnaði og fiskveiðum.

Skilgreining svæðisskipulags er mun ítarlegri en í gildandi lögum. Sama er að segja um skilgreiningu á aðalskipulagi, en bæði þessi hugtök hafa verið frekar óljós. Meðan svæðisskipulag tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög, t.d. Ölfus, Eyjafjörð, Suðurnes eða höfuðborgarsvæðið svo dæmi séu tekin, nær aðalskipulag einungis yfir eitt sveitarfélag. Sú skylda er lögð á allar sveitarstjórnir í landinu, bæði þéttbýlisstaða og sveitahreppa, að þær skuli láta gera aðalskipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið.

Sú viðbára hefur komið fram að litlum tilgangi þjóni að gera aðalskipulag fyrir sveitahreppa þar sem engra breytinga sé að vænta varðandi landsnotkun. Við gerð aðalskipulags fyrir slíkt sveitarfélag yrði að gera ýmsar kannanir, svo sem búrekstrarkönnun, áður en ákvörðun er tekin um breytt ástand. Óbreytt ástand í sveitarfélaginu verður einnig að teljast vera stefnumarkandi ákvörðun.

Það nýmæli er í þessum kafla að áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til tillögu að aðalskipulagi skal hún efna til almenns borgarafundar þar sem hún kynnir tillöguna. Einnig er það nýmæli að þegar sveitarstjórn hefur lokið gerð deiliskipulags skal það auglýst og kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins.

IV. kafli fjallar um ítarlegri meðferð skipulagsáætlana, hvernig þær skuli auglýstar og hafðar almenningi til sýnis og síðan samþykktar af skipulagsstjórn og staðfestar af ráðherra. Aðalreglan er sú að staðfesta skuli aðalskipulagsáætlanir fyrir öll

sveitarfélög, enn fremur deiliskipulag eldri hverfa sem fyrirhugað er að endurbyggja að einhverju eða öllu leyti og deiliskipulag á landi sem er í einkaeign. Reglur þessar eru í aðalatriðum þær sömu og nú gilda um samþykkt og staðfestingu skipulagsáætlana, en ítarlegri og skýrari.

V. kafli fjallar um eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana. Í 28. gr. er sú nýjung að ef sveitarstjórn lætur undir höfuð leggjast að ganga frá tillögu að aðalskipulagi er skipulagsstjórn heimilt að fengnu samþykki ráðherra að láta framkvæma verkið á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélags. Er þessi grein sett til að veita þeim sveitarstjórnum, sem vanrækja þá skyldu sína að láta gera aðalskipulag fyrir sveitarfélagið, hæfilegt aðhald. Að öðru leyti er þessi kafli í samræmi við ákvæði gildandi laga.

VI. kafli fjallar um endurskoðun skipulagsáætlana og er að mestu í samræmi við gildandi ákvæði. Þó er það nýmæli í 35. gr. að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi, skal jafnan gefinn kostur á að kynna sér breytinguna og tjá sig um hana áður en tillagan er send skipulagsstjórn til samþykktar. Er þetta ákvæði hliðstætt 2. mgr. í 3.1.1. í byggingarreglugerð sem sett var 1983.

VII. kafli, sem fjallar um landmælingar og lóðaskrá, er efnislega í samræmi við gildandi lög með þeirri undantekningu þó að sveitarstjórnum er gert skylt að láta gera skrá yfir allar fasteignir í sveitarfélaginu og halda henni við, en í gildandi lögum er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Sérstök lög gilda um lóðaskrásetningu í Reykjavík og á Akureyri, en í öðrum sveitarfélögum er þessari skrásetningu víða ábótavant.

Félmrn. skal setja reglugerð um skráningu fasteigna í samráði við Hagstofuna, Fasteignamatið og skipulagsstjórn. Eins og stendur er mikið ósamræmi í skrásetningarkerfinu, þjóðskrár, Hagstofunnar, Fasteignamats og Brunabótafélags Íslands, sem er til mikils óhagræðis fyrir sveitarfélögin. Ég vil geta þess að á þessu ári skilaði nefnd af sér sem endurskoðaði samræmingu á fasteignamati og brunabótamati og liggja nú þegar fyrir í viðkomandi ráðuneytum fullmótuð frumvörp til breytinga á þessu atriði sem á að gera mögulegt að samræma þetta mat sem allir eða flestir virðast sammála um að sé brýn nauðsyn.

VIII. kafli er um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur. Að meginhluta er þessi kafli í samræmi við ákvæði þau sem er að finna í VII. kafla gildandi laga að undanskildu því ákvæði síðustu mgr. 45. gr. að ekki beri að miða eignarnámsbætur við ætlað framtíðarverð vegna framkvæmda sveitarfélags í samræmi við skipulag sem er nýmæli í íslenskum lögum, en áþekk regla varðandi mat á eignarnámsbótum var leidd í lög í Noregi fyrir nokkrum árum. Þegar sveitarfélög hafa þurft að taka lönd eignarnámi vegna fyrirsjáanlegrar þróunar byggðar hafa matsmenn sjaldnast miðað við hver arður sé af eigninni við eðlilega notkun heldur miðað bætur við áætlað framtíðarverð lóða. Hefur þetta gert mörgum sveitarfélögum torvelt að tryggja sér nægilegt land undir framtíðarbyggð.

Rétt er að vekja athygli á því að VI. kafli í gildandi lögum, sem fjallar um framkvæmd skipulags í eldri hverfum, hefur verið felldur niður. Þessum ákvæðum hefur aldrei verið beitt, enda eru þau flókin og þung í vöfum. Hins vegar hefur heimild sveitarstjórna til að taka einstakar fasteignir eignarnámi, þegar ekki næst samkomulag milli eigenda ákveðins byggingarreits um uppbyggingu hans, verið rýmkuð nokkuð, sbr. 44. gr.

Í 42. gr. er það nýmæli að þar er sveitarstjórnum að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og með samþykki ráðherra heimilað að taka eignarnámi efnisnámur sem nauðsynlegar eru taldar til framkvæmda á skipulagi.

IX. kafli er um greiðslu kostnaðar o.fl. Í frv. er gert ráð fyrir að kostnaður við mælingar og kortagerð greiðist til helminga af ríki og viðkomandi sveitarfélagi svo sem verið hefur skv. gildandi lögum. Sama á við sem kostnað við svæðisskipulag og aðalskipulag. Um kostnað við gerð deiliskipulags er lagt til að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa beri þann kostnað allan, en í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa greiðist hálfur kostnaður af Skipulagsstofu ríkisins en hálfur af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Vilji sveitarfélag sjálft annast um gerð og endurskoðun eigin skipulags, sbr. 49. gr., er skylt að endurgreiða því þau skipulagsgjöld sem innheimtast í sveitarfélaginu. Skv. gildandi lögum er einungis heimilt að endurgreiða þeim helming þeirra gjalda. Þessi breyting leiðir til töluvert aukinna útgjalda fyrir ríkið því nú þegar hafa tíu stærstu sveitarfélög landsins, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Akranes, Akureyri, Húsavík og Njarðvík, tekið að sér að annast eigið skipulag. Árið 1984 námu skipulagsgjöld í þessum sveitarfélögum 9,9 millj. kr. Til að vega á móti þessum aukna kostnaði er lagt til að ríkissjóður leggi árlega til skipulagsmála eigi lægri upphæð en nemur innkomnum skipulagsgjöldum liðins árs, en skv. gildandi lögum ber ríkissjóði aðeins að leggja fram upphæð er nemur helmingi innkominna skipulagsgjalda.

Frv. gerir ráð fyrir að tekjuöflun ríkisins til skipulagsmála verði óbreytt frá því sem nú er, þ.e. miðist við 3 prómill af brunabótamati allra nýbygginga og 3 prómill af fasteignamati þeirra mannvirkja sem ekki eru metin til brunabóta. Tekjustofn þessi, ásamt því framlagi frá ríkinu sem lögfest var 1975 og nemur helmingi skipulagsgjalda hvers árs, hefur dugað til að standa straum af kostnaði ríkisins vegna skipulagsmála s.l. áratug. Verði hins vegar farið inn á þá braut að stofna til útibúa frá Skipulagsstofu ríkisins í hinum ýmsu kjördæmum, svo sem frv. veitir heimild til skv. 8. gr., má búast við að fjár verði bráðlega vant. Einnig má gera ráð fyrir að landsskipulag, ef út í gerð þess verður farið, geti orðið nokkuð kostnaðarsamt.

Þegar gildandi lög voru samþykkt á Alþingi 1964 var nokkuð deilt á það fyrirkomulag að innheimta 3 prómill af brunabótamati hverrar nýbyggingar til að standa straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, einkum þar sem ríkissjóður hafði þá um allmörg ár aðeins greitt hluta þessa innheimta gjalds til skipulagsmála en afgangurinn runnið í ríkissjóð. Enginn kom þó auga á heppilegri gjaldstofn og því var þessi gjaldheimta samþykkt óbreytt eins og hún hefur verið allt frá 1938.

Rétt þykir að geta þess að í frv. því sem lagt var fyrir Alþingi 1961 var gert ráð fyrir að landið skiptist í átta skipulagssvæði er fylgdu kjördæmaskiptingunni og var þá jafnframt gert ráð fyrir sérstakri skipulagsnefnd og skipulagsdeild í hverju kjördæmi. Alþingi þótti þessi tilhögun ekki tímabær þá og var þetta ákvæði því fellt úr frv. þegar það var samþykkt 1964. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa hins vegar tekið undir þessa hugmynd við endurskoðun laganna. Hugmynd þessi hefur verið skoðuð og er allrar athygli verð. Hins vegar verður að telja það nokkuð mikið stökk í einu að stofna 6–7 nýjar skipulagsdeildir, enda er hætt við að slíkt fyrirkomulag mundi kalla á mun meiri fjárframlög til skipulagsmála en nú gert ráð fyrir. Hins vegar er í frv. heimild fyrir ráðherra að setja á stofn útibú frá Skipulagsstofu ríkisins í tengslum við þjónustu miðstöðvakjarnanna þar sem sérstök ástæða þykir til. Reynist þetta fyrirkomulag vel og fáist nægilegt fjárframlag er ekkert því til fyrirstöðu að sett verði upp útibú frá Skipulagsstofu ríkisins í tengslum við þjónustumiðstöð hvers einasta kjördæmis.

Ljóst er að gildandi lög, sem að stofni til eru frá 1921, eru að mörgu leyti úrelt orðin þannig að telja verður að endurskoðun þeirra hafi verið mjög tímabær. Frv. það sem hér liggur fyrir hefur, eins og áður sagði, hlotið mjög ítarlega kynningu hjá þeim aðilum er þetta mál einkum varðar og tekið hefur verið tillit til fjölmargra athugasemda er bárust frá þeim.

Herra forseti. Það er von mín að frv. fái góðar undirtektir á hv. Alþingi og ég legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er mikilsvert mál á ferðinni sem hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir, frv. sem hann flytur, en frv. þetta sætir hins vegar ekki þeim tíðindum sem þurft hefði að vera við endurskoðun skipulagslaga. Það eru ekki neinar stórfelldar breytingar á ferðinni hér, eins og kom raunar fram í máli hæstv. ráðh., en endurskoðuð þó ýmis atriði gildandi laga, sitthvað fært þar til betri vegar eflaust og tekin upp viss nýmæli sem gerð hefur verið grein fyrir, en meginhugsunin í frv. er mjög svipuð og í gildandi lögum, þ.e. að með þennan málaflokk, skipulagið og staðfestingu og ákvörðun varðandi skipulagsáætlanir, verði farið á lokastigi af Skipulagsstjórn ríkisins og ráðuneyti. Ég hefði talið að í sambandi við endurskoðun þessara mála hefði þurft að koma til veruleg breyting sem fæli í sér valddreifingu í þessum málaflokki og færði ákvörðunarvaldið út til aðila í landshlutunum á grundvelli almennra leiðbeininga sem lögin mörkuðu ramma um.

Ég held að það sé ekki í takt við tímann og alls ekki í takt við þá áherslu sem ég hef mælt fyrir og minn flokkur í sambandi við meðferð mála að halda þessum þýðingarmikla málaflokki, stjórn skipulagsmálanna, í jafnmikilli miðstýringu frá ráðuneyti og skipulagsstjórn, undir þess verndarvæng, og í staðinn hefðu þurft að koma til aðilar kosnir í landshlutunum sem fengju raunveruleg völd varðandi ákveðna þætti skipulagsmálanna, þar á meðal í sambandi við afgreiðslu deiliskipulags í einstökum sveitarfélögum. Um þessi mál hefur verið fjallað, eins og hæstv. ráðh. gat um, á undirbúningsstigi af ýmsum aðilum og ég vil aðeins rekja þær ábendingar sem fram komu frá aðilum á Austurlandi sem fóru með þessi efni og höfðu þá til hliðsjónar breytingartillögur starfshóps sem vann á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga á s.l. sumri.

Settir voru til athugunar á vegum Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tveir menn, Árni Kjartansson arkitekt og byggingarfulltrúi á Höfn í Hornafirði, byggingarfulltrúi fyrir Austur-Skaftafellssýslu, og Þórhallur Pálsson sem er forstöðumaður Skipulagsstofu Austurlands á Egilsstöðum og arkitekt að mennt. Þeir skiluðu greinargerð til stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og raunar til aðalfundar sambandsins 28. og 29. ágúst s.l. og þar sem þessi greinargerð er ekki löng vil ég, með leyfi forseta, hafa hana hér yfir þannig að hún geti verið til hliðsjónar í nefnd. Þar segir:

„Samkvæmt tilmælum SSA, Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sbr. bréf stjórnar dags. 15. ágúst s.l., höfum við undirritaðir farið yfir frv. til skipulagslaga, sem samið var á vegum félmrn., og breytingartillögur starfshóps á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Við erum í meginatriðum sammála brtt. hinna síðarnefndu, en höfum þó gert athugasemdir við einstakar greinar. Megininntak brtt. starfshópsins er að komið verði á fót skipulagsnefndum og skipulagsstofum landshlutanna sem fái að hluta til verkefni frá ríkinu og ákvörðunarvald í málum er snerta hvern landshluta fyrir sig. Athugasemdir okkar við þessar brtt. hafa miðast að því að gera hlutverk þessara nýju stofnana skýrara. Okkur er hins vegar ljóst að þessi tilhögun byggist á því að lögleitt verði einhvers konar stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaga sem tryggi framkvæmd laganna, en eins og kunnugt er eru ekki í gildi nein bindandi ákvæði um samstarf sveitarfélaganna í hverjum fjórðungi.

Í 12. gr. tillagnanna er greint frá kjöri skipulagsnefndar landshlutanna og hlutverki skipulagsstofa á þeirra vegum. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því að landshlutasamtök sveitarfélaganna taki þátt í framkvæmd skipulagslaganna með formlegum hætti. Þetta ákvæði þarfnast e.t.v. lögfræðilegrar athugun-

ar þar sem landshlutasamtökin eru frjáls samtök sveitarfélaganna.

Á Austurlandi hafa sveitarfélögin í sameiningu rekið skipulagsstofu undanfarin sjö ár. Hugmyndir að sambærilegum stofnunum í öðrum landshlutum hafa komið fram en aldrei náð fram að ganga, en með þessari nýju lagasetningu gæti fundist lausn á þeim málum. Það hefur verið venja stjórnvalda að setja lög og reglugerðir án þess að ganga í hverju tilfelli úr skugga um að þau væru framkvæmanleg og fylgja þeim eftir. Dæmi um þetta eru byggingarlögin og byggingarreglugerð sem tóku gildi árið 1978 og eru enn ekki komin til fullrar framkvæmdar um allt land. Allir þekkja lög sem ekki hefur tekist að framkvæma sökum fjárskorts, sbr. húsnæðislöggjöfina og margt fleira.

Við viljum að tryggt verði að ný skipulagslög lendi ekki á þeirri hillu og verði marklaust plagg sökum þess að ekki var gerlegt eða ekki var áhugi á að framfylgja þeim. Það er því að okkar mati ákaflega brýnt að leggja mikla alúð við þann hluta laganna sem snertir fjármálahliðina. Í því sambandi bendum við á hversu sveitarfélög á Íslandi eru misstór og innbyrðis ólík. Skilyrði þeirra til að taka að sér á eigin kostnað verkefni samkvæmt lögum eru því ærið misjöfn, nema til komi útjöfnun með einhverjum hætti eða náin samvinna þeirra á meðal.

Ákvæði 49. gr. tillagna starfshóps Sambands ísl. sveitarfélaga, um skiptingu kostnaðar við gerð skipulagsáætlana, verður að skoða í samhengi við 50. gr. sömu tillagna og aðrar reglur um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og samskipti þar á milli.

Við leggjum áherslu á að hér komi til peningaleg úttekt sem miðist við að leiða í ljós hvaða svigrúm er fyrir hendi og hvaða líkur fyrir að markaðir tekjustofnar hrökkvi fyrir framkvæmd skipulagslaganna í heild. Við leggjum enn fremur áherslu á að fjárframlög ríkisins til þeirra verkefna, sem sveitarfélög og samtök þeirra skulu annast samkvæmt skipulagslögunum, séu ekki bundin við einstök verkefni og þannig komið í veg fyrir að ríkið hlutist til um innri málefni sveitarfélaganna. Að lokum skal bent á að kynning nýrra skipulagslaga fyrir almenningi og öllum þeim aðilum sem þau varða er alger nauðsyn. Það er verulegur misbrestur á því að slíkt sé gert með þeim hætti hérlendis að það nái eyrum þeirra sem til er ætlast. Mætti í því sambandi benda á að líklega væri betur statt í framkvæmd byggingarlaga og reglugerða ef almennilega og fagmannlega hefði verið staðið að kynningarmálum þar í upphafi."

Undir þetta rita nefndir tilkvaddir fulltrúar, Árni Kjartansson og Þórhallur Pálsson. Gert á Egilsstöðum 27. ágúst 1986.

Þessum athugasemdum þeirra fylgdu síðan beinar tillögur varðandi frv. til skipulagslaga með áorðnum breytingum vinnuhóps formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna. Þar sem ekki hefur verið nema að takmörkuðu leyti tekið tillit til álits þessa starfshóps landshlutasamtakanna eru þessar brtt. nefndra fulltrúa ekki í takt við það frv. sem hér hefur verið lagt fram og sé ég því ekki ástæðu til að fara að rekja þær í einstökum atriðum, en mun veita þeirri nefnd, sem fær frv. þetta til meðferðar, félmn., aðgang að þessum tillögum eins og þær komu fram við umrædd drög.

Þetta mál var síðan til umræðu á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Þar var samþykkt álit, gerð ályktun varðandi frv. til skipulagslaga, og ég leyfi mér að lesa það, það er ekki langt, herra forseti:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Egilsstöðum dagana 28. og 29. ágúst 1986, tekur efnislega undir þær tillögur til breytinga á frv. til skipulagslaga sem fram koma í tillögum vinnuhóps er tilnefndur var af formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna til að yfirfara fyrrgreint frv. En þær eru í meginatriðum þessar:

1. Skipulag ríkisins hafi fyrst og fremst með hendi almenna yfirstjórn skipulagsmála, kortagerð og mælingar, sé opinberum aðilum til ráðuneytis um skipulagsmál, sjái um landsskipulag og að svæðisskipulagsáætlanir samræmist því og gangi frá skipulagsuppdráttum er berast og þurfa staðfestingar við.

2. Í hverjum landshluta sé kosin skipulagsnefnd sem sé til ráðuneytis fyrir sveitarstjórnir í landshlutanum og hlutaðeigandi landshlutasamtök í skipulagsmálum. Slík skipulagsnefnd hafi með höndum yfirstjórn skipulagsstofu landshlutans, annist gerð svæðisskipulagsáætlana í samvinnu við sveitarstjórnir og skipulag ríkisins. Hlutverk hennar sé jafnframt að hafa eftirlit með gerð aðal- og deiliskipulags á vegum einstakra sveitarfélaga og hafa umsjón með því að farið sé eftir gildandi skipulagi. Skipulagsmálanefnd" — það mun vera skipulagsmálanefnd fundarins — „telur að ekki sé unnt að svo komnu máli að taka afstöðu til IX. kafla frv., er fjallar um greiðslu kostnaðar, þar sem ekki liggja fyrir nægjanlega góðar upplýsingar þar að lútandi og leggur til að kosin verði nefnd þriggja manna er skoði það ákvæði nánar og skili áliti þar um til stjórnar SSA."

Þetta var álit aðalfundar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Ég tek í öllum aðalatriðum undir þau viðhorf sem fram koma í þessu áliti og í þeirri grg. sem nefndir tilkvaddir fulltrúar, Árni Kjartansson og Þórhallur Pálsson, lögðu fram um þessi efni. Mér þykir leitt að þetta frv., sem hér er fram komið, tekur ekki neitt teljandi tillit til þeirra meginhugmynda sem þarna koma fram um að færa ábyrgð og vinnu að skipulagi, bæði fyrir einstök sveitarfélög og svæðaskipulagið, þar sem fleiri sveitarfélög eiga hlut að, að færa það út í landshlutana.

Ég hef flutt tillögur, og flutti tillögur í fyrra, til breytingar á sveitarstjórnarlögum varðandi þriðja stjórnsýslustigið sem byggt yrði í aðalatriðum á núverandi kjördæmaskipan nema hér suðvestanlands. Eitt af því sem gert var ráð fyrir samkvæmt þeim tillögum mínum var að skipulagsmálin flyttust í verulegum mæli til þessara nýju héraða, til þessa nýja stjórnsýslustigs. Það stendur mjög í mönnum

að gera nauðsynlegar breytingar í átt til valddreifingar vegna þess að ekki hefur skapast meiri hluti hér á Alþingi fyrir nýju stjórnsýslustigi, fyrir tilkomu héraða eða fylkja, sem er forsenda þess, að mínu mati, að hægt sé með skipulegum og skilmerkilegum hætti að flytja mjög þýðingarmikil, veigamikil verkefni frá ríkinu yfir til þessa nýja stjórnsýslustigs og þar með að flytja vinnu að þessum málum út í landshlutana þar sem tekið verði á þessum málum með lýðræðislegum hætti af þar til kjörnum fulltrúum.

Það er öllum ljóst að hin frjálsu landshlutasamtök sveitarfélaga eru ekki nema að takmörkuðu leyti í færi um að taka að sér slík verkefni. Um þau hafa ekki verið sett nein lög, þó í einstökum tilvikum hafi þeim verið falin ákveðin verkefni, og það eru ekki óskir uppi um það almennt að farið verði að lögfesta þessi samtök. Ég legg áherslu á það að þegar ég tala um héruð, þá er um að ræða stjórneiningar undir þar til kjörinni, lýðræðislega kjörinni stjórn heima fyrir. En þennan grunn vantar og því er ósköp eðlilegt að í þessum tillögum hjá hæstv. félmrh., sem ekki hefur tekið undir hugmyndir um nýtt stjórnsýslustig um héruð eða fylki, að í hans frv. sé ekki að finna tillögur varðandi skipulagsmálin er byggi á þeirri valddreifingu, möguleikum til valddreifingar sem í því gætu falist að koma upp slíku stjórnsýslustigi.

Hæstv. ráðherra mun eflaust benda á 8. gr. frv., hann vék raunar að því hér áðan í sinni framsögu, að þar er ráðherra heimilt „að fenginni umsögn skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að ráða skipulagsráðgjafa eða setja á stofn útibú sem starfa skulu í tenglsum við þjónustustöðvar í einstökum kjördæmum, enda komi ósk um það frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra.“ Þetta er efni 8. gr. frv. Þarna er sú hugsun uppi, veik hugsun því hér er aðeins um heimild að ræða fyrir ráðherra, að færa vissa þætti þessarar skipulagsvinnu með útibúum og starfi skipulagsráðgjafa sem starfi við þjónustustöðvar í einstökum kjördæmum. Þarna er verið að prjóna við þá hugsun, sem fram hefur komið og er nú til umræðu, að byggja upp einhvers konar stjórnsýslustöðvar í tengslum við Byggðastofnun, að koma upp slíkum stöðvum úti í kjördæmunum. Þetta eru viðbrögð þeirra manna sem stóðu að því hér á Alþingi, þegar sett voru lög um Byggðastofnun, að flytja þá stofnun ekki út frá Reykjavík, eins og tillögur voru uppi um, að setja hana niður úti á landi, og þeirra manna sem ekki hafa tekið undir millistig í stjórnsýslunni. Þetta á að koma að einhverju leyti í staðinn fyrir þær hugmyndir og kröfur sem uppi eru um valddreifingu.

Ég tel þetta algerlega ófullnægjandi hugmyndir, og í rauninni ekki lýðræðislegar hugmyndir, og alls ekki á ferðinni þá valddreifingu sem þyrfti að verða í þessum málum. Byggðastofnun á að starfa og starfar undir ákveðinni stjórn sem kosin er héðan af Alþingi og er í reynd miðstýrð stofnun. Að ætla að fara að fela henni ákvarðanir um það að setja niður og byggja upp stjórnsýslumiðstöðvar úti í kjördæmunum, það tel ég ekki lýðræðislega að verki staðið og ekki vænlegt til árangurs, því miður. Ég er út af fyrir sig ekki að andmæla því að slík skref verði stigin. Ef menn ekki ná saman um annað og meira, þá hef ég að sjálfsögðu ekki á móti því að menn stígi stutt skref í þessa átt, frekar en ekki neitt. En ég bendi á að uppbygging þessara miðstöðva, sem þarna eru á ferðinni, er mjög ófullnægjandi í ljósi þeirra krafna sem uppi hafa verið og eru uppi út um allt land, að færa vald og ábyrgð frá ríkisvaldinu hér í Reykjavík og stjórnarráðinu hér í Reykjavík út í landshlutana. Þess vegna er einnig sú hugsun, sem hér er á ferðinni skv. 8. gr. þessa frv., allsendis ófullnægjandi, enda er þar aðeins á ferðinni heimild sem engin vissa er fyrir að hve miklu leyti verður notuð og tengist fjárhagsþætti þessara mála og hversu mikið fjármagn verður til ráðstöfunar til skipulagsmálanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í minni háttar atriði í þessu máli. Ég tek það fram að sitthvað er í þessu frv. sem ég get tekið undir og er til lagfæringar, en ég vil leggja áherslu á að hér er tekið með ófullnægjandi hætti á mjög stóru máli, allsendis ófullnægjandi hætti. Ég tel að Alþingi þurfi að manna sig upp í að fjalla um skipulagsmálin út frá þeirri meginhugsun um valddreifingu, sem ég hef borið hér fram, að færa ábyrgð í ýmsum þáttum skipulagsmálanna út í landshlutana, jafnframt því sem þingið þyrfti að stíga það skref, sem tillögur komu fram um í fyrra í sambandi við frv. til sveitarstjórnarlaga, að koma upp héruðum sem þriðja stigi í stjórnsýslunni.

Ég vænti þess, herra forseti, að þær ábendingar, sem hér hafa komið fram í mínu máli og liggja fyrir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum sveitarfélaga o.fl., verði skoðaðar gaumgæfilega í þingnefnd og menn rasi ekki um ráð fram í sambandi við lögfestingu þessa frv. Það er mjög afdrifaríkt hvaða afgreiðslu þessi mál fá hér í þinginu og að mínu mati þurfa menn að taka á þessum málum með miklu róttækari hætti en gerst hefur, auk þess að tryggja að sjálfsögðu að nauðsynlegt fjármagn fáist til þessa þýðingarmikla málaflokks, skipulagsmálanna, en allt hefur það verið mjög í skötulíki nú um langt skeið og skipulag því mjög ófullkomið og langt á eftir í rauninni. Af því hafa oft hlotist veruleg óhöpp og hætt við að þau eigi eftir að endurtaka sig, nema þarna verði veruleg breyting á öllum tökum varðandi þessi mál.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. 45. gr. þessa frv. hljóðar svo:

„Við ákvörðun eignarnámsbóta skv. 42. og 44. gr. skal m.a. taka tillit til verðs sambærilegra eigna á almennum markaði og hver arður af eigninni hefur verið við eðlilega notkun fram að gerð skipulags eða eignarnámi, en eigi skal miða eignarnámsbætur við ætlað framtíðarverð eignar.“

Í athugasemdum við þessa grein segir:

„Þessi grein fjallar um ákvörðun eignarnámsbóta og eru þau ákvæði nýmæli í íslenskum lögum en eiga sér hliðstæðu t.d. í norskum lögum. Niðurlag greinarinnar er til komið vegna þess að í ýmsum matsgerðum virðist byggt á áætlunum um framtíðarverð."

Eins og forseta og hv. þingdeild mun kunnugt höfum við þm. Alþfl. á ýmsum undanfarandi þingum flutt lagafrumvarp um ákvörðun eignarnámsbóta sem sérstaklega mundu eiga við í grennd við þéttbýli þar sem við höfum lifað við það fyrirkomulag á undanförnum árum að verð á landi hækkaði fyrir tilstuðlan þéttbýlisins en án þess að eigandi landsins hefði lyft fingri sjálfur til þess að gera það með neinum hætti verðmætara. Við höfum talið að hér væri um mikið óréttlæti að ræða og þess vegna væri nauðsynlegt að grípa sérstaklega á þessu vandamáli og setja afdráttarlaus ákvæði í lög um það að þegar sveitarfélag eða ríkið þyrfti á landi að halda og það væri tekið til eignarnáms væri ekki metin til verðs til eignarnámsþolans sú verðhækkun sem orðið hefði á landinu fyrir tilstuðlan almannasamtaka, þ.e. sveitarstjórna eða ríkisins.

Nú er mér spurn. Er það öruggt að það ákvæði sem hér er gert ráð fyrir í 45. gr. svari þeim kröfum sem við Alþýðuflokksmenn höfum talað fyrir hér í þinginu á undanförnum ýmsum þingum og flutt lagafrumvörp um? Ef svo er er hér um mjög merkilegt nýmæli að ræða af hálfu ríkisstjórnar þó að það teljist ekki nýmæli að því leytinu að það hafi ekki verið um það rætt áður. En við mundum að sjálfsögðu, Alþýðuflokksmenn, fagna því mjög ef þessa grein, eins og hún stendur hér í þessu frv. til skipulagslaga, mætti skilja og túlka og hún mundi reynast eins og við höfum gert ráð fyrir í okkar tillögum. Af þessum orsökum beini ég þeirri fsp. til ráðherra hvort hann telji og hans ráðuneyti að hér séu tekin af öll tvímæli í þessum efnum og að sú grein sem hér um ræðir mundi hafa sömu áhrif að því er varðaði mat á landi vegna eignarnáms eins og þau frv. sem við Alþýðuflokksmenn höfum flutt.

Í annan stað, herra forseti, langar mig að gera að umræðuefni svokallaðar samvinnunefndir og svæðaskipulög. Eins og hv. deild mun vera kunnugt hefur verið í gangi samvinnunefnd og eins konar svæðaskipulag hefur átt að heita að væri í gangi hér fyrir þéttbýlissvæðið. Ég get ekki sagt að afraksturinnn af því starfi hafi verið nægilega góður, því miður. Af þeim orsökum hef ég verið óánægður með það starf og tel reyndar að þéttbýlið hér um slóðir, þ.e. sveitarfélögin í grennd við Reykjavík og Reykjavíkurborg sjálf, hafi liðið fyrir það að ekki hafi tekist að ná tökum á svæðaskipulagi þessa svæðis í heild sinni.

Nú er þess víðast hvar getið í umsögnum með þeim greinum sem fjalla um svæðaskipulagið að verið sé að fara sömu götu og áður. Þannig segir um 12. gr. að hún sé nær samhljóða gildandi lögum og um 13. gr. að hún sé að efni til í samræmi við gildandi lög, um 15. gr. að tvær fyrri málsgreinarnar þarfnist ekki skýringa, þar er fjallað um landnotkun og fleira þess háttar, en hins vegar að 3. málsgr. 15. gr. sé nýmæli. En sú grein er á þessa lund:

„Ef svæðisskipulag liggur ekki fyrir verða þéttbýliskjarnar ekki myndaðir nema með samþykki ráðherra að fengnum umsögnum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar."

Nú er mér spurn: Eru þeir fátæklegu uppdrættir, sem títt nefnd samvinnunefnd hefur unnið varðandi þetta svæði hér, af því tagi að þeir geti talist fullnægjandi svæðisskipulag þannig að reisa megi þéttbýliskjarna skv. þeim eins og frá þeim er gengið nú? Eða mundi þetta ákvæði, ef að lögum yrði, þýða það að nú væri komin bremsa á þróun í þessum efnum og ekki yrði frekar að gert í myndun þéttbýliskjarna í neinu sveitarfélaganna öðruvísi en að samþykki ráðherra kæmi til að undangengnu nýju svæðisskipulagi?

Í annan stað vil ég spyrja hvernig þetta sé hugsað af hálfu ráðherra og ráðuneytis, hvort hér eigi að vera strangt aðhaldsákvæði og þá hvernig því mundi verða beitt. Mér sýnist ekki að hér séu nein ákvæði um það, en ráðherra leiðréttir mig þá ef rangt er, að svæðisskipulag, ef það skyldi nú vera fyrir hendi, skuli endurskoða með ákveðnu árabili. Þau ákvæði eru í þessu frv. að því er aðalskipulag varðar en ég kem ekki auga á að svo sé varðandi svæðisskipulag. Ég held að það sé ekki síður nauðsynlegt í sambandi við svæðisskipulag að skylda sé fyrir hendi til endurskoðunar á áratugs fresti eða svo.

Því geri ég þetta að sérstöku umtalsefni að, eins og flestir vita, eru umferðarnet hér um slóðir í allnokkrum ógöngum og almenningssamgöngur í ógöngum, svo að tvö dæmi séu tekin, vegna þess að aldrei hefur náðst heildaryfirsýn og heildarskipulag að því er varðar þetta þéttbýlissvæði.

Í þriðja lagi kem ég aðeins með fáeinar ábendingar. Í sambandi við meðferð skipulagsáætlana eru allströng ákvæði um að sveitarstjórnir skuli auglýsa breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi og frestir tilgreindir út og suður, hversu lengi uppdrættir skuli hanga uppi og hversu langur frestur sé til að ganga frá athugasemdum og þar fram eftir götunum og síðan hvenær þær skuli kynntar skipulagsstjórn. Hins vegar er enginn frestur tilgreindur að því er varðar umsögn skipulagsstjórnar sjálfrar. Þar segir einungis: „Að fenginni heimild skipulagsstjórnar skal sveitarstjórn auglýsa". En skipulagsstjórn getur samkvæmt þessu, ef rétt er lesið hjá mér, verið með ótakmarkaðan frest á afgreiðslu sinni. Ég tel ótækt að setja sveitarfélögum og almenningi strangar kröfur um það á hversu mörgum dögum þessir aðilar skuli gera upp hug sinn um eitt eða annað en að skipulagsstjórn þurfi í rauninni aldrei að gera upp hug sinn samkvæmt þessu. Ég held að þetta þurfi að taka til sérstakrar skoðunar.

Að lokum, herra forseti, einungis ábending um það að það gætir þó nokkurrar tilhneigingar hjá ráðuneytum og kannske hjá Alþingi til þess að njörva mjög fast niður ýmsa þætti í þjóðlífinu með reglugerðum og reglum af ýmsu tagi og það getur

stundum verið mönnum fjötur um fót. Mér sýnist að í þessu, eins og það liggur fyrir, gæti nokkuð þessarar tilhneigingar. Hér virðist vera strengt á klónni að því er deiliskipulag varðar. Vitaskuld eru menn að gera það til að tryggja rétt fólksins sem fyrir býr á hverjum deilireit. En menn verða nokkuð að hafa í huga að hendur sveitarstjórna séu ekki svo þrælbundnar að þær geti sig hvergi hreyft eða hrært. Þetta er einungis almenn athugasemd og ég mun ekki tilfæra nein sérstök dæmi í þessum efnum en vænti þess að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar hyggi að því jöfnum höndum að tryggja hagsmuni fólksins, hvort sem það býr á deilireit eða blaði aðalskipulags eða svæðaskipulags, og sveitarfélagsins þannig að það hafi eitthvert svigrúm til athafna og geti athafnað sig með þokkalega bærilegum hætti.

Ég skal ekki hafa þessar athugasemdir fleiri á þessu stigi, herra forseti, þær eru vafalaust ófullkomnar. Ég held að ýmislegt í þessu frv. til skipulagslaga horfi hins vegar nokkuð til bóta, t.d. að því er varðar meira svigrúm sveitarstjórnanna sjálfra til þess að annast þessi mál og tel að það nýmæli horfi til réttrar áttar.

Eins og ég sagði skal ég ekki fjölyrða um þetta frekar á þessu stigi en vænti þess að ráðherra og nefnd taki þær athugasemdir sem ég hef hér fram borið til athugunar og að betra tækifæri gefist að loknum nefndarstörfum til þess að ræða þetta ítarlegar.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa farið fram um þetta mál. Ég segi það almennt að auðvitað er hér um gífurlega stórt mál að ræða og þýðingarmikið að um það sé fjallað á sem vandaðastan hátt. Eins og kom fram í framsöguræðu minni skýrði ég frá því hvernig sú umfjöllun hefur verið við meðferð málsins á undanförnum árum. Ekki hefur skort á að það hafi verið sent til allra aðila sem eiga um þessi mál að fjalla í þjóðfélaginu sem ráðgefandi aðilar og þolendur, stjórnendur. M.a. tók ég þá ákvörðun eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar s.l. vor að senda öllum nýjum sveitarstjórnum málið til umfjöllunar þrátt fyrir að það var búið að vera áður í meðförum sveitarstjórna árið áður.

Þetta hefur haft margt gott í för með sér og allar þær umsagnir sem hafa borist um þessi mál. Ég hef mikinn áhuga fyrir að hv. félmn. Alþingis fái þær í hendur. Það er ýmislegt í þeim sem er nauðsynlegt að fjalla um og margt athygli vert sem fram hefur komið.

Í sambandi við það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði: Það er fyrst og fremst þessi ágreiningur um valddreifingu í okkar stóra og fámenna landi sem er mismunandi túlkun á því sem við erum hér að tala um. Ég vakti máls á því í minni framsögu að breytingar á skipulagslögum í þessu frv. eiga að ganga á þann veg að auka valddreifingu, færa þessi mál meira til sveitarstjórnanna sjálfra og samtaka þeirra. Þetta er hægt að lesa úr frv. Ég vænti þess að við nánari skoðun komist menn að þeirri niðurstöðu. M.a. er nýjung sem ég vakti athygli á. Það er nýjung að setja skipulagsstofu eða útibú, sem fer með skipulagsmálin, í hvern einasta landshluta. Þetta er nýjung sem gengur til móts við það sem margir sveitarstjórnarmenn hafa viljað til að færa þessi mál meira út til landshlutanna. Í sambandi við útibúshugmyndina sem er í umræðunni núna varðandi þá ákvörðun Byggðastofnunar að vinna að þessum málum er í þessari mynd fyrsta þjónustumiðstöðin sem verið er að vinna að í sambandi við Akureyri. Þar eru stofnanir eins og Byggðastofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins, Skipulagsstofnun ríkisins, Fasteignamat ríkisins og Iðntæknistofnun ásamt fleiri aðilum að undirbúa að setja upp þjónustumiðstöð á Akureyri sem yrði fyrsta tilraun á þessu sviði og er mikið í húfi að vel takist þarna til.

Ég get tekið undir það með hv. 5. þm. Austurl. að auðvitað hefði verið æskilegt ef hefði verið hægt að koma fyrr meiri dreifingu á þennan hátt. Ég vek athygli á því að það hefur verið gerð tilraun á undanförnum árum til að setja upp skipulagsstofur í landshlutum einvörðungu um skipulagsmál. Það hefur því miður ekki tekist nógu vel og margir sveitarstjórnarmenn verið óánægðir með hvernig til hefur tekist. En það er ekki þar með sagt að ekki sé grundvöllur fyrir því ef rétt er á haldið. Þetta er að sjálfsögðu til umræðu og ef menn komast að þeirri niðurstöðu að það sé hægt að gera þessa dreifingu enn þá meiri er ekkert því til fyrirstöðu að það komi þá fram í meðförum Alþingis á þessu mikilvæga máli. En við verðum að átta okkur á að það eru viss takmörk fyrir því hvað er hægt að ganga langt á þessu sviði. Ég ætla ekki að fara að ræða hér stjórnsýslumálin, en auðvitað er þetta mikilvægur þáttur í þeim málum. En ég endurtek að það er í frv. gert ráð fyrir því að færa miklu meira ákvörðunarvald til sveitarstjórnanna og til fólksins í byggðarlögunum en nokkurn tíma hefur verið áður gerð tilraun til.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Reykn. kom með. Það var margt athygli vert sem hann benti á. Án þess að ég vilji úttala mig um það nákvæmlega hér er í 45. gr. frv. farið inn á nýjar brautir í sambandi við ákvörðun eignarnámsbóta og það vandamál, sem hefur alltaf skotið upp í umræðum og meðferð mála, ekki síst í sambandi við skipulagsmál, hvernig með er farið þegar verið er að meta eignir. Þá hefur alltaf verið tilhneiging til að setja upp framtíðarplan um viðkomandi eignir og gera sveitarfélögum þannig miklu erfiðara fyrir en efni standa til að taka skynsamlegar ákvarðanir og inna af hendi framkvæmdir í skipulagsmálum. Þessu þarf að breyta og ég tek heils hugar undir að við stefnum að því með þessari ákvörðun á sama hátt og umræður hafa fjallað um þessi mál á hv. Alþingi, m.a. um hugmyndir Alþfl. Það er margt í þeim sem ég er alveg sammála. Ég held því að þetta ákvæði í frv. eigi að ganga til móts við þetta sjónarmið eða a.m.k. er það

mín skoðun. Hins vegar þurfum við sjálfsagt að ræða nánar við meðferð málsins hvort við þurfum að setja skýrari ákvæði inn í þessa grein. Það kemur að sjálfsögðu til umræðu við meðferð málsins.

Varðandi 15. gr. í sambandi við svæðisskipulagsáætlanir. Það er náttúrlega ákaflega þýðingarmikið mál hvernig með verður farið því að við vitum að það hafa oft og tíðum orðið deilur um meðferð á aðalskipulagi. Mér finnst að það sé tími til kominn að reyna að finna flöt á því að vinna að þessu máli þannig að koma í veg fyrir slíkar deilur. Ég held að þetta nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir að ekki sé hægt að stofna til nýs þéttbýlis nema með samþykki ráðherra að fengnum umsögnum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar, eigi a.m.k. að stuðla að því að koma í veg fyrir handahófskennd vinnubrögð að þessu leyti til. Þess eru víða dæmi, sem væri hægt að hafa langt mál um, sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir ef skýrari ákvæði í lögum væru um þetta efni. Hins vegar vil ég taka fram að það er þörf á að kveða fastar að orði en þarna er gert. Ég mundi telja að það væri sjálfsagt að ræða það í félmn. þingsins.

Ég tek undir þá skoðun að ástæða er til í sambandi við meðferð skipulagsáætlana að setja skipulagsstjórn ákveðinn skilafrest á umsögnum um þessi mál. Það hefur ekki farið fram hjá mér þrátt fyrir að ég hef í mínu starfi sífellt orðið að vera með eftirrekstur á umsögnum sem þessir aðilar eiga að gefa. Það er góð ábending, sem hér kom fram, að það eru ekki aðeins sveitarstjórnir og aðrar slíkar sem eiga að sæta takmörkun á þessu sviði heldur einnig skipulagsstjórnin sjálf.

Ég tek líka undir það að sjálfsagt væri æskilegt að setja það skýrar í lögin að endurskoða ætti svæðisskipulag á ákveðnu árabili. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt. A.m.k. hefur reynslan sýnt það. Sömuleiðis mætti tala langt mál um deiliskipulag og annað slíkt. Ég tel að reynsla í Reykjavík hafi verið slík að það sé alveg nauðsynlegt að ganga eftir því að ákveðin vinna sé innt af hendi af skipulagsskyldum aðilum í sambandi við þessi mál þrátt fyrir að það eigi ekki að binda of mikið í fastar reglur sem stjórnvöld verða sífellt að skipta sér af. Þetta eru hagsmunamál innan hvers byggðarlags og ætti þess vegna að vera kappsmál að vinna það þannig í samvinnu við íbúana að ekki þurfi sífellt að deila og leita úrskurðar um þessi atriði. En því miður vantar mikið á það. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þetta skýrt í gildandi lögum.

Ég get hins vegar tekið undir það með hv. 3. þm. Reykn. að það eru viss mörk sem þarf að átta sig á, hvað á að ganga langt í því að binda alla þætti slíkra mála í reglugerðir og lög þannig að ekki sé hægt að þverfóta fyrir slíku. Ég er einn af þeim sem vilja auka frjálsræði sveitarfélaganna og byggðarlaganna sjálfra til ákvarðanatöku um þessi mál. En það verður alltaf að hafa einhverja ákveðna skýringu, það þekkjum við, jafnvel þó að meðferð þessara mála eigi að vera fullkomin eins og sumir vilja halda að sé hjá sér.

Að öðru leyti vil ég taka fram að mér finnst alveg sjálfsagt að það sé höfð góð samvinna um meðferð þessa máls og mun ekki standa á ráðuneytinu að gefa upplýsingar og taka þátt í að fjalla um ýmsar breytingar sem hv. þm. vilja gera í sambandi við þetta mál. Mikilvægi málsins er mikið. Og ég álít að frv. í þessu formi, með kannske einhverjum breytingum, skili okkur vel fram á við í þessu máli, betur en hv. 5. þm. Austurl. vildi vera láta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 198. mál (launaskýrslur o.fl.). — Þskj. 209.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson og Guðmundur Bjarnason. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér er um að ræða þm. úr öllum flokkum.

Megintilgangur frv. er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Í frv. er lagt til að kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert og í öðru lagi að kjararannsóknarnefnd hafi aðgang að skattskýrslum til kjararannsókna.

Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur um nokkur undanfarin ár gefið út rit um vinnumarkaðinn þar sem byggt er á sérstakri úrvinnslu upplýsinga úr skattframtölum. Í þessu riti koma fram upplýsingar um mannafla, meðallaun á vinnumarkaði og atvinnuþátttöku. Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Til að hægt sé að nýta skattframtölin betur til kjararannsókna og fá fram gleggri upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu í landinu er mikilvægt að hægt sé að fá fram og upplýsa hlutfall hinna ýmsu þátta í launakjörum og tekjum. Með því móti er hægt að ná fram betri upplýsingum um hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar greiðslur, svo sem bílastyrkir, hlunnindi o.fl.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. þessa

frv. opnast nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsinga um tekjuskiptingu og launakjör. Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla er ljóst að unnt er að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m.a. tilgangur þeirrar breytinga sem hér eru lagðar til. Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera í öllum ákvarðanatökum er lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær sem hér um ræðir eru mjög mikils virði fyrir samtök vinnumarkaðarins til að upplýsa samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Frv. JS og GE, 204. mál (reglur um lánveitingar o.fl.). — Þskj. 219.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um viðskiptabanka á þskj. 219. Á þskj. 220, sem er 9. mál á dagskrá þessa fundar, er einnig að finna frv. um breytingu á lögum um sparisjóði sem er eins að efni til og það frv. sem ég nú mæli fyrir. Vil ég, með leyfi forseta, fá að mæla fyrir báðum þessum frv. nú til að spara tíma deildarinnar, enda er efni þess hið sama og einnig rökstuðningur fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Sú breyting sem lögð er til í báðum þessum frumvörpum, þ.e. breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, er sú að þak verði sett á lánveitingar til viðskiptavina lánastofnana. Í fyrsta lagi er kveðið á um að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka eða sparisjóð megi aldrei nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé innlánsstofnunar. Sama gildi um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart viðskiptabanka eða sparisjóði í einu lagi.

Jafnframt er kveðið á um að í sérstökum tilfellum megi heildarskuldbindingar viðskiptaaðila nema hæst 50% af eigin fé bankans eða sparisjóðsins ef fyrir liggur að því er viðskiptabankana varðar einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs og að því er sparisjóði varðar einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.

Rökstuðningur fyrir þessum lagabreytingum er augljós. Það er skylda Alþingis að tryggja að löggjöf um starfsemi banka og sparisjóði sé með þeim hætti að hún veiti innlánsstofnunum strangt aðhald. Löggjöf verður að vera þannig úr garði gerð að hún tryggi til hins ýtrasta hag sparifjáreigenda og komi í veg fyrir að hægt sé að taka ákvarðanir sem stofni rekstri og afkomu innlánsstofnana í hættu.

Tilgangur 3. gr. frv. er sá að koma í veg fyrir þá hættu sem óeðlilega mikil fyrirgreiðsla til stærstu lántakenda hefur í för með sér fyrir hag og rekstur banka. Mikilvægi þess að slíkt ákvæði verði lögfest er augljóst og eru viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. þar gleggsta dæmið. Að auki má benda á að svar viðskrh. á síðasta Alþingi við fsp. minni um hlutfall heildarfyrirgreiðslna af eigin fé ríkisbankanna til fimm stærstu lántakenda er ótvíræð sönnun þess hve brýnt er að lögfesta slíkt ákvæði. Þar kom fram að einn viðskiptabankinn hafði lánað einum og sama aðila 145% af eigin fé bankans og að lánveitingar viðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda nema tvöföldu til fjórföldu eigin fé bankanna. Af þessu má ljóst vera að lánveitingar ríkisviðskiptabankanna eru úr öllu hófi og geta fyrirvaralaust teflt rekstri og hag bankanna í stórfellda hættu. Brýna nauðsyn ber því til að setja þegar í stað ákvæði í lög um viðskiptabankana þar sem skorður verði settar við lánafyrirgreiðslu bankanna til einstakra viðskiptaaðila og tryggt verði að bankarnir eigi ekki allt undir því komið að einn og sami lántakandi standi við skuldbindingar sínar. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki hljómgrunn.

Ef marka má ummæli hæstv. viðskrh. á Alþingi 13. nóv. s.l. í umræðum um viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands er ekki óeðlilegt að ætla að hér hafi orðið breyting á. Vil ég, með leyfi forseta, vísa í ummæli hæstv. viðskrh. á Alþingi 13. nóv. s.l., en þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er of snemmt að draga nú þegar endanlegar ályktanir af öllu því sem snertir Hafskipsmálið og skýrslu rannsóknarnefndarinnar, en menn hljóta að velta vöngum yfir ýmsu og ég vil drepa á nokkur atriði. Ein mikilvægasta spurningin sem hugleiða þarf er hvort ástæða sé til að setja í lög hér á landi ákvæði um hámark lánveitinga innlánsstofnana til einstakra fyrirtækja eins og gert er samkvæmt upplýsingum nefndarinnar í flestum nágrannalandanna. Þannig er miðað við 35% af eigin fé í Danmörku og 50% í undantekningartilfellum. Einhverjir erfiðleikar kunna að vera á orðalagi slíkra ákvæða hér á landi vegna sérstakra aðstæðna, t.d. stærðar fyrirtækja í litlum byggðarlögum, en hugsanlega mætti leysa úr því með eðlilegum undanþágumöguleikum í lögunum. Að vísu eru til lagaákvæði sem hníga í þessa átt hér á landi. Í 15. gr. nýju laganna um Seðlabanka Íslands, þar sem vikið er að hlutverki bankaeftirlitsins, segir að bankaeftirlitið skuli fylgjast með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingu, fjárhagslegum styrkleika inn-

lánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Engin prósentutala er nefnd í þeirri grein, en menn þurfa að hugleiða hvort nokkuð minna dugi en skýr viðmiðun. Engin prósentutala er heldur í 21. gr. laga um viðskiptabanka og 24. gr. laga um sparisjóði sem kveða á um að bankaráð eða sparisjóðsstjórnir setji almennar reglur um lánveitingar sem sendar skuli bankaeftirlitinu.

Í grg. með frumvörpunum til laganna er m.a. vikið að því að unnt væri á þessum grundvelli að leggja bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé banka eða sparisjóða. Ég endurtek að engin prósentutala er nefnd í þessum tilteknu lagaákvæðum. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að slíkar hugmyndir hafi ekki fundið náð fyrir augum þeirrar nefndar sem samdi frv. til l. um viðskiptabanka. Gjaldþrot Hafskips kom hins vegar til eftir að nefndin starfaði og verður að vega og meta hvort slíkt eigi ekki að hafa einhver áhrif. Nefndin sagði að slíkt ákvæði gæti hvatt til sameiningar banka. Ákvæðið gæti einnig leitt til þess að stór fyrirtæki yrðu að leita til fleiri en einnar bankastofnunar. Áhættunni yrði þannig dreift. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að bankaslys sem þetta endurtaki sig í íslenskum innlánsstofnunum."

Ég tel, herra forseti, að þessi ummæli staðfesti að skoðun hæstv. viðskrh. hafi breyst í þessu máli og að vel megi vera að það frv. sem ég nú mæli fyrir hafi hljómgrunn á hv. Alþingi nú þó að það hafi ekki haft það á sínum tíma þegar það var til umfjöllunar á Alþingi.

Það er óþarfi, herra forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þetta ákvæði frv. Kjarni málsins er sá að með engu móti er hægt að réttlæta svo miklar lánveitingar eins og raunin hefur orðið á þannig að bankar og sparisjóðir eigi allt undir því komið að einn og sami viðskiptaaðili standi undir sínum skuldbindingum þegar allt eigið fé bankans og meira til hefur verið lánað til eins og sama viðskiptaaðila. Áður en ég lýk umfjöllun um þetta atriði frv. vil ég þó benda á að margar þjóðir hafa sett ákvæði í lög um takmörkun lánveitinga banka miðað við eigin fé, en eigið fé banka er mælikvarði á styrkleika hans.

Hér á landi var um langan tíma að finna ákvæði um takmörkun lánveitinga í löggjöf um sparisjóði. Þau ákvæði voru sett árið 1941 og giltu allt til þau voru felld úr gildi með lögum nr. 87/1985. Ekki er úr vegi að rifja upp rök þau sem að baki lágu 1941 þegar þau ákvæði voru lögfest og fram koma í athugasemdum með frv., með leyfi forseta, en þar segir:

„Í frv. til l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefur samið, leggur hún til að ákveðið verði hámark þess sem lánastofnanir mega lána einstökum viðskiptamönnum og fleirum sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það er ákvæði 16. gr. frv. til l. um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherslu á að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvort tveggja að öll reynsla hér á landi mælir með að þess sé full þörf og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðslögum. Einnig hefur nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir að lánastofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir að flest ef ekki öll bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því að ekki hafi verið gætt nægrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst að ekki er heppilegt fyrir lánastofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánastofnunar. Er mjög hætt við að þá verði freistast til að halda lánveitingunum áfram lengur en nokkurt vit er í til þess að fresta hættulegu uppgjöri og að jafnvel geti farið svo að það sé fremur lánþegi sem hafi lánastofnun í hendi sér en hún hann."

Ég tel að þessi rök, sem hér voru tilgreind og fram komu á Alþingi þegar mælt var fyrir breytingu á sparisjóðslögum 1941, eigi ekki síður við nú en fyrir 45 eða 46 árum.

Herra forseti. Hitt ákvæði frv. fjallar um upplýsingaskyldu ráðherra til Alþingis að því er varðar hag og rekstur ríkisviðskiptabanka. Rökin fyrir því eru einnig ljós. Það er skylda Alþingis að halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með starfsemi bankanna. Nauðsynlegt er að slíkt ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, sé lögfest því að framkvæmdarvaldið hefur margoft neitað Alþingi um upplýsingar er snerta hag og rekstur banka þegar eftir þeim hefur verið leitað. Því er brýnt að lögfesta upplýsingaskyldu ráðherra þannig að löggjöfin um starfsemi banka veiti Alþingi svigrúm til að halda uppi því eftirliti sem því ber með starfsemi innlánsstofnana. Reynslan sýnir að tryggja verður slíka upplýsingaskyldu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum með ótvíræðum hætti.

Í því sambandi, herra forseti, vil ég benda á að fyrir skömmu lagði ég fram fsp. á hv. Alþingi. Fsp. var beint til hæstv. viðskrh. og var um lánveitingar banka og sparisjóða. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Hafa bankaráð og sparisjóðsstjórnir framfylgt ákvæðum 21. gr. laga um viðskiptabanka og 24. gr. laga um sparisjóði sem kveða á um að setja skuli reglur um lánveitingar banka og sparisjóða?"

Síðan var spurt: „Ef svo er, hvaða reglur gilda um lánveitingar hvers banka og sparisjóðs fyrir sig?"

Í skriflegu svari frá viðskrh. er frá því greint að bankaeftirliti Seðlabankans hafi borist almennar reglur um lánveitingar viðskiptabanka aðeins frá einum viðskiptabanka og almennar reglur um lánveitingar sparisjóða höfðu borist bankaeftirlitinu frá tíu sparisjóðum á þeim tíma. Spurningu minni um hvaða reglur gildi um lánveitingar hvers banka og sparisjóðs fyrir sig svarar hæstv. viðskrh. því að Alþingi komi það mál nánast ekki við, en hann segir, með leyfi forseta:

„Með IV. kafla laga nr. 35/1986, um Seðlabanka Íslands, er gildi tóku þann 1. nóv. s.l. er bankaeftirliti falið eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi

starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir er hverju sinni gildi um starfsemi þeirra, sbr. einkum 13. og 15. gr. laganna. Eftirlit þetta tekur því til þess að efni þeirra reglna er hér um ræðir sé innan þeirra marka er lög ákveða."

Engu var um það svarað, herra forseti, hvaða reglur gilda um lánveitingar hvers banka og sparisjóðs fyrir sig. Það er harla einkennilegt að svara Alþingi slíku þegar um er spurt. Ég held að þetta svar sýni kannske best hve brýnt er að lögfesta upplýsingaskyldu ráðherra þannig að Alþingi geti hvenær sem er krafið framkvæmdarvaldið og ráðherra um upplýsingar sem snerta hag og rekstur banka og annarra innlánsstofnana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, enda er hér tómur þingsalur, og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er að vonum að þetta frv. til l. sé hér endurflutt miðað við það sem yfir okkur hefur gengið í bankamálum að undanförnu. Á ég þar vitaskuld við það sem hefur verið að gerast í Útvegsbankanum, en ekki bara fall bankans sjálfs heldur fall margra aðila í þjóðfélaginu um leið. Sannleikurinn er vitaskuld sá að þegar Hafskipsmálið er skoðað og Útvegsbankamálið í framhaldi af því kemur í ljós að það voru margir sem brugðust. Bankastjórn Útvegsbankans brást, bankaráð Útvegsbankans brást, ráðherra hefur brugðist í þessu máli og Alþingi hefur brugðist í þessu máli.

Ábyrgð bankastjórnar og bankaráðs liggur nokkuð ljóst fyrir, en ég bendi á að skv. gildandi lögum hefur ráðherra ákveðnar skyldur að því er varðar meðferð mála. Í lögum sem tóku gildi 1. jan. 1986 er þess getið að komi fram að eigið fé banka hafi farið niður fyrir tiltekin mörk skuli bankaeftirlitið grípa til aðgerða, þ.e. afhenda ráðherra reikningsuppgjör og greinargerðir bankaráðs, sem aflað hafi verið, en ráðherra skuli síðan leggja fyrir Alþingi tillögur um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni. Hann getur að vísu veitt allt að sex mánaða frest til að auka eigið fé bankans. Það á kannske ekki sérstaklega við í þessu tilviki, en ráðherra hefur brugðist þeirri skyldu sinni að leggja fram tillögur um hvernig við skuli bregðast og málið hefur verið að velkjast í kerfinu fram og aftur eins og kunnugt er. Ég tel að Alþingi hafi líka brugðist með því að endurkjósa á sínum tíma að því er aðra flokka varðar en Alþfl. sömu bankaráðsmennina öðru sinni eftir að ljóst var hvað hafði komið fyrir í Útvegsbankanum.

Auðvitað má velta vöngum yfir því til hvaða ráðstafana sé eðlilegt og rétt að grípa. Það hefði verið hugsanlegt og hefðu verið hreinleg skipti á sínum tíma að leita tilboða í Útvegsbankann, þ.e. leita tilboða með þeim hætti að ganga úr skugga um hver vildi taka við Útvegsbankanum með minnstri meðgjöf. En sá tími er væntanlega fyrir bí að það hefði verið mögulegt vegna þess að verðmæti Útvegsbankans og staða hafa rýrnað dag frá degi, allt vegna þess að ráðherra og ríkisstjórn hafa ekki gripið til neinna aðgerða. En ólíkt skemmtilegra hefði verið að leita tilboða af þessu tagi en fara þá furðulegu leið, sem Seðlabankinn hefur bent á, að binda sig við einn ákveðinn aðila og segja við hann: Nú átt þú að kaupa þetta — og sitja síðan í samningaþófi við þennan sama aðila vikum og mánuðum saman.

Nú er vitaskuld orðið mjög brýnt að eyða þeirri óvissu sem gildir um framtíð Útvegsbankans og sú skylda hvílir á ríkinu, ekki einungis skv. lögum um viðskiptabanka, sem ég hef þegar vitnað til, og lögum um Seðlabanka Íslands að grípa í taumana heldur hvílir skyldan jafnframt á ríkisstjórn sem handhafa framkvæmdarvaldsins og eiganda í þessu tilviki. Tillögur Alþfl. í þessum efnum hafa þegar verið birtar þar sem við teljum nauðsynlegt að ríkið skoði heildareign sína í bönkunum í einu samhengi og líti til þess að mynda úr þeim öllum þremur tvo viðskiptabanka, en síðan kæmi til álita að gera annan hvorn þeirra að hlutafélagi og selja hluti í honum. Ég skal ekki fjölyrða frekar um það, en hitt er ljóst að það hvílir þung ábyrgð á ráðherra bankamála og reyndar ríkisstjórninni allri að hafa látið þetta mál dragast með þeim hætti sem raun ber vitni og geta ekki komið sér niður á skynsamlega ráðstöfun.

Sú till. sem hér er flutt fjallar sérstaklega um að heildarskuldbindingar eins aðila við viðskiptabanka skuli ekki nema nema tilteknu hlutfalli af eigin fé bankans. Hún hefur komið áður til umræðu í þinginu, eins og hv. 1. flm. gat um, og hefur reyndar verið til umræðu og var til umræðu þegar samið var frv. til l. um viðskiptabanka af bankamálanefnd á sínum tíma. Það verður að segjast eins og er að bankamálanefndin guggnaði á þessu verkefni og þá m.a. í ljósi þess að erfitt mundi vera að setja algildan mælikvarða í þessum efnum. En það sem upp á hefur borið síðan í málefnum Útvegsbankans sýnir gleggra en nokkuð annað nauðsyn þess að hér séu æði fastmótaðar reglur. Auðvitað má gera það með ýmsum hætti, en sú málsgr. sem hér um vélar í 21. gr. er vafalítið allt of rúm og máttlaus. Hún hljóðar á þessa leið:

„Bankaráð setur að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu."

Hugmynd flm. að þessu frv. er að hér komi til ákveðnar hundraðstölur. Vitaskuld kemur það til álita, en ég bendi á að ef mönnum þykir of strangt að kveðið í till. flm. eru tvær leiðir til, annaðhvort að slaka nokkuð á klónni að því er prósentutölurnar varðar eða þá að fara nokkuð aðra leið, nefnilega þá að hámark lánveitinga til eins aðila skuli ákveðið árlega og skuli vera opinberlega ljóst og kynnt bankaeftirlitinu. Þær reglur sem menn setji sér séu þannig ævinlega ljósar og þær taki einmitt til þess sem hér er verið að nefna og séu þannig mótaðar og endurskoðaðar frá ári til árs. Einnig kemur vita-

skuld til álita að hafa einhvern aðlögunartíma.

Það sem hefur verið fært fram sem rök gegn því að binda sig við ákveðnar hundraðstölur af því tagi sem hér eru nefndar er einkum tvennt, eða kannske er það fyrst og fremst eitt, en orsakirnar eru tvennar. Það er að eins og hlutum sé háttað í íslenska bankakerfinu séu svo og svo mörg fyrirtæki sem séu ofan við þessi mörk. Það kom m.a. fram í svari við fsp. frá hv. 1. flm. þessa frv. fyrir ári að mig minnir. En hvers vegna eru menn þá ofan við þessi mörk? Orsökin er m.a. sú að bankarnir eru litlir og vanburða. Nú hafa verið sett ákvæði í lög um að þeir þurfi að tryggja sér ákveðna eiginfjárstöðu og jafnframt gefst nú tækifæri til að styrkja bankaheildirnar og stækka á Íslandi í samræmi við þær tillögur sem ég nefndi áðan um að ríkissjóður liti a.m.k. á eign sína í bankakerfinu í einni heild og myndaði úr því tvær sterkari einingar.

Í annan stað hafa menn bundið sig við það, og þar kemur hin orsökin, að fyrirtæki ættu að vera með öll lánsviðskipti sín í einum banka. Ég held að þetta sé bábilja. Fyrirtæki þurfa þess alls ekki og eru reyndar alls ekki með öll viðskipti sín í einum banka í öllum tilvikum. Það má vera að stærstu fyrirtækin séu það. En ég er sannfærður um að mörg erlend fyrirtæki eru með viðskipti í mörgum bönkum og það er ekkert sem hamlar því að fyrirtæki á Íslandi af stærra taginu geti verið með viðskipti í fleiri en einum banka. Menn segja að yfirlit glatist þá, yfirsýn glatist. Það er rangt. Bankaeftirlitið hefur möguleika til þess að fylgjast með viðskiptum einstakra fyrirtækja við alla banka og það er möguleiki til að miðla þeim upplýsingum.

En það er kannske fleira sem væri ástæða til að benda á og rétt væri að huga að að kæmi inn í lögin um viðskiptabankana úr því að hér er flutt tillaga um breytingu á þeim. Það hefur farið fram mat á útlánum Útvegsbankans að því er manni skilst. En það skyldi þó ekki vera svo að það væri ástæða til að meta raunvirði útlána hjá öðrum viðskiptabönkum í landinu. Ég tel að það sé fyllsta ástæða til þess og að það eigi að vera skýlaust hlutverk bankaeftirlitsins að meta raunvirði útlána hjá viðskiptabönkunum. Og auðvitað er þetta sérstakt áhugamál ríkisins sem eiganda stærstu viðskiptabankanna. Vitaskuld er alveg sérstakt tilefni til þess núna þegar bankamálin eru í uppnámi, einn ríkisbankinn á hausnum, og ástæða til þess af ríkisins hálfu að endurskipuleggja bankakerfið í heild sinni og þá sérstaklega hlutdeild sína í því.

Enn er það svo að það hefur komið fram í umræðum um Útvegsbankann að þar væru duldar skuldbindingar sem ekki verða fundnar á bókum með bærilegum hætti þar sem eru lífeyrisskuldbindingar bankans. Ég held að það sé fyllsta ástæða til þess að lífeyrisskuldbindingar allra banka á Íslandi væru teknar til skoðunar og tryggingafræðilegs mats. Auðvitað ætti það að vera sérstakt áhugamál ríkisins að vita hvernig staðan er hjá þeim bönkum sem hann er eigandi að og það mundi koma inn í þá heildarmynd í endurskipulagningu bankakerfisins sem hlýtur að verða og er í raun á dagskrá hér. En það er líka nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lögum um bankaeftirlit og í lögum um reikningsskil bankanna að hér er um skuldbindingar að ræða sem færast skuli á bækur og metnar verði með raunhæfum hætti.

Enn vil ég geta þess að uppákoman í Útvegsbankanum gefur vitaskuld tilefni til að hugleiða þá hagsmunaárekstra sem greinilega geta átt sér stað og boðið er upp á og var boðið upp á sérstaklega í Útvegsbankanum þegar bankaráðsmenn eru jafnframt stjórnendur eða stjórnarmenn eða jafnvel stjórnarformenn hjá viðskiptaaðilum við bankann. Það er tiltekið í lögunum um viðskiptabanka að bankastjórar og skoðunarmenn megi ekki vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við. Það er fyllsta ástæða til að setja hliðstæð ákvæði um bankaráðsmenn, að viðskipti þeirra eða fyrirtækja í þeirra eigu skuli ekki vera við þann banka sem þeir eru bankaráðsmenn við, svo framarlega sem þeir eigi að geta gegnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti. Hagsmunaáreksturinn er þar fyrir hendi. Og ég held að þetta eigi ekki að gilda einungis um ríkisbankana heldur allt eins um banka í einkaeigu. Mér er ekki grunlaust um að ýmsir þeir sem sitja í bankaráðum einkabankanna, hvort heldur þeir heita Iðnaðarbanki eða Verslunarbanki, hafi jafnframt verið með stærstu skuldurum við þessa sömu banka. Þurfa menn ekki annað en skoða hug sinn eilítið um hverjir hafi setið eða sitji jafnvel enn í bankaráðum Iðnaðarbanka og Verslunarbanka til að sjá að svo muni vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sparisjóðir, 1. umr.

Frv. JS og GE, 205. mál (reglur um lánveitingar). — Þskj. 220.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um sparisjóði sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Að meginefni til felur frv. í sér að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð megi ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins.

Ég mælti rétt áðan fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um viðskiptabanka. Þá gat ég þess að það frv. sem ég mæli nú fyrir væri að meginefni til það sama og frv. um viðskiptabankana og óskaði því eftir við hæstv. forseta að fá að mæla fyrir báðum frv. samtímis.

Um rökstuðning fyrir þeim breytingum sem þetta frv. fjallar um vísa ég til ræðu minnar áðan um breytingar á lögum um viðskiptabanka og legg til,

herra forseti, að þessu máli verði sömuleiðis vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

30. fundur, föstudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1987, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 304, 272, 302 og 305, brtt. 281, 282, 290, 291, 292, 295, 296, 297, 298 og 303.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Fjvn. hóf störf við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga hinn 6. okt. s.l. eða fáum dögum áður en að Alþingi var kvatt saman til funda. Á dögunum fyrir þingbyrjun átti nefndin fundi með fulltrúum frá 55 sveitarfélögum landsins, en þar kynntu fulltrúar sveitarfélaganna óskir sínar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta var gert svo sem stundum áður til að drýgja starfstíma nefndarinnar og er þess síst vanþörf.

Frá því Alþingi kom saman hefur nefndin haldið um 40 bókaða fundi, auk fjölmargra funda meiri hl. nefndarinnar, einstakra undirnefnda og nefndarhluta. Á formlega fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá um 240 aðilum, ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum, auk allra þeirra sem á einn eða annan máta hafa haft samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta.

Þá hafa nefndinni að þessu sinni borist á sjötta hundrað bókuð erindi sem flest hafa það sameiginlegt að farið er fram á aukin útgjöld á fjárlögum. Þær óskir sem nefndinni berast eru því fjölmargar og það er vandasamt verk og tímafrekt að vega þær og meta. Sá tími sem til þess gefst er í raun og veru of knappur, ekki síst vegna þess hve viðtöl á vegum nefndarinnar taka oft langan tíma. Þann þátt í starfi nefndarinnar er þó afar erfitt að stytta því eðlilegt er að þeir sem telja sig á einhvern hátt bera skarðan hlut frá borði við undirbúning fjárlagafrv. fái tóm til þess að bera upp sín mál og skýra þau fyrir nefndinni.

Það er ekkert nýtt að starf fjvn. sé annasamt og það er nú sem fyrr hlutskipti fjárveitinganefndarmanna að verða að láta störf sín í nefndinni ganga fyrir öðrum störfum á Alþingi sem þeir að sjálfsögðu hefðu kosið að hafa meiri tíma til að sinna. M.a. þessa vegna og alls þess starfs sem unnið hefur verið í fjvn. vil ég við upphaf þessarar umræðu flytja meðnefndarmönnum mínum öllum þakkir fyrir mikil og tímafrek störf, ánægjulegt samstarf og mikla þolinmæði í minn garð. Ég flyt einnig nýjum starfsmanni nefndarinnar, Runólfi Birgi Leifssyni, þakkir fyrir vel unnin störf og hagsýslustjóra, Magnúsi Péturssyni, og starfsliði hans fyrir margvíslega aðstoð.

Það fjárlagafrv. sem hér er til 2. umr. er að ýmsu leyti óvenjulega vel úr garði gert og í athugasemdum með frv. er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðu og þróun margvíslegra málaflokka sem áhrif hafa á ríkisbúskapinn og á þjóðarbúskapinn í heild. Telja verður að umfang og rekstur á vegum ríkisins og ríkisstofnana sé metið með raunhæfari hætti í þessu frv. en oft hefur gerst áður. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir nokkurri aukningu á fé til fjárfestingar í þeim fjárfestingarliðum sem mest hefur verið kreppt að í fjárlögum á síðustu árum. Á hinn bóginn blasir við sú staðreynd að frv. er lagt fram með halla, en það þrengir að sjálfsögðu möguleika Alþingis til að verja auknu fé til ýmissa þarfra verkefna.

Þrátt fyrir þessa stöðu leggur fjvn. fram brtt. á þskj. 282 sem fela í sér hækkun á útgjöldum fjárlagafrv. um 448 millj. kr. eða sem svarar liðlega 1% af útgjöldum fjárlagafrv. Leitast hefur verið við að ná sem víðtækustu samkomulagi um þær brtt. sem hér eru lagðar fram, enda eru þær fluttar af fjvn. í heild. Fulltrúar minni hl. í fjvn. áskilja sér þó samkvæmt venju rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma og hafa fyrirvara um afstöðu til einstakra tillagna.

Það kann að vekja athygli að þessar brtt. fela í sér að meiri hluta útgjöld vegna fjárfestingar, en að minni hluta útgjöld vegna rekstrar eða nýrrar starfsemi. Þetta er auðvitað vegna þess að á undanförnum árum, einkanlega tvö síðustu árin, höfum við dregið svo saman útgjöld ríkisins til flestra greina verklegra framkvæmda að ekki varð lengra gengið. Það hafa hlaðist upp vandamál sem óhjákvæmilegt var að greiða nokkuð úr. Þess vegna gerist það hvort tveggja í senn að í fjárlagafrv. er um nokkuð aukið fé að ræða til sumra greina verklegra framkvæmda og brtt. nefndarinnar sýna að nefndin telur óhjákvæmilegt að ganga nokkru lengra í að greiða úr þessum efnum.

Auðvitað finnst mörgum að of skammt sé gengið og auðvitað er víða við vanda að etja. Sveitarfélögin sitja víða hvar uppi með skuldir þar sem þau hafa farið hraðar í framkvæmdir en fjárveitingar ríkisins á undanförnum árum hafa gefið tilefni til. Það er hins vegar skoðun mín að við getum ekki gengið lengra að sinni í þá átt að greiða úr þessum málaflokkum með tilliti til hinnar erfiðu stöðu ríkisfjármála sem við blasir.

Við þessa umræðu verður ekkert sagt um hver verða muni endanleg niðurstaða fjárlaga. Til 3. umr. bíða ýmsar mikilvægar ákvarðanir. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt venju bíða til 3. umr. ákvarðanir er snerta tekjuhlið fjárlaganna. Við 3. umr. verða einnig kynntar nýjar verðlags- og launaforsendur sem tekin verður ákvörðun um í kjölfar

nýgerðra kjarasamninga.

Þá bíður einnig 3. umr. afgreiðsla á málum B-hluta stofnana, einnig Tryggingastofnunar ríkisins, ríkisspítala, ákvarðanir er varða heimildir skv. 6. gr. fjárlaga og nokkur smærri atriða sem ekki hefur unnist tími til fyrir þessa umræðu að ljúka afgreiðslu á. Þau mikilvægu mál sem ég hef hér greint frá að bíði 3. umr. munu hafa afgerandi áhrif á hvernig niðurstöður verða við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Þegar fjárlög voru afgreidd á Alþingi fyrir ári voru þau með rekstrarjöfnuði. Ég fullyrði að sú afgreiðsla var síst óraunsærri en endranær miðað við þær ákvarðanir sem þá lágu fyrir.

Við 1. umr. fjárlaga þann 30. okt. s.l. skýrði hæstv. fjmrh. frá því hvaða ástæður lægju að baki því að þessi staða væri breytt. Það verður ekki endurtekið hér að öðru leyti en því að þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að grípa til í tengslum við kjarasamninga s.l. vetur höfðu neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs um 1800 millj. kr.

Flestir munu sammála um að þar hafi verið réttilega að verki staðið og flestir munu sammála um að sú þjóðarsátt sem á þennan hátt náðist um kjaramálin hafi orðið veigamikil undirstaða þeirrar jákvæðu þróunar sem staðið hefur í efnahagsmálum allt þetta ár. Vonandi er að nýgerðir kjarasamningar raski ekki þeirri þróun.

Um þessar mundir má segja að við búum við efnahagslegt góðæri þó að þessa góðæris gæti ekki í öllum atvinnugreinum landsmanna. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur framleiðsla farið vaxandi og viðskiptakjör þjóðarinnar batnandi þannig að talið er að á þessu ári nuni þjóðartekjur aukast um 8%. Talið er að á árinu náist sem næst jafnvægi í viðskiptum við útlönd í fyrsta sinn síðan á árinu 1978, en það er eina árið í 15 ár sem jafnvægi hefur verið í viðskiptum við útlönd. Talið er einnig að á þessu ári hafi greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum okkar farið lækkandi og að skuldastaða okkar gagnvart útlöndum verði í árslok lægri en í upphafi ársins.

Áhrifanna af þessari hagstæðu þróun gætir auðvitað á margan hátt hér innanlands. M.a. koma þau skýrt fram í auknum ráðstöfunartekjum launafólks. Það sést ef til vill best af því að talið er að tekjur launafólks aukist um 30–35% á árinu sem nú er senn lokið en að verðbólga vaxi á sama tíma um 11–12%. Um þetta verður ekki annað sagt en að góðærið hafi skilað sér til fólksins.

Hér verður ekki gerð tilraun til að meta áhrif nýgerðra kjarasamninga á ríkisbúskapinn á næsta ári. Að því efni mun að einhverju leyti verða vikið við 3. umr. þessa máls. Ljóst er hins vegar að þessir kjarasamningar fela í sér mjög merkilega nýbreytni, þ.e. alvarlega tilraun til þess að breyta launakerfi landsmanna í átt til aukins jafnaðar. Á hinn bóginn er líka ljóst að þeir munu þrengja stöðu ýmissa ríkisfyrirtækja og ríkissjóðs á næsta ári, m.a. vegna takmarkandi ákvæða um gjaldskrárbreytingar og skattahækkanir.

Núverandi ríkisstjórn hefur verulega dregið úr skattheimtu á sínum ferli. Ýmsir sérskattar hafa verið lækkaðir eða felldir niður og tekjuskattur hefur verið lækkaður. Nettólækkun skatta í tíð núverandi ríkisstjórnar er frá árinu 1982 til þessa árs um 2700 millj. kr. Í raun ætti því að vera minni ástæða til að setja núverandi hæstv. ríkisstjórn skorður í þessum efnum en oft hefur verið áður.

Það heyrist oft um það rætt að skattar séu háir hér á landi. Ef betur er að gáð sýnist þetta vera mikill misskilningur. Í skýrslum frá OECD sést að fyrir rúmum 20 árum var tiltölulega lítill mismunur á skattheimtu í hinum einstöku aðildarlöndum samtakanna. Sömu sögu var að segja um opinber útgjöld þessara þjóða. Árið 1983 hafði þetta breyst á þann veg að mismunur á milli einstakra aðildarlanda OECD var orðinn mikill hvort heldur sem um var að ræða opinber útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu eða tekjur hins opinbera. Í örfáum þessara landa er skattbyrði lægri en á Íslandi árið 1983, en í flestum þeirra mun hærri.

Á Íslandi voru opinber útgjöld ríkis og sveitarfélaga árið 1983 35,2% af landsframleiðslu, en á hinum Norðurlöndunum var þetta hlutfall að meðaltali 50,6%, hæst í Svíþjóð 61%. Allir sjá að hér er um gífurlega mikinn mismun að ræða. Af öðrum nágrannalöndum okkar má nefna að í Bretlandi var þetta hlutfall 1983 43,1% og í Vestur-Þýskalandi 47,6%.

Þegar verið er að tala um mikla skattbyrði á Íslandi eða mikil opinber útgjöld, sem flestir vilja að séu sem lægst, hlýtur að vera miðað við eitthvað annað en það sem kemur fram í þessum samanburði.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessum staðreyndum, m.a. vegna þess hve stjórnmálamenn tala stundum fjálglega um mikil opinber útgjöld á Íslandi og mikla skattbyrði. Skal þá enn minnt á að skattbyrðin hefur farið lækkkandi síðan 1983.

Enginn skal taka orð mín svo að ég sé að mæla með auknum útgjöldum hins opinbera því ég hef í starfi mínu sem formaður fjvn. lagt ríka áherslu á að styðja þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar að halda ríkisútgjöldum í skefjum. En það hlýtur að vera álitamál hversu oft við getum samið um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði á þann máta að velta verulegum hluta byrðanna yfir á ríkissjóð og opinber fyrirtæki án þess að skattar verði innheimtir á móti.

Grunur minn er sá að sú neikvæða skattamálaumræða, sem iðulega heyrist og við tökum stundum þátt í, eigi rætur sínar að rekja til þess hve mörgum finnst skattbyrðin skiptast ranglátlega á milli einstakra skattgreiðenda. Ég er þeirrar skoðunar að skattkerfið sé orðið svo götótt, bæði að því er tekur til beinna skatta og óbeinna skatta, að breytingar séu óhjákvæmilegar. Endurskoðun skattkerfisins, sem nú fer fram á vegum hæstv. fjmrh., er því nauðsynjaverk.

Á þessu ári hafa orðið miklar hækkanir á launaútgjöldum ríkissjóðs. Að sjálfsögðu er það mestmegnis vegna hækkunar á launum opinberra

starfsmanna, en laun þeirra eru talin hafa hækkað nokkru meira en laun annarra starfshópa.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að launaútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði 13,5 milljarðar kr. miðað við desemberverðlag þessa árs. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessari tölu, en hún þýðir að ef laun starfsmanna ríkisins hækka að meðaltali um 1%, aukast útgjöld ríkissjóðs um 135 millj. kr. á einu ári. Lífeyrisgreiðslur lífeyristrygginga hækka að jafnaði í samræmi við launahækkanir og 1% hækkun lífeyristrygginga þýðir um 60 millj. kr. hækkun á útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins miðað við eitt ár.

Það er að mínum dómi eftirtektarvert að 1% hækkun launa eykur þar með útgjöld ríkisins á einu ári um allt að 200 millj. kr. Að sjálfsögðu fylgir auknum tekjum fólksins yfirleitt meiri velta í þjóðfélaginu og þar með vaxandi tekjur ríkissjóðs. En ég nefni þessar tölur eigi að síður til að minna á það hversu mikið er í húfi fyrir ríkisbúskapinn að stöðugleiki sé í efnahagslífinu, að sæmileg kyrrð sé í launamálum og að fólkið hafi trú á þeirri efnahagsstefnu sem ríkisstjórn fylgir.

Ég fæ ekki betur séð en núverandi hæstv. ríkisstjórn megi vel við það una hvernig hún hefur náð þessum markmiðum sínum.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur látið þá skoðun koma fram að þrátt fyrir að við höfum með opnum augum tekið á ríkissjóð kvaðir og útgjöld í tengslum við þýðingarmikla lausn kjaradeilna, sem leiða til þess að ríkisbúskapurinn verður um sinn rekinn með halla, beri okkur að stefna að jafnvægi í rekstri ríkisins. Ég er honum sammála. En til þess að þetta megi takast er nauðsynlegt að halda sívakandi þeim markmiðum sem við höfum starfað eftir á síðustu árum. Þau eru m.a.:

1. Almennt aðhald í rekstri ríkisins og ríkisstofnana og snörp tök til breytinga á rekstrarþáttum eða stjórnun ef aðhald bilar.

2. Varúð í uppsetningu nýrra stofnana eða nýrrar starfsemi á vegum ríkisins og athugun á því hvað annað megi þá helst þoka á móti.

3. Gagnger athugun á viðamiklu þjónustukerfi ríkisins sem hafi það að markmiði að gera það virkara og koma í veg fyrir sífellda útþenslu án þess að úr nauðsynlegri þjónustu dragi.

4. Móta stefnu um skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga sem hafi það að markmiði að flytja nokkuð af þeirri starfsemi ríkisins til sveitarfélaga sem lagst getur á þau með sem jöfnustum fjárhagslegum þunga. Sveitarfélögin fái tekjustofna í samræmi við það.

5. Ákvarðanir og ábyrgð fari saman.

6. Sala þeirra fyrirtækja sem ætla má að aðrir aðilar geti rekið jafnvel eða betur en ríkið sjálft.

Á þessi markmið er hér minnt vegna þess að eftir þeim hefur verið starfað á undanförnum árum. Hæstv. ríkisstjórn hefur náð verulegum árangri í sumum þessara markmiða, í öðrum hefur gengið miður.

Allar breytingar taka tíma og margvísleg atriði þarf að athuga til þess að sanngirni sé gætt. En ég hygg að hvergi megi slaka á við að vinna þessum markmiðum brautargengi ef við ætlum að komast hjá því að auka skattheimtu að nýju.

Herra forseti. Ég mun þá gera grein fyrir þeim brtt. sem birtar eru þskj. 282. Við þetta þskj. hefur verið flutt brtt. frá fjvn. sem eru leiðréttingar. Sú brtt. er á þskj. 309.

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1 millj. kr. á Yfirstjórn til þess að ljúka svokallaðri framtíðarkönnun. Verða útgjöld aðalaskrifstofu þá 10 millj. 457 þús. kr.

2. Tilfærslur á viðfangsefninu Gjöf Jóns Sigurðssonar hækki um 445 þús. kr. og verði 795 þús. Er það í samræmi við ályktun Alþingis frá 1974 um að framlagið skuli eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar árslaunum prófessors við Háskóla Íslands.

3. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 400 þús. kr. og verði 1 millj. 400 þús. kr. Það er til lífríkisrannsókna í Þingvallavatni, en þær hafa verið í gangi og þeim hefur stjórnað Pétur M. Jónasson, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, og að mati fjvn. skilað góðu starfi.

Þá er menntamálaráðuneytið.

Raunvísindastofnun Háskólans. Lagt er til að laun hækki um 600 þús. kr. á viðfangsefninu Eðlisfræðistofa og er það til þess að þar verði tekin inn ný staða sérfræðings í þéttiefnisfræðum.

Íslensk málstöð. Lagt er til að önnur laun hækki um 300 þús. kr. vegna sérgreinds verkefnis og verði launaliðurinn þá 2 millj. 848 þús. kr.

Menntaskólinn í Reykjavík. Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðhaldsviðfangsefni, 500 þús. kr., vegna endurbóta á hátíðasal skólans.

Menntaskólinn á Akureyri. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 2 millj. kr. sem er vegna endurbóta og er þar lagt til að verði farið í 1. áfanga af viðhaldsverkefni sem er búið að gera áætlun um á vegum skólans. Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, hönnun heimavistar 300 þús. kr., en sú heimavist ætti jafnframt að geta þjónað Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Lagt er til að fjárfestingarliður verði tekinn upp, 1 millj. 800 þús. kr., sem er vegna grunnskóla í Kópavogi. Eins og hv. alþm. er kunnugt yfirtók Menntaskólinn í Kópavogi grunnskólahúsnæði og er þetta væntanlega lokagreiðsla til standa skil á hlut menntaskólans í þeim framkvæmdum.

Þá er Kennaraháskóli Íslands. Lagt er til að laun hækki um 1 millj. 650 þús. kr. Hækkunin skýrist með því að lagt er til að tekin verði upp ný staða lektors í hagnýtri kennslufræði og ný staða fulltrúa við endurmenntunarnámskeið, en síðan verði tekinn upp sérstakur liður sem að hluta er launaliður vegna samstarfsverkefnis Kennaraháskólans og Fræðsluskrifstofunnar á Austurlandi um sérkennslunám.

Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands. Lagt er til að tekið verði upp stofnkostnaðarverkefni, til framkvæmda við lóð skólans 875 þús. kr. og vegna tækjakaupa 300 þús. kr.

Íþróttakennaraskóli Íslands. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Viðhald og tækjabúnaður 800 þús. kr. sem er vegna tækjakaupa í nýtt íþróttahús skólans.

Fjölbrautaskólar í Reykjavík. Lagt er til að tekið verði upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, 4 millj. kr., til að hefja byggingu íþróttahúss við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, en við þá miklu skólastofnun hefur engin íþróttaaðstaða verið.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Lagt er til að tekinn verði upp nýr stofnkostnaðarliður, viðbygging 3 millj. kr., og verður þá varið, ef þetta verður samþykkt, samtals 4 millj. til stofnkostnaðar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Skólinn býr við afar þröngt kennsluhúsnæði, bóknám fer fram á sjö stöðum í bænum og húsnæði er ekki nema tæpur helmingur þess sem þyrfti að vera. Fyrir liggur mjög hagkvæm áætlun að mati okkar í fjvn. um byggingu á vegum skólans sem áætlað er að kosti í heild um 26 millj. kr., en hlutur ríkisins í því fyrirtæki yrði um 16 millj. kr. Hér er lagt til að hefja þetta verk og tekur það væntanlega um fjögur ár að greiðslur ríkisins komist til skila.

Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Lagt er til að varið verði 1 millj. 200 þús. kr. til viðbótar í stofnkostnað við byggingu heimavistar sem þar er í gangi.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Verknámshús 3,5 millj. kr., og hækka gjöld sem því nemur, en það er nýbygging.

Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Loftræstibúnaður 800 þús. kr. Þetta er vegna loftræstibúnaðar í verknámshús skólans. Heilbrigðisyfirvöld og Vinnueftirlitið hafa hótað því að loka verknámshúsinu ef ekki fást úrbætur í þessu efni.

Námsgagnastofnun. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 1 millj. 200 þús. kr. vegna framleiðsludeildar og um 700 þús. kr. vegna Fræðslumyndasafns.

Tækniskóli Íslands. Lagt er til að eignakaup verði hækkuð um 3 millj. 900 þús. kr. vegna tækjabúnaðar. Er þetta vegna tveggja nýrra deilda sem teknar eru til starfa en tækjabúnað skortir nær algjörlega, þ.e. röntgentæknideild og iðnrekstrardeild.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Lagt er til að tekinn verði upp nýr fjárfestingarliður, Lóðaframkvæmdir 2,4 millj. kr. og er það til að ljúka áfanga við framkvæmdir við lóð skólans, en það er talið mjög nauðsynlegt og nauðsynlegra nú en ella vegna þess að skólinn hefur fengið mjög dýr og viðkvæm tæki og aur og ryk berst af lóðinni inn í skólann og setur þessi tæki í hættu. Þess má geta að Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur búið við það frá upphafi að þar hefur ekkert verið gert fyrir lóð skólans. Hér er fyrsti áfangi í því verki.

Iðnskólinn í Reykjavík. Lagt er til að Önnur gjöld verði hækkuð um 1 millj. kr. til viðhalds á fasteignum skólans og eru þar 3 millj. þá til ráðstöfunar.

Iðnskólar utan Reykjavíkur. Lagt er til að liðurinn hækki um 4,5 millj. kr. Er það um 2 millj. kr. vegna fræðsluátaks í verksmiðjuiðnaði í samræmi við ákvæði í kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á þessu ári um endurmenntun iðnverkafólks. Auk þess verði tekinn upp nýr liður, 2,5 millj. kr. vegna tannsmíðanáms.

Iðnskólar, almennt. Lagt er til að Önnur gjöld lækki um 1 millj. vegna viðhalds Vörðuskóla og um 900 þús. vegna gluggaviðgerða í Iðnskólanum í Reykjavík og eru þetta leiðréttingar. Lagt er til að eignakaup hækki á hinn bóginn um 3 millj. kr. vegna tækjakaupa í Iðnskólanum í Reykjavík og hefur skólinn þá um 4 millj. kr. til ráðstöfunar úr ríkissjóði til þeirra hluta. Gert er ráð fyrir framlagi Reykjavíkurborgar á móti.

Hússtjórnarskólar. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 800 þús. kr. sem er viðhaldsfé.

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Lagt er til að fjárfestingarliður hækki um 23 millj. 695 þús. kr. og verði 209 millj. 195 þús. kr. Vísað er til skiptingar á þessum fjárlagalið í sérstöku yfirliti.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Lagt er til að tilfærslur hækki um 23 millj. 195 þús. kr. og verði 43 millj. 195 þús. kr. Vísað er til sérstaks yfirlits um sundurliðun þessara verkefna með brtt. Rétt er að vekja á því athygli að í fjárlagafrv. voru aðeins 20 millj. kr. ætlaðar til þessa verkefnis, en í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 40 millj. kr.

Náms- og fræðimenn, framlög. Lagt er til að Önnur gjöld á lið 5.22, Stúdentagarðar, verði hækkuð um 3 millj. kr. Það er viðhald á stúdentagörðunum og verða þá til ráðstöfunar til þess verkefnis 7 millj. kr. Þær viðhaldsaðgerðir eru langt komnar, en mun þó þurfa nokkurt lánsfé á þessu ári ef takast á að ljúka þeim á næsta ári.

Jöfnun á námskostnaði, tilfærslur. Lagt er til að liðurinn verði hækkaður um 5 millj. kr. og verði 25 millj. kr. Hér er um fjárlagalið að ræða sem hefur staðið óbreyttur í eitt eða tvö ár.

Fullorðinsfræðsla. Lagt er til að tekinn verði nýr liður, 1.40 Félagsmálanámskeið 150 þús. kr.

Þjóðminjasafn Íslands. Lagt er til að laun verði hækkuð um 600 þús. kr. til að stofna rannsóknastöðu er tengist nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum forseta Íslands og þjóðminjavarðar.

Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að Önnur gjöld verði hækkuð um 1 millj. 500 þús. kr. og verði 4 millj. 698 þús. kr. á rekstrarviðfangsefni 1.01, en 6 millj. 198 þús. kr. alls. Þetta er gert í tengslum við að verið er að undirbúa að safnið færist í nýtt húsnæði.

Listasafn Íslands. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 600 þús. kr. sem er rekstur, ýmsir rekstrarliðir sem stafa af flutningi Listasafnsins í nýtt húsnæði.

Blindrabókasafn Íslands. Lagt er til að önnur

gjöld hækki um 600 þús. kr. og verði 3 millj. 233 þús. kr.

Náttúruverndarráð. Lagt er til að liðurinn Önnur gjöld hækki um 500 þús. kr. á viðfangsefninu Rannsóknarstörf við Mývatn.

Listir, framlög. Lagt er til að tilfærslur hækki alls um 12 millj. 241 þús. kr. og verði 86 millj. 707 þús. kr. Þar er að miklu leyti um að ræða verðuppfærslu á fjárlagafrv., en einnig að teknir verði upp sex nýir liðir sem sumpart eru inni í safnliðum frv. Þeir eru Leiklistarstarfsemi, Bandalag ísl. leikfélaga, Leiklistarráð, Alþýðuleikhúsið, Skuldagreiðslur og Ferðaleikhúsið. Að öðru leyti er vísað til brtt. um þetta efni.

Vísindaleg starfsemi, styrkir. Lagt er til að tilfærslur á liðnum 1.10, Vísinda- og fræðistörf, hækki um 150 þús. kr. vegna byggingarstyrks til Surtseyjarfélagsins.

Norræn samvinna. Lagt er til að tilfærslur hækki um 490 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að gert er ráð fyrir að 90 þús. kr. komi fram sem hækkun á styrk til Norræna félagsins og 400 þús. kr. á nýjan lið sem kallast Norræni sumarháskólinn vegna sérstaks móts á Íslandi n.k. sumar.

Íþróttasjóður. Lagt er til að tilfærslur hækki um 9 millj. 389 þús. kr. og verði 37 millj. 589 þús. kr. Vísað er til sérstakrar sundurliðunar á yfirliti sem fylgir brtt. á þskj. 282. Rétt er að vekja á því athygli að í fjárlagafrv. var þessi fjárlagaliður lækkaður frá síðasta ári.

Æskulýðsmál. Lagt er til að liðurinn hækki um 2 millj. 814 þús. kr. og verði 14 millj. 298 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að til Æskulýðsráðs ríkisins hækki framlag um 183 þús. kr., til Ungmennafélags Íslands um 1 millj. 515 þús. kr. og til Bandalags ísl. skáta um 1 millj. 116 þús. kr.

Ýmis íþróttamál. Lagt er til að tilfærslur hækki um 4 millj. 745 þús. kr. og verði 37 millj. 798 þús. kr. Lagt er til að hækkunin skiptist þannig að Ólympíunefnd Íslands hækki um 3 millj. 925 þús. kr. Inni í þeirri hækkun felist 2,5 millj. kr. framlag til HSÍ vegna Ólympíuleikanna í Seoul 1988 sem í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að felist inni í liðnum Íþróttasamband Íslands. Enn fremur er gert ráð fyrir að á þessum fjárlagalið verði varið fé til undirbúnings annarra íþróttagreina til þátttöku í Ólympíuleikunum í Seoul og í Ólympíuleikunum í Calgary sem fara fram á árinu 1988. Að dómi nefndarinnar var óhjákvæmilegt að styrkja þetta undirbúningsstarf á næsta ári og hefði ekki að nægu gagni komið að styrkja þetta mál einungis á því ári sem leikarnir fara fram. Því er þessi till. flutt. Í öðru lagi: Íþróttamál fatlaðra 425 þús. kr., Íþróttastarfsemi, almennt 208 þús. kr. og Skáksamband Íslands vegna skákmóta 187 þús. kr.

Húsfriðun. Lagt er til að liðurinn hækki um 2 millj. 400 þús. kr. og verði 12 millj. 454 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig: Húsfriðunarsjóður hækki um 350 þús. kr., Nesstofa um 50 þús. kr., Byggða- og minjasöfn um 1500 þús. kr. og Sjóminjasafn Íslands um 500 þús. kr.

Liðurinn 999, Ýmislegt. Lagt er til að tilfærslur hækki um 5 millj. 107 þús. kr. og verði 21 millj. 163 þús. kr. Undir þennan lið eru tekin ný viðfangsefni. Í fyrsta lagi til Dimmuborga í Mývatnssveit, þar sem er áætlað að styrkja gangstígagerð og reyna að búa svo um hnúta að náttúra Dimmuborga spillist ekki af mjög miklum átroðningi, liðurinn Geysir í Haukadal, Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, Landssamband hjálparsveita skáta, björgunarnámskeið, en á vegum Hjálparsveitar skáta fara fram björgunarnámskeið fyrir aðrar hjálparsveitir samtímis og er verið að sameina þá starfsemi.

Söfn, styrkir. Til Fóstrufélags Íslands styrkur sem er vegna samnorræns móts og námskeiðs sem haldið verður hér á Íslandi n.k. sumar, en slík mót eru haldin hér 10. hvert ár. Enn fremur er um að ræða liðinn Hlíðardalsskóli, viðhald, með svipuðum hætti og er í gildandi fjárlögum.

Er þá lokið við að lýsa og skýra tillögur sem varða menntmrn., en áður en ég segi skilið við skýringar varðandi það ráðuneyti vil ég geta þess að ráðuneytið hefur beðið mig að koma á framfæri athugasemd varðandi texta í athugasemdum með fjárlagafrv. er varðar Héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði, en í sundurliðun í brtt. nefndarinnar sést hvernig fé er skipt á milli héraðsskólanna í landinu án þess að þar sé þó um hækkun að ræða.

Í athugasemdum menntmrn. segir að engin kennsla verði við Héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði skólaárið 1986–1987, en fjárveiting til skólans verði notuð til endurbóta á húsnæði hans. Verði nemendafjöldi nægur haustið 1987 verður skólinn starfræktur skólaárið 1987–1988 með hefðbundnum hætti. Áætlun sú er hér er gerð er miðuð við ofangreint. Þessi athugasemd menntmrn. er tilkomin vegna þess að í athugasemdum með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skólinn verði lagður niður.

Þá eru hér brtt. er varða landbúnaðarráðuneytið:

Jarðeignir ríkisins. Lagt er til að framlög hækki um 3 millj. 83 þús. kr. og verði 10 millj. 786 þús. kr. Þetta er vegna þess að Jarðeignir ríkisins þurfa samkvæmt lögum að standa skil á greiðslum fráfarandi þegar ábúðarskipti verða.

Jarðasjóður. Lagt er til að framlag hækki um 2 millj. og verði 4 millj. kr.

Búnaðarfélag Íslands. Lagt er til að liðurinn Yfirstjórn hækki um 2 millj. kr. og verði 11 millj. 869 þús. kr. vegna verkefnaráðinna starfsmanna. Ráðunautar. Lagt er til að liðurinn hækki um 550 þús. kr. vegna þess að tekin verði upp staða ráðunauts í ferðaþjónustu bænda. Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn. Lagt er til að við liðinn bætist 1100 þús. kr. sem er vegna yfirvinnu og ferðakostnaðar. Landþurrkun. Lagt er til að liðurinn hækki um 73 þús. kr. og verði 540 þús. kr. Sundurliðun er prentuð á sérstöku yfirliti. Sértekjur. Lagt er til að liðurinn lækki um 1300 þús. kr. og verði 2 millj. 75 þús. kr. og er það leiðrétting vegna þess að sértekjur hafa verið ofreiknaðar.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lagt er til að Rannsóknarsvið hækki um 150 þús. kr. þar sem viðurkennt verði ¾ úr stöðugildi sérfræðings í svínarækt í stað ½ stöðu sem nú er viðurkennd. Tilraunastöðin Skriðuklaustri. Lagt er til að liðurinn Viðhald á húsi Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri verði hækkaður um 600 þús. kr.

Skógrækt ríkisins. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Tilraunir með rótarskóga 150 þús. kr. Sá liður hefur verið í fjárlögum á undanförnum árum, en féll niður við gerð fjárlagafrv. Lagt er til að varið verði 2,3 millj. kr. til að hefja 15 ára áætlun um ræktun nytjaskóga, en gert er ráð fyrir að á móti framlagi ríkisins komi jafnhátt framlag úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Skógrækt einstaklinga. Lagt er til að sá liður hækki um 85 þús. kr. og verði 400 þús. kr.

Sauðfjárveikivarnir. Lagt er til að liðurinn Viðhaldsverkefni á varnargirðingum hækki um 1 millj. 500 þús. kr.

Landgræðslu- og landverndaráætlun. Lagt er til að stofnkostnaður hækki samtals um 9 millj. 203 þús. kr. og verði 60 millj. 121 þús. kr. Vísað er til brtt. og skiptingar á þskj. 282 til nánari skýringa.

Jarðræktarlög, framlög. Lagt er til að liðurinn Ráðunautar hækki um 1 millj. 450 þús. kr. og verði 22 millj. 169 þús. kr. Er hér um launalið að ræða, leiðréttingu, en við frumvarpsgerð höfðu fallið niður 2½ stöðugildi héraðsráðunauta þar sem ríkissjóður leggur fram 65% launa.

Jöfnunargjald í landbúnaði. Lagt er til að liðurinn hækki um 13 millj. 650 þús. kr., en hér er um að ræða endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti vegna loðdýraræktar með líkum hætti og er við endurgreiðslu söluskatts varðandi samkeppnisiðnað.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að hækkun til Skógræktarfélags Íslands verði 655 þús. kr.

Bændaskólinn á Hvanneyri, rannsóknarhús. Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. 100 þús. kr. til að reisa gróðurskála við rannsóknarhúsið, en ætlast er til að byggingu rannsóknarhússins ljúki á næsta ári.

Garðyrkjuskóli ríkisins. Lagt er til að Viðhald á gróðurhúsum hækki um 600 þús. kr. og verði 2 millj. 600 þús. kr.

Þá hef ég lokið við að greina frá till. er varða landbrn.

Sjávarútvegsráðuneytið:

Hafrannsóknastofnun. Lagt er til að teknir verði upp tveir nýir liðir. Í fyrsta lagi nýr liður sem kallast Lúðueldi á Reykjanesi 1 millj. 500 þús. kr. Um er að ræða rannsóknir á því að ala upp lúðu í eldiskerum. Í öðru lagi nýr liður sem er Alþjóðlegt samstarfsverkefni í hafrannsóknum og lífríki hafsins í hafinu milli Íslands og Austur-Grænlands. Hér er um alþjóðlegt samstarfsverkefni að ræða og lagt til að til þess sé varið 2 millj. 700 þús. kr. þannig að ef í þetta verður farið á næsta ári liggi ekki eftir hlutur Íslands, að fjárskortur af hálfu Íslendinga komi ekki í veg fyrir að hægt verði að hefja þetta verk. Í þriðja lagi er lagt til að viðhaldsfé hafrannsóknaskipanna verði hækkað um 4 millj. og 800 þús. kr.

Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla. Lagt er til að af 700 millj. kr. endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi verði varið 25 millj. kr. til Útflutningsráðs Íslands. Mér hafa borist nánari skýringar frá hæstv. sjútvrh. sem rétt er að rekja varðandi þennan lið. Þar segir: Miðað er við að endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi skiptist milli veiða og vinnslu á næsta ári með svipuðum hætti og verið hefur í ár skv. ákvæðum laga nr. 24/1986. Þjóðhagsstofnun áætlar að u.þ.b. 31% af uppsöfnun söluskatts í sjávarútvegi eigi sér stað í veiðum. Samkvæmt því munu 220 millj. kr. af þessum fjárlagalið renna til Fiskveiðasjóðs Íslands. Í ár hafa vextir af lánum sem veitt voru af Fiskveiðasjóði til fiskiskipa fyrir árslok 1985 verið niðurgreiddir um 60%. Er hætt við því að algjört afnám þessarar vaxtaniðurgreiðslu á næsta ári muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir hluta fiskiskipaflotans. Er því æskilegt ef unnt væri að afnema vaxtaafsláttinn í áföngum. Þá er fjárhagsstaða Fiskveiðasjóðs veik og er full ástæða til að styrkja eiginfjárstöðu hans. Af þeim 480 millj. sem eftir eru renna 25 millj. til Útflutningsráðs, eins og fyrr er frá greint varðandi tillögur nefndarinnar, en 455 millj. kr. til beinna endurgreiðslna til framleiðenda sjávarafurða í hlutfalli við útflutningsverðmæti með svipuðum hætti og verið hefur í ár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:

Ríkissaksóknari. Lagt er til að laun hækki um 400 þús. kr. Þar er um að ræða Önnur laun fyrir tímabundin verkefni við að tölvutaka sakaskrá og málaskrá og aðkeypta sérfræðiþjónustu vegna efnahagsbrota.

Borgarfógetinn í Reykjavík. Lagt er til að launaliður hækki um 415 þús. kr., en það er eitt stöðugildi sem ákveðið hafði verið af ráðningarnefnd.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði. Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. vegna endurbóta á skrifstofuhúsnæði.

Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki. Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. Þar er um að ræða kostnað við byggingu skrifstofuhúsnæðis.

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal. Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. vegna innréttinga leiguhúsnæðis og skrifstofubúnaðar, en sýslumannsembættið hefur þar búið í leiguhúsnæði og verður að víkja þaðan og hverfa í nýtt leiguhúsnæði. Þarf þá fé til innréttinga á þeim stað.

Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði. Lagt er til að liðurinn Yfirstjórn hækki um 415 þús. kr. sem nemur einu stöðugildi sem ákveðið hefur verið af ráðningarnefnd.

Fangamál, ýmis kostnaður. Lagt er til að stofnkostnaður vegna ríkisfangelsa hækki um 1 millj. kr. og er það vegna viðhalds á fangahúsinu á Litla-Hrauni.

Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að launakostnaður hækki um 180 þús. kr. vegna ⅓ hluta starfs við símavörslu. Enn fremur verði kostnaður

við tækjabúnað aukinn um 1 millj. og 800 þús. kr., en það er vegna tækjabúnaðar til að gera sprengjur óvirkar.

Ýmis kirkjuleg málefni. Lagt er til að sá kostnaður hækki um 600 þús. kr., en auk þess hækki kostnaður vegna Skálholtsstaðar um 200 þús. Þá er till. um að verja 5 millj. kr. til viðgerðar á Hóladómkirkju, en talið er að sú viðgerð þoli ekki bið. Hóladómkirkja er eitt af merkustu húsum þessa lands.

Félagsmálaráðuneyti:

Vatnsveitur. Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 8 millj. kr. og verði 18 millj. Hér er um mikla hækkun að ræða sem er tilkomin vegna þess að fjvn. hefur kynnt sér að miklar vatnsveituframkvæmdir eru í gangi á vegum sveitarfélaganna og mjög miklar óskir um að hefja nýjar vatnsveituframkvæmdir.

Málefni fatlaðra. Lagt er til að kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra hækki um 4 millj. kr. og verði 41 millj. 811 þús. kr. Eins og frv. var lagt fram var gert ráð fyrir nokkurri lækkun á þessum fjárlagalið, en þessu fé er varið til að styrkja aðstandendur fatlaðra barna sem vistuð eru í heimahúsum og kostar mun minna í útgjöldum ríkisins en að vista slík börn á opinberum stofnunum. Því er það álit fjvn. að fé af þessu tagi sé vel varið.

Málefni fatlaðra í Reykjavík. Tekinn er upp nýr liður, Sambýli í leiguhúsnæði 1 millj. 600 þús. kr.

Málefni fatlaðra á Reykjanesi. Tekinn er upp nýr liður, Sambýli í Kópavogi fyrir börn 3 millj. 180 þús. kr. og er áætlað að heimila rekstur á heimilinu frá 1. júlí með 6½ stöðugildi. Enn fremur að liðurinn Atvinnuleit fyrir fatlaða verði hækkaður um 500 þús. kr.

Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður, Sumarbúðir 710 þús. kr.

Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Liðurinn Svæðisstjórn hækki um 445 þús. kr. og verði 2 millj. 564 þús. kr.

Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Tekinn verði upp nýr liður, Sambýli á Sauðárkróki fyrir börn með geðræn vandamál, og verði hann 820 þús. kr.

Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra, svæðisstjórn. Lagt er til að liðurinn hækki um 320 þús. kr. Um er að ræða Önnur laun, fyrir lausráðinn starfsmann. Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Sambýli á Húsavík, og gert ráð fyrir að heimilað verði að ráða í fimm stöðugildi frá 1. sept. Vistheimilið Sólborg. Lagt er til að launaliður hækki um 415 þús. kr. sem er leiðrétting vegna sérkjarasamninga. Þá er liðurinn Sumarbúðir í Botni. Lagt er til að liðurinn hækki um 240 þús. kr. Vistheimilið Sólborg að nýju. Lagt er til að liðurinn Sértekjur lækki um 1 millj. 50 þús. kr. og er það leiðrétting.

Þá er Málefni fatlaðra, Austurlandi. Lagt er til að liðurinn Svæðisstjórn hækki um 410 þús. kr. sem er vegna ráðningar bílstjóra.

Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Lagt er til að tekið verði upp nýtt vistheimili að Skaftholti í Gnúpverjahreppi og að fjárveiting verði 2 millj. 160 þús. kr. Þá er lagt til að tekin verði upp hálf ný staða við leikfangasafnið í Vestmannaeyjum er kosti á launalið 315 þús. kr. Þá er lagt til að auka Önnur gjöld vegna rekstrar á meðferðarheimilinu Lambhaga, Selfossi um 197 þús. kr.

Ég vil láta þess getið að þessi liður, sem hér eru brtt. við í allmörgum töluliðum og stafliðum, hefur verið mjög endurskoðaður, bæði á vegum fjvn., hagsýslustofnunar og á vegum félmrn., og reynt að takmarka þær tillögur sem hér eru fluttar við þau viðfangsefni sem talin voru þýðingarmest þeirra sem sótt var um, en umsóknir voru æðimiklu meiri.

Þá er liðurinn Vinnumál, ýmislegt. Lagt er til að liðurinn hækki um 3 millj. 450 þús. kr. og verði 17 millj. 866 þús. kr. og verður þessum lið skipt af fjvn. með bréfi til félmrn.

Ýmis starfsemi. Lagt er til að Slysavarnafélag Íslands hækki um 594 þús. kr. og verði 5,4 millj. kr. Lagt er til í öðru lagi að liðurinn Sjómannastofur hækki um 40 þús. kr., verði 500 þús. kr. Í þriðja lagi: Liðurinn Félagasamtök hækki um 613 þús. kr. og verði 5 millj. 500 þús. kr. Kvennaathvarf í Reykjavík. Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. kr. Ýmis framlög. Lagt er til að liðurinn hækki um 200 þús. kr. og verði 1 millj. 500 þús. kr. Stofnkostnaður. Lagt er til að varið verði 600 þús. kr. til varnargarða við Höfðabrekkujökul til að verja Víkurkauptún fyrir hugsanlegu Kötlugosi gegn jafnhárri fjárhæð annars staðar frá og að tekinn verði einnig upp nýr liður, 2,5 millj. vegna varnargarða við Markarfljót gegn jafnhárri fjárhæð annars staðar frá.

Þá eru tillögur sem varða heilbrigðismálaráðuneytið:

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Lagt er til að liðurinn Eignakaup hækki um 500 þús. kr. vegna FM-heyrnartækja í skólum fyrir börn og enn fremur að veittar verði 300 þús. kr. vegna innréttinga í heyrnarklefa við nýtt útibú stofnunarinnar á Akureyri.

Sjónstöð Íslands. Lagt er til að sértekjur lækki um 1 millj. kr. vegna breytinga á gjaldtöku fyrir hjálpartæki.

Málefni fatlaðra undir heilbrmrn. Lagt er til að breyting verði á texta, þ.e. að viðfangsefnið 1.60, sem áður hét Gigtarfélag Íslands, heiti nú Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands. Fjárhæðin stendur óbreytt.

Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tilfærslur á viðfangsefninu Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 57 millj. 280 þús. kr., verði 177 millj. 280 þús. kr.

Þá er enn fremur lagt til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, og verði framlag til þess sjúkrahúss 8,5 millj. kr. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þessa árs var gert samkomulag um að greiða af hálfu ríkisins til þessa sjúkrahúss 7 millj. kr. á ári í tvö ár, en þá með þeim hætti að liðurinn væri verðtryggður. Með þessu

er staðið við það samkomulag. Rétt er að geta þess að St. Franciscusarreglan leggur fram mikið fé til þessarar byggingar og byggingin er að verulegu leyti rekin á hennar vegum. Að öðru leyti skal vísað í sundurliðun á sérstöku yfirliti á þskj. 282.

St. Jósefsspítali, Landakoti. Lagt er til að laun hækki um 3 millj. kr. og eru þá teknar inn fjórar nýjar stöður. Lagt er til að Önnur gjöld verði leiðrétt til hækkunar um 4 millj. kr.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Lagt er til að hækka laun um 1 millj. 200 þús. kr. vegna stöðu nýs aðstoðarlæknis, en talið er að í raun felist í því sparnaður fyrir rekstur sjúkrahússins.

Heilsugæslustöðvar. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 8 millj. kr. og eru þar af 3 millj. ætlaðar til viðhaldsverkefna. Annað er m.a. vegna breytinga á kjarasamningum. Þannig hækka laun um til að mynda 3 millj. kr. aðeins vegna breytingar á túlkun kjarasamninga.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Teknir verði upp fjórir nýir liðir. Það er í fyrsta lagi Krabbameinsfélag Íslands, þ.e. til rannsókna og forvarnarstarfs við brjóstakrabbamein 5 millj. kr. Liðurinn Hjartavernd vegna Monica-rannsókna 1 millj. kr., en Monica-rannsóknir eru fjölþjóðlegt rannsóknastarf undir yfirstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Hjartavernd hefur verið falið af landlækni að annast en getur illa tekið það verkefni að sér þó hún hafi gert það á þessu ári án þess að fá til þess eitthvert fjárframlag. Þá er liðurinn Atvinnusjúkdómar, sem er lokagreiðsla, 150 þús. kr. Liðurinn Kynsjúkdómar, alnæmi. Lagt er til að hann hækki um 5 millj. kr. sem er vegna fræðslustarfs um þetta efni. Hækkun nemur þá alls 19 millj. 275 þús. kr. og verður heildarfjárveiting á þessum lið 65 millj. 934 þús. kr.

Þá er liðurinn Gæsluvistarsjóður, framlag. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Vernd, félagasamtök, og lagt er til að framlag verði 1 millj. kr. sem er vegna kaupa félagasamtakanna á húseign við Laugateig.

Þá er liðurinn Bindindisstarfsemi. Lagt er til að tilfærslur til Stórstúku Íslands hækki um 33 þús. kr. og verði 500 þús. kr. Enn fremur er tekið upp nýtt viðfangsefni, Norrænt bindindisþing, sem meiningin er að halda hér á landi á sumri komanda og verði það styrkt með 300 þús. kr.

Þroskaþjálfaskóli Íslands. Lagt er til að laun hækki um 300 þús. kr. og verði þá 4 millj. 914 þús. kr.

Fjármálaráðuneyti:

Ríkisskattstjóri. Lagt er til að liðurinn hækki um 2 millj. 770 þús. kr. og verði 56 millj. 231 þús. kr. Er þetta vegna fjögurra nýrra staða við embættið sem ráðningarnefnd hefur samþykkt að taka upp.

Samgönguráðuneyti:

Vegagerð ríkisins. Lagt er til að tilfærslur til einstaklinga, heimila og félagasamtaka, sem kallað hefur verið Gisting og byggð á þessum fjárlagalið, falli niður og færist á fjárlaganúmer 1.26 Ýmislegt.

Vitastofnun Íslands. Lagt er til að Önnur gjöld hækki um 1 millj. 400 þús. kr. vegna vitabygginga og verði 14 millj. kr. Er hækkunin m.a. vegna endurbóta á Miðfjarðarskersvita. Við 3. umr. verður af hálfu meiri hl. nefndarinnar flutt till. um hækkun vitagjaldsins við 3. gr. frv.

Hafnamál. Lagt er til að tilfærslur hækki um 73 millj. 639 þús. kr. og verði 266 millj. 966 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Ferjubryggjur 2 millj. 7 þús. kr., hafnarmannvirki og lendingarbætur 58,5 millj. kr., sjóvarnargarðar 9 millj. 132 þús. kr. og nýtt viðfangsefni, Landshöfnin Rifi 4 millj. kr. sem að mestu leyti er skuldagreiðsla, en auk þess er talið mikið hættuástand orðið í höfninni vegna þess að þar er ekki orðið nema þriggja metra dýpi. Að öðru leyti er vísað til sundurliðunar á þessum liðum í sérstöku yfirliti á þskj. 282.

Siglingamálastofnun ríkisins. Lagt er til að laun hækki um 1170 þús. vegna þriggja nýrra starfa, skipaskoðunarmanns á Vestfjörðum, skrifstofumanns og rafmagnsskoðunarmanns. Önnur gjöld hækki um 1881 þús. kr. vegna húsaleigu, umdæmisskrifstofa og vegna skyndiskoðunar skipa. Lagt er til að Eignakaup hækki um 310 þús. kr. vegna tækjakaupa fyrir hávaðamælingar um borð í fiskiskipum. Enn fremur er lagt til að sértekjur lækki um 1 millj. 550 þús. kr. vegna skipaskoðunargjalds sem flyst á viðeigandi lið í 3. gr. frv. Við 3. umr. þessa máls mun meiri hl. fjvn. flytja till. við 3. gr. um hækkun skipaskoðunargjaldsins.

Flugmálastjórn. Lagt er til að laun hækki um 1 millj. 170 þús. kr. Hækkunin skýrist af því að lagt er til að heimila að 67% staða flugvallareftirlitsmanns á Þórshöfn verði 100% staða. Það kostar 195 þús. kr. Enn fremur að heimila eina stöðu flugvallareftirlitsmanns á Akureyri, 650 þús. kr., og hálfa stöðu við Loftferðaeftirlit, 325 þús. kr.

Liðurinn Flugvellir, önnur gjöld. Framkvæmdir hækka um 9,4 millj. kr. og verða 69,4 millj. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í sérstöku yfirliti sem fylgja á brtt. nefndarinnar.

Ýmis framlög. Lagt er til að tilfærslur hækki um 6 millj. 330 þús. kr. og verði 12 millj. 75 þús. kr. Hækkunin skýrist m.a. af nýjum viðfangsefnum sem eru: Björgunarbúnaður Sigmunds 125 þús. kr., fræðsluefni um öryggismál sjómanna, myndbanki, 600 þús. kr., sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip 2,5 millj. kr., ferðamálasamtök landshluta 600 þús. kr. og nýr liður vegna samnorræns verkefnis um jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi 500 þús. kr.

Liðurinn Ýmislegt er m.a. vegna útivistaraðstöðu við Geysi í Haukadal og inn á þennan lið færist liðurinn af Vegagerð ríkisins Til einstaklinga, heimila og samtaka, gisting og byggð og verður honum skipt síðar með bréfi til ráðuneytisins.

Landmælingar Íslands. Lagt er til að Önnur laun verði hækkuð um 600 þús. kr. vegna fjarkönnunarstofu sem ætlað er það hlutverk að safna saman ýmsum fjarkönnunargögnum, gervitunglamyndum o.fl. og að sértekjur verði lækkaðar um 1 millj. 200

þús. kr.

Iðnaðarráðuneyti:

Iðntæknistofnun Íslands. Lagt er til að liðurinn Yfirstjórn hækki um 1 millj. 370 þús. kr. vegna sérgreindra verkefna og að liðurinn Tækjabúnaður hækki um 600 þús. kr. og verði 9 millj. kr.

Viðskiptaráðuneyti:

Lagt er til að á liðnum Yfirstjórn hækki styrkur til Neytendasamtaka um 116 þús. kr. og verður liðurinn þá í heild um 27 millj. 618 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir og skýra brtt. fjvn. við þessa umræðu. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef mælt fyrir.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Geir Gunnarsson):

Ég vil í upphafi máls míns þakka meðnefndarmönnum mínum samstarfið í nefndinni og þá ekki síst formanni, hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni, fyrir ánægjuleg samskipti sem jafnan fyrr allt kjörtímabilið á löngum og ströngum fundum nefndarinnar. Ég tek undir þakkir formanns til starfsmanns fjvn. og til hagsýslustjóra og samstarfsfólks hans.

Hæstv. ríkisstjórn leggur nú fram síðasta fjárlagafrv. á kjörtímabili sínu. Að því er gerð og framsetningu frv. varðar er ástæða til að þakka að í því efni hafa orðið umtalsverðar framfarir á þessu tímabili. Þær breytingar auðvelda yfirsýn yfir ríkisbúskapinn sem heild og hjálpar þar einnig til að sú regla er nú komin á, og vonandi til frambúðar, að frv. til lánsfjárlaga er lagt fyrir Alþingi jafnhliða fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun fylgir greinargerð fjárlagafrv.

Jafnframt hefur sú greinargerð orðið viðameiri og upplýsingar gleggri með hverju ári. Þá hefur að þessu sinni verið bryddað upp á því að sýnd er viðskiptastaða ríkissjóðs við einstök sveitarfélög vegna framkvæmda sem kostaðar eru bæði af ríkissjóði og sveitarfélögum. Þar er að vísu einungis um að ræða upplýsingar varðandi byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og þó engan veginn þannig að fullnægjandi sé varðandi þann þátt. En þetta er aðeins byrjunin og þess er að vænta að á næsta ári fylgi fjárlagafrv. skýrsla um viðskipti ríkissjóðs við sveitarfélög vegna allra framkvæmdaþátta. En það háir störfum fjvn. hve upplýsingar um viðskiptastöðuna varðandi einstakar framkvæmdir hafa verið óglöggar í stærsta framkvæmdaþættinum, skólabyggingum.

Vegna þess hve fjárveitingar á fjárlögum til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga hafa verið skornar harkalega niður undanfarin ár en sveitarfélögin hafa á sama tíma ekki komist undan því að sinna þeirri þjónustu sem kallar á slíkar framkvæmdir hafa skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin hlaðist upp. Eru jafnvel dæmi þess að einstök sveitarfélög telji ríkissjóð skulda þeim allt að 80–85 millj. kr. vegna vangreiddra framkvæmdaframlaga.

Í sumum málaflokkum hefur ekki tekist að fá óyggjandi upplýsingar í þessu efni þannig að ekki beri á milli aðila. Á þessu þarf að ráða bót með því að hraða gerð samninga um kostnaðarskiptingu varðandi einstakar framkvæmdir því eins og ég áður sagði háir þessi skortur á upplýsingum störfum nefndarinnar við tillögugerð um fjárveitingar til einstakra framkvæmda. Gallinn er sá að þótt einhverjar tölur fáist að lokum frá aðilum í ríkiskerfinu eftir fyrirspurnir nefndarmanna um skuldir ríkissjóðs vegna einstakra framkvæmda ber þeim æðioft ekki saman við mat sveitarstjórnarmanna. Það er óhjákvæmilegt að leggja í það vinnu að fá þessi mál á hreint.

Þetta snýr að formi og framsetningu fjárlagafrv. Um það er margt ágætt að segja, eins og ég hef rakið, þótt ýmislegt megi og þurfi enn að bæta.

Um innihaldið, stefnu hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum, verður færra sagt til hróss. Þrátt fyrir góðæri ár eftir ár og vaxandi þjóðartekjur á mann á hverju ári frá og með 1984 vegna bættra ytri aðstæðna er nú ráðgert að afgreiða fjárlög með verulegum halla þriðja árið í röð.

Árið 1985 voru fjárlög afgreidd með áætluðum 743 millj. kr. halla, en sá halli varð í raun 2371 millj. kr. og í fyrra voru fjárlög afgreidd með áætluðum 163 millj. kr. rekstrarafgangi, en horfur eru á því að niðurstaðan verði í raun um eða yfir 2000 millj. kr. rekstrarhalli ríkissjóðs. Þegar þetta er haft í huga gefur fjárlagafrv. með áætluðum nær 1600 millj. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu 1987 ekki fyrirheit um niðurstöðu sem verði talin viðunandi þegar byggt er á þjóðhagsáætlun um eitthvert mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað varðandi ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Þegar hæstv. fjmrh. gerði þjóðinni grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1986 í nóvember í fyrra lagði hann áherslu á að annað aðalmarkmið fjárlagagerðarinnar væri að erlendum lántökum opinberra aðila skyldu settar þær skorður að ekki yrði tekið meira af erlendum lánum en næmi afborgunum af eldri lánum og hitt aðalmarkmiðið væri að sem næst jöfnuður skyldi vera milli tekna og gjalda ríkissjóðs. Það er nú liðið rúmlega eitt ár síðan hæstv. fjmrh. lagði áherslu á þessi meginmarkmið. Hvað hefur gerst varðandi þá stefnu að erlendar lántökur opinberra aðila næmu ekki hærri upphæð en afborgun af eldri lánum?

Nú í árslokin er áætlað að afborgun af erlendum lánum opinberra aðila nemi 2700 millj. kr., en ný erlend lán tekin á árinu 1986 nemi 5158 millj. kr., þ.e. 2458 millj. kr. ný erlend nettóskuldasöfnun opinberra aðila.

Ekki stafar þessi ráðsmennska af því að harðindin neyði stjórnendur til þess að hlaða upp erlendum skuldum. Þvert á móti er aukning þjóðartekna á þessu ári meiri en áður hefur þekkst vegna góðæris eða um 7,0% á mann. Nettóaukning erlendra lána opinberra aðila nemur á þessu gósenári um 50 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Að viðbættum skuldbreytingum skammtímalána, 542 millj. kr., eru nýjar lántökur 111% hærri en afborg-

anirnar. Það er ill meðferð á öðru höfuðmarkmiði hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Varðandi hitt meginmarkmiðið, að sem næst jöfnuður sé milli gjalda og tekna ríkissjóðs, blasa þær staðreyndir við í góðærinu mikla að í stað 163 millj. kr. rekstrarafgangs ríkissjóðs samkvæmt samþykktum fjárlögum í desember í fyrra blasir nú við halli nálægt 2000 millj. kr. til viðbótar nær 2400 millj. kr. halla á árinu 1985.

Þannig hafa aðalmarkmiðin orðið að engu og snúist upp í andhverfu sína í raun þrátt fyrir að ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum, aukinn afli, hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum en lækkun orkuverðs, hefur allt orðið til þess að aðstæður til að standa við þessi markmið áttu að verða auðveldari en búast mátti við þegar þau voru sett fram.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 flutti minni hl. fjvn. tillögu til rökstuddrar dagskrár um frestun á afgreiðslu fjárlaga, þ.e. að horfið yrði frá því að afgreiða fjárlög með þeim óraunhæfa hætti sem hæstv. ríkisstjórn stefndi að, en stjórn og stjórnarandstaða tæki sér tíma til að afgreiða fjárlög með raunhæfari hætti. En stjórnarflokkarnir kusu fremur að afgreiða fjárlög með 163 millj. kr. sýndarafgangi sem síðan hvarf í einni aukafjárveitingu og endaði með um 2000 millj. kr. halla.

Í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins var verðbólga síðan greidd niður án nokkurra ráðstafana til að standa við fyrri markmið um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs. Allur vandi var afgreiddur með skuldasöfnun, ekki aðeins á árinu 1986 heldur tók markmið hæstv. fjmrh. frá því í fyrra á sig þá mynd s.l. vor sem hann lýsti svo í 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1987 þegar við blasti um eða yfir 2000 millj. kr. halli á ríkissjóði á þessu ári, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin setti sér það pólitíska markmið í vor sem leið að minnka fjárlagahallann um því sem næst þriðjung."

Það er athyglisvert að þegar ríkisstjórnin setti sér þetta nýja mark, sem var æðilangt frá aðalmarkmiðinu í fyrrahaust, var spáð 3,5% aukningu landsframleiðslu á árinu 1986, en nú við afgreiðslu fjárlaga er sýnt að góðærið er meira en spáð var s.l. vor og aukningin er nú talin verða 6%. Þessi munur úr 3,5 í 6% þýðir í auknum tekjum ríkissjóðs ríflega 900 millj. kr. hvort árið 1986 og 1987 því að gert er ráð fyrir því í þjóðhagsáætlun að aukningin 1987 haldist og enn bætist við á því ári 2,2% ofan á aukningu 1986, en sú viðbótarhækkun ein gæti þýtt um 900 millj. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð miðað við útkomu 1986.

Þrátt fyrir þetta, sem ýmist liggur nú þegar fyrir varðandi 1986 eða er sú spá sem þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 er byggð á, heldur hæstv. ríkisstjórn sig enn við það markmið sem hún hrundi niður á s.l. vor, enda þótt spádómar um þjóðhagsstærðir gefi nú til kynna enn hagstæðari stöðu þjóðarbúsins en þá var áætlað.

Þrátt fyrir stórauknar tekjur ríkissjóðs frá því sem áætlað var s.l. vor vegna enn bættra ytri aðstæðna setur hæstv. ríkisstjórn markið ekki hærra en það var hrapað niður í þá, þ.e. að lækka rekstrarhalla um þriðjung, afgreiða fjárlög 1987 með um 1600 millj. kr. halla.

Enn má benda á að í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1986 um horfur fyrir árið 1987 var áætlað að vaxtaútgjöld ríkissjóðs mundu hækka úr 9,6% af heildarútgjöldum ríkissjóðs í 11,1%. Nú liggur hins vegar fyrir að vegna breytinga á lánakjörum munu vaxtaútgjöld sem hlutfall af ríkisútgjöldum ekki hækka heldur lækka á árinu 1987 í 8,2% ríkisútgjalda. Það þýðir að vaxtaútgjöld 1987 verða um 1200 millj. kr. lægri en spáð var um þetta leyti í fyrra. Miðað við svipaða þróun í vaxtatekjum gæti þetta þýtt um 700–800 millj. kr. nettóútgjaldalækkun hjá ríkissjóði. Sú staðreynd, til viðbótar niðurstöðunni um stórauknar tekjur ríkissjóðs vegna aukinnar landsframleiðslu umfram það sem spáð var, hefur heldur engin áhrif á getu hæstv. ríkisstjórnar til að standa við meginmarkmið sitt í fyrrahaust varðandi jöfnuð í ríkisrekstrinum. Hún leggur fram fjárlagafrv. með 1600 millj. kr. rekstrarhalla á ríkissjóði 1987.

Hæstv. ríkisstjórn stefnir með fjárlagafrv. sínu að því að reka ríkissjóð með verulegum halla þriðja árið í röð. Samanlagður halli þessara ára, 1985, 1986 og 1987, nemur um 6000 millj. kr. og jafngildir því tólf Hafskipsgjaldþrotum.

Á erfiðleikaárunum 1982 og 1983 varð ríkissjóður fyrir áföllum vegna samdráttar í þjóðarframleiðslu, en það fer á hinn bóginn saman að þessi þrjú hallaár ríkissjóðs, þegar eytt er 6000 millj. kr. umfram tekjur, hefur þjóðin búið við mjög mikinn efnahagsbata vegna ytri aðstæðna. Landsframleiðslan hefur aukist á sérhverju þessara ára. Samanlagt gæti aukning vergrar landsframleiðslu þessi þrjú ár numið um 16 milljörðum kr. á verðlagi 1986. Af því tekur ríkissjóður um 4 milljarða kr. umfram það sem hann hefði fengið ef landsframleiðsla hefði einungis hætt að minnka eftir 1984 og staðið í stað síðan. En samhliða og þrátt fyrir þessa 4000 millj. kr. tekjuaukningu hefur ríkissjóður verið rekinn með halla sem með fjárlagafrv. varðandi árið 1987 er stefnt að að nemi samtals um 6000 millj. kr. á þremur árum á verðlagi 1986.

Aukning landsframleiðslu vegna hagstæðra ytri aðstæðna þýðir að ríkissjóður fær á þremur árum 4000 millj. kr. bráttótekjuaukningu til þess að standa undir útgjaldaaukningu og hagstæð þróun lánskjara bætir hag ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta er öllum markmiðum um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs kastað fyrir róða. Hvers konar efnahagsástand, hvers konar ytri aðstæður þurfa að vera fyrir hendi til þess að stjórnarflokkarnir geti farið með mál ríkissjóðs án þess að hlaða upp milljarðaskuldum með þeim vítahring vaxtaútgjalda sem af því leiðir?

Ég hef lýst því nokkuð hvernig hefur farið um annað aðalefnahagsmarkmiðið, sem hæstv. fjmrh. lagði áherslu á við 1. umr. um fjárlög í fyrra, að sem

næst jöfnuður skyldi verða milli tekna og gjalda ríkissjóðs. Hitt aðalmarkmiðið, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, var að erlendum lántökum opinberra aðila skyldu settar þær skorður að ekki skyldi tekið meira af erlendum lánum en sem næmi afborgunum af eldri lánum. Af þeim gögnum sem nú liggja fyrir um hvernig hefur farið um þetta annað aðalmarkmið efnahagsstefnunnar má sjá:

1. Að ríkissjóður tekur á árinu 1986 4210 millj. kr. ný erlend lán en greiðir í afborganir 1350 millj., þ.e. safnar nýjum erlendum langtímaskuldum sem nemur 2860 millj. kr.

2. Opinberir aðilar í heild taka 5158 millj. kr. ný erlend lán en greiða í afborganir 2700 millj. kr., þ.e. opinberir aðilar auka erlendar skuldir sínar á árinu 1986 um 2,5 milljarða kr.

Af erlendum heildarskuldum opinberra aðila í árslok 1986 eru um 5% til komin vegna skuldaaukningar á árinu 1986. Þannig hefur farið um það markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að auka ekki erlendar skuldir opinberra aðila.

Í þriðja lagi má geta þess að heildarlántaka þjóðarinnar erlendis nemur á þessu ári 10 130 millj. kr. auk 1220 millj. kr. í skuldbreytingar eða 2700 millj. kr. umfram áætlun, en afborganir erlendra lána nema á árinu 6090 millj. kr. þannig að hrein aukning erlendra langtímaskulda á gósenárinu 1986 nemur 5260 millj. kr., þ.e. sú skuldaaukning erlendis á árinu 1986 jafngildir um 110 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu á því ári þegar verg landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla á mann er meiri en áður hefur þekkst. Það er varla ástæða til þess fyrir þjóðina að gefa ríkisstjórninni tækifæri til að efna enn ný fyrirheit með sama hætti og raun hefur orðið á til þessa.

Þegar þessar staðreyndir blasa við í lok ársins 1986 virðast hálfkaldhæðnislegar eftirfarandi setningar úr þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1986 þar sem gerð er grein fyrir stefnunni í ríkisfjármálum fyrir það ár. Þar segir, með leyfi hæstvirts forseta:

„1. Erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila fara ekki fram úr afborgunum af erlendum og gengisbundnum lánum. Skuldasöfnun ríkisins er því stöðvuð.

2. Ríkissjóður verður sem næst án rekstrarhalla árið 1986."

Þetta stóð orðrétt í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 sem lýkur nú með þeim niðurstöðum sem ég hef rakið.

Eins og ég minntist á þegar ég rakti hvernig fór um þá rekstraráætlun ríkissjóðs sem samþykkt var með 163 millj. kr. afgangi en endar í árslok með um 2000 millj. kr. halla var verðlag greitt niður í kjölfar kjarasamninga í febrúar s.l. án þess að stjórnvöld gerðu nokkrar ráðstafanir til að standa eftir sem áður við markmið sín um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs. Verkalýðshreyfingin átti frumkvæði að samningunum og launafólk í landinu lagði sitt af mörkum til að kveða niður verðbólguna með afar hóflegum launahækkunum, enda þótt framleiðsluaukning í þjóðfélaginu væri mjög veruleg vegna hagstæðra ytri aðstæðna.

Fyrir þætti ríkisins í þessum aðgerðum hefur á hinn bóginn ekki verið séð með öðrum hætti en enn nýrri skuldasöfnun 1986 og fyrirætlunum um áframhald í því efni á næsta ári.

Ríkisstjórnin hefur komið sér undan því að leysa það verkefni sem hún tók að sér. Hún velti vandanum á undan sér eftir febrúarsamningana og hún virðist enn ætla að hafa sama háttinn á varðandi nýgerða kjarasamninga. Stjórnarflokkarnir velta vandanum á undan sér með 2000 millj. kr. hallarekstri á ríkissjóði í ár og fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir 1600 millj. kr. fjárlagahalla á næsta ári.

Þegar þannig er staðið að málum á tímum þenslu í atvinnu- og viðskiptamálum er þeim árangri sem verkalýðshreyfingin beitir sér fyrir að náist í verðlagsmálum stefnt í ótvíræða hættu. Það er ekki aðeins svo að hæstv. ríkisstjórn hafi í engu tekið á því verkefni sem hún tók að sér í samningum við verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur s.l. vor, þar sem því hefur í engu verið sinnt að greiða í raun þátt ríkisins í þeirri lausn sem samkomulag var um, heldur hefur hún bætt um betur með óráðsíu í útgjöldum á ýmsum sviðum.

Á árinu 1986 fara útgjöld 2347 millj. kr. fram úr útgjaldaáætlun í þeim lögum sem sett voru í kjölfar kjarasamninganna. Þar af er hækkun launa, lífeyrisgreiðslna, sérstakra niðurgreiðslna og aukaframlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna samtals um 1650 millj. kr. Á móti öllum þessum greiðslum kemur aukning tekna umfram áætlun um næstum nákvæmlega sömu tekjur og á rætur að rekja í stóraukinni þjóðarframleiðslu umfram áætlun. Eftir stendur þá 700 millj. kr. útgjaldaaukning. M.a. voru aukafjárveitingar til aðalskrifstofa ráðuneytanna orðnar 20 millj. kr. í septemberlok. Þar af hafði hæstv. menntmrh. fengið 9 millj. kr. í aukafjárveitingar til aðalskrifstofu sinnar. Umframeyðsla hæstv. ráðh. til sinnar eigin skrifstofu virðist síðan eiga að verða grundvöllur og rökstuðningur til stóraukinna fjárveitinga í þennan rekstur á næsta ári.

Fjárlagafrv. 1987 er á desemberverðlagi 1986, en gildandi fjárlög á meðalverðlagi 1986. Á því tímabili, sem á milli liggur, hafa laun hækkað um 14%–15%, en rekstrarkostnaður um tæp 3%. Á þessum verðbreytingum ætti uppfærsla útgjaldaþátta almennt að byggjast að óbreyttum umsvifum. Hvað gerist í þessari uppfærslu varðandi aðalskrifstofur ráðuneytanna eftir að þá hefur í áætlunartölu 1987 verið tekið tillit til þess að kostnaður við ráðherrabifreiðir færist á næsta ári til gjalda á hverri aðalskrifstofu fyrir sig en ekki hjá liðnum Ríkisstjórn eins og gert er í ár. Sú breyting er dregin frá tölum þeim sem ég nú nefni um hækkun útgjalda aðalskrifstofu ráðuneytanna frá fjárlögum 1986 til fjárlagafrv. fyrir árið 1987 þegar laun hafa hækkað um 14–15% en önnur rekstrargjöld um tæp 3%.

Hækkun útgjalda: Forsrn. 25,0% og var nú verið að bæta við 1 millj. með till. meiri hl. fjvn. við 2.

umr. og ekki meðreiknað í þesari tölu. Menntmrn. 36,2 %, utanrrn. 16,1%, landbrn. 32,9%, sjútvrn. 28,3%, dóms- og kirkjumálarn. 29,2%, félmrn. 42,6%, heilbr.- og trmrn. 28,5%, fjmrn. 11,9%, samgrn. 42,0%, iðnrn. 19,5%, viðskrn. 29,6%, Hagstofu 32,3%, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 16,6%. Vegin meðalhækkun til aðalskrifstofa ráðuneytanna er 26,5%. Hækkun umfram verðlag á árinu 1987 má áætla 65–70 millj. kr.

Sparnaðarviðleitni sem imprað var á varðandi einstaka liði í fyrra hefur tekið á sig ýmsar myndir í framkvæmd. 150 millj. kr. átti að spara í útgjöldum í sjúkratryggingum án þess að upplýst fengist með hvaða hætti það ætti að gera. Stjórnarflokkunum virðist ekki hafa enst árið til þess að komast að því sjálfir hvernig koma ætti á þeim sparnaði sem þess vegna hefur enginn orðið. Í útgjaldaupphæð sjúkratrygginga fyrir árið 1987 vantar enn þessar sömu 150 millj. kr. Það á enn að leita að aðferðinni til sparnaðar á næsta ári.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var það tillaga Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að áætlað framlag í fjárlagafrv. til greiðslu á launakostnaði og öðrum rekstri skrifstofu Lánasjóðs ísl. námsmanna yrði hækkuð um 10 millj. kr., í 19,2 millj. kr. Hæstv. menntmrh., blóðþyrstur að venju, skar þessa hækkun út. Hann taldi 9,2 millj. kr. fullnóg. Nú liggur niðurstaðan fyrir varðandi þessa stofnun sem hæstv. ráðh. tók sérstaklega að sér að endurskipuleggja og spara hjá og herða að varðandi rekstrarkostnað. Niðurstaðan er sú að hvorki 9,2 né 19,2 millj. kr. dugðu. Rekstrarkostnaður verður 37 millj. kr., þar af 4 millj. vegna tölvuvæðingar, en almennur rekstur hækkar um 8,4 millj. kr. umfram rauntölur 1985 eða um 32,7%, langt umfram almennar hækkanir á sama tíma. Nú er lagt til að áætlaður rekstrarkostnaður skrifstofunnar verði á næsta ári 40,7 millj. kr. eða 342% hærri á árinu 1987 en hæstv. menntmrh. ætlaði að sjá um að hann yrði 1986.

Þannig fer þetta hjá hæstv. ríkisstjórn á allt of mörgum sviðum. Hvernig sem hún eys inn tekjum af stóraukinni þjóðarframleiðslu hripar allt niður og ekkert er eftir í kassanum. Í tvö ár hefur þetta gengið svona og ríkisstjórnin ætlar ótrauð að halda þessu striti áfram þriðja árið í röð og er búin að gera sér ljóst að minna en ekkert verður eftir líka á næsta ári.

Það er sagt að svipað hafi hent landsfræga bræður frá Bakka. Þeir jusu í kerald og allt hripaði niður jafnóðum. Þeir voru þó ekki búnir að stunda þennan austur lengi, og áreiðanlega ekki í þrjú ár, þegar þeir litu upp, hugðu að orsökinni og fundu hana: Ekki er kyn þótt keraldið leki. Botninn er suður í Borgarfirði. Þeir Bakkabræður fundu orsökina fyrir því að þeirra austur var tilgangslaus. Þeir vissu hvar botninn var. Það er meira en sagt verður um hæstv. ríkisstjórn.

Þegar skoðuð er þróun tekna ríkissjóðs og gjalda og borin saman annars vegar útgjöld og hins vegar tekjur ársins 1984 og áætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1987 kemur fram að miðað við fast verðlag, verðlag í desember 1986 í báðum tilvikum, eru tekjur ríkissjóðs 240 millj. kr. hærri 1987 en 1984 og hafa hækkað um 0,6% á þessu tímabili, en útgjöldin hafa á hinn bóginn hækkað um 5831 millj. kr. eða um 16,3% á sama tíma á föstu verðlagi. Sé miðað við útgjöld án fjármunamyndunar og fjármagnstilfærslna hafa rekstrarútgjöldin hækkað um 6142 millj. kr. frá 1984 til 1987 eða um 20,3% þegar tekjur hafa hækkað um 240 millj. kr. eða 0,6%.

Slík stefna í ríkisfjármálum á árabili þegar verg landsframleiðsla eykst með hverju ári og er á forsendum fjárlagafrv. fyrir árið 1987 áætluð 10,6% hærri að raungildi en á árinu 1984 hlýtur að teljast tilræði við viðleitni verkalýðsfélaganna og aðgerðir til að halda verðbólgu í skefjum. Ef eðlilega væri að staðið ættu tekjur ríkissjóðs á slíku tímabili aukinna þjóðartekna að vaxa að raungildi án þess að útgjöld þyrftu að gera það í sama mæli.

Það hefur hins vegar verið markviss stefna stjórnarflokkanna að hlífa fyrirtækjum og eignaaðilum við því að bera sinn hlut af samfélagslegri uppbyggingu og þjónustu. Fremur en að leggja eðlilegar byrðar á þessa aðila heldur hæstv. ríkisstjórn ótrauð áfram á braut skuldasöfnunar og aukinna fjármagnsútgjalda og stefnir í voða þeim árangri í verðlagsmálum sem verkalýðssamtökin eru að berjast fyrir að ná fram.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að af 3890 fyrirtækjum í félagsformi greiddu 1968 eða um helmingur fyrirtækjanna engan tekjuskatt árið 1984 og að á sama tíma og tekjuskattur fyrirtækja nemur 7,1% af heildartekjum ríkissjóðs í Bandaríkjunum er tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi ekki nema 2,4% af heildartekjum ríkissjóðs. Mismunurinn mundi þurrka út áætlaðan halla á fjárlögum næsta árs og ríflega það.

Samtímis því að stjórnarflokkarnir hlífa gróðaöflunum í þjóðfélaginu við eðlilegum skattgreiðslum með lagasetningu um ívilnanir þeim til handa hafa framlög til samfélagslegra framkvæmda og þjónustu verið skorin markvisst niður.

Þegar annars vegar er hafður í huga niðurskurður slíkra framlaga og hins vegar hækkun heildarútgjalda ríkissjóðs að raungildi sést best hvernig önnur útgjöld hafa þanist út. Niðurskurður framlaga til verklegra framkvæmda sveitarfélaga og til ýmmissa sjóða er því ekki þáttur í minnkandi umsvifum ríkisins á stjórnartíma hæstv. núverandi ríkisstjórnar. Þrátt fyrir þennan niðurskurð hafa útgjöld ríkisins aukist að raungildi. Þessar mikilvægu framkvæmdir og framlög eru látin víkja fyrir annarri útþenslu og dragast saman þrátt fyrir stórauknar þjóðartekjur af völdum bættra ytri aðstæðna í þjóðarbúskapnum.

Framlög til sjóða eru með lánsfjárlögum skorin niður í þeim mæli að á árinu 1987 nemur niðurskurður Félagsheimilasjóðs 22 millj. 835 þús. kr., Hafnabótasjóðs 9 millj. kr., Framkvæmdasjóðs fatlaðra 50 millj. kr., Kvikmyndasjóðs 5,6 millj. kr., Ferðamálasjóðs 31 millj. 218 þús. kr. og Jöfnunar-

sjóðs sveitarfélaga 317 millj. 500 þús. kr. Hefur þá Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verið skorinn niður um ríflega 700 millj. kr. á núgildandi verðlagi á árunum 1984–1987 að báðum árum meðtöldum. Sú ráðstöfun hefur enn aukið erfiðleika sveitarfélaganna við að mæta þeim niðurskurði sem stjórnarflokkarnir hafa beitt varðandi framlög ríkisins til verklegra framkvæmda til uppbyggingar á þeirri þjónustu sem sveitarfélög bera ábyrgð á að veitt sé íbúunum.

Stórfelldur niðurskurður á framlögum til verklegra framkvæmda sveitarfélaga veldur því að þau hafa orðið að standa undir mjög verulegri fjárfestingu án þess að fá framlög ríkissjóðs með eðlilegum hætti samtímis því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur verið skorinn niður um ríflega 700 millj. kr. frá 1984 til 1987 að báðum árum meðtöldum og á desemberverðlagi.

Framlög til samfélagslegra framkvæmda hafa verið skorin niður í svo miklum mæli frá árinu 1983 að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árin 1984 og 1985 og fjárlögum fyrir árið 1986 er framlag til dagvistarheimila, mennta- og fjölbrautaskóla, grunnskóla, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, hafnarframkvæmda og flugvalla á árunum 1984, 1985 og 1986 að meðaltali aðeins 64,8% af framlaginu 1983 og hefðu þurft að vera 54,3% hærri til að vera að meðaltali á hverju ári jafngild og 1983. Langlægst voru þessi framlög á þessu ári.

Enda þótt þessi framlög hafi nokkuð hækkað í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 og síðan talsvert í meðförum fjvn. hverfur sú hækkun að verulegu leyti upp í þá skuldasöfnun sem efnt var til með alveg sérstökum niðurskurði árið 1986 þegar framlög til þessara málaflokka námu aðeins um 41% af framlaginu árið 1983. Með þeirri hækkun sem orðin er á þessum framkvæmdaliðum með brtt. fjvn. eru þessi framlög lægri en 1983 og 1984 og vantar enn um 31% upp á að þau séu jafngildi framlaga til þessara málaflokka skv. ríkisreikningi fyrir árið 1983. Á tímabilinu milli þessara ára hafa þjóðartekjur hækkað um raungildi um 18,0%.

Það segir sannarlega mikið um stjórnarstefnuna og stjórnarflokkana að tímabil stóraukinnar framleiðslu þjóðarinnar vegna bættra ytri aðstæðna skuli ekki nýtast til samfélagslegs átaks varðandi brýnustu þjónustu við almenning hvarvetna í landinu heldur skuli slíkar framkvæmdir þess í stað skornar mjög verulega niður. Og til þess að bæta gráu ofan á svart varðandi niðurskurð á framlögum til framkvæmda sem þjóna öllum landsmönnum elta stjórnarflokkarnir uppi sérstakan sjóð til framkvæmda í þágu þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu og skera lögbundið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra niður um helming eða um 50 millj. kr. samkvæmt þrengstu skilgreiningu, auk þess að hirða og gera upptækar í ríkissjóð um 30 millj. kr. af mörkuðum tekjum frá árinu 1985, á einhverju mesta gósenári sem þjóðin hefur lifað. En í ár fær ríkissjóður í sinn hlut einungis vegna aukinnar landsframleiðslu á þessu ári um 2 milljarða kr. í brúttótekjur.

Ég held að hv. Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að falla frá þessum sérstaka niðurskurði og einkum ættu stjórnarflokkarnir ekki að láta sér til hugar koma að standa að slíkri sérstakri aðför að fötluðum og öryrkjum á sama tíma og þeir leggja til við afgreiðslu fjárlaga að hækka framlag til aðalskrifstofa ráðherranna umfram eðlilegar verðlagshækkanir um upphæð sem er hærri en sú skerðing sem þeir hafa fyrirhugað á Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Þó að sú upphæð sem hér um ræðir, skerðing á lögboðnu framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sé ærin vantar þó mun hærri upphæð í fjárlagafrv. varðandi greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega og öryrkja. En í frv. er einungis gert ráð fyrir því að þessar greiðslur hækki í samræmi við kjarasamninga í febrúar s.l., en ekki er tekið tillit til almennra launahækkana í landinu m.a. vegna launaskriðs.

Í greinargerð fjárlagafrv. er talið að laun hækki almennt um 24–25% frá upphafi til loka ársins 1986, en fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, sem komu á fund fjvn. 8. des. s.l. og greindu frá endurskoðuðum þjóðhagsstærðum, upplýstu að nú væri talið að almennar tekjur hækkuðu um 35% frá upphafi til loka þessa árs. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hafa bætur til þeirra sem njóta ellieða örorkubóta og tekjutryggingar á hinn bóginn aðeins hækkað um 16,8% frá upphafi til loka ársins og er þá meðtalin sú hækkun sem varð á launum og tryggingabótum umfram 2,5% umsamda launahækkun 1. des. s.l. Hér munar hvorki meira né minna en 18,2% á hækkun almennra launa í þjóðfélaginu og lífeyri þeirra sem verst eru settir allra landsmanna og hafa yfirleitt engin úrræði til að auka við framfærslueyri sinn, tryggingabæturnar. Hækkun á lífeyri þeirra hefur orðið stórum minni en nemur almennum launabreytingum í þjóðfélaginu. Þeir hafa verið settir hjá í góðærinu miðað við aðra og við það verður ekki unað.

Ef upphæð bótagreiðslna til þeirra sem njóta ellieða örorkulífeyris og fullrar tekjutryggingar hefði tekið sömu hækkunum frá ársbyrjun til ársloka 1986 og laun almennt í landinu væri mánaðargreiðsla til einstaklings nú í desember um það bil 18 þús. kr. í stað um 16 þús. kr. og vantar þá í heildardæmið hliðstæðar bætur fyrir fyrri mánuði ársins. Ef tölur Tryggingastofnunar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar í þessu efni eru réttar og allar tryggingabætur tækju hækkunum sem jafngiltu þessum mun næmi hækkunin um 1000 millj. kr. á tólf mánuðum á desemberverðlagi.

Þannig stóð dæmið áður en gerðir voru nýir kjarasamningar um sérstaka hækkun lægstu launa. Þeir samningar hljóta að kalla á enn frekari ráðstafanir til þess að þeir sem eingöngu styðjast við lífeyrisgreiðslur almannatrygginga dragist ekki enn frekar en orðið er aftur úr þeim sem hafa framfæri sitt af almennum launatekjum.

Ég lýsti því fyrr í ræðu minni að ríkisstjórnin hefði komið sér undan því að leysa það verkefni sem

henni bar í framhaldi af kjarasamningunum í febrúar s.l. Hún kaus að velta vandanum á undan sér annars vegar með aðgerðarleysi í tekjuöflun þar sem gróðafyrirtækjum og eignaaðilum hefur þvert á móti verið ívilnað og á hinn bóginn með aðhaldsleysi í útgjöldum.

Þegar ytri aðstæður, aflaaukning, hækkað afurðaverð og lækkun á olíukostnaði, skila þjóðinni verulegum hagvexti og auka spennu í atvinnulífi og efnahagskerfinu öllu er meiri þörf en ella að tryggja jafnvægi í ríkisbúskapnum svo að lánsfé vegna skuldasöfnunar og hallareksturs verki ekki sem hættulegur verðbólguhvati, enda ætti á tímum verulegs hagvaxtar að öðru jöfnu að vera hægara en ella að tryggja a.m.k. jöfnuð í rekstri ríkissjóðs vegna þess að ríkissjóður fær í sinn hlut um fjórðung af aukningu landsframleiðslunnar í bráttótekjur.

Við þessar hagstæðu ytri aðstæður, þegar efnahagskerfið er þó viðkvæmara en ella fyrir þensluáhrifum af hallarekstri og skuldasöfnun ríkisins, hefur stjórnarflokkunum mistekist stefnan í ríkisfjármálum. Á tímum stórfelldrar aukningar þjóðartekna gerist það að stjórnarflokkarnir eyða á þrem árum um 6000 millj. kr. meir en þeir afla og á árinu 1987 hækkar hrein skuld ríkissjóðs úr 12,5% af vergri landsframleiðslu í tæp 14,4%. Afborgunargreiðslum er velt yfir á síðari tíma. T.d. er 960 millj. kr. afborgun við Seðlabankann á þessu ári skuldbreytt með þeim hætti að ekkert þurfi að greiða á næsta ári heldur.

Nú við 2. umr. hafa ekki verið lögð fram nein gögn um áhrif nýgerðra kjarasamninga á afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár og mat á áhrifum endurskoðunar á þjóðhagsstærðum og veltu í þjóðfélaginu á hag ríkissjóðs liggur ekki fyrir. Á þessu stigi er því ekki fyrir hendi yfirsýn yfir hver niðurstaða fjárlagaafgreiðslunnar getið orðið. Ljóst er að forsendur fjárlagafrv. eru orðnar úreltar í veigamiklum atriðum og hefur að sjálfsögðu oft staðið svo á við 2. umr. fyrr og síðar.

Allar aðstæður í þjóðfélaginu, uppsveifla í efnahagskerfinu vegna stórbættra ytri aðstæðna og nýgerðir kjarasamningar kalla á aðra stefnu í ríkisfjármálum en þann hallarekstur og skuldasöfnun sem einkennt hefur feril núverandi stjórnarflokka.

Á miklu veltur hvernig að endanlegri afgreiðslu fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar verður staðið. Sú afgreiðsla, og þar með stefnan í ríkisfjármálum næsta ár, hlýtur að ráða miklu um hvort unnt verður að tryggja þann árangur sem verkalýðsfélögin hafa stefnt markvisst að með kjarasamningunum í febrúar s.l. og nýgerðum kjarasamningum.

Ýmislegt óviðráðanlegt varðandi ytri aðstæður kann að steðja að og stofna í hættu árangri af baráttu verkalýðssamtakanna fyrir stöðugu verðlagi og auknum kaupmætti launa, en ljóst er að af áframhaldandi óbreyttri stefnu stjórnarflokkanna í málefnum ríkissjóðs stafar ein mesta hættan. Í alþingiskosningunum næsta vor gefst launþegum tækifæri til að bægja þeirri hættu frá.

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Í upphafi máls vil ég færa hv. formanni fjvn. þakkir fyrir forustu hans í ströngu starfi nefndarinnar. Einnig þakka ég meðnefndarmönnum mínum samstarfið, svo og ritara nefndarinnar og starfsfólki, bæði í Hagsýslustofnun og í Þórshamri, fyrir alla þeirra aðstoð.

Það er ekki ofsögum sagt af annríki og ati því sem fylgir störfum fjvn. og hvarflar sannarlega oft að manni að betur mætti vinna úr málum ef meiri tími og betri aðstæður væru fyrir hendi. Við þau erfiðu starfsskilyrði sem þessari annríku nefnd eru búin reynir oft á þolinmæði og samstarfshæfileika manna, en e.t.v. einmitt þess vegna komast nefndarmenn og starfsmenn ekkert hjá því að leggja sig alla fram um að láta samstarfið ganga snurðulítið. En þrátt fyrir ágætt samstarf nefndarmanna eru vitanlega skiptar skoðanir um meginstefnu þessa frv. og afgreiðslu einstakra mála svo sem fram kemur í nál. og ræðum í dag.

Ég mæli fyrir nál. á þskj. 302 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lokafrágang síðustu fjárlaga núverandi ríkisstjórnar stendur Alþingi enn einu sinni frammi fyrir því að afgreiða fjárlög sem fá ekki staðist.

Þrátt fyrir langtum meira góðæri á þessu ári en nokkur þorði að spá og þrátt fyrir horfur á áframhaldandi bata í efnahagslífinu er enn stefnt að aukinni skuldasöfnun og vandanum vísað til eftirkomenda.

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs síðustu tveggja ára, þ.e. 1985 og 1986, nemur samtals 4,5–4,6 milljörðum kr. og áætlaður halli á næsta ári er nú skv. frv. 1,5 milljarðar kr. Líklegt er að hann verði hærri í raun. Er enn ótryggilega gengið frá mörgum liðum og augljóst að margt getur farið úr böndunum, eins og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, þrátt fyrir margyfirlýsta stefnu fjmrh. um raunhæf fjárlög og afnám aukafjárveitinga.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var allt kapp lagt á að sýna tekjuafgang og margir endar látnir óhnýttir til að ná því marki. Má nefna sem dæmi að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna var augljóslega vanáætlað um a.m.k. 250 millj. kr., gert var ráð fyrir 150 millj. kr. óraunhæfum sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og 250 millj. kr. sparnaði í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana, auk þess sem launaliður ríkisspítalanna var misreiknaður um 50 millj. kr. Þannig var útgjaldahliðin augljóslega vanáætluð um a.m.k. 700 millj. kr. að því er virtist beinlínis með þeim ásetningi að sýna snyrtilegri niðurstöðutölur fjárlagadæmisins því að engar alvarlegar tilraunir voru gerðar til þess að láta þær standast.

Í frv. til fjárlaga næsta árs er enn gert ráð fyrir 150 millj. kr. sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sem varla getur þýtt annað en að ætlunin sé að seilast í vasa sjúkra, og mun Kvennalistinn að sjálfsögðu vinna gegn því af alefli. Hins vegar sýna

umtalsverðar hækkanir á yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að halda rekstrarútgjöldum ríkisins í skefjum. Tilraunir til endurskoðunar á umfangi og tilverurétti ýmissa stofnana og verkefna á vegum ríkisins virðast máttlausar og árangurslitlar og þarf að taka miklu fastari tökum.

Minni hl. fjvn. varaði eindregið við samþykkt fjárlaganna í desember 1985. Að mati okkar var slíkt fullkomið ábyrgðarleysi, og við lýstum okkur fús til samstarfs um algera endurskoðun þess dæmis. Meiri hlutinn skellti skollaeyrum við þeim málflutningi, en nú er öllum ljóst að hann átti við rök að styðjast.

Þrátt fyrir hallarekstur undanfarinna ára og áætlun næsta árs sér ríkisstjórnin það ráð eitt til þess að auka tekjur ríkissjóðs að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Kvennalistinn varar alvarlega við slíkri skattlagningu þar sem með því er höggvið að einni af forsendum fyrir því góðæri sem þjóðin nú nýtur, að vísu í misjöfnum mæli. Ásamt góðum sjávarafla og lækkun vaxta er verðlækkun olíu meginástæðan fyrir verulega bættum hag margra fyrirtækja í sjávarútvegi. Nú vilja stjórnarliðar stefna þeim árangri í voða, en mega hins vegar ekki heyra minnst á skattlagningu stóreigna, arðs af hlutabréfum né að íþyngja megi bönkum og verslunarfyrirtækjum sem mest og best hafa notið góðærisins nú og stefnu stjórnarinnar frá upphafi. Kvennalistinn hefur margsinnis bent á nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs með það fyrir augum að ná fram réttlátari dreifingu byrðanna.

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar við sparnað í ríkisbúskapnum hafa haft slæmar afleiðingar í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Samdráttur í fjárveitingum til framkvæmdaliða hefur bitnað harkalega á sveitarfélögunum, auk þess sem stjórnarliðar hafa bitið höfuðið af skömminni með árlegum niðurskurði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Óhjákvæmileg þörf hefur knúið sveitarfélögin til áframhaldandi framkvæmda, og nú er svo komið að ríkið skuldar sveitarfélögunum lögboðin framlög til byggingar dagvistarheimila, skóla, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og til hafnarframkvæmda svo að skiptir mörg hundruð milljónum kr., og segir lítið þótt framkvæmdaliðirnir séu hækkaðir nokkuð núna í tilefni kosningaárs.

Enginn framkvæmdaliður er þó svo skammarlega vanræktur sem dagvistarheimilin. Sá liður hefur sífellt minnkað að raungildi í tíð núverandi ríkisstjórnar og í fjárlagafrv. er framlag skorið niður um helming frá þessu ári. Núverandi ríkisstjórn lagði til 20 millj. kr. fjárveitingu til þessa framkvæmdaliðar þótt fyrir liggi að til þess að greiða lögboðnar gjaldfallnar skuldir ríkissjóðs vegna afstaðinna framkvæmda þyrfti rétt um 160 millj. kr., og er þá alveg eftir að mæta þörf fyrir nýjar framkvæmdir. Meiri hl. fjvn. hefur nú tosað þessa upphæð upp í rúmar 43 millj. kr. og getur því státað af meira en 100% hækkun á þessum lið frá frv.! Sýnir það glöggt hvílíkar smánartölur um er að ræða. Kvennalistinn tekur ekki þátt í þeim óvinafagnaði og flytur sérstaka brtt. við þennan lið.

Áfram ætla menn að grafa undan fjárhagsgrundvelli Lánasjóðs ísl. námsmanna með því að ætla sjóðnum of lágt beint framlag og neyða hann til allt of mikillar lántöku. Afleiðingarnar eru síaukinn fjármagnskostnaður og þar með er sjóðnum gert æ erfiðara að ná því marki að standa undir sér að mestu leyti sjálfur.

Framkvæmdasjóður fatlaðra er enn einu sinni skorinn niður þrátt fyrir gífurlega þörf í þeim málaflokki. Á sama tíma er ausið fé í byggingu útsölustaða fyrir Áfengisverslun ríkisins og verður vart lengra komist í rangri forgangsröð að mati Kvennalistans.

Lögbundið framlag til Ferðamálaráðs er skorið niður um a.m.k. 30 millj. kr. á sama tíma og gróskan í ferðamálum skilar sívaxandi tekjum í ríkissjóð. Hins vegar stendur ekki á ríkissjóði að greiða reikninga svo skiptir tugum milljóna vegna ferðalaga og fundahalda stóriðjunefndar sem aldrei geta leitt til annars en vitlausrar fjárfestingar í úreltri atvinnugrein. Og dæmigert fyrirhyggjuleysi ríkisstjórnarinnar birtist ekki síst í því að framlag til Rannsóknasjóðs er sama krónutalan þriðja árið í röð, þrátt fyrir yfirlýsingu um nauðsyn þess að efla rannsóknir og vísindastarfsemi í landinu.

Svona mætti áfram telja, en meginniðurstaðan er þessi:

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar birtast í sparnaði og aðhaldi í félagslegum framkvæmdum og rekstri, en rekstrargjöld ráðuneyta og sumra ríkisstofnana fá að þenjast út án mikillar fyrirstöðu.

Sóað er í óarðbærar framkvæmdir en látið undir höfuð leggjast að styðja arðvænlega uppbyggingu í atvinnulífinu.

Vilja og samstöðu skortir til þess að endurskoða rekstur og tekjuöflun ríkisins með það að markmiði að stöðva hallarekstur ríkissjóðs.

Þetta er sú mynd sem við blasir í einstöku góðæri og þetta eru meginástæður þess að Kvennalistinn getur ekki staðið að samþykkt þessa frv."

Herra forseti. Því er svo fyrst við að bæta að nú hefur hæstv. fjmrh. kunngert að horfið hafi verið frá þeirri skattlagningu á olíuvörur sem fyrirhuguð var og gagnrýnd er í þessu nál. Kvennalistinn fagnar þeirri ákvörðun en það hlýtur að vera umhugsunarefni að enn einu sinni hafa aðilar vinnumarkaðarins orðið að hafa vit fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Þessi nýjasta ákvörðun hæstv. ráðh. breytir auðvitað fjárlagadæminu. Nýgerðir kjarasamningar gera það einnig svo og sú 450 millj. kr. hækkun sem þegar hefur orðið útgjaldamegin í meðförum fjvn. Væntanlega hækka þær tölur enn við 3. umr. Allt þetta eykur hallann á næsta ári um 2–2,5 milljarða jafnvel þótt þessar ráðstafanir þýði alls ekki hreint tekjutap fyrir ríkissjóð. Á móti koma einnig meiri skatttekjur en gert var ráð fyrir við undirbúning fjárlaga samkvæmt síðustu upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. En hallinn blasir við, meiri en gert var

ráð fyrir í frv. og slíkum halla er ekki hægt að fresta til framtíðarlausnar til viðbótar við hallarekstur síðustu ára eins og reyndar er vikið að í nál. því sem ég las áðan. Við munum fjalla nánar um tekjuhlið frv. við 3. umr. en það má vera alveg ljóst að Kvennalistinn getur ekki fallist á neinar lausnir sem fela í sér auknar byrðar lágtekjufólks, þær verða hin breiðari bök að bera.

Varðandi þá brtt. sem nefnd er í álitinu um hækkun framlags til byggingar dagvistarheimila þá mun hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mæla fyrir þeirri till. síðar á þessum fundi og einnig fyrir till. okkar um framlag til lista og menningarmála. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir mælir hins vegar fyrir till. Kvennalistans um framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar Háskóla Íslands en hann fékk þá afmæliskveðju í fjárlagafrumvarpinu að ríkisstjórnin ætli honum ekki annað fé til mannvirkjagerðar en eigið happdrættisfé. Einnig mælir Guðrún Agnarsdóttir fyrir till. okkar varðandi Rannsóknasjóðinn en eins og fram kemur í nál. því sem ég var að lesa finnst okkur lítið til um metnað ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Af þeim brtt. sem hafa þegar birst á borðum þm. má sjá að fleirum ógnar þetta.

Fleiri brtt. flytjum við ekki við þessa umræðu þótt vissulega væri ástæða til þess og hugsanlega gerum við það við 3. umr. en eins og kom fram í máli hv. formanns fjvn. er eftir að fjalla um æðimörg mál og stór sem bíða þá 3. umr.

Ég hefði t.d. viljað sjá aðra meðferð á Lánasjóði ísl. námsmanna og vil ítreka það sem segir í nál. mínu að með því að neyða Lánasjóðinn til þess að fjármagna útlán sín með lántökum í sífellt hærra hlutfalli er jafnt og þétt verið að grafa undan sjóðnum. Nú á þessu ári fara um 214 millj. af ráðstöfunarfé sjóðsins í vexti og afborganir af teknum lánum og á næsta ári verður sú tala komin upp í rúmlega 257 millj. kr. Samkvæmt útreikningum stjórnar Lánasjóðsins vantar 44,7 millj. kr. á beint framlag ríkissjóðs til þess að mæta áætlaðri útlánaþörf sjóðsins og er þá ekki reiknað með víxillánum til fyrsta árs nema sem hefur verið mikið deilumál síðan hæstv. menntmrh. vísaði — það var raunar hæstv. fyrrv. menntmrh. — fyrsta árs nemum á biðstofur bankanna fyrir tveimur árum. Málefni Lánasjóðsins verða væntanlega rædd nánar við 3. umr. eftir viku.

Þá vil ég taka fram að ég styð fram komna tillögu um réttmætt framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Mönnum er tíðrætt um virðingu Alþingis og vitna þá gjarnan til lélegrar fundarsóknar alþm. eða gaspurs af einhverju tagi úr ræðustóli. Að mínu viti er þó virðingu Alþingis hættast og freklegast misboðið með þeim hætti að hér setja menn lög á lög ofan sem síðan eru brotin í fjárlögum eins og raunin hefur orðið með Framkvæmdasjóð fatlaðra. Vissulega hefur mikið áunnist í bættri aðstöðu fyrir fatlaða þótt alrangt sé að framlög til þessa málaflokks hafi tuttugufaldast á fáum árum eins og hæstv. forsrh. hefur látið hafa eftir sér. Nær mun að tala um tvöföldun og er þó mjög mikið ógert enn þá og getum við ekki leyft okkur neinn hægagang. Þörfin í þessum málaflokki beinlínis æpir á okkur sem höfum atkvæðisrétt hér á Alþingi og ég vil taka það fram að þessi orð eru ekki til komin vegna aðgerða fatlaðra á Austurvelli í gær þótt áhrifamiklar væru. Þessi sannleikur hefur verið að renna upp fyrir mér á undanförnum árum eins og mörgum öðrum í þjóðfélaginu og þrátt fyrir að mikið skorti á skilning almennings og ráðamanna tel ég að töluverð breyting hafi orðið á viðhorfi almennings til fatlaðra. Þeim fækkar sífellt sem líta á fatlaða sem aumkunarvert ölmusufólk. Svo er þeim sjálfum og aðstandendum þeirra fyrir að þakka.

Þá er annar málaflokkur sem hefur sætt furðulegri meðferð ráðamanna og það eru ferðamálin sem einnig er minnst á í nál. Árið 1976 setti Alþingi lög um ferðamál og ákvað að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs með 10% af söluverðmæti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og til þess að draga nú enga burst úr nefi ríkissjóðs var útsöluverð á áfengi og tóbaki í Fríhöfninni hækkað um 10% í þessu skyni. Er skemmst frá því að segja að við þetta lagaákvæði hefur aldrei verið staðið. Í ár er þessi tekjustofn skertur um 70% og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er Ferðamálaráði ætluð á næsta ári sama krónutala og í ár, 15 millj. kr. Stór hluti kostnaðar við starfsemi Ferðamálaráðs er í erlendum gjaldeyri og samkvæmt skuldbindingum og er fyrirsjáanlegt að stórlega skertar tekjur þess duga ekki til þess að standa við þær skuldbindingar, hvað þá að þær leyfi nokkurt svigrúm til uppbyggingar ferðaþjónustu hér innanlands.

Varðandi þann þátt þá vil ég lýsa stuðningi við tillögu á þskj. 290 þar sem lagt er til að nýr liður komi við fjárlaganúmerið 10-651: Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum 10 millj. kr. Þegar Alþingi breytti lögum um ferðamál árið 1985 var reynt að tryggja tekjustofn Ferðamálaráðs með ákvæði um það að hann rynni milliliðalaust frá Fríhöfninni til Ferðamálaráðs. Það dugði ekki til eins og dæmin sanna. Svona ósamræmi milli lagasetningar og framkvæmdar er til mikillar vansæmdar og grefur undan trausti almennings til Alþingis og ríkisstjórnar. Þessi tvö dæmi, um Framkvæmdasjóð fatlaðra og Ferðamálaráð, eru mjög alvarleg dæmi um þetta og hafa valdið ómældu tjóni því menn búast auðvitað við því að lagasetning haldi og gera sínar áætlanir í samræmi við það.

Kvennalistinn hefur reynt að vekja til umhugsunar og aðgerða í ferðamálum og ef vel tekst til með framkvæmd tillögu okkar um úrbætur í ferðaþjónustu sem samþykkt var á s.l. vori gæti þessi viðleitni borið árangur á næstu árum. Fjvn. hefur óneitanlega reynt að koma til móts við brýnustu þarfir, t.d. með því að veita sérstaklega 750 þús. kr. til umbóta við Geysi í Haukadal og 900 þús. kr. til lagfæringar og til að leggja göngustíga í Dimmuborgum í Mývatnssveit, einni af náttúruperlum okkar sem er í hættu vegna átroðnings og umferðar. En við megum ekki

gleyma því að sá hagnaður sem við höfum af ferðaþjónustu er dýru verði keyptur ef varanleg spjöll verða á náttúru landsins vegna ágangs ferðamanna. Þá hefur fjvn. komið að nokkru til móts við óskir Ferðamálasamtaka landshlutanna með 600 þús. kr. fjárveitingu og verður það þessum ungu samtökum vonandi hvatning þótt ekki komi háar upphæðir í hverra hlut.

Málefni Borgarspítalans voru til umræðu í gær vegna viðræðna um eigendaskipti og má búast við því að ýmsir muni taka þá umræðu upp í dag. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það mál en ítreka andstöðu Kvennalistans við það og sérstaklega hvernig að því hefur verið staðið. Fréttir um þessar viðræður komu flatt upp á fjvn. eins og aðra enda minntist borgarstjóri ekki á það þegar hann kom á fund nefndarinnar og enginn þar minnist þess að hafa heyrt mótmæli forráðamanna borgarinnar gegn því að Borgarspítalinn fari á föst fjárlög. Allur þessi málatilbúnaður ber því vott um fljótræði og gerræði og verður vonandi stöðvaður.

Ég læt þá þessi fáu dæmi nægja um einstaka liði þessa frv. enda mundi það æra óstöðugan að fjalla um alla liði svo sem vert væri.

Herra forseti. Heildarniðurstöður fjárlagadæmisins eru enn í algjörri þoku og lítið sem við höfum að byggja á og ekki skýrðust málin í ræðu hv. formanns fjvn. áðan. Þar var aðeins minnt á markmið en ekkert fjallað um leiðir. Ekki er auðveldara að lesa út úr fréttaskeytum Þjóðhagsstofnunar, enda höfum við ágætt dæmi um forspárhæfileika hennar. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 sagði nefnilega orðrétt, með leyfi forseta:

„Ekki eru horfur á örum hagvexti á næsta ári."

Síðan spáðu þeir vísu menn 2% hagvexti en hann verður í reynd um 6% samkvæmt nýjustu upplýsingum og munar nú um minna. Ef spádómum þeirra skakkar í sömu átt á næsta ári má þjóðin því enn búast við bættum hag. Þeim mun alvarlegra er að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis skuli ekki sjá sér fært að koma betra lagi á ríkisbúskapinn og hafa ekki önnur ráð en að vísa vandanum til eftirkomenda.

Í húsmæðraskólum landsins, sem hæstv. menntmrh. leggur nú niður einn af öðrum með pennastriksaðferðinni, lásu nemendur litla en gagnlega kennslubók sem heitir því skemmtilega nafni „Hvernig fæ ég búi mínu borgið?". Hæstv. ríkisstjórn þyrfti að eignast þá bók.

Frsm. 3. minni hl. fjvn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu byrja á því að taka undir þær þakkir sem hér hafa verið fluttar til formanns fjvn. og meðnefndarfólks míns þar, svo og til ritara nefndarinnar og þess fólks sem unnið hefur með nefndinni frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Einhvern tíma sagði ég hér, líklega fyrir tveimur árum síðan, að hlutverk hv. þm. Pálma Jónssonar væri ekki öfundsvert, að stýra í gegnum það að komast frá fjárlögunum á viðunandi hátt. Hafi það verið slæmt þá sýnist mér það enn þá verra nú, hans hlutskipti í þeim efnum. Og á svo góður drengur ekki slíkt hlutskipti skilið.

Á þskj. 305 er nál. Í því nál. er að finna þær meginbreytingar í fjárlagagerð og í ríkisfjármálum og peningamálum sem Alþfl. hefur talað fyrir ædilengi. Hann hefur talað fyrir þeim, hann hefur flutt um það frumvörp og tillögur hér í þinginu og flutti á síðasta hausti æðimargar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1986. Hvorki þessar tillögur né fjárlagatillögurnar á síðasta hausti náðu samþykki, andstaðan virtist mikil og virðist enn. Eigi að síður er nú, hugsa ég, fleirum orðið ljóst að breytinga er þörf í þessum efnum.

Í þessu nál. er mörkuð sú stefna sem Alþfl. vildi fylgja ef hann hefði áhrif á þessi mál í komandi framtíð. Hér má segja að sé skilgreint með hvaða hætti Alþfl. vill breyta ríkisfjármálunum og peningamálunum í landinu. Það er auðvitað löngu orðið ljóst að eins og þessi mál hafa gengið fyrir sig gengur þetta dæmi ekki upp. Allir þekkja skattamálin, húsnæðismálin og svo mætti fleira telja.

Án þess að ég ætli í einstökum atriðum að lesa upp nál. mun ég vitna í það undir vissum kringumstæðum þar sem áherslupunktar eru hvað mestir og sem mér þykir rétt að vekja sérstaka athygli á.

Alþfl. er það auðvitað ljóst að á þessu stigi verður málum ekki breytt. Það er ljóst að meiri hl. er annarrar skoðunar, vill sigla hina gömlu leið sem löngu er komin á enda og löngu hefur beðið skipbrot. Eigi að síður er talið rétt að móta þessa stefnu þó ekki sé í beinu tillöguformi, ekki kannske síst vegna þess að nú mun ekki langt í það að hæstv. ríkisstjórn muni líklega láta af völdum og sú stefna sem hún hefur fylgt undangengin nær fjögur ár.

Það hefur verið minnst á það fyrr í þessum umræðum hversu mikið góðæri íslenska þjóðin hefur búið við undangengin a.m.k. tvö eða þrjú ár. Slíkt góðæri hefur ekki gengið yfir þjóðina í áratugi eins og verið hefur nú en þrátt fyrir þetta mikla góðæri hefur það ekki skilað sér til fólksins sem það hefði átt að gera. Ætli sé ekki langt síðan nokkur dæmi hafa verið um það að svo mörg uppboð, nauðungaruppboð, hafi verið á dagskrá eins og þetta yfirstandandi ár? Gífurleg fjölgun í þeim efnum segir sína sögu um það hvernig haldið hefur verið á fjármálum gagnvart almenningi í þessu landi.

Það er fleira en þetta sem má nefna. Ég tek mjög undir það sem hér var sagt áðan, bæði af hv. þm. Geir Gunnarssyni og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Menn eru nú óðum að minna á sig, þeir sem hafa gleymst hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta hér á Alþingi. Fatlaðir minntu á sig í gær og það rækilega og ég vænti þess að það verði kannske til þess að breyting verði á þeirri stefnu sem hér er uppi að því er varðar afgreiðslu þeirra mála. Hverjir verða næstir til að minna á sig með einhverjum öðrum hætti í þjóðfélaginu? Hér hefur svo sannarlega ríkt ójöfnuður, óréttlæti, sem ekki er að sjá að nein breyting verði á að óbreyttum aðstæðum.

Við 1. umr. þessa frv. mælti hv. þm. Eiður Guðnason fyrir hönd Alþfl. Hann fór að mörgu leyti ofan í þær tillögur sem Alþfl. hefur flutt, ítrekaði þau sjónarmið sem þar hafa komið fram og minnti á. En það er ekki nóg með að að því er fjármálin varðar hafi þetta gengið svona. Við vitum líka, það er ekki betri kostur, hvað hefur gerst að því er varðar byggðamálin. Við horfum upp á það nánast daglega að fjöldi fólks yfirgefur dreifbýlið, flytur hér á Reykjavíkursvæðið eða suðvesturhornið og nú er svo komið fyrir stórum landsvæðum að íbúum fer ört fækkandi. Flest bendir til þess að veruleg fækkun eigi sér stað í þjónustugreinum, fiskveiðum og fiskverkun en fjölgun á öðrum sviðum. Frumgreinar atvinnulífsins hafa verið vanræktar. Ástæða er til þess að stjórnendur, hverjir sem þeir kunna að verða, snúi við blaði og hugi betur að grundvellinum fyrir lífi á þessu landi. Sá grundvöllur er að sjálfsögðu í höfuðatvinnuveginum sem er sjávarútvegur, svo og landbúnaði líka að hluta. Það er ekki að sjá að hæstv. ráðherrar hafi hugað að í þessum efnum. Þeir eru fáir hér innan dyra eins og venjulega, aðeins hæstv. fjmrh. sem hér er viðstaddur. Sá hinn sami hæstv. ráðh. sem gengur dreissugt hér um dyr á öllum tímum og er ástæða til þess að minna hæstv. fjmrh. á það að það kann að styttast í hans veru í þeim stól. (**Fjmrh.:** Vill þm. koma og máta stólinn?) Nei, ekki á hann nú kost á því held ég að gera slíkt, en hitt er rétt, að hann mundi standa hærra upp úr honum heldur en hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Ég heyri að það fer strax að hitna í kolunum þegar ég kem í ræðustól. Hér hefur verið drungi og deyfð yfir öllu allt til klukkan að ganga fimm en nú eru menn orðnir röskari og glaðlegri. Kannske verða menn glaðbeittari hér á eftir en verið hefur. (**Gripið fram í:** Það er kominn galsi í mannskapinn.) Já, svo kann að vera.

Herra forseti. Á s.l. hausti greip Sjálfstfl. til þess ráðs að skipta um fjmrh. Oddvita sjálfstæðismanna í Reykjavík, Albert Guðmundssyni, var vísað á dyr úr fjmrn. Í stól hans settist formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson. Albert Guðmundsson var ekki talinn valda verkefni sínu. Honum var gefið að sök að fyrirsjáanlegur væri mikill halli á ríkisbúskapnum í heild, að hvergi örlaði á viðleitni til að losa ríkisbúskapinn úr viðjum sjálfvirkrar útgjaldaþenslu, að ekki örlaði á ráðdeild og aðhaldi í ríkisbúskapnum, að hann hefði engar tillögur fram að færa um stöðvun skuldasöfnunar, stöðvun útgjaldaþenslu, afnám sjálfvirkni, hvað þá heldur að hann hefði fram að færa tillögur um róttækar kerfisbreytingar í ríkisrekstri sem löngu væru tímabærar. Formaður Sjálfstfl. hefur nú fengið tvö tækifæri til að standa við stóru orðin og sýna árangur sinn í verki. Árangurinn lætur á sér standa. Albert er farinn og Þorsteinn kominn og rétt ófarinn. Það hefur verið skipt um menn en hvorki um stefnu né vinnubrögð. Allt situr við það sama. Núverandi fjárlagafrumvarp er í hefðbundnum stíl. Það gæti alveg eins verið eftir Albert Guðmundsson eða þá hv. þm. Ragnar Arnalds eða Tómas Árnason. Það er sama hvort litið er í tekjuöflunar- eða gjaldahlið fjárlaga, viðleitni manna til að hafa stjórn á ríkisbúskapnum er komin í þrot. Það er vonlítið til árangurs að krukka í kerfið með smávægilegum brtt. Reyndar er óframkvæmanlegt að flytja brtt. af neinu tagi við 2. umr. þar sem ekki liggur fyrir endurmat á tekjuhlið í kjölfar kjarasamninga. Tímabærar brtt. sem máli skipta kalla hins vegar á sérstaka löggjöf og verða auk þess að framkvæmast á lengri tíma en einu fjárlagaári samkvæmt fyrir fram ákveðinni forgangsröð verkefna. Þetta er undirstrikað í þessu nál. af hálfu Alþfl. Hér þarf tíma til að breyta um stefnu.

Ég sagði áðan að við hefðum búið við hið mesta góðæri undangengin tvö ár. Það var sagt áðan, ég held að það hafi verið hv. þm. Geir Gunnarsson sem nefndi það, að á þessum tveimur árum hefði halli á ríkisbúskapnum numið um 6 milljörðum kr., í mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið. Er ekki eðlilegt að menn spyrji: Hvað er til ráða í þessum efnum? Hallinn á yfirstandandi ári er talinn hafa verið um 2,2 milljarðar. Fjárlagafrumvarpið, sem nú er verið að ræða, var lagt fram með um 1600 millj. kr. halla. Það er nú komið upp í um 2 milljarða. Það er augljóst að hallinn á næsta ári verður a.m.k. 3–3,5 milljarðar því eins og hér hefur komið fram þá er enn eftir að fara ofan í það hvað kjarasamningarnir, sem þegar hafa verið gerðir og þeir kjarasamningar sem kunna að fylgja á eftir, hafa í för með sér að því er ríkissjóð varðar. Þetta mun kannske skýrast fyrir 3. umr. þannig að menn sjái þá betur í spilin. En augljóslega má reikna með að halli verði a.m.k. 3 milljarðar á næsta ári.

En er þá ekki rétt að víkja að því: Hvernig stöndum við að fjárlagaafgreiðslu og fjármála ríkisins í heild? Jú, hér á hv. Alþingi er afgreitt fjárlagafrv. til eins árs í senn. Frv. eða lög sem að verulegu leyti er lítið farið eftir oft og tíðum. Hér eru líka afgreidd lánsfjárlög sem eiga að setja ríkisstjórninni skorður við því hversu mikið lánsfjármagn hún tekur að láni. Þessi lög eru líka þverbrotin. Við vitum um aukafjárveitingarnar sem núna, seinni partinn í nóvember, voru upp á 1600 millj. Við erum með fjárlögin, við erum með aukafjárveitingar, við erum með lánsfjárlögin þverbrotin langt umfram það sem heimildir leyfa og við vitum fyrir fram. Ætli það sé ekki farið að nálgast milljarð sem ríkið skuldar sveitarfélögum vegna unninna framkvæmda sem ríkið er aðili að? Verklag með þessum hætti nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ég hygg að öllum sé það ljóst að hér þarf að breyta til. Menn verða að finna annan vettvang til þess að koma fjármagninu til skila á miklu hagkvæmari og betri hátt en hér er um að ræða.

Til hvers er þá verið með þennan endalausa leikaraskap? Af hverju geta menn ekki sest niður, hugsað út frá öðrum forsendum en menn hafa gert kannske 30, 40 eða 50 ár og reynt að leiða líkur að skikkanlegri og betri vinnubrögðum, reynt að koma sér niður á að framkvæma breytingar sem að sjálf-

sögðu ekki verða gerðar allar í einu? En það er hægt að miða við það að gera tilteknar breytingar, t.d. á einu kjörtímabili, til þess að koma þessum málum á skikkanlegri veg en nú hefur verið gert og sýnist verða gert ef áframhaldandi ráðamenn fá að ráða ferðinni. Það þarf auðvitað samræmda áætlunargerð í því að breyta þessum málum, bæði að því er varðar ríkið og viðskipti ríkisins við sveitarfélögin. Því þarf að breyta.

Varðandi þetta fjárlagafrv., sem nú er til 2. umr., þá er það öllum ljóst að forsendur þess eru miðaðar við desemberverðlag. Augljóslega hljóta þær forsendur að gjörbreytast, og eru orðnar breyttar frá því að þetta frv. var unnið, og það eru engar líkur á því að þær forsendur verði fyrir hendi á næsta ári. Dettur nokkrum í hug að desemberverðlag nú gildi á næsta ári? Það er enginn vafi á því að hækkanir koma mjög verulega við 3. umr. þessa fjárlagafrv.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Geir Gunnarsson sem vék að því hér áðan hvernig misskiptingin á sér stað að því er varðar framlög til hinna ýmsu málaflokka og ýmsu þátta. Það er alveg á ljósu að hæstv. ráðherrar sjá um sig og sína í þessum efnum. Hækkanir til ráðuneyta, til yfirstjórna ráðuneyta sýna þá leið sem þessir hæstv. ráðherrar varða. Menntmrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 38,4% á sama tíma og menn eru að telja að eðlilegar launahækkanir verði í kringum 13–15%. Forsrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 28,3%. Sjútvrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 33,9%. Dómsmrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 28,3%. Ætli það sé nú mikið umfangs þar í þeim efnum? Félmrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 49%. Samgrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 49,9%. Iðnrn.: Yfirstjórnin þar hækkar um 26,5%. Á sama tíma eru framkvæmdamálaflokkar skornir niður frá því sem verið hefur. Þarna sýnir það sig sjálft að kerfið sér um sína. Kerfið vefur þannig utan á sig að það fær allt sitt á þurru þó að aðrir séu skornir nánast við trog. Þarna má sannarlega segja að Parkinsons-lögmálið sé í fullu gildi að því er þessa þætti fjárlaganna varðar. Og þarna eru í fararbroddi hæstv. ráðherrar allir upp til hópa.

Eitt ljósasta dæmið í þessu er líklega embætti ríkislögmannsins. Um það er getið í fjárlagafrv. og, með leyfi forseta, nýlegt embætti ríkislögmanns, sem áætlað er að kosti tæpar 5 millj. kr. á árinu 1987, er dæmi um það hvernig embætti hafa tilhneigingu til að blómstra. Embættið var stofnað með lögum nr. 51/1985. Í fjárlagafrv. 1985 voru því áætlaðar 1 millj. 129 þús. kr., þar af 907 þús. kr. launakostnaður. Í fjárlagafrv. þessa árs, þ.e. ársins 1986, var kostnaðurinn áætlaður 2 millj. 584 þús. kr., þar af laun 1 millj. 746 þús. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 nær tvöfaldast kostnaðurinn enn í 4 millj. 755 þús. kr. og þar af 4 millj. 208 þús. kr. í launakostnað. Þetta sýnir hvernig kerfið sjálft hleður upp á sig óendanlega án nokkurrar stjórnunar.

Annað dæmi höfum við í þessu og það er hæstv. fjmrh., sem á að gæta kassans, sem þar talar. Í Tímanum, málgagni annars ríkisstjórnarflokksins, er fullyrt að hæstv. fjmrh. haldi því fram að aðhald hafi engan árangur borið í því að stemma stigu við yfirvinnu í ráðuneytum. Allt saman er þetta laust, allt gengur þetta nánast sjálfala og enginn hefur stjórn á einu eða neinu.

Ég hef sagt það áður og get sagt það hér einu sinni enn: Ég er alveg sannfærður um það að öll þjónusta af hálfu ráðuneyta og ríkis gæti gengið með eðlilegum hætti og ekkert verr þó að 20–30% af því starfsliði, sem þar væri, væri látið hætta. Það eru nóg önnur verkefni í þjóðfélaginu fyrir þetta fólk.

Eins og fram hefur komið hér áður, þá eru margir þættir óljósir í sambandi við þetta fjárlagafrv. Ég vil t.d. spyrja hæstv. ráðherra, að vísu er enginn þeirra viðstaddur eins og er, en mér þætti þó viðeigandi að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu og vildi gjarnan óska eftir því við hæstv. forseta, að hæstv. fjmrh. væri nú í salnum. (**Forseti:** Er hv. ræðumanni óhægt um vik að halda áfram ræðu sinni meðan málið verður athugað um hérvist hæstv. fjmrh.?) Það er afskaplega óhægt um að halda áfram spurningum til hæstv. ráðh. sem ekki er viðstaddur. (**Forseti:** Það mun líklegt vera. Við skulum freista þess að vita hvort ráðherrann er í húsinu.) (**JBH:** Býst ræðumaður við að fá einhver svör þó ráðherrann væri viðstaddur?) Við skulum ekki gera því skóna að hæstv. ráðh. hafi ekki málfrelsi og svari ekki hér. — Ég sé að hæstv. fjmrh. gengur nú í salinn.

Ég var að víkja að því, hæstv. ráðh., að ýmsir óvissuþættir væru nú í þessu frv. og vildi gjarnan beina þeim fsp. til hæstv. ráðh. hvernig úr þeim málum ætti að rætast. Það hafa verið uppi óskir um nokkuð verulega hækkun hjá Pósti og síma. Hvað mun verða gert í þeim efnum? Nú er vitað að það fyrirtæki hefur staðið höllum fæti og stendur nú höllum fæti. Má búast við svo og svo miklum prósentuhækkunum hjá Pósti og síma á næsta ári? Ef svo er, hversu miklum? Við höfum heyrt raddir uppi um það að rafmagnsverð ætti að hækka allt frá 20 upp í 38%. Er slíkt á döfinni? Og ef hækkanir verða, hverjar eru þær líklegastar að verði staðreynd á næsta ári? Hvað með Ríkisútvarpið? Eru menn hættir við að selja deildir frá því? Uppi voru hugmyndir frá hæstv. fjmrh. um að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Kannske hefur það breyst.

Hádegisfréttir hermdu í dag að hæstv. ríkisstjórn væri hætt við 600 millj. kr. orkuskattinn. Allt til dagsins í morgun var því haldið fram að hér yrði flutt frv. til útlistunar á þeim skatti og sá skattur, 600 milljónirnar, er innifalinn í fjárlagafrv. eins og það er. Einhver breyting hlýtur þarna að verða á og hvaða tekjustofn er hæstv. fjmrh. að hugsa um í staðinn fyrir orkuskattinn, 600 milljónirnar sem nú kvað vera hætt við? (**GJG:** Það var löngu vitað að hann yrði felldur niður.) Það má vel vera að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hinn gáfaði maður, hafi vitað þetta löngu fyrir og það færi betur að þær gáfur blómstruðu betur hér innan sala þingsins en þær hafa gert til þessa.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. einnar eða tveggja spurninga og vissulega væri gott ef hæstv. iðnrh. væri við, því að auðvitað snýr þetta mál ekki hvað síst að hæstv. ráðherrum. Þeir bera ábyrgð á þessu máli hér og það er þeirra auðvitað að svara séu þeir um það spurðir. Mér leikur t.d. forvitni á að vita hvað verður með orkujöfnunargjaldið sem lagt var á á sínum tíma, 1,5% söluskattsstig ef ég man rétt. Hvað verður um það gjald? Þetta mundi nema um 1 milljarði á næsta ári, sem á auðvitað að fara til þeirra sem bera hvað þyngstar byrðar af háu orkuverði. Það kynni nú ekki vera að þetta eins og fleira rynni í ríkishítina og því væri ráðstafað þar, ekki til þeirra sem það var ætlað heldur í allt aðrar áttir. Eða getur einhver hæstv. ráðh. upplýst það hér hvað hefur orðið um andvirði orkujöfnunargjaldsins undangengin ár? Hvert hefur það farið? Hver hefur fengið þá peninga? Ég hygg að þeir hafi ekki fengið þá sem áttu að fá þá. (**GJG:** Orkubú Vestfjarða.) Nei, hv. þm. Nú ruglast þú í ríminu. Orkubú Vestfjarða hefur ekkert fengið af því. Það er mesti misskilningur. Nú má hv. þm. lesa sér betur til. Nei, það hefur farið í ríkiskassann örugglega og verið ráðstafað þaðan sem ekki átti að gerast.

Enn er hér spurning sem ég vildi gjarnan beina til hæstv. ráðh. Ég veit ekki hvaða hæstv. ráðh. ber ábyrgð á því. Í fjárlagafrv. nú er ekki til stafkrókur um sjúkraflug. Það er fellt niður. Ég spyr hæstv. ráðh. að því: Er það virkilega meining manna að fella þennan lið út? Er það virkilega meining hæstv. ríkisstjórnar að fella þennan lið út, að mínu viti þennan mjög mikilvæga lið til þess að koma við þar sem þarf og þyrfti auðvitað meira en gert hefur verið á undanförnum árum til þess að styrkja þá aðila sem sjá um þessa neyðarþjónustu? Ég vil gjarnan fá svör við því hvort þetta á að falla út.

Ég á hér nokkrar spurningar enn eftir til hæstv. menntmrh. en ekki sést hann hér. Er þó knýjandi að fá hann í salinn til þess að beina að honum a.m.k. tveim spurningum. Þær eru það mikilvægar að mínu viti að svör við þeim verða að fást.

Herra forseti. Meðan leit er haldið uppi að hæstv. menntmrh. er kannske rétt að víkja aftur að fjárlagafrv. Það er alveg með eindæmum að mínu viti. Ef menn fletta nú upp á bls. 207 í fjárlagafrv., þá sjá þeir rúma blaðsíðu þar sem taldir eru upp lagabálkar, lög sem eru í gildi, samþykkt af Alþingi, en í hverju einasta tilviki, 14 tilvikum, þrátt fyrir að þessi lög séu í gildi, þá skulu þau ekki vera í gildi. Þetta er inntakið í öllum þessum 14 liðum þar sem verið er að fella úr gildi hluta af þeim lögum sem eiga að vera í gildi og skerða þær fjárveitingar sem til þeirra eiga að fara. Eru þetta vinnubrögð sem er treystandi? Eru svona vinnubrögð traustsins verð? Er á því byggjandi að menn haldi svona vinnubrögðum áfram? Alþingi sjálft hefur sig að háði og spotti í þessum efnum, að mér finnst. Hér er verið að samþykkja lög á lög ofan sem engin meining er að nái fram að ganga eða við verði staðið. Hvers konar löggjafarsamkunda er það sem með þessum hætti hagar sér? Er eðlilegt að almenningur í landinu beri mikið traust til slíkra einstaklinga sem haga sér með þessum hætti? Ég held að þetta sé kannske eitt af mörgum dæmum sem eru á þann veg að hér á að breyta um stefnu. Hér á ekki að halda áfram þessum skollaleik sem hefur verið við lýði og er við lýði enn. Hér eiga menn að breyta um vinnubrögð. Um það eru þær tillögur og þau mál sem Alþfl. hefur flutt hér ár eftir ár, og mun halda áfram að flytja, og mun greinilega komast í þá aðstöðu að hafa áhrif á að þau nái fram að ganga. Til þess er leikurinn að sjálfsögðu gerður. Nei, svona vinnubrögð eru alveg forkastanleg og ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. sé mér sammála um það að þetta er rangt. Þetta er gjörsamlega rangt og getur ekki gengið til lengdar.

Ég sé að enn hefur leitin að hæstv. menntmrh. ekki borið árangur. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að gefnu tilefni að leitin hefur ekki borið árangur en henni er haldið áfram og menn vænta þess að takast muni að finna hæstv. ráðh. áður en ræðumaður lýkur máli sínu.) Ég þakka hæstv. forseta þetta þó að litla bót hafi það veitt, a.m.k. í bili.

Það er þá rétt að víkja að þeim hæstv. ráðh. sem inni er eins og stendur. Það er hæstv. heilbrmrh. Það er engin ástæða til þess að ræða ekki það mál sem hvað mest er nú til umræðu að mér heyrist. Það er sala Borgarspítalans. Nú virðist það vera orðið fósturbarn Sjálfstfl., einkaframtaksflokksins, að ríkið kaupi einkafyrirtækin. Hvar skyldi nú stuttbuxnadeildin frá íhaldsflokknum vera, sem vildi „báknið burt" með hv. þm., varaformann Sjálfstfl. í broddi fylkingar? Mér sýnist nú að hér hafi menn þokkalega snúið málum við en um það þarf ég ekki að hafa mörg orð. Þar hafa flokksmenn sjálfir sagt sitt orð um. Eðlilega. En það sem ég ætlaði að spyrja hæstv. heilbrmrh. um er: Ef svo fer að Borgarspítalinn verður keyptur af ríkinu, ríkið kaupi hann, er þá ekki augljóst að öll önnur sjúkrahús verða yfirtekin á ríkið, og ekki bara sjúkrahúsin, heldur og heilsugæslan í heild í landinu? Eða ætla þeir sem kunna að gangast fyrir þeirri ákvörðun að ríkið kaupi Borgarspítalann, ætla þeir litlu þorpunum úti á landi, á landsbyggðinni, ætla þeir því fáa fólki að sjá fyrir heilsugæslunni og sjúkrahúsunum á þeim landsvæðum, en að ríkið yfirtaki allt hér á Reykjavíkursvæðinu? Við þessu þarf að fá svör.

Þessi ákvörðun, ef ríkið kaupir Borgarspítalann, hlýtur að hafa í för með sér að ríkið yfirtekur öll sjúkrahús í landinu og þar með heilsugæslustöðvarnar líka. Hér á Reykjavíkursvæðinu er hugsanlega hægt að reka heilsugæslu á þokkalegan hátt án þess að tap verði á slíkum rekstri. En slíkt er ekki gert í fámennum sveitarfélögum. Þau halda ekki uppi slíkum rekstri á sinn kostnað.

Það er einkennilegt með þetta borgarspítalamál. Það er ekki langt síðan borgarstjórinn í Reykjavík sat á fundi fjvn. til þess að gera grein fyrir þeim óskum og þörfum sem Reykjavíkurborg þyrfti á að halda að því er varðaði fjárframlög af hálfu ríkisins. Ekki minnst einu orði á þetta mál. Mér er spurn: Er

það ríkisstjórnin sem stendur að þessu máli eða er það bara hæstv. heilbr.- og trmrh.? Það væri þarflegt að fá svör við slíku. Eða er það bara sú hæstvirt þrenning, hæstv. fjmrh., heilbrmrh. og borgarstjóri, sem ætla að gera út um þetta mál? Ég veit það að formaður fjvn., hv. þm. Pálmi Jónsson, hafði ekki hugmynd um þetta mál fyrir tveim dögum síðan. Til fjvn. hefur engin beiðni borist í einu eða neinu að því er þetta mál varðar. Enginn hefur haft uppi andmæli gagnvart fjvn. í þeim efnum að setja sjúkrahús á föst fjárlög. Hvaðan kemur þetta og hver er tilgangurinn? — Ég sé að hæstv. heilbrmrh. er flúinn úr salnum. (**Heilbr.- og trmrh.:** Nei, aldeilis ekki.) Ja, ekki sást hún. Ekki sást hæstv. ráðh., kemur í ljós nú. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég var bara að dempa hljóðið með því að vera hérna aðeins fjær.) Ef hæstv. ráðh. þolir ekki þetta þá ætti hún bara að vera utandyra. Ég hef enga trú á því að hæstv. ráðh. geti ekki unað hér inni þó að það heyrist í mönnum. Kannske vill hún að menn tuði hér þannig að hún heyri ekki neitt. Það færi kannske best í hennar eyrum. En ég vil eigi að síður fá svör og ég vænti þess að hæstv. ráðh. heyri til mín.

Hver er meiningin ef Borgarspítalinn verður seldur, hvað verður þá gert við önnur sjúkrahús úti á landsbyggðinni, í fjórðungunum? Og hvað verður gert við heilsugæslustöðvarnar sem eru reknar í fámennissveitarfélögum, að verulegum hluta á þeirra kostnað? Um það vil ég vita. Þetta er ekki svo lítil ákvörðun sem hér er um að ræða. Hér eru menn að tala um 600–700 millj. Einhvern tímann hafa menn hrist hausinn yfir minni upphæð við afgreiðslu fjárlaga heldur en þeirri.

Og ég spyr enn: Er það ríkisstjórnin sem stendur á bak við slíka ákvörðun eða er það bara hæstv. heilbr.- og trmrh. einn? Og kannske hæstv. fjmrh.? Þingið á heimtingu á að fá svör við því. Hér er um svo stórar fjárfúlgur að ræða, svo notað sé það orð sem ég held að hafi verið haft eftir Ríkisútvarpinu í dag, um svo stórar fjárfúlgur að ræða að þingið getur ekki látið slíkt fara fram hjá sér án þess að hafa sína skoðun á því.

Ég sé ekki enn, hæstv. forseti, að leitin að menntmrh. hafi borið árangur. (**Gripið fram í:** Talaðu bara við Tryggva.) Hvað segir hv. þm. Guðmundur Bjarnason? (**Gripið fram í:** Talaðu bara við varamann.) Auðvitað er hægt að tala við hv. þm. en ég á ekki von á því að hann vilji sitja fyrir svörum í þessum efnum, þannig að ég bíð hæstv. ráðh.

En það er líklega rétt á meðan að undirstrika hér alveg sérstaklega Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég trúi því ekki fyrr en þá kann á það að reyna að meiri hlutinn hér á Alþingi ætli að afgreiða það mál eins og það mál stendur í dag. Það er enn opin leið í þessum efnum. Það er enn opin leið til þess að greiða fyrir því sem ríkið hefur lofað en svikist um að standa við í gegnum árin. Sú leið er að hækka framlagið til þessa þáttar. Auðvitað ætti slíkt framhald að vera eins og lög gera ráð fyrir. En þetta er einn af þeim mörgu lagabálkum sem eru á þann veg að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis ætlar ekki að hafa þau í gildi. (**Forseti:** Forseti vill að gefnu tilefni og út af fsp. hv. ræðumanns taka fram að það hafa verið gerðar allar þær ráðstafanir sem unnt er til að ná hæstv. menntmrh. hingað inn, en það hefur ekki tekist svo að forseti getur ekki betur gert og verður ræðumaður að gera það upp við sig hvort hann vill bíða með þessar spurningar sínar þar til síðar eða freista þess enn að hæstv. ráðh. finnist). Já, ég skil vel erfiðleika hæstv. forseta, en mín spurning var sú: Finnst ekki hæstv. forseta nauðsynlegt að viðkomandi ráðherrar séu viðstaddir umræðu sem þessa í málaflokkum sem beinast að þeim sjálfum? Ef ráðherrar geta ekki verið hér við, þá er það spurning hvort ástæða er til að fresta fundi þar til þeir mega vera að því og ganga í salinn. Enn er hægt að doka við. Ekki er allt búið enn.

Ég vil aðeins minna hér á tvö mál. Það er í fyrsta lagi varðandi liðinn Lögskráning sjómanna. Ég vil að vísu ekki fullyrða það en ég minnist þess ekki að sá liður sé inni í frv. eins og það er núna. Ég mælist til að það verði athugað milli umræðnanna því ég tel, og það hafa sjómannasamtökin lagt ríka áherslu á, að þeim þætti megi ekki sleppa fyrr en búið er að ráða til lykta þeim þáttum sem þar er ætlað að vinna. Þessir peningar þurfa að vera inni þannig að hægt sé að standa við þau áform að koma lögskráningu á sjómönnum í lag. Hún hefur verið í megnasta ólagi mörg undangengin ár.

Í öðru lagi vil ég minna á, hér eru auðvitað fleiri sem gætu gert það, en ég vil minna á að ég veit ekki til þess að inni í frv. séu núna neinar fjárveitingar til stöðugleikamælinga fiskiskipa. Það er eitt af verkefnum Öryggismálanefndar sjómanna sem hún tók upp, hefur gert, skilað af sér, með sérnefnd, til ráðuneytis og óskað eftir því, þetta er held ég á tveggja ára bili sem þarna þyrftu að koma fjárveitingar og það er nauðsynlegt. Þetta eru ekki háar fjárveitingar en það er nauðsynlegt að þessum þætti verði sinnt og ég beini því sérstaklega til meirihlutamanna hér á hv. Alþingi að huga að þessum þáttum tveim sem ég hef hér nefnt.

Ég veit heldur ekki til þess að neitt fjármagn sé inni fyrir hinu svokallaða skólaskipi en það er mál sem ástæða væri til að ræða við hæstv. menntmrh. Það heyrir undir hans málaflokka. Ég vil að vísu ekki fullyrða neitt en ég minnist þess ekki að í þann þátt séu fjármunir inni í frv. eins og það er núna.

Þá vil ég líka minna á að hér hafa orðið umræður um ferðamálin, einn þann málaflokk sem talinn er að ætti að geta blómstrað í náinni framtíð ef að honum er hugað, ætti að geta orðið atvinnuskapandi þáttur fyrir fleiri. Ég er hér með bréf í höndunum frá Ferðamálaráði Íslands sem ég held að sé nauðsynlegt að gera þingheimi grein fyrir og vil það, með leyfi hæstv. forseta. (**EgJ:** Það hafa allir fengið þetta bréf.) Það skiptir ekki meginmáli, hv. þm. Egill Jónsson, ef menn ekki lesa það. Það er meginmálið. Það er ekki nóg að menn fái það í hendur. Þeir verða að líta á það og til þess að létta mönnum þann róður

skal ég lesa það fyrir hv. þingmenn. Það hljóðar svo:

„Reykjavík, 4. des. 1986. Til alþingismanna.

Á fundi Ferðamálaráðs í dag var ítarlega fjallað um fjármál ráðsins og þann vanda sem skapast hefur vegna síendurtekins niðurskurðar á lögbundnum" — og taki menn nú eftir: á lögbundnum, ég var að vísa til þess áðan að það eru 14 slík ákvæði í frv. sem skerða lög sem eru í gildi — „á lögbundum tekjum frá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að þegar þessi tekjustofn var markaður í lögum árið 1976 var söluverð Fríhafnarinnar jafnframt hækkað um 10% til þess að ríkissjóður héldi sínum tekjum óskertum. Á fyrrnefndum fundi Ferðamálaráðs var samþykkt áskorun til allra þingmanna sem ég leyfi mér hér með að senda yður hjálagt."

Hefur hv. þm. Egill Jónsson lesið þetta bréf? Veit hann hvert framhaldið er? Það er meira. (**BD:** Er verið að hlýða mönnum yfir?) Ja, það er nauðsynlegt, hv. þm. Björn Dagbjartsson, að hlýða mönnum yfir, sem tala í þessum dúr. Það mætti fara svo kannske að hv. þm. yrði kallaður upp ef hann er lítið lesinn. Það er áskorun til þingmanna frá fulltrúum í Ferðamálaráði:

„Þar sem fyrirsjáanlegt er að starfsemi Ferðamálaráðs stöðvast í aprílmánuði á næsta ári vegna þeirrar miklu skerðingar á lögbundnu framlagi til ráðsins sem frv. til fjárlaga ársins 1987 gerir ráð fyrir skorum við á þingmenn að þeir beiti sér fyrir því að við afgreiðslu fjárlaga ársins 1987 verði staðið við lögbundið fjárframlag til Ferðamálaráðs."

Undir þetta skrifa: Kjartan Lárusson, formaður Ferðamálaráðs Íslands, Konráð Guðmundsson, skipaður af samgrh., Erna Aradóttir, skipuð af samgrh., Ásberg Sigurðsson, skipaður af samgrh., Skarphéðinn D. Eyþórsson, Félag hópferðaleyfishafa, Íslaug Aðalsteinsdóttir, Félag ísl. ferðaskrifstofa, Friðrik Haraldsson, Félag leiðsögumanna, Gunnar Sveinsson, Félag sérleyfishafa, Lárus Ottesen, Ferðafélag Íslands, Vilhjálmur Guðmundsson, Flugleiðir hf., Gísli Gíslason, Náttúruverndarráð, Bjarni Í. Árnason og Áslaug Alfreðsdóttir, Samband veitinga- og gistihúsa, Magnús Oddsson, Arnarflug hf. og önnur flugfélög, Oddný Björgvinsdóttir, Ferðaþjónusta bænda, Júlíus Hafstein, Reykjavíkurborg, Sigurður Sk. Bárðarson, Ferðamálasamtök Vesturlands, Arnór Jónatansson, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Auður Gunnarsdóttir, Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og eystra, Rúnar Pálsson, Ferðamálasamtök Austurlands, Bragi Einarsson, Ferðamálasamtök Suðurlands, Pétur Jóhannsson, Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Ég held að hv. þingmenn ættu að leggja eyrun við slíku. Hér gæti verið um að ræða gróskumikinn þátt í atvinnulífinu ef honum er sinnt, en eins og nú stefnir eins og sagt er hér, þá mun starfsemi Ferðamálaráðs stöðvast í apríl n.k. Og hvað þá? Hvað skal þá gera? Nú ættu hv. stjórnarliðar, hv. þm. Björn Dagbjartsson o.fl. að koma hér upp og segja til hvað á að gera. Hafa menn svör við því? (**Gripið fram í:** Ekki Björn.) Ekki Björn, nei. Nei, en svona er þetta á miklu fleiri sviðum.

Ég sé ekki, hæstv. forseti, að þessi mikla leit að hæstv. menntmrh. ætti að bera neinn árangur. (**Forseti:** Forseti vill taka fram að hann fékk skilaboð rétt áðan um það að hæstv. ráðh. væri á leiðinni, en hversu langt hann er kominn á þá leið, það veit ég ekki.) Enn ítreka ég þakkir mínar til hæstv. forseta að standa í svona ströngu hér við þessa umræðu.

Ég ætla að rifja aðeins upp á meðan það sem ég spurði um hér áðan og vænti þess að fá svör við því. Ég spurði um hugsanlegar hækkanir hjá Pósti og síma, hverjar þær kunni að verða ef af þeim verður. Ég spurði um hugsanlegar hækkanir raforkuverðs, hverjar þær verða ef um það verður að ræða að raforkuverð hækki. Ég spurði um Ríkisútvarpið, hvort enn væru uppi hugmyndir um það að selja hluta af því. Og ég spurði um orkujöfnunargjaldið. Hæstv. iðnrh. hefur ekki sést í salnum síðan en trúlega geta aðrir hæstv. ráðh. svarað að því er þetta varðar. Ég spyr enn um sjúkraflugið, hvað þar eigi að gerast. Ætla menn alveg að fella niður þennan lið horfandi upp á það að þeir sem stunda þessa neyðarþjónustu eiga í mestu erfiðleikum með hana? Menn skulu hugsa til einangraðra staða yfir háveturinn ef eitthvað kemur upp á, hugsa til þess ef hætta verður við þennan þátt í öryggisnetinu sem við höfum búið við og fella hann niður vegna þess að Alþingi neitar að sinna þeirri skyldu sinni að styðja þessa aðila í stað þess að skera þá við trog. Ég held a.m.k. að það séu það margir hv. þingmenn hér sem þekkja til aðstæðna úti á landsbyggðinni í þessum efnum að ég trúi því varla að það sé meining meiri hluta hér á Alþingi að fella þetta burtu. Ég veit ekki hvort hv. þm. Guðmundur Bjarnason, varaformaður fjvn., getur neinu svarað til um það, það er ekki gengið á hann með svör, þegar enginn hæstv. ráðh. fæst til að segja hér eitt orð í þessum efnum.

Ég ætla aðeins að minna á að auðvitað er það rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði hér í dag að stjórnarandstaðan innan fjvn. hefur tekið þátt í skiptingu fjárveitinga á hina ýmsu málaflokka en ber eigi að síður enga ábyrgð á því fjármagni sem þar er um að ræða. Það er meiri hlutinn sem þar hefur ákvarðað og stjórnarandstæðingar innan fjvn. eru með fyrirvara á þessari skiptingu og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. — Nú sé ég að hæstv. menntmrh. er kominn í salinn eftir mikla leit. (**GJG:** Hvar var hann?) Það getur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson átt við hann einan.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. menntmrh. í fyrsta lagi um Núpsskóla. Í athugasemdum með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að honum verði lokað fyrir fullt og allt. Sú ákvörðun var tekin í vor af hæstv. ráðh., og að mér fannst þá einhliða, að loka skólanum yfirstandandi skólaár og nýta síðan þá fjármuni sem gæfust til þess að koma skólahúsnæðinu og öðru á staðnum í betra lag en verið hefur. Síðan kemur þetta alveg nýtt upp í athugasemdum með fjárlagafrv. að þessum skóla eigi að loka fyrir fullt og allt. Ég óska

eindregið skýringa á því hvort þessi athugasemd er rétt, hvort hún á að standa. (**Menntmrh.**: Hún á ekki að standa. Það er búið að segja formanni fjvn. frá því fyrir löngu eða þm. frá því.) Hæstv. menntmrh., það dugar ekki að segja formanni þessum eða hinum frá því. Það þarf þá að koma fram a.m.k. í ræðu við afgreiðslu fjárlaga ef athugasemdir eiga ekki að standa. (**Gripið fram í:** Það hefur formaður fjvn. gert.) Gerði hann þetta í dag? (**Gripið fram í:** Hvar var hv. þm. þá?) Þá treysti ég þeim orðum. Heyrði hæstv. menntmrh. þetta í dag? (**Menntmrh.:** Ég heyrði það, já.) Þú heyrðir það, já. Nú blikka augu hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Það er gott skyggni með gleraugunum.) Ef þetta hefur komið fram í ræðu Pálma Jónssonar hef ég enga ástæðu til þess að ætla annað en að því verði haldið til haga og því til skila haldið.

Það var annað sem ég ætlaði einnig að spyrja hæstv. menntmrh. um. Ég ætla að taka það fram strax að ég hef allan fyrirvara á skiptingu í skólahúsnæði, skólaþættinum, og þá sérstaklega með í huga Ísafjörð. Við umræður hér við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár mun hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafa tekið þetta mál upp og hæstv. menntmrh. tekið þátt í umræðunum á þann veg að hæstv. ráðh. mundi beita sér fyrir lausn á vandamálunum, sem uppi voru á Ísafirði að því er varðaði grunnskólann og íþróttahúsið, með aukafjárveitingum upp á 3 millj. kr. Nú er mér ekki kunnugt um að þessi aukafjárveiting hafi átt sér stað og þeir heimamenn kannast ekki við það. (**Menntmrh.:** Hvaða heimamenn?) Hvaða heimamenn? Forsvarsmenn í þessum efnum á Ísafirði. Hins vegar mun það hafa gerst að þeim hafi verið útvegað lán til eins árs að upphæð 3 millj. kr., sem fellur í gjalddaga í janúar n.k. að mér er sagt, og það kalla ég ekki aukafjárveitingu. En nú spyr ég hæstv. menntmrh.: Beitti hann sér fyrir aukafjárveitingu í þessum efnum á Ísafjörð sem við var staðið á árinu í ár? Hvaða plagg er þetta, hæstv. ráðh.? (**Menntmrh.:** Brtt. minni hl.) Það er engin aukafjárveiting í þeim. Það þýðir ekki að yppta öxlum yfir þessu. Þetta er nefnilega stórmál. Og nú kemur enn meira vegna þess að í a.m.k. 3–4 ár hefur íþróttahúsið á Ísafirði verið með fjárveitingu, að vísu oft litla, en þó nokkra stundum. Nú leggur meiri hl. fjvn. til að þetta sé strikað út, íþróttahús á Ísafirði verði ekki á fjárlögum sem sérstakur liður eins og það hefur verið. (**Menntmrh.:** Og Bolungarvíkin.) Bolungarvík hefur verið inni. Er þetta kannske að tillögu hæstv. ráðh.? Og ég spyr: Er það virkilega meiningin að þetta mál fari svona hér í gegn?

Ég sé það í Alþingistíðindum, umræðum frá því í fyrrahaust, það er í 10. hefti 1985, þar sem hæstv. menntmrh. hefur talað í þessu máli og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa það, það er örstutt. Hæstv. menntmrh. segir:

„Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. orðfærði í upphafi ræðu sinnar ástand skólamála á Ísafirði. Ég skal af hreinskilni játa, að fyllstu upplýsingar um stöðu þessa máls bárust mér ekki í hendur fyrr en í gærmorgun snemmendis“ — taki menn nú eftir — „fyrr en í gærmorgun snemmendis þannig að ég hafði ekki gert mér grein fyrir stöðu málsins eins og ég segi. Höfuðgalli málsins virðist mér sá í fljótu bragði að ráðuneytið hafi ekki upphaflega gert tillögur, samkvæmt yfirlýsingum sínum, samningum og loforðum til fjárlagagerðar. Ég hef hafið viðræður, lauslegar enn, við fjmrh. um málið og mun reyna að finna lausn á því.“

Þetta er tilvitnun í ræðu hæstv. menntmrh. fyrir ári síðan og þess vegna spyr ég: Var þetta innt af hendi? Var aukafjárveiting veitt? Sé svo, þá hvenær? Og ég spyr enn: Er það virkilega meining hæstv. ráðh., og þá meiri hlutans hér, að strika íþróttahúsið á Ísafirði út af fjárlagafrv.? Við þessu vil ég fá svör. Auðvitað ræður meiri hlutinn hér, við því er ekkert að gera, en það þarf að koma í ljós hvað menn hyggjast fyrir.

Mig langar enn til að spyrja hæstv. menntmrh. nokkuð út í stöðu Félagsheimilasjóðs. Hún er ískyggileg og ég veit ekki til þess að frumvarpstölunum hafi verið breytt, ég veit ekki betur en að það sé enn inni sem lagt er til í frv. og það er freklegur niðurskurður. Ég spyr um þetta mál sérstaklega vegna þess að norður á Hólmavík er félagsheimili heimamanna gamall braggi frá stríðsárunum, hvorki vatnsheldur né vindheldur. Heimamenn hafa auraað saman í nokkrar upphæðir heima fyrir til þess að geta hafið byggingu félagsheimilis, en einhverra hluta vegna hafa þeir ekki fengið heimild til þess frá ráðuneyti, að ég best veit. Og af því að ég veit að heimamenn leggja ofurkapp á þetta, allir upp til hópa, vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Liggur ekki enn fyrir vilyrði ráðuneytis um að þeir geti nýtt sitt eigið fjármagn til þess að hefja framkvæmdir við byggingu félagsheimilis?

Mér skilst að eitthvað álíka sé á Ólafsvík, ef ég veit rétt. Þar eru líka uppi geigvænleg vandamál að því er varðar félagsheimili þeirra Ólafsvíkinga, en auðvitað eru hér menn sem taka það mál upp aðrir en ég. En um þetta vil ég sérstaklega spyrja hæstv. menntmrh.

Ég skal nú, herra forseti, fara að stytta mál mitt. Ég vék hér í upphafi að því, að í nál. á þskj. 305 eru settar fram í megindráttum þær tillögur sem Alþfl. hefur verið talsmaður fyrir í breytingu á fjárlagagerð og í ríkisfjármálum. Ég sagði þá að ég sæi ekki ástæðu til þess að fara að lesa það allt saman upp. (**Fjmrh.:** Hver samdi þær?) Er það meginákyggjuefni hæstv. fjmrh. hver samdi þær? Ekki eru nú áhyggjurnar miklar. Og ég spyr: Breytir það einhverju hver samdi þær? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. verði jafnfljótur hér upp á eftir til að svara mínum spurningum og hann er hér til að grípa fram í. Ég bíð eftir því að fá hrein svör frá hæstv. ráðh. um það sem spurt var um og ég skal ekkert biðja hann um að upplýsa hver hafi sagt honum það. Ef hann er að meina það, ef það felst í hans orðum, þá skal ég láta það kyrrt liggja. Ég ítreka, hæstv. fjmrh., að

það hefði líklega verið farið betur með ríkisféð og það hefði komið betur til skila í hendur almennings í landinu ef hugað hefði verið að þeim till. sem Alþfl. hefur verið með. Ég er ekki að segja að þær séu allar hundrað prósent réttar, það er nú sjaldnast svo, en megindrátturinn í þessum till. er í rétta átt og það hefði hæstv. fjmrh. átt að hugsa fyrr um.

Það er trúlega rétt sem hv. þm. Geir Gunnarsson sagði í dag að þeir Bakkabræður vissu hvar botninn væri. En hæstv. fjmrh. hefur ekki hugmynd um hvar botninn er í þessum efnum sem um er verið að tala (**SvG:** Hann er í Hafskip.) eða hæstv. ríkisstj. Botninn í Hafskip, segir hv. 3. þm. Reykv. (**ÓÞÞ:** Hvar er botninn?) Hjá hæstv. ríkisstjórn? Ég held að hv. þm. Ólafur Þórðarson sem stjórnarliði, stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, ætti nú að spyrja sjálfan sig, ekki mig. (**ÓÞÞ:** Ræðumaður er að veita upplýsingar almennt, hvar er botninn?) Í hverju? (**ÓÞÞ:** Ræðumaður hlýtur að vita hvernig hann reifaði mál sitt.) Það þýðir ekki að segja: hlýtur að vita þetta eða hitt. Botninn í hverju? (**ÓÞÞ:** Í málflutningi hv. ræðumanns.) Já, það kom þó að því að hv. þm. Ólafur Þórðarson sér sig tilneyddan til þess að verja liðið. Öðruvísi mér áður brá á nú við um þennan góða pilt, (**ÓÞÞ:** Hvar er botninn?) ef hann sér sig tilneyddan nú, í þeim kröggum sem hér er verið um að ræða að því er varðar fjárlagagerð fyrir árið 1987, að hlaupa upp til handa og fóta til að verja hæstv. ríkisstjórn, þar á meðal auðvitað brotthlaupsmanninn að vestan. Er það ekki? (**ÓÞÞ:** Hver hljóp að vestan?) Hver hefur nýlegast gefið yfirlýsingu um að hafa farið þaðan? (**ÓÞÞ:** Er það sá sem verið er að reka úr framboðinu?) Hann var ekki rekinn sá, var það? Flutti hann ekki sjálfkrafa í Reykjanesið? Nei, hv. þm. Ólafur Þórðarson, ég hugsa að þú vitir betur en þeir ráðherrarnir hvar botninn er í því kviksyndi sem hér er verið um að ræða, sem er fjárlagagerð fyrir árið 1987. Það er slíkt kviksyndi að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur verið með heitingar um það að styðja ekki málið hér. Kannske kemur að því að slíkt gerist, að hann styðji ekki afgreiðslu þessa kviksyndis, sem hér er verið um að ræða, þó stjórnarliði sé sjálfur og hafi borið ábyrgð á ríkisstjórninni allt til þessa. (**GJG:** Er framboðsfundur á Vestfjörðum?) Kannske endar málið svo. Já, ég heyri að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni finnst gott að hlusta á svona, unir sér vel. Það er sjaldnast sem maður sér hv. þm. svo rólegan hér í sæti sem verið hefur undangenginn klukkutíma.

Herra forseti. Að lokum þetta: Alþfl. hefur lagt á borðið þær hugmyndir sem hann vill styðja að nái fram að ganga. Þær eru í því nál. sem hér er um að ræða. Þær hafa verið fluttar sem þingmál annaðhvort í frumvarpsformi eða sem þingsályktunartillögur, og við fjárlagagerð. Meiri hluti þingsins hér hefur drepið þessar till., en þar sem skammt er til kosninga og litlar líkur á því að þeir sem hér hafa ráðið ferðinni til þessa ráði ferðinni áfram er kannske meiri von til þess að komið verði skipulagi á fjárlagagerð ríkisins og ríkisfjármálin og peningamálin í landinu almennt talað, meira skikki á þau mál en verið hefur undangengin fjögur ár.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég get verið stuttorður um Núpsskóla. Það voru gefnar skýrar yfirlýsingar um að engin ákvörðun hefði verið tekin um að loka honum endanlega. Það var brugðið á það ráð að loka honum í eitt ár og nota rekstursfjármunina til þess að gera hann þannig úr garði að hann væri íbúðarhæfur, en heilbrigðisnefnd sýslunnar tilkynnti mér í bréfi þá ákvörðun sína að skólanum yrði lokað vegna þess hvernig heimavistin var úr garði gerð. Þannig að hér var reyndar ekki um einhliða ákvarðanir mínar að tefla í þessu falli. Ég lýsti því yfir að að ári, þegar viðgerð hefði farið fram og úttekt gerð, ef skólinn væri þann veg búinn að íbúðarhæfur teldist, myndi verða athugað hvort hann hefði starfsgrundvöll. En við vitum að héraðsskólarnir, eins og til að mynda á Laugarvatni og víðar, virðast vera að syngja sitt síðasta. Það er þó enn góð aðsókn að Heiðarskóla t.d., svo ég nefni það, en í Laugarvatnsskólanum hefur fækkað úr 130–140 nemendum fyrir 10 árum í 38 nú, ef ég man þá tölu rétt. Auðvitað er það alltaf örðugleikum háð, sársaukafullt og kemur hart niður á sveitum þar sem þessir skólar hafa starfað þegar og ef til þess ráðs þarf að grípa að loka þeim. Þetta er sem sagt leiðrétt og formaður fjvn. tók það fram og enginn vafi á því að það hefur hann líka gert í fjvn. þannig að þessar upplýsingar lágu allar saman fyrir.

Vegna Ísafjarðar er þess að geta að það liggur auðvitað einnig fyrir, og þetta vita allir fjárveitinganefndarmenn nákvæmlega að aukafjárveiting með þeim hætti að 3 millj. sem reiddar verða af hendi fyrir 15. jan. getur að líta á 4. síðu í brtt. meiri hl. og aths. á bls. 234 í fjárlagafrv. þessu að lútandi vegna Laugaskóla, Sælingsdalslaugar, í Dalasýslu 2,5 millj. og 3 millj. vegna Ísafjarðar til greiðslu á skuldum vegna byggingarframkvæmda skóla. Viðskiptabanki Ísafjarðarkaupstaðar hljóp undir bagga með kaupstaðnum um nokkurra mánaða skeið eða þar til þessir fjármunir, 3 millj. kr. verða af hendi reiddar. Það er frá þessu að segja. Ég dreg við mig að setja á lengri tölu um Ísafjarðarmálin núna. Ég held að það mundi ekkert greiða fyrir. Ég þarf að hitta formann fjvn. sérstaklega og kannske fleiri úr fjvn. til þess að ræða þau mál. Satt best að segja hefur ekki verið þann veg á þeim haldið að mönnum hafi líkað. Ég held ég kveði ekki of fast að orði þó ég haldi því fram. En við skulum vona að úr rætist. Ég hef þess vegna ekki og vil ekki hafa fleiri orð um íþróttahús eða tengibyggingar eða annað sem að þessu lýtur.

En svo er það Hólmavík, félagsheimilið. Ég á von á því að þessa dagana verði undirritaður samningur um bygginguna. En þeir fá ekkert að fara af stað, og enginn, nema gerður sé bindandi samningur um framkvæmdir. Það stóð í nokkru stappi um gerð þessa húss. Menn voru ekki á eitt sáttir um þetta en

ég sá enga ástæðu til þess að vera að hengja sig í einhver formsatriði, eins og þau að þarna mættu ekki vera búningsklefar í þessu félagsheimili vegna íþróttaaðstöðu sem hugsað er að tengja þessari byggingu þegar fram í sækir, þannig að ég hjó mjög fljótlega á þennan hnút og það truflaði aðeins í bili hugmyndir sveitarstjórans um byggingu gistihúss í tengslum við þetta félagsheimili einnegin, en þær eru nú líka úr sögunni og samningur verður undirritaður á næstunni og þá geta þeir auðvitað og sjálfsagt mál að þeir fái að vinna fyrir þá peninga sem þeim hafa áskotnast, m.a. með drengilegum framlögum sjómanna á staðnum og annarra sem láta sig þetta mál miklu varða sem von er til.

Ég vona að ég hafi að mestu þá mætt óskum hv. þm. vegna fsp. hans.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason kvartaði um það hér í upphafi ræðu sinnar áðan að heldur hefðu umræður verið drungalegar og daufar hér í þinginu þangað til hann kom sjálfur í ræðustólinn. Vissulega er það rétt að ræða hans var á köflum nokkuð skemmtileg en heldur fannst mér hún langdregin miðað við efnisinnihald.

Fjvn. Alþingis hefur haft frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 til athugunar og meðferðar frá því Alþingi kom saman á haustdögum og er það nú komið til 2. umr. hér í hv. Alþingi.

Nefndin hefur að venju rætt við ýmsa aðila sem hafa viljað koma sínum málum á framfæri við fjárveitingavaldið eða Alþingi og lesið mikinn fjölda erinda og bréfa sem borist hafa.

Fjvn. leggur hér fram nokkurn fjölda brtt. sem samtals hækka útgjöld ríkissjóðs um tæpar 450 millj. kr. Að venju bíður hins vegar umfjöllun um tekjuhlið frv. til 3. umr. svo sem fram kom í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar, formanns fjvn. og frsm. fyrir nál. meiri hl. nefndarinnar.

Þá er og ljóst að nýgerðir kjarasamningar hljóta að hafa veruleg áhrif á nokkra þætti fjárlaganna, m.a. á bótagreiðslur almannatrygginga, sem hlýtur að leiða til verulegrar útgjaldaaukningar Tryggingastofnunar ríkisins. Mun ég e.t.v. víkja örlítið nánar að áhrifum kjarasamninganna á ríkisfjármálin síðar í ræðu minni.

Hv. þm. Pálmi Jónsson hefur í framsöguræðu sinni gert grein fyrir einstökum brtt. á þskj. 282 og er ekki ástæða til að endurtaka það. Ég vil hins vegar drepa á nokkur einstök atriði.

Undanfarið hafa fjárveitingar til framkvæmda og fjárfestingar verulega dregist saman og var svo komið að í einstökum málaflokkum dugðu fjárveitingar lítið meira en til að greiða skuldir sem safnast höfðu upp vegna óhjákvæmilegra og nauðsynlegra framkvæmda sem ráðist hafði verið í, þótt ekki væru til þeirra fjárveitingar frá ríkinu. Átti þetta einkum við um hafnarframkvæmdir en svipaða sögu var að segja um skólamannvirki, þar sem sveitarfélög höfðu framkvæmt hraðar og fyrir meira fé en framlög ríkisins höfðu gert ráð fyrir. Þessa sögu þekkja allir og er óþarft að fara um hana mörgum orðum. Hins vegar þótti sýnt þegar við undirbúning fjárlagafrv. að hér yrði að verða breyting á og nauðsynlegt væri að hækka fjárveitingar til framkvæmdamálaflokkanna.

Í meðförum fjvn. hefur niðurstaðan orðið sú að hækka flesta þessa fjárlagaliði enn frekar til að mæta brýnustu þörfum, enda var það svo að ef t.d. er tekið mið af liðnum Hafnarmannvirki og lendingarbætur, þá hafði hann hækkað frá fjárlögum 1986 til frv. 1987 úr u.þ.b. 70 millj. kr. í 160 millj. kr. Við athugun kom síðan í ljós að af þessum 160 millj. var búið að ráðstafa fyrir fram, þ.e. í framkvæmdir sem nauðsynlegt var að vinna í ár, um 115–120 millj. kr. og því ekki til ráðstöfunar til nýrra framkvæmda á næsta ári nema lítill hluti af fyrirhugaðri fjárveitingu. Því var talið óhjákvæmilegt að hækka fjárveitingar til þessa málaflokks enn frekar eða um nær 60 millj. kr. í viðbót. Svipaðar staðreyndir blöstu við hvað flesta aðra framkvæmdamálaflokka varðaði.

Þrátt fyrir allar þessar hækkanir er ljóst að enn hallar verulega á ríkissjóð vegna ýmissa sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga. Ég ítreka því þá skoðun mína, sem ég lét m.a. í ljós við 1. umr. um fjárlagafrv. 30. okt. s.l., að nauðsynlegt sé að fulltrúar ríkisvalds og sveitarfélaga taki þetta mál inn í umræður um verkaskiptingu milli þessara aðila og reyni að finna leið út úr þessum vanda sem báðir geti sætt sig við.

Svo sem menn vita hafa í haust verið að störfum nefndir á vegum hæstv. ráðherra félags- og fjármála sem hafa haft þetta hlutverk með höndum, svo sem m.a. kemur fram í grg. með fjárlagafrv. Enn hefur ekki fengist nein niðurstaða í þessum málum og er því staða t.d. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í frv. sú sama og var við framlagningu þess. Ég lít svo á að enn verði að reyna á það til hins ýtrasta hvort ekki næst eitthvert samkomulag fyrir 3. umr. um frv. í næstu viku milli þessara aðila, og gera síðan þær lagfæringar á frv. sem nauðsynlegar kunna að reynast í því sambandi fyrir lokaafgreiðslu þess.

Þær hækkanir sem orðið hafa á fjárfestingarliðunum munu nema ríflega helmingi þeirra hækkana sem nú eru gerðar tillögur um. Annað eru hækkanir á ýmsum rekstrarliðum sem talið var nauðsynlegt að lagfæra eða taka upp, svo sem fram kom í ræðu formanns nefndarinnar. Má þar t.d. nefna liði sem varða menningar-, menntamál og listir, ýmsa smáliði til félagasamtaka, leikfélaga og annarra slíkra aðila upp á 15–20 millj. kr. og eins hafa málefni fatlaðra fengið nokkra umfjöllun í nefndinni og allverulega hækkun til rekstrarliða og mun sú hækkun einnig nema svipaðri upphæð, um 20 millj. kr.

Mikil umræða hefur orðið um málefni fatlaðra nú síðustu dagana og vissulega má taka undir það með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að þessi umfjöllun hefur leitt hugann að því að viðhorf fólks til þessa málaflokks hefur breyst, ekki bara nú að undan-

förnu heldur miklu fremur á undanförnum árum. Ég hygg að þess megi líka sjá allnokkur merki. Ég held að eitt það merkilegasta í þessu sé sú viðhorfsbreyting að vandamál þessa fólks eru tekin þeim tökum að það er flutt út af stórum stofnunum í smærri einingar, í sambýli og aðrar þjónustustofnanir, þar sem þetta fatlaða fólk kemst nær samfélaginu og viðhorf annarra þjóðfélagsþegna hafa gjörbreyst. Það má líka benda á það að í ræðu, sem formaður Þroskahjálpar, Eggert Jóhannsson, flutti á svokallaðri skammdegisvöku Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins í gær, sagði hann m.a. að þrátt fyrir allt og allt hefði mikið áunnist, það mikið að hægt væri að tala um byltingu í málefnum fatlaðra á ýmsum sviðum á liðnum árum. Þó að mönnum finnist e.t.v. að fjárfestingarsjóðurinn, Framkvæmdasjóður fatlaðra, hafi ekki notið þeirrar fyrirgreiðslu sem honum hefði borið og hann á með réttu skv. lögum, þá er það með hann eins og aðra fjárfestingarsjóði að þar höfum við gripið til skerðingar. Því er ekki að neita. En vonandi viðurkenna menn þó að hér hefur verulega áunnist og e.t.v. er ekki öll nótt úti að eitthvað megi þarna laga enn til.

Nefndin á eftir að fjalla um nokkra þætti aðra. Verður það gert við 3. umr. Stærstu upphæðirnar í því sambandi eru í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Ég nefndi áðan Tryggingastofnun ríkisins en auk þess má nefna ríkisspítalana og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þá er einnig eftir að athuga nánar málefni Háskóla Íslands, sérkennslumál í grunnskólum, sérverkefni á vegum Orkustofnunar í tengslum við fiskeldi, B-hluta stofnanir og heimildir skv. 6. gr. frv., svo að einhverjir þættir séu nefndir. Af þessu er ljóst að útgjöld fjárlaga næsta árs eiga eftir að aukast verulega og þar með rekstrarhalli ríkissjóðs. Auðvitað er þetta verulegt áhyggjuefni og að mínu áliti væri nauðsynlegt að leita ríkissjóði nýrra tekjuöflunarleiða. Hitt er einnig vitað að nýgerðir kjarasamningar og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá binda nokkuð hendur manna í þessu sambandi. Má t.d. benda á yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um að fallið sé frá fyrirhugaðri álagningu svokallaðs olíugjalds að upphæð 600 millj. kr. sem beinlínis er þessu tengd.

Það sem hins vegar er nauðsynlegt að gera, og allir eru vonandi sammála um, er að herða skattinnheimtuna og sjá til þess að allir þegnar greiði til samfélagsins það sem þeim ber. Á þessum málum verður að taka af enn meiri festu en gert hefur verið hingað til. Það er hlutverk hæstv. fjmrh. að móta reglur í því skyni og fylgja þeim fast eftir.

Þann halla sem augljóst er að óhjákvæmilega verður á fjárlögum næsta árs verður að brúa með innlendum lántökum. Það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að auka ekki erlendar lántökur og er það áréttað í yfirlýsingu hennar vegna kjarasamninganna að takmarka erlendar lántökur og leita í þess stað allra leiða til að erlend lántaka verði ekki umfram afborganir á næsta ári. Svo er jákvæðum árangri í efnahagsmálum okkar fyrir að þakka að líklegt er að fá megi innlent lánsfé til að standa við þetta fyrirheit. M.a. er álitið að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði meira en áður var ráð fyrir gert og hægt sé að beina lántökum fjárfestingarlánasjóðanna til lífeyrissjóðanna í meira mæli en fyrirhugað var.

Talandi um nýgerða kjarasamninga og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar verð ég að láta þá skoðun mína í ljósi að ég tel ríkisvaldið þar hafa lofast til að taka á sig ýmsar skuldbindingar sem kostar sitt að standa við og hljóta að hafa ýmiss konar hliðarverkanir sem ég hef velt fyrir mér hvort samningsaðilar hafi gefið nægjanlegan gaum. Aukin sókn opinberra aðila á innlendan lánsfjármarkað hlýtur að hafa þá hættu í för með sér að vextir hækki. Vaxtahækkun kemur síðan verst við þá skuldugu húsbyggjendur sem aðilar vinnumarkaðarins báru svo mjög fyrir brjósti við gerð kjarasamninganna s.l. vetur. Vaxtahækkun er einnig þung í skauti fyrir atvinnulífið en þar er einmitt þörf fyrir þróttmikla uppbyggingu nýrra atvinnugreina, m.a. vegna óhjákvæmilegs samdráttar í hefðbundnum landbúnaði og þeirra áhrifa sem sá samdráttur hefur á atvinnulíf kauptúna og kaupstaða um allt land.

Skorður við gjaldskrárhækkunum opinberra stofnana draga úr möguleikum þeirra til nauðsynlegrar fjárfestingar, viðhalds og endurnýjunar og að fenginni reynslu óttast ég að það kunni að koma hlutfallslega verr við landsbyggðina en þéttbýlið á suðvesturhorninu þó ekki sé nema af þeirri ástæðu að framkvæmdir og starfsemi af hálfu opinberra aðila vega þyngra og eru stærri hluti af atvinnulífi landsbyggðarinnar en hér á höfuðborgarsvæðinu. Sama á við um skorður á aukinni tekjuöflun ríkissjóðs.

Vafalaust segja höfundar kjarasamninganna að þetta sé mál sem ríkisvaldið verði að takast á við með aðhaldsaðgerðum og sparnaði og sjálfsagt er að leita allra leiða í því sambandi hvað hina ýmsu rekstrarliði varðar. En samdráttur í fjárfestingu og e.t.v. í opinberum rekstri einnig mun óhjákvæmilega hafa þær afleiðingar sem ég hef áður lýst og hver eru þá viðhorf landsbyggðarfólksins sem undirritaði kjarasamningana með þessum skilyrðum og slíkri kröfugerð á hendur ríkisvaldinu? Ég er ekki viss um að þetta ágæta fólk hafi hugað að öllum þáttum málsins.

Eitt atriði enn varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna langar mig að nefna, en það er ákvæðið um skipulagningu og verðstýringu á innlendri matvöruframleiðslu. Telja aðilar vinnumarkaðarins virkilega að bætt skipulag á framleiðslu ýmissa landbúnaðarafurða hljóti undir öllum kringumstæðum að vera óhagkvæmt fyrir launþega og/eða neytendur og lögmál markaðar eða jafnvel frumskógar séu best til þess fallin að gæta hagsmuna umbjóðenda þeirra? Ég leyfi mér að efast um það ef allar hliðar málsins eru skoðaðar. Og mig langar að nefna eitt lítið dæmi í þessu sambandi.

Norður við Eyjafjörð er sveitarfélag sem orðið hefur fyrir verulegum áföllum í atvinnulífinu á þessu

ári. Þetta er Svalbarðsstrandarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar er þó enn starfandi kartöfluverksmiðja og allstórt kjúklingabú sem veita töluverðum fjölda fólks atvinnu. Ef skipulagsleysi og frumskógarlögmál leiða hins vegar til þess að þessi atvinnustarfsemi leggst einnig niður, þá veit ég hverjum verður um kennt. Ég á ekki von á því að þeim aðilum verði kennt um sem kröfðust yfirlýsinga af stjórnvöldum í þessa veru.

Þykir nú sjálfsagt einhverjum nóg fjallað um kjarasamningana og vil ég að lokum aðeins segja um þá að vissulega er sú stefna að hækka lægstu launin mikilvægt skref í rétta átt og gerir þessa samninga eftirminnilega og það skiptir að sjálfsögðu mestu máli og ræður úrslitum um að ríkisstjórnin taldi sér skylt að koma til móts við samningsaðila með títtnefndri yfirlýsingu þó að hún hljóti óhjákvæmilega að kosta sitt.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. Karvels Pálmasonar er best að hæstv. ráðherrar svari þeim eins og þm. reyndar beindi til þeirra, en eins og hann hlýtur að hafa heyrt, þá hef ég sett fram ýmsar vangaveltur um þessa yfirlýsingu og þær afleiðingar sem hún kann að hafa. Það sem ég óttast mest í þessu sambandi er sá tilflutningur fjármagns og samdráttur í opinberum framkvæmdum sem ég tel geta leitt af þeim skilyrðum sem opinberum aðilum eru sett. Má í því sambandi einnig minna á tilfærslu fjármagns lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins sem gæti þýtt það að fjármagnið flyttist í miklum mæli frá einum landshluta til annars ef verulegt misvægi verður á byggingarframkvæmdum milli einstakra landshluta.

Herra forseti. Ég hef e.t.v. farið nokkuð út fyrir umræðuefnið eða dagskrármálið en vil að lokum leggja áherslu á að ef við eigum að geta staðið við það velferðarþjóðfélag sem við höfum að undanförnu verið að byggja upp og haldið áfram að veita fé til sameiginlegra verkefna, hvort sem er á sviði menntamála, heilbrigðismála, félagsmála eða á öðrum mikilvægum sviðum, verður okkur að takast að halda uppi öflugu og þróttmiklu atvinnulífi sem getur greitt mannsæmandi laun.

Hv. þm. Geir Gunnarsson sagði í ræðu sinni hér áðan að þessi ríkisstjórn hefði hlíft fyrirtækjum. Ég minnist þess að í upphafi þessa stjórnartímabils voru gerðar breytingar á skattalögum til þess að styrkja fyrirtækin og til þess að efla atvinnulífið og e.t.v. kann sterkari staða þeirra að hafa gert þá kjarasamninga mögulega, sem nú hafa nýlega verið undirritaðir, og þá stefnubreytingu sem í þeim felst. Þetta vildi ég nefna hér og árétta og við eigum ekki alltaf að líta svo á að það sé nauðsynlegt að fyrirtæki séu rekin á svokölluðum núllgrunni því að þá getum við ekki heldur vænst þess að þau standi undir þeim kröfum sem við gerum til þeirra og við ætlumst til þess að þau haldi uppi öflugu atvinnulífi og greiði þau laun sem fólk getur lifað af.

Við verðum að tryggja tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og leita leiða til þess að gera það réttlátara en það er í dag. Vonandi má treysta á samstarf aðila vinnumarkaðarins í þessu efni og vonandi skilja þeir mikilvægi hinna fjölmörgu þátta samneyslunnar. Aðeins með því móti getum við haldið áfram að veita fé til íþrótta og æskulýðsmála, til málefna fatlaðra og ýmissa annarra málaflokka sem við viljum halda áfram að styrkja og efla.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum og formanni nefndarinnar, starfsmanni nefndarinnar og starfsfólki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, svo og ekki síst starfsfólki þingsins, sem vinnur úti í Þórshamri og hefur haft alls lags óþægindi og ónæði af störfum fjvn. nú sem ávallt áður, fyrir mjög gott samstarf við erfitt verkefni á undanförnum vikum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir þær þakkir sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. til fjvn. og formanns hennar fyrir mikil og erfið störf. Víst er það svo að fjvn. á enn eftir að vinna mikið starf áður en að lokaafgreiðslu fjárlaga kemur.

Hér hefur verið vikið nokkuð að stöðu ríkissjóðs og áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið í heild og þó að eðlilegra sé að taka þær almennu umræður upp við lokaafgreiðslu eða 3. umr. fjárlaga, þá hefur að þessum þáttum verið vikið. Nú er það auðvitað á þann veg að nokkur óvissa ríkir um það við 2. umr. hver endanleg niðurstaða getur orðið í þessum efnum, en hitt liggur ljóst fyrir að markvisst hefur verið stefnt að því með árangri að draga úr halla ríkissjóðs, en um það voru teknar pólitískar ákvarðanir að gera ekki tilraun til þess að ná þeim halla niður í einu vetfangi. Þessi halli jókst verulega eins og menn muna með þátttöku ríkisins í lausn kjarasamninga í byrjun þessa árs. Þá voru gerðar ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum sem bornar voru hér undir Alþingi og ég man ekki betur en að bæði Alþfl. og Alþb. hafi staðið að án þess að gera brtt. þar um við þá afgreiðslu.

Þetta eru atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar talsmenn þessara flokka býsnast nú yfir halla á fjárlögum. Við höfum áður rætt nauðsyn þess að ná niður verðbólgunni og sáttum á vinnumarkaði og við töldum það rétt og skynsamlegt að færa nokkrar fórnir varðandi markmiðið um hallalausan ríkisrekstur til þess að ná öðrum mikilvægum efnahagslegum áformum eins og lækkun verðbólgu og kaupmáttaraukningu. Til þess þurfti sátt á vinnumarkaði og ríkisfjármálunum var beitt með þessum hætti í þeim tilgangi.

Hv. 3. þm. Vestf. flutti hér ræðu og mælti fyrir nál. og stefnu Alþfl. í ríkisfjármálum. Einhvern veginn fannst mér nú að ræðan væri þess eðlis að hana mætti flokka undir það sem meistari Þorbergur kallaði ruglandi og kannske ástæðulaust að fara mörgum orðum þar um. En það er athyglisvert að uppistaðan og ívafið í nál. fulltrúa Alþfl. í fjvn. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 eru tillögur sem Alþfl. flutti við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 fyrir heilu ári síðan og hefur ekki treyst sér til að

flytja aftur. Það er athyglisvert að þetta eru tillögur sem Sighvatur Björgvinsson, þáv. varaþm. Vestf., hafði forustu um í þingflokki Alþfl. og mælti fyrir hér á Alþingi. Og kannske er það ekki tilviljun, einmitt vegna þess að hann var aðalhöfundur þessara tillagna og aðaltalsmaður, að hann féll í málefnalegu prófkjöri sem Alþýðuflokksmenn héldu vestur á fjörðum fyrir skömmu. En það er kyndugt að það eina sem Alþfl. getur bent á í þessari umræðu skuli vera að hann hafi flutt tillögur við afgreiðslu fjárlaga í fyrra sem hann treysti sér ekki að endurflytja nú og það sé allt og sumt sem þeir hafi að segja um ríkisfjármálin.

Hv. þm. hélt því fram, að vísu ekki með miklum sannfæringarkrafti, að það væri nú öðruvísi ástatt í *ríkisfjármálum* ef þessar tillögur hefðu verið samþykktar. Þó hefur margsinnis verið upplýst í umræðum hér á Alþingi að útreikningar staðfesta að hallinn á fjárlögum væri 500 millj. kr. meiri ef allar þessar tillögur hefðu farið í gegnum Alþingi og verið samþykktar á þinginu í fyrra. Það er nú allur árangurinn af þessum miklu kerfisbreytingum. Ef ég man rétt hljóðaði ein þeirra svo: Kennaraháskóli Íslands, liðurinn falli niður.

Hv. þm. Karvel Pálmason gerði mikið úr bréfi sem Ferðamálaráð hefði skrifað þingmönnum og kvartaði undan því að ekki hefðu fengist við því viðbrögð og ekki væri ætlunin að veita nógu miklu fjármagni til Ferðamálaráðs. Þetta sagði hann í sömu ræðu og hann mælti fyrir þessu nál., en í þessu nál. kemur fram að a.m.k. í fyrra ætlaði Alþfl. að leggja Ferðamálaráð niður. Í sömu ræðunni er sem sagt flutt bólgin ræða um að það skorti nú verulega á aukið fjármagn og það hefði nú farið betur á því að samþykkja þessar miklu kerfisbreytingartillögur því að þá hefði Ferðamálaráð einfaldlega verið lagt niður og, eins og þar segir, sá kostnaður fluttur yfir til viðkomandi atvinnuvega eða samtaka þeirra í þeim tilgangi að útrýma velferðarkerfi atvinnuveganna. Þetta er nú samræmið í öllum þessum málflutningi.

Ég ætlaði svo, herra forseti, vegna fsp. um framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra, að taka það fram að ég hef að höfðu samráði við hæstv. félmrh. ákveðið að veita vegna framkvæmda og skuldbindinga á þessu ári aukafjárveitingu á þessu ári upp á 12 millj. kr. til þessa málaflokks. Áður höfðu á árinu 1985 verið veittar 10 millj. kr. þannig að eftir stendur þá 19 millj. kr. skerðing eftir af framlagi Erfðafjársjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en sú skerðing var 41 millj. kr. eins og upplýst var hér á Alþingi fyrir skömmu í fyrirspurnatíma.

Í ljósi þess að Alþingi stefnir nú að því að gera breytingar á ýmsum framkvæmdaliðum og þó að nauðsynlegt sé að gæta aðhalds í þeim efnum og óhjákvæmilegt sé að skerða ýmis lagaákvæði, hef ég enn fremur ákveðið að beita mér fyrir því að við 3. umr. hækki framlagið, sem skv. fjárlagafrv. er 100 millj. kr., í 130 millj. kr., eða um 30 millj. kr., og þá hefur framlagið hækkað frá því á þessu ári úr 80 millj. kr. í 130 millj. kr. eða um 50 millj. kr. Það er flestum ljóst að hér er um mjög mikilvægt málefni að tefla. Verulegum fjármunum hefur verið varið til þessa málaflokks en við þurfum að sinna hér hraðri uppbyggingu. Ég geri mér grein fyrir því að ýmsir geta fært fyrir því, og er auðvelt að færa fyrir því sterk rök, að hér þyrfti meira fjármagn og mundi það vafalaust koma að góðum notum.

Með þessum breytingum, sem ég hef ákveðið að beita mér fyrir, vænti ég þess að unnt verði að stíga stærri skref í málefnum fatlaðra á næsta ári og að um það geti tekist samstaða að ná þeim breytingum fram.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Það er ekki oft sem maður getur glaðst yfir ræðum hæstv. fjmrh. en í þetta skipti gladdi ræða hans hjarta mitt þó nokkuð með þeim yfirlýsingum sem hann kom með og ég kem að hér síðar.

Fjárlagafrv. hafa verið gerð ítarleg skil af talsmanni Alþb., hv. þm. Geir Gunnarssyni, og megineinkenni skýrð og annmarkar dregnir fram í dagsljósið. Það er rétt sem þar kemur fram að góðæriseinkennin eru óvíða sjáanleg þar sem þau helst þyrftu að sjást. Það er samt þó nokkuð klórað í bakkann varðandi sum framkvæmdaframlög, enda kosningar í vor og nestun frambjóðenda stjórnarliðsins er öllu skárri fyrir bragðið en hún hefur verið að undanförnu en nægir þó ekki einu sinni til að bæta fyrir niðurskurð síðasta árs, hvað þá hrikalegan heildarniðurskurð kjörtímabilsins, og ég er hræddur um að það verði nokkuð léttur malpoki sem þessir aðilar bera fyrir sína kjósendur í vor þegar þeir eiga að leggja kjörtímabilið allt til grundvallar.

Ég mæli hér fyrir brtt. sem snertir einmitt það mál sem hæstv. fjmrh. kom inn á. Við vorum minnt rækilega á þetta mál í gær og það hefur greinilega haft sín áhrif þar sem samtök fatlaðra héldu veglega skammdegisvöku og báðu þingmenn um leið að halda vöku sinni nú við afgreiðslu fjárlaga, minntu á vanrækt verkefni og verulegan niðurskurð í miðju góðærinu. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur fengið mjög slæma meðferð við afgreiðslu fjárlaga nú að undanförnu og fær það raunar enn þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Lögbundin framlög hafa verið skert svo mjög af ríkisstjórninni að þau nema aðeins, samkv. frv. nú, þriðjungi þess sem vera ætti og rúmum helmingi þess sem vera ætti miðað við þá breytingu sem hæstv. fjmrh. var að lýsa yfir að hann mundi beita sér fyrir hér áðan. Við þekkjum vel þessa sögu því að Þroskahjálp, landssamtökin, hafa minnt á þetta í öllum þingflokkum að undanförnu og vökufólkið í gær ítrekaði rækilega og áréttaði staðreyndir.

Ég hef rakið þetta mál áður í vetur í tengslum við frv. til lánsfjárlaga og svo varðandi fsp. um oftekna fjármuni af erfðafjárskatti beint í ríkissjóð fram hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra. Nú lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann hefði enn komið nokkuð til móts við

Framkvæmdasjóð fatlaðra í þessum efnum. Áður hafði hann veitt 10 millj. í aukafjárveitingu eða ¼ af því sem oftekið hafði verið — og kemur það svolítið kynduglega fyrir sjónir að þegar búið er að ræna einn sjóð sé hægt að tala um aukafjárveitingu til hans á móti — og nú 12 millj. til viðbótar. Engu að síður er helmingurinn eftir enn sem rennur fram hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra fyrir þetta ár af tekjum Erfðafjársjóðs en eins og lög segja til um eiga tekjur af erfðafjárskatti að renna óskertar í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Við þekkjum meginröksemdina fyrir skerðingu fjár til Framkvæmdasjóðsins. Það hefur verið talað um það að margföldun raungildis hafi orðið til málefna fatlaðra. M.a. hefur það verið tíundað úr þessum ræðustól og í útvarpsumræðum svo listilega að Sölvi heitinn Helgason hefði verið fullsæmdur af þeim reikningskúnstum sem þar hafa verið viðhafðar. Af því að hæstv. forsrh. er hér í salnum: Hann lét svo blekkjast af þessum talnaleik að í setningarræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins sagði hann að framlög til þessa málaflokks hefðu tuttugufaldast og hefur nú sjaldan skeikað svo rækilega hjá þessum hæstv. ráðh. þó að oft hafi hann nú farið frjálslega með staðreyndir. Vissulega hefur málaflokkurinn fengið aukið fjármagn og lög kveða svo á um og þessi málaflokkur var vitanlega svo langsveltur að margföldun hefði verið nauðsyn. En hvað kemur svo í ljós, ekki samkvæmt fullyrðingum mínum hér eða annarra þingmanna heldur samkvæmt mjög vandaðri úttekt Þroskahjálpar sem þingmenn hafa nú fengið í hendur. Þar kemur það fram í úttekt þeirra félaga Bjarna Kristjánssonar á Akureyri og Friðriks Sigurðssonar, starfsmanns svæðisstjórnar á Reykjanesi, mjög vandaðri úttekt sem hefur m.a. verið gerð í samráði við fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að margföldunin mikla, sem hefur verið tíunduð úr þessum ræðustól til þessa málaflokks, er tvöföldun, vissulega gott, á raungildi til þessa málaflokks á þessum árum frá því að lögin um öryrkja og þroskahefta voru sett hér 1980 og fram til ársins 1986. Þar höfum við það svart á hvítu, hvað svo sem einstakir ráðherrar segja um jafnvel allt að tuttuguföldun raungildisaukningar til þessa málaflokks. Það er því ekki unnt að réttlæta skerðingu þessa sjóðs með þessu einu sinni, enda er það ljóst að á þróun hefur hægt mjög verulega af þessum sökum og á enn eftir að gera.

Ég ætla ekki að rekja það hvernig kjörtímabil núv. ríkisstjórnar hefur verið með eindæmum varðandi Framkvæmdasjóðinn. Ég hef minnt á það áður að raungildi fjár til sambærilegra sjóða með þó miklu veigaminni verkefni og færri var 1980–1983 að meðaltali 155 millj. á ári, en árið 1984–1986 er raungildistalan um 95 millj. kr. aðeins með fjölþættari og fleiri lögbundnum viðfangsefnum. Og þegar þessum 12 millj. hefur verið bætt við, sem hæstv. fjmrh. var að geta um núna, mundi þessi tala vera rétt tæpar 100 millj., svo að allrar sanngirni sé gætt. Þessa dapurlegu sögu geymir þessi bók þeirra félaga Bjarna Kristjánssonar og Friðriks Sigurðssonar og hún verður í engu hrakin.

Hins vegar vilja menn kannske spyrja, í ljósi þess sem ég hef oft áður sagt um skerðingu þessa sjóðs og þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. áðan um nokkra úrlausn, hvers vegna þessi hógværð er höfð um 180 millj. þegar nær væri að tala um 250 millj. Röksemdir þeirrar hækkunartillögu, sem ég hef flutt hér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni, eru teknar annars vegar beint frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem viðurkennir þó 50 millj. kr. vanefndir ríkisframlags og að viðbættum 30 millj., sem nú eru reyndar ekki orðnar nema 19, sem runnu í ríkissjóð fram hjá Framkvæmdasjóði á þessu ári samkvæmt upplýsingum fjmrh. og hann ítrekaði hér áðan. Þetta eru þeirra tölur beint og því rétt að láta á þær reyna. Til móts við þetta ætlar hæstv. fjmrh. að koma með 42 millj. eða um helming þess sem er lagt til á minni brtt. og vissulega er það meiri viðleitni en áður hefur verið, enda hafa Samtök fatlaðra talað um það að ef engin leiðrétting fengist væru þau jafnvel að hugsa um að bjóða fram. Og jafnvel þann stóra flokk, Sjálfstfl., munar kannske um það í öllu sínu veldi hér í Reykjavík ef fatlaðir, sem hafa stutt þann flokk, svo undarlegt sem það er nú, færu nú að yfirgefa hann og kjósa sérlista sem fatlaðir byðu fram. Það er eflaust aðalástæðan fyrir þeirri góðvild sem nú allt í einu blasir við á síðustu stundu og er mjög óvænt frá hæstv. fjmrh. en skal engu að síður þakkað fyrir því batnandi mönnum er best að lifa.

Hins vegar vil ég benda á að hér er auðvitað ekki sögð nema hálf sagan. Það er sagt núna að tekjur af erfðafjárskatti á næsta ári verði 48 millj. Það hafa menn í grg. með fjárlagafrv. og eins varðandi frv. til lánsfjárlaga. Þykir mönnum trúlegt að það verði rauntalan í ljósi þess að talan fyrir þetta ár er 61 millj.? Það er alveg útilokað mál í raun og veru, þannig að þessar 48 millj. gætu allt eins orðið 68 millj. á næsta ári eða 78 millj. ef því væri að skipta. Ef farið væri svo eftir réttum verðtryggingarákvæðum samkvæmt því áliti sem fylgir með í þessari bók sem allir þingmenn, trúi ég, hafa fengið, mætti samkvæmt áliti prófessors Sigurðar Líndals bæta um 50 millj. enn við til þess að við lög væri staðið varðandi Framkvæmdasjóðinn. Ég kaus hins vegar að fara hóglega og hóflega í sakirnar og því er þessi tala sett fram og engu öðru trúað en að enn frekar jafnvel verði til móts við hana komið en hæstv. fjmrh. kom inn á áðan.

Samtök fatlaðra bentu alveg sérstaklega á húsnæðisneyðina, vöntun á sambýlum t.d. Ég vil benda á að 80 millj. kr., sem kæmu til viðbótar við Framkvæmdasjóð fatlaðra, mundu þýða mjög mikið í þessum efnum, 10–12 sambýli a.m.k., og mundu létta einmitt á þessari hrikalegu neyð sem kreppir svo mjög að stórum hópum fatlaðra í dag.

Mig hefði langað til í framhaldi af þessu að ræða fjöldamörg málefni fatlaðra en ég tel að ekki sé tími til þess og ekki ástæða til að lengja umræður

varðandi það. Bifreiðakaup þeirra og hvernig frá þeim hefur verið gengið nú er eitt þeirra mála sem Alþingi verður að taka afstöðu til. Um það hefur verið flutt sérstök þáltill. og ég vonast til þess að hún fái jákvæða afgreiðslu þannig að hlutur öryrkja verði bættur í þeim efnum.

Í ferlimálum fatlaðra þarf auðvitað að gera stórátak og þetta hús hér er náttúrlega einna gleggst vitni um það hversu mikið er ógunnið í þeim efnum.

En lífeyrir þessa fólks, það sem það hefur til þess að lifa af, eins og komið hefur verið inn á af fleiri hv. ræðumönnum, er þó fyrst og síðast það sem skiptir máli. Í svari við fsp. minni á dögunum hét heilbrrh. verulegum hækkunum, enda óhjákvæmilegt að verða við því í kjölfar þeirra kjarasamninga sem gerðir voru á dögunum og í kjölfar þess að verkalýðshreyfingin lagði þar beinlínis drög að því við ríkisstjórnina að séð væri til þess og það tryggt að bætur almannatrygginga hækkuðu verulega í kjölfar samninganna með þeim sérstöku láglaunabótum sem þar urðu ofan á blessunarlega. Ef ekki þarf láglaunabætur þarna veit ég ekki hvar þeirra er þörf því að grunntalan þarna í dag með tekjutryggingu og öllu er líklega 16 500 kr. eftir hækkunina 1. des. En um þetta skal allt fjallað síðar.

Lítil till. er hér frá mér nr. 4 á þskj. 290 sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um framlag til Kirkjumiðstöðvar Austurlands. Ég held raunar að þessi beiðni um framlag til Kirkjumiðstöðvar Austurlands, sem fékkst fram í fyrra, hljóti að hafa lent milli þils og veggjar hjá fjvn. og muni fást leiðrétting á því við 3. umr.

Eins og fram hefur komið áður á þingi gegnir Kirkjumiðstöð Austurlands veigamiklu hlutverki þar eystra. Hún á að þjóna æskulýðsstarfi annars vegar og starfi fyrir aldraða hins vegar fyrst og síðast. Verkefnið er komið vel á veg og starfið hefur verið rækt á Eiðum undanfarin sumur við góðan orðstír og almenna ánægju allra. Ég held að þarna sé um þýðingarmikið uppbyggingarstarf að ræða, aðhlynningarstarf um leið, og óhjákvæmilegt að komið verði vel til móts við þessa þörfu starfsemi sem nýtur mikils og verðskuldaðs stuðnings í fjórðungnum og hefur í raun og veru gert kleift að vinna svo að þessu máli þó að Alþingi hafi lítillega stutt þetta og þurfi að styðja áfram. Vissulega þyrfti upphæðin að vera hærri en hjálp yrði veruleg af þessu framlagi sem við leggjum hér til, því að hér er um dæmigert málefni að ræða sem á að styðja og styrkja og frjáls félagasamtök þurfa að fá vissa uppörvun og vissan stuðning við það sem svo vel er að unnið.

Aðeins svo í lokin: Það mun hafa verið haldin í dag vegleg — og kannske stendur hún enn — flugmálaráðstefna og það skal ekki lastað. Vonandi hefur eitthvað komið þar fram sem græða má á. En framar öðru: Vonandi fylgir eitthvað annað í kjölfarið, eitthvað annað en þær upphæðir til flugmála sem sést hafa að undanförnu og sú upphæð sem enn er þar á blaði. Við sem búum við ónýtan flugvöll fyrir nær heilan landshluta, torfæruakstursbraut, eins og flugstjórar nefna Egilsstaðaflugvöll, hljótum að vekja athygli á því enn einu sinni hvílíkt hörmungarástand ríkir þar eystra, hvílíkt hættuástand er þar á ferð. Vissulega er ráðstefna góð því orð eru til alls fyrst en þau orð megna ekki að gera unandi flugbraut á Egilsstöðum ef aldrei á að gera annað en að tala um það að þar skuli byggt og það skuli leita leiða til þess að byggja nýjan flugvöll.

Ég vil gera það að mínum lokaorðum að við skulum sannarlega vona að engir válegir atburðir gerist vegna þessarar vanrækslu undangenginna ára en það er hart að horfa upp á, þegar margföldum upphæðum er varið í sérstakt uppáhaldsverkefni stjórnarflokkanna suður á Miðnesheiði, flugbrautina á Egilsstöðum eins og hún er, gjörófæra og stórhættulega. Fjármagnið er til og mættum við nú óska þess að við fengjum að njóta þess svo að forðað verði stóráföllum í þessum efnum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Formaður fjvn., hv. 1. þm. Norðurl. v., tók þannig til orða í sinni ræðu að þetta fjárlagafrv. hefði verið óvenjulega vel undirbúið. Það getur vel verið að það eigi við um þá starfsmenn sem unnið hafa að tæknilegri uppsetningu og framsetningu þess en ég held að það geti ekki átt við þann hlut þessa frv. sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn eins og raunar var bent á við 1. umr. þessa máls hér í Sþ. En það er öldungis greinilegt að málflutningur Alþfl. við þessa umræðu, og tillöguflutningur Alþfl. við umræðuna um fjárlögin í fyrra, fer einstaklega illa fyrir brjóstið á hæstv. fjmrh. Hann lét sér sæma það hér áðan, sem reyndar er ekki einsdæmi hjá hæstv. ráðh., að tala um málflutning fulltrúa Alþfl. við þessa umræðu, fulltrúa Alþfl. í fjvn., hv. 3. þm. Vestf., sem rugl. Hæstv. fjmrh. hættir ákaflega mikið til þess að freista þess að afgreiða málflutning andstæðinga sinna með því að segja í fyrsta lagi að þeir fari með rugl, í öðru lagi bull og í þriðja lagi ósannindi. Það fer lítið fyrir málefnalegri umræðu eða tilraun til þess að nota rök heldur eru notaðir sleggjudómar og upphrópanir og þetta er svo sem ekki til fyrirmyndar.

Það hefur komið fram og rétt er að leggja áherslu á það að þetta fjárlagafrv. er mjög með sama sniði og fyrirrennarar hæstv. fjmrh. hafa flutt. Þar er ekkert nýtt að finna, engar breytingar og ekki ráðist gegn rótum þeirra meina sem við er að eiga í þjóðarbúskapnum. Þetta eru kerfisfjárlög og hvergi gerð tilraun til þess að taka á til verulegra breytinga.

Hæstv. fjmrh. gerði mjög mikið úr því og hafði um það stór orð að þingmenn Alþfl. endurflyttu ekki þær brtt. sem þeir höfðu flutt við fjárlögin í fyrra, en ég vil leyfa mér að vitna í nál. 3. minni hl. fjvn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Reyndar er óframkvæmanlegt að flytja brtt. af neinu tagi við 2. umr. þar sem ekki liggur fyrir endurmat á tekjuhlið í kjölfar kjarasamninga. Tímabærar brtt., sem máli skipta, kalla hins vegar á sérstaka löggjöf og verða auk þess að framkvæmast

á lengri tíma en einu fjárlagaári samkvæmt fyrir fram ákveðinni forgangsröð verkefna."

Hér segir enn fremur í þessu nál. á bls. 2:

„Við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðu þm. Alþfl. til að undanþágum frá söluskatti yrði fækkað og prósentuálagningin lækkuð. Verðhækkunaráhrifum yrði mætt með umtalsverðri lækkun tekjuskatts og beinni útgreiðslu ríflegra fjölskyldubóta og hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga. Þar með væri stigið stórt skref í átt til upprætingar skattundandráttar. Þessar tillögur voru felldar af stjórnarliðum. Þess vegna sjá þm. Alþfl. ekki ástæðu til þess að flytja þessar till. á ný. Úr því sem komið er verður heildarendurskoðun skattakerfisins að bíða nýs þingmeirihluta og nýrrar ríkisstjórnar."

Í þessu nál. fulltrúa Alþfl. í fjvn., sem liggur hér frammi við þessa umræðu, er að finna mjög mikilvæga stefnuyfirlýsingu um ýmsar róttækar grundvallarbreytingar, breytingar sem hæstv. fjmrh. þorir ekki að leggja út í. Hann er þess í stað önnum kafinn við að sinna því máli sem sett hefur svip sinn á Sjálfstfl. undanfarna daga, þ.e. að fjalla um þá tillögu Framsfl. í borgarstjórn Reykjavíkur að selja Borgarspítalann. Sjálfstfl. hefur ekki komist til að ræða mikið annað undanfarna daga og eins og fulltrúi lækna á Borgarspítalanum skrifaði í Morgunblaðið fyrir fáeinum dögum: „Þeir sem sungu hæst „báknið burt" kyrja nú „báknið til mín"." Þetta er nú svona heldur ömurlegt fyrir fulltrúa þessa flokks sem ævinlega telur sig standa gegn miðstýringu og ríkisafskiptum eða ríkisstjórnun.

Í þessu nál. sem ég vék að áðan er að finna mikilvæga stefnuyfirlýsingu um ríkisbúskapinn og fjármál ríkisins og þegar hæstv. fjmrh. leyfir sér enn einu sinni að nota orðið rugl og ruglanda um málflutning andstæðinga sinna held ég að það sýni kannske fyrst og fremst að hann hefur ekki lesið eða kynnt sér þetta mál. Ég geri að vísu, persónulega, fyrirvara um það hvort rétt sé að ríkið selji öll þau fyrirtæki sem talin eru upp á bls. 7 í þessu nál. T.d. hef ég verulegar efasemdir um að ríkið eigi að selja Fríhöfnina í Keflavík. Ég hef efasemdir um og er raunar andvígur því að ríkið selji Sementsverksmiðju ríkisins vegna þess að ég fæ ekki alveg séð hver ætti að kaupa. En þetta eru minni háttar atriði. Meginatriðið er að verið er að leggja fram tillögur um breytta stefnu. Tillögur okkar frá því í fyrra um að leggja niður ýmsar ríkisstofnanir voru stefnumörkun af því tagi þó okkur væri eins og öðrum fyllilega ljóst að svo róttækar breytingar eins og við höfum gert tillögur um þurfa auðvitað nokkurn aðdraganda.

Það voru fáein atriði, herra forseti, í tillögum fjvn. sem mig langar til að gera að umtalsefni og væri kannske ekki verra að formaður fjvn. heyrði sumt af því. Ég geri sérstaka athugasemd við skiptingu fjár til skólamannvirkja en að því er Vesturlandskjördæmi varðar var gerður sérstakur samningur s.l. vor um fjármagn til skólabygginga á Akranesi — þar sem ríkt hefur nánast sérstakt ástand undanfarin ár eftir að ríkið fékk skólahúsnæði undir fjölbrautaskóla — samningur sem þingmenn komu ekkert nálægt og var það skilningur okkar og bæjarstjórnar Akraness að þetta yrði ekki látið koma niður á fjárveitingum til kjördæmisins. Það sýnir sig hins vegar núna að það gerir það.

Í öðru lagi geri ég athugasemd við það að skuldaskil vegna 15 ára gamalla mistaka varðandi Laugaskóla og rangra útreikninga eru líka látin koma kjördæminu til gjalda í þessari skiptingu. Þetta tel ég fullkomlega óeðlilegt en sé svo sem ekki þýðingu þess að vera að flytja brtt. við þetta eftir að við þingmenn Vestlendinga höfum fjallað um þetta eins og þingmenn annarra kjördæma. En ég lýsi megnri og eindreginni óánægju með þessi vinnubrögð.

Annað nefni ég sem orkar tvímælis og ég satt að segja skil ekki en vel kann að vera að einhverjar skýringar séu á því. Á bls. 13 í tillögum fjvn. eru talin upp framlög til nýrra íþróttamannvirkja. Á bls. 15 í lið 62 er 2 þús. kr. fjárveiting til malarvallar í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Á næstu blaðsíðu er 3 þús. kr. fjárveiting til íþróttavallar á Reyðarfirði. Það getur vel verið að þetta eigi sér einhverjar skýringar en þær mega vera býsna sterkar vegna þess að ég sé ekki að það sé skynsamlegt eða æskilegt að láta þetta standa svona. E.t.v. er þetta eitthvert gamalt uppgjör eða því um líkt, ég hef ekki fengið á þessu neinar skýringar. Ég verð að segja eins og er að það er hreint fáránlegt að láta standa upphæðir í fjárlögunum upp á 2 þús. kr. og 3 þús. kr. Þetta er í rauninni ekki bara fáránlegt heldur er þetta bara hlægilegt og þessu þarf auðvitað að breyta. Það eru ýmsar aðrar tölur hér en þetta eru þær lægstu.

Ég sé að framsóknarmenn úr báðum stjórnarflokkunum í fjvn. hafa hér sameinast um að hækka ýmsa liði, varðandi Búnaðarfélagið t.d. Ég hef miklar efasemdir um að þessar hækkanir eigi rétt á sér. Ég hygg að þetta hafi kannske ekki gengið alveg hávaðalaust fyrir sig í fjvn. en það eru sem sagt framsóknarmenn beggja stjórnarflokkanna sem þarna virðast hafa tekið höndum saman. Ég lýsi miklum efasemdum um réttmæti þessara hækkana og áskil mér rétt til að flytja brtt. hugsanlega við það við 3. umr.

Tvo aðra liði, litla, langar mig til að minnast á hér. Það er annars vegar fjárveiting til Norræna félagsins. Ég vil beina því til formanns fjvn. hvort ekki sé hægt að koma betur til móts við þær óskir sem af hálfu þess félags voru settar fram, t.d. með því að hér kæmi nýr liður. Þetta félag hefur tekið að sér mjög veigamikla starfsemi frá og með síðasta ári sem eru atvinnuskipti ungmenna á Norðurlöndum, þ.e. að gera ungu fólki kleift annars vegar að koma hingað til að stunda sumarstörf, hins vegar að fara til Norðurlandanna og stunda þar sumarstörf. Þessari starfsemi fylgir verulegur kostnaður og ég vil mælast til þess við fjvn. að hún taki það til athugunar hvort ekki er hægt að hækka þetta lítillega og búa til nýjan lið sem héti Vegna atvinnuskipta norrænna ung-

menna þannig að fjárveiting til Norræna félagsins næmi a.m.k. í kringum 500 þús. kr.

Í öðru lagi er síðasti liðurinn í þessum tillögum, Neytendasamtökin, 116 þús. kr. Ég held að þar mætti líta örlítið betur til.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mörg orð frekar. Á þskj. 310 hef ég flutt tvær brtt. við fjárlagafrv. sem báðar varða Póst- og símamálastofnun. Sú fyrri er sú að stofnunin fái tekjur vegna þeirrar þjónustu sem hún sannanlega innir af hendi við Alþjóðaflugmálastofnunina. Samkvæmt upplýsingum Pósts og síma nemur útgjaldaauki stofnunarinnar vegna þjónustu við Alþjóðaflugmálastofnunina á næsta ári 110 millj. kr. Það er ósanngjarnt að íslenskir símnotendur verði látnir borga þá þjónustu sem Póstur og sími veitir Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það nær satt að segja engri átt að því sé bætt ofan á símgjöld almennings á Íslandi. Þess vegna legg ég til að þetta verði fært stofnuninni til tekna en ekki látið renna í ríkissjóð til almennrar eyðslu.

Í öðru lagi legg ég til í þessari tillögu á þskj. 310 að felld verði niður sú 200 millj. kr. skattgreiðsla sem frv. hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir að Póstur og sími skuli inna af höndum til ríkissjóðs. Ég hygg að öllum hv. þingmönnum sé mætavel um það kunnugt að stofnunin hefur ekki getað staðið við allar fjárhagsskuldbindingar sínar á þessu ári og þessar 200 millj. kr. mundu örugglega hafa í för með sér umtalsverða hækkun á símgjöldum. Ég sé ekki betur en að það kæmi þvert ofan í nýgerða kjarasamninga ef þessi fyrirætlan hæstv. fjmrh. um skattlagningu þessarar stofnunar nær fram að ganga og þess vegna er hér flutt tillaga um það að þessi liður falli brott.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni. Þær róttæku brtt. sem Alþfl. gerði í fyrra ítrekar hann nú í nál. vegna þess að það er svo sem tilgangslítið að láta sömu stjórnarliðana fella sömu till. ár eftir ár, það er þegar búið á það að reyna, en á nál. fulltrúa okkar í fjvn. er að finna róttækari og djarfari stefnumótun en hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. hefur látið sig dreyma um eða fram hefur komið í hans fjárlagagerð, sem eins gæti komið frá hvaða fyrirrennara hans sem væri, hvort sem var úr Alþb., Framsfl. eða Sjálfstfl. Þar er ekki nokkur minnsti munur á.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er harla sjaldgæft að ég flytji brtt. við fjárlagafrv., en ég geri það þó núna, reyndar einungis eina. Hún fjallar um málefni Háskóla Íslands og framlög til framkvæmda og viðhalds á hans vegum. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa séð aðstöðu nemenda og kennara í Háskólanum, en það er í raun hörmungarsjón. Margir nemendur hafa ekki betri aðstöðu en svo undir fyrirlestrum að þeir verða að skrifa á hnjám sér. Þeir sitja jafnvel í gluggakistum vegna þess að stólarými er ekki fyrir hendi eða þeir sitja svo þétt að þeir verða að klofa hver yfir annan til þess að komast inn og út úr fyrirlestrastofunum. Ég veit ekki heldur hvort hv. þm. hafa séð þær kompur sem kennurum skólans er troðið inn í.

Ég held að það sé hættulegt ef ekki er búið vel að æðstu menntastofnun þjóðarinnar, Háskólanum, þannig að hann rísi undir nafni. Í raun á Háskólinn að vera stolt okkar og ég tel að það sé brýn nauðsyn fyrir litla þjóð eins og Íslendinga, sem reyndar er stolt af menningararfi sínum, að hafa góðan háskóla, háskóla sem stenst samanburð við erlendar stofnanir af sama toga.

Menn tala gjarnan í þingsölum um nýjar atvinnugreinar og vaxtarbrodda í atvinnulífinu. Menn tala um nýtækni, líftækni, hugbúnað, tölvuvæðingu og fleira af því tagi. Í mínum huga er þetta innantómt hjal og reyndar til vansa meðan menn vanrækja þá stofnun sem einmitt mundi sjá til þess að Íslendingar gætu eitthvað hreyft sig á þessu sviði.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að Háskólinn njóti virðingar. Þess verður oft vart að menn tali með lítilsvirðingu um nám þeirra sem eru í Háskólanum. Það hafa sumir hv. þm. gert, en síðan skipt um skoðun þegar börn þeirra eru komin í Háskólann og þeir sjá að nemendur þar vinna hörðum höndum því að kröfurnar eru miklar.

Á síðustu 16 árum hefur nemendafjöldi Háskólans þrefaldast, úr 1250 nemendum í 4565. Háskólinn mun vera til húsa í u.þ.b. 30 byggingum. Háskólinn hefur, eins og þessi lýsing mín gefur til kynna, ekki aðstöðu til að taka við þessum nemendafjölda og sinna þeim kröfum sem til hans eru gerðar. Ég held að það sé hægt að taka undir með rektor Háskóla Íslands þegar hann segir: „Vilji Íslendingar í raun vera gjaldgengir meðal þekkingarþjóðfélaga er nauðsyn að hraða uppbyggingu Háskólans.“ Sjálfsaflafé Háskólans nægir ekki til að fjármagna nauðsynlegt viðhald húsa, tækjakaup og viðunandi framgang nýbygginga.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem ég hef flutt brtt. við frv. til fjárlaga þess efnis að til byggingarframkvæmda verði ekki 75 millj. kr. heldur 130 millj. kr. og að til viðhalds vegna fasteigna verði ekki 15 millj. heldur 25 millj. kr. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þessa till., en vona að þetta mál fái bærilegar undirtektir.

Ég vil síðan víkja almennt að því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég held að það sé ekki ofmælt að á þessu fjárlagafrv. sannist enn rækilegar en fyrr að fjárlagagerðin og ríkisbúskapurinn eru komin í algjörar ógöngur. Og ég held að skýringarnar séu tiltölulega einfaldar. Ég held að skýringin sé aðallega sú að allt er njörvað í sömu gömlu föstu skorðurnar. Tekjuöflunin er reist á úreltu og gatslitnu skattkerfi sem þolir ekki þá tekjuöflun sem nauðsynleg er. Þetta viðurkenna í rauninni allir og ég skal víkja að því síðar, en það þýðir líka að það er nauðsynlegt að endurskoða tekjuöflunarkerfið og það hefur dregist úr hömlu að gera það.

Sé litið til útgjaldanna eru þau mörg hver föst í sjálfvirkum kerfum, reyndar á úr sér gengnum forsendum, forsendum sem eru af því tagi að

útgjöldin geta gjarnan orðið frekar til ógagns fyrir fólkið í landinu og efnahagslífið en að vera til gagns. Tregðulögmálið ræður sem sagt ríkjum. Menn halda áfram fjárveitingum til þarfa sem eru ekki lengur fyrir hendi og mætti sinna betur með öðrum hætti. En á sama tíma sitja brýn verkefni líðandi stundar á hakanum, verkefni sem brýnt er að sinna vegna þess að þjóðfélagið hefur breyst, en fjárlagaramminn, fjárlagagerðin, undirstöður fjárlagagerðarinnar veita ekki svigrúm til þess.

Það sem er að í fjárlagagerðinni er m.a. og ekki síst það að það er aldrei litið lengra fram á veginn en til næsta árs. Margar breytingar þarfnast langs tíma, lengri tíma en líður frá desember og fram í janúar á næsta ári. Það er þess vegna, vegna þess að menn eru svona skammsýnir, sem þing og ríkisstjórn standa í rauninni ráðþrota við hverja fjárlagaafgreiðsluna á fætur annarri ár eftir ár. Ríkisstjórn og þingmeirihluti fórna í rauninni höndum og geta ekkert annað gert en afgreiða fjárlögin með sívaxandi halla eða sístækkandi gati. Það heyrir svo reyndar til sögunnar að það er reynt að hylja þessi ósköp, þennan halla, eftir mætti með því að þykjast ekki sjá nema einn hlut fjárlaganna, svonefndan A-hluta fjárlaganna, möndla gjarnan með niðurstöðu þess hluta, og það er ekki nýtt að það sé gert, það hefur tíðkast í mörg ár, svo að sú niðurstaða líti sem skást út, en á sama tíma láta menn heildarumsvifin og heildarhallann á ríkisbúskapnum, eins og hann birtist samtals í fjárlögunum í heild og í lánsfjárlögunum, lönd og leið og reyna að gleyma honum. Það er einmitt vegna þess að menn hafa verið að fela vandann og menn hafa ekki horfst í augu við hann sem erlendu skuldirnar hafa hlaðist upp og menn hafa fram á þennan dag klórað sig fram úr fjárlagagerðinni með því að skrifa reikninga á framtíðina.

Það sem þing og ríkisstjórn verða að gera, og það er tillaga okkar Alþýðuflokksmanna og birtist í nál. okkar, er að horfast í augu við þennan vanda eins og hann birtist í heild sinni, horfa á ríkisbúskapinn í heild sinni, bæði fjárlagagerðina og lánsfjáráætlunina og opinberar stofnanir, sem eru jafnvel utan þess ramma í heild sinni, og gera upp ríkisdæmið í heild, og í annan stað að menn horfi lengra fram í tímann en til eins árs. Uppstokkun ríkisfjármálanna tekur nefnilega tíma eins og ég gerði að umtalsefni.

Við viljum að menn setji niður fyrir sér hvernig menn ætla að takast á við þau verkefni sem eru grundvallarverkefni í fjárlagagerðinni og menn setji sér ákveðna áfanga í þeim efnum og ætli sér hæfilegan skammt á hverju ári, menn ætli sér viðráðanlega áfanga og ríkisbúskapurinn verði endurskipulagður þrep fyrir þrep. Meginmarkmiðið væri að fjármálum ríkisins sé stýrt með tilliti til efnahagsástands og þá ekki síst með það að meginmarkmiði að hamla gegn verðbólgu og tryggja trausta atvinnu. En það sem við þurfum að gera er hrein endurskoðun á fjárlagagerðinni, á ríkisbúskapnum. Við verðum að reyta í burtu illgresi og sinu sem hefur sprottið í seinni tíð, brenna sinuna burt og eyða illgresinu og sá til betri uppskeru, bæði í fjárlagagerðinni og að því er varðar hagvöxt og sanngirni í tekjuskiptingu.

Þau atriði sem menn þurfa að líta á og taka fyrir í slíkri áfangaskiptingu eru a.m.k. átta talsins: 1. Skattkerfið og skipulag þess. 2. Húsnæðiskerfið og fjármögnun þess. 3. Landbúnaðarstefnan af sjónarhóli ríkisfjármálanna. 4. Atvinnufyrirtæki með þátttöku ríkisins. 5. Þjónustufyrirtæki ríkisins fyrir atvinnuvegina. 6. Heilbrigðisþjónusta, skipulag hennar og fjármögnun. Er reyndar sú uppákoma sem gerðist þg er að gerast varðandi Borgarspítalann afleiðing þess að menn hafa aldrei á undanförnum árum tekist á við hver stefnan ætti að vera að því er varðar bæði skipulag heilbrigðisþjónustunnar og fjármögnun og greiðslufyrirkomulag á þjónustu. 7. Almannatryggingakerfið og hvernig það skuli fjármagnað. 8. Lífeyriskerfið og fjármögnun þess.

Þessu má skipta í þrjá hæfilega áfanga þar sem menn ynnu með þeim hætti að ekki einungis væri ákveðið t.d. á næsta ári hvernig fjárlögin ættu að líta út fyrir árið 1988 heldur væri jafnframt þá og þegar á næsta sumri mörkuð meginstefna um hvað það væri sem ætti að gerast ári síðar, þ.e. 1989, þannig að aðdragandinn til framkvæmdanna sjálfra væri eðlilegur og þannig mætti koma fram nauðsynlegum breytingum.

Ég skal nú, herra forseti, víkja aðeins að einstökum þáttum í þessari upptalningu á þeim liðum sem nauðsynlegt sé að taka á í ríkisbúskapnum.

Lítum fyrst á skattakerfið. Það er almenn viðurkenning fyrir því í þjóðfélaginu og líka innan þings að tekjuskattskerfi einstaklinga sé orðið úrelt. Það þjóni ekki því tekjujöfnunarhlutverki sem því sé ætlað. Byrðunum sé ekki réttlátlega dreift. Þetta sé orðinn hreinn launamannaskattur og atvinnurekendur af ýmsu tagi skammti sér sjálfir skatttekjurnar og skattana þá um leið. Það er haft á orði að þeir beri gjarnan „vinnukonuútsvar“ eða „vinnukonuskatta“. Þetta er gamalt orðatiltæki sem lengi hefur lifað í málinu.

Að því er fyrirtækin varðar og tekjuskatta fyrirtækjanna er það svo að vegna fjölmargra ákvæða um skattfríðindi fyrirtækja bera jafnvel vel stæð fyrirtæki litla eða enga tekjuskatta og sífellt er verið að bæta á frádráttarliði sem fyrirtækin geta nýtt sér. Hv. þm. Geir Gunnarsson gerði að umtalsefni áðan hversu mikill munur væri á skattlagningu fyrirtækja hér og t.d. í Bandaríkjunum. Að því er fyrirtækin varðar held ég að leiki enginn vafi á því að við eigum að fara sömu leið og þeir hafa gert í Bandaríkjunum nýlega að grisja frádráttarfrumskóginn í skattlagningarreglu fyrirtækjanna og ætla þeim stærri hlut að greiða til samfélagsins en nú er gert. Ég held að það sé ástæða til að ætla að um þetta geti náðst nokkuð víðtæk samstaða á Alþingi. Sama hlýtur að gilda um tekjuskatt einstaklinganna miðað við þau ummæli, sem hér hafa fallið, að það eigi að geta náðst víðtæk samstaða um að einfalda skattkerfi tekjuskatts einstaklinganna og draga úr tekjuskatti á einstaklinga.

Þessu hafa menn heitið ár eftir ár og fyrir liggja samþykktar þáltill. sem núv. ríkisstjórn hefur svikið jafnharðan. En viljinn er fyrir hendi. Til þess að menn geti gert þetta verða menn að endurskoða skattkerfið í heild sinni þannig að það sé ekki sú götótta flík sem það er nú og geti í stað þess að vera eins og það nú er risið undir þeirri tekjuöflun sem nauðsynleg er til þess að menn hafi svigrúm til ýmissa framfaramála sem nauðsynlegt er að veita fé til en sitja nú á hakanum.

Sömu sögu er að segja af söluskattinum. Það er viðurkennt að hann sé orðinn úreltur og ónýtur. Í skattsvikaskýrslunni frægu er það viðurkennt í raun að þar sé undan stolið á annan milljarð króna. Betri vitnisburð geta menn varla fengið um hversu ónýtt þetta skattkerfi er en að fjmrn. sjálft skuli gefa út skýrslu sem gefur til kynna að undandráttur undan söluskatti sé á annan milljarð króna. En fjmrn. hefur reyndar bætt um betur því í grg. með virðisaukaskattsfrv. segir afdráttarlaust að skattyfirvöld eigi í sívaxandi erfiðleikum með innheimtu skattsins og að gjaldendur séu í sífelldri óvissu um skattskyldu. Þar segir líka að fjölgun undanþága o.fl., þar á meðal hækkun skatthlutfalls, hafi leitt til þess að söluskattur getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu í tekjuöflun ríkisins. Þetta er dómur fjmrn. sjálfs um söluskattinn sem okkur er ætlað að samþykkja sem tekjuöflunarkerfi í óbreyttu formi eitt árið enn.

Hæstv. fjmrh. kvartar undan því á hinn bóginn að Alþfl. fáist ekki til að styðja frv. hans um virðisaukaskattinn eins og það liggur nú fyrir. Alþfl. hefur talið að virðisaukaskattur sé betri skattur en söluskattur og að breyting yfir í virðisaukaskatt væri eðlilegt skref og hann telur það enn. En frv. fjmrh. er svo meingallað að við getum alls ekki fylgt því eins og það er úr garði gert. En það eru fleiri, þar á meðal bandamenn fjmrh. sjálfs í Verslunarráði Íslands, sem eru nákvæmlega sömu skoðunar og Alþfl. eins og birst hefur þm. í bréfi í dag. Þetta bréf hefst á þeim orðum að Verslunarráð hafi áður lýst sig fylgjandi að virðisaukaskattur verði upp tekinn í stað söluskatts, en niðurlag bréfsins er á þessa lund:

„Verslunarráð telur galla frv. það veigamikla að það getur ekki stutt það í núverandi mynd."

Þetta er dómur félaga fjmrh. í Verslunarráði Íslands. Það eru fleiri en Alþýðuflokksmenn sem sjá að frv. fjmrh. er ónýtt. (**EgJ:** Þið hafið góðan félagsskap.)

Skattkerfisbreytinguna verður að vinna. Hana verður að vinna í góðu tómi og hún verður að vera vönduð, en þá á saman að fara endurskoðun á tekjuskatti einstaklinga og félaga og breyting úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt. Það yrði forgangsverkefni í ríkisstjórn sem Alþfl. tæki þátt í á n.k. ári.

Annan þátt tekjuöflunarkerfisins er líka ástæða til að drepa nokkuð á. Menn sitja uppi með þann kæk hér á Alþingi og í ríkisstjórn að halda dauðahaldi í tugi af smásköttum sem sumir hv. þm., með leyfi forseta, hafa leyft sér að nefna „skítaskatta". Þessir skattir kosta ómælda fyrirhöfn við álagningu og innheimtu og svara varla innheimtukostnaði. Við höfum áður, þm. Alþfl., flutt till. um að mikill fjöldi slíkra skatta yrði felldur niður. Ég skal ekki telja þá upp, en þeir eru áreiðanlega á annan eða þriðja tuginn. Í þeirri skattahreingerningu sem Alþfl. mundi vilja standa að á komandi ári yrði þetta eitt af því sem gert yrði.

Húsnæðiskerfið og fjármögnun þess. Ég trúi ekki öðru en öllum hv. þm. sé ljóst að það þarf að gera verulegar endurbætur á húsnæðislánakerfinu. Það var stigið stórt skref í því að hækka lánshlutfallið á þessu ári, en fjármögnun kerfisins til lengri tíma litið er öll á brauðfótum. Kerfið er þannig upp byggt að það mun sífellt halla meir og meir undan fæti. Á þessu hefur ekki verið tekið. Húsnæðislánakerfið mun sífellt eiga við meiri og meiri erfiðleika að etja eftir því sem fram í sækir ef ekki verður tekið á fjármögnun þess. Í annan stað er óleyst hvernig eigi að tryggja val fólks, hvort það vill búa í eigin íbúðum eða leigja íbúðir, og við höfum lifað við það mörg undanfarin ár að húsaleiga væri upp úr öllu valdi á Íslandi, hún væri óheyrilega há. Hvers vegna er húsaleiga óheyrilega há á Íslandi? Það er einfaldlega vegna þess að eftirspurninni eftir leiguhúsnæði hefur aldrei verið mætt. Þetta verður að leysa því að þeir eru margir í þessu þjóðfélagi sem geta ekki annað en leigt og það eru margir í þessu þjóðfélagi sem vilja frekar leigja en kaupa jafnvel þótt þeir gætu það.

Í þriðja lagi: Landbúnaðarstefnan frá sjónarhóli ríkisfjármálanna. Það er alþekkt að miklum fjármunum er nú varið af opinberri hálfu til landbúnaðar með ýmsum hætti. Það eru útflutningsbætur, það eru jarðræktarframlög og þar fram eftir götunum. Sumt af þessum framlögum gerir í rauninni hreint ógagn. Það væri betra að borga bændum fyrir að grafa ekki skurði en að borga þeim fyrir að grafa skurði svo dæmi sé tekið. Þennan þátt ríkisfjármálanna verður þess vegna að endurskoða frá grunni. Við höfum áður flutt um það till., Alþýðuflokksmenn, að það væri varið sérstökum fjármunum til að auðvelda bændum að skipta um atvinnulag, atvinnuhætti, búskaparlag eða til að hætta. Eitt af því sem ég er sannfærður um að veldur miklum þrautum meðal bænda í dag er sú óvissa sem þeir búa við, horfandi jafnvel fram á það að eigur þeirra verði einskis virði og þeir hafi hvorki efni á því að halda áfram að búa eða hverfa af jörðum sínum.

Fjórði liðurinn: Atvinnufyrirtæki með þátttöku ríkisins. Við Alþýðuflokksmenn teljum að ríkisvaldið eigi eftir mætti að forðast beina íhlutun í atvinnulífinu, forðast það nema í undantekningartilvikum. Þess vegna eigi að draga úr pólitískri stýringu fjármagns gegnum banka og sjóðakerfi og að við höfum dýrkeypta reynslu af fjárfestingarmistökum sem Alþingi hefur staðið að sem kenni okkur og sanni að Alþingi sé ekki góður vettvangur til að ákveða atvinnuþátttöku og ríkið sé ekki heppilegasti atvinnurekandinn á landinu. Það sem ríkisvaldið á hins vegar að snúa sér sérstaklega að er að tryggja gott skólakerfi og góða heilbrigðisþjónustu svo

nokkur dæmi séu tekin. En það eru ýmis atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins sem vissulega kemur til greina og ber að skoða að ríkið selji, annaðhvort með húð og hári í heilu lagi ellegar þá að breyta þeim í hlutafélög og selja hlutabréf.

Fimmti liðurinn er þjónustufyrirtæki ríkisins fyrir atvinnuvegina. Það mætti sjálfsagt margt nefna í því sambandi, en ég vísa til þeirra till. sem við höfum flutt áður varðandi þetta efni, Alþýðuflokksmenn, og grg. Karvels Pálmasonar í nál. með þessu fjárlagafrv. En stefnan á að vera sú að flytja til atvinnuveganna ýmsar þær þjónustustofnanir sem þjóna tilteknum atvinnugreinum og að greiðsla fyrir þá þjónustu sem veitt er atvinnugreinunum, sem þola að inna af hendi slíka greiðslu, komi frá atvinnugreinunum sjálfum.

Sjötti liðurinn: Heilbrigðisþjónustan, skipulag hennar og fjármögnun. Ég sagði áðan að uppákoman vegna Borgarspítalans væri fyrst og fremst vegna þess að stefnu hefði vantað í heilbrigðismálum, bæði stefnu varðandi skipulag, varðandi verkaskiptingu og í þriðja lagi varðandi greiðsluform fyrir þjónustu. Ég held að uppákoman varðandi Borgarspítalann sanni okkur betur en nokkru sinni fyrr nauðsyn þess að á þessum þætti verði sérstaklega tekið. Hér hefur ekki verið á tekið í hálfan annan áratug að ég tel. Það skipulag sem við búum við, þau lög sem við búum við varðandi þetta efni, er hálfs annars áratugs gamalt a.m.k. Það er líka ástæða til að líta á almannatryggingakerfið og hvernig það er fjármagnað. Það hefur ekki verið skoðað heldur í ein 20 ár, fjármögnun almannatryggingakerfisins og uppbygging þess. Útgjöldin vaxa og það er ekki nema von, en við skulum gæta að því hvernig við getum nýtt almannatryggingakerfið með sem bestum hætti og við skulum minnast þess að þjóðfélagið er sífelldlega að breytast og það kallar á endurskoðun.

Áttundi þátturinn sem við höfum talið upp sem áfanga er lífeyriskerfið og fjármögnun þess. Ég skal ekki fjölyrða um það því um það efni hef ég fjallað allnákvæmlega áður á þessu þingi úr þessum stól.

En það er ýmislegt fleira varðandi endurskipulagningu fjárlaganna sem er ástæða til að drepa á. Það verður að koma kostnaðarhugtakinu inn í rekstur ríkisstofnana þannig að þær skilji að þau verk sem þær eru að vinna bera ákveðinn kostnað og það þarf að tengja þetta kostnaðarhugtak þeirri þjónustu sem verið er að veita.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, endurskoða hana með þeim hætti að sum verkefni, sem ríkið sinnir nú að hluta til en sveitarfélög að hluta, færist algjörlega yfir á sveitarfélögin, eða fylkisstjórnir ef þeim yrði komið á, en þar á móti þurfa sveitarfélögin vitaskuld að fá aukið svigrúm til tekna og aukið sjálfræði um tekjustofna sína. Grundvallarreglan á að vera sú að saman fari framkvæmdafrumkvæði og rekstrarleg ábyrgð.

Um vinnubrögðin í fjárlagagerðinni tel ég líka ástæðu til að minna á að menn eiga að viðhafa þau vinnubrögð að gera fyrst upp hug sinn um það hversu stóran hluta þjóðarkökunnar megi draga til ríkisins, að ákveða tekjuöflunina sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en í næsta áfanga að gera upp hug sinn um hvernig þessari köku skuli skipt útgjaldamegin. Ef menn viðhafa ekki þennan hugsunarhátt lenda menn í sömu ógöngum og menn hafa verið í að undanförnu, nefnilega þeim að vera komnir með útgjaldapakkann fyrst og vera síðan að skrapa saman tekjur, vanburðugir til að mæta þeim útgjöldum sem þeir hafa þegar ákveðið.

Þetta eru, herra forseti, grundvallarhugmyndir Alþfl. varðandi fjárlagagerðina, grundvallarhugmyndir sem leggjast fram til viðbótar þeim einstöku tillögum sem Alþfl. hefur áður tíundað, t.d. við fjárlagaumræðu á síðasta ári og endurtekur í því nál. sem skilað hefur verið í sambandi við 2. umr. núna. Ef þessi nýju vinnubrögð væru tekin upp stæðum við á nýjum grunni með ríkisfjármálin. Þá stæðum við á þeim grunni að við hefðum skapað okkur svigrúm til að mæta ýmsum brýnum verkefnum sem nú sitja á hakanum.

Ég skal nefna fáein. Ég ætla að nefna samgöngumálin, ekki bara vegina heldur hafnir og flugvelli og ekki bara hafnir og flugvelli heldur líka símasambandið í kringum land. Mér finnst með endemum að það skuli vera símasambandslaust frá Hafnarfirði suður á Vatnsleysuströnd, a.m.k. hálfan daginn, og veit ég þó að ýmsir geta kvartað enn meir undan símasambandsleysi en Hafnfirðingar sem langar til að hringja í næsta sveitarfélag og það getur verið klukkutíma verk eða meira að ná símasambandi.

Nýir tímar, nýir þjóðfélagshættir gera líka nýjar kröfur sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. Nú gildir það að báðir foreldrar vinna utan heimilis. Það gerir sérstakar kröfur til hins opinbera. Dagvistarmál, barnaheimilismál, hafa oft verið nefnd í því sambandi og verða aldrei of oft ítrekuð. En það er meira. Skólarnir verða líka að geta aðlagað sig þeim kröfum sem felast í því að báðir foreldrar vinna utan heimilis. Það geta skólarnir ekki við núverandi aðstæður og er langt í frá, en það er ein af kröfum tímans að skólarnir geti þetta. Langlífi og breyttir fjölskylduhættir, þar sem afi og amma búa ekki með börnum sínum lengur, gera líka sérstakar kröfur til þjóðfélagsins sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi varðandi málefni aldraðra, enda heyrast nú neyðaróp á degi hverjum, ekki síst hér í Reykjavík, ekki bara frá þessu gamla fólki sjálfu heldur líka frá börnum þeirra og barnabörnum sem hafa áhyggjur af aðbúnaði gamla fólksins.

Þriðja atriðið sem ég vil telja í nýjum kröfum til þjóðfélagsins varðar líka breytingar sem orðið hafa í atvinnulífi. Menn hafa sem betur fer auknar frístundir, en menn stunda atvinnu sem gerir minni kröfu til líkamans en áður. Stærri og stærri hluti þjóðarinnar vinnur kyrrsetustörf. Það gerir kröfu til þess að þessir hópar og reyndar þjóðin í heild hafi betri möguleika en nú eru til að nota frístundir sínar

til heilsuræktar, hvort heldur er í sundlaugum, íþróttastöðvum eða heilsuræktaraðstöðu. Þetta er eitt af því sem þarf að fara að sinna í vaxandi mæli.

Við höfum líka orðið fyrir því að fíkniefnin hafi haldið innrás í Ísland. Ég styð eindregið þær tillögur sem komið hafa fram um varnir gegn fíkniefnum. En ég held að ein besta vörnin sé aukið æskulýðs- og íþróttastarf og þess vegna eigi hið opinbera, ríkið, að beina auknu fé í æskulýðs- og íþróttastörf, en það hefur verið hörmulega lítið eins og kunnugt er. Það sé ein af kröfum tímans til þjóðfélagsins, til ríkisvaldsins, til okkar þm., krafa sem við þurfum að fá svigrúm til að veita lið.

Herra forseti. Fjmrn. í höndum Alþfl. mundi vinna að fjárlagagerðinni og uppstokkun ríkisbúskaparins með þeim hætti og eftir þeim markmiðum sem ég hef hér reifað. Vonandi verður það strax á næsta ári.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka upp umræður vítt og breitt um fjárlagagerðina og fjárlagafrv. Fulltrúi Alþb. í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, hefur gert glögga grein fyrir viðhorfum Alþb., þingflokks þess til fjárlagastefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún endurspeglast í frv. sem liggur fyrir og eins og fjárlögin hafa litið út á þessu kjörtímabili. Þar hefur ekki orðið nein afgerandi breyting með þessu frv. þó að einstaka þættir líti heldur skár út en var í fyrra, en það er líka auðvelt að ná fram breytingum eitthvað upp á við þegar búið er að lækka allt í botn.

Fyrir okkur stjórnarandstæðinga á Alþingi eru möguleikarnir ekki ýkja miklir til að ná fram róttækum breytingum á þeirri stefnu sem hér hefur verið fylgt m.a. í sambandi við opinberar framkvæmdir sem skornar hafa verið niður svo gífurlega sem raun ber vitni. Þó er það svo að með tillöguflutningi og málflutningi á Alþingi ná menn því öðru hverju að fá undirtektir og ná eyrum manna. Ég tel t.d. að viðbrögð hæstv. fjmrh. í sambandi við Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem heyrðist um í umræðunni í dag, séu uppskera af einörðum málflutningi og stuðningi við þetta mál af hálfu talsmanna Alþb. og fleiri í stjórnarandstöðunni. Það er sannarlega ánægjuefni þegar hlustað er á slíkan málflutning og eitthvað þokast í áttina að því sem vera ætti í þeim efnum.

Ég ætla, herra forseti, fyrst og fremst að mæla fyrir örfáum brtt. sem ég hef leyft mér að flytja við fjárlagafrv. sem 1. flm. og er að finna á þskj. 290, liður II, en að þeim tillögum standa ásamt mér hv. 2. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. sem eru meðflm., þ.e. Helgi Seljan og Steingrímur J. Sigfússon.

1. till. varðar fjárveitingar til héraðsskóla þar sem við leggjum til að fjárveiting til stofnframkvæmda við Alþýðuskólann á Eiðum verði hækkuð frá þeim 1100 þús. sem þar munu vera skv. skiptingu fjvn. í 2,5 millj. kr. Ég spurðist fyrir um það fyrir ekki löngu í Sþ. hver væri metin þörfin af hálfu menntmrn. Það kom í ljós varðandi þetta mál að ráðuneytið virtist hafa litla grein gert sér fyrir þeirri miklu þörf sem þarna er á ferðinni til framkvæmda, endurbyggingar og viðhalds. Hæstv. menntmrh. nefndi þörf upp á einar 10–20 millj. kr., en það er augljóst að tillögur fjvn. að þessu leyti og sá rammi sem henni var ætlaður eru afar langt frá því að vera fullnægjandi lágmark í þessum efnum og því er þessi hógværa till. um aukningu fram lögð.

Í öðru lagi leggjum við til hækkun á fjárveitingu til Náttúruverndarráðs varðandi framkvæmdir í þjóðgörðum, að í stað 2 millj. 650 þús. kr. komi fjárveiting upp á 5 millj. kr. Hér er um að ræða málaflokk sem hefur verið vanræktur mjög á síðustu árum. Dregið hefur úr fjárveitingum til Náttúruverndarráðs og náttúruverndarmála í landinu, því miður, og framkvæmdir í þjóðgörðum, sem miðaði allvel á síðasta áratug þegar verið var að byggja upp myndarlega aðstöðu í Skaftafelli, hafa lent í hálfgerðu strandi og þokar mjög lítið áfram. Þar skiptir mestu nú uppbygging í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og það er sú framkvæmd sem við höfum ekki síst í huga með þessari tillögugerð þó að þörfin sé einnig í Skaftafelli að bæta þá aðstöðu sem þar er þegar risin.

Í þriðja lagi leggjum við til að veitt verði fé til landbúnaðarmála undir landbrn. þar sem er búrekstrarkönnun. Það er nýr liður. Till. er um 5 millj. kr. fjárveitingu til þessa þáttar. Ég hef í Sþ. mælt fyrir till. til þál. um könnun á búrekstraraðstöðu þar sem fram koma hugmyndir sem lúta að þessari tillögugerð í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Það hefur verið mikið rætt á þessu þingi um þær þrengingar sem eru í sveitum landsins og um nauðsynina á að ná þar nýjum tökum á málum, en til þess vantar grundvallarupplýsingar. Svo ótrúlegt sem það kann að virðast skortir upplýsingar um stöðu einstakra jarða, framleiðslumöguleika og möguleika á nýbreytni í búrekstri. Það er þetta átak, sem hér þarf að gera, sem við leggjum til að verði varið til litlum 5 millj. kr. skv. fjárlagafrv. næsta árs. Ég geri mér ljóst að vænta má þess, ef till. sem ég nefndi og er á þskj. 138 verður samþykkt, að ríkissjóður muni veita fé til þessa þáttar, en ég tel þó eðlilegt að gefa Alþingi kost á að taka afstöðu til þessa í sambandi við fjárlagagerð þar sem till. er fram komin og liggur í nefnd.

Í fjórða lagi, og það er síðasta till. sem ég er 1. flm. að, er fjárveiting til Ferðamálaráðs þar sem um væri að ræða nýjan lið Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum. Það hefur verið í umræðunni sú mikla skerðing sem orðið hefur á mörkuðum tekjustofni til Ferðamálaráðs þar sem nú er aðeins veitt að ég hygg nálægt ⅓ af þeim tekjustofni sem Ferðamálaráð ætti að njóta lögum skv. Þetta er auðvitað dæmalaus meðferð á mörkuðum tekjustofni og það í atvinnugrein sem margir líta á sem vaxtarbrodd og þar sem aukning hefur verið mjög veruleg upp á síðkastið. Þeim mun brýnna er að

bregðast þar við með skipulegum hætti og ætla Ferðamálaráði lágmarksframlög til starfsemi sinnar. Þetta á ekki síst við um aðgerðir til umhverfisverndar í sambandi við ferðamennskuna og álag á landið og einstaka staði. Því höfum við sérmerkt þessa till. þannig að gert er ráð fyrir að framlagið fari til umhverfisverndar á ferðamannastöðum og till. er um 10 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. sjái nauðsynina á átaki í þessum efnum. Það er að vísu í tillögum fjvn. tekinn upp liður til aðgerða í Dimmuborgum upp á 900 þús. kr. Það er gott svo langt sem það nær. En staðirnir eru fleiri sem eru undir gífurlegu álagi vegna átroðnings af ferðamönnum og það skiptir öllu máli að beina þeim straumi í markaðan farveg, skapa aðstöðu til þess að hægt sé að ganga vel um landið og þá staði sem fólkið langar til að skoða og er vísað á bæði af opinberri hálfu og þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur í ferðamennsku.

Herra forseti. Ég stend að öðrum brtt. en ég hef hér nefnt, en ég ætla ekki að ræða þær sérstaklega. Fyrir þeim verður mælt af öðrum talsmönnum Alþb. sem eru flm. með mér að þeim tillögum. Ég kemst þó ekki hjá því frekar en hv. 2. þm. Austurl., sem talaði hér áðan, að nefna að lokum ástandið í flugmálum í landinu og hvernig staðið er að fjárveitingum í því skyni. Þar er um að ræða lægri krónutölu skv. fjárlagafrv. en ætlað var í þennan lið í fyrra. Var þó búið að skera þar ár eftir ár. Og ástandið er með þeim ósköpum sem menn frétta af núna. Það má segja að gott sé að það sé minnt á það þessa dagana, en það gerist á öllum árstímum nema þá yfir hásumarið að aðalflugvöllur á Austurlandi, Egilsstaðaflugvöllur, er ófær jafnvel dögum saman vegna aurbleytu og vegna þess að hann þolir ekki veðurfarsaðstæður. Við Alþýðubandalagsmenn leggjum til 50 millj. kr. aukningu á framlögum til flugmála og þar höfum við alveg sérstaklega í huga þá brýnu nauðsyn sem er til að tryggja Austurlandi lágmarksþjónustu og öryggi í sambandi við lendingaraðstöðu og flugvöllinn á Egilsstöðum. Ég vil ekki trúa öðru en þessi tillöguflutningur og sú staða sem blasir þessa dagana við hverjum manni sem fylgist með hvernig aðstæður eru en það verði til þess að menn skoði þetta mál fyrir 3. umr. fjárlaga alveg sérstaklega. Það er ekki sanngjarnt og það er ekki viðunandi fyrir heilan landshluta, sem liggur einna fjærst frá höfuðstað landsins, að honum sé ætlað að búa við þau ósköp sem þarna er um að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar og vísa til þess sem þegar er fram komið og tillagna sem mælt verður fyrir síðar við umræðuna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Við umræðu um þetta fjórða og væntanlega síðasta fjárlagafrv. þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr gefst færi á að meta nokkuð þá fjármálastjórn sem hún hefur sýnt í verki á kjörtímabilinu. Ef við hugum fyrst að því verðmætamati sem legið hefur þessari fjármálastjórn til grundvallar kemur í ljós að þar hafa hin hörðu gildi ráðið. Á kjörtímabilinu hafa framlög til margvíslegra félagslegra og menningarlegra framkvæmda verið skorin við nögl og stundum niður við trog. Má þar nefna framlög til dagvistarmála barna sem farið hafa hríðlækkandi frá ári til árs, framlög til framkvæmdaliðar skóla, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, til þróunarsamvinnu, til listrænnar starfsemi í landinu o.s.frv. Hin hörðu gildi hafa tekið framkvæmdir á borð við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli svo að dæmi sé nefnt og byggingu Blönduvirkjunar sem við höfum ekkert með að gera eins og nú stendur, svo að ég taki annað dæmi, fram yfir þá málaflokka sem ég nefndi hér áðan. Árangurinn finna landsmenn margir hverjir áþreifanlega á eigin skinni, t.d. foreldrar og börn, sjúkir og aldraðir svo að ekki sé minnst á fatlaða sem nú huga á sérframboð í næstu alþingiskosningum til að reyna að ná eyrum þeirra sem með fjármálastjórn ríkisins fara. Ekki veit ég hvort þær milljónir sem hæstv. fjmrh. tilkynnti að bæta ætti við þann málaflokk fyrr á þessum fundi breyta þessum fyrirætlunum fatlaðra. En því verðmætamati sem fjárlagafrv. annars byggir á, hinum hörðu gildum, höfum við Kvennalistakonur aldrei viljað una. Við teljum það hvorki horfa til farsældar fyrir landsmenn né vera líklegt til að skila árangri og því mótmælum við því enn á ný við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Hitt atriðið, sem vert er að huga að í lok kjörtímabilsins, er hvernig ríkisstjórninni hefur tekist upp með fjármálastjórnina sjálfa. Ekki virðast hin hörðu gildi affarasæl þar því að við blasir að uppsafnaður rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs síðustu tvö árin er hvorki meira né minna en hálfur fimmti milljarður króna. Þar við bætist að áætlaður rekstrarhalli ríkissjóðs er skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1987 áætlaður 1,5 milljarðar kr. og þegar er ljóst að þar er um vanáætlun að ræða. Þessi ríkisstjórn mun því skila af sér a.m.k. 6 milljarða skuld til þeirra sem við taka af henni og hvorki getur það talist góð fjármálastjórn né verða nýir vendir öfundsverðir af því hlutverki sínu að eiga að sópa þessum milljörðum þangað sem þeir eiga heima, þ.e. að greiða þá.

Ofan á þetta bætist að ekki hefur dregið úr erlendri lántöku á kjörtímabilinu. Samkvæmt síðasta hefti Hagtalna Seðlabankans hafa löng erlend lán hækka úr 53,9% í 57,8% af vergri þjóðarframleiðslu á síðustu þremur árum og nema heildarskuldir opinberra aðila og lánastofnana nú erlendis rúmum 87 milljörðum kr. Þetta eru ógnvekjandi tölur og sannarlega ekki heiglum hent að taka við fjármálastjórninni úr hendi þeirrar ríkisstjórnar sem nú hefur lagt fyrir okkur fjórða og vonandi síðasta fjárlagafrv. sitt.

Vísast er þetta frv., sem hér er nú til 2. umr., ekki þeirrar gerðar að það muni standast tímans tönn frekar en önnur fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar. Það má því vera að til lítils sé að flytja brtt. við það. Þó höfum við Kvennalistakonur ekki getað setið hjá

aðgerðarlausar og horft á þjóðþurftarmálin skorin niður við nögl. Því flytjum við allnokkrar brtt. við þetta fjárlagafrv. og ég vil taka fram að tillögur eru aðeins gerðar um albrýnustu málin. Það er fjöldamargt fleira sem við hefðum viljað sjá ofar á listanum í þessu frv., en því verða ekki gerð tæmandi skil nú.

Ég mæli við þessa umræðu fyrst fyrir brtt. á þskj. 292 sem bornar eru fram af þingkonum Kvennalistans. Þær eru tvær og sú fyrri varðar hækkun á framlagi ríkisins til byggingar dagvistarheimila fyrir börn úr þeim 20 millj. kr. sem er að finna í fjárlagafrv. og er smánarleg upphæð í 173 millj. 440 þús. kr. sem er sú lágmarksupphæð sem þarf til að mæta brýnustu þörfum sveitarfélaganna í þessum málaflokki. Af þessum 173 millj. 440 þús. eru 159 millj. 855 þús. sem þegar eru gjaldfallnar á ríkið vegna framkvæmda við dagvistarheimili fyrir börn á undanförnum árum. Og þær 13 millj. 585 þús. sem þá eru eftir eru nákvæmlega það sem þarf til að byrja framkvæmdir við þau dagvistarheimili sem ríkið hefur þegar sjálft lagt blessun sína yfir. Það er því ljóst að þessi upphæð, 173 millj. 440 þús., er algert lágmark eigi ríkið að standa við undirskrifaðar skuldbindingar sínar og að þær 43 millj. 195 þús. sem fjvn. leggur til að varið verði til þessa málaflokks duga þar engan veginn til, eru reyndar aðeins eins og upp í nös á ketti. Í þessum málaflokki er þörfin knýjandi og sívaxandi, ekki síst vegna þess að framlög til dagvistarheimila barna hafa lækkað umtalsvert að raungildi á síðustu þremur árum. Og þótt miðað sé við aðra brýna málaflokka hefur þessi verið skorinn hvað grimmdarlegast niður á undanförnum árum.

Þær 173 millj. 440 þús. sem við leggjum til að veitt verði á næsta ári til byggingar dagvistarheimila fyrir börn eru því algert lágmark og svara því miður engan veginn óskum sveitarfélaganna í þessum efnum. Ég er hér með bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, dags. 12. nóv. s.l., þar sem þess er farið á leit að fjárveitingar ríkissjóðs til framkvæmda við barnaheimili á vegum Reykjavíkurborgar einnar verði samtals 58 millj. 893 þús. kr. á næsta ári að viðbættum verðbótum. Það er því deginum ljósara að rausn fjvn., 43 millj. 195 þús. til þessa málaflokks, nægir ekki einu sinni til að fullnægja þeim lágmarksþörfum sem Reykjavíkurborg hefur í þessum málum, hvað þá þörfum landsins alls eins og henni er ætlað að gera.

Ég las það reyndar í blöðunum í dag að nú er nýlokið skoðanakönnun hjá Félagsvísindastofnun m.a. um hvaða málaflokka menn telji brýnasta í ríkisfjármálum og hvar þurfi helst að taka hendinni til. Samkvæmt þessari skoðanakönnun telja 60% aðspurðra að brýna nauðsyn beri til að efla dagvistarþjónustu fyrir börn í landinu. Er þessi málaflokkur í þriðja sæti í könnuninni. Það eru málefni aldraðra og samgöngumál sem eru ein talin brýnni en dagvistarmál barna.

Á 107. löggjafarþingi, þ.e. fyrir tveimur árum, lögðum við Kvennalistakonur fram frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna. Þar var gert ráð fyrir að á ári hverju yrði veitt úr ríkissjóði upphæð sem næmi a.m.k. 0,8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistarheimila fyrir börn. Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga árið 1986 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 302 millj. kr. Forsendur þessa frv. voru m.a. þær að við gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins árið 1980 gekkst ríkisstjórn Íslands inn á það að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu tíu árum. Með bréfi dags. 26. mars 1981 skipaði menntmrh. nefnd til að gera tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila í landinu. Nefndin, sem lauk störfum í apríl árið 1982, lagði fram umbeðna áætlun byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 millj. kr. miðað við forsendur 1 í könnuninni, 50 millj. kr. miðað við forsendur 2 til að því markmiði í byggingu dagvistarheimila, sem um var samið árið 1980, yrði náð. Tillögur nefndarinnar um upphæð fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu og samkvæmt framreikningi Þjóðhagsstofnunar ættu 30 millj. að vera orðnar nú í desember 1986 142,7 millj. og 50 millj. 237,8 millj. Það er sem sé á bilinu 140–240 millj. kr. sem hefði átt að veita á fjárlögum ársins 1986 til byggingar dagvistarheimila hefði verið staðið við kjarasamningana frá 1980.

Þess í stað höfum við í fjárlagafrv. því sem fyrir okkur liggur upphæð til þessara mála upp á 20 millj. kr. og fjárveitinganefndartillögu upp á 43 millj. 195 þús. kr. Það er sem sagt ekki nóg að tvær ríkisstjórnir hafi þverbrotið það sem um var samið í kjarasamningum árið 1980 heldur hefur í engu verið tekið tillit til þess frv. um átak í dagvistarmálum barna sem á 107. löggjafarþingi var vísað til ríkisstjórnarinnar með því fororði að taka tillit til þessara mála við fjárlagagerð framvegis. Þau tilmæli meiri hluta manna í Ed. Alþingis eru að engu höfð í því fjárlagafrv. sem við ræðum hér og kemur mér ekki á óvart því að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki gert annað en að lækka að raungildi framlög til þessara mála jafnt og þétt allan sinn stjórnartíma.

Jafnframt er ljóst að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrýnmi aukist svo umfram framboð sökum núverandi aðstæðna á vinnumarkaði að neyðarástand hefur skapast í þessum efnum.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi og á vinnumarkaði og þann óheyrilega langa vinnutíma sem flestum vinnufærum Íslendingum er boðið upp á hafa feður og mæður lítinn tíma afgangs fyrir börn sín. Skyldu þeir hv. þm. sem nú ætla að skammta rúmar 40 millj. kr. í þennan málaflokk nokkurn tíma hugsa um það hvar börnin eru á meðan foreldrarnir eru að vinna? Ég held varla.

Ástandið í þessum málum var þannig fyrir rúmu ári að þá var rúm fyrir um 50% barna á landinu á

aldrinum 6 mánaða til 5 ára á dagvistarheimilum. Þar af voru rúm 40% barna á þessum aldri á leikskólum sem bjóða aðeins fjögurra stunda fóstrun á dag, en aðeins 9,7% barna, þ.e. innan við 10% þeirra barna sem eru á dagvistaraldri, á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins var rúm fyrir aðeins 2,6% barna á aldrinum 6–11 ára. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðinum er þetta raunveruleikinn í dagvistarmálum og jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi ástandi í kjaramálum, sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna, er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðnum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sækja dagvistarheimili en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er. Því höfum við Kvennalistakonur lagt til á þskj. 292 að sinnt verði lágmarksþörfum sveitarfélaganna um framlög til byggingar dagvistarheimila og þau hækkuð úr þeim 20 millj. kr. sem er að finna í fjárlagafrv. í 173 millj. 440 þús. kr.

Hv. alþm. ætti að vera ljóst að það ástand sem nú ríkir í dagvistarmálum barna getur ekki gengið lengur. Það er ábyrgðarhlutur okkar, sem sitjum á hv. Alþingi, að sjá til þess að hér verði ráðin bót á og aflétt því neyðarástandi sem nú ríkir í þessum málum. Ég skora því á hv. þm. að kanna grannt hug sinn til þessara mála og veita þessu máli liðsinni sitt.

Á þskj. 292 er einnig till. frá þingkonum Kvennalistans um 100% hækkun á framlögum til listrænnar starfsemi í landinu, þ.e. listrænnar starfsemi sem er að finna í lið 02 982 í 4. gr. frv. Þannig er nú málum háttað að það er sárasjaldan sem handhafar framkvæmdavaldsins sjá ástæðu til að nefna listir í þingsölum. Það er þá ekki nema við hátíðleg tækifæri þegar mönnum verður orða vant að gripið er til þess neyðarúrræðis að segja fáein orð um listir. Hér innan þessara veggja fer ekki fram umræða um gildi listrænnar starfsemi fyrir íslenskt þjóðlíf hvað þá heldur umræða um nauðsyn þess að ríkisvaldið styrki slíka starfsemi. Fjárveitingar ríkisins til listrænnar starfsemi koma helst til umræðu þegar skera þarf niður á fjárlögum og er eins og menn haldi að niðurskurður á því sviði breyti einhverju sem máli skiptir um niðurstöður ríkisfjármálanna. Staðreyndin er sú að íslenska ríkið veitir ótrúlega lágum fjárhæðum til listrænnar starfsemi, svo lágum að hliðstæður er varla hægt að finna meðal vestrænna þjóða. Er þá auðvitað miðað við hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins. Hins vegar mætti ætla að íslenska ríkið hefði aukið framlög sín til lista í samræmi við þá miklu grósku sem ríkt hefur hér á landi á þessu sviði um árabil. Því er hins vegar ekki að heilsa. Þvert á móti hafa framlög ríkisins, ef eitthvað er, rýrnað og þarf ekki að leita langt til að sjá að listirnar eiga nú mjög erfitt uppdráttar.

Samkvæmt þeim fjárlögum sem nú eru til umræðu ætlar ríkisstjórnin að veita af rausn sinni innan við 1% af heildarútgjöldum ríkisins til listrænnar starfsemi. Þessi lágu framlög um árabil hafa þýtt að íslenskri listastarfsemi er í síauknum mæli haldið uppi af sjálfboðavinnu útpískaðra listamanna sem hafa ofan í sig og á með því að vinna í alls kyns óskyldum störfum, svo sem auglýsingagerð og prófarkalestri svo dæmi séu tekin. Það er varla hægt að búast við að íslenskir listamenn verði til stórræðanna hvað þá heldur samkeppnishæfir á erlendum vettvangi ef svo heldur áfram.

Áhugaleysi stjórnvalda á þessu sviði hefur einnig þær afleiðingar í för með sér að menningarfjandskapur hvers konar og virðingarleysi fyrir gildi listanna og gildi menningar á auðveldara með að ná fótfestu meðal þjóðarinnar en ella væri. Það ætti að vera okkur sem hér sitjum verulegt áhyggjuefni. Ef einhver dirfska býr meðal þeirra hv. þm. sem hér sitja ættu þeir að reyna að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann og efla þá sjóði sem styrkja skapandi listir og efla þar með frjálsa hugsun og víðsýni meðal þjóðarinnar. Að því miðar sú till. okkar Kvennalistakvenna að auka framlög til ýmiss konar listastarfsemi í landinu, þ.e. liður 02 982, um 100% eða um 74 millj. 446 þús. kr. Teljum við að við minna verði ekki af komist í þessum efnum. Til að setja þessa tölu í talnasamhengi vil ég benda hv. þm. á að 74 millj. kr. eru innan við helmingur þeirrar upphæðar sem ríkið fékk í sinn sjóð á árinu 1985, ég hef því miður ekki nýrri tölur, í söluskatt af bókum. Áætlað er nú að sköpunarstarf rithöfunda einna muni skila ríkinu nálægt 200 millj. kr. í söluskattstekjum á næsta ári þannig að sú fjárhæð sem við leggjum til að renni til listrænnar starfsemi í landinu nær ekki einu sinni þeim tekjum sem ríkið hefur af sköpunarstarfi rithöfunda og þótt ekki sé víðar leitað. Mega menn skilja af þessum orðum mínum að mér finnst till. vera lágmarkstillaga.

Þær fjárveitingar sem nú eru ætlaðar til lista minna frekar á syndakvittanir en mótaða stefnu. Þær endurspegla skilningsleysi stjórnvalda á samfélagslegu gildi listanna og þær opinbera áhugaleysi ráðamanna á því að efla frumlega hugsun meðal landsmanna. Flestum okkar sem hér sitjum er orðið ljóst gildi rannsókna og nýsköpunar í raunvísindum fyrir efnahag þessarar þjóðar, en mönnum virðist enn ekki vera orðið ljóst gildi nýsköpunar í hugvísindum og listum fyrir bæði andlega og efnahagslega velferð þjóðarinnar. Án nýsköpunar á huglæga sviðinu er ekki um að ræða neinar framfarir á því efnahagslega. Við þurfum ekki annað en að líta í sögu vísindanna til að sjá þessa staðreynd blasa við og við þurfum ekki annað en líta til nágrannaþjóðanna til að sjá að stjórnvöld þar hafa á þessari staðreynd þroskaðri skilning en stjórnvöld hér. Það er á ábyrgð stjórnvalda á hverjum tíma að móta mannúðlega stefnu sem hefur þann megintilgang að örva hvern og einn landsmann til skapandi hugsunar og auðvelda fólki þannig að opna hug sinn fyrir nýjum hugmyndum og nýjum sjónarhornum. Slík stefna mundi einnig vera mótvægi við það innihaldslausa fóður sem í síauknum mæli er dengt inn í

vitund landsmanna, ungra sem aldinna, með hjálp dagblaðaskrums og gegndarlauss auglýsingafárs í sjónvarpi og hljóðvarpi. Það ætti því að vera hv. þm. metnaðarmál að móta slíka stefnu áður en það verður um seinan. En sem fyrsta skref í þá átt og til að sýna vilja sinn í verki ættum við að sjá til þess að sjóðir til nýsköpunar í listum og vísindum verði efldir svo að um muni. Þegar til lengdar lætur mun slíkt skref efla virðingu þjóðarinnar fyrir listum og vísindum og einnig fyrir þeim stjórnvöldum sem landinu ráða.

Ég vil einnig láta það koma fram að mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh., sem því miður er víðsfjarri þessa stundina, hefur stunið þungan á hverjum listamannafundinum á fætur öðrum og barmað sér sárlega yfir því að fá ekki það fé sem hann gjarnan vildi til listrænnar starfsemi í landinu. „Það er fjmrh. sem segir nei", segir hæstv. menntmrh. Nú hefur hæstv. menntmrh. fyrir framan sig, eða réttara sagt hann mun hafa það þegar að atkvæðagreiðslu kemur því hann er ekki viðstaddur nú, till. sem kveður á um 100% aukningu á framlagi til þessarar starfsemi og þegar hún kemur til atkvæðagreiðslu gefst hæstv. menntmrh. tækifæri til að staðreyna orð sín og sýna hug sinn í verki með því að greiða þessari till. atkvæði sitt. (**Gripið fram í:** En hinir?) Allir hv. þm. fá tækifæri til þess, en ég vísaði sérstaklega til þeirra orða sem mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh. hefur haft uppi á fundum með listamönnum á umliðnu ári, að hann hafi þá sérstakt tækifæri nú við afgreiðslu fjárlaga til að staðfesta þau orð. Hug sinn til þessara mála hafa vitaskuld allir hv. þm. tækifæri til að staðfesta með því að greiða till. þessari atkvæði sitt og þá mun koma í ljós hver hugur fylgir máli hjá hv. þm. og hæstv. menntmrh.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég gera málefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og aðstoðar Íslands við þróunarlöndin að umræðuefni. Í svari við fsp. minni til hæstv. utanrrh. í sameinuðu þingi 25. nóv. s.l. kom fram að hæstv. utanrrh. hefði hug á að fá bætt úr þeim lágu fjárhæðum sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands er ætlað í þessu fjárlagafrv. Í sama fyrirspurnatíma kom einnig fram hjá hv. þm. Gunnari G. Schram að Þróunarsamvinnustofnun Íslands þyrfti þrefalda þá upphæð sem henni er ætluð í frv. til þess eins að standa við og framkvæma verkefni sitt á Grænhöfðaeyjum. Enga till. er hins vegar að finna í brtt. fjvn. sem tekur til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands né mun stjórn stofnunarinnar hafa gengið á fund fjvn. svo sem vant er með greinargerð um hvað hún þurfi til sinna verka á næsta ári og væri gott ef hægt væri að fá upplýst við þessa umræðu ef hér situr einhver stjórnarmaður í Þróunarsamvinnustofnun Íslands og gæti upplýst hv. þm. um hvers vegna stjórnin brá út af venju sinni þetta árið. Heyrt hef ég að þessi mál muni bíða 3. umr. um fjárlagafrv. og mun ég því gera það einnig og ekki flytja brtt. við þennan lið frv. fyrr en séð verður í hvert far þessi mál skipast. Ég vil aðeins vekja athygli á því að skv. frv. lækka framlög til þróunarsamvinnu Íslendinga enn frá síðasta ári eða úr 0,063% af þjóðarframleiðslu niður í 0,05% og það þrátt fyrir margítrekaða ályktun Alþingis frá því í maí 1985 um stóraukin og reglubundin framlög til þessara mála. Við þetta verður vitaskuld ekki unað og er óþolandi að horfa upp á ályktun Alþingis um þróunarsamvinnu þverbrotna ár eftir ár.

Jafnframt vildi ég fá upplýst hvernig á því stendur að liðurinn Matvæla- og neyðaraðstoð er fallinn út úr frv. Ekki hefur neyðin og matvælaþörfin í heiminum minnkað svo fróðlegt er að vita hverjar ástæðurnar eru. En ég sé að hér er ekki um auðuga bekki að gresja hvað varðar svarendur og mun því láta frekari umræðu um þessi mál bíða að sinni og taka þau upp við 3. umr. frv.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrv. flutti ég ítarlega ræðu um stefnu frv. og vankanta þess. Við 2. umr. hefur hv. þm. Geir Gunnarsson bætt um betur og fjallað mjög ítarlega um einstaka liði frv. Ég mun því láta mér nægja að þessu sinni að fara nokkrum orðum um brtt. sem við flytjum sex Alþýðubandalagsmenn á þskj. 291.

Eitt af því sem er hvað dapurlegast í fjármálastefnu ríkisins eru viðskipti þess við sveitarfélögin. Það er ekki nóg með að sveitarfélögin hafi verið svipt að nokkru tekjustofni sínum, þar sem eru framlögin úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, með skerðingu á ríkisframlagi til sjóðsins, sem nú nemur um 300 millj. kr., heldur hafa einnig framlög til ýmissa framkvæmda á vegum sveitarfélaga verið skorin svo við nögl á seinustu árum að til hreinna vandræða horfir. Þetta þekkja allir hv. alþm. og er ekki þörf á að fjölyrða frekar um þessa staðreynd. En í fljótu bragði sagt var staðan sú á þessu ári að framlögin til sveitarfélaga og framkvæmda þeirra voru orðin að framkvæmdagildi rétt helmingur af því sem þau voru fyrir fjórum árum. Afleiðing þessa er að sjálfsögðu sú að ýmsar mjög nauðsynlegar framkvæmdir í þágu fólksins í landinu, skólabyggingar, dagvistunarheimili, hafnir, sjúkrahús og flugvellir og uppbygging á þessum sviðum, líða fyrir fjárskort og allt uppbyggingarstarf gengur hægar en eðlilegt getur talist. Við flytjum nokkrar till. til úrbóta þótt vissulega mætti hugsa sér að þær væru miklu fleiri og miklu víðtækari (**EgJ:** Og miklu hærri.) og jafnvel miklu hærri en hér er gerð tillaga um vegna þess að þó að till. okkar verði samþykktar, hv. þm. Austurl., (**EgJ:** Landskjörinn.) landskjörinn að vísu, en í framboði fyrir kjósendur á Austfjörðum, þá mundi það engan veginn duga til að vega upp á móti þeirri skerðingu sem ríkisstjórn hv. þm. hefur staðið fyrir á liðnum árum og vantar þar enn töluvert á. Þannig er rétt til getið hjá hv. þm. að vissulega væri ekki vanþörf á að bæta um betur.

En till. okkar ganga út á það í fyrsta lagi að til grunnskóla verði veittar 235 millj. sem er 50 millj. kr. hækkun frá því sem er í frv. (**EgJ:** Það er búið að

hækka þetta í millitíðinni.) Hitt er annað mál að hv. fjvn. hefur rausnast til að laga þennan lið svolítið, en þess vegna er till. flutt að þar er engan veginn nóg að gert. Margir þekkja að hjá sveitarfélögum víða um land er skuldahali af hálfu ríkissjóðs og vantar mikið upp á að ríkissjóður hafi gert upp skuldir sínar við sveitarfélögin. Þetta stendur þróun í skólamálum víða um land fyrir þrifum. Ástandið er síst betra þegar dagvistunarheimilin eru annars vegar. Það var ótrúlegt að ríkisstjórnin skyldi leyfa sér að sýna þá tölu varðandi dagvistarheimili, sem hún gerði í þessu frv., að lækka þau úr 40 millj. á seinasta ári niður í 20 millj. Nú þegar sjónvarpið skýrir frá því í kvöld að fjvn. hafi verið svo rausnarleg að hún hafi tvöfaldað framlögin til dagvistarheimilanna er þess að vísu ekki getið að það er bara verið að koma með nokkurn veginn sömu tölu og var í fyrra, bæta afglöpin í frv. Þarna er ekki um neina framför að ræða í raun. Þess vegna teljum við að ekki veiti af að hækka þetta framlag a.m.k. um 75 millj. eða upp í 95 millj. Ég þekki það t.d. í mínu kjördæmi sem fær ákaflega smáa fjárhæð til dagvistarheimila að þessu sinni. (**EgJ:** Er það ekki Hvammstangi?) Hv. þm. er iðinn við kolann. Það er einmitt Hvammstangi sem ég hef þyngstar áhyggjur af, en ég gæti bætt við Siglufirði, Sauðárkróki og fleiri stöðum þar nyrðra. Þar hafa menn haft hug á því að byggja dagvistarheimili en vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki samþykkt neinar verulegar fjárhæðir til þessara verkefna bíða menn. Þannig verður stefna ríkisvaldsins í þessu máli mikill hemill á framþróun í stað þess að vera hvati til uppbyggingar dagvistunarheimila víðs vegar um land eins og hugsunin var með löggjöfinni á sínum tíma.

Nokkuð hliðstæð rök gilda um framkvæmdir á flugvöllum. Þar er um allt of lága upphæð að ræða. Við leggjum til að hún verði hækkuð um 50 millj. kr. Ekki þarf að rekja hér að mjög margir flugvellir á landinu, í raun flestallir, eru slitlagslausir og oft ekki færir vegna aurbleytu. Ég hef sjálfur lent í því einu sinni að þurfa að ýta flugvél af stað sem var að taka sig í loftið og átti ég þó að vera farþegi með vélinni. (**Gripið fram í:** Og varðst.) Og varð þótt merkilegt kunni að virðast. En þetta geta menn upplifað á flugvöllum víða úti á landi. Ég vil alveg sérstaklega nefna flugvöllinn á Egilsstöðum, þetta mikilvæga samgöngumannvirki fyrir Austfirði alla, en þar er hreint neyðarástand ríkjandi eins og menn þekkja og óhjákvæmilegt að þegar verði hafist handa um endurbætur og uppbyggingu á þeim flugvelli. En víða er mikil þörf, víða vantar mannsæmandi flugstöðvar til að hýsa fólk sem ferðast með flugvélum, að ekki sé nú talað um slitlagið sem auðvitað verður að koma á alla þessa flugvelli.

Ég nefni í þriðja lagi till. okkar um jöfnun á námskostnaði. Það er til mikils vansa fyrir núv. ríkisstjórn hvernig haldið hefur verið á því máli í tíð hennar. Á sínum tíma voru sett lög um jöfnun á námskostnaði. Þau gerðu ráð fyrir að framhaldsskólanemar, sem væru við nám fjarri heimabyggð sinni, gætu fengið stuðning bæði vegna fæðiskostnaðar og upp í dvalarkostnað. Lengi vel var þessi styrkur nærri því að vera þriðjungur af kostnaði nemendanna, en í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur framlagið til jöfnunar á námskostnaði staðið nokkurn veginn í stað í krónutölu allan tímann, er 20 millj. í frv. nú en var fyrir þremur árum 18 millj. Í þeirri verðbólgu sem geisað hefur hefur þetta framlag rýrnað ár frá ári þannig að nú er stuðningur ríkisins í þessu skyni aðeins brot af því sem áður var og munar nánast ekkert um hann fyrir flesta nemendur. Hér þarf að verða stórbreyting á. Þess vegna gerum við ráð fyrir því að framlagið sé ferfaldað og hækki í 80 millj. kr.

Ég get tekið undir margt af því sem kom fram hjá seinasta ræðumanni, hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, þegar hún ræddi um framlög til lista. Framlög til lista hafa rýrnað mjög verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar og verður að verða veruleg breyting á. Við leggjum því til að í þessum áfanga verði framlögin hækkuð um ⅓, þ.e. úr 74 millj. upp í rúmar 100 millj.

Ég vil sérstaklega láta þess getið að í frv. er dengt saman þremur fyrri fjárlagaliðum þar sem eru Launasjóður rithöfunda, Listamannalaun og Starfslaun listamanna. Öllu er þessu dengt saman í einn lið sem er nefndur Starfslaun listamanna og á að fá 23,3 millj. kr. Ég skil vel að þeir sem þessar tillögur gerðu, væntanlega í fjmrn., ég hygg að þeir í menntmrn. hefðu varla látið sig það henda að gera þessa tillögu, hafi haft í huga að þetta væri einföldun og að sjálfsagt væri að sameina þetta allt í eina „púlíu“, en það er ósköp einfaldlega ekki jafnsjálfsagt og virðist vera við fyrstu sýn því að þarna er ein stærsta upphæðin Launasjóður rithöfunda sem er tilkominn þegar ákveðið var að rithöfundar fengju endurgreiddan að hluta til söluskatt af bókum. Það segir sig sjálft að það er ekki hægt að úthluta því fé almennt til listamanna, t.d. myndlistarmanna eða hljóðfæraleikara eða manna í algjörlega óskyldum greinum. Þetta er fé sem rithöfundarnir eiga og er alls ekki hægt að blanda því saman við annað fé. Ég hef orð menntmrh. fyrir því að hann muni beita sér fyrir því að þessu verði breytt í fyrri farveg. Fagna ég því því að svona getur þetta ekki staðið. En til viðbótar þarf bersýnilega að hækka þessi framlög og hafa þá í huga hvað þau hafa rýrnað verulega á undanförnum árum.

Ég nefni í fimmta lagi till. okkar um Þjóðleikhúsið. Það er flestum kunnugt að Þjóðleikhúsið liggur undir skemmdum. Það er löngu orðin brýn þörf á því að gera við útveggi hússins og þakið alveg sérstaklega. Einnig þarf að endurnýja lagnakerfi í húsinu. Og hver sá sem gengur um það sér að bæði teppi og áklæði eru mjög slitin. Ríkinu er til vansa hvernig ásigkomulag hússins er orðið. Það er nokkurt framlag ætlað til þessara framkvæmda í frv. eða um 7 millj. kr., en þarna er um svo mikið verk að ræða, sem verður að hefja af fullum krafti á næsta ári, að sú upphæð getur engan veginn talist

fullnægjandi. Þess vegna gerum við till. um að upphæðin verði hækkuð í 13 millj.

Í sjötta lagi nefni ég niðurgreiðslu á rafhitun. Í frv. eru 145 millj. ætlaðar til að greiða niður hitunarkostnað með rafmagni. Það er ljóst að ef þessi upphæð verður látin standa munu raforkutaxtar til hitunar hækka mjög verulega og er ekki á bætandi fyrir það fólk sem hitar híbýli sín með raforku og ekki sanngjarnt heldur eftir að olía hefur lækkað svo mjög í verði. Hætt er við að fólk fari hreinlega að skipta aftur úr rafhitun í olíuhitun sem auðvitað er ekki hagkvæmt fyrir þjóðarheildina og nauðsyn á því að tryggja að menn nýti innlenda orkugjafa í þessu skyni. En fyrst og fremst er þetta að sjálfsögðu stórfellt kjaramál fyrir þá sem eru utan hitaveitusvæðanna. Því leggjum við til að niðurgreiðslur á rafhitun hækki úr 145 millj. í 220 millj., en það er óhjákvæmileg hækkun ef ekki á að verða um sérstaka hækkun hitunartaxta að ræða vegna þeirrar lækkunar á niðurgreiðslu sem frv. felur nú í sér. Það er veruleg lækkun á niðurgreiðslum í frv. frá því sem var á árinu sem er að líða.

Ég hef nefnt sjö till. til hækkunar. Ég læt þess getið að þm. Alþb. flytja allnokkrar till. til viðbótar á þskj. 290 og munu aðrir mæla fyrir þeim till. og hafa sumir gert það nú þegar.

Í heildina tekið eru útgjaldaliðir hækkaðir, ef farið verður að tillögum okkar, um 780 millj. kr. Hins vegar erum við með tekjuöflun þar á móti og sparnað, niðurskurð á nokkrum liðum í frv. Samanlagt nema tekjuviðbótin og sparnaðurinn um 1058 millj. kr. eða tæpum 300 millj. kr. hærri upphæð en útgjaldaliðirnir í till. okkar. Auðvitað er óhjákvæmilegt að benda á hvaða tekjur geti komið þarna á móti vegna þess að frv. er með gífurlegum halla, eins og allir þekkja. En því miður sýnist mér að nokkuð skorti á að þeir sem koma hér með útgjaldatillögur komi með tekjutillögur þar á móti og á það m.a. við tillögur sem fulltrúar Kvennalistans hafa gert grein fyrir.

Við leggjum sem sagt til í þessari till. að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði hækkaður um 45 millj. kr. Hann var lækkaður hér um árið. Það má vel hækka hann á nýjan leik sem þessu nemur. Við leggjum í öðru lagi til að lagður sé á sérstakur stóreignaskattur sem gefi um 300 millj. kr. Í þriðja lagi leggjum við til að afnumdar verði ýmsar ívilnanir sem fyrirtækjum í félagsformi eru veittar í gildandi tekjuskattslögum og þannig verði aflað 400 millj. til viðbótar þannig að samanlagt gefi tekjuskattur á félög 1440 millj.

Satt best að segja væri hugsanlegt að hækka þennan skatt miklu meira en hér er gert, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson rökstuddi í dag. Það er ekki fráleitt að ímynda sér að tekjuskattur á félög gæti gefið 1000 til 1500 millj. kr. hærri upphæð en hann gerir í dag, en ég tel að ekki sé raunhæft að allt það fé gangi til að fylla þau göt sem eru í fjárlagafrv. Ég teldi sanngjarnara og eðlilegra að persónuskattar, þ.e. tekjuskattur einstaklinga, yrðu lækkaðir þar á móti og að skattfrelsismörk yrðu verulega hækkuð og að það fé sem ná mætti með því að hækka skattinn á félögin yrði að verulegu leyti notað til að lækka tekjuskatta hjá öllum fjöldanum.

Þar til viðbótar gerum við till. um að skattur á ferðamannagjaldeyri verði lagður á að nýju og gefi ríkinu um 200 millj. kr.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þessar till. Það er ljóst að fjárlagafrv. verður afgreitt með verulegum halla að þessu sinni, en hversu mikill sá halli verður er enn ekki ljóst. Í frv. er gert ráð fyrir um það bil 1600 millj. kr. halla. Þar til viðbótar koma svo hækkunartillögur frá fjvn. upp á um 450 millj. og einnig hefur verið afturkallaður skattur á innfluttar orkuvörur, bensín og olíuvörur, upp á 600 millj. þannig að hallinn af þeim sökum er kominn upp í 2650 millj. og gæti auðvitað orðið verulega miklu meiri þegar breytingar verða gerðar við 3. umr. Þar á móti koma að sjálfsögðu tekjur nokkrar. Við vitum ekki enn hve miklar þær verða. Raunar eru stórir útgjaldapóstar enn óafgreiddir, eins og t.d. Tryggingastofnun ríkisins. Þegar þetta allt er haft í huga er í sjálfu sér ekki sennilegt að hallinn á frv. verði neitt minni þegar frv. verður afgreitt en þegar það var lagt fram.

Auðvitað er það meiri háttar hneyksli að þessi ríkisstjórn skuli ætla að skilja eftir sig skuldasúpu upp á meira en 6000 millj. kr. sem hún hefur safnað upp á þessu kjörtímabili og ætlar bersýnilega einhverri annarri ríkisstjórn að glíma við og leysa þann vanda sem af því hlýst.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Fyrst af öllu langar mig til að spyrja forseta hvort von sé á einhverjum ráðherrum við þessa umræðu hér í kvöld. Er t.d. von á hæstv. heilbrmrh.? (**Forseti:** Forseti hefur gert ráð fyrir því að ráðherrar séu hér, en það má líka vera að þeir séu það þó að þeir séu ekki í salnum. Það skal athugað hvort heilbrmrh. er viðstaddur.) Já, takk fyrir. Mætti ég kannske líka spyrja um hæstv. menntmrh.? (**Forseti:** Hæstv. heilbrmrh. hefur gengið í þingsal.) Gott, en ég fæ kannske upplýsingar um hvort hæstv. menntmrh. er við því að erindi mitt varðar einmitt þann málaflokk sem hann sinnir. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. er ekki í þinghúsinu.) Þá reyni ég að koma orðum mínum til hans óðruvísi.

Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð við 2. umr. fjárlaga um leið og ég mæli fyrir brtt. sem fluttar eru af þingflokki Kvennalistans við þetta fjárlagafrv. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem á sæti í fjvn., hefur rætt almennt um afstöðu okkar til þessa frv. og mun ég því ekki verja máli mínu til almennrar umfjöllunar um frv. þótt ærin ástæða væri til. Ég mun samt tæpa á nokkrum atriðum.

Fjvn. eða öllu heldur meiri hl. hennar hefur sýnt óvenjumikinn skilning gagnvart sumum liðum fjárlagafrv. og hækkað framlög til þeirra eða sinnt þeim á annan hátt, t.d. með því að taka inn nýja liði. Það er vel. Tekinn hefur verið inn nýr liður undir 4. gr.,

sem heitir brjóstakrabbamein, og ætlaðar hafa verið um 5 millj. Þingflokkur Kvennalistans flutti einmitt brtt. við síðasta fjárlagafrv. til að tryggja framlag til hópleitar að brjóstakrabbameini sem verið er að hefja. Þetta er mikið velferðar- og réttlætismál fyrir heilsuvernd kvenna. Þessar 5 millj. eru að sjálfsögðu spor í rétta átt, en Krabbameinsfélagið bað um 7 millj. sem er raunhæf upphæð til þess að sinna því verkefni sem ætlað var á næsta ári. 5 millj. þýðir í raun að mun færri konur verður hægt að skoða en ætlað var. Við munum því athuga þetta mál á milli umræðna og væntanlega gera brtt., en ég vona að meiri hl. muni gera þær í millitíðinni.

Sömuleiðis hefur orðið nokkur hækkun á framlagi til Kvennaathvarfsins, sem nemur 1 millj. kr., og er það einnig ágætt, en þingflokkur Kvennalistans flutti einnig brtt. til hækkunar á framlagi til þessa liðar í fyrra. Þessi hækkun kemur mjög nálægt því að mæta beiðni Kvennaathvarfsins þó að hún geri það ekki fyllilega.

Hins vegar hefur þessi velvild meiri hlutans á kosningaári ekki náð til fjölmargra mikilvægra þátta og má sem dæmi nefna síendurtekin svik þessarar ríkisstjórnar við að láta lögbundið framlag renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. nú tilkynnt nokkra hækkun á framlagi til þessa málaflokks, en betur má ef duga skal. Þingmenn úr öllum flokkum hafa lagt fram fsp. til fjmrh. um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra og mun ég því ekki verja tíma mínum nú til að ræða þennan málaflokk frekar, en geyma það til umræðunnar um fsp. og enn fremur til síðari tíma, til 3. umr.

Vegna þess að hæstv. heilbrmrh. er stödd hér langar mig til þess að bera fram fsp. til hennar og hún er sú: Á hvaða liðum, sem heyra undir heilbrigðismál, er ætlað að sinna verkefninu heilbrigði fyrir alla á árinu 2000? Hvar hafa sérstök fjárframlög verið hugsuð til þeirra framkvæmda sem hljóta að tengjast því átaki? Ég mundi mjög gjarnan vilja að hún svaraði þessu. Ég veit að þetta er víðtækt verkefni, ef svo mætti að orði komast, sem grípur inn á mjög marga málaflokka og er ekki auðvelt að skilgreina það, en einhvers staðar hlýtur sérstaklega að hafa verið hugsað fyrir þessu verkefni sem er svo stórt og viðamikið.

Sömuleiðis var tilgreint í fréttum í kvöld að bráðabirgðasamningur lægi fyrir um sölu Borgarspítalans. Þetta mál hefur þegar verið til umræðu bæði á Borgarspítalanum, þangað sem þingmenn voru boðaðir, á almennum borgarafundi og nú síðast í þinginu í gær. Þetta stóra mál, ég ætla ekki að orðlengja mjög um það, hlýtur að þurfa umræðu þegar um er að ræða svo mikla stefnubreytingu í heilbrigðismálum og enn fremur svo mikið fé sem ríkið ætlar að verja til að kaupa þetta sjúkrahús. Ég spyr hæstv. heilbrmrh. jafnframt hvort þetta sé rétt, hvort það standi í raun og veru til að ríkið kaupi Borgarspítalann og þá hvaða fyrirkomulag í rekstri hefur verið hugsað ef af þessari framkvæmd verður.

Þeir málaliðir sem ég ætla fyrst og fremst að verja tíma mínum til að ræða nú eru liðir sem hafa einnig verið vanræktir eins og þeir sem ég taldi upp áðan. Það eru annars vegar Háskóli Íslands, óskabarn þjóðarinnar, sem á 75 ára afmæli á þessu ári, og hins vegar Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs ríkisins og mun ég mæla fyrir brtt. sem varða báða þessa liði.

Fjármögnun Háskóla Íslands og rannsókna á Íslandi varðar hreint og beint framtíðarkosti þessarar þjóðar. Hún mun ráða því hvort börn okkar og barnabörn verða samkeppnisfær við aðrar þjóðir og hver lífsafkoma þeirra verður. Nýlega var gerð könnun af Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu á því hvernig íslenskt skólakerfi er í stakk búið. Niðurstöður þeirrar könnunar eru á þann veg að þær hljóta að vekja miklar áhyggjur manna og hljóta jafnframt að hvetja til gagngerrar endurskoðunar og umbóta í skólamálum. Háskólinn og aðstaða til rannsókna fá þar síst bestan vitnisburð.

Hér á þessu þingi höfum við þingkonur Kvennalistans margoft ítrekað og lagt áherslu á mikilvægi menntunar og rannsókna. Íslendingar eru eins og aðrar þjóðir staddir á miklu breytingaskeiði í atvinnuháttum. Örar tækniframfarir og aukin samkeppni í viðskiptum á alþjóðavettvangi knýja til breyttra atvinnuhátta. Auðlindir lands og sjávar þola takmarkaða nýtingu og sókn manna beinist nú fremur að því að rækta og virkja hugvit fólksins í stað þess að þrautpína hefðbundnar atvinnugreinar sem víða geta ekki staðið undir meiri hagvexti án breyttra atvinnuhátta. Til þess þarf auðvitað að kosta fé og það verður ekki gert nema með góðu skólakerfi alveg frá fyrsta grunni til háskólastigs og við þurfum gagngerar breytingar á menntunarmöguleikum sem bjóða upp á fjölþættara nám, fjarnám, símenntun, endurmenntun og fullorðinsfræðslu. Háskólinn þarf að geta sinnt rannsóknum í mun ríkara mæli en nú er, en flestir háskólakennarar verja mestum vinnutíma sínum til kennslu til að geta framfleytt sér og hafa hvorki tíma, fjármagn né aðstöðu til að sinna rannsóknum. Sem stendur rís Háskólinn ekki undir því að uppfylla 1. gr. laga sem um hann fjalla, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknastofnun og vísindaleg fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu".

Íslendingar hafa ekki efni á því að eiga háskóla sem rís ekki undir nafni en vitnað er til, stundum í hálfkæringi, sem „súpergaggó", þ.e. meiri háttar gagnfræðaskóla, háskóla sem um margra ára skeið hefur haft það verkefni helst í augum stjórnvalda að útskrifa fyrst og fremst embættismenn. Við höfum sömuleiðis ekki efni á því að stunda ekki öflugri og meiri rannsóknir en við gerum nú. Við höfum ekki efni á því að dragast aftur úr. Þingmenn eiga að hafa vit á og þurfa að bera gæfu til að leggja þá hornsteina sem máli skipta. Fjárfesting í háskóla og rannsóknum er fjárfesting í framtíðarkostum. Hún er mikilvægur hornsteinn þeirra framtíðarkosta sem

þingmenn þurfa að leggja fyrir börn þessa lands.

Því eru þær brtt. fluttar sem ég mæli fyrir nú og eru á þskj. 303. Fyrsti liðurinn er við 4. gr. frv. og varðar í fyrsta lagi aukið fé til byggingarframkvæmda og tækjakaupa Háskóla Íslands og einnig til viðhalds fasteigna hans. Á 75 ára afmælisártíð Háskólans ætlar ríkisstjórnin honum happdrættisfé eingöngu til mannvirkjagerðar, en ljóst er að það dugir hvergi til að ljúka þeim áföngum sem nauðsynlega þarf. Við höfum því lagt til að hækka framlag til fasteignaviðhalds um 25 millj. og framlag til byggingarframkvæmda um 75 millj.

Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskólans, sendi erindisbréf til fjvn. þar sem hann skýrir þarfir Háskólans í þessum efnum og vil ég, með leyfi forseta, gefa þingmönnum og sérstaklega þá fjárveitinganefndarmönnum tækifæri til þess að hlýða á málflutning rektors Háskólans með því að vitna til þessa bréfs. Þetta bréf er frá 18. nóv. s.l. og erindi þess varðar fjárveitingu til byggingarframkvæmda fyrir Háskóla Íslands:

„Húsnæðisþörf. Brýnustu þarfir Háskóla Íslands eru meira og betra húsnæði, bæði til kennslu og rannsókna. Starfsemi Háskólans hefur vaxið hratt síðustu 16 árin með þreföldun á nemendafjölda, úr 1250 árið 1969 í 4565 árið 1985. Aðstaða til starfa hefur ekki aukist að sama skapi, hvorki til kennslu né rannsókna. Aðstaða Háskólabókasafns hefur lengi verið slík að ekki var unnt að veita nema hluta þeirrar þjónustu sem þörf er fyrir. Var því hátíðasalur tekinn undir starfsemi Háskólabókasafns nú í september s.l. þar til safnið flytur í Þjóðarbókhlöðuna. Stærstu nemendahópar rúmast ekki lengur í fyrirlestrasölum Háskólans og er Háskólabíó nú notað til kennslu slíkra hópa. Hluti af húsnæði gamla Verslunarskólans hefur verið leigt til kennslu og tókst með þessum hætti að ráða fram úr brýnasta vanda bóklegrar kennslu til bráðabirgða. Húsnæðisvandi verkkennslu og rannsóknastarfseminnar verður ekki leystur nema með þeim byggingarframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Skortur á nauðsynlegri starfsaðstöðu tefur mjög eðlilega og nauðsynlega þróun Háskólans og kemur í veg fyrir að hann geti mætt þeim auknu kröfum sem gera verður til hans sem æðstu mennta- og vísindastofnunar landsins.

Framkvæmdaáform. Byggingarframkvæmdir taka mið af þeirri nauðsyn að ljúka: 1) húsi læknadeildar byggingu 7." — Af því tilefni vildi ég aðeins áður en ég held áfram beina orðum mínum til hv. þm. sem boðnir voru í kynnisför þegar Háskólinn hafði opið hús nú fyrir skömmu vegna 75 ára afmælis síns. — Mér þætti vænt um ef hæstv. forsrh. gæti staldrað við og hlustað á mál mitt vegna þess að ég mun beina spurningu til hans á eftir varðandi síðari hluta tillögugerðar minnar. — Varðandi byggingu 7 vil ég vekja athygli þm. á því að hún hefur um árabil staðið óinnréttuð. Það er hreinasta smán hve margar aðrar byggingar eru reistar á sama tíma og þessi bygging stendur fullbyggð en óinnréttuð og samt kostar ekki nema nokkra tugi milljóna að innrétta hana. Það er alveg fráleitt á meðan þær starfsgreinar búa við mikinn húsnæðisskort og þrengsli sem í þetta hús eiga að fara.

„2) Húsi verkfræðideildar, verk. og raun. 3, svo og 3) 1. áfanga lyfjafræðihúss sem verður jafnframt framleiðsludeild Reykjavíkurapóteks" — og vísað er í meðfylgjandi yfirlit og áfangaskipan. „Reykjavíkurapótek er eitt af fyrirtækjum Háskólans og verður að flytja framleiðsludeildina í nýtt húsnæði ella missir það framleiðsluleyfið. Hagnaður af rekstri Reykjavíkurapóteks rennur til uppbyggingar á þessari aðstöðu og ætti að greiða helming byggingarkostnaðar. Því næst koma 4) viðbygging við Háskólabíó, en þar verða þrír stórir fyrirlestrasalir, 5) hæð byggð ofan á Raunvísindastofnun, 6) seinni hluti Odda, 7) náttúruvísindahús sem hýsa mun líffræðigreinar og jarðvísindagreinar, 8) aðrir áfangar lyfjafræðihúss. Og 9) seinni hluti af húsi læknadeildar, norðurkjarni. Þetta er þó ekki forgangsröðun framkvæmda.

Fjárþörf. Til þess að halda nauðsynlegum framkvæmdahraða er mikilvægt að Alþingi veiti á fjárlögum næstu fjögur ár 1987–1990 fé til byggingarframkvæmda til jafns við framlag Happdrættis Háskólans. Áætluð fjárþörf er 150 millj. kr. á ári, þ.e. 75 millj. kr. úr ríkissjóði á ári og sama upphæð frá Happdrætti Háskólans. Jafnframt er farið fram á 25 millj. kr. á ári í viðhaldskostnað, en starfsemin fer fram í 24 húsum í eigu Háskólans auk leiguhúsnæðis.

Það verður að teljast óeðlilegt ef eigandi Háskólans veitir honum ekkert fé á fjárlögum til nauðsynlegs viðhalds húsa eða til kaupa á kennslu- og rannsóknartækjum. Það má hafa í huga að hagnaði af rekstri Happdrættis Háskólans hefur ekki aðeins verið varið til byggingarframkvæmda Háskóla Íslands heldur jafnframt til styrktar íslensku atvinnulífi. Einkaleyfisgjaldið, þ.e. af hagnaði Happdrættis Háskólans, hefur fjármagnað allar byggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholti. Hefur Háskólinn allt frá stofnun atvinnudeildar Háskólans verið virkur í atvinnuþróun landsmanna. Á tímum hraðfara breytinga í tækni og atvinnuháttum munu kröfur um aukna menntun, þekkingu og þjálfun fara ört vaxandi. Ef Íslendingar ætla ekki að verða eftir á hraðbraut þekkingarþjóðfélaganna, þá er nauðsyn að skapa betri starfsaðstöðu við Háskóla Íslands. Væntum við meiri skilnings á starfsemi, þörfum og þrengingum Háskóla Íslands en fram kemur í núverandi frv. til fjárlaga. Virðingarfyllst, Sigmundur Guðbjarnason, rektor."

Annar liður á þskj. 303 varðar hækkun á framlögum til Rannsóknasjóðs úr 50 millj. í 150 millj. og til vara í 100 millj. Undanfarin tvö ár hefur verið veitt 50 millj. kr. í sérstakan rannsóknasjóð sem falinn hefur verið umsjón Rannsóknaráðs ríkisins og var það ágætt frumkvæði. Árið 1985 voru 122 umsóknir að upphæð 205 millj. kr. sem bárust sjóðnum, en samtals voru veittir 32 styrkir að upphæð 49 millj. 489 þús. kr. Á árinu 1986 var aftur

úthlutað 50 millj. kr. á fjárlögum til þessa sjóðs, en þá voru 86 umsóknir sem bárust honum að upphæð 167 millj., en samtals voru veittir 33 styrkir að upphæð 60 millj. 694 þús. 1985–1986 varð engin hækkun á úthlutunarfé sjóðsins upp í raunvirði. Hljóp þá Framkvæmdasjóður undir bagga síðara árið og veitti 10 millj. kr. af hagnaði s.l. árs til Rannsóknasjóðs. Með vaxtatekjum var því ráðstöfunarfé sjóðsins rúmlega 60 millj. kr. á þessu ári.

Í tengslum við þetta vil ég geta þess að í tillögu framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins til menntmrh. um úthlutun styrkjanna á þessu ári minnti framkvæmdanefndin á að stór hluti umræddra styrkja fer til kaupa á tækjum og búnaði til rannsókna og að styrkþegar þurfa flestir að borga toll, vörugjald og sölugjald af þeim tækjum sem keypt eru fyrir styrki úr Rannsóknasjóði. Þá þurfa fyrirtæki í samkeppnisiðnaði væntanlega ekki að greiða slík gjöld samkvæmt undanþáguákvæði í 3. gr. tollskrárlaga. Af þessu tilefni hvatti framkvæmdanefndin eindregið til þess að gjöld þessi verði felld niður af tækjum sem keypt eru fyrir styrki úr sjóðnum.

Úthlutun úr þessum sjóði er beint að nokkru leyti að tilteknum forgangssviðum, eins og greint er í úthlutunarreglum hans, en veitta styrki má flokka í eftirtalin tæknisvið: Líf- og lífefnatækni, fiskeldi, upplýsinga- og tölvutækni, matvælatækni, orku- og efnistækni, gæða- og framleiðslutækni, bygginga- og mannvirkjagerð auk nokkurra annarra verkefna. Flest verkefnin eru þó á sviði fiskeldis, en á þeim sviðum sem hér eru talin vænta menn helstra breytinga og framfara á komandi árum.

Athyglisvert er að fyrirtæki og eða einstaklingar eru þátttakendur í 19 verkefnum af þeim 32 sem fengu styrki á árinu 1985 og á árinu 1986 er þáttur einstaklinga og fyrirtækja enn ríkari. Samkvæmt samningum við styrkþega á árinu 1985 er gert ráð fyrir að á móti framlagi Rannsóknasjóðs, sem var 49 millj. 489 þús. kr., komi 40 millj. kr. frá umsækjendum sjálfum eða öðrum aðilum og 60 millj. kr. koma á móti þeim rúmlega 60 millj. sem sjóðurinn veitti á þessu ári. Þetta bið ég hv. þm. og þá sérstaklega hv. fjárveitinganefndarmenn að athuga. Rannsóknasjóðurinn dregur nefnilega þannig fé að rannsóknum sem að öðrum kosti færi til annarrar starfsemi. Sjóðurinn stuðlar því að meiri samþjöppun á fé um skilgreind rannsóknarverkefni en áður hefur náðst. Með tilliti til þessa er undarlegt að fjárveitingar til Rannsóknasjóðs skuli ekki hækka milli ára. Það lýsir alveg einstöku skilningsleysi og staðnaðri hugsun að nú skuli þessi sjóður þriðja árið í röð vera látinn standa með sömu krónutölu á fjárlagafrv.

Kannske ríkir einmitt í raun sambandsleysi og skilningsleysi milli stjórnvalda og vísindamanna þannig að nægilega sterk skilaboð berast ekki frá vísindamönnum til stjórnvalda. Þeim fyrrnefndu liggur nefnilega gjarnan lægra rómur, tala síður í einföldum slagorðum og viðhafa meiri varkárni í fullyrðingum sínum. Þm. heyra kannske þess vegna ekki nógu vel til þeirra. Þm. eiga að vísu annríkt og þurfa að sinna mörgum erindum en þeir hafa að jafnaði ekki verið allt of duglegir að sækja í smiðju til vísindamanna. Hafa t.d. ekki verið of duglegir við að mæta á fundum Rannsóknaráðs ríkisins sem þeim ber þó allténT sumum að gera. Frá þessu eru auðvitað heiðarlegar undantekningar og ber að virða þær.

Vita hv. þm. kannske ekki, og þá sérstaklega hv. fjárveitinganefndarmenn, að Íslendingar standa langt að baki öllum Vesturlöndum í framlagi sínu til rannsókna- og þróunarstarfsemi? Við leggjum rétt um 0,8% af þjóðartekjum okkar til þessara mála og hefur það aðeins hækkað á síðustu árum. Þessi hækkun byggist þó alls ekki á því að hið opinbera hafi aukið sín framlög. Þvert á móti. Hækkunin stafar fyrst og fremst frá auknum framlögum atvinnulífsins til rannsókna. Á sama tíma og íslensk stjórnvöld virðast stungin svefnþorni eða kæra sig kollótt hækka nágrannalönd framlög sín til rannsókna svo um munar. Danir, Norðmenn og Finnar hafa nú sett sér það markmið að hækka hlutfallið yfir 2% af þjóðartekjum árið 1990 og munu verja um 1,5–1,7% á þessu ári. Svíar verja nú þegar um 2,5% þjóðartekna til rannsókna- og þróunarstarfsemi og sama gildir um Japana, Þjóðverja og Frakka. Áform þessara þjóða um aukin útgjöld til rannsókna eru mjög tengd bjartsýni um þá möguleika sem felast í nýrri þekkingu og tækninýjungum á sviði tölvu- og upplýsingatækni, líffræði, líftækni og efnistækni. Ef við ætlum ekki að verða illilega út undan verða stjórnvöld að breyta um stefnu.

Hvað er hæstv. forsrh. að hugsa? Hann hlýtur að hafa öðlast talsverða innsýn og yfirsýn um þessi mál þau ár sem hann var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Hann hlýtur að vita betur en að skammta svo naumt til þessa mikilsverða málaflokks.

Mig langar að vitna til niðurlags greinar, sem Páll Theodórsson eðlisfræðingur skrifaði í Tímann þann 26. nóv. s.l., því hann vill eiga nokkur orð við þingmenn, með leyfi forseta:

„Fyrir tveimur árum var sem nokkuð væri að birta upp.“ — En hann hafði lýst dökku ástandi í þessum efnum fyrr í greininni. — „Ríkisstjórnin ákvað að verja 50 millj. kr. til rannsókna- og þróunarstarfs í þágu nýsköpunar í íslensku atvinnulífi og á árinu 1985 var nýr Rannsóknasjóður stofnaður af erlendu lánsfé. Á fjárlögum yfirstandandi árs er framlagið til sjóðsins óbreytt í krónutölu þrátt fyrir að hópur forustumanna í iðnaði, launþegasamtökum og rannsóknum skoruðu mjög eindregið á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga í desember í fyrra að hækka upphæðina í 150 millj. kr.

Í því fjárlagafrv. sem er nú verið að fjalla um á Alþingi er þessi upphæð enn í 50 millj. kr. Þetta verður vart túlkað á annan hátt en verið sé að leggja þennan nýja Rannsóknasjóð niður svo lítið beri á. Hvað eru þið að hugsa, þingmenn góðir? Með þessu er verið að festa hér þjóðfélag láglauna og með því

munum við dragast jafnt og þétt aftur úr nágrannaþjóðum okkar sem ganga skipulegar til verks. Ég læt hér nægja að minna á eitt dæmi um skipulegri vinnubrögð stjórnvalda. Í Danmörku var fyrir ári samþykkt að til viðbótar traustum stuðningi við nýsköpun í atvinnulífinu skuli verja á komandi árum 1500 millj. danskra króna til eflingar tölvu- og upplýsingaiðnaði. Þetta svarar til þess að við mundum verja um 70 millj. ísl. króna á ári í fjögur ár. Hér er miðað við mismun á fólksfjölda þjóðanna. Hvernig á íslenskur lífefnaiðnaður, fiskeldi, rafeinda- og upplýsingaiðnaður að keppa við nágrannaþjóðir okkar við svo ójöfn skilyrði? Ef við viljum eiga þar góða möguleika ætti að leggja árlega a.m.k. 200 millj. kr. í hinn nýja Rannsóknasjóð. Það væri í takt við það sem nágrannaþjóðir okkar gera. Hvenær áttar Alþingi og ríkisstjórn sig á kröfum nútímaþjóðfélags?"

Ef hv. þingmenn og ríkisstjórn ætla að gera það, þ.e. að átta sig á kröfum nútímaþjóðfélags, þá ættu þeir m.a. að styðja brtt. á þskj. 303 og hækka myndarlega framlag í Rannsóknasjóð og jafnframt að sjá sóma sinn í því að uppfylla brýnustu þarfir Háskólans.

Ég mun ekki hafa orð mín fleiri við 2. umr. fjárlaga en við munum íhuga þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. og bera fleiri till. fram við 3. umr. Ég vænti þess að fá svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram til hæstv. heilbrmrh. og ég vona að hæstv. forsrh. hafi eitthvað um þau mál að segja sem ég hef rætt hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 309 og 320, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir ræddi hér í góðu og löngu máli um Háskóla Íslands og nauðsyn þess að efla hann og rannsóknastarfsemina í landinu. Ég get raunar tekið efnislega undir flest það sem hv. þm. sagði. Það er alveg hárrétt að í þjóðfélagi sem vill stuðla að nýsköpun í atvinnulífi er nauðsynlegt að efla þessar greinar.

Hins vegar vantaði ýmislegt í þeim samanburði sem hv. þm. gerði við Norðurlöndin og Japana og fleiri. Hér á landi heimtum við í opinber gjöld samtals um 33–34 af hundraði landsframleiðslu, en í Danmörku um 50 af hundraði, í Noregi og Svíþjóð um 55–58 af hundraði og eðlilegt er að þessar þjóðir geti því lagt töluvert meira til margra þarfra mála, m.a. rannsóknastarfsemi en við. Sömuleiðis er þess að gæta að framlag atvinnuveganna til rannsóknastarfsemi í þessum löndum er margfalt meira en hér og stór hluti af þeim, u.þ.b. 1,5 af hundraði eða svo, sem nú er varið til rannsókna t.d. í Svíþjóð, er frá atvinnulífinu þar. Stórfyrirtækin í Svíþjóð, þessi 20 stórfyrirtæki sem eru þar á heimsmælikvarða, eiga stóran hluta af því fjármagni sem þar er varið til rannsókna. Engu að síður er það hárrétt að hið opinbera ver í þessum löndum meiru til rannsókna en við, enda eins og ég segi eru tekjur hins opinbera þar miklu meiri en hérna.

Ég heyrði ekki nema eina spurningu, sem hv. þm. beindi til mín, það var hvað forsrh. væri að hugsa í þessu sambandi. Ég vil í fyrsta lagi upplýsa að ég flutti í ríkisstjórninni tillögu um rannsóknasjóð þann sem hv. þm. ræddi sérstaklega um. Ég gerði það í lok ársins 1984 og það var þá í tengslum við skiptingu 500 millj. kr. sem ríkisstjórnin tók að láni til nýsköpunar og hagræðingar í íslensku atvinnulífi. Þannig varð þessi sjóður til. Á fyrsta ári var stofnfé hans 50 millj. sem var þá erlent lánsfé. Á öðru ári, þ.e. árinu í ár, voru veittar á fjárlögum 50 millj. kr. til þessa sjóðs og kemst hann þar með inn á fjárlög. Ég beitti mér fyrir því að Framkvæmdasjóður ráðstafaði 10 millj. af rekstrarhagnaði sjóðsins til þessa sjóðs. Ég er ekki úrkula vonar um að unnt kunni að vera að fá slíkt fé til viðbótar þó ég geti engu lofað um það hér.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að það er áreiðanlega mjög mikilvægt að auka fjármagn til Rannsóknasjóðs, en á meðan hér vantar ekki tugi heldur hundruð milljóna til fjölmargra mikilvægra verkefna, til fatlaðra, til Háskólans, til Íþróttasjóðs og til Félagsheimilasjóðs, og þannig gæti ég endalaust talið, þá hef ég ekki treyst mér að flytja till. um umtalsverða aukningu í Rannsóknasjóð.

Ég vil sömuleiðis geta þess að staðið hefur til nú nokkurn tíma að flytja hér á Alþingi á vegum menntmrh. frv. um rannsóknastarfsemina og þá m.a. um Rannsóknasjóð og festa hann þannig í lögum. Þessi mál eru nú til meðferðar hjá mönnum frá Rannsóknaráði og Háskóla Íslands, en því miður, eftir því sem ég best veit hafa þær till. ekki komið fram, a.m.k. hef ég ekki séð þær. Ég held að mikilvægt sé að festa þennan sjóð í lögum og athuga hvort unnt er að tryggja sjóðnum jafnvel einhverja sjálfstæða tekjulind.

En ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Það var hárrétt sem hv. þm. sagði um nauðsyn okkar að efla rannsóknastarfsemina og menntunina, en til þess og til fjölmargs fleira þurfum við að auka tekjur ríkissjóðs.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða hér einkum um sjúkrahúsin og stöðu þeirra í framhaldi af þeim umræðum sem hér fóru fram í gær um Borgarspítalann. Ég ætlaði einnig hér að fjalla um till. sem ég hef flutt um hækkun á framlögum til Rannsóknasjóðs í um 100 millj. kr., en ætla fyrst að víkja hér aðeins að sjúkrahúsamálunum og þeim hugmyndum sem nú eru uppi um það að flytja Borgarspítalann til ríkisins, selja Borgarspítalann, og stöðu daggjaldasjúkrahúsanna.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað

mér er hallinn á sjúkrahúsunum á þessu ári 19,4% af rekstrarkostnaði, þ.e. nærri fimmta hver króna sem fer út er halli. Hallinn nemur á fyrstu 9 mánuðum ársins 510 millj. kr. en heildargjöld sjúkrahúsanna eru um 2,6 milljarðar kr.

Það vekur athygli þegar þessi mál eru skoðuð að hallinn er mjög misjafn. Sum sjúkrahús eru með mjög verulegan halla en önnur óverulegan. Sem dæmi um sjúkrahús eða sjúkrastofnanir sem eru með mjög lágar hallatölur má nefna t.d. ýmsar stofnanir SÁÁ og hjúkrunarheimilið á Droplaugarstíg í Reykjavík en síðan sér maður tölur upp í alveg 42,2% halla á þessu ári, þ.e. nærri önnur hver króna, sem greidd er, er í halla. Þetta nefni ég hér vegna þess að það er talað um það stundum að Borgarspítalinn í Reykjavík sé sérstaklega illa rekinn en niðurstaðan er sú að afkoma spítalans er í raun og veru svipuð og annarra sjúkrahúsa. — Ég vildi inna eftir því hvort hægt væri að gera ráðstafanir til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri ekki víðs fjarri þegar þessi umræða fer fram. (**Forseti:** Það munu verða gerðar ráðstafanir til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. komi í salinn. Hún var hér rétt áðan.) Ég þakka hæstv. forseta.

Spurningin í þessum efnum er sú: Hvað er til ráða og hvernig stendur á því að hallinn er svona mikill á daggjaldaspítölunum? Hæstv. heilbr.- og trmrh. nefndi það í svari sínu við fsp. minni í gær að hallinn á fjárlagasjúkrahúsunum á þessu ári væri miklu minni en á daggjaldaspítölunum. Ég man ekki alveg hvaða tölu hæstv. ráðh. nefndi en það var lág tala, í kringum 5–6% minnir mig, og þetta er stundum nefnt til að sýna fram á það að daggjaldareksturinn sé svo miklu verri en hin beinu fjárlög. Ég er ekki viss um að þetta sé alveg sanngjarn samanburður. Ég held að í þessum efnum þurfum við að átta okkur á því að daggjaldaákvarðanir eru teknar t.d. varðandi laun eftir hreyfingum á kauptöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma. Þær eru sem sagt ekki teknar strax með tilliti til launaskriðs. Hins vegar er tekið tillit til launaskriðs þegar halladaggjöld og jöfnunardaggjöld eru gerð upp. Þess vegna held ég að það sé mjög óeðlilegt og óheppilegt að setja málið þannig upp að þessar tölur, annars vegar á daggjaldasjúkrahúsunum og hins vegar á sjúkrahúsunum á beinu fjárlögunum, sýni það að daggjaldaspítalarnir séu illa reknir.

Hitt er alveg ljóst, og það hefur verið mín skoðun mjög lengi, að það að miða greiðslur til sjúkrahúsa eingöngu við legudagafjölda, það er viðmiðun sem ekki dugir vegna þess að þjónusta sjúkrahúsanna er orðin miklu fjölbreyttari en hún var áður og legudagaviðmiðun segir núna miklu minna en hún sagði þegar daggjaldakerfið var tekið upp fyrir aldarfjórðungi eða svo. Vandinn er að finna þarna viðmiðunartölu og ég held að í þeim efnum væri heppilegast að reynt væri að ná samkomulagi um eitthvað, sem menn hafa stundum kallað rekstrarvísitölu sjúkrahúsanna, sem sett er saman úr nokkrum meginþáttum í kostnaði við sjúkrahúsin í landinu, þ.e. launum og öðrum kostnaðarþáttum, og síðan séu þessar tölur hreyfðar til eftir því sem tilefni gefast til og hækkanir verða á hverjum tíma. En það er ekki eini vandinn í þessu. Sá vandi sem heilbrigðisyfirvöld og fjármálayfirvöld standa frammi fyrir í þessum efnum er sá að ákvarðanir um útgjöld hjá daggjaldasjúkrahúsunum eru mjög oft teknar án þess að ríkið eða daggjaldanefnd hafi um þær ákvarðanir fjallað. Þegar árið er síðan gert upp má segja að ríkisvaldinu sé iðulega svo að segja stillt upp við vegg og það eigi ekki, eða daggjaldanefnd, annarra kosta völ en að taka þeim niðurstöðum sem hafa orðið til í rekstri spítalans yfir árið. Af þessum ástæðum hafa menn velt því fyrir sér: Er einhver önnur leið til?

Í nóv. 1983 skilaði ákveðin nefnd áliti til heilbr.- og trmrh., en það var nál. um endurskoðun á fjármögnunar- og stjórnunarkerfi sjúkrahúsa, á fyrirkomulagi tryggingaumboða og á deildaskipan í Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er sem sagt mjög ítarlegt álit, þar sem farið var ofan í rekstrarkostnað sjúkrahúsanna í heild, alveg í smáatriðum, og Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. sjúkratryggingadeild hennar var skoðuð alveg sérstaklega. Ég verð að viðurkenna að mér blöskraði það oft og blöskrar enn hvernig á málum er haldið í Tryggingastofnun ríkisins að því er þessa þýðingarmiklu þætti varðar, en þarna er um að ræða milljarða útgjöld ríkisins sem fara í gegnum Tryggingastofnunina í raun og veru án þess að t.d. Alþingi eða fjvn. fjalli um þau útgjöld í einstökum atriðum og það er mjög slæmt. Það er mjög óhollt fyrir þingið að mínu mati að afgreiða t.d. fjárlög án þess að þingmenn viti hvað er á bak við tölurnar sem þeir eru að afgreiða, svona í grófum dráttum a.m.k. Af þessum ástæðum var það að til varð ákveðin nefnd í þessum efnum á árinu 1982 sem starfaði til 1983 og skilaði niðurstöðum sem birtast í þessari skýrslu á bls. 67–71. Ég ætla að fara aðeins yfir þær tillögur sem nefndin gerði vegna þess að mér finnst menn alltaf tala þannig í þessu efni að fari sjúkrahús af daggjöldum og inn á bein fjárlög, þá sé ekkert annað að gera en að ríkið þar með kaupi viðkomandi sjúkrahús. Og það er það sem borgarstjórinn í Reykjavík hefur sagt, að þar sem þetta er að fara á bein fjárlög þá er ekkert annað að gera í þessu efni en að ríkið yfirtaki sjúkrahúsið. Nú hafa borist fréttir um það að sú innanflokksdeild í Sjálfstfl. sem hefur með þessi Borgarspítalamál að gera hafi náð samkomulagi um að leggja 25 millj. á ári á ríkið næstu 20 árin eða svo á meðan verið er að borga Borgarspítalann.

En hvaða leiðir er hægt að fara? Í þeim efnum benti þessi nefnd, sem var skipuð ágætu fólki sem þekkti mjög vel til í sjúkrahúsrekstri, forstjóra ríkisspítalanna og fleirum og fleirum, á eftirfarandi leið. Mér finnst rétt, herra forseti, í tilefni af þeim umræðum sem fram hafa farið undanfarna daga að kynna þinginu þessar tillögur því það hefur ekkert verið gert með þær í heilbrrn. eða í ríkisstjórninni að ég best veit. Tillögurnar eru þessar:

Sjúkrastofnanir verði áfram í eigu núverandi að-

ila. Á hverri sjúkrastofnun verði þriggja manna stjórn sem ráði sér framkvæmdastjóra. Stjórnirnar ráði einnig annað starfslið innan ramma stöðuheimilda og kjarasamninga. Huga þarf sérstaklega að stjórnun og samhæfingu rekstrar sjúkrahúsa í Reykjavík vegna stærðar þeirra og sérhæfingar. Heilbr.- og trmrn. gefi út rekstrarleyfi til sjúkrastofnana þar sem skilgreint er ítarlega hvert þjónustuhlutverk hverrar stofnunar skuli vera. Ráðuneytið ákveði einnig fjölda stöðugilda að fengnu samþykki fjárveitingavaldsins. Komið verði á fót samstarfsráði sjúkrahúsanna á Íslandi sem stjórnarfarslega yrði stjórnareining undir yfirstjórn og valdsviði heilbr.- og trmrh. Þetta samstarfsráð hafi þríþætt hlutverk:

Í fyrsta lagi verði það samstarfs- og samráðsvettvangur sjúkrastofnana og yfirvalda í landinu. Haldnir verði a.m.k. tveir fulltrúaráðsfundir á ári þar sem stjórnarformenn og framkvæmdastjórar allra þeirra sjúkrastofnana, sem aðild ættu að ráðinu, komi saman. Stjórnin gefi fulltrúaráðsfundum skýrslu um starfsemina. Í þessari yfirstjórn sætu einn fulltrúi stjórnarnefndar ríkisspítala, einn fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi heilbrrn. og einn fulltrúi fjmrn. en fimmti stjórnarmaðurinn verði skipaður af heilbr.- og trmrh. og væri hann formaður ráðsins.

Ráðið hafi með höndum samhæfingu á rekstri og fjármálum allra þeirra sjúkrastofnana sem aðild ættu og hafi almennt eftirlit með fjármálalegum og faglegum rekstri. Ríkisendurskoðunin hafi bókhaldslega endurskoðun með höndum. Ráðið reikni út áætlaða rekstrarfjárþörf einstakra sjúkrastofnana með tilliti til skilgreinds þjónustuhlutverks, fjölda íbúa, aldurs og kynskiptingar þeirra, landfræðilegra aðstæðna, starfsmannafjölda o.s.frv. Ráðið geri, að fengnu samþykki og fyrir milligöngu heilbrrn., tillögur til fjárveitingavaldsins um áætlaða heildarfjárþörf sjúkrastofnana og um hlutfallslega skiptingu fjárveitinga til rekstrar og fjárfestinga.

Ráðið verði í þriðja lagi eins konar hagstofa heilbrigðisþjónustunnar, bæði til að geta innt af hendi það hlutverk sem áður er nefnt og eins vegna ráðgjafar við ráðherra og ríkisstjórn við stefnumörkun í heilbrigðismálum. Tölfræðileg upplýsingaöflun væri því eitt megininntakið í starfi ráðsins.

Síðan segir hér:

Hver sjúkrastofnun fái árlega samkvæmt ákvörðun Alþingis og innan ramma raunhæfra fjárlaga fyrir fram ákveðna fjárveitingu til rekstrar og fjárfestingar. Stefnt verði að því að hún haldi raungildi sínu allt fjárveitingaárið. Stofnanirnar hafi ekki heimild til lántöku og viðskiptaskuldir megi aldrei verða eldri en tveggja mánaða. Umframeyðsla verði á ábyrgð stjórna og framkvæmdastjóra og verði því aðeins mætt átölulaust með framlagi úr ríkissjóði að áreiðanlegar, efnahagslegar og þjónustulegar röksemdir liggi til grundvallar.

Síðan segir hér — og er gert ráð fyrir því að kostnaður við rekstur þessa samstarfsráðs sjúkrahúsanna yrði nokkur:

Kostnaður yrði borinn uppi með einfaldara kerfi tryggingaumboðanna í landinu og með því að afnema sjúkrasamlögin. Það fylgir þessu einnig að daggjaldanefnd yrði lögð niður vegna þess að þetta samstarfsráð mundi yfirtaka hlutverk hennar og gert er ráð fyrir því að allar sjúkrastofnanir sem þess óska geti farið inn í þetta samstarfsráð.

Af hverju er ég svo að rekja þetta, herra forseti? Það er vegna þess að hér er komin ábending um fyrirkomulag á fjármögnun og rekstraryfirstjórn sjúkrahúsanna í landinu án þess að ríkið eitt beri ábyrgð eða eignarhaldsábyrgð á þessum stofnunum. Ég held að það sé býsna mikilvægt atriði að staldra aðeins við þetta. Hvaða kostir eru við það að sveitarfélögin séu aðilar að rekstri sjúkrahúsa? Það eru sömu kostir og fylgja því að sveitarfélög séu aðilar að rekstri elliheimila eða skóla eða hvaða þjónustuþátta mannfélagsins sem menn vilja nefna.

Ég hygg að ef það t.d. gerist núna að Borgarspítalinn verður seldur ríkinu, þá þýði það ósköp einfaldlega að á næstu árum muni fleiri byggðarlög leita eftir því að selja ríkinu sín sjúkrahús. Fleiri byggðarlög, Ísafjörður, Akranes, Patreksfjörður, Sauðárkrókur, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar, Selfoss, Keflavík, öll þessi sveitarfélög, þegar þau sjá að Reykjavíkurborg fær kannske hálfan milljarð fyrir Borgarspítalann, þá munu þau koma og segja: Því skyldum við ekki fá þessa peninga líka, og þar með er þetta allt saman komið undir ríkinu. Nú þarf það út af fyrir sig ekki að vera svo slæmt en ég held að menn þurfi að átta sig á því að um leið og ríkið eitt fer að bera ábyrgð á þessum málum fyrir hönd þjóðarinnar, og sveitarfélögin koma þar hvergi nærri, þá verður minni áhugi á því í byggðarlögunum sjálfum að halda utan um þessar stofnanir, sjúkrahúsin, af metnaði fyrir hönd byggðarlagsins í samanburði við önnur byggðarlög o.s.frv.

Ég get nefnt dæmi hér um sjúkrahúsaráðsmenn, sem svo voru kallaðir, eða forstjóra, sem fóru með stjórn sjúkrahúsa í byggðarlögum um áratuga skeið, héldu ráðamönnum við efnið, hver sem var heilbrmrh., komu og spurðu: Hvað er verið að gera hér með minn spítala? Ég ætla að nefna hér einn mann sem er Stefán Þorleifsson sem lengi var forstöðumaður Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. Þessir menn pössuðu þessar stofnanir, vöktu yfir þeim og gættu þess að það væri séð fyrir þeirra hlut. Hið sama á við t.d. um Landakotsspítala. Þar er um að ræða menn sem bera ábyrgð á rekstri þó að sjúkrahúsið sé á beinum fjárlögum, menn sem hafa fyrir hönd þeirrar stofnunar metnað, faglegan uppbyggingarmetnað.

Ef þetta verður allt lagt undir ríkið eins og nú er verið að stíga skref í áttina að undir forustu valddreifingarflokksins mikla, Sjálfstfl., þá óttast ég að þessi sjálfstæða forusta í landshlutunum í sjúkrahúsamálunum líði undir lok og þar með sé byggðastefnan sem slík veikari og eigi ekki eins öfluga fulltrúa og áður. Því að góð heilbrigðisþjónusta,

aðhald í þeim efnum, faglegur metnaður er líka byggðamál. Ef menn ætla sér að kaupa Borgarspítalann þá er nákvæmlega það sama að gerast í þessu efni. Menn segja þá sem svo: Það þarf að samræma rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það er alveg rétt. En til þess hefur hæstv. heilbrmrh., og heilbrmrh. hver sem hann er, í raun og veru öll völd og alla möguleika samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eins og þau voru samþykkt vorið 1983. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra gefi út reglugerð um verkaskiptingu sjúkrahúsanna og þar á meðal um það hvaða deildir skuli starfræktar á hverju sjúkrahúsi. Þannig að í rauninni hefur ráðherrann og ráðuneytið, ef það vill, alla möguleika til þess að stýra þessum hlutum með þeim hætti sem nauðsynlegur er frá sjónarmiði heilbrigðisþjónustunnar sjálfrar.

Ýmsir mætir menn hafa fjallað um þetta mjög rækilega eins og t.d. Davíð Á. Gunnarsson, forstjóri ríkisspítalanna. Í nefndinni, sem fjallaði um endurskoðun á fjármögnunar- og stjórnunarkerfi sjúkrahúsa, skilaði Davíð Á. Gunnarsson séráliti og þar varpar hann fram ákveðinni hugmynd um stjórn þessara mála sem hann kallar blandað kerfi og þar segir, með leyfi forseta:

Síðast en ekki síst ætla ég að varpa hér fram hugmynd um kerfi þar sem reynt er að nýta kosti miðstýringar hvað varðar sérhæfða heilbrigðisþjónustu og kosti samkeppni hvað varðar hina almennu þjónustu. Heilbrigðismálaráð læknishéraðanna verði lögð niður í núverandi mynd. Stjórnir sjúkrastofnana í viðkomandi héraði verði sameinaðar í stjórnarnefnd allra heilbrigðisstofnana í héraðinu. Þessar stjórnir starfi á ábyrgð sveitarstjórnanna. Stjórnirnar ráði sér forstjóra. Aðsetur stjórnareininga væri t.d. stærsta stofnun í viðkomandi héraði. Ljóst er að sums staðar, t.d. á Vestfjörðum og Austfjörðum, gæti verið skynsamlegt og óhjákvæmilegt vegna samgangna að skipta héruðunum.

Davíð Á. Gunnarsson rekur þetta fyrirkomulag, sem er mjög líkt því sem ég rakti hér áðan, og segir svo að lokum:

Með þessu fyrirkomulagi er tryggt:

1. Að almenna þjónustan væri í höndum heimamanna. Íbúarnir geta haft áhrif á hvaða þjónusta er veitt. Hagsmunir sveitarfélaga eru í húfi að starfsemi sé rekin eins hagkvæmt og unnt er. Samanburður milli héraða tryggir aðhald og samkeppni.

Þetta er í raun og veru grundvallarniðurstaðan. Og hann segir svo:

Á heilbrigðisþingi fjórða hvert ár mundu menn síðan bera saman bækur sínar og móta sameiginlega stefnu.

Ég veit ekki hvernig það er, herra forseti, en ætli það geti verið að þessar vönduðu tillögur, sem fyrir liggja og hafa verið unnar samviskusamlega af góðum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar víðs vegar á landinu, getur það verið að þær hafi ekki einu sinni verið lesnar? Getur það verið að menn hafi ekki velt því fyrir sér að til séu aðrir möguleikar í þessum málum en annaðhvort sá að það séu daggjöld og bein fjárlög eða þá að ríkið yfirtaki þetta allt saman? Mér finnst að menn séu í raun og veru að taka á þessum vanda, sem hér er kominn upp vegna borgarspítalamálsins sérstaklega, með þeim hætti að það bendi til þess að menn hafi ekki sett sig inn í það sem hefur verið gert. Þetta mál hefur verið þrautundirbúið. Það hefur verið skoðað frá hagkvæmnisjónarmiði. Það hefur verið skoðað frá faglegu sjónarmiði heilbrigðisþjónustunnar. En mér finnst efnistök málsins núna þessa síðustu daga ekki með þeim hætti að það bendi til þess að menn hafi vandað sig við þetta og farið yfir málin með tilliti til þess mikla starfs sem unnið hefur verið. Þvert á móti virðist sem sá þrýstingur sem hefur komið frá borgarstjóranum í Reykjavík hafi sett heilbrrn. upp við vegg og menn hafi í raun og veru ekki þorað annað en að hlýða því sem borgarstjóranum í Reykjavík þóknaðist. (**Gripið fram í:** Og skyldi enga undra.) Það undrar nú einhverja.

Það hefur aðeins verið vikið að því í umræðum um þetta mál hér síðustu daga að deilur hafi verið um þessi mál um margra ára skeið. Það er alveg rétt. Það hafa verið deilur um þessi mál um margra ára skeið. Mér finnst alltaf og hefur fundist að þessar deilur snerust í raun og veru afskaplega mikið um aukaatriði, þ.e.: daggjöld eða föst fjárhagsáætlun. Í rauninni er það ekki aðalatriðið hvaða kerfi er valið á fjármögnuninni heldur hitt að það sé skilvirkt og skili góðri heilbrigðisþjónustu. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar líka að það sé engin trygging fyrir hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu að hafa spítala á daggjöldum og það sé engin trygging fyrir hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu að hafa spítala á beinum fjárlögum. Það er engin trygging fyrir því. Því miður. Ég er þess vegna alveg sammála því sem fram kom á heilbrigðisþingi 1980 þar sem yfirlæknirinn á Landakoti flutti ræðu um þessi mál og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín að fjármögnun sjúkrahúsa hvort heldur er með daggjaldakerfi eða föstum fjárlögum hefur sáralítil eða engin áhrif á rekstrarkostnað sjúkrahúsa.“

Hér tala menn sem þekkja til hlutanna og vita um hvað þeir eru að tala.

Því hefur verið haldið fram í þessum umræðum síðustu daga, m.a. af hæstv. heilbr.- og trmrh., að við Alþýðubandalagsmenn höfum verið með kröfur um það að koma öllu þessu kerfi undir ríkið. „Margur heldur mig sig“, mætti segja um hæstv. heilbrmrh. í þessu efni. Ég hef fjallað um þetta mál opinberlega mjög oft, m.a. á heilbrigðisþingi fyrir sex árum og ég ætla að vitna í þá ræðu sem ég flutti þar, með leyfi forseta, til að taka af tvímæli um að afstaða mín til kaupa ríkisins á Borgarspítalanum er ekki einhver hentistefna sem verður til á þeirri stundu að borgarstjóranum í Reykjavík þóknast að láta sér detta það í hug að troða þessari stofnun upp á ríkið. Í þessari ræðu komst ég m.a. þannig að orði, með leyfi forseta:

Ég vil kannske víkja aðeins að þessu nánar með daggjöld og bein fjárlög. Mér finnst ekki aðalatriði málsins hvað þetta kerfi heitir. Ég held að aðalatriðið sé að við sameinumst um að koma á kerfi sem annars vegar tryggir góða þjónustu og hins vegar góða nýtingu fjármuna. Mér er nákvæmlega sama hvort þetta kerfi heitir daggjaldakerfi eða kerfi fastra framlaga. — Hér ætla ég að ljúka tilvitnuninni en í þessari ræðu minni kemur mjög ákveðið fram að ég hef alltaf verið andvígur því að svona þjónustuþættir, sem snúa að einstaklingnum, eins og t.d. heilsugæslan og hluti sjúkrahúsþjónustunnar, séu settir alfarið undir ríkið. Það er ekki skynsamlegt. Það verður ekki góð þjónusta. Ákvarðanirnar eru teknar of langt frá fólkinu sjálfu. Ég vildi hnykkja sérstaklega á þessu atriði í tilefni af ræðuhöldum hæstv. heilbrmrh. hér síðustu daga.

Það er dálítið skrýtið með hæstv. heilbrmrh. Hvernig í ósköpunum stendur á því að ráðherrann þarf endilega að fara að grafa sig í svona gamlan skæting um hlutina? Er það vegna þess að málstaðurinn er vondur? Er það vegna þess að ráðherranum líður illa að vera sett í þá stöðu að þurfa að samþykkja kröfur Davíðs Oddssonar með þeim hætti sem hún hefur gert? Ég held að við eigum að reyna að venja okkur á það að tala um þessa hluti eins og efni standa til en ekki að flytja skæting af því tagi sem hún hefur gert stundum í umræðum um þetta mál.

Ég vil að lokum varðandi þetta mál, herra forseti, skora á hæstv. heilbrmrh. að gera hér og nú grein fyrir því að hvaða niðurstöðu hún, borgarstjórinn í Reykjavík og hæstv. fjmrh. hafa komist varðandi kaup á Borgarspítalanum. Hvaða verð er um að ræða? Hvernig verður það greitt og hvenær er ætlunin að þetta mál verði lagt fyrir þingið? Og ég vil einnig spyrja: Hafa stjórnarflokkarnir samþykkt þessi kaup? Hefur Framsfl. samþykkt þessi kaup? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá þetta á hreint og líka það: Hefur hæstv. ráðh. hugsað sér að samþykkja að kaupa einnig aðra spítala? Mér er tjáð að hæstv. félmrh. sé þeirrar skoðunar að ríkið eigi að kaupa fleiri spítala. Hyggst ráðherrann kaupa þetta, kjördæmi fyrir kjördæmi, Reykjavík núna og síðan Vesturland og svo Vestfirði o.s.frv.? Þetta verður að fást á hreint núna við 2. umr. fjárlaga og áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Það er alveg óhjákvæmilegt og það er ekki líðandi að hæstv. heilbrmrh. sé með í tösku sinni leynipappíra um kaup á Borgarspítalanum án þess að gera Alþingi grein fyrir því við þessa umræðu: Hvaða pappírar eru þetta og hvað innihalda þeir?

Hér er um að ræða algjöra stefnubreytingu í heilbrigðismálum á Íslandi. Algjöra. Á heilbrigðisþingi haustið 1980 — sem á að halda reglulega skv. heilbrigðislögum en hefur ekki verið gert í tíð núv. ríkisstjórnar, það hefur náttúrlega verið hunsað — kom engin rödd fram, ekki einn einasti maður sem lét sér detta það í hug að ríkið ætti að fara að kaupa alla spítala í landinu, en það er sú stefna sem verið er að fara hér inn á. Vegna þess að fyrsta skrefið með Borgarspítalann þýðir það að aðrir munu koma og segja: Við viljum losna við okkar spítala líka. Þannig verður það. Það er allsherjarríkiseinokun á sjúkrahúsarekstrinum í landinu sem hér er verið að gera tillögu um. Það er verið að bægja frá forustu og aðstöðu heimamanna og verið að bægja frá möguleikum faglegra aðila að stýra þessum málum eins og nauðsynlegt er.

Ég vil aðeins í þessu sambandi, herra forseti, leyfa mér að nefna það að daggjaldanefnd hefur oft borið hér á góma. Menn hafa verið með alveg furðulegar ræður um daggjaldanefnd og sérstaklega starfsmann daggjaldanefndar. Ég efast um að það séu margir embættismenn í stjórnkerfinu sem hafa haft annað eins verkefni og þessi eini starfsmaður daggjaldanefndar sem hefur átt að hafa yfirlit yfir rekstur allra daggjaldasjúkrahúsanna í landinu, rekstur upp á 3000 millj. kr. Ég er sannfærður um það að þessi starfsmaður hefur unnið vel, hefur unnið vel eins og kostur er miðað við það hvernig að honum hefur verið búið. Þannig að ég vil fyrir mitt leyti mótmæla því sem fram hefur komið af ákúrum og árásum á þennan starfsmann daggjaldanefndar.

Ég vil þá þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að heilbrigðismálunum að öðru leyti og sjúkrahúsunum eins og þau líta út hér í þessu frv. Ég vil fyrst víkja að Borgarspítalanum áfram og vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að B-álma Borgarspítalans standi auð, einar fjórar hæðir, allt næsta ár. Það á ekki að taka í notkun eitt einasta nýtt rúm á næsta ári. Það eru fjórar eða fimm hæðir sem hafa staðið þar auðar núna síðustu árin. Í fjárlagatill. skv. grg. á bls. 277 er ekki gert ráð fyrir neinni nýrri starfsemi á Borgarspítalanum á næsta ári. Hið sama er í raun og veru að segja um allt ríkisspítalakerfið. Sú eina nýja starfsemi sem gert er ráð fyrir á ríkisspítölunum á næsta ári er sú að stöðuheimildum er fjölgað vegna geðdeildar, en þessar stöðuheimildir eru fengnar þannig að fækkað er stöðuheimildum. Hvar? Hvar ætli sé nú helst hægt að skera niður á ríkisspítölunum? Á Kópavogshælinu. Þar fundu menn smjörholuna í viðbitið. Á bls. 276 í grg. fjárlagafrv. segir að þessar nýju stöður á geðdeildinni eru fjármagnaðar þannig að stöðum fækkar um 12 á Kópavogshælinu á næsta ári. Það er sú stofnun sem helst mátti sauma að í þessu kerfi. Ég vil einnig í þessu sambandi benda á það, herra forseti, að Landakotsspítali á einnig að standa algjörlega óhreyfður á næsta ári og allir gömlu daggjaldaspítalarnir nema einn. Það er á Sauðárkróki.

Það kann að vera að viðbætur komi inn í brtt. og þá er ég fús til að kynna mér það, en niðurstaðan er sú að allan tímann í tíð núv. ríkisstjórnar hefur í besta falli verið um að ræða stöðnun í framþróun heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Að vísu má segja, herra forseti, að það sé vel sloppið miðað við þau áform sem uppi voru af hálfu núv. ríkisstjórnar. Áformin voru þau að láta sjúklinga borga aðgöngugjald að sjúkrahúsunum í landinu.

Haustið 1983 sagði formaður fjvn. í framsöguræðu sinni við 2. umr. fjárlaga, það var ekki hv. þm. Pálmi Jónsson þá, heldur sá maður sem síðan tók að sér að stýra Útvegsbankanum. Með leyfi forseta sagði hv. þm. Lárus Jónsson þetta:

„M.a. mun heilbr.- og trmrh. leggja fram á næstunni till. sem hafa í för með sér lækkun á útgjöldum lífeyris- og sjúkratrygginga sem hafa í för með sér 300 millj. kr. lækkun á útgjöldunum. Á vegum heilbrrn. er nú verið að vinna frv. sem fela mun í sér að sjúklingar sem leggjast inn á sjúkrahús greiði 300–600 kr. gjald í 10 daga að hámarki á hverju ári."

Það átti sem sagt að borga þarna aðgöngumiða. Þetta var stöðvað. M.a. hér á hv. Alþingi var þetta stöðvað og stjórnin þorði aldrei að sýna þetta frv. sem var þó til í heilbrrn. samkvæmt þessu hér. Væri fróðlegt fyrir sögu heilbrigðismála á Íslandi að fá það plagg birt opinberlega og það verða vonandi einhvern tíma ráð til þess að finna þetta í gögnum heilbrrn. Miðað við þessi áform má segja að sú stöðnun sem ríkt hefur í heilbrigðismálum núna síðustu árin hafi alla vega verið betri en sú hrikalega andfélagslega atlaga sem hér var gert ráð fyrir. En þegar litið er á heilbrigðismál á Íslandi síðustu árin þá er þar um að ræða hreina stöðnun.

Ég vil að lokum áður en ég yfirgef þennan málaflokk víkja að einu atriði og það er Framkvæmdasjóður aldraðra. Samkvæmt frv. og grg. þess er gert ráð fyrir því að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki á þessu ári og næsta um 10,5% og fari gjaldið upp í 1150 kr. á mann, en hér er um að ræða nefskatt eins og kunnugt er. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið úr fjmrn. hefði þessi tala átt að hækka um 35% miðað við hækkun tekna á milli áranna 1985 og 1986. Miðað hins vegar við það frv., sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt hér fram um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra, er gert ráð fyrir því að þetta gjald verði 1500 kr. Ég tek það fram fyrir mitt leyti að ég vil að þetta gjald sé haft a.m.k. í samræmi við tekjubreytingar og er tilbúinn til að greiða atkvæði með þeim till. sem ráðherrann kann að flytja í þeim efnum. En ég fæ ekki séð hvernig á því stendur að tölurnar eru með þessum hætti. Þær ríma ekki miðað við aðrar talnalegar forsendur sem hér eru uppi í sambandi við skatta og fjárlagafrv. fyrir árið 1987.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh. og hv. formann fjvn. hvort ekki sé ætlunin að gera tilraun til að skipta þessu fé sem kemur í Framkvæmdasjóð aldraðra fyrir árið 1987. Og ég vil bæta við einni spurningu í þessu sambandi um Borgarspítalann: Hvað um B-álmuna? Er ætlunin að þar verði hýst þjónusta við aldraða þó svo að ríkið yfirtaki spítalann ef af því verður?

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja aðeins að lítilli brtt. sem ég flyt þar sem gert er ráð fyrir því að framlög í Rannsóknasjóð hækki í 100 millj. kr., úr u.þ.b. 50 millj. kr. eins og það var í fjárlagafrv. og ég hef ekki séð brtt. við þá till. Ég tel að sú ákvörðun sem tekin var á sínum tíma að taka upp þennan Rannsóknasjóð hafi verið skynsamleg. Það hefur komið í ljós að sú aðferð sem notuð hefur verið við úthlutun úr þessum sjóði hefur skilað ágætum árangri. Hins vegar er það augljóst mál samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja m.a. frá Rannsóknaráði ríkisins um rannsóknastarfsemi á Íslandi að við erum eftirbátar annarra þjóða í þessum efnum varðandi framlög til rannsókna og þróunarstarfsemi og ég óttast að ef svo fer áfram, þá dragist Íslendingar aftur úr í lífskjörum á komandi árum.

Það er alveg ljóst að meginhluti nýrra starfa hjá þróuðum þjóðum á næstu árum verður í alls konar nýrri tækni eins og t.d. í upplýsingatækni. Það má geta þess að um síðustu aldamót störfuðu um 40% vinnandi manna í þróuðum löndum, svo sem Bandaríkjunum, við fæðuöflun, þar á meðal við landbúnað og fiskveiðar. Hliðstæð tala í dag í Bandaríkjunum er 3%. Nú starfa hins vegar um 25% í iðnaði í þessum löndum en því er spáð að sú tala verði að 50 árum liðnum komin niður í 4–5%. Það er greinilegt að meginhluti þess fólks sem kemur á vinnumarkað á komandi árum mun þess vegna starfa í alls konar nýtækni, m.a. svokallaðri upplýsingatækni og tölvutækni. Og það er alveg ljóst að við Íslendingar höfum möguleika á því að vinna okkur áfram í þessum efnum og ná þarna umtalsverðum árangri ef við veitum myndarlega fé í þessa starfsemi á komandi árum. Það er af þeim ástæðum, herra forseti, sem ég hef flutt þá till. sem ég hér lýsti áðan. — Hvar er fjmrh.? Er hann ekki í húsinu enn þá? (**Forseti:** Ég skal gera ráðstafanir til þess að kanna það. Ég á nú ekki von á öðru reyndar en að hann sé viðstaddur umræðuna.)

Í dag barst okkur alþm. ný þjóðhagsspá fyrir árið 1987. Upphaflega var fjárlagafrv. miðað við að hækkun á milli áranna 1986 og 1987 á launum yrði um 15%. Í gærmorgun kom á fund okkar í fjh.- og viðskn. embættismaður úr fjmrn. sem sagði okkur að launahækkunin yrði 18,5%. Í dag barst okkur enn ný tala, að þessu sinni var það ekki 15% og ekki 18,5% heldur 20%. Við lifum nú, eins og aðstoðarforstjóri Þjóðhagsstofnunar sagði í útvarpinu í kvöld, eitthvert mesta góðæri sem þjóðin hefur nokkru sinni lifað í jafnlangan tíma. Ríkisstjórnin og ráðherrarnir, m.a. hæstv. fjmrh., hafa haft tilhneigingu til þess, að ekki sé meira sagt, að þakka sér góðærið, að þakka ríkisstjórninni það góðæri sem núna gengur yfir þetta land. Það er athyglisvert að lesa þetta litla minnisblað Þjóðhagsstofnunar til að átta sig á því hvað hér hefur verið að gerast. Og það er kannske sérstaklega athyglisvert að bera þetta saman við ræður, sem voru fluttar hér á Alþingi og víðar fyrir tveimur áratugum eða svo, þar sem því var haldið fram að sjávarútvegurinn væri gjörsamlega þrotinn.

Því var haldið fram af formanni Alþfl. sem þá var, Gylfa Þ. Gíslasyni, að landhelgin hlyti að vera 12 mílur um aldur og ævi og gæti alls ekki orðið meiri

vegna þess að 12 mílur væru alþjóðaréttur og þess vegna væri engin ástæða til þess að ætla að við gætum bætt við okkur verðmætum í fiski. Þess vegna yrðum við að selja fallvötnin og aðgang að þeim fyrir slikk vegna þess að við værum alveg komin að endimörkum. Það er búið að syngja þennan söng ár eftir ár eftir ár. Sjávarútvegurinn svoleiðis gjörsamlega í botni að það er ekki hægt að komast lengra með hann.

Hver er niðurstaðan? Hvað hefur gerst á þessu ári? Samkvæmt niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar kemur fram, orðrétt: „Útflutningur, einkum á fiski, hefur verið afar mikill á þessu ári.“ Síðan kemur setning sem vafalaust verður lengi í minnum höfð: „Hér leggst allt á sömu sveif, landburður af afla, hátt afurðaverð og hagkvæm ráðstöfun aflans. Auk þess hefur mjög gengið á birgðir, sérstaklega nú síðustu mánuði. Þótt almennur innflutningur hafi farið vaxandi virðist líklegt að halli á viðskiptunum við útlönd verði minni en spáð var og gæti jafnvel horfið með öllu.“ Og af hverju gerist þetta? Það er vegna þess að sjávarútvegurinn skilar milljörðum og aftur milljörðum króna í aukin verðmæti frá því sem verið hefur. Þannig að þessi atvinnugrein, sem Sjálfstfl. og Alþfl. hafa aftur og aftur reynt svo að segja að dæma til dauða vegna þess að ekkert meira væri upp úr sjávarútvegi í þessu landi að hafa, skilar á hverju ári stórkostlegum fúlgum til viðbótar við það sem menn höfðu trú á að gæti gerst.

Síðan segir á minnisblaði Þjóðhagsstofnunar: „Hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verður því meiri en áður var búist við eða um 6% í stað 5%. Jafnframt virðast horfur á að viðskiptakjör batni meira en áætlað var, ekki síst vegna mikillar hækkunar fiskverðs að undanförnu. Þjóðartekjur gætu því aukist um meira en 8% á þessu ári. Þetta er meiri hagvöxtur en í nokkru öðru vestrænu iðnríki á þessu ári.“

Og skyldi það vera verkefni þeirra Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar hæstv. ráðherra að staðan er svona? Er ekki ástæða til þess, eða hvað, fyrir þjóðina að beygja sig og þakka fyrir það að þessir snillingar skuli hafa lækkað olíuverðið í heiminum þannig að það nemur 2–3 þús. millj. kr.? Er ekki nauðsynlegt fyrir þjóðina núna á þessum kosningavetri að þakka sérstaklega fyrir það að fiskur skuli hafa selst á hærra verði erlendis en nokkru sinni fyrr? Ber ekki að þakka þessum höfuðsnillingum fyrir að þannig hefur gengið á birgðir að viðskiptajöfnuður næst á þessu ári eða á kannske að þakka þeim fyrir það að erlendir vextir hafa lækkað? Auðvitað hafa ytri aðstæður gjörbreytt stöðu þjóðarbúsins frá því sem áður var. Staðreyndin er auðvitað sú að það tekst að nota þessa breytingu á ytri aðstæðum til þess að ná niður verðlaginu, ná niður verðbólgustiginu, vegna þess að verkalýðshreyfingin beitir sér fyrir samningum sem eru með þeim hætti að ávinningur þjóðarbúsins er notaður til að ná verðbólgunni að verulegu leyti niður og að nokkru leyti til að lyfta örlítið kaupmætti kauptaxta frá því sem var. Þess vegna er um það að ræða að þessi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar býr við einstakt góðæri, mesta samfellt góðæri í þrjú ár sem nokkur stjórn hefur búið við. Spurningin er þá sú: Er allt í lagi? Eru hlutirnir hér yfirleitt í mjög góðu standi? Hvaða horfur eru um afkomu ríkissjóðs á næsta ári? Þar mun hallinn telja milljarða. Hvaða horfur eru um afkomu heimilanna þar sem kaupmáttur kauptaxta er enn mikið lægri en hann var á árinu 1982 í mörgum tilvikum, þó svo að þjóðarframleiðslan hafi aukist stórkostlega síðan? Það er alveg bersýnilegt að þetta góðæri hefur ekki nema að örlitlu leyti komið til fólksins og þetta góðæri er ekki notað til að rétta við stöðu ríkisins heldur velta menn vandanum á undan sér og leggja á þjóðina á komandi árum stórkostlegar vaxtabyrðar vegna skuldasöfnunar í tíð ríkisstjórnar íhaldsins og framsóknar upp á 6–7 þús. millj. kr. Það er niðurstaðan. Þannig skilar Sjálfstfl. af sér ríkissjóði eftir mesta góðæri sem sögur fara af á eftirstríðsárunum.

Síðan vil ég, herra forseti, leyfa mér að draga það í efa að þær tillögur og þær tölur sem liggja fyrir nú segi í rauninni allan sannleikann. Ég hygg að afkoma þjóðarbúsins sem heildar geti orðið mun betri en spáð er í töflum Þjóðhagsstofnunar. Það er líka reynslan. Þjóðhagsstofnun er yfirleitt langt fyrir neðan þær tölur sem svo verða ofan á að lokum og þess vegna er alveg ljóst mál að mínu mati að verulegt svigrúm er í þjóðarbúinu til að bæta lífskjör á næsta ári ef menn kysu að hafa það svo, verulegt svigrúm. Þessar nýju upplýsingar, sem fram eru komnar í dag, birtast þjóðinni eftir að síðustu kjarasamningar voru gerðir og hljóta þess vegna að skapa skilyrði fyrir þá fastlaunasamninga sem eftir er að gera samkvæmt síðustu kjarasamningum og þá aðila sem enn eru með lausa samninga og eiga eftir að ganga frá sínum málum. Hættan er hins vegar sú að sú erlenda skuldasöfnun og þensluaukning sem í henni felst, sú erlenda skuldasöfnun sem hefur átt sér stað á þessu ári, muni valda þenslu á næsta ári sem skapi erfiðleika í þjóðarbúinu á árinu 1987. En þá er ekki við launafólk að sakast heldur þá ríkisstjórn sem hefur skipt góðærinu með þeim hætti sem við þekkjum, að hlutfall launa af þjóðartekjum er nú minna en það hefur verið um mjög langt skeið.

Hinar auknu þjóðartekjur eru ekki til komnar vegna þess að ríkisstjórnin hafi aðhafst neitt í atvinnumálum. Nefnið mér eitt dæmi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þess að efla hér atvinnulíf í landinu. Nefnið mér eitt dæmi um eitt einasta fyrirtæki sem núv. ríkisstjórn hefur átt hlut í að setja af stað á kjörtímabilinu. Ríkisstjórnin hefur ekki beitt sér þannig í atvinnumálum. Hún hefur ekki haft neina forustu um annað en að selja fyrirtæki og fyrirtæki. Framleiðsla í iðnaði minnkar og staðan er í rauninni sú að það hefur ekkert verið gert til að byggja upp grundvöll fyrir batnandi lífskjör á komandi árum á Íslandi. Allt sem gerst hefur í hina jákvæðu átt er vegna hagstæðra utanaðkomandi skilyrða þrátt fyrir núv. ríkisstjórn og stjórnarstefnu.

Það er alvarlegur hlutur að hafa haft hér ríkisstjórn í þrjú eða fjögur ár sem hefur haldið þannig á málum að hún hefur vanrækt að treysta sjálfan grundvöllinn, framleiðslu og verðmætasköpun í landinu.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Þegar maður verður vitni að asnaspörkum þessarar ríkisstjórnar kemur manni oft í hug maðurinn sem sagði að það væri þó vænlegt til þess að hugsa að heimurinn þróaðist þrátt fyrir tilverknað stjórnmálamanna.

Ég tala hér, herra forseti, til þess að kynna brtt. sem ég hef í huga að flytja við fjárlög en ekki fyrr en við 3. umr. og ekki nema tilefni sé til. Þessi brtt. er við 4. gr. frv., við liðinn 08-271, þ.e. þann hluta þess útgjaldaliðar sem snýst um sjúkratryggingar. Gengur brtt. út á það að hækka þann lið úr 9 milljörðum 849 millj. 172 þús. kr. í 12 milljarða 270 millj. 921 þús. kr.

Síðan mun ég leggja til að liðirnir 08-384 og 08-388 falli niður. Þetta eru liðirnir Borgarspítalinn í Reykjavík og Ýmis sjúkrahús. Hér er um það að ræða að ég hef í huga að flytja brtt. við fjárlögin um það að hætt verði við þau áform sem enn eru uppi um að koma 13 sjúkrahúsum á bein fjárlög eins og kallað er. Ástæðan fyrir því er sú að ég tel að enn þá liggi ekki fyrir þær röksemdir í þessu máli sem réttlæta þessa breytingu og þó að þetta hafi verið fyrirhugað í fyrra og þó að menn hafi þá látið undan gagnrýni og ákveðið að fresta þessari breytingu um eitt ár hafa menn að mínu mati ekki notað þann tíma mjög vel því að það hafa ekki komið þau gögn fram í þessu máli sem sannfæra mann um að á ferðinni sé aðgerð sem endilega skilar árangri.

Ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, í grein sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 12. des. og er skrifuð af fyrrv. framkvæmdastjóra Borgarspítalans. Hann lýsir þessu máli kannske miklu betur en ég get nokkurn tíma gert. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landssamband sjúkrahúsa hélt fund með heilbrmrh. í des. á s.l. ári til að mótmæla þá fyrirhuguðum flutningi 15 sjúkrahúsa á fjárlög þessa árs sem nú er að líða án nokkurs undirbúnings. Leiddi það til þess að flutningi var frestað og nefnd sett í málið. Nefnd þessi mun hafa skilað áliti sem hefur lítið verið kynnt fyrir aðilum málsins. Þó er talið að í því plaggi sé ekkert um meginatriði málsins. Ástæður fyrir mótspyrnu við að fara á fjárlög voru í fyrra og eru enn hinar sömu. Þær eru kröfur um raunhæfa áætlanagerð sem byggist á skýrri ákvörðun um verksvið hvers spítala og mönnun einstakra deilda samkvæmt því. Það þarf að fylgja traustur framreikningur á verðlagsbreytingum. Þá verður að gera kröfur til þess að til staðar sé í heilbrrn. fagleg stjórnsýsla til trúverðugrar ákvarðanatöku og ráðgjafar. Að uppfylltum þessum skilyrðum eru sjúkrahúseigendur reiðubúnir til að bera ábyrgð á kostnaði sem stofnað er til utan þess ramma. Ekkert af framanrituðu er til staðar og meðan svo stendur er fjarstæða að taka þá fjárhagsábyrgð sem óhjákvæmilega fylgir flutningi á fjárlög. Kröfur þessar eru nú ekki aðrar en flestir gera til sjálfs sín."

Enn fremur segir þessi fyrrv. framkvæmdastjóri og ætti hann nokkuð að þekkja þessi mál:

„Í lok 6. áratugarins var svo komið að sjúkrahús landsins voru komin í þrot vegna óraunhæfra fjárveitinga. Þá lék ríkið þann ljóta leik að halda af ásettu ráði niðri greiðslum til sjúkrahúsa í „sparnaðarskyni", eins og raunar núna, en þá greiddu sveitarfélög 40% rekstrarkostnaðar. Var svo komið að sveitarfélög, sem ráku sjúkrahús, sátu uppi með 30–40% halla, jafnvel þótt hann væri tilkominn vegna sjúklinga frá öðrum sveitarfélögum. Vegna þessara aðstæðna var Landssamband sjúkrahúsa stofnað til að fá leiðréttingu á þessu ófremdarástandi. Fékkst þá fram endurskoðun á lögum um almannatryggingar þar sem sett var á stofn daggjaldanefnd sem hefur það hlutverk að ákveða daggjöld og gjaldskrár sjúkrahúsa á þann hátt að heildartekjur stofnana miðist við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu sem stofnunin veitir.

Nefnd þessi hefur ákveðið daggjöld frá 1. jan. 1969. Fyrsta áratuginn voru afgreiðslur nefndarinnar mjög í samræmi við rekstrarkostnað. Sjaldgæft var að rekstrarhalli væri yfir 4–5%. Síðar, þegar ráðherra fór að krukka í ákvarðanir nefndarinnar með því að seinka gildistöku hækkana, svo og með vaxandi verðbólgu, fóru hlutirnir úr skorðum.

Ég minni á að á þessum árum fram til 1983–84 var öllum opinberum þjónustustofnunum landsins úthlutað gjaldskrám af hálfu stjórnvalda án nokkurs tillits til rekstrarkostnaðar. Þannig voru flest þjónustufyrirtæki sveitarfélaga komin á vonarvöl þegar þessum gjörningum linnti. Má þar til nefna hitaveitur, rafmagnsveitur o.fl. Nú hafa þessi fyrirtæki reist við með eðlilegum viðskiptaháttum. Sala á Hitaveitu Reykjavíkur á þeim tíma þætti varla í dag teljast til heillaráða. Er þetta algjörlega sambærilegt við daggjöld sjúkrahúsa á þessum árum nema að þrengingum sjúkrahúsanna linnti ekki og enn búa þau við þessar aðstæður. Mest hef ég undrast þá stjórnvisku að svo til ekkert starfslið hefur unnið að þessum málum, hvorki fjárhagshlið þeirra né faglegri. Lengst af var einn maður í íhlaupavinnu við alla útreikningsvinnu og upplýsingasöfnun og ekki hefur þótt ástæða til að stofna til neinnar faglegrar stjórnsýslu um sjúkrahúsmál þrátt fyrir stöðugar tilraunir landssambandsins um úrbætur. Að sjálfsögðu hefur þetta sleifarlag leitt til handahófsákvarðana sem lýsa sér aðallega í því að vanáætla daggjöld og bæta síðan vanáætluninni á næsta ár á eftir. Með því að bæta rekstrarhalla á næsta ár er nefndin að sjálfsögðu að viðurkenna getuleysi sitt til réttrar ákvarðanatöku vegna skorts á upplýsingum. Varla er hún að greiða rekstrarkostnað sem stofnað er til utan við eðlilegan rekstur. Með þessum

vinnubrögðum hefur starfsmannasparnaður snúist upp í 50–100 millj. kr. vaxtagreiðslur á ári. En þannig hafa sjúkrahúsin á endanum fengið allan sinn kostnað greiddan.

Engin ástæða er til að ætla að vinnubrögð verði með öðrum hætti við gerð fjárlaga. Þannig er nú í fjárlögum gert ráð fyrir um 5% þenslu á næsta ári og ekki gert ráð fyrir að bæta meiru við verði það raunin. Á sama tíma gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir 10–15% þenslu í sinni fjárhagsáætlun. Það verður ekki með neinu móti gert upp á milli þessara greiðsluaðferða ef sami aðili framkvæmir þær á sama hátt. Hins vegar eru tvö atriði sem skipta meginmáli. Það er að á fjárlögum má slá því föstu að fenginni reynslu að sjúkrahúsin verði látin sitja uppi með rekstrarhalla sem getur orðið til vegna duttlunga embættismanna eða þess að menn vilja ekki afla traustra upplýsinga. Annað er að við flutning á fjárlögum fellur niður öll kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins og þá þarf ekkert að tala við sveitarstjórnir meira um áhrif á þróun mála."

„Ríkisvaldið hefur alla tíð", segir þessi fyrrv. framkvæmdastjóri Borgarspítalans, „verið dragbítur á allan sjúkrahúsarekstur í landinu og hér væri skrýtið ástand ef frumkvæði sveitarstjórna og líknarfélaga hefði ekki komið til. Sagan er svo skýr að sveitarstjórnarmenn hafa enga afsökun ef þeir flýja frá þessu verkefni og láta sjúkrahúsin grotna niður í höndum þeirra sem virðast hvorki hafa vilja né getu til að sinna þeim á viðunandi hátt. Á það má minna að ef ríkið yfirtekur allan sjúkrahúsarekstur er Ísland eina landið vestan járntjalds sem telur sér henta það stjórnkerfi. Öll Norðurlöndin hafa undanfarna tvo áratugi unnið markvisst að því að flytja allan rekstur heilsugæslu og sjúkrahúsa út til sveitarfélaganna, þ.e. þeirra sem gerst eiga að vita hvar skórinn kreppir.

Reykjavíkurborg byggði fæðingardeild í samvinnu við ríkið á fimmta áratugnum og skyldi þátttaka borgarinnar tryggja fæðandi konum fullkomna þjónustu. Eftir tíu ár var stór hluti kvenna farinn að fæða börn sín á göngum og baðherbergjum deildarinnar. Engum fortölum varð við komið. Borgin setti á stofn á eigin kostnað Fæðingarheimilið við Eiríksgötu til að bjarga málum. Var það bráðabirgðaaðgerð sem átti að leysa vandann þar til ríkið sæi að sér. Það starfar enn."

Ástæðan fyrir því að dregið hefur úr eftirspurn eftir plássum á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu er eingöngu sú að dregið hefur úr fæðingum á Íslandi.

„Borgin sinnti illa sjúkrahúsþörf borgarbúa fyrr á árum en þegar hún loks tók til hendinni og hóf byggingu Borgarspítala um 1950 voru veitingar svo knappar af hálfu ríkissjóðs að húsið var aðeins rúmlega fokhelt árið 1962. Þá brast þolinmæði borgaryfirvalda og var ákveðið að hraða framkvæmdum vegna lélegs ástands í sjúkrahúsmálum í borginni. Framkvæmdum var hraðað án alls tillits til fjárveitinga ríkisins og var spítalinn tekinn í notkun árin 1965–1970. Þar lagði borgin til óhemju fjármagn fyrir ríkið sem tók 10–12 ár að fá endurgreitt óverðtryggt, þ.e. skuldin var aldrei borguð. Þetta gerðu menn áreiðanlega ekki að gamni sínu heldur af því að nauðsyn brýtur oft lög. Á sama hátt hafa borgaryfirvöld byggt og rekið Grensásdeild, Arnarholt, Hafnarbúðir, Hvítabandið o.fl. Ríkið tók engan þátt í þessum byggingum."

Allt sem hér er upp talið, og ég sleppi, herra forseti, þó nokkru af því sem höfundur getur hér í grein sinni, var ekki á þeim tíma þegar það var framkvæmt stranglega löglegt samkvæmt bókstafnum en ástæðan fyrir þessum sjálfshjálparaðgerðum Reykvíkinga var sú að Reykvíkingar hafa aldrei sætt sig við sinnuleysi ríkisvaldsins í heilbrigðismálum.

Höfundur þessarar greinar leggur til í niðurlagi greinarinnar það sem flestallir skynsamir menn eru farnir að leggja til í þessu máli. Hann segir:

„Nærtækasta leiðin og sú sem sjálfsagt flestir gætu sætt sig við meðan þessi hringlandaháttur gengur yfir er að fresta öllum breytingum meðan menn eru að ná áttum og endurskoðun fer fram á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á heilbrigðismálum í heild. Þetta mál snertir ekki bara Borgarspítalann heldur öll sjúkrahús landsins."

Nú er það þannig að í þessari umræðu hefur borið hæst málefni Borgarspítalans vegna þess að hann er náttúrlega bæði stór og stærstur hluti þeirra spítala, hvað hlutdeild í fjárlögum snertir, sem færa á af daggjaldafyrirkomulaginu yfir á föst fjárlög. Einnig hefur þótt ástæða til að koma þessari breytingu þannig fyrir í fjárlögum að um Borgarspítalann er fjallað í sérstökum fjárlagalið. Ástæður þess er að finna á bls. 277 í grg. fjárlaganna. Þar segir:

„Vegna stærðar og sérstöðu í samanburði við önnur sjúkrahús er áætlun Borgarspítalans sett fram á sérstökum fjárlagalið en áætlun allra annarra sjúkrahúsa er á fjárlagalið 08-388 ásamt Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum og Sólvangi í Hafnarfirði en þau tvö voru flutt af daggjaldakerfinu í ársbyrjun 1986."

Ég held að fleira búi að baki en bara það að Borgarspítalinn sé stærri og flóknari en önnur sjúkrahús sem þarna um ræðir. Ég held að ástæðuna sé að finna í því að það er ekki aðalmarkmiðið með þessari aðgerð, og þá er ég sérstaklega að fjalla um Borgarspítalann, að breyta hagkvæmninnar vegna. Það hefur t.d. enginn maður komið hér í stól og sannað fyrir okkur að verið sé að framkvæma þessi áform vegna þess að þau sýni fram á miklu meiri hagkvæmni en rekstur spítalans gerir núna. Það hefur t.d. enginn maður þorað að fullyrða það hér í þessum ræðustól að miklu meiri hagkvæmni gæti við rekstur Landspítalans en við rekstur Borgarspítalans. Það eitt ætti náttúrlega að geta sannað mönnum að þetta væri að einhverju leyti gagnlegt.

Nei, ég held að ástæðan fyrir því að þessi aðgerð á að fara svona fram, eins og ráðamenn hafa ætlað sér, er sú að hér er verið að taka undir í fyrsta lagi fylu og ólund borgarstjórans í Reykjavík og í öðru lagi er verið að fullnægja hér ákveðnum sjónarmið-

um, sem nokkuð eru ríkjandi í Sjálfstfl., þ.e. að í raun og veru sé það takmark í sjálfu sér að Sjálfstfl. hafi meirihlutaítök í þeim stofnunum og fyrirtækjum sem ríki og borg stjórna. Það er nefnilega þannig að rekstur borgarsjúkrahússins er í raun og veru ekki nema að nafninu til í höndum borgaryfirvalda. Honum er stjórnað af fimm manna stjórn. Þar sitja tveir fulltrúar starfsmanna, einn fulltrúi minni hlutans í borgarstjórn og tveir fulltrúar meiri hlutans. Það er ekki óalgengt og líklega frekar venja en hitt að starfsmenn og fulltrúi stjórnarandstöðunnar í Reykjavík bindast samtökum eða mynda meiri hluta í stjórn spítalans. Það eru því ekki í raun og veru fulltrúar meiri hluta kjósenda í borginni, eins og menn orða það, sem stjórna spítalanum heldur er það starfsfólk og minni hluti kjósenda. Einhverjir gætu nú sagt sem svo að þetta væri kannske ekkert óeðlilegt þar sem um svona sérstæða stofnun væri að ræða sem spítali er vegna þess að rekstur spítala er náttúrlega allt, allt annað en rekstur nokkurs annars fyrirtækis. Spítalar hafa þá sérstöðu umfram önnur fyrirtæki að þar eiga viðskiptavinirnir líf sitt undir krónum og aurum að því leyti að fjárframlög til spítalans eru að miklu leyti ráðandi um getu hans í þjónustu.

Með því að færa Borgarspítalann á föst fjárlög og með því að samkvæmt því skapast réttur til að setja yfir hann þingbundna stjórn er hægt að ná því marki að starfsmenn hafi minni aðild að stjórnun spítalans og stjórnmálamenn þá meiri og þá sérstaklega sjálfstæðismenn mesta. Er mönnum þá mjög í fersku minni afrek sjálfstæðismanna í stjórnum annarra fyrirtækja eins og t.d. Útvegsbankans.

Ég kallaði þetta í umræðunni hér í gær spillta aðgerð vegna þess að ég tel ekki að fram hafi komið nein þau rök í þessu máli sem réttlæta hana. Aftur á móti blasir það við augum eins skýrt og hver maður vill sjá að borgarstjórinn í Reykjavík, án þess að tala við kóng eða prest, án þess að ráðfæra sig við nokkurn mann, ætlaði einfaldlega fyrir rúmlega viku síðan að ganga til þess verks að selja ríkinu spítalann. Hann gerir kröfu um það að ríkið kaupi spítalann ef spítalinn fer á föst fjárlög. Þetta væru kannske að einhverju leyti skiljanleg viðbrögð hans sem fulltrúa Reykvíkinga í reiði sinni yfir því að það eigi að breyta um rekstrargrundvöll fyrir spítalann, ef þau viðbrögð væru eingöngu fram komin til þess að reyna að knýja fram einhvers konar öðruvísi stjórnarfyrirkomulag, þá væru þau skiljanleg. En þegar hann setur fram þessa kröfu, þá gerist það bara eins og að drekka vatn að fulltrúar ríkisvaldsins kinka kolli og segja: Já, alveg sjálfsagt. Og eftir því sem við fréttum í kvöld mun þegar vera búið að gera bráðabirgðasamning um sölu Reykjavíkurborgar á þessum spítala til ríkisins.

Til þess að réttlæta þetta segja menn: Ríkið greiðir hvort eð er 90% af kostnaði við spítalann og er þá ekki bara eðlilegt að það yfirtaki hann? Menn horfa gjörsamlega fram hjá þeirri staðreynd að Borgarspítalinn í Reykjavík er að selja þjónustu, eins og hvert annað þjónustufyrirtæki. Hann er að selja mjög dýra þjónustu því, eins og ég sagði, þarna er um það að ræða að fólk á líf undir krónum og aurum. Það eru borgarbúar sem greiða þessa þjónustu í gegnum framlög sín til samneyslunnar og að svo miklu leyti sem þeir taka hana út aftur í formi þess að njóta þjónustunnar. Um 75% af þeim sem koma til spítalans eru Reykvíkingar. Það er ekki ríkið sem greiðir þessa þjónustu í þeim skilningi.

Ef fara ætti að nota þetta nýja lögmál Sjálfstfl. í viðskiptum gætum við líka sagt sem svo: Grandi, já, það er fiskvinnslufyrirtæki hér í Reykjavík. Það selur allan sinn afla til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sem flytur þennan afla út. Sölumiðstöðin setur þeim líka ákveðin skilyrði um það hvernig ganga skuli frá þessum afla, í hvaða umbúðum hann eigi að vera og þar fram eftir götunum. Það er eðlilegast að selja Granda Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna því að þeir greiða hvort eð er allan kostnað þessa fyrirtækis.

Það er líka hægt að segja: Hér úti í bæ er fyrirtæki sem heitir Securitas. Það er öryggisgæslufyrirtæki. Stærstur hluti viðskipta þess er við borgina. Borgin greiðir meiri hluta alls kostnaðar þessa fyrirtækis vegna þess að það selur borginni sína þjónustu. Samkvæmt þessu nýja lögmáli hlýtur að vera eðlilegt að borgin kaupi Securitas.

Svona gætum við haldið áfram að skipta upp öllum viðskiptum í okkar atvinnulífi. Sá aðili sem hefur meiri hluta af viðskiptum við eitthvert ákveðið fyrirtæki, hann kaupir það. Menn geta náttúrlega alveg séð fyrir sér hvers lags endaleysa það yrði.

Nei, hérna eru enn eina ferðina forustumenn Sjálfstfl., og það reyndar þeir forustumenn hans sem búið var að telja mönnum trú um að væru hugsanlega fulltrúar frjálshyggjunnar, þeir eru að sanna hér á sig — og þá á ég aðallega við hæstv. fjmrh. og borgarstjóra vorn — þeir eru að sanna á sig að vera það sem ritstjóri Morgunblaðsins, Matthías Johannessen, kallar „frammara“. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér smátilvitnun úr bréfi Matthíasar Johannessens, ritstjóra Morgunblaðsins, til Herdísar. Ég veit ekki hvaða Herdís þetta er en þetta bréf birtist í tímariti nú nýlega. Þar segir þessi gamalreyndi ritstjóri:

„Ég hef áður sagt hér“ — og þá er hann að tala til þessarar Herdísar — „að ég hafi barist fyrir því að slíta tengsl milli Morgunblaðsins og Sjálfstfl. Morgunblaðið átti að vísu mikinn þátt í stofnun Sjálfstfl. en þetta eru tvær ólíkar umbúðir um sömu hugsjón. Ég hef aldrei séð neina ástæðu til að Morgunblaðið væri einhver jólapappír utan um stefnuskrá Sjálfstfl., svo margir frammarar sem þar ríða húsum og met ég þó marga framsóknarmenn mikils. Hef til að mynda stungið upp á því við Denna Hermanns að hann gangi í Sjálfstfl. í skiptum fyrir 7–8 framsóknarmenn í þingflokki Sjálfstfl. Ég held að hann sé að hugleiða þetta. Hann er a.m.k. kominn í Reykjaneskjördæmi sem Sjálfstfl. á nú hálfpartinn.“

Svo mörg voru þau orð. Ekki ætla ég að rengja

ritstjóra Morgunblaðsins um það að þeir eru örugglega 7–8 framsóknarmennirnir í þingflokki Sjálfstfl. Ég yrði ekki hissa þó að þeir fyndust þar fleiri því að mér sýnist að þar hafi alla vega bæst í hópinn sá maður sem maður átti nú síst von á að gengi í þann flokk, þó maður hafi strax farið að líta hann kannske grunsemdaraugum þegar hann gerðist þm. á Suðurlandi.

Í s.l. viku hefur verið gífurlega mikill hiti um þetta borgarspítalamál, eins og það er kallað. Þar hefur ekki nema einn aðili, að því er mér telst til, samsinnt fyrirhugaðri sölu Borgarspítalans og tekið undir kaup ríkisins á honum. Það er borgarfulltrúi Framsfl. Með leyfi forseta les ég hér bókun sem gerð var á borgarráðsfundi fyrr í þessari viku en ekki færð til bókar fyrr en nokkru síðar. Þar segir:

„Í septembermánuði 1982 fluttu borgarfulltrúar Framsfl. tillögu í borgarstjórn þess efnis að borgaryfirvöld tækju upp viðræður við heilbr.- og trmrn. um yfirtöku ríkisins á rekstri Borgarspítalans. Að frumkvæði sjálfstæðismanna var þessi tillaga felld með rökstuddri frávísunartillögu þar sem því var haldið fram að Reykvíkingar hefðu af því beina og augljósa hagsmuni að spítalinn yrði áfram rekinn af Reykjavíkurborg. Núna, fjórum árum síðar, hefur borgarstjórinn sjálfur haft frumkvæði að sams konar tillögu og framsóknarmenn og ber að fagna sinnaskiptum hans. Skýrslan „Athugun á rekstri Borgarspítalans“ sannar það, sem borgarfulltrúar Framsfl. hafa haldið fram um árabil, að endurskoða þyrfti allan rekstur Borgarspítalans.“

Hér kemur það fram sem fleiri hefur grunað að Sjálfstfl. hefur greinilega ekki haft of gott af því að sitja jafnlengi í stjórn með Framsfl. og hann hefur gert því að maður fær ekki betur séð en að menn innan þess flokks séu gjörsamlega hættir að átta sig á því hvað er framsókn og hvað er sjálfstæði.

Ég sagði áðan, herra forseti, að ég hefði ekki fundið eina einustu tilvitnun í blöðum sem fjallar á jákvæðan hátt um þessa fyrirhuguðu yfirtöku ríkisins á Borgarspítalanum, en í Dagblaðinu þann 10. des. s.l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir nokkrum árum, þegar Davíð Oddsson sóttist eftir því að verða borgarstjóri í fyrsta skipti, var efnt til kosninga í Reykjavík. Auk Davíðs buðu fram nokkrir flokkar, þar á meðal flokkur sem nefndist Framsfl. Meðal stefnumála þessa flokks var sala Borgarspítalans. Þetta þótti svo fyndið að Reykvíkingar héldu lengi vel um magann vegna hláturkasta og Davíð, sem er spaugsamur maður, var ekki lengi að notfæra sér þennan brandara til að reyta fylgið af framsókn. Var það þó ekki mikið fyrir, enda fóru kosningarnar svo að framsókn rétt slefaði inn einum borgarfulltrúa og hefur svo verið síðan. Nú hafa þau undur og stórmerki gerst að salan á Borgarspítalanum er ekki lengur misheppnað alvörumál hjá framsókn né heldur brandari í augum Davíðs. Borgarspítalinn er til sölu og sjálfur borgarstjórinn er þar helsti sölumaðurinn. Hann vill selja spítalann, mýs og menn, og hefur þessi fyrirhugaða fasteignasala vakið upp mikinn kurr meðal starfsmanna spítalans. Borgarbúar hafa einnig komið af fjöllum, enda ekki spurðir ráða, hvað þá sjúklingarnir sem hafa þó mestra hagsmuna að gæta.“

Ef maður ætti að vera að því leyti bara einfeldningslegur í þessu máli og horfa til þess umboðs sem menn tóku á kjördegi, þá er það náttúrlega alveg greinilegt að Davíð Oddsson hefur ekki nokkurt umboð til að selja þennan spítala, ekki nokkurt, því að í þessum kosningum kusu menn hér í Reykjavík einmitt um þá hugmynd að selja Borgarspítalann. Og menn höfnuðu henni. Menn höfnuðu henni gjörsamlega. Þannig að ef nokkur sómi væri í borgarstjóranum í Reykjavík þá gæti hann að vísu selt Borgarspítalann, en hann yrði þá líka að segja af sér sjálfur. Því þar með er hann búinn að fyrirgera því umboði sem hann fékk í kosningunum síðast. Nú nýt ég þess náttúrlega að hæstv. borgarstjóri getur ekki svarað fyrir sig hér og það er þess vegna kannske ekki sanngjarnt að hamast á honum hér. En það er þó staðreynd í þessu máli sem ekki verður neitað að Reykvíkingar höfnuðu hugmyndinni um sölu Borgarspítalans í kosningunum 1982 og Davíð Oddsson varð borgarstjóri á því að draga þá menn sundur og saman í háði sem ætluðu sér að selja Borgarspítalann. Og í seinustu kosningum datt ekki nokkrum manni í hug að nefna þessa hugmynd.

Í Morgunblaðinu, föstudaginn 5. des., birtist grein eftir yfirlækni Landakotsspítala og formann heilbr.- og trn. Sjálfstfl. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari grein sinni: „Á þessum vettvangi ætla ég ekki að ræða kosti og galla þessara tveggja greiðslukerfa“ — Og þá er hann að tala um daggjöld eða bein fjárlög. — „Þegar öllu er á botninn hvolft er munurinn í sjálfu sér sáralítill. Það sem skiptir öllu máli er hvernig staðið er að töku ákvarðana um fjármagn.“

Davíð Gunnarsson, forstjóri ríkisspítala, hitti naglann á höfuðið þegar hann sagði í Morgunblaðinu 18. mars 1980: „Stjórnunarleg nauðsyn er að staðreyndir fjárlaga og raunveruleikinn fari saman.“ — Það er kjarni málsins. — „Hvort kerfið heitir föst fjárlög eða daggjöld er ekki aðalatriðið, heldur hitt hvernig staðið er að ákvarðanatökunni sjálfri. Ákvarðanir hins opinbera um þessar fjárveitingar hafa undanfarið verið byggðar á allt of veikum grunni.“

Það hefur t.d. enginn, að því er ég man, minnst á það að eiginlega eina jákvæða röksemdin fyrir því að færa spítala af daggjaldakerfi yfir á bein fjárlög er sú að með því að greiða spítölunum þjónustu sína út úr fjmrn. í krafti beinna fjárveitinga, þá er hægt að fylgja nokkurn veginn eftir verðlagsbreytingum, þ.e. breytingum á kaupgjaldi og þeim kostnaðarliðum sem um ræðir. Það er að ýmsu leyti erfiðara að gera það í daggjaldakerfinu nema þá löngu eftir á. En allt stendur þetta og fellur samt sem áður með því, eins og Davíð Gunnarsson, forstjóri ríkisspítalanna, segir að staðreyndir fjárlaganna og raunveru-

leikinn fari saman, þ.e. að menn byggi áætlanir sínar á einhverjum veruleika.

Síðan segir yfirlæknir Landakotsspítala, Ólafur Örn Arnarson:

„Heilbrigðisnefnd Sjálfstfl. hefur oft rætt um þessi mál og gert um þau samþykktir sem hafa komið fram í landsfundarályktunum. Nú síðast fyrir nokkrum mánuðum sendi nefndin ráðherra eftirfarandi samþykkt:

Sett verði á stofn í heilbrrn. hagdeild sem hafi það hlutverk að safna upplýsingum um heilbrigðisþjónustuna. Deild þessi starfi jafnframt sem ráðgefandi aðili í sambandi við skráningu upplýsinga, hvort sem er faglegs eða fjárhagslegs eðlis. Hún sjái síðan um að vinna úr þessum upplýsingum þau gögn sem nauðsynleg eru þeim sem taka þurfa ákvarðanir um rekstur einstakra stofnana, svo sem spítala, hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva.

Í grg. segir m.a.: Það hefur einkennt mjög umræðu um heilbrigðisþjónustuna að deilt hefur verið um hverjar staðreyndir eru þegar þær ættu að geta legið ljósar fyrir. Það er því mjög nauðsynlegt að heilbrrn. taki hér forustu og láti fara fram könnun á því á hvern hátt þessum málum verði best fyrir komið.

Hvers vegna á Reykjavíkurborg að halda uppi umfangsmiklum spítalarekstri? Sagan segir okkur að ríkið hefur lengst af, sérstaklega framan af, dregið lappirnar í heilbrigðismálum. Reykjavík hefur hingað til ekki getað treyst á algjöra forsjá ríkisins í þessum efnum, ekki síst með tilliti til kjördæmaskipunar landsins og áhrifaleysis höfuðborgarinnar á löggjafann. Því má segja að frá fjárhagslegu skammtímasjónarmiði gæti verið réttlætanlegt að draga saman seglin á þessu sviði en að öllu öðru leyti er mikil áhætta fólgin í þessari ákvörðun fyrir borgarbúa."

Síðan segir höfundur í lok greinar sinnar:

„Ég leyfi mér að leggja til eftirfarandi málamiðlun: Ákvörðun um föst fjárlög fyrir Borgarspítalann verði frestað um eitt ár en ákvörðun um aðra spítala verði látin standa. Hagdeild heilbrrn., sem nú mun vera búið að ákveða að taki til starfa, verði gefið tækifæri til að skoða rekstur Borgarspítalans vandlega og gera tillögur um fyrirkomulag hans fyrir næsta haust." — Nú skortir mig upplýsingar um það hvort rétt er sú fullyrðing að hagdeild heilbrrn. muni bráðlega taka til starfa. Ég minnist þess ekki að hafa séð hennar getið sem kostnaðar í fjárlögum. — „Standi Reykjavíkurborg fast við ákvörðun sína um sölu verði kannað hvort aðrar leiðir í rekstri en sameining við ríkisspítala gætu verið heppilegar, t.d. sjálfseignarstofnun, en slíkt fyrirkomulag hefur reynst mjög vel á Landakotsspítala."

Þetta er skrifað í Reykjavík 2. des. 1986.

Hér tekur yfirlæknir Landakotsspítala undir hugmyndir og ráðleggingar fyrrverandi forstjóra Borgarspítalans og má það nú skrýtið vera ef ráðamenn vilja ekki hlusta á menn sem tala af jafnmikilli reynslu og þessir tveir menn hljóta að gera, og þess þá heldur að þessir menn ættu að hafa nokkurn aðgang að eyrum ráðamanna einfaldlega vegna þess að þeim mætti þó vera treystandi þar sem aðild þeirra að Sjálfstfl. er óvefengjanleg, að því er ég fæ næst komist.

Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hefur ítrekað mótmælt því að Borgarspítalinn verði settur á föst fjárlög og hef ég í því tilefni í höndum bókanir stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, frá 24. okt. 1986, frá 12. sept. 1986 og nú síðast 8. des. 1986, sem ganga allar út á eitt og hið sama, þ.e. að mótmæla þessu fyrirkomulagi og ég fæ ekki betur séð en að ráðamenn, bæði borgarstjóri og ráðherrar, hafi lítið tekið tillit til þessara andmæla, enda kom það aðilum þessarar nefndar jafnmikið á óvart og öðrum borgarbúum þegar borgarstjórinn allt í einu kvað upp úr með það að hann ætlaði að selja ríkinu spítalann og það kom mönnum jafnvel enn þá meira á óvart þegar ríkið allt í einu samþykkti það.

Herra forseti. Um þetta mál hefur þegar verið þó nokkuð mikið skrifað, bæði í blöðum og í skýrslum. Ég ætla mér ekki að vitna í þessar skýrslur í máli mínu, a.m.k. núna, því eins og ég gat um í upphafi máls míns er ég fyrst og fremst að tala um brtt. við fjárlög sem ég ætla mér að flytja við 3. umr. ef með þarf. Ég læt hana náttúrlega liggja ef þarflaust verður.

Ég ætla að vona að það þurfi ekki til að koma. Ég ætla að vona að menn geti hvílst það vel núna um helgina að þeir nái áttum og sjái að það er engin skynsemi í því að ætla að keyra þessar hugmyndir, hvort sem er um að ræða þessa breyttu fjárlagameðferð, að ég tali nú ekki um það stórhneyksli að ríkið yfirtaki Borgarspítalann. Það er engin ástæða til þess að reka þetta mál eins hart og gert hefur verið. Það er engin ástæða til þess að vaða með skítugum skónum upp í andlitið á fólki eins og gert hefur verið í þessu máli. Það er þvert á móti yfirleitt alltaf miklu vænlegra að hlusta á fólk, taka hollum ráðum og taka síðan ákvarðanir sem taka mið af þeim tillögum og þeim hugmyndum sem vænlegast er að sem mest samstaða verði um.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér hafa borist þau boð frá hæstv. forseta að menntmrh. sé sofnaður og láti ekki vekja sig. Ég mun að sjálfsögðu taka það sem góðan og gildan hlut en spyrja hæstv. forseta að því hvort hugsanlegt sé að hann vilji fresta þessum umræðum þar til hann telji að menntmrh. verði aftur vaknaður og mættur hér til starfa því mjög bagalegt er að tala við manninn meðan hann er sofandi. (**Forseti:** Því er til að svara af hálfu forseta að það stendur ekki til að fresta þessari fjárlagaumræðu, enda ekki gert ráð fyrir því. Hitt er rétt, sem kom fram í máli hans, að forseti leitaði eftir því hvort hæstv. menntmrh. gæti verið við þessa umræðu og þau skilaboð sem forseti fékk voru nokkurn veginn á þá leið sem hv. þm. greindi frá og ég sé mér ekki fært að breyta neinu

þar um.) Að sjálfsögðu vil ég ekki verða til að draga úr áliti hv. 2. þm. Austurl. og forseta á hæfileikum hv. 3. þm. Austurl. að hann muni hafa óskerta athyglisgáfu sofandi og geti fylgst með málinu.

Ég hefði viljað gera á því athugun hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. væri sofandi eða hvort hann væri í húsinu og e.t.v. hugsanlegt að hann mundi mæta í þingsal. Mér sýnist að vegna starfa fjvn., sem ég neyðist til að gagnrýna, sé æskilegt að hann sé við. (**Forseti:** Það er verið að athuga það hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. er í húsinu. Ef hann er það, þá er hann örugglega vakandi.) Ég þakka forseta þessar upplýsingar. Þær gleðja mig.

Ég hef ekki staðið mikið í því að elta fjárveitinganefndarmenn eða að flytja brtt. við fjárlög. Bæði er að mér er ljóst að tekjuhlið fjárlaga er ekki í neinu samræmi við útgjaldahlið og því varla miklu á það bætandi að flytja till. um aukin útgjöld.

Hins vegar hlýtur það að vera krafa venjulegra þingmanna að fagleg vinnubrögð eigi sér stað hjá fjvn. Og til að styrkja hana í því að þar eigi sér stað fagleg vinnubrögð hafa verið samþykkt lög á hinu háa Alþingi og vil ég lesa hér 23. gr. sem fjallar um gerð skólamannvirkja og er í grunnskólalögum nr. 63 frá 1974. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð en verður að hljóta samþykki menntmrn. áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag sé að ræða. Menntmrn. ákveður, að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntmrn. lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a. er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;

b. árlega framkvæmdaáætlun sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntmrn., að fenginni umsögn örnefnanefndar."

Að sjálfsögðu hlýtur það að vera verkefni fjvn., sem fulltrúa þingræðisins í landinu, að ganga eftir því að framkvæmdarvaldið virði lög. Það er ekki gert í þessu sambandi. Lögin eru þverbrotin. Það liggja engar áætlanir fyrir sem hægt er að byggja á um uppbyggingu skólamannvirkja. Mestu útgjaldaliðir, heilbrigðismál og menntamál, eru engu að síður í báðum tilfellum með lagaákvæði sem gera ráð fyrir áætlanagerð. Það er ekki gengið eftir þessu og afleiðingin er sú að lögin um opinberar framkvæmdir, þar sem gert er ráð fyrir því m.a. að ekki sé of mikið lagt undir til þess að eitthvað sé klárað á skaplegum tíma, þessi lög eru ekki heldur virt.

Ég hygg að þetta stjórnleysi, þetta skipulagsleysi, hljóti að fara í taugarnar á fleiri þm. en mér. Ég hef litið svo á að það væri hægt að taka mark á fjárveitingum á þann veg að væri farið af stað með fjárveitingu í eitthvert mannvirki mætti gera ráð fyrir því að haldið yrði áfram með fjárveitingu í viðkomandi mannvirki nema ákvörðun væri tekin um að hætta við allt saman. Nú ber svo til að í fjárlögum frá 1984, svo dæmi sé tekið, er ákveðið að veita 15 000 í íþróttahús á Ísafirði. Árið 1985 eru veitt 300 000 í íþróttahús á Ísafirði. Árið 1986 eru veitt 250 000 í íþróttahús á Ísafirði og eftir þeirri fjárlagagerð sem nú liggur fyrir virðist annað hvort hafa gerst að húsið sé fullbyggt, íþróttahús upp á 565 þús. kr., og má það undarlegt heita, eða þá að tekin hefur verið ákvörðun um að hætta við bygginguna. Jafnframt eru teknar inn á fjárlög nýjar framkvæmdir á sviði íþróttamála.

Hvers vegna var ýtt á það á sínum tíma að íþróttahús skyldi byggt á Ísafirði? Sú stefnumörkun liggur fyrir með ákvörðun um menntaskóla á Ísafirði að þar skuli rekinn framhaldsskóli fyrir Vestfirði, bæði á sviði bókmenntunar og verkmenntunar, svo sem efni standa til. Það skyldi því engan undra, miðað við þá stöðu sem okkar þjóðfélag er í, í uppeldismálum, vandamálum varðandi fíkniefnaneyslu og margt annað, þó að sá vilji væri til hjá þm. Vestf. að á þeim stað þar sem ákveðið væri að safna saman flestöllum ungmennum Vestfjarða, sem í skólanám ætluðu að fara, þyrfti að koma upp einhverri íþróttaaðstöðu. Það þarf ekki annað en lesa brtt. til að átta sig á því hvar á Íslandi er verið að byggja íþróttahús í dag og hve hinn almenni áhugi fyrir slíkum byggingum er mikill. Engu að síður gerist það að sú ríkisstjórn sem nú starfar virðist hafa tekið ákvörðun um það að hætta við uppbygginguíþróttahúss á Ísafirði, strika það gjörsamlega út af fjárlögum, hvorki meira né minna, nema þá að húsið sé fullbyggt upp á 565 þús. kr.

Ég skil ekki svona vinnubrögð. Það má vel vera að menn séu vansvefta í fjvn. og ég veit að vinnuálag er gífurlegt á mönnum í nefndinni, ég veit það. En hvaða tilgangi þjónar það að standa svona að málum? Hvaða tilgangi þjónar það að veita fyrst 15 þús., svo 300 þús., svo 250 þús. og hætta svo?

Ég hefði áhuga á að varpa fram spurningum til hv. 3. þm. Vestf., einfaldlega vegna þess að hann á sæti í fjvn. Væri hann í húsinu þætti mér vænt um ef forseti kannaði hvort hann væri fáanlegur til að koma í fundarsal. (**Forseti:** Hv. 3. þm. Vestf. tjáði mér áðan að hann mundi fara úr húsinu og ekki koma á nýjan leik fyrr en á næsta degi.) Hv. 3. þm. Vestf. er e.t.v. meiri vorkunn en mörgum öðrum þó að hann gangi snemma til náða. En fróðlegt væri að fá það upplýst hvort það er stefna menntmrh. sem birtist í þeim tillöguflutningi sem hér birtist eða hvort þar er um frumkvæði meiri hl. í fjvn. að ræða eða hvort algjör samstaða hefur verið í fjvn. um þennan tillögu-

flutning.

Ég hygg að umræður sem þessar þyrftu ekki að eiga sér stað hér í þinginu ef fagleg vinnubrögð væru viðhöfð hjá nefndinni, ef treysta mætti því að þegar ákvörðun væri tekin um byggingarframkvæmd væri staðið við það, byggingin væri kláruð og síðan væri tekin önnur ákvörðun. Sá hringlandaháttur, að taka byggingu inn á fjárlög, eyrnamerkja henni fé í þrjú ár og strika svo framkvæmdina út, er svo makalaus að undrun vekur.

Ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. er ljóst hvílíkan bjarnargreiða hann gerir sínum flokksmönnum í þessari ríkisstjórn með svona vinnubrögðum. Ég veit ekki heldur hvort hæstv. forsrh. er ljóst hvaða skilning Vestfirðingar leggja í hvert ríkisstjórn undir hans forsæti sem 2. þm. Vestf. og tekur slíka ákvörðun stefnir yfir höfuð í skólamálum og byggðamálum. Auðvitað getur slíkri ríkisstjórn ekki verið nokkur alvara með að það eigi að reka framhaldsskóla á Ísafirði. Hún hlýtur að gera sér ljósa grein fyrir því að þeir æskumenn sem eru vestra munu hugsa sig um tvisvar margir hverjir áður en þeir taka ákvörðun um að fara í framhaldsskóla sem ekki getur boðið upp á eðlilega aðstöðu til íþróttaiðkunar. Mig undrar að hæstv. menntmrh., Vestfirðingur að ætt og uppruna, skuli hafa sig út í svona vinnubrögð.

Það verður að segjast eins og er að auðvitað getur það verið viss metnaður hjá fjvn. að vilja einskis manns ráð hafa úr þinginu varðandi fjárveitingar og trúa því að þeirra staðarþekking sé slík á málefnum að þar skeiki hvergi. Hins vegar verð ég að segja eins og er að þegar ég hraðlas þessar brtt. við fjárlögin og skoðaði fjárveitingar í öðrum málaflokkum hvarflaði að mér hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 6. þm. Norðurl. e. hefðu haft hnífakaup í myrkri og þetta væri útkoman.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér, herra forseti, orðaskipti mín við hv. formann fjvn. út af þessu máli. Þau orðaskipti hófust í fyrra og það varð framhald á þeirri umræðu fyrir skömmu og ég hef ekki staðið í því að þrefa við hv. 1. þm. Norðurl. v. um fjárveitingar fram og til baka á Vestfjörðum. En með leyfi forseta vil ég lesa upp brtt. við 1. mál, brtt. 320 við brtt. á þskj. 282 við fjárlög 1987. Brtt. er við 37. lið, Bygging íþróttamannvirkja. Á eftir 74. tölul. í b-lið komi nýr tölul., Ísafjörður, íþróttahús, og upphæðin er 5 millj. og 200 þús. kr.

Ég get ekki annað lesið út úr till. fjvn. en að hún líti svo á að lokið sé byggingu íþróttahúss á Ísafirði upp á 565 þús. Þar með sé lokið byggingu íþróttahúss undir liðnum Skólamannvirki. Ég tel að það hús hljóti í alla staði að vera ófullnægjandi hvað stærð snertir hafi það verið byggt og hef því lagt til að hér verði veitt sem fyrsta framlag 5,2 millj. kr. undir liðnum Bygging íþróttamannvirkja. Ég fullyrði að það þarf enginn að óttast að of stórt hús rísi þó að sú fjárveiting verði samþykkt.

Nú er það stundum svo að mál eru það illa undirbúin heiman að, ef ekki hefur tekist samkomulag á milli menntmrn. og heimamanna um hvernig staðið skuli að sameiginlegum framkvæmdum, að það stendur þeim fyrir þrifum. Svo er ekki hvað byggingu íþróttahúss á Ísafirði varðar. Það liggur fyrir undirskrifað samkomulag af Ingvari Gíslasyni og Birgi Thorlacius sem staðfestir að samkomulag hefur náðst á milli menntmrn. og heimaaðila um þetta mál.

Herra forseti. Ég gæti hafið umræðu um marga liði fjárlaga sem ég teldi að mætti standa betur að, en ætla að láta það ógert. Mér er fullkomlega ljóst að fjvn. er ærinn vandi á höndum að skipta þeim fjármunum sem hún hefur, en það bætir ekki úr skák ef ekkert aðhald er haft að framkvæmdarvaldinu, ekkert gert til að þrýsta á að áætlanir séu unnar í þeim útgjaldaliðum fjárlaga sem stærstu upphæðirnar taka til sín. Við höfum áætlanagerð í vegamálum, við höfum hana í hafnamálum, svo nokkur dæmi séu nefnd. Auðvitað setja fjárframlögin á hverjum tíma í skorður hversu hratt miðar, en samt hygg ég að enginn vilji hverfa frá því að notast þar við einhverjar áætlanir eða líða stærstu útgjaldaráðuneytunum þau vinnubrögð að koma sér undan lagalegri skyldu með áætlanagerð. Það er alveg forkostulegt og leiðir til hringlandaháttar í fjárveitingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að ekki gæti það gengið að framkvæmdarvaldið kæmi sér undan því að gera áætlanir. Það leiðir hugann að efni sem hér hefur verið rætt af nokkrum stjórnarandstöðuþingmönnum og það er einmitt munur á daggjaldakerfi við fjármögnun sjúkrahúsa annars vegar og beinum fjárlögum hins vegar. Beinu fjárlögin fela það í sér að menn verða að gera áætlanir og reyna að standa við þær. Daggjaldakerfið felur þetta ekki í sér. Það er þess vegna sem það hefur þróast eins og hv. 3. þm. Reykv. lýsti í kvöld þegar hann tíundaði ókosti þess kerfis, hvernig það hafi gerst árum saman að viðkomandi stofnun tekur ákvörðun um útgjöld sem ríkið eða sá sem borgar hefur engan hlut átt að, en síðan hefur ríkinu verið stillt upp að vegg og orðið að greiða þetta eftir á. Þegar hv. þm. hafði tíundað ókosti daggjaldakerfisins með þessum hætti komst hann að þeirri niðurstöðu að það ætti að halda því áfram.

En hvað um það. Þetta er reyndar atriði sem fleiri og fleiri viðurkenna sem betur fer að sé kannske ekki ástæða til að ræða mikið því að menn hafa áttað sig á að þetta kerfi er úrelt og sjálfsagt að leggja það af, a.m.k. þegar um er að ræða dýr sjúkrahús sem krefjast mikils kostnaðarsams tækjabúnaðar. Auðvitað er þá afar óskynsamlegt að leggja til grundvallar legudagafjölda í slíkum stofnunum. Þetta hafa menn séð vítt um veröldina og eru yfirleitt steinhættir þessu, enda hægt að ná sama árangri með öðrum hætti að sjálfsögðu.

Mig langar til að svara fáeinum spurningum sem lagðar voru fyrir mig. Ein var sú sem hv. 3. landsk.

þm. Guðrún Agnarsdóttir bar fram og var um það hvar í fjárlagafrv. framlag vegna verkefnisins „Heilbrigði árið 2000" væri. Það er að finna undir fjárlagalið sem heitir „Ýmis heilbrigðismál". Þessi upphæð er undir fyrirsögninni „Íslensk heilbrigðisáætlun". Ég hygg að það hafi þótt of langt að bæta við undirfyrirsögninni Heilbrigði árið 2000. En þetta verkefni er undir „Íslensk heilbrigðisáætlun" og það heitir verkefni þeirrar nefndar sem hefur með þetta sérstaklega að gera.

Hv. þm. spurði, eins og reyndar hv. 3. þm. Reykv., um hvort niðurstaða hefði fengist og þá væntanlega um leið hvort ákvörðun hefði verið tekin um sölu Borgarspítalans sem svo er nefnd. Svarið er að það hefur ekki verið gert. Það þýðir auðvitað að ég þarf ekki að eyða tíma í að svara öllum þeim þáttum í máli hv. 8. þm. Reykv. sem fjallaði um að hér hefðu ákvarðanir verið teknar. Það sýnir eiginlega hversu fráleitt er að láta umræður snúast um það, eins og gert hefur verið, að hér hafi ákvarðanir verið teknar um stórmál án þess að ráðgast við kóng eða prest. Ég veit varla um nokkurt mál í seinni tíð sem hefur verið eins rækilega rætt utan þings og innan á starfsmannafundum, borgarafundum, þingfundum, þingflokksfundum og guð má vita hvað. Það er svo rækilega rætt meðal almennings að það er útilokað að segja að ákvarðanir séu teknar án þess að málið hafi fengist rætt.

Hins vegar voru hafðar uppi hæpnar fullyrðingar áður en forsendur lágu fyrir til þess, eins og oft vill verða þegar fréttir eru óljósar og fjölmargir tilbúnir til að fiska í gruggugu vatni og reyna að slá sig til riddara á grundvelli ónógra upplýsinga og viss kvíða um að e.t.v. væri á ferðinni eitthvað sem ætti að nota ég held helst til að klekkja á starfsfólki eða eitthvað slíkt, eins og menn létu sig hafa að ræða um á tímabili, en sem betur fer hafa menn áttað sig á að allt slíkt tal er algjörlega út í hött.

Þetta mál er mjög rækilega rætt og athugað og ég hef skýrt frá því áður að allan tímann hefur verið ljóst af minni hálfu og ég hef sagt það á ýmsum fundum og þar sem ég hef fengið því við komið að mér þykir það vera skilyrði fyrir því að þessi eignayfirfærsla eigi sér stað að með því fylgi rekstrarfyrirkomulag sem leiði til aukinnar hagræðingar. Ég held að það sé algjörlega ljóst að þarna þarf að hagræða hlutum þannig að jafngóð eða betri þjónusta fáist með hinum hagkvæmasta hætti og að fjármagn fari ekki forgörðum í óþarflega kostnaðarsamar starfsaðferðir í sjálfum rekstrinum eða stjórnuninni. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og það er ein af meginskyldum þeirra sem hafa á höndum framkvæmdarvald og það að framkvæma vilja Alþingis, fjárveitingavaldsins sjálfs, að sjá svo um að farið sé eins vel með almannafé og unnt er. Það gildir auðvitað hvort heldur eiga í hlut sjúkrahús, skólar eða aðrar stofnanir. Það er aldeilis ljóst.

Það voru tvær spurningar sem hv. 3. þm. Reykv. spurði. Hann spurði um frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er rétt að fyrir þessu er ekki ráð gert í fjárlagafrv., enda er ákvörðun um að leggja frv. fram með þessari hækkun nýlega tekin og auðvitað verður tekið mið af því og niðurstöðu Alþingis í þessu við 3. umr. fjárlaga. En menn vita auðvitað að það eru sömu röksemdir fyrir þessari hækkun umfram þær 1350 kr. sem gjaldið hefði verið annars. Frv. er um að hækka það úr þeirri upphæð sem eðlilegt hefði verið að hafa það ef ekki hefði komið til meira en verðlagsforsendan, en sú forsenda sem er fram yfir hana er einfaldlega sú að hér sé um verkefni að ræða sem fer vaxandi á næstu árum og landsmenn eru nokkuð sammála um að eðlilegt sé að fjármagnað sé með þessum hætti. Að sjálfsögðu tekur Alþingi afstöðu til þessa á næstu dögum.

Spurt er um hvort ætlunin sé að hafa þjónustu við aldraða áfram í B-álmunni ef ríkið tæki yfir Borgarsjúkrahúsið. Svarið við því er að það er svo sannarlega ætlunin. Fyrir því hefur verið barist á Alþingi hvað eftir annað að fá fjármagn í B-álmuna vegna sárrar þarfar á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Á þeim grundvelli er B-álman reist og einnig fyrir stórfé úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Eins og þeim er ljóst sem þá stofnun hafa heimsótt er hér um að ræða afar vandaða hjúkrunaraðstöðu einmitt fyrir erfiða hjúkrunarsjúklinga þannig að þarna er hin ákjósanlegasta aðstaða fyrir mjög sjúk gamalmenni.

Þá var það eitt atriði enn, sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi, sem ég vil gjarnan leiðrétta. Það er í sambandi við stöðuheimildirnar á Kópavogshæli. Það er rétt að í útreikningi hagsýslunnar í sambandi við þetta hefur orðið viss misskilningur sem ég veit að verður leiðréttur fyrir 3. umr. fjárlaga. Misskilningurinn er fólginn í því að þess var ekki gætt þegar það lá fyrir að það mundi breytast kostnaður vegna matargerðar í spítalanum. Þannig var að matarkostnaðurinn hafði verið greiddur á launalið spítalans eða Kópavogshælis og þegar ákveðið var bjóða matinn út og hann var keyptur að töldu menn, þeir sem unnu hér tæknilega að, að þá væri óhætt að fella út sem svaraði þeim stöðuheimildum er kostnaðurinn á launalið hefði getað greitt, en að sjálfsögðu var ekki unnt að gera það nema kostnaðurinn kæmi annars staðar inn í staðinn. Þetta verður leiðrétt þannig að kostnaðurinn kemur inn á rekstrarlið í staðinn. Þetta vildi ég láta koma fram og enn fremur að bætt hefur verið við gæslumönnum á hælinu einmitt vegna þess að sérstaklega gæslan í húsunum tveimur, næturvarsla, þarf að vera meiri en var á s.l. ári. Þar hefur verið bætt við fólki. Það er mikill misskilningur að það felist í þessu að þarna eigi með nokkrum einasta hætti að sverfa að þessari ágætu stofnun. Því fer fjarri.

Herra forseti. Ég vildi rétt aðeins gefa þessar skýringar á spurningum sem bornar hafa verið fram. Ég held að ég hirði ekki um að elta ólar við ýmiss konar furðulegar staðhæfingar sem fram hafa komið í máli manna og upplestur úr ýmsum fornum gögnum. Upplestur úr þeim gögnum breytir engu. Þegar Landakotsspítali og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri voru flutt á föst fjárlög var enginn fyrirvari

um það. Menn vissu það rétt af tilviljun sama daginn. Það uppgötvaðist allt í einu og var hringt í ofboði norður á Akureyri að skýra frá þessu. Landakotsspítali vissi um þetta tveimur klukkustundum áður en það skeði. Þetta er ekki neinn gamall skætingur. Þetta eru fornar og nýjar staðreyndir.

Ég þakka, herra forseti, fyrir þá þolinmæði sem sýnd er með því að leyfa okkur að vera hérna svo lengi í kvöld og ég hlýt að þakka hv. þingdeildarmönnum að sýna þá þolinmæði að sitja hérna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var mál til komið að við ættum einu sinni fund hv. þm. fram yfir lágnættið. Það mun ekki fara það orð af þessu haustþinghaldi að það hafi verið eitt af þeim annasamari í sögu þingsins. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þó ég sé ekki þingreyndur eða gamall í hettunni á þessum virðulega vinnustað þykist ég þó hafa upplifað og reynt ákveðna þróun sem mér þykir ekki vera af hinu góða. Mér finnst satt best að segja til að mynda þátttaka í 2. umr. um fjárlög til háborinnar skammar. Þá á ég við að hér tala menn yfir tómum stólum og auðum ráðherrabekkjum um einhver mikilsverðustu málefni Alþingis. Þetta mun vera fyrsti kvöldfundur á þessu þingi að slepptum einum útvarpsumræðum. Maður hlýtur að spyrja: Er því svo farið með hv. þm. og hæstv. ráðherra, svo ekki sé talað um ósköpin, að þeir séu orðnir svo kvöldsvæfir að þeir megi ekki vaka eina stund á þessu haustþingi til að taka þátt í þingstörfum? (**Forseti:** Það bendir allt til þess.) Ég átel það harðlega, um leið og ég met það við hæstv. heilbr.- og trmrh. að hafa verið hér í allt kvöld og tekið þátt í umræðum og svarað fyrir sinn málaflokk, að aðrir hæstv. ráðherrar skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera viðstaddir þennan eina kvöldfund og svara fyrir sína málaflokka, vera til viðræðu þegar það á við. Það má vera að hæstv. fjmrh. sé hér einhvers staðar með lappirnar uppi á borði, en hann hefur alla vegana ekki verið mikið inni í þingsalnum það sem af er.

Ég hafði hugsað mér að halda nokkuð ítarlega ræðu og eiga orðastað við nokkra fagráðherra um þeirra málefni og þeirra útreið í þessum fjárlögum, en það hefur kannske ekki mikið upp á sig að tala að þeim fjarstöddum og óvíst að þeir séu mikið iðnari við að lesa þingtíðindi en þeir eru yfirleitt við að mæta á þingfundum þannig að það hefur kannske mest lítið upp á sig. Ég ætlaði því að mæla fyrir þeim brtt. við þessi fjárlög sem ég flyt hér við 2. umr. ásamt með fleiri hv. þm., en fyrst víkja að nokkrum sérstökum viðfangsefnum.

Þessi fjárlög bera með sér að það er kosningaár og það er að ýmsu leyti verið í þeim að reyna að bjarga andlitinu, ef svo má að orði komast, eftir þriggja ára niðurskurð og svelti til mikilvægra málaflokka. Skýrt dæmi um þetta eru framlög til hafnargerðar. Þau eru nú allt í einu hækkuð allverulega. Þó að þau nái reyndar ekki meðaltalsfjárveitingum til þess málaflokks á undanförnum áratug eru þau hækkuð verulega, nánast margfölduð, til þess að sýna lit á kosningaári. Væntanlega eru hv. þm. sumir hverjir, jafnvel ráðherra málaflokksins hæstv., eitthvað feimnir við að fara út í sín kjördæmi og mæta kjósendum sínum eftir frammistöðuna undanfarin ár og sjá því þann kost vænstan að hækka framlögin nú. Þetta er ekki trúverðugur málatilbúnaður og gefur auga leið að það væri öllum fyrir bestu að þetta væri jafnara og meira en einhverjar gusur á árinu síðasta fyrir kosningar.

Hæstv. samgrh. hefði einnig mátt vera hér til að ræða lítillega um fjárveitingar til flugvalla. Hann kann að vera vant við látinn, en ég vil þó leyfa mér að halda því fram að þeir hæstv. ráðherrar sem á annað borð eru í landinu og sæmilega heilir heilsu ættu að sjá sóma sinn í því að vera viðstaddir þessa umræðu.

Ég var á ráðstefnu að hluta til í dag ásamt með hæstv. samgrh. þar sem rædd voru flugmál. Þar var kynnt ný og falleg áætlun sem búið er að vinna upp með ærnu erfiði og þar hafa nefndarmenn setið ekki færri en 65 bókaða fundi til að koma saman mikilli áætlun um hvernig eigi að byggja upp flugsamgöngur á Íslandi. En til þess að það megi takast þarf fjárveitingar. Þeir hafa komist að því, þessir frómu menn, að það þurfi 203 millj. á ári í tíu ár til að koma þessum málum í þokkalegt horf. En hver er niðurstaðan í þessu fjárlagafrv.? Hún er 69 millj. kr. Þannig er hrint úr vör. Á sama deginum og þessi áætlun er kynnt fyrir þingmönnum og öðrum áhugaaðilum um þessi efni er sýnd tala í fjárlagafrv. sem er réttur þriðjungur af því sem þyrfti að vera á hverju ári til þess að áætlunin gæti haldist.

Einnig mætti nefna við hæstv. samgrh., ef hann hefði verið hér, að sá málaflokkur sem líklega flestir tala um nú um stundir síðan loðdýraræktin vék niður í 2. sætið á vinsældalistanum þegar rætt er um ný atvinnutækifæri, ferðamálin, fær nú þá útreið í þessu fjárlagafrv. að einungis þriðja hluta af lögbundnum tekjum er skilað til þess málaflokks. Hitt er hirt í ríkissjóð með skerðingarákvæðum í lánsfjáráætlun. Samt halda menn þessar frómu ræður um hina miklu möguleika í ferðamálum, ekki síst eftir leiðtogafundinn og þá kynningu sem þjóðin fékk af því tilefni.

Ég vil einnig lítillega nefna byggingarsjóðina, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Samkomulag var gert um húsnæðismál í kjarasamningum á s.l. vetri og í framhaldi af því var flutt frv. til nýrra laga um húsnæðismál. Þar komu lífeyrissjóðirnir inn í með mikið fjármagn og gert er ráð fyrir því að það verði næstu árin til þess að stórauka fjárveitingar til húsbygginga í landinu. Menn héldu nánast að himnaríki hefði tyllt sér niður á jörðina, a.m.k. hvað þetta varðaði, og nú mundi ungt fólk og aðrir þeir sem þurfa að standa í húsbyggingum eða húskaupum eiga auðvelt með að koma sér þaki yfir höfuðið. En hver er svo reyndin á þegar fjárlagafrv. lítur dagsins ljós? Jú, það er sú niðurstaða að ríkið ætlar ekki að standa við sinn

hluta af pakkanum. Þó að lífeyrissjóðirnir kaupi nánast allir fyrir tilskilið hlutfall af sínu ráðstöfunarfé mun vanta hátt í 2 milljarða upp á ráðstöfunarfé sjóðanna til þess að viðunandi geti talist miðað við útlánaáætlanir Húsnæðisstofnunar ríkisins, 1–1,5 milljarða hjá Byggingarsjóði ríkisins og 500–600 millj. hjá Byggingarsjóði verkamanna. Ég vil taka fram að ég tel það sérstaklega alvarlegt hversu staðan verður erfið hjá Byggingarsjóði verkamanna vegna þeirrar miklu áherslu sem ýmsir leggja nú á byggingu leiguhúsnæðis, m.a. fjöldamörg félagasamtök í landinu sem hafa kynnt áform sín um verulegar byggingar á næstu árum. Ég á við aðila eins og Samtök aldraðra, Öryrkjabandalag, Félagsstofnun stúdenta og námsmannahreyfingarnar og fleiri slíka aðila sem telja vera mikla þörf fyrir byggingu á leiguhúsnæði fyrir sína skjólstæðinga. Það er alveg ljóst að Byggingarsjóð verkamanna vantar verulegt fjármagn eingöngu til að standa við skuldbindingar sínar sem þegar liggja fyrir, þ.e. umsamin útlán og umsóknir sem liggja inni í sjóðnum, þó að ekki sé nú minnst á þau áform sem ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa um byggingu leiguhúsnæðis og er örugglega full þörf á.

Ég vil lítillega nefna fjárveitingar í þessu frv. til stuðnings- og sérkennslu. Þau mál hafa verið nokkuð til umræðu. Það vill svo til að ég lagði fsp. fyrir hæstv. menntmrh. um þetta efni hér á þinginu í haust. Sem ég var að undirbúa mig undir þessa ræðu, herra forseti, barst mér svarið í hendur. Þar kemur fram, eins og margir fræðslustjórar umdæmanna úti um landið hafa haldið fram, að þeirra hlutur sé nokkuð fyrir borð borinn í fjárveitingum til stuðnings- og sérkennslu borið saman við önnur kjördæmi, þau fræðsluumdæmi sem best fara út úr því efni. Það kemur greinilega fram í þessu svari, sem fróðlegt væri fyrir menn að kynna sér og það gera menn eflaust þegar það birtist prentað á borðum þingmanna, að t.d. Norðurlandsumdæmin, Norðurland eystra og vestra, fá einungis um 50–53% af greindri þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum á sama tíma og Reykjavíkurkjördæmi fær 80%. Hér er auðvitað ólíðandi mismunun á ferðinni sem sæmir allra síst hv. formanni fjvn., Pálma Jónssyni úr Norðurlandskjördæmi vestra.

Það mætti einnig bæta því við að Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi, sem hafa hæst hlutfall af óskum sínum uppfyllt, nota einnig mest sérstofnanir ríkisins á þessu sviði, eins og fram kemur aftar í svarinu. Skýringin á þessu er einföld. Hún er sú að uppbygging þessarar þjónustu var langt á undan hér á þéttbýlissvæðinu og þörfin hafði þegar verið greind og við óskunum orðið áður en sá niðurskurður í þessum efnum hófst sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir þannig að þau kjördæmi sem á eftir urðu í að byggja upp þessa þjónustu og greina þörfina, þau hafa ósköp einfaldlega aldrei fengið fjárveitingar í samræmi við þarfir. Ég lít svo til að það sæmi ekki þingmönnum landsbyggðarinnar og engum hv. þm. að láta svona augljóst misrétti á undirstöðuþáttum eins og fræðslu á grunnskólastigi viðgangast í þjóðfélaginu. Ég tel að þetta svar um stuðnings- og sérkennslu, sem mun birtast á borðum hv. þm. á mánudag væntanlega prentað sem þskj., sanni svo ekki verður um villst að þarna er um misrétti að ræða. Það er um mismunun að ræða. Ég geri ráð fyrir að mönnum hafi ekki verið það ljóst áður, að þessar upplýsingar hafi ekki legið fyrir á aðgengilegu formi, a.m.k. tók það tæpa tvo mánuði að koma þessu svari á sinn stað. En nú hafa menn það og þá geta menn snúið sér að því að uppræta þessa mismunun. Enn er eftir 3. umr. um fjárlög og ég treysti því og ég heiti á hv. fjvn. að fara ofan í þessi mál í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í svari hæstv. menntmrh. og bæta þá úr þeirri mismunun sem þar má lesa.

Síðan vil ég, herra forseti, víkja í fáeinum orðum að þeim brtt. sem ég hef flutt á sérstöku þskj. við fjárlagafrv. Þar hef ég í fyrsta lagi flutt ásamt með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni brtt. um framlög til yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, till. um að hækka þá fjárveitingu um 40 millj. kr. Hér er á ferðinni svonefnd K-bygging sem er það mannvirki á Landspítalalóð sem nú er mest áhersla lögð á samanlagt af öllum aðilum innan ríkisspítalanna og um það ríkir full samstaða að þessi framkvæmd hafi algjöran forgang. Ég vil gera mönnum grein fyrir því að allar áætlanir um úrlausn á húsnæðismálum ríkisspítalanna byggja á að framkvæmdaáætlun um K-byggingu haldist. Ég fullyrði að ef ekki verður bætt úr og tryggt að sá þriðjungur byggingarinnar sem nú er verið að vinna við komist í notkun á 1–1½ ári verður hreint neyðarástand í húsnæðismálum ríkisspítalanna. Ég hef ekki fleiri orð um það tímans vegna, en ég gæti rökstutt það rækilega ef menn hefðu áhuga á.

Það væri einnig fróðlegt að nefna lítillega þær fjárveitingar sem eiga að renna t.d. til viðhalds og til almennra eigna og lækningatækjakaupa á ríkisspítölunum. Ég efast stórlega um að hv. þm. geri sér grein fyrir því hversu neðarlega þessir liðir eru komnir. Ég nefni sem dæmi að til almennra eigna og lækningatækjakaupa er áætlað að verja 57 millj. kr. á næsta ári, en samkvæmt mati sérfræðinga er verðmæti þessara tækja á ríkisspítölunum 1–1,2 milljarðar kr. og eðlilegur endurnýjunartími þeirra 8–10 ár sem þýðir að 100–150 millj. þyrftu að vera til ráðstöfunar á hverju einasta ári bara til endurnýjunar svo ekki sé nú minnst á kaup á nýjum tækjum. Til alls viðhalds á öllum mannvirkjum ríkisspítalanna, allra fasteigna og húsnæðis, á að verja 35 millj. kr. Ég held að öllum hljóti að vera það ljóst, sem hafa séð þau miklu mannvirki sem þar eru, að það er aldeilis fráleitt að ætla ekki meiri peninga en svo í þetta verkefni. Það er vond pólitík að svelta svo eignir ríkisins hvað viðhald varðar að þær liggi undir stórskemmdum og grotni niður og verði ónýtar af þeim sökum þannig að innan tíðar bíði manna stórkostleg átök í að byggja þær upp á nýtt eða endurnýja algjörlega. Með skikkanlegum fjárveit-

ingum til viðhalds mætti forða slíku og það eru mikil óhyggindi hjá þeim, sem eiga eignir, að fara svoleiðis með þær.

Ég vil vegna orða hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan um stöður á Kópavogshæli taka það fram að fyrir mitt leyti kemur það ekki til greina að starfsemi unglingageðdeildarinnar nýju verði tekin upp með stöðum sem fyrir eru innan stofnunarinnar og merktar Kópavogshælinu sérstaklega. Ég segi mig algjörlega frá öllu samkomulagi um það sem stjórnarnefndarmaður á ríkisspítölum að það verði gert, að hefja þessa starfsemi, ef það á að kosta að 12 stöður hverfa af Kópavogshælinu. Ég tel það ekki koma til greina og þó að menn gætu sæst á tímabundið útboð á matargerð á þeirri stofnun þýddi það ekki í ákvörðun stjórnarnefndar að þar með væri samþykkt að stöðuheimildirnar töpuðust stofnuninni, en það mundi auðvitað gerast með þessari ráðstöfun. Ég mun mótmæla því harðlega bæði innan stjórnarnefndarinnar sem ég geri og hér að þessi tilhögun verði viðhöfð og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að fjárlögum verði lokað með þeim hætti. Það væri aldeilis fráleitt að leika þá stofnun, Kópavogshælið, þannig að taka af henni á þessu herrans ári 12 stöðugildi. Ég held að það væri nær að gera annað tveggja, að hefja þar innréttingu á eldhúsi í húsnæði sem þegar er fyrir hendi eða þá taka ákvörðun um að sinna þeirri þjónustu annaðhvort frá eldhúsi Landspítalans eða Vífilsstaðahælis.

Lánasjóður ísl. námsmanna er fjárlagaliður sem menn kannast lítillega við frá fyrri árum. Það er einnig meinlegt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér til að ræða lítillega við hann um þann fjárlagalið. Hann er frægur að endemum fyrir frammistöðu sína í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna og bætti ekki úr fyrir þjóðinni þegar hún hlustaði á kvöldfréttir Ríkisútvarpsins og fékk að heyra hvernig honum hefði gengið við sparnaðaratrennur sínar, en hann stóð gleiður í ræðustól á hv. Alþingi og útlistaði hversu geysilega hann ætlaði að spara með því að reka tiltekna starfsmenn o.s.frv. Niðurstaðan er auðvitað sú að þar hefur allt farið úr böndunum vegna þess að hæfasta starfsfólkið var hrakið þaðan burtu og rekstrarkostnaður stóraukist auk þess sem tafir hafa hlotist af. En hvað fjárhag lánasjóðsins varðar og útlánagetu hans á næsta ári standa mál þannig að hann fær lítillega hækkaða töluna frá í fyrra og þar með væntanlega gert ráð fyrir að skerðingarákvæði af einhverju tagi verði áfram við lýði hvað varðar útlán lánasjóðsins. Mér sýnist að ekki veiti af hækkun sem nemi um 15–18% ofan á fjárveitingar til sjóðsins eins og þær liggja fyrir í fjárlagafrv. og mundu þær þá nokkurn veginn vega upp þær skerðingarreglugerðir sem hæstv. menntmrh. gaf út 3. jan. og 2. apríl á s.l. vetri.

Ég vil einnig í þessu sambandi minna á að nú er nýlega búið að gera kjarasamninga aðildarfélaga Alþýðusambandsins og vinnuveitenda og þar voru lágmarkslaun hækkuð í 26 100 kr. á mánuði, en fyrir liggur að hæstu námslán eru miklum mun lægri. Þau rök sem menn hafa á undanförnum árum stundum fært fyrir því að skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna, sem sagt þau að kjör almennings hefðu verið skert svo verulega að það væri ekki réttlætanlegt að námsmenn fengju námslán sem svaraði fullum framfærslukostnaði, snúa þannig nú að hæstu námslán, hámarksnámslán fyrir einstakling á Íslandi er 21 550 kr. eða 5 þús. kr. lægra en lágmarkslaunin sem nýlega er búið að semja um. Það er því aldeilis fráleitt, að mínu viti, að ætla að loka fjárlögum með þeim tölum til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hér gefur að líta. Það væri í raun og veru að frysta þá skerðingu sem hæstv. menntmrh. greip til á s.l. vetri og gera gott betur þegar litið er til þeirrar hækkunar sem orðið hefur á launum almennings. Ráðherrann hefur ekki sýnt hér á hv. Alþingi enn þá neitt sem snertir breytingar á lögum eða reglum lánasjóðsins og liggur ekki fyrir að neitt samkomulag sé um slíka hluti. Á meðan svo er ekki held ég að menn hljóti að gera ráð fyrir að lánasjóðurinn láni út miðað við gildandi lög í landinu, en þau eru að lána skuli 100% af umframþörf námsmanna miðað við framfærslukostnað þeirra.

Ég hef einnig flutt nokkrar brtt. sem snerta utanrrn. Hæstv. utanrrh. hefur ekki frekar en aðrir látið sjá sig mikið við þessa umræðu í kvöld og gefur því ekki tækifæri til að eiga við hann orðastað, en það hefði þó verið æskilegt vegna þess að ég hef flutt ekki færri en sex brtt. sem snerta hans ráðuneyti, sem snerta fjárlagaliði utanrrn. eða liði og málaflokka sem þar undir færast.

Ég hef í fyrsta lagi flutt brtt. við fjárframlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og væri ástæða til að ræða hvernig þeim málum er komið í höndunum á hæstv. utanrrh. sem tók við samþykkt Alþingis um að auka framlög til þess málaflokks í áföngum þangað til þau næðu þeim fjárhæðum sem við höfum skuldbundið okkur til á alþjóðavettvangi að leitast við að uppfylla. En þetta hefur allt farið heldur niður brekkuna hjá hæstv. utanrrh. Sjálfstfl. og stefnir nú enn niður á við með þessu fjárlagafrv. Það er aldeilis ótækt og í raun þyrfti hækkunin að vera mun meiri en ég hef hér flutt brtt. um. Mér skilst að hæstv. fjvn. sé að huga eitthvað að þessum málum og þá er sjálfsagt að kalla brtt. aftur. Það má segja reyndar um fleiri, sem hér eru fluttar, ef einhver von er um að úr þessum hörmungartölum verði bætt. Þó að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafi e.t.v. ekki í dag áætlanir á sínum snærum um hvernig verja mætti stórlega auknum fjárhæðum er vitað að næg er neyðin í heiminum og engin vandamál væru við að koma miklu meiri fjármunum á framfæri og láta þá nýtast vel. Ég bendi á í því sambandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem við erum aðilar að, eins og Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP, sem að sjálfsögðu mundi þiggja aukaframlög, og sama mætti segja um t.d. Alþjóðabarnahjálparsjóðinn. Báðar þessar stofnanir vinna mjög merkt starf á alþjóðavettvangi við þróunar- og hjálparstörf og værum við Íslendingar fullsæmdir af því að fela þeim

að einhverju leyti að koma framlögum okkar á framfæri þar sem þau væru vel þegin.

Ég hef einnig flutt nokkrar sparnaðartillögur við fjárveitingaliði utanrrn. því ég tel sjálfsagt að við hv. þm. séum ekki síður vakandi fyrir því hvar sé hægt að spara en hinu hvar þurfi meiri fjárveitingar. Ég tel t.d. alveg óhætt að liður 0021 1.30, Þingmannasamtök NATO, falli hreinlega brott. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að í slíku efni, sem uppi eru miklar deilur um og engin samstaða ríkir um á Alþingi, sé verið að kosta milljónum til þess að senda menn í einhverjar lystireisur til Tyrklands eða hvert það nú er sem þeir kjósa að fara hverju sinni. Ef menn hafa mikinn áhuga á að heimsækja þessa lýðræðiselskandi og friðarþjóð, Tyrki, geta þeir gert það fyrir eigin reikning að mínu mati og sama gildir um það ef það er sáluhjálp þeirra nauðsynlegt að gista í flugmóðurskipi. Þá geta þeir einnig borgað fyrir það sjálfir að mínu mati. Það er óþarfi, herra forseti, að undir fjárlagaliðum Alþingis séu færðir slíkir liðir.

Ég tel að það sé hægt að spara verulega í rekstri utanrrn. sjálfs. Þar hefur vaxið upp á örfáum árum mikið bákn sem heitir „Varnarmálaskrifstofa“ og hefur undanfarin þrjú ár á fjárlögum fengið margfalda hækkun á við nokkurn annan fjárlagalið. Jafnvel á sama tíma og fjárlagaliðir eins og „Sérstök matvæla- og neyðaraðstoð“ hefur verið skorin niður hefur verið hrúgað inn stöðugildum í þessari varnarmálaskrifstofu sem ég sé ekki að sé það sem þjóðin þurfi mest á að halda að eyða í um þessar mundir. Ég legg því til að þessi fjárlagaliður verði lækkaður úr 17 millj. 384 þús. kr. niður í 5 millj. og teldi það meira en nóg til þess að hafa einn eða tvo menn til að sinna þeim störfum sem þar eru unnin.

Einnig legg ég til að fjárveitingar til sendiráðs Íslands í Brussel og fastanefndar Íslands hjá NATO verði lækkaðar og sendiráðið í Brussel sett niður á sama plan og önnur hliðstæð sendiráð, fari úr 15 millj. rúmum niður í 11 millj.

Þá er fjárlagaliður í 4. gr. sem númerast 03 401 1.41 og heitir „Atlantshafsbandalagið NATO“. Það er meiningin að eyða hátt í 13 millj. í þann ófögnuð. Ég tel, herra forseti, að þar væri hóflegt að lækka fjárveitinguna niður í 1000 kr. Menn kunna kannske að spyrja af hverju ég leggi ekki til að liðurinn sé felldur út í heild sinni, en ég tel skynsamlegt að hafa þarna eins og 1000 kr. fjárveitingu á næsta ári til að senda ábyrgðarpóst til höfuðstöðvanna þar sem við tilkynnum að við tökum ekki lengur þátt í þessu samstarfi. 1000 kr. ættu að nægja vel fyrir ítarlega rökstuddu bréfi sem mætti vera þó nokkuð þungt. Það ætti samt að komast á leiðarenda fyrir þennan pening.

Að síðustu við liði utanrrn. legg ég til að algjörlega falli niður liður sem mjög hneykslar mig og ég tel satt best að segja hina mestu hneisu að skuli færður inn í íslensku fjárlögin. Það er rekstur ratsjárstöðva Bandaríkjahers á Íslandi. Nú hafa menn fundið upp það snjallræði að færa út og inn tekjur og gjöld þessa fyrirbæris og koma því þar með inn í íslensku fjárlögin. Að mínu viti er algjörlega fráleitt að taka með þessum hætti útgjöld til hermála inn í íslensku fjárlögin og hefur mér vitanlega aldrei verið gert fyrr. Ég mótmæli því alveg sérstaklega, herra forseti, að slíkt skuli vera gert. Ég tel það hneisu og ég krefst þess að þjóðinni verði ekki gert að horfa upp á að lesa um slíka hluti í sínum fjárlögum. Þessar ratsjárstöðvar koma okkur ekki við. Þetta eru hernaðarmannvirki Bandaríkjamanna, kostuð af þeim, byggð af þeim og rekin af þeim að sjálfsögðu. Hvort sem einhverjir Íslendingar koma til með að vinna þar eða ekki er það aldeilis út í hött að færa þennan lið inn í íslensku fjárlögin. Þetta núllast út, eins og menn sjá ef þeir skoða liðinn, þ.e. tekjur og gjöld standast á, þannig að það er auðséð að þetta kemur okkur ekki við hvorki á einn né annan hátt. Ég hef grun um að hv. varaformaður fjvn. hafi í sinni ræðu fyrr í haust gert einhverjar athugasemdir við þetta einnig og ég spyr hv. formann fjvn., hann má svara mér við 3. umr. og þá vonandi með því að tilkynna að hann hafi ákveðið að fella þennan lið niður, hvort það sé ekki meiningin.

Og að síðustu, herra forseti, hef ég flutt eina litla brtt., það er 3. till. á þskj. 290, og hún varðar menntmrn. Þar er inni, að mér skilst, um 1225 þús. kr. fjárveiting til að undirbúa háskólakennslu á Akureyri. Það er ekki sérliður í fjárlögunum heldur er þetta inni í rekstri aðalskrifstofu menntmrn. ómerkt, en það kemur fram í skýringum að þessar 1225 þús. kr. séu svona merktar. Ég tel þetta óeðlilegt og ég flyt því brtt. um að undir aðalskrifstofu menntmrn. komi nýr liður, þar bætist við nýr liður sem heiti „Til að undirbúa og hefja háskólakennslu á Akureyri“. Það er alveg ljóst að fyrir 1225 þús. kr. gera menn ekki hvort tveggja bæði að undirbúa og hefja þá kennslu. Hæstv. menntmrh. hefur þó látið í það skína af og til í skálaræðum að hann ætli að láta hefja þessa kennslu á Akureyri, reyndar átti það að gerast í haust og síðan þá næsta haust. En ég held að ef mönnum er alvara verði að vera til þess fjárveitingar að greiða laun haustmánaðanna þegar sú kennsla færi af stað og ég tel að lágmarkið væri að í þetta hvort tveggja, til að undirbúa kennsluna og hefja hana, væru eins og 5 millj. kr.

Herra forseti. Ég hefði getað og gjarnan viljað reyndar eiga ítarlegri orðastað við ýmsa hér um margt í þessum fjárlögum og út af fyrir sig hef ég aldrei talið það eftir mér að ræða hlutina hér eitthvað fram á kvöldið ef því er að skipta, tel það ekki nema hollt og heilsusamlegt að við æfum það einstöku sinnum að vaka saman eins og eina stund, en það virðist ekki gefa vel byr í það hér í kvöld og þingsalurinn er nú því sem næst að tæmast af fólki. Þó einhverjir séu enn e.t.v. á vappi geispandi í kringum þingsalinn hefur það svo sem ekki mikið upp á sig að vera að reyna að eiga orðastað við þá. Þeir eru sjálfsagt með hugann við eitthvað annað.

En ég ætla þá að ljúka máli mínu eins og ég byrjaði, ekki með því að gera eins og prestarnir að skamma þá fáu sem mættu í kirkjuna heldur með hinu að skamma þá sem ekki voru hér í kvöld til að taka þátt í þessari umræðu. Ég veit ekki hvernig fer með þingstörf yfirleitt þegar fram líða stundir ef þróunin í þessu á að verða svipuð og mér finnst ég hafa upplifað hana, herra forseti, hér þessi fjögur ár, sem ég hef tekið þátt í þingstörfum. Ég hef það á tilfinningunni, eins og ég hef þegar sagt, að verulega hafi aukist kæruleysi manna fyrir þeirri lögboðnu skyldu sinni að sitja þingfundi og taka þátt í þingstörfum, svo fremi sem heilsa þeirra leyfi, eða þá að hitt hefur gerst að heilsu manna hefur mjög hrakað í hópi alþm. þessi fjögur ár sem ég hef unnið í þeim hópi. Sérstaklega þykir mér það slæmt á hversu alvarlegu stigi þessi þróun er hjá hæstv. ríkisstjórn eins og við höfum fengið að upplifa í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

31. fundur, laugardaginn 13. des., kl. 10 árdegis.

Fjárlög 1987, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 304, 272, 302 og 305, brtt. 281, 282, 290, 291, 292, 295, 296, 297, 298, 303, 309, 310 og 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 291,1–3 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 290,I.1 felld með 33:9 atkv.
Brtt. 282,1–2 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 290,III tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 303,1a tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 296a tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 303,1b tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 296b tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,3–4 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 303,2 (aðaltill.) felld með 33:12 atkv.
Brtt. 303,2 (varatill.) tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 298 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,5–22 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 290,II,1 felld með 30:12 atkv.
Brtt. 282,23 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 291,4 felld með 30:16 atkv.
Brtt. 282,24 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 292,1 felld með 32:15 atkv.
Brtt. 291,5 felld með 32:17 atkv.
Brtt. 282,25 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 290,VI tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,26 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 291,6 felld með 34:19 atkv.
Brtt. 282,27–33 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 290,II,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 291,7 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 292,2 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 291,8 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,34–36 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 320 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,37–41 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 290,I,2–3 felld með 41:9 atkv.
Brtt. 290,I,4 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 290,I,5 felld með 40:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GHelg, HS, HG, RA, SkA, SJS, SvG, GeirG.

nei: GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JS, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, KolJ, KSK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StB, StG, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BÍG, BD, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GB, ÞK.

GA, KH, SDK greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (JBH, MÁM, SV, ÁJ, DA, EBS, GSig, GE) fjarstaddir.

03-401 1.13 (UNESCO) samþ. með 48:2 atkv.

03-401 1.41 (Atlantshafsbandalagið, NATO) samþ. með 40:9 atkv.

Brtt. 282,42–43 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 309,1–2 samþ. með 37:1 atkv.
Brtt. 282,44, svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 282,45–53 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 290,II,3 felld með 34:11 atkv.
Brtt. 282,54–66 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 297,1 felld með 30:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, EG, GeirG, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, ÓÞÞ, RA, SDK, SkA, StB.

nei: TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BÍG, BD, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JHelg, JK, MB, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, StH, ÞK.

HÓ, KSK greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (ÁJ, DA, EBS, GSig, GE, JBH, MÁM, SV) fjarstaddir.

Brtt. 290,IV tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282, 67–77 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 281 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,78–82 samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 290,V tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,83–90 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 295 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,91–92 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 297,2 tekin aftur til 3. umr.

09-999 1.18 (blaðastyrkur) samþ. með 30:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞS, AS, EG, GeirG, GB, GJG, GA, GHelg, HÁ, HÓ, HS, HG, IG, JS, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SDK, SkA, StG, StH, SJS, SvG.

nei: VI, AG, BÍG, BD, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GGS, HBl, KolJ, KH, KSK, MB, ÓE, GHG, RH, SalÞ, StB, ÞK.

TG greiddi ekki atkvæði.

8 þm. (ÁJ, DA, EBS, GSig, GE, JBH, MÁM, SV) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Þar sem ég skil ekki beiðnina en mér er illa við að vera alveg á móti Halldóri ætla ég ekki að greiða atkvæði.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég stend með frv. hæstv. ríkisstjórnar og segi já.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það liggur fyrir að um langt árabil hafa menn haft frjálsar hendur um afstöðu til þessa liðar og raunar hafa menn að sjálfsögðu frjálsar hendur en það hefur verið samstaða um að menn greiddu ekki endilega atkvæði allir á sama veg þótt í sama flokki væru um þennan lið. **(SvG:** Í hvaða flokki hefur það verið?) Ja, það kannske ríkir ekki eins mikið frjálsræði í öðrum flokkum og Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur á því skilning að þetta mál er afar sérstætt og frá upphafi vega hafa sjálfstæðismenn greitt atkvæði töluvert sitt á hvað um þennan lið, en ég hef verið andvíg honum frá upphafi. **(Forseti:** Nú vantar ekkert annað en vita hvernig þm. ætlar að greiða atkvæði.) Herra forseti. Það er ekkert leyndarmál að ég mun enn sem fyrr segja nei.

Brtt. 282,93–96,1–21 samþ. með 48:1 atkv.

Brtt. 282,96,22 samþ. með 27:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, KSK, PP, PJ, RA, RH, SkA, StG, SJS, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BD, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG.

nei: KSG, KP, KJóh, KolJ, MB, ÓÞÞ, GHG, SDK, StB, EG, GeirG, GJG, GHelg, JS.

KH, ÓE, SalÞ, StH, SvG, BÍG, GA, GGS, HS, HG, ÞK greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (MÁM, SV, ÁJ, DA, EBS, GSig, GE, JBH) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Fjárvöntun í hafnir landsins skiptir tugum ef ekki hundruðum milljóna, þær nauðsynlegustu. Áætlun um höfn á Blönduósi framreiknuð er upp á 337 millj. kr., 1. áfanginn upp á 91 millj. kr. Ég sé ekki að 4 millj. kr. gagni þessari hafnargerð á nokkurn hátt og tel fjármagninu betur varið til ýmissa annarra hafna sem eru í fjársvelti. Því segi ég nei.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á hvaða hvöt hæstv. samgrh. finnur hjá sér til að meina Blönduósingum að sækja sjó. Forsenda fyrir þróun byggðar á Blönduósi er að íbúum sé gert kleift að sækja sjó og þetta er langstærsta þorp á ströndinni sem hefur alls óviðunandi hafnaraðstöðu. Þarna verður að byggja litla fiskihöfn. Kostnaðartölur, sem menn hafa verið að leika sér með, eru mjög orðum auknar. 1. áfangi hafnarinnar er fullnægjandi um langt árabil. Ég hef skilning á því að framtíð Blönduóss er í veði og ég segi já.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hér er óvenjulega að verki staðið við atkvæðagreiðslu að krefjast nafnakalls um einn tiltekinn lið í heildarskiptingu fjárfestingarliðar, að þessu sinni til hafnarmála. Þær tölur sem hér hafa verið nefndar um framkvæmdakostnað eru með þeim hætti að það hafa engar óskir komið fram um að leggja hér í framkvæmd við stóra höfn sem mundi e.t.v. kosta yfir 300 millj. og engar áætlanir hafa verið gerðar um slíkar framkvæmdir af hálfu heimamanna þó að þær kunni að vera til hjá stórhuga mönnum í þessum efnum eins og hæstv. samgrh. En þær framkvæmdir sem hér er stefnt að að vinna er hafnargarður til að mynda þar litla bátahöfn á milli hafnargarðs og þeirrar bryggju sem til er á staðnum og það er miklu minna verk en hér hefur verið talað um. Ég vænti þess að hv. alþm. breyti ekki þeirri venju að standa að því að samþykkja tillögur sem fram koma úr fjvn. og segi já við þessari till.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það hefur verið höfn á Blönduósi í meira en hálfa öld og verður það áfram. En þessi höfn þarfnast endurbóta eins og aðrar hafnir. Fyrir fimm árum fór fram alveg nákvæmlega eins atkvæðagreiðsla um höfn á Blönduósi hér á hv. Alþingi, sérstök atkvæðagreiðsla að beiðni þess sama sem nú ber fram beiðnina. Þá var samþykkt að veita fjárveitingu upp á 623 þús. sem samsvarar um 3 millj. kr. í dag. Árið eftir var samþykkt samhljóða verulega hærri fjárhæð sem jafngildir um 3,3 millj. í dag og síðan hvert árið 1983, 1984 og 1985. Samtals nema þessar fjárveitingar rúmum 11 millj. kr. á núvirði. Þessi atkvæðagreiðsla í dag um 4 millj. til endurbóta á Blönduóshöfn hlýtur því að koma mjög spánskt fyrir sjónir að ekki sé meira sagt eftir þær fjárveitingar sem veittar hafa verið á undanförnum árum. Ég segi hiklaust já.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Hafnir á Íslandi eru víða brennandi vandamál. Ástandið er víða þannig að það liggur við að þýðingarmiklar hafnir lokist og þær fá ekki viðunandi fé til að halda eðlilegri útgerð og atvinnulíf á viðkomandi byggðarlögum er í hreinni hættu þótt fjárfestingar séu upp á hundruð milljóna. Ég er á móti því að einstakir áhrifamiklir þm. úr ákveðnu kjördæmi geti verið að pota inn sér til áhrifaauka nokkrum milljónum í höfn sem kostar hundruð

milljóna. Ég segi afgerandi nei og er hneykslaður á þessari tillögu.

Brtt. 282,96,23–59 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 309,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 282,97 tekin aftur.
Brtt. 282,98–100 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 291,9 felld með 32:18 atkv.
Brtt. 282,101–102 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 290,II,4 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 282,103–104 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 291,10 felld með 34:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, GeirG, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, KP, KolJ, KH, RA, SDK, SkA, SJS, SvG.

nei: EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, KSG, KJóh, KSK, MB, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StB, StG, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BÍG, BD, EgJ, ÞK.

ÓÞÞ, EH greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (EBS, GSig, GE, JBH, MÁM, SV, ÁJ, DA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að ríkisstjórnin standi við þau loforð sem hún hefur gefið verkalýðshreyfingunni varðandi hófsemd á hækkun taxta opinberra fyrirtækja greiði ég ekki atkvæði.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Þar sem þessi liður er í frekari athugun í fjvn. og hjá ríkisstjórninni að minni beiðni segi ég nei.

Brtt. 282,105 tekin aftur til 3. umr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 290,I,6 felld með 39:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HG, KH, RA, SDK, SkA, SJS, SvG, GeirG, GJG, GA, GHelg.

nei: HÁ, HBl, HÓ, IG, JS, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, KolJ, KSK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StB, StG, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BÍG, BD, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GGS, ÞK.

GB greiddi ekki atkvæði.

8 þm. (JBH, MÁM, SV, ÁJ, DA, EBS, GSig, GE) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér á það að fara að gerast að ratsjárstöðvar, uppbygging og rekstur þeirra, hernaðarmannvirkja, sem algerlega eru kostaðar af fjárveitingum til hermála, bæði uppbygging og rekstur, eiga að færast inn í íslensku fjárlögin. Gjöld og tekjur eiga að jafnast út á núlli þannig að engin einasta króna í þessum fjárlagalið kemur við fjárhag íslenska ríkisins. Hér er á ferðinni hernaðarmannvirki og rekstur þess sem að engri einustu krónu til snertir íslensku fjárlögin. Það kann vel að vera að hæstv. ríkisstjórn hafi á því sérstakan áhuga að skjalfesta dugnað sinn við uppbyggingu hernaðarmannvirkja með því að láta rekstur þeirra koma inn í fjárlögin, en ég legg til að hún reisi þeim dugnaði minnisvarða með einhverjum öðrum hætti en þeim að saurga íslensku fjárlögin með fjárveitingum til hernaðarmála út og inn. Fé til uppbyggingar og rekstrar hernaðarmannvirkja á ekkert erindi inn í íslensku fjárlögin. Slíkt er óhæfa og ég segi því já við till. um að þessi liður falli niður.

Brtt. 291,11 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 310 tekin aftur til 3. umr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er óskað atkvæðagreiðslu um sérstakan lið í 6. gr. frv. Það er liður 3.9 og þann lið er að sjá á bls. 195 í frv. Það er um að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjöld af sérhæfðum tækjum, þ.e. hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum. Ég vænti að menn ruglist ekkert í þessu þó að afruglari sé ekki við hendina.

Svavar Gestsson:

Ég óska eftir því, herra forseti, að fram fari sérstök atkvæðagreiðsla um málsliðinn „Heimildin tekur einnig til búnaðar sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpssendingu slíkra leyfðra útvarpsstöðva."

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það varðar mestu máli að vilji þingsins komi fram í þessum efnum sem öðrum og það þykir ekkert til fyrirstöðu að það fari fram atkvæðagreiðsla um þennan fjárlagalið í tvennu lagi.

Þá skal lesinn upp fyrri hlutinn:

„[Fjármálaráðherra er heimilt] að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhæfðum tækjum, þ.e. hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi, svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem flutt eru inn af aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar hér á landi í atvinnuskyni."

Þetta er fyrri hlutinn sem óskað er sérstaklega atkvæðagreiðslu um, en áður en sú atkvæðagreiðsla fer fram, til þess að menn viti nákvæmlega hvað kemur á eftir, verður nú lesinn sá hlutinn sem eftir er og beðið er um atkvæðagreiðslu sérstaklega um. Hann hljóðar svo:

„Heimildin tekur einnig til búnaðar „decoder" sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpssendingu slíkra leyfðra útvarpsstöðva. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Nú vænti ég að við getum gengið til atlögu við þennan lið.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að ef fyrri liðurinn verður samþykktur sé eigi að síður nauðsynlegt að síðasta málsgr. komi til atkvæða sérstaklega, „Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“ Ég held að það sé nauðsynlegt að þessi setning haldist í frv. ef fyrri málsgr. er samþykkt þannig að ég held að óhjákvæmilegt sé að atkvæðagreiðslan sé í þrennu lagi til þess að öllu réttlæti sé fullnægt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þarna gerir hv. 2. þm. Norðurl. e. ráð fyrir því að fyrri hlutinn, ef atkvæði væri greitt í tvennu lagi, yrði samþykktur en síðari hlutinn yrði felldur. Það er ekki hægt að segja það fyrir fram. Hins vegar er heldur ekki hægt að útiloka það þannig að svo virðist sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hafi lög að mæla og við berum þetta upp í þrennu lagi.

Brtt. 291,12 (fyrsti hluti) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 291,12 (annar hluti) samþ. með 25:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GGS, HBl, JK, KolJ, KSK, MB, ÓE, PJ, GHG, RH, SalÞ, StB, StH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BÍG, BD, EH, EgJ, EKJ, FrS.

nei: GeirG, GJG, GA, GHelg, HÓ, HG, KJóh, KH, RA, SDK, SkA, SJS.

HÁ, IG, JS, JHelg, KP, SvG, TG, EG, FÞ, ÞK greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (GE, HS, JBH, KSG, MÁM, ÓÞÞ, PP, StG, SV, ÁJ, DA, EBS, GSig) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Þar sem ég tel að þetta sé algerlega nauðsynlegur hluti af sendibúnaði til þess að allur almenningur geti notið truflaðra útvarps- eða sjónvarpssendinga í framtíðinni segi ég já.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er satt að segja svolítið undrandi á þessu. Það er náttúrlega nauðsynlegt að menn fari eftir samvisku sinni, ekki síst í atkvæðagreiðslum, en nú get ég ekki verið sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. að krefjast atkvæðagreiðslu um þetta sérstaklega. Mér sýnist að það éti hvort upp annað, þetta sem verið er að greiða um atkvæði núna og síðasti liðurinn sem á að fara að greiða atkvæði um á eftir þar sem síðasti liðurinn hljóðar svo: „Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“ Ég get ekki séð annað en það sé hreinn skrípaleikur að fara þannig að ráði sínu að greiða um þetta atkvæði í þrennu lagi. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 291,12 (þriðji hluti) samþ. með 36 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Afborgunarkaup (159. mál, heildarlög) 1422, 1445.
Almannatryggingar (231. mál, mæðralaun) 1438.
Fjárlög 1987 (1. mál) 1547, 1675.
Fjármögnunarfyrirtæki (170. mál) 1503.
Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri (229. mál, hámark frádráttar) 1408.
Grunnskóli (192. mál, skipun skólanefndar) 1405.
Jarðhitaréttindi (172. mál) 1411.
Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins (245. mál) 1503.
Kaup ríkisins á Borgarspítalanum (222. mál) 1489.
Kaupleiguíbúðir (185. mál) 1504.
Kjaradómur (228. mál) 1414.
Könnun á tannlæknaþjónustu (178. mál) 1503.
Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna (232. mál, afnám laga) 1442.
Listmunauppboð (249. mál) 1519.
Læknalög (168. mál, heildarlög) 1407.
Lögreglumenn (223. mál, verkfallsréttur) 1418.
Myndlistarverkefni (191. mál) 1504.
Rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands (208. mál) 1504.
Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (227. mál, starfsmenn án verkfallsréttar) 1411.
Ríkismat sjávarafurða (246. mál, mat á ferskum fiski) 1513.
Skipulagslög (230. mál, heildarlög) 1521.
Sparisjóðir (205. mál, reglur um lánveitingar) 1546.
Stjórnarskipunarlög (174. mál, heildarlög) 1425.
Tekjuskattur og eignarskattur (198. mál, launaskýrslur o.fl.) 1538.
Tekjustofnar sveitarfélaga (233. mál, lækkun útsvars) 1510.
Tékkar (103. mál, Lánastofnun sparisjóðanna) 1438.
Um þingsköp 1432 (fjarvera ráðherra); 1434 (svör við fyrirspurnum); 1437 (fjarvera þingmanna og ráðherra); 1443 (útbýting mála í deildum); 1502 (viðvera ráðherra).
Um dagskrá 1437.
Varamaður tekur þingsæti 1410.
Viðskiptabankar (204. mál, reglur um lánveitingar o.fl.) 1539.
Virðisaukaskattur (212. mál) 1445, 1510.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1433, 1435, 1436, 1437, 1438, 1493, 1498, 1510, 1680, 1681.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 1444, 1445.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 1410, 1414, 1415, 1417, 1421, 1422.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1637.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1442, 1510, 1512, 1521, 1535.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 1408, 1409, 1411, 1414, 1415, 1445, 1475, 1488, 1600.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 1407, 1438, 1441, 1491, 1498, 1502, 1503, 1664, 1677.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 1435, 1444, 1679.
Landbrh. Jón Helgason 1418, 1420, 1442.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 1594.
Samgrh. Matthías Bjarnason 1437, 1520, 1677.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1513.
Davíð Aðalsteinsson 1406.
Eiður Guðnason 1606.
Friðrik Sophusson 1418.
Geir Gunnarsson 1563.
Guðmundur Bjarnason 1595.
Guðmundur J. Guðmundsson 1515, 1678.
Guðrún Agnarsdóttir 1433, 1473, 1495, 1507, 1630.
Guðrún Helgadóttir 1421, 1495.
Halldór Blöndal 1416, 1507, 1681.
Helgi Seljan 1439, 1443, 1444, 1602.
Hjörleifur Guttormsson 1434, 1436, 1437, 1494, 1527, 1617.
Jóhanna Sigurðardóttir 1504, 1538, 1539, 1546.
Jón Baldvin Hannibalsson 1414, 1466, 1483, 1489.
Jón Kristjánsson 1438.
Karvel Pálmason 1433, 1579.
Kjartan Jóhannsson 1532, 1543, 1609.
Kolbrún Jónsdóttir 1496.
Kristín Halldórsdóttir 1574.
Ólafur Þ. Þórðarson 1415, 1416, 1420, 1421, 1422, 1425, 1498, 1660, 1679.
Páll Pétursson 1417, 1437, 1472, 1494, 1677.
Pálmi Jónsson 1547, 1677, 1678.
Ragnar Arnalds 1626, 1678.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1501, 1619.
Skúli Alexandersson 1405.
Stefán Benediktsson 1409, 1493, 1502, 1651, 1682.
Steingrímur J. Sigfússon 1667, 1679.
Svavar Gestsson 1412, 1422, 1432, 1434, 1435, 1455, 1481, 1489, 1496, 1500, 1511, 1638, 1680.
Tryggvi Gunnarsson 1667, 1682.

EFRI DEILD

19. fundur, mánudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Tékkar, 3. umr.

Stjfrv., 103. mál (Lánasjóður sparisjóðanna). — Þskj. 105.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 334).

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222, n. 284.

Frsm. iðnn. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar. Þetta frv. fjallar einungis um að samræma ákvæði laga um Iðnlánasjóð nýjum lögum um Útflutningsráð Íslands frá 1986. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að einn af tekjuliðum ráðsins séu tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum 55/1984, um breytingar á Iðnlánasjóði, en í þeim lögum er talað um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins sem nú hefur verið lögð niður og frv. fjallar einungis um að setja inn í lögin Útflutningsráð Íslands í staðinn fyrir Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Nefndin lagði einróma til að frv. yrði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163, n. 285.

Frsm. iðnn. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv. til meðferðar. Í frv. þessu er lagt til að lögum um Iðntæknistofnun Íslands verði breytt á þann veg að stofnuninni verði heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum er hagnýti niðurstöður verkefna sem stofnunin vinnur að.

Það skal tekið fram að frv. þetta er flutt að ósk Iðntæknistofnunar sem telur þá helstu kosti fylgja þeim breytingum sem hér eru lagðar til að þátttaka Iðntæknistofnunar í slíkum fyrirtækjum sem hér um ræðir auki tengsl Iðntæknistofnunar við atvinnulífið og þar með skilning starfsmanna á þörfum þess.

Þá skal og tekið fram að Iðntæknistofnun fær greitt fyrir forvinnu við rannsóknir og við rannsóknaþróun með hlutabréfum. Enn fremur fylgir þessu að nýjar leiðir opnast til frekari rannsókna í samvinnu við slík fyrirtæki.

Það skal tekið fram að aðild Iðntæknistofnunar að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum verður háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnrh. hverju sinni.

Þetta eru meginatriði frv.

Það sem þetta frv. þýðir hefur verið skýrt við 1. umr. og ástæðulaust að fara frekari orðum um það hér.

Nefndin hefur samþykkt einróma að mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 248, n. 288, brtt. 289.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. til l. til breytinga á almannatryggingalögunum. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en leggur til breytingu á því.

Nefndin leggur til að greinin orðist svo:

„Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- og örorkulífeyrisþega, sbr. 52. gr., þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun, sbr. 51. gr., eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.“

Hér er ekki um efnisbreytingar að ræða frá framlögðu frv. heldur er reynt að gera greinina skýrari og markvissari. Þannig er tekið fram að það sé tryggingaráðs að mæla fyrir um notkun heimildarinnar að greiða megi bæði mæðra- og feðralaun, ekki eingöngu mæðralaun, að stuðst skuli við skilgreiningar í 52. gr. á hjúskap, þ.e. að óvígð sambúð sem staðið hefur samfleytt í tvö ár, barn sé til staðar í sambúð eða kona þunguð gefi sama rétt og hefði verið um hjónaband að ræða.

Einnig er nákvæmara að taka fram að eingöngu *megi nota heimildina þegar bætur falla niður*, sbr.

51. gr., en í henni kemur fram hvenær lífeyrisgreiðslur falla niður við vistun á stofnun í stað þess að vísa til þess að bætur gangi að fullu til viðkomandi stofnunar. Því er ekki alltaf til að dreifa þar sem ýmist er um að ræða að vistmaður ávísi bótum sínum beint til greiðslu dvalarkostnaðar eða sjúkratryggingar greiði vistina að fullu.

Það sakar ekki að taka fram að samkvæmt upplýsingum sem nefndinni voru veittar má ætla að fjöldi þeirra sem gæti fallið undir þetta heimildarákvæði sé á bilinu 20–30, þar af eru tíu í fangavistun. Árlegur kostnaður sem hlýst af samþykkt þessa frv. yrði 3–4 millj.

Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef kynnt og undir nál. rita nefndarmenn í heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 289 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 120, n. 293, brtt. 294.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um það frv. sem hér er til umræðu og nefndin er öll sammála um að mæla með því að það verði samþykkt.

Eins og kemur fram í nál. var kallaður á fund nefndarinnar fulltrúi frá Fiskveiðasjóði. Sendur var aðstoðarforstjóri, Svavar Ármannsson, og gaf hann nefndinni ýmsar upplýsingar um þessi mál og voru þeir aðilar sammála að svo skyldi staðið að málum eins og frv. gerir ráð fyrir nema að nefndin komst að þeirri niðurstöðu eftir viðræður við stjórn Fiskveiðasjóðsins og einnig eftir símasamband við fulltrúa útgerðarmanna, sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta, að gera brtt. við 7. gr., sem er á þskj. 294, og mun þá greinin hljóða svo samkvæmt tillögu nefndarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„7. gr. orðist svo:

Sé innstæða í Stofnfjársjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. málsl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af fjármagnskostnaði skulda er á skipum hvíla hjá Fiskveiðasjóði.“

Um þetta frv. er ekki annað að segja en að það er verið að ljúka þarna framkvæmd vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á sjóðakerfi sjávarútvegsins s.l. vor og þarf þessi sjóður einnig að fá sína meðferð vegna framkvæmda. Þó að við séum komnir í nokkra tímaþröng liggur þannig í þessu máli að svo að öllu sé fullnægt þyrfti þetta að afgreiðast eins og margt annað fyrir áramót. Ég tek þá sök að nokkru á mig að málið hafi sofið of lengi í sjútvn., en mundi fara þess á leit við virðulegan forseta, ef mögulegt væri, að ljúka þessu máli sem fyrst héðan úr deildinni svo að Nd. gæti fengið það til meðferðar.

Um málið hef ég ekkert frekar að segja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 294 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 2. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88, n. 287.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987. Hér er um að ræða eitt af fylgifrv. með fjárlagafrv. og er þetta gamall kunningi þó að hér sé um tímabundna skatta og gjöld að ræða. Afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1987 miðast við þær forsendur að þessum tímabundnu sköttum og gjöldum verði haldið áfram á næsta ári svo sem verið hefur undanfarin ár. Hér er um að ræða skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, húsnæðisgjald, sérstakt tímabundið vörugjald og jöfnunarálag á innflutt hús.

Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. og leggur meiri hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti og munu talsmenn minni hl. gera grein fyrir afstöðu hans hér við þessa umræðu.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er að framlengja ýmsa tekjustofna ríkissjóðs sem eru tímabundnir. Þetta eru gamlir kunningjar sem hér eru á ferð eins og skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og ekki ástæða til að amast við því að sá skattur sé framlengdur, ekki heldur þótt um sé að ræða framlengingu á tímabundnu vörugjaldi og sérstökum breytingum sem gerðar voru á tollskrá. Um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði hef ég það eitt að segja sjálfur að helst hefði ég kosið að gjaldið væri hærra.

En hér er einn skattur á ferð sem hlýtur að orka tvímælis og það er 1% húsnæðisgjald sem lagt er á söluskattsstofn. Ekki það að á margan hátt hafi verið gæfulegt að gjaldið var lagt á til að efla byggingarsjóði ríkisins heldur er einkum sá hængur á þessu máli nú að það er alls ekki lengur ætlunin að verja gjaldinu óskiptu til byggingarsjóðanna.

Það segir í 9. gr.: „Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.“ En það er nokkuð ljóst, ef menn virða fyrir sér fjárlög og sjá hvað byggingarsjóðum er þar ætlað, að þessu gjaldi er alls ekki ráðstafað nema að hluta til í þessu skyni. Af þessari ástæðu treystum við okkur í minni hl. ekki til að greiða atkvæði með þessu ákvæði.

Að öðru leyti er ekki hægt að amast við efni þessa frv. eins og þegar hefur komið fram. Formlegt nál. hefur ekki enn verið gefið út, en þetta er afstaða okkar í minni hl. gagnvart efni frv.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Eins og fram er komið hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur minni hl. ekki gert athugasemdir nema við eina grein þessa frv., þ.e. um húsnæðisgjaldið svokallaða sem komið var á á árinu 1985 í samkomulagi stjórnvalda og stjórnarandstöðu til að leysa úr brýnustu vandamálum húsbyggjenda og húskaupenda. Alls ekki var ætlast til að þetta gjald yrði að föstum skatti, en það virðist einhvern veginn vera þannig að tímabundin gjöld sem lögð eru á eins og það fræga gjald sem talað er um í III. kafla þessara laga, þ.e. tímabundið vörugjald, hafi tilhneigingu til þess að festast jafnvel enn frekar en önnur. En skv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til sjóðs Húsnæðisstofnunar ríkisins verði um 1000 millj. kr. og þessum skatti er ætlað að taka inn nærri 70% þeirra tekna sem til þarf til að standa undir þessu gjaldi umfram það nýja fyrirkomulag sem þegar er orðið á fjáröflun til sjóðsins og þá á ég við skuldabréfakaupin hjá lífeyrissjóðunum.

Við getum ekki samþykkt framlengingu þessa gjalds og munum því ekki taka þátt í að afgreiða a.m.k. þann þátt þessa frv. Að öðru leyti er ekkert annað um þetta frv. að segja en það venjulega, sem kemur nokkurn veginn sem jóla- og nýjárskveðjur til ríkisstjórnarinnar, að óska henni til hamingju með að vera enn einu sinni að framlengja þann skatt sem stjórnarflokkarnir og þá sérstaklega Sjálfstfl. hataðist hvað mest út í og skammaðist hvað mest út í á sínum tíma þegar honum var komið á og í hvert skipti sem hann var framlengdur í tíð annarra ríkisstjórna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur þegar gert grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. á þessu máli, en láðist að taka það fram að minni hl. skipa auk hans hv. síðasti ræðumaður og svo sú sem hér stendur.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Álit okkar á því hefur þegar komið fram og það er gamall kunningi hér á jólaföstunni. Ég vil aðeins láta það koma fram að hvað varðar I. kafla frv. hef ég ekkert við hann að athuga annað en að ég tel gjaldið vera of lágt. Verslun hefur t.d. staðið með miklum blóma hér á landi í góðærinu undanfarið og ég tel að hún geti vel borið hærri álagningu á sínar tekjur en gert er ráð fyrir í frv.

Hvað varðar II. kaflann, um húsnæðisgjaldið, þá var það samkomulag sem um það var gert tímabundið, eins og hér hefur komið fram, og var gjaldið sett á á sínum tíma til að mæta þörfum þeirra sem lent höfðu í vandræðum með afborganir af lánum sínum vegna misgengis lánskjara og kauptaxta. Einnig er ljóst að þetta gjald hefur ekki runnið óskipt til þeirra aðila og svo mun áfram verða samkvæmt hljóðan frvgr. og því mun ég ekki taka þátt í að samþykkja þetta gjald aftur.

Hvað varðar síðasta kafla frv. er ég honum mjög samþykk og vil láta það koma fram að við Kvennalistakonur fluttum í upphafi till. um sérstakar verndunaraðgerðir til að vernda innlendan húsaiðnað.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa orð mín um þetta frv. öllu fleiri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.–13. gr. samþ. með 19 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1987, 2. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24, n. 317, brtt. 264, 311 og 318.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur á nokkrum fundum rætt um þetta mál. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að óhægt er nokkuð um vik að ræða málið. Enda þótt það hafi verið lagt fram strax í október s.l. hefur skammt miðað í umræðum um það, enda kom í ljós í fyrra að ógerlegt var annað en hafa mjög náið og gott samstarf við Nd.-nefnd á síðustu dögum þingsins og eins raunar við fjvn. og samræma þetta mál sjálfum fjárlögunum.

Það spannst nokkur umræða um það þá hvort ekki kynni að vera óeðlilegt að hafa lánsfjárlög í einni nefnd og fjárlögin sjálf í annarri, jafnvel hvort ekki bæri beinlínis að sameina lánsfjárlög og fjárlög í framtíðinni. Þessi umræða heldur vafalaust áfram,

en ég hygg að sá andi ríki nú að menn vilji reyna að hafa svipaðan hátt á afgreiðslu beggja málanna og gert var í fyrra, þ.e. að klára málið ekki út úr þessari hv. deild í dag og kannske ekki heldur á morgun heldur bíða fyllri upplýsinga sem eru á leiðinni, t.d. varðandi hitaveitur og svo sérstaklega að því er varðar þau miklu mál sem tengjast nýgerðum kjarasamningum og viðamiklar breytingar sem verða á fjárlögum og þar með öllum fjármálum ríkisins og líka væntanlega að einhverju leyti lánsfjárlögum alveg undir lok þingsins nú fyrir jól. Það verður kannske dálítið erfitt að samræma þetta, en með góðum vilja hygg ég að það muni takast.

Meiri hl. skilar nál. að sjálfsögðu við þessa umræðu, þó það sé takmarkað eins og ég vík að síðar, en ég hygg að hv. minni hl. hafi gripið til þess ráðs að skila sínu nál. ekki fyrr en milli umræðna. Ég get mjög vel skilið þá afstöðu þar sem málið er enn skemmra á veg komið við 2. umr. þess nú en í fyrra af þeim ástæðum, sem ég áðan greindi, að nýgerðir kjarasamningar útheimta viðamiklar breytingar á fjármálum ríkisins. En þótt ekki sé mjög veigamikið það sem ég hef hér að segja ætla ég engu að síður að rekja það sem gerst hefur í nefndinni.

Eins og fram kom í frv. þegar það var lagt fram er heildarfjáröflun til opinberra aðila, þ.e. fjárfestingarlánasjóða atvinnufyrirtækja, áætluð 15 milljarðar 744 millj. kr. Þar af er ráðgert að afla 7 milljarða 464 millj. innanlands og 8 milljarða 280 millj. kr. erlendis og er þá talið að sem næst jöfnuður muni nást við útlönd. Þessar tölur eiga eftir að breytast eitthvað í meðförum nefndarinnar og eru raunar þegar komnar inn breytingar. Síðan kemur það, sem ég áður hef getið, að þessar tölur geta líka breyst vegna kjarasamninganna sem nýgerðir eru.

Í þessu frv. er lántökuheimildum sveitarfélaganna um 350 millj. kr. vegna hitaveitna ekki skipt vegna ónógra upplýsinga sem væntanlegar eru þó í dag eða í fyrramálið, er mér tjáð, en það var nýverið skipaður vinnuhópur af fjmrh. og iðnrh. til að fjalla um fjárhag þeirra hitaveitna sem langverst eru settar og eiga í gífurlegum fjárhagsörðugleikum sem allir þekkja. Þar er um að ræða Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Fjarhitun Vestmannaeyja. En þegar þessar tillögur hópsins liggja fyrir á nefndin að geta tekið þær til athugunar og afgreiðslu og hafði ég hugsað mér að stinga upp á því við formann hv. fjh.- og viðskn. Nd. að haldinn yrði sameiginlegur fundur nefndanna ef neðrideildarmenn telja það ráðlegt. En þegar gerir þó meiri hl. nefndarinnar tillögur um veitingu ríkisábyrgða fyrir ákveðnum lántökum vegna hitaveitna. Er þar um að ræða Hitaveitu Hveragerðis 45 millj. kr., Hitaveitu Siglufjarðar 12 millj. kr., Hitaveitu Eyra 3 millj. kr., Hitaveitu Egilsstaða og Fella 9 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að veita Hitaveitu Rangæinga ríkisábyrgð fyrir langtímaláni, sem er að fjárhæð allt að 100 millj. kr., hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að skuldbreyta lánum hjá sjóðnum.

Meiri hl. leggur til að inn komi ný grein sem heimilar Útflutningslánasjóði 40 millj. kr. lántöku á árinu 1987. Er þar um að ræða gamla heimild sem ekki hefur verið notuð á þessu ári vegna þess að ekki var þörf á því, en hins vegar er talin þörf á að hafa þetta fjármagn á næsta ári og hygg ég að ekki sé ágreiningur um að þessi heimild verði áfram í lánsfjárlögum.

Fjmrh. hefur á undanförnum árum verið veitt heimild til að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð vegna sölu svonefndra raðskipa. Þetta er gamalt mál sem menn þekkja úr umræðum í þinginu, bæði við umræður um lánsfjárlög og miklu víðtækari umræður. Skipasmíðin hefur farið fram á árunum 1982–1986 en er ekki einu sinni lokið enn þá og viðskiptabankarnir hafa meira og minna fjármagnað þennan kostnað með erlendum skammtímalántökum.

Það er lokið smíði skips á Seyðisfirði og það var selt til Grindavíkur. Ríkisábyrgðasjóður yfirtók fjármagnskostnað að upphæð 15 millj. kr. í tengslum við þá sölu. Tvö skip eru í smíðum hjá Slippstöðinni á Akureyri, eitt í skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts og eitt hjá Stálvík í Garðabæ. Sala þessara skipa er nú ákveðin og við það miðað að ríkissjóður ábyrgist allt að 80% af kaupverði skipanna með sama hætti og gert er hjá Fiskveiðasjóði eða með sömu hlutdeild. Þá er miðað við að Byggðastofnun láni allt að 5% og að 15% komi frá kaupendum. Í ljósi þessara staðreynda er gert ráð fyrir að allt að 600 millj. kr. ríkisábyrgð verði vegna sölu þessara skipa.

Á þessu ári yfirtók Ríkisábyrgðasjóður togarann Merkúr, sem áður hét Bjarni Benediktsson, og var hann seldur til Ólafsfjarðar. Það er verið að breyta skipinu í frystitogara í Noregi og er skipið selt þannig að veitt er ríkisábyrgð fyrir 80% af söluverði og leitað eftir allt að 160 millj. kr. ríkisábyrgð í því skyni, en kaupendur sjálfir fjármagna 20% kaupverðs. Stálvík í Garðabæ hefur óskað eftir ríkisábyrgð á láni allt að 20 millj. kr. til endurskipulagningar á starfsemi fyrirtækisins, er sú endurskipulagning er talin munu kosta um 35 millj. kr. Ráðgert er að veita fyrirtækinu allt að 20 millj. kr. ríkisábyrgð og er það hér lagt til til að afla nauðsynlegs lánsfjár í þessu skyni.

Þá eru að ósk Seðlabankans teknar inn tvær tillögur sem við teljum að hafi í raun ekki efnislegar breytingar í för með sér fyrir afgreiðslu frv. í öllu falli heldur er þar um tæknileg atriði að ræða sem seðlabankamenn telja mikilvæg fyrir þá aðila sem standa að tæknilegri framkvæmd skuldbreytinga erlendis. Þetta er flókið mál, enda margslunginn fjármálaheimur, ekki síst á síðari árum, en vafalaust er þessi lögfesting nauðsynleg, a.m.k. til öryggis fyrir því að hægt sé að nota t.d. skuldbreytingar þar sem samið er um breytta vexti, breytta mynt o.s.frv. og getur í öllu falli ekki skaðað. Þess vegna leggur meiri hl. til að þessar hugmyndir Seðlabanka og heimildir séu lögfestar og vænti ég að ekki sé ágreiningur um að verða við því.

Að því er varðar aðrar brtt. er fram komin brtt.

frá hv. þm. Helga Seljan o.fl. um málefni fatlaðra, skerðingarákvæði í því efni, 18. gr. falli brott. Fjmrh. hefur látið hafa eftir sér að þetta atriði sé í nánari skoðun og raunar lýst því yfir í mínum þingflokki að hann vildi skoða það betur og á ég von á að einhver breyting verði gerð á þessari grein og beini því til flm. hvort hugsanlegt væri að þeir drægju till. til baka til 3. umr. þannig að þá lægi fyrir hvaða samstaða gæti náðst um breytingar eða a.m.k. lægi málið þá skýrar fyrir. Auðvitað er það á þeirra valdi hvað þeir vilja í því efni gera, en ég þykist nokkuð viss um að a.m.k. verði skerðingin sem ákveðin er í þessari grein vegna málefna fatlaðra minni en gert er ráð fyrir og að meiri hl. eða nefndin öll muni flytja brtt. við 3. umr.

Á þskj. 311 er brtt. frá hv. þm. Eiði Guðnasyni varðandi útvarpið. Það er við 27. gr. sem fjallar um að tekjur á árunum 1986–1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum skuli renna í ríkissjóð. Hann leggur til að sú grein falli niður. Hann mun draga þá till. til baka til 3. umr. vegna þess að það mál er einnig í athugun. Fulltrúar frá Ríkisútvarpinu komu á fund í nefndinni sem að vísu var ekki fullskipaður, því miður, en engu að síður gerðu þeir okkur grein fyrir gífurlegum fjárhagsvanda stofnunarinnar og er verið að athuga hvort einhverjar úrbætur megi í því efni gera.

Ég veit ekki hvort það er mun fleira sem þarf að ræða á þessu stigi málsins. Við fáum hér kannske aðalumræðuna um þetta mál síðar í vikunni því að erfitt er að tæma það nú eins og ég áður hef gert grein fyrir. Ég vil þó geta þess að t.d. er komin umsókn frá Ferðamálasjóði sem óskar eftir ábyrgð fyrir 200 millj. kr. erlendri lántöku, eða lántöku sem væntanlega yrði erlend, í stað 100 millj. og fleiri óskir eru í farvatninu sem við tökum til umræðu á fundi í nefndinni væntanlega á morgun.

Að þessu sögðu hygg ég að ég bæti ekki meiru við nema tilefni gefist til, en legg til að brtt. sem hér eru fluttar af meiri hl. verði samþykktar. Frv. verður skoðað á milli 2. og 3. umr. og þá vænti ég þess að góð samstaða geti tekist, bæði milli stjórnar og stjórnarandstöðu og eins milli deilda og við hv. fjvn. þannig að við getum sómasamlega klárað það og bæði frv. til lánsfjárlaga og sjálf fjárlögin verði afgreidd fyrir næstu helgi.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. v., formanni nefndarinnar og frsm. meirihlutaálits, að ekki er hægt annað en leiða hugann að því, a.m.k. þegar maður stendur í þeim sporum sem við stöndum í núna, hvort vinnubrögðin við bæði fjárlög og lánsfjárlög gætu ekki verið betri, hvort þeim er ekki hreint og beint ábótavant. Ég held reyndar að það sé ekki við neinn einn að sakast í því efni. Ég held að þingið þurfi fyrst og fremst að endurskoða skipulag starfsemi sinnar með tilliti til þess að þessi löggjöf, sem er árviss og ekki hægt að hnika til að hún sé samþþykkt á réttum tíma, ekki nema þá vegna gífurlega mikilla afbrigða í aðstæðum, fari einhvern veginn þannig fram að menn viti hvað þeir eru að gera. Þó að hv. 4. þm. Norðurl. færi um það mjög hófsamlegum orðum mátti glögglega á máli hans heyra, og kemur kannske engum á óvart, að raunverulega vitum við afskaplega lítið hvað við erum um að tala því að það vantar bæði upphaf og endi á þetta frv. Það vantar annars vegar í raunverulegar og ábyggilegar upplýsingar um tekjuöflun og það vantar þar með líka endanlegar niðurstöður í áætlaða lánsfjárþörf. Það er staða frv. í dag. Að ræða frv. hérna og skila nál. er í sjálfu sér ekkert annað en yfirlýsing um ákveðinn velvilja gagnvart stjórnvöldum, að vilja greiða götu þeirra eins mikið og maður getur, til þess að þetta mál lendi ekki einhvers staðar úti á svelli. Væri heiftúð og töggur í okkur ættum við hreint og beint að neita að fjalla um frv. fyrr en það hefði fengið endanlega mynd. Þá er ég ekki að tala um spurningar um brtt. við einstakar greinar frv. sem koma frá aðilum innan þings. Ég er að tala um heildarstöðu frv., þ.e. áætlaðar tekjur og áætlaða lánsfjárþörf. Að gagnrýna frv. er þannig í raun og veru gagnrýni sem svífur að því leyti í lausu lofti að það vantar bæði aftan á og framan á þá umræðu.

Þegar eru komnar fram brtt. við einstakar gr. frv. Það er áberandi þegar maður les í gegnum II. kafla, eins og svo oft áður, að skerðingarákvæði virðast einkum og sér í lagi beinast að starfsemi sem við kemur annars vegar menningu og hins vegar því sem maður gæti kallað líknarmálum, þ.e. málefnum þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Það er dálítið áberandi dæmi sérstaklega fyrir íslenska lagahefð að varla eru menn búnir að breyta og samþykkja lögin um kvikmyndamál og Kvikmyndasjóð fyrr en byrjað er að beita skerðingarákvæðum á þau. Nú kann það að vera réttlætanlegt á vissum tímum og ég skal láta ógert að ræða það mál efnislega því ég ber bara hreint og beint ekki skynbragð á það. Það alla vega stingur í augu hve stutt er síðan þessi lög voru samþykkt með ákveðnum tekjuöflunaráformum og áætlunum um tekjur sem af því næðust og síðan er það fyrsta sem maður upplifir eftir það að byrjað er að beita skerðingarákvæðum í lánsfjárlögum.

Það hefur þegar verið minnst á í umræðu á þingi, þá sérstaklega í umræðunni um fjárlög, skerðinguna á framlagi ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs. Því hefur verið mótmælt. Það er ekki með öllu hægt að skilja hvernig menn ætla að sinna annars vegar því verkefni sem mikil áhersla hefur verið lögð á, að auka ferðamannaþjónustu og það sem menn kalla ferðamannaiðnað og samtímis nánast að leggja niður starfsemi Ferðamálaráðs, nema þá að menn ætli að eitthvað allt annað komi þar í staðinn, samtök þeirra sem að ferðamálum standa, óháð fjárveitingum ríkisvaldsins. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að það samræmdist kannske einna helst hlutverki ríkissjóðs að veita þeim aðilum, sem

standa að uppbyggingu ferðamála hér á Íslandi, tæknilega og faglega ráðgjöf við þessa uppbyggingu og það fer ekkert á milli mála að hún hlýtur að kosta peninga.

Sem dæmi um það hver náttúra skerðingarákvæðanna er má benda á 23. gr., um skerðingu framlags til Félagsheimilasjóðs, 25. gr., um skerðingu framlags til Menningarsjóðs, og 26. gr., um skerðingu framlags til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hv. 5. landsk. þm. mun gera grein fyrir brtt. sinni við 27. gr. sem reyndar snýr líka að menningu.

Það er eitt atriði sem mig langar til að fjalla aðeins um hérna sem kannske verður reyndar meira fjallað um við 3. umr. Það hefur komið fram í þeim plöggum sem nefndarmenn hafa undir höndum að nokkrar breytingar eru áformaðar á lántökuvinnubrögðum ríkissjóðs og þá á ég ekki við hvernig þeir taka lán heldur hvaðan. Það hefur komið í ljós að eftir samningana síðustu stendur ríkissjóði til boða að gera samning við lífeyrissjóði um aukna lántöku hjá lífeyrissjóðunum umfram kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Þessi umframlántaka, sem í boði var, var nefnd að mig minnir 1,13 milljarðar króna. Í framhaldi af því er það fram komið líka að ríkissjóður áætlar að semja við lífeyrissjóðina um enn meiri lántöku en þetta og vonast þeir til að ná samningum við lífeyrissjóðina um 2 milljarða lántöku hjá þeim umfram hið lögbundna framlag þeirra til skuldabréfakaupa Húsnæðisstofnunar. Einnig hafa þær upplýsingar komið fram að þegar lífeyrissjóðirnir allir hafa sinnt sínum kaupskyldum á skuldabréfum frá Húsnæðisstofnun muni vera um 2,8–3 milljarðar eftir í sjóðum lífeyrissjóðanna. Þessa upphæð að ⅔ hlutum til ætlar ríkissjóður að reyna að semja um að fá að láni og þá verður ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næsta ári fyrirsjáanlega ekki mikið meira en 800–1000 millj. Tveir þriðju þeirrar upphæðar, sem fyrirhugað er að taka að láni, munu renna beint í ríkissjóð en lítill hluti þeirra fer til afmarkaðra verkefna.

Ég tel að erfitt sé að gera ráð fyrir lántöku af þessu tagi í löggjöf nema þeir samningar, sem til þarf til þess að af þessari lántöku verði, séu þegar um garð gengnir og séu alveg á hreinu því að ég tel að samningsstaða ríkissjóðs við lífeyrissjóðina verði mjög slæm ef löggjöfin er þegar afgreidd áður en til samninga er gengið. Hins vegar verður manni auðvitað spurn, þegar maður stendur frammi fyrir svona áætlunum, hvert menn ætla að leita næst þegar þeir verða þarna nánast búnir að tæma lífeyrissjóðina því að það hlýtur að verða erfitt að leita uppi nýjar lánsfjáruppsprettur hér innanlands þegar búið er að tæma þá alstærstu þeirra.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. meiri hl. mun minni hl. ekki skila nál. við þessa umræðu heldur milli umræðna. Það skýrist einkum og sér í lagi bara af því í hvaða stöðu frv. er, en þingflokkur Alþfl. mun ekki skila brtt. við lánsfjárlagafrv. fyrr en við 3. umr. Þar munum við leggja fram brtt. sem miða að samdrætti í erlendum lántökum og heildarlántökum og við höfum ástæðu til þess að ætla að hægt sé að draga úr erlendum lántökum sem nemur um það bil 1 milljarði og munum leggja fram brtt. þar að lútandi við síðustu umræðu.

Frú forseti. Það er í raun og veru erfitt, eins og ég sagði í upphafi, að ræða þetta frv. á þessum nótum, að gagnrýna það mikið efnislega, einfaldlega vegna þess að við erum raunverulega bara með uppsetningu frv. fyrir framan okkur en ekki efnislegt innihald og þar af leiðandi verður sú umræða að bíða 3. umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ætli fjmrh. sé hér einhvers staðar nálægt þannig að hann heyri umræðurnar? Mér þykir eðlilegt að fjmrh. sé viðstaddur 2. umr. um lánsfjárlög. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra er hér.)

Virðulegi forseti. Nú er lánsfjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar komið til 2. umr. í hv. Ed. þótt vitað sé að það plagg sem við höfum fyrir framan okkur og heitir frumvarp til lánsfjárlaga, ásamt með þeim brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem komið hafa fram við þessa umræðu, komi vart til með að standast tímans tönn. Þar kemur margt til en þó fyrst og fremst stórfelldur hallarekstur ríkissjóðs sem enn er ekki útséð um hversu mikill muni verða á næsta ári. Þar í er einn stærsti óvissuþátturinn, áhrif nýgerðra kjarasamninga á fjármál ríkisins en þeir hafa enn ekki verið reiknaðir inn í fjármáladæmið þótt bæði fjárlög og lánsfjárlög séu komin til 2. umr. hér á Alþingi og fjárlög raunar þegar afgreidd til þeirrar þriðju.

Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hvenær við megum eiga von á því að fá þessa útreikninga til meðferðar hér á Alþingi og minni á það í leiðinni að ekki munu vera eftir nema fjórir eða fimm starfsdagar hér á hæstv. Alþingi áður en jólaleyfi þingmanna hefst. Það eina sem er ljóst á þessu stigi málsins er að halli ríkissjóðs mun ekki minnka vegna þessara kjarasamninga og að sú skuld, sem núv. ríkisstjórn skilar eftirkomendum sínum eftir fjögurra ára fjármálastjórn, verður ekki undir 6 milljörðum kr., líklega öllu meiri ef fram fer sem horfir. Ef einhver vill halda því fram að þetta sé góð fjármálastjórn hefur afstæðiskenningin eignast öflugri talsmenn hér á Alþingi en höfund hennar gat líklega grunað.

Það eru aðeins þrjár leiðir til að eiga við þennan gífurlega halla: Það er frekari niðurskurður á útgjöldum ríkisins, það er aukin skattheimta og það eru auknar lántökur innanlands eða utan. Þótt stærðirnar séu á reiki í fjárhagsdæmi ríkisins þessa stundina er alveg ljóst að þriðja leiðin, auknar lántökur, verður áfram notuð til að mæta rekstrarhallanum og því verða lántökur öllu meiri en fram kemur í þeim drögum að lánsfjárlögum sem hér hafa verið tekin til 2. umr.

Það hefur komið fram í meðferð þessa máls í fjh.- og viðskn. að ríkisstjórnin hyggst seilast enn djarfar en orðið er í fé lífeyrissjóðanna og hyggur þar á stórauknar lántökur og það svo mjög að ástæða er til

að ugga um hag lífeyrissjóðanna og reyndar einnig um hag ríkissjóðs því þegar farið er að reka ríkissjóð fyrir lífeyri fólksins í landinu er ástandið orðið slæmt.

Ekkert hefur enn frést af auknum erlendum lántökum enda ekki líklegt að slíkt sé haft í hámæli af hæstv. ríkisstjórn sem hefur það að yfirlýstri stefnu sinni að auka ekki erlendar lántökur á kjörtímabili sínu. Rétt er þó að taka fram að engan veginn hefur dregið úr erlendum lántökum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Samkvæmt hagtölum Seðlabankans jukust erlendar lántökur úr 52,2% í 54,9% af vergri landsframleiðslu, sem er nýja reikningsaðferðin sem fjmrh. og ríkisstjórn tóku upp fyrir um það bil ári síðan, á milli áranna 1984 og 1985. Og í júní á þessu ári voru löng erlend lán opinberra aðila og lánastofnana orðin rúmir 87 milljarðar kr. Þetta eru ógnvekjandi tölur og það er víst að nýir vendir verða ekki öfundsverðir af því að sópa þessum milljörðum auk þeirra sem safnast hafa á halla ríkissjóðs þangað sem þeir eiga heima, þ.e. að greiða þá.

Og það er ástæða til að spyrja sig í hvað er verið að setja þá fjármuni sem verið er að taka að láni. Það eru að vísu ýmis þjóðþrifamál eins og Byggingarsjóður ríkisins og Lánasjóður ísl. námsmanna en það eru líka mál sem engan veginn eru til þjóðþurftar, allra síst þegar mikið liggur við að draga úr þeim ógnvekjandi skuldum sem ríkisstjórnir síðustu ára hafa steypt íslenska þjóðarbúinu í.

Samkvæmt þeirri lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir er áætlað að taka hvorki meira né minna en 520 millj. kr. að láni til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Óráðsía er eina orðið sem ég hef yfir þá lántöku. Og svo eru það virkjanamálin. Skuldastaða íslenska þjóðarbúsins er að stórum hluta til til komin vegna óhóflegra og rándýrra virkjanaframkvæmda allmörg undanfarin ár, framkvæmda sem hafa ekki skilað þeim arði í þjóðarbúið sem vonir stóðu til. Í stað þess að læra af fenginni reynslu skal enn haldið áfram á sömu braut.

Í þeirri lánsfjáráætlun sem nú liggur fyrir okkur er Landsvirkjun heimilað að taka 400 millj. kr. að láni og samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun munu þessar 400 millj. kr. og gott betur til reyndar, í allt 508,7 millj. kr., verða notaðar til að halda áfram framkvæmdum við Blönduvirkjun og standa straum af fjármagnskostnaði vegna þessarar virkjunar. Hins vegar vitum við, og það vitum við held ég öll sem hér sitjum, að eins og nú stendur er engin þörf fyrir þessa virkjun og ekki heldur fyrirsjáanleg í nánustu framtíð. Viturlegast hefði því verið að leggja þessar framkvæmdir af þar til sýnt yrði að einhver not yrðu fyrir þær en slík fyrirhyggja á greinilega ekki upp á pallborðið hjá núv. stjórnendum ríkissjóðs sem hvergi hvika frá þeirri virkjunar- og stóriðjustefnu sem safnað hefur að okkur meiri hluta þeirra skulda sem nú hvíla á íslenska þjóðarbúinu. Áfram skal haldið og verður ekki betur séð en að hæstv. fjmrh. borgi með glöðu geði þær rúmar 162 millj. kr. sem í ár fara í vaxtakostnað einan vegna þeirra lána sem þegar hafa verið tekin vegna Blönduvirkjunar. Ég sé eftir þessum milljónum, hæstv. fjmrh. Ég hef nóg annað við þær að gera.

Samkvæmt venju er II. kafli lánsfjárlagafrumvarpsins helgaður skerðingum á lögbundnum framlögum til hinna ýmsu málefna og er eins og venjulega hin versta lesning. Ég ætla ekki að fjölyrða um þennan kafla nú, en ég tek fram að ég styð eindregið fram komnar brtt., annars vegar á þskj. 264, sem flutt er af hv. þm. Helga Seljan og fleirum, þess efnis að 18. gr., sem varðar skerðingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, falli niður. Það hefur komið fram bæði hjá frsm. meiri hl. og formanni fjh.- og viðskn. áðan og eins í 2. umr. um fjárlög að þessi mál eru í nánari athugun og fagna ég því og vona að myndarlega verði staðið að þessum málaflokki og þessi skerðingarákvæði með öllu felld niður.

Hins vegar styð ég einnig brtt. á þskj. 311, sem borin er fram af hv. þm. Eiði Guðnasyni, þess efnis að 27. gr. frv. falli niður. Þessi grein kveður á um að tekjur sem Ríkisútvarpið hefur samkvæmt gildandi útvarpslögum af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renni ekki beint til Ríkisútvarpsins heldur í ríkissjóð. Það hafa þegar verið settar á langar ræður hér í hv. deild um þessa grein frv. og ég hef ekki í hyggju að bæta mjög miklu þar við nú. Það er alveg ljóst að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið saumað hressilega að Ríkisútvarpinu og ýmsum öðrum íslenskum menningarstofnunum en það sem er kannske athyglisverðast við þessa grein nú á þessari stundu, einkum og sér í lagi í ljósi þeirra umræðna sem að undanförnu hafa farið fram um málefni Borgarspítalans, er að með þessu er ríkisstjórnin að skerða sjálfstæði Ríkisútvarpsins og virðist þetta bera að sama brunni og það sem ríkisstjórnin hefur haft á orði með Borgarspítalann: Allt skal sett undir miðstýringarhatt ríkisins og sjálfstæði þeirra stofnana sem undir ríkið heyra eða sveitarfélög skert sem því nemur.

Ég vil einnig gera sérstaka athugasemd við 22. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að skerða allverulega framlög til Ferðamálasjóðs og sérstakra verkefna Ferðamálaráðs. Þetta er ótrúlegt fyrirhyggjuleysi í ljósi þess að hér er um mjög arðvænlega grein að ræða sem sést e.t.v. best af því að ferðaiðnaður hér á landi skilaði jafnmiklu á síðasta ári og öll loðnubræðslan í landinu. Jafnframt hefur Alþingi nýverið ályktað um þessi mál, það var í apríl s.l. ef ég man rétt, og þá einróma um að efla ferðaþjónustu hér á landi. Um það bil hálfu ári seinna fáum við svo lánsfjárfrumvarp með skerðingargrein, þar sem gert er ráð fyrir að skerða framlög til þessara málefna. Gæti maður haldið, ef ekki væri betur vitað, að hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri gerði í hv. stjórnarmeirihluta.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki lengri nú. Þetta frv. til lánsfjárlaga er ekki nema drög eins og það liggur fyrir hér við 2. umr. og það er því heldur tilgangslaust að eyða miklu meira púðri á það.

Eins og fram hefur komið hjá hv. 8. þm. Reykv. mun minni hl. fjh.- og viðskn. skila minnihlutaáliti um þetta mál við 3. umr. þess og ég vona að þá verði hér nothæft og umræðuhæft plagg á borðum hv. þingmanna.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram er margt óljóst um þetta lánsfjárlagafrumvarp og við erum í nokkurri þoku með það hverjar niðurstöðutölur þess verða þegar öllu er á botninn hvolft. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að afgreiðsla lánsfjárfrumvarps er ákveðið vandræðamál hér í þinginu. Það er verið að reyna að afgreiða frv. í tengslum við fjárlögin en vegna þess að afgreiðsla á lagafrumvarpi í gegnum deildir gengur miklu hægar fyrir sig en afgreiðsla á fjárlagafrumvarpi í gegnum Sþ. þarf að byrja að afgreiða frv. í deildum löngu áður en menn sjá fyrir endann á því hvernig lögin eiga að líta út og hver verður fjárþörf ríkissjóðs, hver verður lántaka ríkissjóðs til að koma fjárlögunum saman. Þetta er auðvitað sérlega áberandi þegar verið er að afgreiða fjárlög með miklum halla eins og nú er verið að gera. Auðvitað kæmi þetta ekki eins að sök ef svo væri ekki. Núna bíðum við nánast með lánsfjáráætlunina og lánsfjárlög eins og opna óútfyllta ávísun. Við vitum að það verður þörf á að gefa út allmyndarlegan gúmmítékka áður en við stöndum upp til að fara í jólaleyfi vegna þess sem á vantar í fjárlagafrumvarpnu en við vitum ekki hversu hár tékkinn þarf að vera.

Annað er mjög óljóst í þessu máli öllu og það eru áformin um lántökur hjá lífeyrissjóðunum. Eins og hér hefur komið fram er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1987 verði um 6700 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að til byggingarsjóðanna renni um 3700 millj. á næsta ári. Þá eru eftir um 3000 millj. kr. sem óráðstafað er hjá lífeyrissjóðunum en samkvæmt þeim áformum sem nú eru uppi og m.a. einkenna afgreiðslu lánsfjáráætlunar nú við 2. umr. málsins er áformað af hálfu fjmrh. að ríkissjóður taki að láni hjá lífeyrissjóðunum 1300 millj. og fjárfestingarlánasjóði 700 millj., samtals 2000 millj. af þessum 3000 millj. sem eftir eru og er þá ljóst að lífeyrissjóðirnir munu ráðstafa, ef þetta gengur fram, um 85% af sínu ráðstöfunarfé til opinberra aðila.

Ja, öðruvísi mér áður brá má segja um þetta. Ég minnist þess vel þegar ég var í fjmrn. að uppi voru miklir kveinstafir, mikill grátur og gnístran tanna, þegar lífeyrissjóðirnir áttu að gjalda sem lánsfé til opinberra aðila 40% af ráðstöfunarfé sínu. En nú er sem sagt ætlunin að ráðstafa 85% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til opinberra aðila. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að flokkur hæstv. fjmrh., Sjálfstfl., taldi þetta hina verstu ósvinnu og barðist um á hæl og hnakka að þetta fengi að ganga fram, að 40% af fé lífeyrissjóðanna yrðu til opinberrar ráðstöfunar sem lánsfé fyrst og fremst hjá fjárfestingarlánasjóðnum og byggingarsjóðum og það voru höfð uppi stór orð um það hvílík ósvinna væri á ferð. En núna ætlar hæstv. fjmrh. að taka tvöfalt stærri hlut, þ.e. 85% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna án þess að nokkur virðist hafa mikið við það að athuga.

En auðvitað hlýtur maður að spyrja, vegna þess að enn sem komið er eru þetta aðeins áform: Hafa lífeyrissjóðirnir samþykkt þessi áform? Ef svo er ætla ég aðeins að samgleðjast hæstv. fjmrh. Mér er hins vegar spurn: Hafa þeir samþykkt þetta í raun og veru eða er þetta bara óskhyggja hjá hæstv. fjmrh.? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ráðh. komi hér í ræðustól og segi okkur frá því hvort hann er búinn að semja við lífeyrissjóðina um þessi áform eða hvort þetta er einber óskhyggja sem ekki styðst við neinn raunveruleika. Því að ef svo væri þá sjáum við að botninn í þessari lánsfjáráætlun er ekki einu sinni uppi í Borgarfirði, hann er einhvers staðar miklu lengra í burtu og hér eru þá á ferðinni tölur sem ekki er mikið mark á takandi.

Að öðru leyti er ekki að orðlengja um þetta frv. Það felur fyrst og fremst í sér fjöldamörg skerðingarákvæði sem í eðli sínu eru fyrst og fremst fjárlagamál. Margar þessar skerðingar orka mjög tvímælis. Við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega andvígir sumum þeirra, t.d. skerðingunni á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem hv. þm. Helgi Seljan mun gera nánari grein fyrir hér á eftir, eða skerðingunni á framlögum til Ríkisútvarpsins svo annað dæmi sé nefnt, en á hinn bóginn geta slík skerðingarákvæði átt fullan rétt á sér í vissum tilvikum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. frekar, tek undir það sem var sagt hér áðan að í raun og veru er þessi afgreiðsla við 2. umr. meira formsatriði, það eru svo margir lausir endar í þessu máli öllu að við áttum okkur engan veginn á hver útkoman verður fyrr en á síðara stigi.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 311 að flytja brtt. þess efnis að 27. gr. í þessu lánsfjárlagafrv., þessu ófullburða lánsfjárlagafrv. sem nú liggur fyrir til afgreiðslu til 3. umr., að sú grein falli niður. Ég hef áður í umræðum um þetta mál vikið að þessu. Þessi grein fjallar nánar tiltekið um það að svipta Ríkisútvarpið tekjum af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir forsögu þessa máls í örfáum orðum.

Frv. til nýrra útvarpslaga var lagt fram hér á Alþingi haustið 1984. 16. gr. þess frv. gerði ráð fyrir að Ríkisútvarpið hefði þessar tekjur af aðflutningsgjöldum hljóðvarps- og sjónvarpstækja og í athugasemdunum um 16. gr. frv., þar sem fjallað er um fjármál Ríkisútvarpsins, segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tollatekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til tækjakaupa og uppbyggingar dreifikerfis í byrjun og seinna til litvæðingar.

Tekjustofn þessi átti sér stoð í lögum um tollskrá.

Breyting á þeim lögum 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tölul.) veikti þessa stoð með því að gera ákvæðið að heimild til fjmrn.

Heimildarákvæðinu var síðan fargað við endurskoðun tollalaga vorið 1976. Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherrar náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins meðan báðir voru ráðherrar.

Á árunum 1976–1979 voru tekjur þessar skertar nokkuð og féllu að fullu niður árið 1980.

Í ljósi framanskráðs er í 2. mgr. lagt til að bætt verði við megintekjustofna Ríkisútvarpsins aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

Fyrirsjáanlegar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum og er Ríkisútvarpinu því nauðsynlegt að endurheimta umræddan tekjustofn."

Þessar röksemdir voru settar fram þegar fulltrúar hæstv. núv. ríkisstjórnar lögðu fram frv. til útvarpslaga, menntmrh. nánar tiltekið, á haustdögum 1984. Þetta frv. varð svo að lögum með þessu ákvæði í byrjun sumars 1985 og tók gildi 1. jan. 1986. Það kom einnig fram í umræðunum, herra forseti, að fyrirsjáanlegt væri með tilkomu fleiri útvarpsstöðva og fleiri sjónvarpsstöðva að áreiðanlega mundu auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins minnka vegna þess að tilkoma fleiri útvarps- og sjónvarpsstöðva hefur ekki í för með sér að það fjármagn sem fyrirtækin verja til auglýsinga vaxi, heldur hefur þær afleiðingar svo sem gefur auga leið að stærð kökunnar er óbreytt en það koma minni sneiðar og færri í hvers hlut.

Það gerist svo á þessu hausti þegar lánsfjárlagafrv. er lagt fyrir Alþingi að þar er að finna ákvæði um að fella niður þennan tekjustofn Ríkisútvarpsins sem fulltrúar þessarar sömu ríkisstjórnar höfðu lagt til að yrði tekinn upp fyrir svo skömmu síðan. Og ekki bara það, heldur er þetta ákvæði í lánsfjárlögum núna látið vera afturvirkt sem er gagnstætt allri góðri venju í lagasmíð. Það er látið vera afturvirkt til upphafs þessa árs. Það var gert ráð fyrir því að þessar tekjur mundu nema um 50 millj. kr. á þessu ári. Í ljós kom hins vegar, þar sem innflutningur á þessum tækjum sveiflast verulega frá ári til árs, að allt útlit var fyrir að þessar tekjur mundu nema eitthvað í kringum 120 millj. kr. á þessu ári. Nú er það svo að Ríkisútvarpið stendur í ýmsum framkvæmdum, m.a. umdeildri húsbyggingu sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér, en hitt er annað mál að fram undan er endurnýjun á langbylgjustöðinni á Vatnsenda sem væntanlega verður byggð annars staðar, ekki hér í svo miklum námunda við þéttbýlið, heldur væntanlega einhvers staðar fyrir austan fjall. Þessi framkvæmd kostar um 300 millj. kr. Hún er óhjákvæmileg og satt best að segja held ég að forráðamenn Ríkisútvarpsins og ábyrgðarmenn andi léttar í hvert skipti sem veður á borð við það, og jafnvel ekki svo slæmt, sem gekk yfir landið í gær og nótt, andi léttar þegar slíkt veður er gengið niður og möstrin á Vatnsenda enn þá uppi standandi. Það er satt að segja gegn öllum verkfræðilegum reglum að þessi möstur skuli í rauninni enn standa og ég leyfi mér að taka þannig til orða: Guð hjálpi okkur ef þau falla, hrynja áður en ný langbylgjustöð verður reist því þá verður satt að segja óviðunandi ófremdarástand í þessum efnum og til þess má raunar ekki hugsa.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. um að Ríkisútvarpið haldi þessum tekjustofni. Það er alveg ljóst að af hálfu þeirra sem nú stjórna þessum málum virðist ekki vera hugsað sérstaklega hlýtt til Ríkisútvarpsins. Þvert á móti virðist það opinber stefna að gera kost þess rýrari en áður var, gera því erfiðara um að starfa á sama tíma og allt virðist gert bæði leynt og ljóst til að létta undir og hjálpa þeim einkaaðilum sem í fjárhagslegu gróðaskyni hafa lagt út í rekstur útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva. Nú er auðvitað allt gott að segja um það að slík starfsemi skuli hafin en hins vegar er ekki hægt að segja neitt gott um það þegar greinilega á að þrengja kosti Ríkisútvarpsins, sem er menningar- og öryggistæki í eigu alþjóðar, en það er gert leynt og ljóst. Þessi till. og flutningur hennar er raunar að mínu mati prófsteinn á það hver er afstaða stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar til Ríkisútvarpsins. Mér er fullkunnugt um það að einstakir þm. í stjórnarliðinu, einkum í Framsfl., hafa lýst því yfir, m.a. hv. 9. þm. Reykv. að hann sé andvígur þessari 27. gr. frv. til lánsfjárlaga eins og það liggur hér fyrir. Þegar þessi till. kemur til atkvæða þá skýrist þetta allt saman og kemur í ljós hvern hug menn bera til þessarar stofnunar.

Ég hef lagt þessa brtt. fram, herra forseti, en í góðu samkomulagi við formann fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hef ég ákveðið að láta till. ekki koma til atkvæða við þessa umræðu og mun því við atkvæðagreiðslu nú við 2. umr. kalla till. til baka þannig að hún komi til umræðu og atkvæðagreiðslu þegar frv. verður afgreitt héðan úr þessari hv. deild.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa frv. í heild sinni en gat þess í leiðinni að ég mundi mæla fyrir eða skýra frá brtt. sem ég hef flutt ásamt honum og hv. þm. Skúla Alexanderssyni á þskj. 264, brtt. um það að 18. gr. frv., sem fjallar um skerðingu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, falli brott. Ég tel nauðsynlegt að mæla fyrir þessari till. og segja um hana örfá orð þrátt fyrir orð hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. og mun að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum hans að draga till. til baka til 3. umr. En ég vil skýra enn einu sinni ástæður þessarar brtt. þó ég hafi gert það að nokkru leyti við 2. umr. fjárlaga.

Hér er í raun og veru um tvö ákvæði að ræða, annars vegar er það skerðing á framlagi næsta árs. Frvgr. eins og hún er nú er upp á 100 millj. kr. framlag til Framkvæmdasjóðs á næsta ári. Við 2. umr. fjárlaga lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann hygðist beita sér fyrir því að framlagið hækkaði um 30 millj. á næsta ári og ég reikna með því að það sé

kannske það sem hv. frsm. meiri hl. er að tala um en vonandi er það þó hærri upphæð sem þar er um að ræða vegna þess að þrátt fyrir þessa hækkun er skerðingin enn þá 20 millj. skv. skýringu og skilgreiningu ráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ég álít hins vegar þá skilgreiningu marklausa og vitna þar til álits prófessors Sigurðar Líndals um þetta mál sem þm. hafa fengið í hendur í skýrslu frá Þroskahjálp. Þar er bent á það samkvæmt glöggu og vel rökstuddu áliti hans að skerðingin er til viðbótar 50 millj. og vantar þá 70 millj. enn upp á ríkisframlagið þrátt fyrir 30 millj. kr. hækkun þá sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir við 2. umr. að hann mundi beita sér fyrir.

Nú kann að vera að menn geti greint á um það hvort prófessor Sigurður Líndal sé óskeikull í þessum efnum eða hvort skýring ráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sé réttari. En ef menn skoða nú framlög til hliðstæðra sjóða, áður en Framkvæmdasjóður fatlaðra kom til, þá held ég að menn sjái það í hendi sér að skilgreining prófessors Sigurðar Líndals er rétt. Það er alveg augljóst. Einfaldlega vegna þess að raungildi framlagsins 1983, sem er síðasta árið sem Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra er við lýði, raungildisframlag þess árs er samkvæmt þessari skýrslu, sem ég vitnaði í áður frá Þroskahjálp, 155 millj. kr. og lækkar síðan, þ.e. til þessa sjóðs og Erfðafjársjóðs svo allt sé meðtalið. Síðan eru sett lög um málefni fatlaðra, komið á fót Framkvæmdasjóði fatlaðra með miklu veigameiri og fjölþættari verkefnum og raungildisframlag til hans, miðað við sömu forsendur og 1983, eru núna 94–100 millj. kr. Það sér auðvitað hver maður að þegar búið er að útvíkka svo verkefnasvið Framkvæmdasjóðsins frá því sem áður var þá hlýtur þessi skilgreining prófessors Sigurðar Líndals að vera rétt og sjóðurinn ætti þar af leiðandi að hafa núna til umráða um 200 millj. kr., ríkisframlagið þar af 152 millj. og 48 millj. af erfðafjárskatti. Ég held að ég biðji hv. fjh.- og viðskn. að athuga þetta vel, m.a. þetta álit prófessors Sigurðar Líndals sem liggur fyrir í skýrslu þeirri sem allir þm. hafa fengið í hendur frá Þroskahjálp og kemur glöggt fram þar hvernig hann rökstyður það að upphæðin eigi að vera þessi.

Seinni málsl. þessarar greinar fjallar um það sem oftekið var eða fór fram hjá Framkvæmdasjóði og beint í ríkissjóð af erfðafjárskatti á s.l. ári. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst okkur glöggt um það hvað þar var um stóra upphæð að ræða eða 61 millj. kr. samtals í staðinn fyrir 21 millj. sem fjárlög og lánsfjárlög einnig gerðu ráð fyrir. Hæstv. ráðh. hefur einnig lýst því yfir, fyrst að hann mundi beita sér fyrir aukafjárveitingu upp á 10 millj. kr. af þessari ofteknu upphæð í ríkissjóð yfir til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, og svo núna við 2. umr. fjárlaga 12 millj. kr. til viðbótar. Ég vil segja að það er mjög góðra gjalda vert að þetta skuli gert en vek athygli á því að enn er álíka upphæð eftir. Enn er álíka upphæð eftir sem hefur farið fram hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra og beint í ríkissjóð en eins og lög kveða á um eiga tekjur af erfðafjárskatti, tekjur Erfðafjársjóðs að renna óskertar í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Aðeins svo til viðbótar vil ég benda á það að nú er gert ráð fyrir því skv. frv. til fjárlaga að erfðafjárskattur gefi á þessu ári yfir á næsta ár 48 millj. kr. Mér þykir það ekki trúleg tala í ljósi 61 millj. kr. frá árinu áður. Mér þykir það ekki trúleg tala því að venjan er sú að þessi skattur hefur hækkað verulega milli ára, þannig að alveg eins ætti að standa þarna jafnvel talan 68 eða a.m.k., svo maður gæti nú allrar sanngirni, a.m.k. álíka tala og var af erfðafjárskatti á s.l. ári eða 61 millj. kr. Þar munar 13 millj. kr. einnig þó menn fari nú í það lægsta í þessum efnum.

Ég lýsi því svo yfir að ég mun láta þessa till. koma til atkvæða við 3. umr. nema þeim mun meiri leiðréttíng fáist, jafnvel þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðh. um 30 millj. kr. hækkun til sjóðsins og það að hann skili aftur af ránsfengnum til ríkissjóðs 12 millj. enn til viðbótar, ég mun þá láta þessa till. koma til atkvæða og láta reyna á það þá. En ég mun láta það vera mína lokalotu í því efni og ekki flytja brtt. þá við 3. umr. fjárlaga um þetta mál því þá þykir mér fullreynt ef sú till. verður felld að ekki þýðir frekar að hreyfa við þessum sjóðum.

Haraldur Ólafsson:

Háttvirtur forseti. Ég kem hér aðeins til þess að undirstrika afstöðu mína til tveggja mála. Það er í fyrsta lagi til brtt. hv. 5. landsk. þm. um að fella niður 27. gr. á lánsfjárlögum þar sem rætt er um aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum þeirra. Ég lýsti því yfir við 1. umr. lánsfjárlaga að ég væri andvígur þessari grein og ég mundi greiða atkvæði gegn henni ef til kæmi að þessu yrði haldið til streitu. Ég er enn sömu skoðunar og tel mig óbundinn af öðru en minni eigin sannfæringu í þessu efni.

Hv. 5. landsk. þm. gerði mjög skýra grein fyrir þörf Ríkisútvarpsins fyrir þennan tekjulið og eins og réttilega kom fram þá er ekki eingöngu um að ræða byggingu hins umdeilda útvarpshúss heldur ekki síður endurnýjun á langbylgjukerfinu sem reyndar hefur allt of lengi dregist að framkvæma. Sú aðgerð hlýtur að koma til framkvæmda á allra næstu árum. Það er nokkuð dýr framkvæmd en hún er einnig ein mikilvægasta öryggisaðgerð í þessu landi.

Hins vegar tók ég eftir því í ræðu formanns fjvn., hv. 4. þm. Norðurl. v., að hann sagði að rætt hefði verið um þessi mál við forráðamenn Ríkisútvarpsins og mér skilst að vænta megi tillagna eða fjárframlaga sem gætu að einhverju eða öllu leyti komið í stað þessarar greinar og þætti mér vel ef fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar sæi sér fært að koma með raunhæfar tillögur sem gangi í átt til samkomulags við okkur sem ekki erum samþykk þessari grein eins og hún liggur nú fyrir. Ef ekki þá áskil ég mér allan rétt til þess að greiða atkvæði með brtt. hv. 5. landsk. þm.

Varðandi 18. gr. þá er eins og hv. 2. þm. Austurl. tók fram þegar komið fram að fjmrh. hefur ákveðið breytingar á fjárveitingum í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég álít að þær eigi að vera meiri og ég vænti þess að unnt reynist að fá verulegar úrbætur í því efni þannig að á þesssari stundu vil ég bíða og sjá hvað setur, hvort unnt er að fá verulega leiðréttingu á þessari grein áður en ég tek afstöðu til brtt. hv. 2. þm. Austurl.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þegar lánsfjárlög og fjárlög eru tengd saman með þeim hætti sem gert hefur verið og afgreiðsla þeirra frá Alþingi er tengd saman, þá koma eðlilega upp nokkur vandkvæði, tæknileg vandkvæði vegna þess að lokaafgreiðsla fjárlaga hefur vitaskuld áhrif á niðurstöðu lánsfjárlaga. Þar að auki bætist það nú við að nýgerðir kjarasamningar gera það hvort tveggja að verkum að þeir hafa talsverð áhrif á afgreiðslu fjárlaga og þar að auki gera þeir það að verkum að það er auðveldara að segja fyrir um þróun efnahagsmála og þjóðhagsstærða á næsta ári en ella hefði verið ef kjarasamningar hefðu ekki farið fram fyrr en í byrjun næsta árs. Hvort tveggja þetta gerir það að verkum að taka þarf ákvarðanir sem hafa endanlega áhrif bæði á fjárlög og lánsfjárlög. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að taka á fundi sínum í fyrramálið veigamestu ákvarðanir sem að þessum aðstæðum lúta og ég vænti þess að í framhaldi af því megi liggja fyrir í aðalatriðum hverjar breytingar þarf að gera bæði á lánsfjárlögum og fjárlögum. Auðvitað bætast þar við einstök ákvörðunaratriði sem koma til meðferðar í hv. fjvn. á milli 2. og 3. umr. en í öllum stærstu atriðum eiga mál að vera skýrari en nú eftir fund ríkisstjórnarinnar í fyrramálið.

Ég skil í sjálfu sér áhyggjur manna vegna þess að þessi atriði liggja ekki öll ljós fyrir en að sumu leyti má þetta rekja til aðstæðna sem gera okkur kleift að taka ákvarðanir um framvindu efnahags- og fjármála á næsta ári með meiri nákvæmni vegna þess að kjarasamningar liggja nú fyrir.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir hennar störf og þann skilning sem þar hefur komið fram á þeirri aðstöðu sem hér er, að enn er eftir að taka veigamiklar ákvarðanir sem ég vænti að geti þá legið fyrir áður en málið kemur til 3. umr.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um hér í fyrri ræðu minni gerði ég ráð fyrir því að aðalumræðan yrði kannske við 3. umr. og við mundum þá e.t.v. hafa almenna efnahagsumræðu. Það hefur lítið komið hér fram sem ég þarf að leiðrétta eða andmæla. Það var aðeins misskilningur kannske að því er varðar útvarpsgjöldin af innfluttum tækjum, að gjöldin af þeim féllu niður þarna í nokkur ár, það er ekki í beinu framhaldi eins og mátti skilja af ræðu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Það hefur nú leiðrést í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Þessi gjöld voru fallin niður en koma að nýju inn eða áttu að koma að nýju inn með útvarpslögunum en féllu endanlega niður frá 1980 þangað til þau voru aftur tekin inn í nýju útvarpslögin. En það skiptir ekki meginmáli. Vandi útvarpsins er mjög mikill. Það sem ég sagði og vil endurtaka hér í tilefni af orðum hv. þm. Haralds Ólafssonar er að forstöðumenn útvarps, útvarpsstjóri og fjármálastjóri útvarps, komu til fundar við okkur og greindu frá þessum gífurlega vanda. Ég sagðist vita til þess að það væri í skoðun hvort eitthvað væri hægt að gera. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst okkur um það að við megum eiga von á að fá nýjar upplýsingar eftir ríkisstjórnarfund á morgun. Ég vona að hægt verði að koma á sameiginlegum fundi efri- og neðrideildarnefndanna einhvern tíma síðdegis á morgun. Það er tilgangslítið að halda fund í fyrramálið. Við höfum ekki miklar nýjar upplýsingar. Ég segi það hér til upplýsingar fyrir nefndarmenn.

Það situr síst á mér að hefja einhverjar almennar umræður hér núna. Ég geri það væntanlega eins og aðrir við 3. umr. en mig langar samt af því að hér var nefnd Einsteins-kenning og skemmtileg samlíking um það að komandi kynslóðir mundu þurfa að greiða skuldir sem ríkissjóður stofnar til. Ef þessar skuldir eru innlendar þá hygg ég að menn geti í það ráðið hvort þessar byrðar verði þungbærar eða ekki. Ef komandi kynslóð á að borga þessa peninga þá hljóta einhverjir að taka við þeim. Það hljóta einhverjir að vera eigendur, einhverjir að vera kröfuhafar ef skuldarar eru fyrir hendi. Þess vegna væri gaman að hugleiða það til næsta fundar hvort einhver vildi segja mér frá því hver það væri sem fengi þessa peninga í hendur, þessa miklu fjármuni í hendur ef það eru komandi kynslóðir sem eiga að greiða féð. Spurningin er: Hver tekur við milljörðunum sem komandi kynslóð á að greiða vegna innlendra skulda ríkissjóðs?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 318,1 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

6.–10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 318,2 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

11.–12. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 318,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

14.–17. gr. (verða 15.–18. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 264 tekin aftur.

18.–26. gr. (verða 19.–27. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 311 tekin aftur.

27.–28. gr. (verða 28.–29. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 318,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 318,5 (ný gr., verður 31. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

30. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 318,6 (nýjar gr., verða 33.–36. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

31.–33. gr. (verða 37.–39. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingagjald). — Þskj. 283.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er eitt þeirra sem flutt eru árlega um þetta leyti og hefur verið svo frá 1975 er sveitarfélögum var gert skylt á árinu 1976 að taka meiri þátt í kostnaði sjúkratrygginga en verið hafði. Miðaðist upphæðin í fyrstu við 1% álag á gjaldstofn útsvara. Tilgangurinn með aukinni hlutdeild sveitarfélaga var fyrst og fremst sá að auka aðhald í sjúkrahúsarekstri á þeirra vegum, en gjaldið rennur til þess reksturs. Þegar á árinu 1978 var ákveðið að hækka gjaldið í 2% af gjaldstofni álagðra útsvara. Á árinu 1979 var sjúkratryggingagjaldið 1,5% af ákveðnum lágmarkstekjum og 2% af því sem umfram var. Hélst sú skipan óbreytt til 1982 er ákveðið var að innheimta eingöngu gjald af þeim sem höfðu ákveðnar lágmarkstekjur og var upphæðin miðuð við 2% af þeim tekjum er umfram voru. Hefur svo verið síðan og aðeins þurft að breyta upphæð gjaldstofns í samræmi við launaþróun milli ára. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar um launabreytingar milli áranna 1985 og 1986 má reikna með 31% hækkun. Tekur frv. mið af þeirri tölu.

Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr. um leið og ég undirstrika það að í frv. eru þær einar breytingar fólgnar að lagt er til að gjaldstofn sjúkratryggingagjalds, þ.e. sú upphæð sem ekkert gjald skal leggjast á, hækki úr 403 þús. kr. í 528 þús. kr. Gert er ráð fyrir að gjaldið ásamt eftirstöðvum nemi 305 millj. kr. Það er ljóst að þetta mál er bundið við áramót og þess vegna leyfi ég mér að óska þess að hv. nefnd og hv. deild sýni sömu lipurð og undanfarin ár í afgreiðslu máls eins og þessa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Hér er enn á ný þess farið á leit við hv. Alþingi að framlengt verði bráðabirgðaákvæði það sem er í niðurlagi laganna um heilbrigðisþjónustu frá 1983, en víst kannast hv. alþm. við það að þetta hefur verið framlengt hvað eftir annað vegna þess að Reykvíkingar hafa ekki verið tilbúnir til þess að láta lögin um heilbrigðisþjónustu að því er fyrirkomulag heilsugæslu varðar taka gildi til fulls hér í borginni. Menn hafa ekki verið tilbúnir til þess að afnema í einni svipan það fyrirkomulag sem gildir um heimilislækna samkvæmt svokölluðu númerakerfi á vegum sjúkrasamlagsins. Og vegna þess að önnur skipan hefur ekki verið ákveðin enn, þá er þetta frv. nú flutt og er bundið við áramót.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að í undirbúningi er að leggja fram frv. einmitt um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu sem unnið var í tíð forvera míns, hæstv. núv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar, en það gerði ráð fyrir að verulega aukið vald væri fært til sveitarfélaga á þessu svæði í þessum efnum og opnað svigrúm fyrir sveitarfélögin til að semja við einkafyrirtæki til að leysa þetta verkefni af hendi. En þetta frv. hafði ég hugsað mér að leggja fram sem næst því í óbreyttri mynd sem það hafði verið unnið fyrir forvera minn þannig að Alþingi gæfist kostur á að fjalla um það mál og gera þá hugsanlega þær breytingar á því sem mönnum sýndust nauðsynlegar. Það er ljóst að þetta getur ekki orðið fyrir áramót og því er nauðsynlegt að fá heimild Alþingis til þess að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði á meðan svo stendur.

Ég leyfi mér, frú forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 307.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Hér er enn eitt af hinum árvissu frv. til meðferðar. Þetta frv. er um breyt. á l. nr. 91 frá 1982 um málefni aldraðra. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að þau gildi til ársloka 1987 þannig að eitt ár er eftir af gildistíma þeirra. Svo stendur á um þann kafla þessa frv. sem fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra að gjaldið til hans tekur mið af verðlagsbreytingum milli ára og þess vegna er það að lagt er til að upphæð þessi hækki í fyrsta lagi í samræmi við það og í öðru lagi umfram þá hækkun, þannig að gjaldið verði, ef frv. verður að lögum, 1500 kr. Ef einungis verðlagsbreytingin hefði verið í frv. þá hefði gjaldið orðið 1380 kr.

Ég leyfi mér að leggja til að Alþingi hækki þá upphæð núna þetta eina ár sem eftir er af gildistíma laganna með hliðsjón af hinni miklu þörf sem er í öllum byggðum landsins fyrir stofnanir og íbúðir fyrir aldraða. Ég veit að ég þarf ekki að útlista það fyrir neinum hv. þm. hygg ég að svo einkennilega standi á um þetta gjald að það sé eini skatturinn í landinu sem menn greiða með nokkurn veginn glöðu geði þegar til þess er litið að það er verið með því að leysa þörf sem fer vaxandi ár frá ári. Við erum eiginlega að búa okkur undir þjóðfélagsþróun sem færri verða til að kosta eftir nokkur ár. Með hinni góðu heilsugæslu fylgir það að fólkið lifir lengur og þeir verða fleiri sem þurfa umönnunar í ellinni. Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að ævikvöld meðbræðra okkar og systra verði þannig að mannlegt sé og sæmandi. Þess vegna er þetta litla frv. flutt á þann veg að gert er ráð fyrir örlítið meiri hækkun í frv. en beinlínis er nauðsyn vegna verðlagsþróunar.

Ég leyfi mér, frú forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 245, n. 313 og 314, brtt. 323.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið rætt í hv. fjh.- og viðskn. Það er tiltölulega einfalt í sniðum. Það kemur fram í grg. að fjárhæðir skv. l. nr. 9/1984 eiga að breytast samkvæmt skattvísitölu eftir lögunum, en skattvísitala er ekki reiknuð út núna eins og mönnum er kunnugt og því nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum að breyta þeim fjárhæðum með sérstökum lögum. Hliðstæðar breytingar eru gerðar á öðrum lögum, svo sem tekju- og eignarskattslögum, lögum um tekjustofna sveitarfélaga og málefni aldraðra.

Frv. gerir ráð fyrir því að hámarksfjárhæð þess frádráttar frá tekjum, sem heimiluð er vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, hækki í samræmi við tekjubreytingar á milli ára. Í því er gert ráð fyrir að þessi frádráttur hækki um 31%, en síðar hafa komið upplýsingar um það að tekjubreytingar milli ára hafi orðið meiri, eða um 35%, og þess vegna er flutt brtt. um að sú verði upphæðin í væntanlegum lögum.

Undir nál. meiri hl. rita Ey. Kon. Jónsson, Ragnar Arnalds, Valdimar Indriðason, Egill Jónsson, Jón Kristjánsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Þau hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ragnar Arnalds telja sig ekki mótfallin frv. þessu né brtt. þar sem það sé flutt fyrst og fremst af tækniástæðum. Hins vegar eru þau efnislega á móti frádráttarheimildum af þessu tagi og taka af þeim sökum ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Stefán Benediktsson skilar hins vegar séráliti og gerir vafalaust grein fyrir því og brtt. við fjárlagafrv. sem hann boðar í sínu nál.

Sá ágreiningur sem hér er um að ræða er um frádrátt manna frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Af minni hálfu er það alveg ljóst, það hefur verið mín skoðun í áratugi og fyrir því hef ég barist, að valdsvið ríkisins þrengdist, fólkið í landinu fengi að nota sína peninga til þess að efla atvinnulíf landsins og fjárhag sinn og fjölskyldna sinna. Þetta er auðvitað náskylt því að ég tel ekkert athugavert við það að ríkið taki hluta af fjármagni því sem það þarf til síns rekstrar og framkvæmda að láni hjá borgurunum í staðinn fyrir að kasta eignarhaldi á peningana og firra fólk því öryggi og réttlæti sem í því er fólgið að það megi eiga talsverðar ávísanir á ríkisauðinn, hinn gífurlega ríkisauð.

Þarna greinir menn á. Þetta er sú stefna sem ég hef kallað auðstjórn almennings eða fjárstjórn fjöldans. Aðrir eru ósammála því að það sé rétt stefna. Það er eins og vera ber í lýðræðisríki að þar ræða menn málefnalega og öfgalaust, en ég ætla ekki að upphefja þá umræðu hér núna nema að gefnu tilefni. Ef við hefðum nógan tíma þá gætum við gert það. En meiri hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ástæða þess að ég tók ekki þátt í framlagningu nál. eins og það kom fyrir er sú að þingflokkur Alþfl. hefur boðað að hann muni flytja brtt. við fjárlög sem snerta þá skattlagningu sem hér

er um að ræða, þ.e. með þeim hætti að skerðing á þessum frádrætti vegna fjárfestingar verði til þess að skila meiri tekjum í ríkissjóð samtímis því að reyna að ná fram hækkun á tekjusköttum fyrirtækja þannig að þau skili meiru til samneyslunnar en þau gera miðað við núverandi ástand.

Í grófum dráttum virðast menn standa frammi fyrir þeirri staðreynd núna að um 13% gjaldenda tekjuskatts — og þá er ég ekki að tala um fyrirtæki heldur einstaklinga — greiði um 67% af þeim skatti sem inn kemur og að meiri hluti þess sem við getum kallað fullfrísks fólks greiðir í raun og veru 40–50% af svokölluðum jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Þá erum við að tala um alla þá skatta sem lagðir eru á tekjur.

Aftur á móti blasir það við að einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 framteljandi fyrirtækjum á líðandi ári greiða tekjuskatt. Það segir sig sjálft að þetta getur ekki verið a.m.k. alveg eins og það á að vera að jafnstór hluti fyrirtækja, þ.e. yfir 70% fyrirtækja á Íslandi, skili engum tekjuskatti. Ef verið er að leggja tekjuskatt á til aðstöðujöfnunar þá hljóta fyrirtækin að verða að taka þátt í því til jafns við einstaklinga. Þess vegna og í tengslum við það finnst okkur koma til greina að skerða þessar frádráttarheimildir til þess að skila meiru í ríkissjóð því að ekki virðist nú vanþörf á, en þær brtt. koma ekki fram við framlagningu þessa frv. einfaldlega vegna þess að það hefur verið mjög erfitt að fá upplýsingar um það hvaða áhrif 10, 20 eða 30% skerðing á þessum frádrætti hefði í tekjum. Starfsmenn ráðuneytisins hafa átt í miklum erfiðleikum með að afla þeirra upplýsinga eða reikna sig til niðurstöðu í því máli og búumst við ekki við því að geta flutt brtt. fyrr en við 3. umr. fjárlaga.

Hvað þessu máli að öðru leyti viðvíkur er eðlilegt að ríkisvaldið horfi til þess hlutverks síns að örva fólk til sparnaðar, a.m.k. örva alla þá til sparnaðar sem sparað geta og þetta er ein leið til þess að verðlauna sparnað. Það eru til margar aðrar leiðir til þess að verðlauna sparnað. Það eru til leiðir sem hvetja kannske til miklu víðtækari sparnaðar en hér er verið að tala um því að hér þarf þó nokkuð stórar upphæðir til þess að fólk fái einhverja umbun fyrir sinn sparnað. Mér finnst alveg koma til greina, sérstaklega þegar farið verður í það að einfalda skattakerfið, sem nánast allir eru nú búnir að lofa í framtíðinni, þegar búið verður að fækka eða jafnvel útrýma nánast öllum frádráttarliðum, þá verða menn að hugsa til þess að búa til einhverja þá löggjöf sem örvar fólk til sparnaðar, en þá með þeim hætti að það snerti miklu, miklu fleiri en gert er hérna og þá í formi umbunar sem fólk skilur, þ.e. raunverulegra beinna verðlauna sem tengjast sparnaði og miðast við ákveðnar upphæðir.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Grg. hv. þm. Stefáns Benediktssonar fyrir því sem hann nefnir sérstöðu Alþfl., því að fulltrúi Alþfl. skrifaði ekki upp á þetta þskj., gæti kannske valdið misskilningi um afstöðu okkar hinna sem skrifuðum upp á þskj. Ég vil taka af allan vafa með því að gera hér grein fyrir því að ástæðan fyrir því að ég sem fulltrúi Alþb. og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sem fulltrúi Kvennalistans tökum það fram í nál. að við styðjum ekki þessa sérstöku tegund skattfrádráttar. Ástæðurnar fyrir þessu eru nákvæmlega þær sömu og hv. þm. Stefán Benediktsson var að lýsa hér áðan. Við erum almennt á móti frádrætti af þessu tagi. Við Alþýðubandalagsmenn flytjum tillögur og höfum oft áður flutt tillögur um að þessi frádráttarliður sé afnuminn. Ég hygg að allir þessir þrír flokkar hafi stutt tillögur við afgreiðslu fjárlaga um tekjuauka í ríkissjóð við það að þessi frádráttarliður sé felldur niður. Það er því ekkert nýtt í þeim efnum. En vegna þess að þetta er tæknileg breyting og ekki er verið að taka efnislega afstöðu til málsins, aðeins verið að breyta nokkrum prósentum til samræmis við verðlags- og tekjuþróun í þjóðfélaginu, þá þótti okkur ekki ástæða til að gefa út sérstakt nál., heldur létum það koma fram í nál. fjh.- og viðskn. að við værum þessum frádráttarlið andvíg en létum kyrrt liggja að meiri hl. nefndarinnar stæði fyrir að honum yrði breytt í samræmi við breyttar forsendur.

Hv. þm. Stefán Benediktsson nefndi það hér áðan að aðeins 2800 fyrirtæki í landinu greiddu tekjuskatt af um 10 000 fyrirtækjum. Þetta er vafalaust alveg hárrétt. Ég vil bara láta þess getið að ég hef verið með aðrar tölur í þessu sambandi. Ég hef nefnt það, og byggi það á tekjuskattsálagningu fyrir árið 1985, að af 4000 fyrirtækjum, sem hafa einhvern rekstur sem heitið getur og velta ákveðinni lágmarksfjárhæð, er aðeins helmingur, rétt um 2000 fyrirtæki, sem greiddi tekjuskatt á árinu 1985. Munurinn á þessum tveim tölum er einfaldlega sá að í tölunni sem hv. þm. Stefán Benediktsson nefnir eru líka öll smáfyrirtækin, þ.e. þessi fyrirtæki sem kannske velta allt frá 5 og 10 þús. kr. og upp í eins og eina milljón. En þegar búið er að skilja frá þessi pínulitlu fyrirtæki sem svo má kalla og við erum komin með fyrirtæki sem velta að lágmarki fast að einni milljón, þá verða eftir um 4000 fyrirtæki og það er helmingurinn af þeim sem ekki greiðir tekjuskatt. Mér hefur fundist að þessi viðmiðun væri kannske sanngjarnari og eðlilegri vegna þess að það er til svo mikið af fyrirtækjum, sum bara hreinlega að nafninu til og önnur með nánast engan rekstur, sem lenda inni í þessum stóru tölum þegar allt er meðtalið. En sú tala sem ég hef miðað við eru fyrirtæki með nokkurn rekstur. Þau eru um 4000 talsins og það er helmingur þeirra sem ekki greiðir tekjuskatt, en upplýsingar hv. þm. Stefáns Benediktssonar eru auðvitað alveg hárréttar eftir sem áður og ég er ekkert að andmæla þeim.

Ég vildi láta þetta koma skýrt fram vegna þess að mér finnst að það sé kannske af einhverjum misskilningi að við í stjórnarandstöðunni erum ekki samflota í málatilbúnaði að þessu sinni því að afstaða okkar er greinilega nákvæmlega sú sama.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hv. síðasti ræðumaður gerði ágætlega grein fyrir afstöðu okkar minnihlutamanna sem skrifa undir álit meiri hl. fjh.- og viðskn. Sú afstaða kemur einnig skýrt fram í álitinu sjálfu og ég hef litlu við það að bæta. Það ætti að vera ljóst að þær ástæður sem við höfum fyrir því að taka ekki þátt í afgreiðslu þessa máls eru þær sömu og fram komu hjá hv. 8. þm. Reykv.

Ég vil aðeins láta þess getið hér við þessa umræðu að í Nd. hafa Kvennalistakonur gert brtt. við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem fela það í sér að þessi frádráttarliður verði afnuminn og þeim tekjuauka, sem ríkissjóður þar með fær í sinn hlut, verði varið til aukinna barnabóta. Ég vil sérstaklega taka þetta fram út af orðum hv. frsm. og formanns fjh.- og viðskn. sem taldi mál þetta réttlætismál þar sem mönnum væri samkvæmt því gert fært að bæta hag sinn og fjölskyldu sinnar með því að fjárfesta í atvinnurekstri. Við teljum þessum tekjum betur varið með að bæta hag fjölskyldna með auknum barnabótum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 323 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

20. fundur, mánudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Skipulagslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 230. mál (heildarlög). — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JS o.fl., 198. mál (launaskýrslur o.fl.). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Frv. JS og GE, 204. mál (reglur um lánveitingar o.fl.). — Þskj. 219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frh. 1. umr.

Frv. JS og GE, 205. mál (reglur um lánveitingar). — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 93, n. 266, brtt. 267.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Allshn. hefur rætt það frv. til laga sem er á dagskrá, um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, og kannað þær umsagnir sem um frv. bárust sem voru allar jákvæðar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt en þó með einni breytingu sem nefndin flytur á þskj. 267. Þessi breyting er gerð á 2. gr. frv. og er að ábendingu og samkvæmt tillögu Landhelgisgæslu Íslands. Hún felur það í sér, eins og fram kemur á þskj., að í stað þess sem segir í lagafrv., að ákvæði frv. að því er varðar skiptingu björgunarlauna gildi um björgun eftir 15. september á þessu ári, skuli ákvæði frv. gilda um afgreiðslu björgunarmála eftir 15. september. Þessi breyting á skiptingu björgunarlaunanna sem um er að ræða, þ.e. að áhafnir varðskipanna fá stærri hlutdeild í björgunarlaununum en áður tíðkaðist, nær þá einnig til þeirra tilvika þar sem björgun hefur átt sér stað fyrir 15. september. Tekur það til nokkurra slíkra tilvika í fortíðinni en ekki aðeins til þeirra björgunartilvika sem eiga sér stað eftir 15. semtember á þessu ári.

Nefndarmenn voru sammála um að hér væri um sanngjarna og eðlilega breytingu á frv. að ræða. Undir nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 267 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 226, n. 273, brtt. 274 og 275.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin hefur athugað frv. og kvatt á fund sinn Indriða Þorláksson og Lárus Ögmundsson frá fjmrn., Kristján Thorlacius frá BSRB, Elínu Ólafsdóttur frá BK og Björn Birgi Sigurjónsson frá BHMR.

Frv. þetta er samkomulagsmál fjmrn. og BSRB, BK og BHMR. Ekki var því tiltækilegt að breyta því mikið en málsaðilar óskuðu eftir því að viðbótarsamkomulag, sem þeir höfðu gert með sér, birtist í nál. þannig að um túlkun á ákveðnum atriðum í 14. og 17. gr. frv. yrði ekki ágreiningur. En minnismiði þessi er um verkfallsákvæði í 14. og 17. gr. frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Og hljóðar hann þannig, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af framlagningu frv. hafa fjmrn. og fulltrúar BSRB, BHMR og BK, sem að undirbúningi þess unnu, rætt um ákvæði 14. og 17. gr. með tilliti til samúðarverkfalla.

Í 14. gr. frv. er heimild til verkfalls miðuð við að verkfalli sé beitt til að stuðla að framgangi krafna félags í kjaradeilu. Í 17. gr. eru tilgreindar takmarkanir á beitingu verkfalls með sama hætti og í lögum nr. 80/1938.

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 14. og 17. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil.

Við samningu frv. var rætt um það efni en svo virðist sem ekki hafi legið fyrir ótvíræður sameiginlegur skilningur aðila á heimild til slíkra verkfalla.

Aðilar hafa orðið sammála um að rétt sé að í þessu efni gildi sömu reglur og hjá öðrum stéttarfélögum, sbr. þó sérreglur frv. um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af því leggja þeir einnig til að 14. og 17. gr. frv. verði óbreyttar frá því sem nú er og þar með efnislega hliðstæðar samsvarandi greinum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur."

Lýkur hér að segja frá þessu viðbótarsamkomulagi sem málsaðilar gerðu.

Að beiðni sömu aðila, þ.e. fulltrúa fjmrn. og BSRB, BHMR og BK, flytur nefndin brtt. við 19. gr. á þskj. 274 og leggur til að frv. verði samþykkt svo breytt. Einnig flytur nefndin brtt. á þskj. 275. Brtt., sem samkomulag varð um, er við 19. gr. og hljóðar þannig:

„Síðari mgr. orðist svo:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjmrh. og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrám skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu."

Á þskj. 275 flytjum við brtt. sem er afleiðing af breytingu á frv. um Kjaradóm, sem nefndin hafði einnig til meðferðar, þar sem í því frv. höfðu ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi verið teknir undan Kjaradómi. Við töldum eðlilegt að verða við óskum þeirra um að þeir verði áfram undir Kjaradómi og jafnframt töldum við eðlilegt að rektor Tækniskóla Íslands yrði undir Kjaradómi. Um þetta varð samkomulag í nefndinni.

Undir nál. rita nefndarmenn allir: Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Guðmundur Bjarnason og Friðrik Sophusson.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér aðeins að nefna efnisatriði þeirra mála sem eru á dagskránni undir tölul. 6–9 vegna þess að þessi mál heyra saman.

Það er í fyrsta lagi þannig varðandi frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna að við styðjum það frv. Hér er um að ræða samkomulagsmál samningsaðila og það var lögð á það mikil áhersla af fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags kennarafélaga og BHMR að þetta frv. yrði að lögum fyrir áramót þó að tíminn sé stuttur sem þingið fær til þess að fjalla um málið sem er auðvitað afleitt vegna þess að hér er um að ræða stórmál sem á eftir að skipta miklu í samskiptum þessara samningsaðila á komandi árum.

Ég tel hins vegar, herra forseti, að það sé mjög þýðingarmikið sem fram kemur í nál. á þskj. 273 í sambandi við túlkun á verkfallsákvæðum í 14. og 17. gr. frv. Ég hygg að ég hafi tekið rétt eftir að hv. frsm. hafi lesið minnismiðann þannig að þetta álit nefndarinnar liggur fyrir og álit nefndarinnar byggir á samkomulagi samningsaðila um túlkun á verkfallsákvæðum 14. og 17. gr. frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég vek athygli þar á 3. mgr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Greinar þessar [14. og 17.] eru að mestu efnis-

lega samhljóða 14. og 17. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil."

Þá vil ég aðeins víkja að frv. um Kjaradóm en það leiðir af sjálfu að um leið og 1. gr. frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna er breytt og rektor Tækniskóla Íslands og ríkisskattanefndarmönnum er bætt þar inn í verður auðvitað að breyta frv. um Kjaradóm til samræmis. Ég vil þó segja fyrir mitt leyti að ég tel að þessi klúbbur sem nú fær úrskurðuð laun í Kjaradómi sé mjög umdeilanlegur. Ég tel að það væri mikið heppilegra að sett væru almenn ákvæði um það hverjir eiga að fara þarna inn og hverjir ekki og að þeim aðilum sé heimilt, sem ákveðnir væru með lögum, að úrskurða hverjir eiga að vera þarna inni og hverjir ekki. Það er mjög mikið vafamál oft og tíðum hvaða úrskurði á að kveða upp í þessu efni. Ég bendi t.d. á starfsmann eins og veðurstofustjóra fyrst þarna er inni vegamálastjóri og verðlagsstjóri. Þá má nefna ótal dæmi önnur um það að það orkar tvímælis hvar markalínan er dregin í sambandi við Kjaradóm. Hér er einnig um að ræða samkomulagsmál sem fulltrúar BHMR, BSRB og BK litu á sem hluta af samkomulagspakka þannig að ég mun fyrir mitt leyti láta þetta frv. fara afskiptalaust hér í gegn.

Hið sama er að segja um frv. um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar hef ég þann fyrirvara að ég tel óþarfa að ganga eins langt og gert er í frv. í því að svipta starfsmenn stjórnarráðsins verkfallsrétti. Það er í raun og veru hægt að teygja þetta ákvæði eins og það er í frv. mjög langt en forráðamenn þessara þrennu samtaka töldu að hér væri einnig um að ræða samkomulagsmál og læt ég það því fyrir mitt leyti kyrrt liggja.

Varðandi frv. á þskj. 239, sem er breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, er ég andvígur því að svipta launamenn verkfallsrétti með þeim hætti sem hér er gert. Þar sem hins vegar lögreglumenn og tollverðir hafa gert samning um að svipta sig verkfallsrétti og sá samningur er birtur í grg. frv. þessa og ákvörðun var tekin í tengslum við gerð kjarasamninga mun ég fyrir mitt leyti sitja hjá við afgreiðslu þess máls.

Ég vil einnig víkja að því, herra forseti, að það hefur verið lagt fram í þinginu frv. til laga — sem er á dagskrá sem 12. mál þessa fundar — um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli þar sem gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um fangaverði, lögreglumenn og tollverði. Ég tek það fram nú þegar, ef það mætti flýta fyrir afgreiðslu á því máli þegar þar að kæmi, að ég mun hafa sömu afstöðu til þess og fram hefur komið varðandi frv. á þskj. 239.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hef áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. og hef þar fylgst með umfjöllun frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og fylgifrumvarpa þess, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn og frv. til laga um Kjaradóm.

Það ber að gleðjast yfir þeim góðu vinnubrögðum sem höfð voru við gerð þessara frv. Þau eru árangur af samstarfi fjmrn., Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga, BSRB, BHMR og BK, eða Bandalags kennarafélaga. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka launafólks sem í hlut eiga og lögðu þeir mikla áherslu á það að fullt samkomulag væri um öll frv. fjögur. Þeir lögðu jafnframt mikla áherslu á að þau fengju afgreiðslu á Alþingi fyrir jól. Við þingkonur Kvennalistans höfum ekkert við þrjú þessara frv. að athuga og stöndum að samþykkt þeirra og fögnum þeirri auknu réttarstöðu sem opinberir starfsmenn fá með samþykkt þeirra.

Hins vegar gegnir öðru máli um Kjaradóm. Að sjálfsögðu eru til þau störf sem hafa þá sérstöðu að þeir sem gegna þeim eiga tæplega heima í nokkru stéttarfélagi eða að miklu varðar að þeir geti verið óháðir því að standa í launadeilum við ríki eða sveitarfélög. Þessi störf eru þó ekki mörg. Hins vegar er stöðug ásókn sífellt fleiri starfsgreina og hópa í þann klúbb eða heldri manna hóp sem fær laun sín ákvörðuð af Kjaradómi og beita þeir rökum um hliðstæð störf eða staðgengilshlutverk til að fá inngöngu. Hópurinn fer því óðum stækkandi sem fær launakjör sín ákveðin af Kjaradómi og þeir sem fylla þennan hóp standa því ekki í launabaráttu með stéttarfélögum sem þeir gætu þó hæglega tilheyrt. Því er haldið fram að stéttarfélögin vilji fullt eins vel losa sig við ýmsa yfirmenn og hátt launaða stjóra yfir í Kjaradóm því að þá gefist meira svigrúm til betri samninga fyrir stéttarfélagið í heild. Það má því segja að yfirmenn leiti ekki bara sjálfir eftir inngöngu í þennan kjaradómsklúbb heldur séu þeir beinlínis reknir í þá rétt af undirmönnum sínum.

Þetta kann að vera rétt, að reyndin sé sú að meira olnbogarými gefist þegar þeir hæstlaunuðu eru afgreiddir sér og halda ekki hinum niðri þegar samið er við stóran hóp.

Hins vegar finnst mér vera önnur hlið á þessu máli sem varðar grundvallaratriði. Það að yfirmaður stofnunar, sem hefur e.t.v. og oftast svipaða eða hliðstæða menntun og þorri annarra starfsmanna stofnunarinnar, fær sérstaka afgreiðslu sinna kjaramála en á ekki samleið með starfssystkinum sínum stuðlar að aðskilnaði milli þeirra og það viðheldur jafnframt því píramídalaga valdakerfi sem viðgengist hefur þar sem forustumaður trónar á toppnum í sérstöðu án þess að tryggð sé virkni og dreifing valds til annarra. Þessi ráðstöfun getur enn fremur stuðlað að því að viðkomandi forstöðumaður sé jafnmikill eða meiri fulltrúi atvinnurekandans en faggreinar sinnar, stofnunar eða starfsfólks þar sem hann þarf aldrei að standa í launabaráttu gegn atvinnurekanda sínum, ríki eða sveitarfélagi. Mér finnst þessi ráðabreytni vinna gegn valddreifingu og get því ekki stutt

það að sá hópur stækki stöðugt sem þannig fær ákveðin launakjör sín. Það er þó auðvelt að sjá ýmsar hliðstæður og réttmæti krafna þeirra sem ýmsar starfsstéttir gera. Dæmið virðist því endalaust og ekkert lát er á aðsókn en viðmiðunarreglur virðast engar. Alþm. geta líka verið veikgeðja. Hópurinn stækkar því ár frá ári. Það hljóta að þurfa að vera einhverjar viðmiðunarreglur hvað varðar inntökuskilyrði þannig að handahófskenndar ákvarðanir ráði ekki fjölda þeirra sem hópinn fylla. Þegar þetta mál var 276. mál þingsins 1983–84 þá átti enn að fjölga í þessum hópi. Þá talaði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir f.h. Kvennalistans í málinu og lagði einmitt ríka áherslu á að settar yrðu viðmiðunarreglur sem kvæðu skýrt á um inntöku starfsgreina í þennan hóp. Hún lauk reyndar máli sínu þá með því að draga í efa að fulltrúar í ráðuneytum og vélritarar t.d. ættu greiðan aðgang í þennan hóp. En flestir sem þeim störfum gegna eru konur eins og hv. þm. vita. Það er nefnilega þessum skammdegi ljósara að þorri þeirra sem sitja í kjaradómsklúbbi eru karlar en ekki konur. Tilvera eða stærð þessa klúbbs væri að sjálfsögðu ekkert réttlætanlegri þó að þar sætu fleiri konur. Hins vegar endurspeglar samsetning hans stöðu kvenna í þjóðfélaginu hvað varðar val í stjórnunar- og forustuhlutverk og jafnframt aðgang þeirra að þeim launakjörum sem þar tíðkast.

Ég mun ekki orðlengja þetta mál frekar og lýsi því yfir að þingkonur Kvennalistans munu ekki standa gegn þessu máli þar sem það er hluti af mikilvægu samkomulagi sem við viljum ekki rjúfa eða skemma fyrir.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hér til að greiða fyrir störfum deildarinnar reifa önnur tengd mál jafnframt þeirri umræðu sem hér fer fram um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Eins og komið hefur fram í máli þeirra sem talað hafa hér á undan mér af hálfu nefndarmanna er hér fyrst og fremst um að ræða samkomulagsatriði aðila vinnumarkaðarins, þ.e. fjmrn. annars vegar og BSRB og BHMR hins vegar og BK. Þessi mál fengu allítarlega umfjöllun í nefndinni og eins og fram kemur á þingskjölum hef ég með hliðsjón af þeirri umfjöllun sem málið fékk og þeim meðmælum sem það fékk frá aðilum vinnumarkaðarins lagt til að ekki einungis þetta frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem hér er á dagskrá, verði samþykkt heldur einnig önnur frv., þ.e. frv. varðandi breytingu á lögum um lögreglumenn og sömuleiðis varðandi réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og loks með fyrirvara það frv. sem varðar lög um Kjaradóm.

Ég þarf í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem komið hefur fram hjá hv. nefndarmönnum, einungis geta þess að fyrirvari minn varðandi frv. til l. um Kjaradóm er á því byggður að mér sýnist ekki vera í gildi neinar einhlítar reglur um það hverjir skuli njóta launa samkvæmt ákvörðun Kjaradóms. Sumir yfirmenn opinberra stofnana teljast samkvæmt þessu eiga að hljóta laun samkvæmt úrskurði Kjaradóms en aðrir ekki og þá væntanlega með einhverju tilteknu ráðherrasamkomulagi eins og það hefur verið nefnt. Ég tel að það sé galli á framkvæmdinni að hafa ekki skýrar og einhlítar reglur í þessum efnum og vil vekja á því athygli í hv. deild og því hef ég undirritað það frv. með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 275 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 274 samþ. með 34 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
20.–36. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (verkfallsréttur). — Þskj. 239, n. 276 og 280.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um lögreglumenn. Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu einni að í stað orðsins „verkföll“ í 1. gr. komi orðið „verkfall“. Undir þetta rita auk mín Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson og Guðmundur Bjarnason.

Svo sem þegar hefur komið fram hér í deildinni skilaði hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson séráliti á þskj. 280 þar sem hann tekur fram að hann muni ekki greiða atkvæði um málið. Það er rétt að árétta það, sem reyndar hefur líka komið fram í umræðunum, að samið var sérstakt frv. um fangaverði og því eru þeir ekki teknir með í þessu frv. Það frv. verður síðan væntanlega til afgreiðslu síðar á fundinum.

Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., er þegar búin að lýsa afstöðu sinni til þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 276 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 227. mál. — Þskj. 243, n. 277.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 277 er að finna nál. fjh.- og viðskn. sem mælir með samþykkt þessa frv. Undir það rita allir nefndarmenn, þó einn þeirra með fyrirvara, hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, og hefur hann þegar í umræðunum um annað mál gert grein fyrir sínum fyrirvara og sömuleiðis hefur komið fram afstaða 3. landsk. þm., Guðrúnar Agnarsdóttur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Kjaradómur, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 244, n. 278, brtt. 279.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er sömu sögu að segja um þetta frv. Fjh.- og viðskn. hefur skoðað það eins og hin sem fylgjast þarna að og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj., þ.e. að undir Kjaradóm sé tekinn rektor Tækniskóla Íslands, og þykir okkur það til samræmis, og jafnframt verði áfram undir Kjaradómi ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi en samkvæmt frv. var hugmyndin að þeir féllu undan Kjaradómi. Undir þetta rita með fyrirvara Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson en aðrir nefndarmenn án fyrirvara, þ.e. Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Guðmundur Bjarnason og Friðrik Sophusson. Fyrirvörum hefur þegar verið lýst og hv. 3. landsk. þm., Guðrún Agnarsdóttir, hefur lýst afstöðu sinni til málsins.

Ég vil láta þess getið í tilefni þeirra röksemda sem hún færði fram á móti þessari kjaradómsskipan að ég tel að það sé miklu heppilegra form á ákvörðun launa að láta Kjaradóm kveða upp úr með það fremur en að gera það að einhverju samningsatriði eða ákvörðunaratriði ráðherra hverju sinni. Það held ég að sé meingölluð aðferð og Kjaradómur sé miklu heppilegri vettvangur til þess að ákvarða þessi laun en að ráðherra sé falið það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 279 samþ. með 26:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3.–8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

21. fundur, mánudaginn 15. des., að loknum 20. fundi.

Landhelgisgæsla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 335.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 211. mál. — Þskj. 339 (sbr. 226).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögreglumenn, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál. — Þskj. 340.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál. — Þskj. 243.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kjaradómur, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 338 (sbr. 244).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 250, n. 321, brtt. 322.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Á þskj. 321 er svofellt nál. frá félmn.:

„Nefndin hefur rætt frv. og fengið til viðtals Húnboga Þorsteinsson deildarstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum á 1. gr. sem fram koma á sérstöku þskj. Sú brtt. er flutt vegna þess að í nýrri áætlun Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 35% á milli áranna 1985 og 1986 en ekki 31% eins og er í frv.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.“

Undir þetta rita allir nefndarmennirnir, en Karvel Pálmason og Guðmundur J. Guðmundsson með fyrirvara.

Við flytjum brtt., nefndarmenn, á þskj. 322 sem eru, eins og kemur fram í nál., einungis tölulegar lagfærslur. Ég held þó að það sé rétt að rifja upp hvaða liðir þetta eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem verið er að breyta.

Í 1. tölul. er verið að hækka fasta lækkun útsvars einstaklinga, í 2. tölul. frv. og um leið brtt. er verið að hækka barnafrádrátt og í 3. tölul. frv. og um leið brtt. er verið að hækka það mark sem miðað er við þegar útsvar er alveg fellt niður. Það er m.ö.o. gert ráð fyrir að þeir sem fá álagt útsvar að upphæð 1193 kr. fái það fellt niður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 322 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 263, n. 325.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Í nál. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Ríkismati sjávarafurða.

Eftir að hafa rætt frv. og skipst á skoðunum við fyrrtalda aðila eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi brtytingu:

3. gr. orðist þannig:

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefst.“

Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson.

Það sem hér er lagt til að breytist er að í upphaflegri frumvarpsgerð stendur „Ferskfiskdeild skal fylgjast með meðferð“, en hér er lögð til breytingin „að hafa eftirlit með“. Það er kannske ekki stórvægileg breyting.

Það er rétt einnig að segja frá því að meiningin var að fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands kæmu á þennan fund, en því miður gátu þeir ekki komið því við að mæta. En ég hef rætt við þá aðila, forsvarsmenn bæði Farmanna- og fiskimannasambandsins og Sjómannasambandsins, og ég held að ég geti sagt að þeir séu bærilega sáttir við frv. eins og það liggur fyrir. Það er greinilegt og kemur einnig fram að hér hafa menn nokkurn veginn, að mér sýnist, mæst á

miðri leið. Landssamband ísl. útvegsmanna vill ganga miklu lengra í þessu máli og leggja Ríkismatið niður, en um það er ekki hér að ræða. Þeir aðilar sem komu til viðtals við nefndina má segja að hafi allir verið sammála þessari frumvarpsgerð og þeirri till. sem hér liggur fyrir.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. sjútvn. Nd., en gat því miður ekki verið viðstaddur fundinn 12. des. Ég er sammála niðurstöðu nefndarinnar, bæði um samþykkt frv. og um brtt. sem kemur fram í nál. Þessi breyting er sjálfsögð og eðlileg. Það er löngu tímabært að gæðamat á ferskum fiski færist í hendur sjálfra viðskiptaaðilanna eins og hefur raunar oft verið rætt um á þingi. Þannig tengist meðferð fisksins betur fjárhagslegum skiptum og hagsmunum þeirra. Þessir aðilar, þ.e. kaupendur og seljendur, þurfa eðlilega að finna þessu rétta framkvæmd. Það er mikilvægt að vel takist til í þessu efni án stórkostlegra afglapa eða árekstra. Það er kannske sérlega mikilvægt að vel sé á haldið þar sem eru stórir samningar og miklir hagsmunir í húfi, svo sem eins og síldarsamningar við Rússa.

Kaupendur og seljendur fá ekki langan frest til að finna þessu rétta framkvæmd þar sem lagt er til að þessi lög öðlist gildi 1. jan. 1987. Alþingi hefur raunar ekki fengið langan frest til að ræða þessi mál heldur þar sem málið er alveg nýlega komið hér inn í sali. En ég lýsi því yfir að ég er samþykkur niðurstöðu þessa nál.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Út af fyrir sig er ég ekki mjög undrandi á afgreiðslu hv. sjútvn. Nd. Mér virðist að sjálfstæð umsögn hennar og sjálfstætt mat komi yfirleitt ákaflega lítið fram. Það sé meira og minna ráðherrapantað álit.

Ég minni á að 1984 voru samþykkt lög um Ríkismat sjávarafurða. Ég skýrði frá því við 1. umr. að ég hefði tekið hverja greinina á fætur annarri, bent á mótsagnir milli greina og ég hefði líka bent á að grg. og lagagreinar stönguðust á og frv. væri það illa unnið að forkastanlegt væri. Það má eiginlega best lýsa þessu með gömlu máltæki: Fyrst var spýta, svo var önnur spýta og svo var spýta í kross.

Þegar ég benti á þessa liði fór málið við 2. umr. til virðulegrar sjútvn. Þannig stóð á að hluti nefndarmanna var ekki viðstaddur. Varamenn voru kvaddir til og svo fór að þeir gáfu út álit sem síðan var afturkallað þegar aðalmenn komu aftur og frv. var töluvert breytt og þá til bóta. Síðan fór frv. í gegnum þessa virðulegu deild og komu til Ed. Þar var því aftur breytt og því lýst yfir að ef nefndinni hefði gefist tími til hefði hún flutt fleiri brtt. Og frv. var afgreitt á síðasta degi þingsins. En sá er háttur þessa hæstv. ráðherra, þó greindur sé og ötull ef því er að skipta, að hann er allra manna snjallastur í því að koma með frv. á síðustu stundu og láta þau klúðrast á hv. Alþingi þó drjúgur meiri hluti sé fyrir málinu. Sem dæmi, og gæti ég nefnt fleira en eitt, er hið margfræga selafrv. sem hefur sennilega átt fylgi 70% þm., en það var afgreitt á síðustu nóttu. Einstakir þm. buðu ráðherra upp á ákveðin hrossakaup ella mundu þeir greiða atkvæði á móti selafrv.

Maður varð nokkuð undrandi að þetta frv. skyldi ekki vera lagt fram miklu fyrr. Þetta er dæmi um slæm vinnubrögð hæstv. ráðh. og veit ég satt að segja ekki hvað veldur því. Ekki verður hæstv. ráðh. vændur um greindarskort og ekki verður hann heldur ásakaður um að geta ekki tekið rösklega til hendi ef því er að skipta.

Ég las hér umsögn Sigurðar Líndals lagaprófessors við fyrri umræðu þar sem hann átelur mjög hvernig gengið sé frá þessum lögum og endar umsögn sína á því að segja, með leyfi forseta:

„Þessi lagasetning hefur tekist miklu miður en skyldi og hlýtur það að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir alþm. hvernig það gerist að lög þannig úr garði gerð komist í gegnum þingið. Einhver brotalöm virðist vera á tæknilegum undirbúningi löggjafar hér á landi."

Með þetta steinbarn í maganum gengur hæstv. sjútvrh. og nú þarf að klastra upp á.

Það er mál út af fyrir sig, sem ég býst við að menn séu ósammála um, hvort eigi að leggja niður fiskmat ríkisns. Sumir eru þeirrar skoðunar. Það má geta þess kannske til fróðleiks að á sama tíma og menn eru þeirrar skoðunar hér voru Kanadamenn að efla og setja lög um ríkismat hjá sér fyrir þrem árum. Það gerðu þeir m.a. vegna þess að þeir töldu sig verða undir í samkeppni við Íslendinga. Það bar mjög á gölluðum fiski hjá þeim og urðu Íslendingar að ýmsu leyti samkeppnishæfari vegna þess hvað matshættir Kanadamanna voru slakir og frá þeim kom fiskur sem var óhæfur á markaði.

Það má geta þess til gamans að ég veit um tvo menn sem hafa verið hér háttsettir hjá fiskmati íslenska ríkisins en hefur verið boðið of fjár ef þeir vildu hverfa til Kanada og vinna þar um nokkurt skeið við endurskipulagningu kanadíska fiskmatsins vegna þess að af Íslendingum vilja þeir læra. Það er ákaflega athyglisvert að þau lög sem samþykkt voru í Kanada voru að verulegu leyti sniðin eftir íslensku lögunum og þar er meira að segja ferskfiskmat líka, allt á vegum ríkisins. Hins vegar er sá munur á að kaupendur og seljendur verða sjálfir að borga þetta fiskmat, þó á vegum ríkisins sé.

Ég gerði athugasemdir en fékk engin svör frekar en oft áður þegar sjútvrh. á í hlut og hann þarf að hespa skuggalegum málum í gegn. Þá er þessi prýðilega vel mælti maður eins og honum sé alls máls varnað sem er náttúrlega ásetningssynd en ekki annað.

Það sem ég var að finna að var í fyrsta lagi það að hér er verið að fjalla um eitt þýðingarmesta mál í íslensku atvinnulífi, 70% gjaldeyristekna koma frá sjávarútvegi. Hvernig staðið er að mati og tryggingu fyrir því að óhæfur fiskur sé ekki settur á erlenda markaði er því gífurlega mikið og stórt mál, svo stórt

að það á ekki að hespa það hér í gegn, en þetta frv. var lagt fram tæplega viku fyrir jólafrí og það á að afgreiða það á tæpri viku. Þetta eru vinnubrögð sem heita á kurteislegu máli óþingleg og ég vildi bæta við ósæmileg. Hér eru ýmis flókin lagaatriði, óvenju flókin, vegna þess að þessum lögum var klúðrað svo hræðilega. Það er athyglisvert að þegar þessum lögum var breytt 1984 voru fyrir lög sem núv. hæstv. samgrh. og þáv. sjútvrh. leiddi í gildi. Þau lög voru ákaflega skýr og skilmerkileg, einföld, skýr og skilmerkileg. Það mátti deila um stefnuna í þeim, en það er ekki hægt að deila um lagasmíðina sjálfa. Hún var ákaflega vel af hendi leyst hjá þáv. hæstv. sjútvrh.

Að vísu tók núv. hæstv. sjútvrh. þetta að nokkru leyti í arf frá forvera sínum. Ég skal ekki fjalla um þau vinnubrögð sem áttu sér þarna stað, þessu var sem betur fer breytt töluvert í meðferð Alþingis, en þau þykja þó svo slæm að umsögn eins virtasta lagaprófessors er á þann veg sem ég gat um í fyrri umræðu og las niðurlag á áðan.

Það sem ég taldi fyrst og fremst ámælisvert var fyrirhuguð niðurfelling 1. mgr. 10. gr. laganna. Nú hafa hv. þm. ekki þessi lög um Ríkismat sjávarafurða fyrir framan sig. Í 10. gr. segir:

„Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera ráð fyrir."

Með því orðalagi sem lagt er til er allt vald tekið af yfirmatsmönnum. Ég var að benda á að ég héldi að þetta væri ekki tilgangur ráðuneytisins heldur væri tilgangurinn sá að leggja niður ferskfiskeftirlitið. Það er svo mál út af fyrir sig, að með því að fella þennan kafla niður, 1. mgr., er allt vald tekið af yfirmatsmönnum, ekki einungis í ferskfiskmati sem ég held að hafi verið tilgangur ráðuneytisins. Það er tekið af eftir orðanna hljóðan og umsögn þeirra lögfræðinga sem ég hef leitað til á þeim örstutta tíma sem ég hef haft til umráða til að fjalla þar um. Þeir benda mér hins vegar á að í grg. standi um 2. gr.:

„Með frv. er gert ráð fyrir að allar stöður ferskfiskmatsmanna verði lagðar niður, en yfirmatsmenn meti ferskan fisk sé leitað sérstaklega eftir úrskurði. Því þykir nauðsynlegt að fella niður þetta ákvæði."

Þetta stenst nú ekki. En því í ósköpunum að hafa lög þannig að leitað sé í þoku eða dularfulla greinargerð. Ég veit ákaflega vel af hverju þetta er, af hverju þetta er fellt niður. Þetta er fellt niður vegna þess að þær reglugerðir sem hæstv. ráðh. hefur gefið út hafa ekki staðist skv. lögum og aðrar reglugerðir, sem hann hyggst koma með, koma ekki til með að standast.

Ég benti á í fyrri ræðu minni að samkvæmt þessu ákvæði laganna starfa matsmenn undir stjórn yfirmatsmanna. Með því að taka valdið af yfirmatsmönnum er ekki einungis verið að taka það af yfirmönnum ferskfiskseftirlitsins heldur er verið að taka það af öllu fiskmati og þá er nánast verið að leggja Ríkismatið niður. Það er ákveðin stefna og ég veit að hún á sér töluvert fylgi. En þá er bara að koma með tillögur að lögum um að leggja niður fiskmat ríkisins, en ekki að vera að lauma inn í lagagreinar að afnumin séu ákveðin ákvæði sem kippa grundvellinum undan fiskmatinu.

Þessi grg. er út af fyrir sig nokkuð vel samin, enda greinilega betur að verki staðið en var áður. Í henni stendur að allar stöður ferskfiskmatsmanna verði lagðar niður en yfirmatsmenn meti ferskan fisk. En í lögunum sjálfum: „Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir settar skv. því gera ráð fyrir." Síldarmatið er afnumið, yfirmatsmenn þar eru valdalausir. Hrognamatið er afnumið, afurðamatið er afnumið. Til hvers svona lagasmíð? Hæstv. sjútvn., meira að segja skipuð aðalmönnum, afgreiðir þetta á morgunstund. (Gripið fram í.) Það var einn varamaður. Ég tek það fram vegna athugasemdar hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar að ég tel það ekki spilla álitinu að hans nafn sé undir en mér virðist það ekki í samræmi við þá þekkingu sem hann hefur á þessum málum.

Í grg. með frv. eru eiginlega öll vinnubrögð eins. Á bls. 2, í grg., stendur að megintilgangur laganna 1984 hafi verið að aðskilja ferskfiskeftirlit og afurðamat. Það er verið að skilja í sundur ferskfiskmat og afurðamat. Ja, nú er mikil nákvæmni í grg. Ferskfiskeftirlit var stofnað 1961 og var þá sérstök stofnun. Árið 1968 var þetta gert að sérdeild í Ríkismati sjávarafurða. Ráðherra er bara 23 árum á eftir tímanum. Hann var að breyta þessu, eftir þessari grg., 1984. Þetta hefur alltaf verið aðskilið, fyrst sjálfstæð stofnun og svo sérstök deild. Annað svipað er í þessum málflutningi og er hann allur með endemum svo að ekki sé nú meira sagt.

Ég gerði einnig athugasemd við 4. gr. og það er út af fyrir sig eðlilegt að menn fylgist ekki með því sem ekki hafa lögin um Ríkismat sjávarafurða fyrir framan sig. Ég benti á að það er lagt til að lögunum um Ríkismat sjávarafurða verði breytt á þann veg:

„Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins."

Gott og vel, þetta er út af fyrir sig ákveðin hugsun. Ég spurði: Til hvers eruð þið þá að halda inni í lögunum 22. gr.? Ég las hér upp 13. gr. eins og ráðherra leggur til að hún verði orðuð, og þá kæmi hún hér inn, en eftir stendur til viðbótar 22. gr. í lögunum: „Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til ráðherra". Hér eru tvær greinar um sama efni þó nokkuð andstæðar. Ég skaut að þeirri hógværu athugasemd hvort ekki væri rétt að athuga þetta. Sjútvn. hefur ekki talið að það væri svo mikilsvert þó að tvær greinar væru um sama efni og þær væru ekki alveg í takt. Það þótti ekki mikið

þegar lögin voru sett þó svo væri. Ég er þess vegna ekkert undrandi á þessum vinnubrögðum. Þetta steinbarn, sem hæstv. sjútvrh. gengur með í maganum vegna fljótfærni sinnar, að lemja þessi lög í gegn á sínum tíma, hlýtur náttúrlega að hafa valdið honum erfiðleikum.

Hér verður sjálfsagt reynt að ræða málið frá því sjónarmiði hvort menn séu með Ríkismati eða á móti Ríkismati. Ég ítreka: Það er álitamál þó að mín skoðun sé afgerandi í því. Það sem um er að ræða er fyrst og fremst að úr lögunum er tekin afgerandi heimild til yfirmatsmanna að stjórna matsmönnum og gefa þeim fyrirmæli og þá er Ríkismatið orðið máttlaust.

Sjálfsagt geta menn komið með ýmis dæmi, eins og ég tók fram, bæði með réttu og röngu, um Ríkismat. Vegna þess að farið er inn á þá lagasmíð og það sjónarmið tek ég fram eftirfarandi: Fiskmat var sett á laggirnar á Íslandi 1904. Lög um það voru samþykkt á Alþingi 1909. Það var ekki fyrr en 1922 sem slík lög voru sett í Noregi og í umræðum — ég hef þær ekki handbærar en eftir þeim upplýsingum sem ég hef — í norska Stórþinginu var bent á það að norskt fiskmat og gæði norsks fisks hefði verið misjafnari en íslensks og þess vegna þyrfti að setja lög um þetta atriði. Þau voru að nokkru leyti sniðin eftir íslensku lögunum.

Ég held að það hafi ekkert farið á milli mála að við höfum náð þarna ákveðnu forskoti á þessum árum gagnvart Norðmönnum og við höfum búið að því kannske í um það bil 30 ár og það eru engar tilhneigingar, þó að það sé ekki nákvæmlega sama fyrirkomulag í Noregi og hér, til að afnema ríkismat. Það er verið að herða ríkismat í löndunum í kringum okkur.

Ég get þess hins vegar, þó að ríkismat og fiskmat yfirleitt verði alltaf ágreiningsefni, að ég hef þær upplýsingar nýjastar frá þeim sem annast fisksölu að SÍS, sem virðist vera að ýmsu leyti miklu framtakssamara á mörkuðum en Coldwater eða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, það hefur selt til Frakklands fyrir 6,5 millj. sterlingspunda en seldi árið áður fyrir 2,5 millj. og útlit er fyrir að salan verði mun meiri á næsta ári. Frakkland er ákaflega eftirsóknarverður markaður og þar er fiskneysla mikil og verðlag á fiski mjög hátt. Mér er sagt að Frakkar krefjist yfirleitt ríkismats á þeim sjávarafurðum sem þeir kaupa. Sama gera austantjaldslöndin.

Ég skal senn fara að ljúka máli mínu. Ég held að það sé hreint út sagt fáránlegt að þegar það slys eða sú ásetningssynd hefur einu sinni skeð að samþykkt hafa verið lög sem eru illa úr garði gerð sé komið hér með brtt. sem líta sakleysislega út en gera fiskmat ríkisins enn þá óvirkara. Það væri bara miklu nær að setja fram beina kröfu um það að afnema þetta en ekki að flækja því inn í lagagreinar með sakleysislegu orðalagi. Það kæmi mér ekki á óvart þó þetta færi í gegnum þessa virðulegu deild í dag, stórbreyting sem þingmenn hafa hreinlega ekki haft aðstöðu til að kynna sér vegna þess að lögin liggja ekki fyrir og túlkun á þeim liggur ekki fyrir og hún hefur hvergi komið fram.

Vilja nú virðulegir alþm. ekki hugsa sig dálítið vel um, hverrar skoðunar sem þeir eru á ríkismati eða ekki ríkismati, áður en þeir hespa í gegn á tæpri viku breytingum á mati afurða sem nema 70% af okkar útflutningsverðmætum? Ég tel að út af fyrir sig sé eðlilegt að menn geti skipst þar á skoðunum, en mér er spurn: Því í ósköpunum lagði hæstv. sjútvrh. þetta lagabreytingafrv. ekki miklu fyrr fram? Af hverju er þetta lagt fram núna? Þessu var dreift í þingdeildinni 9. des. og það átti að taka það til umræðu 10. des. Eru þessi vinnubrögð sæmandi hæstv. sjútvrh. og er *þetta virðing við grunnatvinnugrein okkar* að frv. fari í gegn án þess að menn átti sig á þeim gífurlegu breytingum sem hér eiga sér stað á mjög þýðingarmiklum lögum, þó meingölluð séu? Er ekki full ástæða til að þetta fái þinglega meðferð og a.m.k. 3. umr. verði geymd, þó ekki væri nema í einn dag, til þess að afla lögfræðilegra umsagna fyrst sjútvn. sér ekkert athugavert við þetta?

Ég endurtek að ég víti og átel þessi vinnubrögð en ég tek það hins vegar fram að þau koma mér ekki á óvart miðað við það sem á undan er gengið.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja örfá orð um þetta lagafrv. Margt get ég tekið undir með hv. 7. þm. Reykv., Guðmundi J. Guðmundssyni. Þar sem hann var ekki hvassari í orðum, að mér fannst, en hann var, jafnkjarkmikill maður og hann er, er ég ekki fær til þess að vera sýnu illyrtari út í þetta. En mér finnst illa að þessu staðið á flestan máta, það verð ég að segja.

Það er fyrst til að taka að Ríkismatið, ferskfiskmatið, hefur nánast verið sá stuðpúði milli kaupanda og seljanda sem nokkurn veginn hefur tryggt frið á milli þeirra, þó að það hafi ekki alltaf verið, það skal játað. En nú á að kippa þessu burtu og þá eiga þeir bara að rífast um hvernig þeir eiga að haga þessu. Mér líst ekki vel á að geti farið fram af nokkru viti. Ég held að illindi hafi oft á tíðum næg verið áður þó að ekki sé verið að egna hér til einvíga sem við sjáum ekki fyrir endann á.

Ég reikna ekki með að ég geti stöðvað þetta frv., ég er ekki maður til þess og ekki fær um það. Ég þykist vita að það sé búið að ganga frá því að þetta verði afgreitt. Ég þykist hafa nokkra reynslu og vit á þessum hlutum og ég bendi aðeins á að í viðbót við það sem ég sagði áðan um friðinn kemur það ábyggilega skýrt fram þegar á reynir að seljandi og kaupandi eru oft sami maður, þ.e. útgerð og fiskverkandi er sami aðilinn. En þá er einn aðili þó eftir sem þetta snertir ekki alllítið og það eru sjómennirnir. Þeir lenda þarna milli steins og sleggju. Og til hvers eiga þeir þá að leita? Það má vera að það sé í lagi eins og stendur að þetta frv. verði afgreitt svona vegna þess að það er rifist um hvern þann mann sem vill starfa á sjó nú orðið og þess vegna mun kannske ekki vera ástæða til, í bili a.m.k., að hafa áhyggjur af

því að menn labbi nú bara í land og fái sér hægari atvinnu þar sem þeir geta starfað í friði.

Hv. 7. þm. Reykv. nefndi það að stutt væri síðan þetta mál kom inn og hann fór hér í gegnum lögin, tilvonandi lög og gildandi lög. Ég er ekki þannig í stakk búinn að ég geti neitt borið þau saman. Ég hef hvorki haft tíma né aðstöðu til þess að fylgjast með, eins og hv. þm. nefndi réttilega eru ekki allir með þessi lög, þannig að ég treysti mér ekki til þess að koma með neinar úrbætur í þeim efnum.

Ég heyrði fyrst um það í nóvember á fiskideildarfundi á Austfjörðum að það ætti að leggja þetta mat niður. Þar talaði ég gegn þessu og ég hélt að sú ályktun hefði ábyggilega komist inn á aðalfiskiþing og eftir því sem ég hef frétt þaðan kom það þar til umræðu. Ég bað reyndar um að fá að sjá þær ályktanir sem þar voru samþykktar og ekki samþykktar en það gat ekki orðið í þetta skipti. Ég hygg að það hafi ekki verið alveg átakalaust ef það hefur farið í gegn. Nú undrar mig að vísu á því en þó er ég ekkert undrandi á hinu að útgerðarmenn séu sólgnir í þetta. Ég skil það vel. Það eru kannske sumir sem geta sagt, ef þeir þekkja til, að ég sé útgerðarmaður. Ég er útgerðarmaður að hluta en það lítill að ég tala þó frekar fyrir sjómennina. Það er reyndar ekki nógu gott að tala þannig tvískipt, en það verður að hafa það. Mér skilst líka að Sjómannasambandið hafi jafnvel samþykkt þetta. Ég held þeir hafi ekki hugmynd um hvað þeir eru að biðja um hafi þeir gert það.

Ég ætla ekki að tefja málið meira en þetta. Ég lýsi því yfir að ég er andvígur þessu. Ég er hræddur við þetta og ef á að leggja ferskfiskmatið niður er ég viss um að það koma fram ýmsir annmarkar sem við sjáum ekki fyrir þótt hægt sé að geta sér til um ýmislegt. Ef allt ferskfiskmat á að falla niður hefði verið betra að það hefði verið svolítið atkvæðameira og fylgst betur með fram að þessu því að það hafa oft komið fram hjá okkur, því miður, mjög miklir gallar á þessu eftirliti og það hefur farið fram hjá því ýmislegt sem ekki hefði átt að ske. Ég get nefnt t.d. gámafisk sem hefur verið fluttur út öllum til bölvunar nú á haustdögum og fyrstu daga vetrarins. Það hefur verið öllum til bölvunar. Það hefur farið fiskur út sem átti alls ekki að bjóða á þeim vettvangi og er búinn að skemma mikið fyrir okkur. Það heyrir líka undir þetta hvaða vara fer til vinnslunnar og við höfum nýtt dæmi fyrir okkur sem er búið að stórspilla fyrir okkur. Sami maður hafði bæði matið til vinnslunnar og útflutningsmatið, eða það virðist a.m.k. vera svo, og svona mætti lengi telja. Ég get talið upp ótal slík dæmi þótt ég sleppi því. En ég vara við því að samþykkja þetta. Ég held að ekkert liggi á. Því má ekki fresta þessu og skoða betur, hugsa betur, leita jafnvel til fleiri aðila, þeirra sem standa í þessu stríði daglega, að reyna að hafa þá vöru sem við erum að bjóða af allra bestu gæðum sem nokkur kostur er á?

Eins og hv. 7. þm. Reykv. nefndi mun það vera rétt að Kanadamenn mundu fúslega taka við þessu starfsliði okkar og nota það fé sem þeir í það leggja. Þó að við ætlum að spara einhverja tugi milljóna með því að leggja niður ferskfiskmatið er ég hræddur um að það komi illa í bakseglið ef við höldum þannig á málum og Kanadamenn fá okkar ágætu menn. Það eru sjálfsagt einhverjir tilbúnir að flytja til þeirra og koma þeirra mati í betra horf og þá er hætt við að okkar samkeppnisaðstaða versni enn meira en nú er.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég tek mjög undir orð hv. þm. sem hafa talað á undan mér að það er nánast óhæfa að bjóða alþm. upp á svona vinnubrögð. Það er í hæsta máta óhæfa að bjóða þingheimi upp á það í svona stórmáli að leggja það fram fyrir um viku síðan og síðan á að ljúka því af hér í deildinni trúlega í dag. Það er einkennilegt að svona virðist vera með flest mál hjá hæstv. sjútvrh. Menn eru varla búnir að gleyma selamálinu sem alltaf er hér á síðustu dögum þings á vorin. Það mál hafa menn kannske að vísu verið búnir að kynna sér af því það hefur legið svo oft fyrir hv. Alþingi. Þetta mál er með þeim hætti, að því er mér finnst, að það hefði þurft að skoða miklu betur en hefur verið gert.

Nú getur menn að vísu greint á um það hvort eigi að leggja Ríkismat sjávarafurða niður eða ekki. Á því geta menn haft skiptar skoðanir. Ég er eigi að síður á þeirri skoðun að því þurfi að gjörbreyta. Þar ekki síður en annars staðar í kerfinu þarf að flytja starfsemina í útibú út á land en ekki hrúga niður hér á Reykjavíkurskrifstofunum þeim mönnum sem við þetta fást og um það eiga að fjalla. Það þarf að setja upp útibú úti á landi á vegum þess aðila, hvort sem hann heitir Ríkismat eða eitthvað annað, sem sér um þessa hluti, til þess að þessir menn séu í nágrenni við staðinn sem þeir eiga að vinna á og ákvarða um.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og tel mig hafa nokkra reynslu í því að framkvæmd matsins hafi verið afskaplega misjöfn milli staða, milli svæða. Hver ástæðan til þess er skal ég ekkert um segja en hún hefur verið afskaplega misjöfn og þeim þáttum þarf að koma í lag. Við hljótum að reyna að vinna að því að sjómenn geti búið við sams konar mat á fiski hvar sem þeir eru á landinu. Ég held að Ríkismatið í þeirri mynd sem það nú er í sé slæm stofnun sem þurfi að breyta og laga. Ég held hins vegar að menn ættu að skoða þær breytingar sem þar þarf að gera öllu betur en á síðustu dögum þingsins, ég tala nú ekki um þegar fjöldi þingmanna getur vart verið við umræður vegna þess að hann er í nefndarstörfum hingað og þangað. Ég geri að vísu ráð fyrir að hv. þm. úr sjútvn. hafi kynnt sér málið rækilega en það eru bara fáir þingmenn sem þannig hafa fengið tækifæri til að fjalla um málið. Ég segi fyrir mig: Það er til allt of mikils ætlast, a.m.k. að því er mig varðar, að taka slíkar ákvarðanir í svona máli á nokkrum dögum án þess að hafa fengið aðstöðu til þess að kynna sér það betur. Ég skil ekki þennan æðibunugang. Hverju breytti það hvort þetta yrði

afgreitt í þessari viku eða yrði frestað þar til þing kemur saman aftur? Hverju er tapað við það? Ég held að engu sé tapað. Sá grunur læðist að mér, án þess að ég vilji neitt um það fullyrða, að þær breytingar sem hér er verið að leggja til verði miklu meiri í reynd en þær líta út fyrir á blaði. Ég a.m.k. vildi gjarnan fá að skoða málið út frá fleiri sjónarmiðum en nú hefur verið gert. Ég óttast það að hér séu menn enn einu sinni að ana út í fen sem erfitt verður úr að stíga og það þurfi að nota tímann betur til þess að skoða þetta mál. Ég tala nú ekki um þegar um er að ræða svo viðkvæma ákvörðun eins og er um verðlag á 70% af því útflutningsverðmæti sem við höfum yfir að ráða. Slíka ákvörðun á ekki að taka í skyndingu. Það mál þarf að skoða betur. Ég sé enga ástæðu til þess að þetta mál sé drifið af hér með forgangshraði nánast á síðustu dögum þingsins eins og málið er stórt. — [Fundarhlé.]

Garðar Sigurðsson:

Herra forseti. Það hefði kannske verið skemmtilegra málefnisins vegna að hafa hæstv. sjútvrh. í húsinu, þó ekki væri annað, þegar verið er að nauðga í gegnum þingið nýframlögðu frv.

Ég held að það hljóti að vera samdóma álit allra, sem þessu máli hafa kynnst og komist í snertingu við það, að þetta frv. er afar seint fram komið. Það er ekki þar fyrir að mörg mál fá afar fljótfærnislega afgreiðslu á hinu háa Alþingi og þetta yrði sennilega ekki fyrsta málið sem fengi slíka meðferð, en hvað sem um það má segja er augljóst að það er varla sæmandi að koma með nýtt þingmál þegar rétt vika er eftir af tímanum til jóla, miðað við að ætlast er til að þetta frv. verði að lögum 1. janúar.

Menn hafa talað um þetta frv. með mismunandi áherslum, en þeir sem talað hafa hingað til hafa lagst gegn því á mismunandi forsendum. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson telur þetta ónýtt frv. og vont og eftir ræðu hans að dæma er niðurfellingin á einni málsgr. í einni frvgr. nægileg til að gjöreyðileggja frv. og útkoman verði sú að Ríkismatið verði þar með lagt niður. Til hvers voru menn að setja saman frv. með ærinni fyrirhöfn og raunar miklum fyrirgangi í 27 greinum auk ákvæðis til bráðabirgða ef aðeins 1. málsgr. einnar greinar nægir til þess að sálga því alveg? Auðvitað er þetta misskilningur, en það er sjálfsagt að ræða það. Hitt skal ég viðurkenna strax að brottnám þessarar 1. málsgr. er hálfgert klúður ef ekkert kemur í staðinn. Þetta þurfum við að skoða betur milli umræðna. Það er rétt að hafa alveg skýrt hvað þessir hlutir þýða. Hitt er svo annað mál að þetta mál er út af fyrir sig alls ekki mjög mikilvægt eða stórt og ekkert flókið. Menn eru að tala um flókin lagaatriði. Ósköp geta menn flækt einföld mál fyrir sér. Þetta er alls ekki flókið mál og ekki einu sinni lagaatriði heldur.

Spurningin í þessu máli er ósköp einfaldlega ein: Vilja menn leggja niður ferskfiskmatið eða ekki? Það er spurningin. Þá meta menn að hve miklu gagni það hefur komið og í hverju væri þá misst ef þetta frv. yrði að lögum. Ég tel að þetta sé ekki mjög stór spurning. Ég segi fyrir mig að það hefur farið fé betra. Það er alltaf svo og hefur verið síðan ég kom á þing, og er reyndar nýkominn, aðeins verið hér í tæp 16 ár, að ævinlega þegar einhver lætur sér hugkvæmast að breyta einhverju eru menn spólandi reiðir og ævinlega sömu mennirnir. Þeir vilja bara ekki breyta neinu. Þeir þola ekki breytingar. Þeir eru hræddir við þær. Ég held að þeir sem hafa verið nálægt sjó í nokkra áratugi, eins og ég og raunar fleiri hér, þeir eru að vísu ekki margir, hafi aldrei verið sérlega hrifnir af þessu apparati og er þá ekki miðað við breytingu eins og þessa eða þá sem gerð var 1984 heldur í langan tíma. Satt að segja, þó maður hafi ævinlega litið með velvilja til þessarar stofnunar og þeirrar sem á undan var, þá hafa gallarnir sést best, enda flestir. Ég er jafnframt alveg viss um að það þarf að breyta meiru í sambandi við þessar stofnanir. Það þarf að breyta því áfram. En ég tel að þetta sé skref í áttina.

Ef menn ættu að lýsa því hvernig undirtektir þetta frv. fékk eða þessi hugmynd má byrja á að segja að úti í Vestmannaeyjum, þar sem Landssamband ísl. útvegsmanna hélt sinn aðalfund fyrir nokkrum vikum, voru útvegsmenn sammála, og það eru raunar margir sjómenn sem eru útvegsmenn, um það að það ætti ekki aðeins að leggja niður ferskfiskmatið heldur allt apparatið og snúa lyklinum í skránni og reka liðið heim — leggja sem sagt niður allt ríkismat. Sama sinnis voru fleiri, t.d. fulltrúi Sambands ísl. fiskframleiðenda, SÍF, Gunnar Tómasson, en aðrir vildu ekki ganga svo langt. Hins vegar voru allir aðrir sem komu til okkar í nefndinni, ég tek það fram, þeir sem komu til okkar í nefndinni, allir aðrir, SH, Sambandið og allt þetta batterí sem við höfum ævinlega nærhendis þegar um slíkt er að tefla, allir voru þeir sammála um að þetta mætti fara. Og það er ekki gert í neinu fljótræði. Þessir menn skoða sín mál. Hins vegar er engin ástæða til að sleppa í gegn göllum sem kunna að vera á þessu áður en það verður afgreitt í þessari stofnun.

Það hefur verið talað um að þm. hefðu ekki lögin í höndunum. Auðvitað geta allir sem áhuga hafa farið fram og náð í lögin og haft þau í höndunum. Það eru næstu dyr. Það er engin afsökun. (**TG:** Það þarf að rata um húsið.) Já, það er rétt. Það er kannske ekki eðlilegt að menn kunni á það allt saman sem rétt koma hér inn og jafnvel ratvísustu menn eiga kannske erfitt með að finna aðganginn að þessum pappírum. En það eru alls ekki margir sem fjalla um þessa hluti eða hugsa um þá.

Þetta frv. er ekki stórt eins og ég nefndi og ég sé ekki ástæðu til að tala um þetta miklu meira. Ég sé alls ekki ástæðu til að fara með þessa umræðu alla leið til Kanada eins og hv. þm. Guðmundur J. gerði, hvað þá heldur til Stórþingsins í Osló eða neitt af því tagi. Það þarf ekki að gera þetta annars staðar en við eldhúsbekkinn. En ég minni á að þegar lögunum var breytt um Ríkismatið 1984 lagði ég fram allmargar brtt., mig minnir að þær hafi verið tólf, við frv.

(**GJG:** Segðu okkur hvernig það gekk fyrir sig.) Það er kannske óþarfi að vera að mála það upp eitthvað, en þannig var að það þurfti að lappa aðeins upp á þetta og ég tók það að mér og samdi nokkrar brtt., ég held að þær hafi verið tólf, en svo óhönduglega fór það þegar átti að fara að skila þessu frá sér í nál. að það gleymdist ein till. Það var einn hv. þm. sem nefndi að Ed. hefði nefnilega breytt frv. líka, en það var aðeins sú till. sem hafði fallið niður í vélritun. (**GJG:** Var þá komið álit frá sjútvn.?) Ja, raunar hafði verið lagt fram eitthvert nál. sem hafði verið tekið til endurskoðunar, dregið til baka. En það er ekki aðalmálið.

Satt að segja var sú lagagerð ekki nægilega vönduð. Ég er ekkert að kenna einum eða neinum um það. Nefndarmenn áttu auðvitað að sjá til þess að það yrði lagfært, en til þess vannst satt að segja varla tími, enda kom það í ljós að hinum mestu lagaspekingum landsins þóttu greinarnar ekki sérlega fallegar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í mörg smáatriði í þessu, en ég vil þó nefna það, þar sem menn eru að tala um hina nýju 13. gr. laganna annars vegar og hina eldri 22. gr. laganna, að þessar greinar eru skyldar en ekki eins. Þess vegna geta þær staðið báðar saman í frv. ef grannt er skoðað og þarf ekki annað en að vekja athygli á þessu svo glöggt er að það er allmikill mismunur á því hvað segir í annarri greininni en hinni.

Herra forseti. Ég hef skrifað upp á þetta frv. þannig að ég mæli með því að það verði samþykkt. Hins vegar tel ég að við ættum að setjast niður og athuga hvort ekki væri hægt að gera þetta svolítið skýrara, þ.e. um niðurfellingu 1. málsgr. 10. gr.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson vitnaði í grg. sem prófessor Sigurður Líndal lét fara frá sér um þetta mál. Þó að Sigurður Líndal sé virtur háskólaprófessor er ekki þar sem sagt að allt sem frá honum kemur frekar en öðrum spekingum í lögum í landinu sé allt saman satt og rétt. Ég verð að segja það alveg eins og er að það hefði kannske verið ástæða til þess fyrir Sigurð Líndal á sínum tíma að eiga eins og eitt lítið samtal við þá aðila sem höfðu með túlkun þessara mála að gera í sjútvrn. En prófessorinn þurfti ekki á því að halda. Ég skal ekkert um það dæma. Hann getur sjálfsagt gefið út grg. án þess að leita eftir slíkum upplýsingum, en það gerði hann ekki í þessu tilviki. Hann tjáði mér á sínum tíma að hann hefði gert þetta fyrir kunningsskap við viðkomandi mann sem vildi fá grg. um málið, en aldrei verið sín ætlan að það yrði opinbert mál.

Það voru á sínum tíma tekin saman minnisatriði um þessa grg. prófessors Sigurðar Líndal og má segja að málið gengur í aðalatriðum út á hvernig túlka beri þá 10. gr. sem hér hefur orðið að umtalsefni, þ.e. matsmenn framkvæmi undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerð er sett er samkvæmt þeim gera ráð fyrir. Nú er það svo að prófessor Sigurður Líndal gekk út frá því að hér væri átt við alla matsmenn, hvort sem þeir væru starfsmenn sölusamtaka eða fiskvinnslufyrirtækja. Það ber að viðurkenna að þetta hefði mátt orða skýrar í lögunum. Hins vegar er málið mjög ljóst ef grg. og umræður um það eru lesnar þannig að ég lít svo á, og það hefur verið litið svo á í sjútvrn., að túlkun prófessorsins að þessu leyti sé ekki mjög nákvæmlega unnin. En hins vegar ber að viðurkenna að hugtakið „matsmaður" í lögunum er ekki eins skýrt og skyldi, ef orðið matsmaður er t.d. notað jafnt um starfsmenn Ríkismatsins er meta ferskan fisk eða afurðir, eins og ég gat um áðan, aðra en yfirmatsmenn sem og starfsmenn frystihúsa og sölusamtaka. Þessi óskýrleiki, ef svo má að orði komast, hefur orðið deiluefni og valdið misskilningi, að þar sem matsmenn eigi að lúta stjórn yfirmatsmanna sé óheimilt að fela öðrum aðilum eftirlit með vinnslu og mati á afurðum. Það var þó margítrekað, eins og ég sagði áðan, í grg. með frv. á sínum tíma að tilgangur laganna væri að auka til muna ábyrgð sölusamtaka og láta þau annast eftirlit og mat á afurðum sínum. Þess vegna ætti þetta ekki að hafa valdið þeim misskilningi sem það gerði á sínum tíma.

1. málsgr. 10. gr. á fyrst og fremst við um starfsmenn Ríkismatsins sjálfs er vinna að mati. Þessa grein má þó skilja svo, eins og ég gat um áðan, að starfsmenn frystihúsa eigi að lúta stjórn yfirmatsmanna, ef hún er lesin beint, en eins og ég sagði er þessi túlkun óeðlileg eins og kom skýrt fram í grg. á sínum tíma. Matsmenn frystihúsanna eiga ekki að vera beinlínis undir stjórn yfirmatsmanna Ríkismatsins og var það aldrei tilgangurinn. En með því að fella niður þessa málsgr. er komið í veg fyrir að misskilningur rísi um túlkunina á hugtakinu „matsmaður". Eftir að ferskfiskmat hefur verið lagt niður verður enginn matsmaður undir stjórn yfirmatsmanna og þar af leiðandi nauðsynlegt að fella 1. málsgr. niður.

Ég vil einnig víkja að gagnrýni á 4. gr. frv., að hún stangist á við 22. gr. Í 22. gr. laganna er kveðið á um að rísi ágreiningur um mat eða eftirlit skuli yfirmatsmenn úrskurða í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Grein þessi á við um allan ágreining er upp kann að rísa og lögin taka til. Hins vegar er með 4. gr. frv. veitt heimild til að leita til Ríkismatsins um úrskurð um mat á ferskum fiski. Í þessu tilviki má leita til Ríkismatsins og eru það yfirmatsmenn sem úrskurða í því tilviki og gegn gjaldi. 4. gr. frv. á því einungis við í því tilviki að ágreiningur rísi milli fiskkaupanda og seljanda, sbr. sömu grein, og leitað hafi verið sérstaklega eftir úrskurði Ríkismatsins.

Ég vil að öðru leyti segja um frv. að ávallt hefur verið um það talað og tilgangurinn með því er eingöngu að leggja ferskfiskmatið niður. Reynt var að hafa það eins einfalt í sniðum og nokkur kostur var. Hitt er svo annað mál að það verður haldið áfram að endurskipuleggja Ríkismat sjávarafurða. Hins vegar, eins og kom fram hjá hv. þm. Garðari

Sigurðssyni, er tekið fyrsta skref, og þó ekki fyrsta skref því að það hefur staðið yfir alllengi, en hér er stigið nýtt skref en ekki það síðasta.

Ég held að það ætti að vera þm. nokkur ánægjuauki ef hægt er að komast hjá því að nota opinberar stofnanir í ýmsum tilvikum. Það hefur lengi verið talað um að það væri nauðsynlegt að endurskipuleggja margt í opinberum rekstri. Hér er eitt dæmi um það að verið er að endurskipuleggja margt í opinberum rekstri. Því er ekki að neita að Ríkismatið hefur verið visst vandamál, t.d. að því er varðar fjárhag á undanförnum árum, og þar hefur þurft að fara fram breyting á fjármálalegri stjórnun. Það hefur tekist vel. Sem dæmi má nefna að Ríkismat sjávarafurða virðist ekki munu nota að öllu leyti heimildir skv. fjárlögum 1986 og hygg ég að það sé nokkuð óvenjulegt um ríkisstofnanir.

Það hefur verið gagnrýnt hér að frv. þetta sé seint fram komið og má alltaf um það deila hvenær frv. eigi að koma fram. Þetta frv. hefur verið rætt á mjög mörgum fundum hagsmunaaðila í haust og það þótti nauðsynlegt áður en það var flutt inn á Alþingi að búið væri að undirbúa málið sem best hjá þessum aðilum. Um það má vissulega deila, en ég býst við að það hafi flýtt fyrir störfum nefndarinnar að þeir aðilar sem til voru kallaðir voru mjög vel inni í málinu og höfðu rætt það á fjölmörgum fundum og gert upp hug sinn að því er málið varðar. Það eru nú einu sinni hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sem eiga að búa við framkvæmd þessara laga og búa við matið og það hlýtur að vera mikilvægast með hvaða hætti þeir líta á það og hvernig þeir telja að gæði íslenskra fiskafurða verði fyrst og fremst tryggð.

Ég tel að þessi vinna að undirbúningi málsins ætti að koma til góða við umfjöllun málsins á Alþingi og *jafnvel þótt lengri tími gæfist fyrir þm. til að kanna það.* Að sjálfsögðu verður þingið að taka nauðsynlegan tíma í að líta á mál. En þá er ekki þar með sagt að það mundi breyta miklu.

Ég veit ekki betur en það sé venja hér í þinginu að treysta á störf nefndanna. Það er alveg nýtt fyrir mér ef þm. hver og einn geta sett sig inn í hvert einasta mál. (**SJS:** Það er æskilegt.) Það er að sjálfsögðu æskilegt, en ég held að það sé rétt að vera alveg hreinskilinn hér. Ég hef a.m.k. ekki gert það í öllum *málum sem ég hef tekið þátt í að afgreiða hér í* þinginu. En það má vel vera að ýmsum samviskusamari þm. en mér hafi gefist tækifæri til að gera það. En auðvitað hljóta menn ávallt að treysta á félaga sína að því er varðar afgreiðslu hinna ýmsu mála.

Ég vildi rifja þessi atriði hér upp, sem fram hafa komið í umræðunni, og vænti þess að ég hafi með því svarað þeim athugasemdum sem hér hafa fram komið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Ástæðan fyrir því að ég legg leið mína hingað til að taka þátt í umræðum um þetta mál er sú að við höfum tekið þetta til sérstakrar skoðunar í þingflokki Alþb. og þar hafa nokkrir þm. komist að þeirri niðurstöðu að það sé allóvarlega að hlutunum staðið hvað varðar ákvæði 5. gr. frv., þ.e. gildistökuákvæði þessara laga. Því verður tæpast á móti mælt að hæstv. sjútvrh. er með seinustu skipum í höfn hvað varðar það að flytja frv. af þessu tagi um jafnmikilsverðan málaflokk og er gæðaeftirlit með sjávarafurðum á Íslandi og það skuli vera til 2. umr. í fyrri þingdeild þann 15. des. en eiga að taka gildi 1. jan. n.k. Einhverja daga, alla vega þó nokkrar klukkustundir, mun þetta frv. eiga eftir í meðförum þannig að ekki verða dagarnir margir til stefnu til að móta viðbrögðin við frv. áður en það á að taka gildi sem lög á Íslandi.

Það er reyndar nokkuð kostulegt, herra forseti, að lesa athugasemdir við frv. þar sem segir t.d. á fyrstu síðu, með leyfi forseta:

„Í frv. er einungis kveðið á um afnám núverandi skyldumats opinberra aðila á ferskum fiski en ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttað hjá viðskiptaaðilum. Liggur það í hlutarins eðli að um það verða þeir að koma sér saman án afskipta hins opinbera."

Þetta er út af fyrir sig gott og blessað, en það er ljóst að tíminn sem þessir aðilar hafa til stefnu er orðinn harla naumur. Á bls. 3 er enn vikið að þessu og þar segir, með leyfi forseta aftur:

„Fram til gildistöku frv. þessa ætti að gefast nægt svigrúm fyrir hagsmunaaðila til að koma sér saman um nýja skipan þessara mála og væri eðlilegt að þeir hæfu undirbúning nú þegar."

Ja, það er von að það sé komist að þeirri gáfulegu niðurstöðu að ekki sé seinna vænna fyrir hagsmunaaðila en að hefja undirbúning nú þegar.

Við teljum að hér sé óvarlega að farið, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að ætla sér ekki meira en hátíðirnar, rétt hátíðisdagana, til að undirbúa viðbrögð við frv. Nú hafa hagsmunaaðilar að sjálfsögðu eitthvað rætt það, geri ég ráð fyrir, því þar eru forsjálir menn, en engu að síður, hafandi í þskj. staðfest að ekki eru á nokkurn hátt af hálfu hins opinbera gefnar vísbendingar um það eða lagðar línur um það hvað taka eigi við, þá er þessi tími ansi naumur. Við höfum því ákveðið að flytja brtt. við 5. gr. um gildistökuákvæði laganna. Verður henni vonandi dreift á borð þm. innan tíðar og ég fer fram á það við virðulegan forseta að hún megi þá koma til umræðu og verði tekin á dagskrá með afbrigðum ef þurfa þykir. Sú brtt. er einföld. Við leggjum til að gildistaka laganna frestist um eitt ár. Það mætti hugsa sér að eitthvað skemmri undirbúningstími dygði, en þó er tæplega raunhæft að okkar viti annað en að ætla sér árið til undirbúnings og að ný skipan þessara mála taki þá gildi að ári.

Herra forseti. Það er ekki smámál á ferðinni þegar rætt er um gæðaeftirlit í aðalútflutningsvegi landsmanna, þeim útflutningsvegi sem skapar ekki minna en 80% útflutningstekna þjóðarinnar. Það er virðingarvert og lofsvert að vera sífellt að leita að hagræðingarmöguleikum í opinberum rekstri, en Ríkismat sjávarafurða er ekki sú byrði á opinberum

fjárhag í landinu að það sé réttlætanlegt að fara mjög glannalega þó að menn sjái von í að spara einhverjar krónur í rekstri þeirrar stofnunar vegna þeirra geysilegu hagsmuna sem í húfi eru annars staðar hvað þetta varðar.

Gæðamat í íslenskum sjávarútvegi hefur heldur ekki tekist verr en svo, hvað sem um það má segja að undanförnu, að við seljum okkar vöru yfirleitt á hærra verði en flestar samkeppnisþjóðir eins og kunnugt er og þarf ekki að hafa fleiri orð um. Það þýðir ekki þar með að ekki sé sjálfsagt að vera sífellt að leita að úrbótum og það styðjum við að sjálfsögðu. Flestir þm. Alþb. munu styðja þetta frv., geri ég ráð fyrir, ef þau gildistökuákvæði sem við flytjum till. um ná fram að ganga. Að öðru leyti hafa menn óbundnar hendur um afstöðu til frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 347, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það hefur verið vikið að því fyrr í dag hversu þetta mál er seint á ferðinni og ekki að ástæðulausu. Ég fer að gruna suma hverja hæstv. ráðherra, það þarf ekkert endilega að beinast að hæstv. sjútvrh. einum og sér, um það að koma með mál inn í þingið á þeim tímum þegar mesta vinnuálagið er á þm., treystandi á að málin fari hér í gegn án þess að nokkur skoði þau. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þetta gerist. Það er nánast orðin venja að ráðherrar haga sér með þessum hætti. En slíka venju ætti að leggja af.

Ég sé, herra forseti, að í nál. hv. sjútvn. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Ríkismati sjávarafurða."

Finnst mönnum ekkert vanta inn í þessa mynd? Ætli það séu ekki fleiri hagsmunaaðilar sem hefði átt að tala við í þessu tilviki, eins og t.d. sjómannasamtökin, Sjómannasamband Íslands? Er það eðlilegur vinnumáti, ef treysta á gjörðum nefndar eins og hæstv. sjútvrh. leggur til, að fulltrúar sjómannasamtakanna séu ekki kallaðir til? Mér a.m.k. finnst að þeir hefðu átt að vera kallaðir til viðræðna ekki síður en þeir sem hér eru nefndir. Hvernig stóð á því að ekki var rætt við þessa aðila? Hver er ástæðan fyrir slíku? Hér eru væntanlega menn úr hv. nefnd sem gætu svarað því. (**GJG:** Formaðurinn.) Formaðurinn, hv. þm. Stefán Guðmundsson. Hver er ástæðan fyrir því að sjómenn eru með þessum hætti sniðgengnir? (**StG:** Ég er búinn að svara því, en ég skal gera það aftur.) Vill hv. þm. ekki svara því núna? (**StG:** Ég kem upp á eftir.) Þá fáum við vitneskju um það. En ég get á engan hátt skilið hvernig á því stendur að sjómenn eru þarna sniðgengnir. Mér finnst nefnilega oft brenna við að þegar menn eru að tala um hagsmunaaðila í þessum efnum tala menn um fiskkaupendur, frystihúsin fyrst og fremst, en þeir tala sjaldnar um fiskseljendurna, sjómenn sjálfa.

Ég mótmæli enn harðlega þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Menn getur greint á um innihald frv., en vinnubrögðin eru þess eðlis að þau eru fordæmanleg. Það er kominn 15. des. og málið er til 2. umr. í fyrri deild, lagt fram fyrir viku. Ég ítreka að hér er ekki um neitt smámál að ræða.

Nú hef ég lýst því yfir áður, og ég hygg að svo sé um marga aðra, trúlega marga hv. þm., að það er ýmislegt við Ríkismat sjávarafurða að athuga. Ég held að stofnunin sem slík sé ekki ýkja traust í sessi í hugum sjómanna. Eigi að síður þarf stofnun af því tagi sem hér er um að ræða að vera til, en það þarf að mínu mati verulegan uppskurð á Ríkismati sjávarafurða, stofnuninni sem slíkri, miklar breytingar. Þar eru tíð mannaskipti framkvæmanna, líka tíð mannaskipti af hinum aðilanum. Það bitnar allt á stofnuninni, framkvæmd hennar við verkin.

Ég hef grun um að innan þessarar stofnunar hafi verið ráðið æðimikið af mannskap sem ekki hefur þá faglegu þekkingu sem þarf til að inna þessi störf af höndum, fyrir nú utan hitt, sem er alveg út í hött, að það mun vera skylda að þeir sem ráðast til þessarar stofnunar, forsvarsmenn hennar, hafi háskólapróf. Mér finnst ekki að það hafi aukið traust þessarar stofnunar þegar fyrrv. framkvæmdastjóri Framsfl. var ráðinn þar sem frammámaður, án þess að kasta nokkurri rýrð á hann sem einstakling. En keimur er af þessu öllu. (**Sjútvrh.:** Hvað þá?) Það ætti kannske við hæstv. ráðh. Keimurinn kemur kannske frá hæstv. sjútvrh. ekki síst. (**JBH:** Án þess að varpa nokkurri rýrð á Framsfl. sem slíkan.) Það sagði ég ekki, hv. þm. Jón Baldvin. En það er nánast verið að tala við eitt af höfðunum á Framsfl. þar sem hæstv. ráðh. er og það segir sína sögu.

Ég held líka að ýmislegt í rekstri Ríkismatsins eins og það hefur verið rekið þurfi verulegs uppskurðar við. Mér skilst að þar sitji menn sveittir við að stimpla vottorð án þess að hafa nokkra hugmynd um hvernig sú vara er sem menn eru að gefa stimpilinn á. Slík vinnubrögð kunna ekki góðri lukku að stýra. Kannske er þetta allt of mikið feimnismál til þess að það megi um það tala hér. En ég held að það sé tími til kominn að menn fari að tala hreint út í þessum efnum. Það er allt of mikið í húfi til þess að fela eða dylja.

Ég sagði fyrr í dag að ég teldi að það þyrfti að breyta þessum málum á þann veg að færa verulegan hluta af skrifstofubákninu héðan út á landsvæðin. Í þessu fyrirtæki eins og allt of mörgum hjá ríkinu er skrifstofuliðinu hrúgað á Reykjavíkursvæðið, nánast öllu. Þetta starfsfólk er ekki í tengslum við þann raunveruleika sem um á að fjalla. Kontóristar eru út af fyrir sig ágætir margir hverjir, en þeir þjóna ekki þeim tilgangi hér í Reykjavík í þessu tilviki eins og

þeir eiga að gera.

Mér skilst að það séu starfandi um tíu yfirmatsmenn úti á landi, en mér er sagt að það séu 40 starfandi á þessu svæði hjá skrifstofunni. Hvar á að ná tengslum við hagsmunaaðilana annars staðar en á þeim vettvangi þar sem þeir eru sjálfir? Greinilega mætti telja upp margt fleira svipað því sem hér hefur verið um rætt þó að tæpast sé ástæða til þess nú og trúlega gætu fleiri hv. þm. talað í svipuðum dúr að því er varðar þessa stofnun.

Ég get að því leyti tekið undir orð hv. þm. Garðars Sigurðssonar að það hafi farið fé betra þótt Ríkismatið væri lagt niður. (**GSig:** Það er nú víst engin hætta á því.) Hv. þm. sagði það áðan. En ég er þeirrar skoðunar að við verðum að breyta starfsháttum innan þessarar stofnunar. Það er ekkert nýtt að heyra nánast daglega mjög deildar meiningar um gæðamat á fiski þar sem fulltrúar þessara aðila eru að meta sjálfir. Það er hægt að fara milli sjávarplássa og fá sitt matið á hvorum staðnum. Þannig hefur þetta gengið um langa hríð. Það er ekki að sjá að það sé neitt samhengi í ákvarðanatöku að því er varðar mat á fiski. Það virðist ekki vera nein samræmd stefna í þeim efnum, ekki a.m.k. í framkvæmd.

Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hér væru menn sem engu vildu breyta. Hvað þýðir þessi breyting? Þýðir hún eitthvað í peningum? Hverju á hún að breyta? Verða settir betri menn á stofnunina? Eða hvað eru menn að gera? Ég hef alltaf verið talsmaður þess að það mætti breyta, en það á ekki að breyta breytinganna vegna. Það er ekki aðalmálið. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. sé þetta allt ljóst hvað sem hann kann að viðurkenna upphátt.

En ég legg áherslu á það, herra forseti, og sé raunar enga ástæðu til annars en þetta mál verði ekki keyrt fram kannske á næturfundum. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess. Þetta mál þarf að ræða miklu meira. Menn þurfa að heyra skoðanir fleiri aðila en hér hefur verið um rætt. Það þýðir auðvitað að málið verður að vera lengur í skoðun. Ég sé ekkert sem knýr á um að þetta frv. eigi að taka gildi um næstu áramót.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns, sem ég ætla ekki að hafa langt, að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir vissa ádrepu sem ég hlýt að taka til mín. Ég vænti þess að hann finni það í ræðu sinni, ef hann man það ekki, að hún var ágæt og réttmæt án efa. Í henni fólst að sumu leyti að við þessir jálkar sem erum kallaðir inn þegar henta þykir eigum ekki að hafa skoðun á hlutunum heldur að vera eins og strengjabrúður hér og rétta upp hendi þegar þess er óskað af okkar yfirmönnum. Þetta er einmitt mín skoðun því að ég læt strákana líka hlýða mér á sjónum.

En samt er það svo að alltaf erum við að tala um virðingu Alþingis og þar eigi menn að vinna af viti nokkru og þá kemur það fyrir að maður eins og ég vill leggja höfuðið í bleyti og athuga hvort ég get ekki lagt eitthvað gott til málanna. En það hefur víst ekki hitt í mark í þetta skiptið og verður að hafa það.

Ég geri mér vel ljóst að ég mun ekki stöðva þetta frv., enda var það kannske ekki tilgangur minn þegar ég hélt fyrri ræðu mína heldur aðeins að vekja athygli á því að ég er ekki sáttur við það. Ég veit fyrir fram að þetta er búið að fá afgreiðslu hjá hv. sjútvn. og þess vegna ætti ég ekki að vera með neitt múður út í þá ágætu nefnd. Þegar vitnað er í ágætan lögmann, Sigurð Líndal, er náttúrlega gaman að vita hvort hann hefur sama álit á hv. sjútvn. lagalega séð og alla vega séð, en þegar skipstjóri með 37 ár á bakinu sem skipstjóri og 45 ár á sjó er sagður ekki hafa vit á hlutunum, þá líkar mér ekki.

Málið er ekki flókið, sagði hv. 4. þm. Suðurl. Garðar Sigurðsson. Það má vera að þetta sé ekki flókið mál. Hann er einn af þessum seku í sjútvn. að hafa flaustrað þessu af.

Ég held að ég sleppi umræðu að mestu leyti nema því einu að ég fór með rangt mál í minni fyrri ræðu þegar ég nefndi að Sjómannasamband Íslands hefði samþykkt þetta. Það er ekki rétt. Ég sé að það kemur fram hér að það hafnar þessari hugmynd. Er rétt að það komi fram.

Tilgangur frv. er vissulega góður, að spara, og ég er hlynntur því mjög að menn reyni að finna leiðir til þess. En það vill svo til að á ólukkulegun stað í frv. kemur fram að gert er ráð fyrir að stofnunin starfi áfram að þeim meginmarkmiðum að bæta, með leyfi forseta, „hráefnis- og vörugæði í íslenskum sjávarútvegi. Þessu hlutverki gegnir stofnunin með því að hafa almennt eftirlit með og yfirsýn yfir meðferð á afla frá því að hann kemur um borð í veiðiskip uns fullunnin vara er flutt út.“

Þetta kemur spánskt fyrir sjónir í sparnaðarskyni. Þessir menn hafa aldrei fylgst með fiskinum frá því að hann kemur um borð. Þeir hafa tekið við honum á bryggjunni. Þá fyrst koma þeir að þessu. Þeir gá að vísu í lestarnar til að sjá hvort þær eru hreinar og þakki þeim enginn fyrir það. En mér sýnist á öllu að það eigi að fara að auka við þetta, stækka þetta. Þetta er allur sparnaðurinn. Mér finnst að þetta sé eins og í gamalli vísu. Hún er í stuðlum og þess vegna illa með farandi:

> Eitt rekur sig á annars horn,
> eins og graðpening hendir vorn.

Þetta er brot úr vísunni. Ég held að sparnaðurinn sé mjög hæpinn í þessu sambandi.

En mál mitt skal ekki verða lengra. Ég geri mér ljóst að þetta mál er komið í gegn, en ég get ekki verið sammála því og ef það ríður bara á mínu atkvæði mun ég í lægsta falli sitja hjá.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður. Ég stend upp aðallega út af orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar. En ég vil byrja á því að segja vegna þess sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson sagði hér í umræðunni, að Sjómannasamband Íslands hefði

hafnað þessu, það er ekki alveg rétt (**TG:** Það stendur í grg.) Við skulum lesa hvað stendur. Í grg. stendur:

„15. þing Sjómannasambands Íslands hafnar þeirri hugmynd að leggja Ríkismat sjávarafurða niður meðan ekki hefur komið fram nein haldbær tillaga um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi. Þingið vísar því til sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands að hún eigi frumkvæði að aðild að því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi komi sér saman um framtíð fiskmatsins og hvað koma skuli í stað þess."

Þetta er samþykkt Sjómannasambandsins þannig að ég lít ekki svo á og vil ekki skilja það svo að þing Sjómannasambands Íslands hafi hafnað þessari hugmynd.

Hv. þm. **Karvel Pálma**son vék að nokkrum þáttum þessa **máls. Ég skil**di hann svo að nefndin hefði ekki unnið **starf sitt** vel og ekki gefist tími til að skoða málið. Hv. þm. spurði: Hverju er verið að breyta? Mér finnst að hv. þm. hafi ekki mikið kynnt sér þetta mál ef hann veit ekki hvað hér er verið að fjalla um.

Hann segir einnig að það sé mikil þörf á því að breyta Ríkismati sjávarafurða. Menn tala um það sem eitthvert feimnismál að breyta þurfi Ríkismati sjávarafurða. Ég vil leyfa mér að lesa hér hvað stendur í grg. með frv. Það stendur hér, hv. þm.: „Yfir stendur endurskipulagning á stofnuninni í heild (Ríkismati sjávarafurða), sem mun að sjálfsögðu taka mið af afnámi skyldumatsins og reynslu af nýju gæðamatskerfi á ferskum fiski, ef tillögur frv. þessa ná fram að ganga." Það er sem sé verið að vinna að því að endurskipuleggja Ríkismat sjávarafurða. Ég er nú einn þeirra sem hafa unnið við þessi mál og þurft að eiga viðskipti við þessa stofnun og ég verð að segja að ég held að hún þoli það alveg að vera skoðuð. Mér heyrist það einnig á þeim mönnum sem hér tala að þeir séu yfirleitt á því. En ég held líka að ljóst sé að það vinnst ekki tími til þess nú. Það þarf að gera og menn þurfa að gera það í næði og gefa sér góðan tíma til þess að fara yfir það mál allt. Það frv. sem hér er um fjallað gerir ráð fyrir að fella niður ferskfiskmatið.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurði mig einnig hvernig það mætti vera að fulltrúar frá Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hefðu ekki verið kallaðir fyrir nefndina. Það er ofur eðlilegt að spurt sé. Það hlýtur að vera spurt af því að hv. þm. hefur ekki verið hér inni þegar ég talaði fyrir nál. en þá skýrði ég frá því hver ástæðan hefði verið til þess. Fullrúar Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins voru boðaðir til fundar við nefndina eins og aðrir sem hv. þm. taldi upp og við kölluðum hagsmunaaðila og vissulega eru þetta hagsmunaaðilar að þessu samkomulagi. En því miður gátu þeir ekki komið því við að mæta á fund nefndarinnar, fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandsins. (**GJG:** Biðu þeir ekki fyrir utan í 40 mínútur?) Nei, þeir biðu aldrei neitt fyrir utan vegna þess, hv. þm., að fulltrúar hagsmunaaðila sátu allir inni hjá okkur í einu, þannig að þeir biðu aldrei fyrir utan hjá okkur. Ef hv. þm. heldur það þá er hér um einhvern misskilning að ræða. Þeir voru boðaðir til fundar með okkur og ég held að ég segi satt og rétt frá að þeir þurftu á sama tíma að vera á nefndarfundi sjútvn. Ed., þar sem ég held að hafi verið fjallað um sjómannadag. Ég held að það hafi verið ástæðan fyrir því.

Hins vegar sagði ég það, og vil undirstrika það hér, að ég hef rætt við þessa menn. Ég gerði það síðast í dag, bæði við formann Sjómannasambandsins og formann Farmanna- og fiskimannasambandsins. Ég ræddi við þá saman. Að vísu ræddi ég lengur við formann Farmanna- og fiskimannasambandsins og það fór ekki á milli mála að hann var sammála þessu nál. Hins vegar voru þeir ekki tilbúnir, eins og fram kemur, að samþykkja tillögu formanns Landssambands ísl. útvegsmanna, sem var um það að leggja Ríkismatið niður nú þegar. Því sagði ég það að hér hafa menn mæst eða reynt að finna leið til sátta til þess að stíga þetta skref.

Ég vil sjá það og ég vonast til þess að menn beri gæfu til þess að leysa þetta mál síðan um endurskoðun á lögum um Ríkismat. Hér er fyrst og fremst verið að tala um að fella niður ferskfiskmatið.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er vissulega vandasamt þegar breyta á ákveðinni stofnun og draga úr umsvifum hennar hvernig að því skuli staðið. En eitt er víst að það er afar óheppilegt að það taki allt of langan tíma. Eins og ég sagði áðan, þá hefur verið unnið að þessum málum með þeim hætti að það hefur verið rætt mjög ítarlega við þá sem við þessa hluti eiga að búa. Ég er einn af þeim sem hafa viljað fara fremur varlega í breytingum á Ríkismati sjávarafurða. Það kom mjög skýrt fram á fundi, sem var haldinn í október um þetta mál þar sem allir hagsmunaaðilar voru á mjög góðum fundi sem var vel undirbúinn af hálfu allra þessara samtaka, að það vildu allir gera þessa breytingu. En Landssamband ísl. útvegsmanna vildi þó ganga miklu lengra, þ.e. að leggja stofnunina niður með öllu.

Ég efast um að það séu margar opinberar stofnanir landinu sem búa við eins mikla umræðu og gagnrýni í gegnum tíðina og Ríkismat sjávarafurða. Og væri nú betur að einhverjar aðrar stofnanir fengju nokkuð af þeirri umfjöllun, ýmsar aðrar eftirlitsstofnanir. Mér sýnist t.d. Vinnueftirlit ríkisins vaxa óþarflega hratt. En það er ávallt sagt ef einhver gagnrýnir þá ágætu stofnun að þetta sé allt á vegum aðila vinnumarkaðarins. Þeir borgi þetta og það sé allt í góðu lagi þar.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé oft afar óþægilegt fyrir sjávarútveginn hversu margar eftirlitsstofnanir eru að vasast í högum hans, eftirlitsmenn hver á eftir öðrum farandi um landið og gera kröfur sitt á hvað um hitt og þetta og ekkert tekið tillit til þess

hvað allt þetta á nú að kosta. Auðvitað er erfitt að byggja upp arðsama atvinnugrein með allt þetta eftirlitslið á bakinu þó að margt af því sé nauðsynlegt og ágætt.

Varðandi þá till., sem hér er fram komin, að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1988, er það að segja að með því er Alþingi að samþykkja ákvörðun sem er andstæð vilja allra hagsmunaaðila. Hefði ég talið mikilvægt fyrir Alþingi að vita vilja þeirra. Að því er varðar sparnað í þessu sambandi, þá er gert ráð fyrir því að sparnaðurinn verði af hálfu ríkisins 25 millj. kr. á árinu 1987 og meiri síðar.

Vegna orða hv. þm. Karvels Pálmasonar um stöður við stofnunina vil eg upplýsa að 1. des. s.l. voru á aðalskrifstofu á upplýsingasviði 9,25 stöðugildi, í afurðadeild 12 stöðugildi, ferskfiskmatsmenn 43,6 stöðugildi, yfirmatsmenn svæða 10, sem eru út um land, og á rekstrarsviði og í ferskfiskdeild 4, eða samtals 79,65 stöðugildi. Auðvitað er rétt að taka það fram að breyting þessi mun vissulega taka einhvern tíma vegna þess að það þarf að sjálfsögðu að segja ferskfiskmatsmönnunum upp og þeir eiga sinn uppsagnarfrest. Síðan þarf að koma á nýrri skipan mála og á ég von á því að flestir þessara manna haldi áfram störfum á þessu sviði í þjónustu annarra aðila.

Ég vil benda á það að með frv. er skyldan afnumin en það er ekki á nokkurn hátt komið í veg fyrir það að svipuð skipan mála geti orðið í nokkurn tíma eftir áramót, og getur sjálfsagt orðið, því að hagsmunaaðilar hafa ekki enn gengið frá því með hvaða hætti endurskipulagningin á að eiga sér stað. Að sjálfsögðu mun sjútvrn. fylgjast vel með þeim málum en við viljum hins vegar leggja á það áherslu að hagsmunaaðilar hafa viljað fá þessi mál til sín og þeir verða að sjálfsögðu að skilja það að með því taka þeir jafnframt á sig ábyrgð og verða þá að sinna málinu og hafa um það frumkvæði.

Ég vildi, herra forseti, upplýsa þessi atriði vegna þess sem hér hefur komið fram. Aðalatriðið er það að hér er verið að draga úr opinberum umsvifum í sjávarútveginum eins og hefur verið að eiga sér stað að undanförnu. Um það er samstaða innan sjávarútvegsins og ég vænti þess að hv. Alþingi geti fallist á þær skoðanir.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég held að það sé alltaf að skýrast betur og betur að hér er engan veginn einfalt mál á ferðinni. Hæstv. sjútvrh. sagði í sinni fyrri ræðu að það væri vani þm. að treysta á störf nefnda og einstakir þm. settu sig ekki svo ítarlega inn í hvert og eitt einasta þingmál. Vissulega er þetta rétt hjá ráðherranum. En má ég þá aðeins benda á það sem kom fram hér í ræðu Garðars Sigurðssonar, sem skrifar undir þetta nál. Árið 1984 fjallaði hin virðulega sjútvn. Nd. um frv. og lagði til að það væri samþykkt óbreytt. Hvað skeði svo? Síðan kom til sögunnar sjálfur 4. þm. Suðurl. og, ég held að ég fari rétt með, Gunnar G. Schram. Það var einhver til viðbótar við hv. þm. Garðar Sigurðsson. Þeir tóku nál., létu draga það til baka og gerðu á því tólf breytingar. Og hv. þm. Garðar Sigurðsson upplýsir að þrettánda breytingin, sem gerð var í Ed., hefði fallið niður í bókun. Ég hef enga ástæðu til að rengja Garðar Sigurðsson. En jafnframt því sem ég tek undir með hæstv. sjútvrh., að vissulega er venjan hér að þm. setja sig ekki nákvæmlega inn í hvert og eitt einasta mál, heldur leiti þá álits eða byggi nokkuð á umsögn nefnda, þá hefur það nú ekki aldeilis átt sér stað þarna að nefnd væri treystandi. Ef þeir vikju frá augnablik, Garðar Sigurðsson og Gunnar Schram, þá kokgleyptu þeir lagafrv. Kokgleyptu síðan tveim dögum seinna tólf brtt. Ég verð nú að biðja hæstv. sjútvrh. afsökunar á því að þó ég vilji gjarnan bera traust til nefnda Alþingis, og geri yfirleitt, þá óa mér svona vinnubrögð. Gjörsamlega óar að umturnað skuli frv., nál. Og hv. formaður nefndarinnar, hann deplaði ekki auga. Deplaði ekki auga. Ja, það er von að svona indælir þm. og „glöggir" sækist eftir því að verða fyrstir á lista í sínu kjördæmi. Þetta er svona með átakanlegri vinnubrögðum sem ég hef séð til nefnda. Því miður.

Ég held að menn ættu aðeins að íhuga að hv. 3. þm. Austurl., Tryggvi Gunnarsson, sem er eini maðurinn hér inni sem hefur verulega reynslu af sjó og sjómennsku, er starfandi skipstjóri og hefur verið sjómaður frá barnæsku. Ég held að það sé alger óþarfi að vera með einhvern hroka þó hann lýsi því yfir að hann átti sig ekki fullkomlega á þessum lagabreytingum. Það sýnir nú bara aðeins næma tilfinningu hans vegna þess að í þessum breytingum felst mikið meira en menn vilja hér upp gefa. Ég vil aðeins benda á að þessi virðulegi þm. er að vísu pólitískur andstæðingur minn, en ég hlusta nokkuð grannt eftir hans umsögn, hvort sem ég væri henni sammála eða ekki, vegna þess að hann hefur svo yfirburða mesta reynslu í þessu starfi sjálfur. Ég held að þess vegna vegi hans umsögn þyngra.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson, minn kæri vinur, kvartaði undan því að menn væru hér hræddir við að breyta. Ekki veit ég við hverja hann átti. Ég hef talað hér hvað mest á móti þessu. Ég er ekki hræddur við að breyta í sjálfu sér. En ég er hræddur við dulbúnar breytingar. Breytingar sem ekki eru lagðar á borðið öðruvísi en á dulmáli. Felldar eru út þýðingarmiklar setningar. Ja, hvað hefur ein setning að segja, sagði sá ágæti og skýri þm., Garðar Sigurðsson. Ja, hvað hefur eitt orð að segja hvort það er já eða nei? Hvar enda menn ef þeir fara út í svona röksemdafærslu? Þetta er fjarri öllu lagi.

Ég vil vera sanngjarn í afstöðu minni. Karvel Pálmason talaði hér margt rétt og satt áðan í sambandi við fiskmatið. Og það kom líka fram hjá hæstv. sjútvrh. að fiskmatið — eiginlega orðið „mat" skýrir það að alltaf verður deila, þetta er matsatriði er sagt, ja, það er nú mikið matsatriði. Orðið eiginlega býður upp á og skýrir innihaldið, það er að vega og meta. Sú gagnrýni sem Fiskmatið hefur orðið fyrir fyrr og síðar hefur oft og tíðum

verið ákaflega harkaleg. Ég held að stundum hafi hún haft við býsna þung rök að styðjast, stundum ekki. Það kom t.d. fram hér í ræðu þm., sem ég man nú ekki hver var, að það hafi verið gerð athugasemd við saltfisk til Portúgals. Þetta var mikið blaðamál á sínum tíma. Það var alveg rétt. En hvað skeði? Það sem skeði var það að þá var dollarinn alltaf að stíga upp á þeim árum, það var áður en fallið byrjaði, og Portúgalar, sem eru fátæk þjóð þó þeir borgi undrahátt fiskverð, voru með býsna harðar athugasemdir og töldu sig hafa keypt mun dýrari vöru en þeir gerðu ráð fyrir. Þeir gerðu ekki athugasemdir eingöngu við íslenskan fisk, þeir gerðu athugasemdir við eina sendingu frá Íslandi, en á sama tíma gerðu þeir þrjár athugasemdir við norskan fisk vegna þess að þeir voru að pína verðið niður, vegna þess að dollarinn sté fast að því vikulega. Þetta var ekkert bundið við Ísland. Sjálfsagt hefur eitthvað verið athugavert við matið. En það hefur þá heldur betur verið líka í Noregi. Svona geta athugasemdir verið ósanngjarnar og ekki byggðar á þekkingu sem er til staðar.

Hv. þm. Karvel Pálmason minntist á að stofnunin væri of bundin við Reykjavík. Að vísu er það rétt hjá honum að það hefur fjölgað þarna á skrifstofum um nokkra menn en sennilega fækkað matsmönnum. En það er nú bara Parkinsons-lögmálið sem gildir þarna eins og annars staðar á skrifstofum. Hins vegar eru yfirmatsmenn í hverjum landsfjórðungi og reyndar víðar. En höfuðstöðvarnar eru hér. Viðkomandi yfirmatsmenn stjórna öðrum matsmönnum. Mikill meiri hluti matsmanna er staðsettur úti á landbyggðinni og kemur þá að þeirri breytingu sem ég skal taka fyrir hér á eftir. Mikill meiri hluti matsmanna er staðsettur úti á landsbyggðinni og er stjórnað af yfirmatsmönnum.

Það kom hér fram hjá hv. þm. Tryggva Gunnarssyni að ef t.d. væri sami eigandi að afla og vinnslu, við skulum segja eitthvert kaupfélag — og má taka eitthvað annað ef menn eru viðkvæmir fyrir orðinu kaupfélag — það á togarann, það á líka frystihúsið, það er seljandi og það er kaupandi. Hvað um sjómennina? Það var þetta sem Tryggvi Gunnarsson var að spyrja um. Hvað um sjómennina? Mér er nú sem ég sjái það í kringum allt land þegar kaupfélagið eða „stasjónistinn" ætti bæði skip og frystihús og hann réði til sín matsmann. Ég býst við að það væri nokkuð misjafnt hvað menn þyrðu að rísa upp gegn kaupfélagsstjóranum, ef kaupfélagsstjórinn væri þá ekki matsmaðurinn sjálfur.

Hafa menn áttað sig á því hvað er að ske þarna? Það er talað um að að þessu sé mikill sparnaður. Ég lofaði hér einhverjum hv. þm. að útskýra það. Svo er ekki. Það má segja að það sé dregið úr ríkisumsvifum. Kostnaðurinn við fiskmatið er greiddur af tekjum sem eru 1 prómill af útflutningsverðmætum sjávarafurða, þannig að það er sjávarútvegurinn sem borgar fiskmatið, ekki ríkið. Ríkið innheimtir það og ríkið er þarna milligönguaðili. Þannig að um leið og Ríkismatið er lagt niður þá mundi náttúrlega þessi tala, 1 prómill, lækka. En hver yrði sparnaður kaupanda og seljanda? Eins og ég gat um hér áður yrði það ekki sjálfboðavinna hjá þeim matsmönnum sem við tækju. Vitanlega yrðu kaupendur og seljendur að borga þeim fiskmatsmanni kaup hvort sem hann kæmi frá Ríkismatinu eða ekki. Þarna er ekki um nokkurn sparnað að ræða nema að því leyti sem menn hafa mikla trú á sparnaði vegna þess að matið væri betur rekið hjá einstaklingum en ríkinu. Tekjurnar eru af sjávarútveginum, kostnaðurinn af þessari vinnu fyrir sjávarútveginn er greiddur af sjávarútveginum. Menn tala um að þetta sé ekki á fjárlögum. Ef þetta væri framlengt þá er lagaheimild til fyrir því að láta kaupendur og seljendur greiða matsmanni þó hann sé frá ríkinu. Það er gert í dag við stærðarmat. Það er ekki gert við gæðamat. Það er lagaheimild fyrir því. Af hverju eru menn að blekkja svona? Af hverju eru menn að tala um 25 millj. kr. sparnað? Þetta er 25 millj. kr. millifærsla. Ekkert annað.

Enn á ný: Af hverju kemur þetta frv. svona seint fram? Gott og vel að þetta sé rætt hjá hagsmunaaðilum. Vissulega er það til bóta. Ég skýrði hér frá því áður að þessu frv. var dreift hér í hv. deild 9. des., og ef tími hefði unnist til þá hefði það farið til 1. umr. 10. des. því þann dag var það á dagskrá. Hins vegar urðu þá svo miklar umræður um virðisaukaskatt að það var ekki hægt. Ég held að þó það sé ákaflega gott að ræða við aðila og fá þeirra umsögn, þá beri að hafa það í huga að hér er verið að fjalla um, eins og ég hef margtekið fram, 70% af gjaldeyristekjum landsmanna. Þess vegna er eðlilegt að allir átti sig á því hvað raunverulega er að gerast. Það er vitnað hér í hagsmunaaðila, hvað þeir hafi sagt. Þar ber að vísu ekki öllum saman, en ég heyrði frétt í útvarpinu í dag og fékk afrit af henni og, með leyfi forseta, vildi ég lesa þá frétt. Hún er svona:

Benedikt Sveinsson, framkvæmdastjóri Iceland Seafood, dótturfyrirtækis Sambandsins í Hull, segist óttast að lélegur gámafiskur, sem af og til berist á markað í Bretlandi og einkum á meginlandinu, kunni að spilla fyrir áliti á íslenskum freðfiski sem gæðavöru. Benedikt segir þetta í viðtali í nýjasta hefti tímaritsins Fishing News International og bætir við, að þegar fari orð af misjöfnum gæðum á íslenskum ferskfiski. Geysilegum fjármunum, tíma og vinnu hafi verið varið til þess að skapa freðfiskinum gæðamat um allan heim með góðum árangri og það megi alls ekki eyðileggja með útflutningi á lélegum gámafiski því að hann sé að sjálfsögðu íslenskur fiskur eins og frystifiskur.

Benedikt tilgreinir ekki dæmi um að lélegur gámafiskur hafi spillt fyrir sölu á frystum fiski, en svo segir þessi umboðsmaður SÍS orðrétt að Ríkismat sjávarafurða verði að koma til skjalanna við gámaútflutning líkt og það hafi strangt eftirlit með útflutningi á frystum fiski.

Ja, þarna kveður nú við annan tón hjá umboðsmanni Sambandsins. Ég les þessa frétt aðeins til að benda á nokkuð gagnstæðar skoðanir sem þarna

koma fram. Úr því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er hér staddur er rétt að geta þess að frumkvöðull að freðfiskmarkaði okkar í Bandaríkjunum, Jón Gunnarsson, maður ótrúlega framsýnn og ótrúlega djarfur, braust inn á þennan dýrasta fiskmarkað í veröldinni og hafði þar erindi sem erfiði því að ég hygg að það sé óumdeilt að fram undir þetta höfum verið best metnir af fiskveiðiþjóðum á Bandaríkjamarkaði. Það er haft eftir Jóni Gunnarssyni að án þess að Ríkismat sjávarafurða hefði komið til hefði verið vonlaust að byggja upp hin öflugu fyrirtæki í Bandaríkjunum. Að vísu eru ár og dagar síðan en þetta er þó sá maðurinn sem sennilega hefur unnið stærst afrek í markaðsbaráttu og markaðssigrum fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég hef reynt að hlusta grannt hvort hrakinn væri eitthvað skilningur minn á 10. gr. Má ég lesa í þriðja skipti, með leyfi hæstv. forseta, 1. mgr. 10. gr.:

„Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim gera ráð fyrir."

Hvar er sagt hér að þetta nái bara til ferskfiskmatsins? *Hvergi. Ég hef leitað umsagnar, og hefði* gjarnan viljað getað leitað til fleiri, tveggja valinkunnra lögfræðinga. Til þess hafði ég að vísu mjög takmarkaðan tíma. Þeir sögðu að þetta væri furðuleg lagasmíð. Það væri örlítið reynt að lappa upp á þetta í grg. En 1. mgr. í 10. gr. sviptir yfirmatsmenn stjórn og eftirliti, ekki á ferskfiskmati eingöngu, heldur öllu afurðamati. Það var það sem ég var að segja í sambandi við ummæli Karvels Pálmasonar að það væru yfirfiskmatsmenn í hverjum landsfjórðungi og það væru yfirfiskmatsmenn reyndar víðar. Valdið er svo gífurlegt hjá þessum mönnum. Þeir eru sviptir þessu valdi. Eftir stendur að Ríkismatið er vanað. Valdið er tekið af þeim sem eiga að sjá um og stjórna og gefa fyrirskipanir. Það er ekki sagt hér: Matsmenn ferskfiskeftirlitsins framkvæma undir stjórn, eða reynt að setja einhvers staðar inn í þessa grein að þetta nái eingöngu yfir ferskfiskeftirlitið. Það er hvergi í lögunum. Það er bara afnumið vald yfir þeim. Valdið sem yfirmatsmenn hafa. Þetta kalla ég að vana eina stofnun. Má sjálfsagt nota eitthvert annað orð. Það er þetta sem ég fyrst og fremst hef við þetta að athuga, að það er tekið vald *af þeim aðilum sem eiga að stjórna matinu og hafa* eftirlit með því og stjórna matsmönnum. Það er ekkert bundið við ferskfiskmatið.

Hæstv. sjútvrh. var að kvarta hér undan prófessor Sigurði Líndal og ekki voru það nú miklar ávirðingar. Sagði þó að að bæri að viðurkenna að þetta hefði mátt orða skýrar. Hann hefði betur sagt þetta 1984. Hann kvartaði undan því að Sigurður Líndal hefði ekki komið þessu til stjórnarliðsins. Ég held að ég viti sögu þessarar umsagnar Sigurðar Líndals og af því að hún er svo rammíslensk og skemmtileg, þá held ég að sé rétt að ég skýri frá henni hér.

Einn hæfasti fiskmatsmaður í landinu, óumdeilanlega með hæfustu fiskmatsmönnum í landinu leitaði til gamals skipsfélaga síns, Sigurðar Líndals prófessors og bað hann um umsögn á þessari reglugerð. Sigurður tók þessum gamla skipsfélaga sínum ákaflega ljúfmannlega og sagði: Það er ekki hægt að semja nein lög nema með faglegri ráðgjöf. Nú verður þú að segja mér hvernig fiskmati er háttað o.s.frv., ég get ekki samið nein lög öðruvísi en vita nákvæmlega hver sé tilgangurinn með þeim og um hvað þau eigi að fjalla. Ég held að þeir hafi setið saman dagstund eða svo og kvatt fleiri matsmenn til. Eftir að Sigurður hafði spurt óteljandi spurninga samdi hann þessa umsögn. Þegar fiskmatsmaðurinn kom til hans og spurði: Á ég ekki að borga þér eitthvað fyrir þetta, Sigurður? Borga mér, sagði Sigurður, ekki bauð ég þér borgun þegar þú varst með mér í tvö sumur á kaupskipi og kenndir mér öll almenn sjómannastörf upp á hvern dag. Það er það minnsta að ég launi það með einhverri lögfræðilegri ráðgjöf. Þetta sýnir ákaflega skemmtileg tengsl, sem því miður fer fækkandi, þegar menntamenn voru úti í atvinnulífinu. Matsmaðurinn og fyrrv. sjómaður og lagaprófessor eru gamlir skipsfélgar og vinir og prófessorinn er að launa sínum gamla kennara og gefur þessa umsögn.

Vitanlega hefði hæstv. sjútvrh. verið í lófa lagið að leita til einhvers lagaprófessors þar að lútandi. En ég fullyrði það að við lögin 1984 kom enginn lögfræðingur nærri. Það hefur hins vegar skeð hér. Þessi lög og þessi greinargerð, sem alls ekki er illa samin, er greinilega samin af lögfræðingi. Tilgangurinn er hins vegar meira en sá að afnema ferskfiskmatið. Tilgangurinn er sá að taka valdið af öllum yfirfiskmatsmönnum í hvaða grein sem er.

Ég sagði í upphafi að ég væri út af fyrir sig ekki á móti breytingum en ég væri á móti dulbúnum breytingum. Sá lagasmiður sem um þetta hefur fjallað er, að ég hef heyrt ef mér er rétt sagt frá höfundi, prýðilega hæfur maður. Hann er líka prýðilega hæfur í að dulbúa, prýðilega hæfur í því, sýnir að þetta er alhliða lögfræðingur.

Ég skal ljúka máli mínu hvað úr hverju. En ég boða það að enn þá á ég geysilega mikið ósagt í máli þessu og það mun ég gera við 3. umr. jafnvel þó liðið verði á nótt, þó að ég lofi hins vegar ekki að halda jafnlanga og ítarlega ræðu og hv. 6. þm. Reykv., Ellert Schram, þegar hann afstýrði hér lagasetningu ekki fyrir löngu síðan með held ég sex klukkustunda ræðu. Og held ég að nú sé viðurkennt að þessi sex klukkustunda ræða hafi orðið öllum aðilum til góðs. Ég boða ekki sex klukkustunda ræðu en ég boða allítarlega ræðu með nýjum upplýsingum í 3. umferð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil gjarnan leita skýrari svara — eða svara er nú kannske of mikið sagt því að naumast er hægt að tala um svör hjá hæstv. sjútvrh. — varðandi það atriði í fyrsta lagi hvað liggi svona á með þessa lagasetningu. Hvaða ástæður helstar eru fyrir því að það þurfi endilega að keyra þetta hér í gegn og með gildistökuákvæði hinn 1. jan. n.k.?

Það mátti reyndar skilja hæstv. ráðh. svo að ein aðalástæðan væri sú að draga úr opinberum umsvifum, rétt eins og það væri aðalatriði málsins. Naumast getur það nú verið rétt skilið því að það hlýtur að vera aðalatriði málsins að tryggja sem mest og best gæði íslensks sjávarafla. En hér á það að gerast, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, að það á að leggja niður ferskfiskmatið, skyldumatið, 1. jan. n.k.

Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um það hvað við tekur. Hæstv. sjútvrh. sjálfur sagði að hagsmunaaðilar hefðu ekki enn komið sér saman um neitt í þeim efnum. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi.

Í þriðja lagi kom það fram að síðan ætti, svona í fyllingu tímans, að athuga starfsemi Ríkismatsins, endurskipuleggja starfsemi Ríkismatsins og þá er óhjákvæmilegt að spyrja, herra forseti: Hvað á að koma á undan hverju? Hvað er hér orsök og afleiðing? Það á sem sagt að afnema ferskfiskmatið. Það á að sjá til hvað það hefur í för með sér, hvað upp úr því sprettur og síðan á að skoða starfsemi Ríkismatsins í framhaldi af því.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég kem þessari hringrás ekki alveg saman og þó er ég ekki varaþm. og hef haft býsna mikinn tíma til þess að fylgjast með svona málagangi hér á Alþingi. Þetta er ósköp einfaldlega það sem oft áður hefur skeð hjá hæstv. sjútvrh., án þess að ég sé að lasta hann eða Framsfl., að hann kemur með málin seint fram, rekur þau í gegn af alkunnum dugnaði. Hv. þm. hlýtur þá að leyfast að spyrja hann út úr, hafi hann svörin á reiðum höndum. Síðan er gjarnan óvissunni lokað með þeim hætti að hæstv. sjútvrh. bætir því við: Að sjálfsögðu mun sjútvrn. fylgjast með málinu og það lá í orðunum, það kom hér síðast í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að það væri ekki svo mjög alvarlegt, hvernig þetta færi allt saman, því að sjútvrn. ætlaði sér að fylgjast með málinu. Það er auðvitað gott og blessað.

Ég ítreka að það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðh. rökstyðji betur hvers vegna þessa dagsetningu og hana eina. Ef ég hef skilið hann rétt þá var hann að segja hér áðan að allir hagsmunaaðilar nánast krefðust þess að lögin tækju gildi 1. jan. n.k. Það kemur reyndar hvergi fram í þessum plöggum og ég spyr: Var það eitthvert skilyrði fyrir stuðningi af hálfu hagsmunaaðila við þessar breytingar að þær færu fram strax 1. jan. n.k.? Hvaða tilgangi getur það þjónað í sjálfu sér? Ef hæstv. ráðh. finnst eitt ár til undirbúnings breytingunum of langur tími, hvað segir hann þá t.d. við því að þessar breytingar tækju gildi eftir vetrarvertíð með vorinu, þannig að menn hefðu þá a.m.k. vetrarvertíðina til að undirbúa breytingar? Þá gæti maður hugsað sér að 1. júní eða einhver annar dagur þar um bil yrði gildistökudagurinn.

Það er einnig mjög óljóst, herra forseti, hvert á að verða hið eiginlega verksvið Ríkismatsins hvað varðar eftirlit með gæðum ferskfisks ef þessar breytingar ná fram að ganga. Og í öðru lagi, hvernig á Ríkismatið að ná fram markmiðum sínum eins og þau eru skilgreind? Reyndar ekki í lögunum, því að það er algerlega opið, heldur í umsögnum um lagafrv., í grg. eða umsögnum um einstakar greinar, þar er verið að reyna að dytta í gloppurnar, og þar segir m.a. í umsögn um 1. gr. að hlutverk Ríkismatsins skuli vera það að starfa áfram að þeim meginmarkmiðum að bæta hráefnis- og vörugæði í íslenskum sjávarútvegi. Þessu hlutverki gegnir stofnunin með því að hafa almennt eftirlit með og yfirsýn yfir meðferð og afla frá því að hann kemur um borð í veiðiskip uns fullunnin vara er flutt út.

Ja, guð minn góður. Ég vildi ekki vera starfsmaður stofnunar, sem hefur sín markmið svona skilgreind, hafa svona almennt yfirlit og yfirsýn yfir hlutina. Hvernig á ein stofnun að ná fram einhverjum raunhæfum markmiðum í eftirliti með svo skilgreindu hlutverki? Og hvaða tæki á stofnunin að hafa í sínum höndum ef öllum eða flestöllum matsmönnum stofnunarinnar verður sagt upp? Hvaða tæki verða þá í höndum Ríkismatsins til að ná þessum markmiðum fram? Þetta er allt saman að mínu viti ákaflega óljóst, herra forseti, og hef ég þó reynt að fylgjast með þessari umræðu svona mestan partinn. Ég tel hæstv. sjútvrh. ekki með nokkru móti hafa rökstutt það hvernig þetta á að vera né nauðsyn þess að breytingin gangi svo hratt fram sem hann leggur til.

Ég held að það væri hyggilegt af sjútvrh., ef hann vill afla málinu stuðnings hér, sem út af fyrir sig er þó nokkur meðal þm., það eru margir sem telja rétt að breyta til, að reyna að svara þessum spurningum og rökstyðja þetta betur. Hugsanlega hefði það þá áhrif á afstöðu manna. Að öðrum kosti sé ég ekki betur en að hér sé farið fram með miklum glannaskap að ætla hagsmunaaðilunum ekki annað en hátíðisdagana til að ná samkomulagi um breytta tilhögun alls ferskfiskmats í íslenskum sjávarútvegi. Það verður þá ekki mikið jólahald hjá þeim aumingja mönnum, ég segi ekki meira en það.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins til að svara þessari spurningu hv. þm. af hverju liggi svona mikið á, þá má út af fyrir sig segja að að sjálfsögðu getur þessi skipan mála verið óbreytt um einhvern tíma. Það er ekki aðalatriði máls. En það má alveg eins spyrja ef menn eru sammála um það að gera þessa breytingu: Hvaða tilgangi þjónar það að fresta breytingunni? Á að fresta breytingunni aðeins til að gera hana seinna?

Það er full samstaða um það meðal hagsmunaaðila að þessi breyting verði gerð og fyrst sú samstaða hefur náðst, þá held ég að það sé allra hluta vegna best að hún sé framkvæmd sem allra fyrst. Þar að auki er gert ráð fyrir því á fjárlögum ársins 1987 að þessi breyting eigi sér stað og dráttur á henni (Gripið fram í.) — já, á fjárlagafrv. að sjálfsögðu, en það fer nú að draga að því að það frv.

verði að lögum — mun þá verða til þess að útgjöld af þessari stofnun verði meiri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því að ég tel rétt að þessi breyting verði gerð sem fyrst. Hagsmunaaðilar hafa sagt: Fyrst þarf að ganga frá þessari löggjöf svo að við getum farið að undirbúa aðra skipan mála af fullum krafti.

Að því er varðar aðrar breytingar á Ríkismati sjávarafurða, þá er sá undirbúningur hafinn. Fiskmatsstjóri hefur umsjón með því starfi og hefur fengið heimild til þess að leita eftir sérfræðilegri ráðgjöf í því sambandi. Hefur hann m.a. leitað aðstoðar hjá erlendu ráðgjafarfyrirtæki, sem hann þekkir frá fyrri tíð, til þess að ráðleggja við það starf. En þar verður aðeins um ráðgjöf að ræða. Það fyrirtæki hefur annast ráðgjöf á ýmsum stöðum í opinberum rekstri og stjórnsýslu.

Ég vænti þess að þetta svari spurningum hv. þm. Ég get ekki svarað því betur og ég vænti þess að það sé fullnægjandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 325 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 347 felld með 18:5 atkv.
5. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, 1. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða o.fl.). — Þskj. 286.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli. Efni frv. er í samræmi við frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og frv. um lögreglumenn, sem því fylgdi, og er tvíþætt. Annars vegar er ákvæði um að fangaverðir megi ekki gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun, enda hefur það verið svo áður að þeir hafa ekki farið í verkfall þó að opinberir starfsmenn gerðu það. Í öðru lagi er svo ákvæði um að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Þetta efni kom til umræðu þegar fjallað var um hin frumvörpin í hv. Nd. og þá skýrði ég frá því að þetta frv. mundi fram koma.

Efni þess mun enn fremur hafa verið rætt í fjh.- og viðskn. þegar þau mál voru þar til afgreiðslu og því legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

EFRI DEILD

20. fundur, mánudaginn 15. des., kl. 21.30 síðdegis.

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðntæknistofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 3. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 337 (sbr. 120).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 348.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 2. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87, n. 329.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. samgrn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. samgn. Ed. Alþingis um frv. til laga um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

Eg minni á framsöguræðu samgrh. og þær skýringar á áliti meiri hl. sem þar komu fram sem að sjálfsögðu eru fullnægjandi. Mér finnst vert að taka fram að einn nefndarmanna sem undirritar nál. var fjarverandi. Hann var veðurtepptur. Hann hefur hins vegar tjáð sig samþykkan þessari afgreiðslu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur nú verið mælt fyrir meirihlutaáliti í þessu máli, en það bregður svo við að ekkert minnihlutaálit er fram komið í málinu og veit ég ekki hverju það kann að sæta.

Kvennalistinn á ekki fulltrúa í samgn. þessarar hv. deildar, en ég vil láta skoðun mína á þessu frv. og jafnframt á næsta dagskrármáli, sem er frv. til laga um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Íslands, koma í ljós. Við Kvennalistakonur erum alfarið andvígar lagasetningu á verkföll af þeirri einföldu ástæðu að verkfallsrétturinn er sá eini réttur sem menn geta gripið til þegar í nauðir rekur í kjarasamningum. Vissulega má segja að sá réttur sé neyðarréttur og vandmeðfarinn, en reglan á að vera sú að hann sé virtur og að á hann séu ekki sett lög.

Það sem ekki hvað síst er ámælisvert í þróun mála undanfarin ár í þessum efnum er að menn hafa vanist því að lög séu sett á verkföll og þau þannig stöðvuð. Það gerir að verkum að menn eru hættir að tala saman í alvöru við samningaborðið. Menn setja fram ýtrustu kröfur á báða bóga og hvika hvergi í trausti þess að stjórnvöld setji lög á verkföll og leysi þannig málið. Þetta tel ég ákaflega hættulega og ámælisverða þróun og þess vegna, auk þess sem ég sagði áðan um að virða beri verkfallsréttinn, mun ég greiða atkvæði gegn þessum frv. báðum.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég kem hér í þeim tilgangi einum að gera fyrir fram grein fyrir atkvæði mínu í stað þess að biðja um nafnakall og gera það með þeim hætti.

Ég tel afdráttarlaust að ríkisstjórnir eða löggjafi eigi ekki að blanda sér í samningamál með þeim hætti sem hér hefur verið gert æ ofan í æ og æ tíðar á undanförnum misserum og get ekki með neinu móti samþykkt að löggjafinn banni verkföll með þessum hætti. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp sem minni hl. samgn. Hann skipa ég, Kolbrún Jónsdóttir og Karl Steinar Guðnason. Við vorum sammála um að vera á móti þessu frv. og reyndar frv., sem kemur sjálfsagt hér á eftir, um bráðabirgðalög á verkfall skipstjórnarmanna, fyrst og fremst til að mótmæla því að slíkum aðferðum sé beitt í frjálsum samskiptum á milli aðila vinnumarkaðarins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
2.–7. gr. samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119, n. 330.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. samgn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Ég vísa til þess, sem ég sagði áðan, að við fyrri umræðu í deildinni skýrði samgrh. tilurð þessa lagafrv. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar, sem skráður er undir þskj., *mælir* með því að frv. verði samþykkt.

Það er óvenjulegt að samgn. klofni svona í hverju málinu á fætur öðru, ég held að þetta sé í þriðja sinn sem sú nefnd hefur ekki skilað sameiginlegu áliti síðustu árin, en ég get fullvissað deildina um að hér er ekki um varanlegan klofning nefndarinnar að ræða.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það fór eins í þessu máli og því er var verið að afgreiða fyrr að minni hl. nefndarinnar, þau er ég nefndi áðan, lögðust gegn samþykkt þessa frv. Þessi lög, sem hér er verið að fjalla um, eru reyndar að renna út nú um áramótin þannig að í sjálfu sér er ansi mikið gagnsleysi að samþykkja þetta í staðinn fyrir að láta þetta eiga sig. En hér er á ferðinni nokkru öðruvísi mál en það sem hér var verið að fjalla um áður. Hér var ekki verið að deila fyrst og fremst um laun heldur var verið að deila um kjör. Það var verið að deila um lífeyrissjóðsréttindi þeirra manna sem í hlut eiga. Ríkisstjórnin taldi ástæðu til að grípa inn í þar til að meina þessum aðilum að leita réttar síns með verkfallsréttinum til að ná svipuðum kjörum og aðrir í sjómannastétt hafa þegar fengið.

Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. þó lífdagar þessara laga séu ekki margir sem eftir eru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
2.–8. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 335.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég fylgi úr hlaði frv. til laga um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands og varðar það ákvæði laganna er fjallar um skiptingu björgunarlauna er falla í hlut Landhelgisgæslunnar þegar skip eða flugvél stofnunarinnar á aðild að björgun.

Hjálpar- og björgunarstörf eru veigamikill þáttur í starfsemi Landhelgisgæslunnar og í lögum þeim er um stofnunina gilda er talið meðal verkefna annars vegar að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi og að annast aðkallandi sjúkraflutninga og hins vegar að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó.

Á 60 ára starfstíma Landhelgisgæslunnar hafa skip og loftför gæslunnar ótal sinnum veitt hjálp við björgun manna og skipa úr sjávarháska. Er þá oft starfað við hin erfiðustu skilyrði og tæki og starfsmenn lögð í hættu. Eiga starfsmenn lof og heiður skilið fyrir þeirra þátt. Að því leyti sem um björgun eigna, skipa og loftfara er að ræða eru í siglinga- og loftferðalögum ákvæði um hvenær greiða skuli björgunarlaun og hvernig þau skuli ákveða. Gilda þau ákvæði jafnt um tæki Landhelgisgæslunnar sem annarra. Er ekki ástæða til þess að rekja það hér. Hins vegar gilda sérákvæði um skiptingu þessara björgunarlauna þegar Landhelgisgæslan stendur að björgun.

Skv. lögum um Landhelgisgæsluna fellur ¼ nú til áhafnar, en ¾ til útgerðar. Þegar önnur skip standa að björgun er hlutur áhafnar ⅖ og útgerðar ⅗. Var hlutur áhafnar aukinn úr ⅓ miðað við gufuskip þegar siglingalögum var breytt á síðasta ári.

Við endurskoðun siglingalaga mun hafa verið talið að breyta ætti ákvæðum að því er varðar Landhelgisgæsluna til samræmis við aðrar útgerðir, en tillögur þar að lútandi frá nefnd er endurskoðaði

ákvæði siglingalaganna um björgun skv. þál. frá 1981 komst ekki í framkvæmd. Fjallar frv. þetta um þá samræmingu og má að öðru leyti vísa til athugasemda með frv.

Rétt er að taka fram að sérstakar reglur gilda um björgun skipa sem tryggð eru hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bótaábyrgðarfélögum.

Á undanförnum árum hefur verið í undirbúningi að gera sameiginlega gjaldskrá um þóknun til varðskipa og fiskiskipa fyrir björgun fiskiskipa 100 rúmlesta og stærri miðað við að ekki sé um yfirstandandi hættu að ræða. Hafa viðkomandi aðilar nýlega undirritað samkomulag um slíka gjaldskrá sem gildi til reynslu í eitt ár.

Að þessu samkomulagi standa annars vegar Samsteypa íslenskra fiskiskipatrygginga og hins vegar Landhelgisgæslan og Landssamband ísl. útvegsmanna svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands. Í umræðum um þessa gjaldskrá þótti rétt að miða við að hlutur áhafnar í björgunarlaunum yrði sá sami hver sem að björgun stæði. Þótti þá rétt að ákvæðum í lögum um Landhelgisgæsluna yrði breytt til samræmis við ákvæði siglingalaganna að þessu leyti. Er frv. þetta flutt til að koma á slíkri samræmingu. Rétt er þó að taka fram að ekki er gert ráð fyrir breytingu á innbyrðis skiptingu björgunarlauna milli áhafnar varðskips eða loftfars, en þar skiptast björgunarlaunin í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun, en almenna regla siglingalaganna miðar við þriðjung af hluta áhafnar til skipstjóra.

Í Nd. var 2. gr. frv. breytt þannig að í stað þess að ákvæði 1. gr. gildi um björgun eftir 15. sept. 1986 skuli þetta ákvæði gilda um afgreiðslu björgunarmála eftir 15. sept. 1986 og var það gert í samráði við Landhelgisgæsluna.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 339 (sbr. 226).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um alllangan tíma hafa opinberir starfsmenn haft þá meginstefnu að óska eftir að samningsréttur og verkfallsréttur yrði á höndum einstakra aðildarfélaga. Í kjarasamningum fyrr á þessu ári var því lýst yfir af hálfu fjmrn. að það væri fyrir sitt leyti reiðubúið til viðræðna um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna til að gera þær grundvallarbreytingar að samningsréttur og verkfallsréttur flyttist til einstakra aðildarfélaga með ákveðnum takmörkunum sem þar var lýst. Um þetta náðist ekki samkomulag á þeim tíma, en aðilar urðu sammála um að halda umræðum áfram í sérstökum nefndum.

Með samkomulagi sem gert var 24. nóbember s.l. milli fjmrn. annars vegar, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, launamálaráðs starfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga hins vegar varð samkomulag um stuðning við meginbreytingar á gildandi lögum.

Í fyrsta lagi var þar lögð áhersla á að ein lög skyldu gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Í öðru lagi að þau félög sem nú hafa sérkjarasamninga við ríki og sveitarfélög á grundvelli gildandi laga fái fullan samningsrétt og verkfallsrétt og önnur stéttarfélög fái þann rétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í þriðja lagi að undanþágur frá verkfalli verði skýrt markaðar í lögum og kjaradeilunefnd verði lögð niður. Aðilar lýstu því jafnframt yfir að þeir hefðu náð samkomulagi um sérstakan stefnumarkandi lista að því er varðar undanþágur í verkfalli.

Á grundvelli þessa samkomulags var þetta frv. lagt fram. Í því felast grundvallarbreytingar á samningsréttarmálum opinberra starfsmanna. Í núgildandi lögum er umboð til að gera samninga annars vegar bundið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hins vegar við þau heildarsamtök sem fjmrh. veitir viðurkenningu skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Umboð til að gera aðalkjarasamning er með þessum hætti takmarkað við fáa aðila og umboð til þess að gera sérkjarasamninga er í höndum þeirra félaga sem eru aðilar að þessum heildarsamtökum. Í fyrirliggjandi frv. er umboð til samningsgerðar ekki bundið með þessum hætti en gert ráð fyrir að hvert stéttarfélag starfsmanna ríkisins eða sveitarfélaga sem uppfyllir tiltekin almenn skilyrði geti orðið samningsaðili óháð því hvort það er innan heildarsamtaka eða ekki. Gildandi lög eru fyrst og fremst miðuð við ríkið og starfsmenn þess, en um samninga starfsmanna sveitarfélaga hafa gilt ákvæði reglugerðar sem sett voru með gildandi lögum. Ákvæði í fyrirliggjandi frv. eru miðuð við að þau geti tekið til sveitarfélaga og starfsmanna þeirra með sama hætti og til starfsmanna ríkisins og ríkisins sjálfs. Heimild til verkfalls er skv. gildandi lögum nær einungis bundin við BSRB, en færi skv. frv. til einstakra stéttarfélaga. Takmarkanir á verkfalli og aðdragandi þess er á ýmsan hátt hliðstæður því sem nú gildir um Banda-

lag starfsmanna ríkis og bæja, en þó frábrugðið að því er þátt sáttasemjara og sáttatillögu varðar við boðun verkfalls, með hvaða hætti undanþágur frá verkfalli eru ákveðnar.

Skv. núgildandi lögum ber sáttasemjara að leggja fram sáttatillögu ef verkfall er boðað. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram um tillöguna og ráða úrslit hennar því hvort til verkfalls kemur eða ekki. Í frv. er ekki gert ráð fyrir skyldu sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu. Um aðild hans að kjaradeilum mun því fara eftir lögum nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Í gildandi lögum hefur sérstök nefnd, kjaradeilunefnd, það hlutverk að ákveða hverjir skuli vinna þrátt fyrir verkfall í þeim tilgangi að tryggð sé nauðsynleg öryggis- og heilsugæsla. Fyrirkomulag þetta og starfsemi kjaradeilunefndar var hart gagnrýnt í síðasta verkfalli. Í stað þessa fyrirkomulags gerir frv. ráð fyrir því að annars vegar verði birtur tæmandi listi yfir þau störf sem undanþegin eru verkfalli og hins vegar að undanþágur verði veittar til að firra neyðarástandi. Slíkar undanþágur yrðu háðar samþykki tveggja fulltrúa sem deiluaðilar skipa.

Í þeim lögum sem um Bandalag háskólamanna og Bandalag kennarafélaga gilda er hlutverk sáttasemjara að koma á viðræðum milli aðila og kanna möguleika á samkomulagi. Takist það ekki innan tiltekinna tímamarka er málinu vísað til Kjaradóms. Ákvæði þessi falla nú niður og þar með hlutverk Kjaradóms í kjaradeilum stéttarfélaga opinberra starfsmanna. Það er því augljóst að með þessu frv. eru mörkuð þáttaskil í samningsréttarmálum opinberra starfsmanna.

Í meginatriðum er samningsréttur og verkfallsréttur færður út til einstakra félaga. Með frv. er jafnframt eytt ágreiningi um undanþágur frá verkfalli. Þar er skýrt kveðið á um það hvaða opinberir starfsmenn hafa ekki verkfallsrétt. Með lögunum er jafnframt tryggt að löggæsla og æðsta stjórnsýsla ríkisins, stjórnarráðið sjálft, geta starfað óhindrað þó að verkfallsátök fari að öðru leyti fram á vegum opinberra starfsmanna.

Hvort tveggja þetta tryggir meira öryggi í stjórnsýslunni og færir um leið opinberum starfsmönnum aukin réttindi. Ég er þess fullviss að hér er um verulega réttarbót að ræða fyrir opinbera starfsmenn. Þessi nýja löggjöf mun að því leyti marka samningamálum opinberra starfsmanna nýjan farveg.

Með því samkomulagi sem gert var í lok nóvembermánaðar s.l. milli fjmrn. og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um meginatriði þessa frv. var því lýst yfir af minni hálfu að ég mundi beita mér fyrir því að löggjöfin yrði lögð fram á Alþingi og þess freistað að fá hana samþykkta á þessu ári þannig að opinberir starfsmenn og félög þeirra gætu í byrjun næsta árs, þegar kjarasamningar eru lausir, hafið samninga á grundvelli nýrar löggjafar.

Þegar málið kom til meðferðar í hv. Nd. tókst góð samstaða um skjótan framgang þess. Ég vænti þess að svo muni einnig verða í hv. Ed. og legg til, frú forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (verkfallsréttur). — Þskj. 340.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Frv. þetta um breytingu á lögum um lögreglumenn nr. 56/1972 er flutt í tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eins og hér hefur komið fram hefur náðst samstaða um þessi frv. milli samtaka starfsmanna og ríkisstjórnar.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að lögreglumenn ríkisins megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Til lögreglumanna ríkisins teljast auk lögreglumanna tollverðir og áhafnir varðskipanna. Í lögum um Landhelgisgæsluna eru ákvæði sem undanþiggja starfsmenn hennar verkfallsþátttöku og verkfallsboðun þannig að ekki er um að ræða breytingu á réttarstöðu þeirra.

Samkomulag er milli stjórnvalda og Landssambands lögreglumanna og Tollvarðafélags Íslands um að hinn mikilsverði og viðkvæmi starfsvettvangur þeirra verði ekki gerður að ágreiningsefni eða dreginn inn í verkfallsátök heldur aðrar leiðir farnar til úrlausnar á hugsanlegum kjaradeilum þeirra og stjórnvalda. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til athugasemdar við lagafrv. um aðdraganda þess og undirbúning.

Ég vil geta þess að í Nd. hefur verið lagt fram frv. um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli þar sem er gert ráð fyrir að fangaverðir fái sambærilega réttarstöðu.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. um lögreglumenn vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (starfsmenn án verkfallsréttar). — Þskj. 243.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta frv. tengist frv. um breytingar á lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna og efnisákvæði þess eru beint tengd þeim breytingum sem þar er gerð tillaga um og þess vegna nauðsynlegt að frv. fái afgreiðslu í tengslum við það frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir einstök ákvæði í frv. Það skýrir sig að öðru leyti sjálft. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Kjaradómur, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 338 (sbr. 244).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Kjaradóm. Frv. er flutt í tengslum við frv. til laga um breytingar á samningsrétti opinberra starfsmanna. Með því frv. er gert ráð fyrir því að meginhlutverk Kjaradóms til úrskurðar í kjaradeilu milli félaga opinberra starfsmanna og ríkisins falli niður. Eigi að síður verður áfram nauðsyn á að Kjaradómur kveði á um laun nokkurra helstu embættismanna ríkisins og þykir fara betur á því að ákvæði um þau efni komi fram eða verði skipað í sérstökum lögum, en frv. er að öðru leyti nátengt frv. til laga um samningsrétt opinberra starfsmanna og nauðsyn á að það fái afgreiðslu í tengslum við það.

Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Norræn fjárfestingarlán, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána. Með þessu frv. er ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 5 millj. 350 þús. SDR (sérstök dráttarréttindi) gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða sem bankinn veitir vegna verkefna utan Norðurlanda.

Vegna aukinna umsvifa Norræna fjárfestingarbankans, sem Ísland er aðili að og veitt hefur íslenskum aðilum margháttuð fjárfestingarlán, samþykkti ráðherranefnd Norðurlanda í maí s.l. að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans þannig að bankinn geti haldið áfram að veita með eðlilegum hætti fjárfestingarlán og fjárfestingarábyrgðir til norrænna verkefna utan Norðurlanda. Af þessu leiðir að ábyrgð einstakra aðildarríkja bankans u.þ.b. tvöfaldast, m.a. ábyrgð Íslands er verður 5 millj. 350 þús. SDR (sérstök dráttarréttindi) eða röskar 260 millj. ísl. kr. Að öðru leyti en því er snertir ábyrgðarupphæðina eru lögin efnislega samhljóða lögum nr. 77 frá 1982, um sama efni.

Á grundvelli samþykkis Alþingis verður nýr ábyrgðarsamningur undirritaður og að því er stefnt að hann taki gildi 1. jan. 1987 og önnur stjórnvöld á Norðurlöndum stefna að sama gildistökudegi. Því er mikilvægt að mál þetta geti fengið skjóta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

21. fundur, mánudaginn 15. des., að loknum 20. fundi.

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 3. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

22. fundur, mánudaginn 15. des., kl. 22.40 síðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 353.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 168, n. 327, 331 og 344, brtt. 210, 324, 328, 332 og 342.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 327 frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Við gerð frv., sem er á þskj. 168, var sem kunnugt er reiknað með að tekjubreytingin á milli áranna 1985 og 1986 yrði um það bil 31%. Á sama hátt var reiknað með að hækkun tekna milli áranna 1986 og 1987 yrði 15%.

Síðan frv. kom til nefndarinnar hefur Þjóðhagsstofnun endurskoðað þessar áætlanir og hinn 12. des. lét stofnunin frá sér fara eftirfarandi frétt um endurskoðun þjóðhagsspár 1986 og horfur 1987:

„Áætlanir um helstu þjóðhagsstærðir á árinu 1986 og spár fyrir árið 1987 eru nú í endurskoðun, m.a. í ljósi fyrri upplýsinga um framvinduna á þessu ári og nýgerðra kjarasamninga. Hér á eftir eru raktar helstu niðurstöður eins og þær eru nú metnar", segir þar.

Varðandi framvinduna 1986 segir:

„Útflutningur, einkum á fiski, hefur verið afar mikill á þessu ári. Hér leggst allt á sömu sveif, landburður af afla, hátt afurðaverð og hagkvæm ráðstöfun aflans. Auk þess hefur gengið mjög á birgðir, sérstaklega nú síðustu mánuði. Þótt almennur innflutningur hafi einnig farið vaxandi að undanförnu virðist líklegt að halli á viðskiptum við útlönd verði mun minni en spáð var og gæti jafnvel horfið með öllu. Það yrði í fyrsta sinn síðan 1978 sem það gerðist.

Hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verður því meiri en áður var búist við eða um 6% í stað 5%. Jafnframt virðast horfur á að viðskiptakjör batni meira en áætlað var, ekki síst vegna mikillar hækkunar fiskverðs að undanförnu. Þjóðartekjur gætu því aukist um meira en 8% á árinu. Þetta er meiri hagvöxtur en í nokkru öðru vestrænu iðnríki á þessu ári.

Launabreytingar á árinu hafa orðið meiri en reiknað var með fyrr í haust. Þannig er nú búist við um 35% meðalhækkun atvinnutekna á mann milli 1985 og 1986 í stað 31% áður. Á sama tíma er áætlað að kauptaxtar hækki um 25%. Munurinn skýrist fyrst og fremst af óvenjumiklu launaskriði.

Verðbólga verður minni en um langt árabil. Þannig hækkar framfærsluvísitalan um 21% að meðaltali milli áranna 1985 og 1986. Á hinn bóginn er hækkunin mun minni frá upphafi til loka þessa árs eða rétt um 12%. Þetta er rúmlega 3% meira en Þjóðhagsstofnun spáði í febrúarlok s.l., en það má fyrst og fremst rekja til meiri hækkunar innflutningsverðs en þá var reiknað með.

Kaupmáttur launa eykst samkvæmt þessu verulega á árinu. Á mælikvarða kauptaxta gæti kaupmáttur aukist allt að 11% frá upphafi til loka árs og kaupmáttur atvinnutekna enn meira. Meðalhækkun milli áranna 1985 og 1986 er rúmlega 3% í kauptöxtum en yfir 11% á mælikvarða atvinnutekna á mann. Samkvæmt þessu hefur kaupmáttur tekna heimilanna aukist um 20% á síðustu tveimur árum."

Hvað varðar horfurnar 1987 segir Þjóðhagsstofnun, með leyfi forseta:

„Kjarasamningarnir, sem gerðir voru nú í desemberbyrjun, breyta nokkuð horfum hér innanlands á næsta ári. Þótt ekki liggi fyrir endanlegt mat á áhrifum samninganna er rétt að benda á nokkur atriði sem varða efnahagshorfur fram undan.

Ef aðrir kjarasamningar verða á svipuðum nótum má ætla að kauptaxtar geti að meðaltali hækkað um 16% milli áranna 1986 og 1987 og, að viðbættum áhrifum launaskriðs, fastlaunasamninga o.fl., virðist mega reikna með a.m.k. 20% meðalhækkun atvinnutekna á mann á sama tímabili.

Verðbólga á mælikvarða framfærsluvísitölu gæti á þessum forsendum hækkað um 7–8% frá upphafi til loka næsta árs, en meðalhækkun milli áranna 1986 og 1987 yrði meiri, eða rúmlega 11%.

Kaupmáttur tekna heimilanna yrði því meiri á næsta ári en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar s.l. haust. Þannig má ætla að kaupmáttur kauptaxta geti aukist um 4% að meðaltali milli áranna 1986 og 1987 en kaupmáttur atvinnutekna um 7–8% og hefði þá aukist um 30% frá árinu 1984.

Þjóðarútgjöld gætu samkvæmt þessu aukist um 4% á næsta ári, í stað 2% á forsendum þjóðhagsáætlunar. Þetta kæmi einkum fram í auknum neysluútgjöldum heimilanna, en einnig að nokkru í fjárfestingarútgjöldum.

Viðskiptajöfnuður við útlönd yrði þess vegna óhagstæðari á næsta ári en spáð er fyrir þetta ár. Aftur á móti virðist að svo stöddu ekki ástæða til að ætla að viðskiptahallinn verði meiri en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun þar sem útkoman á þessu ári verður fyrirsjáanlega mun hagstæðari en þar var búist við. Ekki má þó mikið út af bregða til þess að þetta snúist til verri vegar.

Hagvöxtur á næsta ári gæti samkvæmt þessu orðið um 4%, í stað rúmlega 2% í þjóðhagsáætlun. Jafnframt virðist mega gera ráð fyrir nokkrum viðskiptakjarabata þannig að þjóðartekjur gætu aukist heldur meira eða um 5%.

Þótt hér hafi verið dregin upp björt mynd af ástandi og horfum í efnahagsmálum hér á landi er rétt að vekja athygli á því að töluverð óvissa ríkir um framvindu næstu mánuði. Fyrst og fremst má nefna mikla og vaxandi þenslu hér innanlands að undanförnu. Þetta kemur fram í mikilli fólkseklu, launaskriði og vaxandi innflutningseftirspurn. Þessar aðstæður gætu teflt verðlagshorfum á næsta ári í tvísýnu. Jafnframt er hætt við að meiri launahækkanir en nýgerðir kjarasamningar gera ráð fyrir leiði til aukinnar verðbólgu og vaxandi viðskiptahalla.

Það er brýnt að nýta hin einstaklega hagstæðu skilyrði í þjóðarbúskapnum um þessar mundir til þess að varðveita og styrkja enn frekar þann árangur sem náðst hefur á flestum sviðum efnahagsmála á þessu ári. Betra jafnvægi í opinberum fjármálum og peningamálum er forsenda þess að þetta takist.“

Þetta var, herra forseti, fréttatilkynning Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt ofangreindum áætlunum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að tekjur einstaklinga hækki um 34–35% milli áranna 1985 og 1986 eða um 3–4% meira en miðað var við við gerð frv. Þá er talið að nýgerðir kjarasamningar leiði til þess að launahækkanir á milli áranna 1986 og 1987 verði ekki undir 18–19% sem er einnig um 3–4% meira en áður var áætlað.

Hækkun skattstofnsins um 3% umfram það sem frv. gerir ráð fyrir mun samkvæmt því álagningarkerfi sem það felur í sér leiða til þess að tekjur ríkissjóðs verði 565 millj. kr. meiri en ráð var fyrir gert.

Sé stefnt að sömu greiðslubyrði og frv. gerði ráð fyrir ætti tekjuskattur í ljósi hinna breyttu forsendna að hækka um 107 millj. kr. frá því sem áður var reiknað með. Til þess að ná þessu markmiði er af framangreindum ástæðum nauðsynlegt að gera tillögur um nokkrar breytingar á frv.

Þar sem áætluð hækkun skattstofnsins milli álagningarára og hækkun milli greiðsluára er nær hin sama, þ.e. um 3%, má ná því sem næst sömu áhrifum og gert var ráð fyrir í frv. með því að beita á það skattvísitölunni 103. Með þeirri aðferð er áætlað að skattar mundu hækka um 106 millj. kr. frá áætlun frv. og yrði skattbyrðin því óbreytt að teknu tilliti til tekjubreytinga frá því sem áætlað var.

Að auki leggur meiri hl. nefndarinnar til að heimild til tillags í varasjóð verði framlengd um eitt ár til viðbótar.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 8 frá 1984, sem fjalla um frádrátt tillaga í fjárfestingarsjóði, er kveðið á um að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt varðandi tillög í varasjóð skuli við álagningu á árinu 1984 og 1985 halda gildi sínu. Heimild þessari var ætlað að skapa lögaðilum eins konar aðlögunartíma að hinni breyttu skipan. Samkvæmt þessu gátu framteljendur valið á árunum 1984 og 1985 hvort þeir nýttu sér að leggja 25% af hreinum skattskyldum tekjum í varasjóð eða leggja 40% af sömu fjárhæð í fjárfestingarsjóð. Heimild þessi var síðan framlengd um eitt ár með lögum nr. 18 frá 1985. Þarfir fyrirtækja eru nokkuð mismunandi í þessu efni. Mörg hafa t.d. ekki þörf fyrir að ráðast í nýfjárfestingu heldur þurfa mun frekar að nýta núverandi fjárfestingu betur og treysta frekar rekstrarfjárstöðu sína. Við slíkar aðstæður verkar varasjóðsheimildin mun betur en fjárfestingarsjóðsheimildin. Af þessum sökum er því lagt til að framlengja heimild þessa um eitt ár til viðbótar.

Að þessu nál. standa auk mín Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Guðmundur Bjarnason og Ólafur G. Einarsson.

Á þskj. 328 fylgja þær brtt. sem við leggjum til og er það uppreikningur frá frv. til þess að ná sömu markmiðum og í frv. fólust. Minni hlutarnir hafa skilað sérálitum og koma til með að gera grein fyrir þeim. Læt ég þá máli mínu lokið.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það er vitaskuld ljóst og hefur áður

komið fram hér í umræðum að það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að það sé löngu orðið tímabært að endurskoða tekjukerfi ríkisins frá grunni, þar á meðal og reyndar ekki síst að einfalda tekjuskatta hins opinbera í heild sinni og grisja frádráttarfrumskóginn, bæði að því er varðar framtöl einstaklinga og þá ekki síður að því er varðar framtöl fyrirtækja, og jafnframt að stefna að því að tekjuskattur ríkisins af venjulegum launatekjum verði afnuminn.

Ég hef áður gert grein fyrir hugmyndum okkar Alþýðuflokksmanna og reyndar tiltölulega nýverið í þessum efnum í grófum dráttum og mun ekki gera það hér eða nú. Hér liggur hins vegar fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og frekari brtt. við það frá meiri hl. nefndarinnar. Hér liggja líka fyrir eða hafa verið kynntir í nefnd þykkir og miklir útreikningar með litlum og sætum prósentutölum sem hv. fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa rýnt í af mikilli gaumgæfni upp á brot úr kommu. Mín skoðun er hins vegar sú að þegar skoðað er tekjuskattskerfi ríkisins og þau áform sem fram undan eru í því sé nauðsynlegt að hafa í huga aðra skatta sem eru lagðir á tekjur þannig að heildarmyndin fáist og í því sambandi koma til skoðunar skattar bæði til ríkisins og til sveitarfélaga. Þannig verður að líta ekki einungis á tekjuskattinn einan sér þegar frv. eins og þetta eða brtt. eins og þær sem hér eru til umræðu eru skoðaðar heldur verður að líta jafnframt á sjúkratryggingagjald og útsvar og reyndar einnig á sóknargjald sem er tekjutengt.

Eins og hv. deild er kunnugt leggjast útsvar, sjúkratryggingagjald og sóknargjald á svonefndar brúttótekjur, en tekjuskattur hins vegar á svonefndar nettótekjur. Ég held að það sé einfaldast og réttast, þegar verið er að skoða álagningu af þessu tagi, að nota sama mælikvarða í báðum tilvikum. Það sem skiptir máli fyrir launþega í landinu eru í rauninni útgreidd laun. Útgreidd laun eru hvorugt af því sem hér er tilgreint, það eru hvorki brúttótekjur né nettótekjur. Í langflestum tilvikum fást nettótekjur með því að framteljendur hagnýta sér svonefndan 10% frádrátt. Þess vegna mun ég líka nota þá viðmiðun hér og nota í því nál. sem ég hef skilað. En á hinn bóginn eru lífeyrissjóðsiðgjöld, sem nema yfirleitt um 4% af tekjum, ekki útgreidd laun.

Þegar tekið er tillit til þessa kemur sú einkennilega staðreynd fram að álagningarstofn fyrir útsvar og sjúkratryggingagjald er hærri en útgreidd laun, rúmlega 4% hærri, reyndar 4,2%. Þegar þetta er tekið með í myndina að því er varðar tekjuskattsstofn kemur líka í ljós að tekjuskattsstofninn er ekki 90% af útgreiddum launum heldur 93,75%. Ef menn ætla að skoða heildarskattmyndina verða menn að taka tillit til þessa og sjálfsagt að nota einn og sama mælikvarðann í báðum tilvikum. Sá mælikvarði sem liggur beinast við er auðvitað útgreidd laun, það er það sem menn hafa í höndunum.

Ég hef skoðað heildarskattmyndina miðað við fyrirliggjandi tillögur meiri hl. nefndarinnar og önnur áform eins og þau blasa við og reynt að gera mér grein fyrir því hvernig þessi skattamynd liti þá út og þá miðað við útgreidd laun. Í því dæmi hef ég reiknað með 10,5% útsvarsálagningu. Á seinasta ári var útsvarsálagning yfirleitt á bilinu 10–10,8%, ef ég man rétt, og vel má vera að meðalálagningin nái ekki 10,5% á því ári sem fram undan er, en varla trúi ég að þar víki frá nema mjög lítið. Hér hef ég enn fremur gert ráð fyrir að afsláttur vegna fjölskyldu yrði 4009 kr. í sambandi við útvarsálagningu og lægsta greidda útsvar yrði 1166 kr. Nú mun að vísu vera komin fram og reyndar samþykkt brtt. þar sem hér skeikar um 25 kr., held ég, í hvorku tilviki fyrir sig, en það breytir varla heildarniðurstöðum í þessu dæmi.

Ég hef enn fremur gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald yrði 2% og legðist á tekjur eins og gert er ráð fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar um það efni. Ég hef jafnframt gert ráð fyrir því að sóknargjaldið yrði 0,35% sem er sú prósenta sem a.m.k. gjaldendur í Hafnarfirði þurftu að þola á s.l. ári.

Ef þetta er skoðað þá fæst svofelld niðurstaða:

1. Að þær tekjur sem ekki er greitt útsvar af, og er þá miðað við útgreiddar tekjur eins og ég hef skilgreint þær, eru 47 300 kr. á ári.

2. Það bil þar sem persónuafsláttur nýtist til þess að greiða útsvar að fullu, þannig að það er ríkið sem greiðir útsvarið til sveitarfélaganna í rauninni og gjaldandinn eða framteljandinn þarf ekki að standa undir því, þetta bil er þá frá 47 300 kr. og upp í 224 260 kr. samkvæmt þeim forsendum sem hér hefur verið getið.

3. Skattleysismörk tekjuskatts eru hins vegar við tekjurnar 345 900 kr. og hér er þá enn og aftur notaður sami mælikvarðinn, þ.e. útgreidd laun.

Það er ekki lengra en þetta sem umræðan venjulega nær hér um það hver séu áhrifin af þeim breytingum sem verið er að gera á skattstigunum, persónuafslætti og fleiru af því tagi. Síðan leggja menn út í margvíslega útreikninga þar sem tekin eru meðaltöl fyrir ýmsa hópa þjóðfélagsins og reiknaðar út breytingar á skattbyrði upp á brot úr prósentu miðandi þá gjarnan við eitthvað sem þeir gefa sér sem viðmiðunarkerfi.

Það er hins vegar athyglisvert að skoða jaðarprósentur þessara tekjutengdu skatta í heild sinni, skoða þær með hliðsjón af mánaðartekjum. Þá kemur í ljós að þegar tekjurnar eru allt að 18 700 kr. á mánuði er ekki um neinn tekjuskatt að ræða, engan tekjuskatt sem gjaldandi eða framteljandi þarf að standa undir, það útsvar sem álagt er allt upp að þessum tekjum er greitt með persónuafslætti.

Síðan kemur bil frá 18 700 kr. til 28 800 kr. þar sem persónuafsláttur nýtist til að greiða hluta af útsvarinu, breytilegan og síminnkandi eftir því sem tekjurnar eru meiri þannig að jaðarprósentan er þá á bilinu 0–11,3% en þessi 11,3% fást náttúrlega út þegar tekið er tillit til þess að útsvarið sé 10,5%, að sóknargjaldið sé 0,35%, en álagningarstofninn sé 4,2% yfir 100%. Það gerir sem sagt samtals 11,3%.

Þar næsta bilið er þá frá 28 800 kr. til 36 600 kr. og er nú heldur þröngt eins og menn sjá, einungis 8000 kr. bil. Þar er jaðarskattprósentan 28,2%. Og enn kemur annað bil upp á 6000 kr. því sem næst, þ.e. frá 36 600 kr. til 42 200 kr., þar sem jaðarskatturinn er 30,3%. Síðan gerast menn stórstígari því að næsta bil er frá 42 200 kr. upp í 73 300 kr. og þar er jaðarskattprósentan komin upp í 40,2% af þessum tekjutengdu sköttum í heild sinni. Ef tekjurnar á mánuði fara yfir 73 300 kr. er jaðarskattprósentan komin í um 50% eða 49,5% af útgreiddum launum.

Í því nál. sem ég hef skilað hef ég dregið upp eilítið skematíska mynd af því sem hér um ræðir. Það sem er einkennandi fyrir þessa mynd er vitaskuld hversu bratt skattstiginn rís frá því menn borga engan skatt og upp í það að jaðarskatturinn er orðinn 40,2%. Þetta þýðir það að ef mánaðartekjur fara yfir 42 200 kr. á mánuði borga menn 40 kr. rúmar af hverjum 100 sem þeir vinna sér inn umfram þessi mörk í tekjutengda skatta á mánuði hverjum og það svo lengi sem tekjur þeirra eru innan við 73 300 kr. á mánuði, en þegar tekjur eru komnar umfram 73 300 kr. á mánuði borga menn nær helming af hverri krónu sem þeir vinna sér inn aftur til ríkisins í þessa tekjutengdu skatta.

Í sambandi við umfjöllun um þetta mál leitaði ég upplýsinga hjá fjmrn. um hver hefðu verið meðallaun opinberra starfsmanna í októbermánuði s.l. Samkvæmt upplýsingum þaðan voru meðallaun hjá opinberum starfsmönnum, útgreidd laun fyrir októbermánuð, með yfirvinnu- og álagsgreiðslum, til þeirra sem eru í BSRB 52 000 kr. og til þeirra sem eru í BHM um 74 000 kr. á mánuði.

Ég held að það sé einsýnt að fullfrískt, vinnandi fólk á Íslandi lendir nær allt í hæstu tveimur skattþrepunum. Upplýsingar fjmrn. um þetta efni staðfesta þá skoðun. Það er skoðun mín að hér sé of langt gengið í skattlagningu á jaðartekjum og þess vegna legg ég til að þær verði lækkaðar nokkuð. Ég held reyndar að þetta sé hærra hlutfall en alþm. hafi yfirleitt gert sér grein fyrir. Þess vegna flyt ég sérstaka brtt. um lækkun á skatthlutfallinu í þessum tveimur þrepum, sem eru aðalþrepin og þar sem obbinn af fullfrísku vinnandi launafólki er, till. um að þessar jaðarprósentur lækki um 4%. Ég legg til að þar sem stendur 28,5% í till. meiri hl. nefndarinnar standi þá 24,5% og þar sem stendur 38,5% í till. meiri hl. nefndarinnar, og reyndar í frv. ríkisstjórnarinnar líka að því er hvort tveggja þetta varðar, standi 34,5%. Samkvæmt upplýsingum fjmrn. mundu tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga þá lækka um 420 millj. kr.

Það er hins vegar ljóst og hefur margoft komið fram hér í umræðunni að tekjuskattar fyrirtækja eru ótrúlega lágir á Íslandi og reyndar óheyrilega lágir. Það er upplýst að einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 sem telja fram greiddu tekjuskatta á líðandi ári. Og tekjuskattsálagningin í heild sinni er einungis áætluð um 1,3 milljarðar kr.

Nýlega er lokið í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, mikil grisjun og einföldun á skattareglum og frádráttarreglum að því er varðar skattlagningu fyrirtækja. Ég tel að það sé meira en mál til komið að við Íslendingar tökum til hendinni í þessu efni ekkert síður en Bandaríkjamenn og grisjum þennan frumskóg og einföldum hann, drögum sem sagt úr heimildum til frádráttar vegna reiknaðra framlaga en ekki raunverulegra útgjalda, vegna reiknaðra framlaga í varasjóði og vegna framlaga í fjárfestingarsjóði og heimildir til fyrningarfrádrátta af ýmsu tagi verði jafnframt lækkaðar.

Það er upplýst að einungis framlög í varasjóði og fjárfestingarsjóði samkvæmt framtölum fyrirtækja hafi á yfirstandandi ári numið um 900 millj. kr. eða tæpum milljarði kr. Það er upplýst af hálfu fjmrn. Með því að takmarka þetta eða hugsanlega helminga það væri þarna komin veruleg bót og möguleiki til aukinna tekna ríkissjóðs af tekjum fyrirtækjanna, hækkun á tekjuskattsstofni þeirra. Sama gildir vitaskuld um fyrningarfrádrátt og ýmsa aðra frádráttarliði sem í gildi eru varðandi skattlagningu fyrirtækjanna. Svo illa vill hins vegar til að fjmrn. og reyndar allt hið opinbera kerfi er ákaflega fátækt af upplýsingum um þetta efni, þ.e. hversu þungt hinir ýmsu frádráttarliðir vega, sem fyrirtækjunum er heimilt að nýta sér. Þess vegna hef ég ekki farið lengra í því að útfæra tillögur um þetta efni en raun ber vitni, en ætla að ekki eigi að vera ofraun að hækka álagðan tekjuskatt á fyrirtækin um 650 millj. kr. Færi þetta eftir mundi tekjuskattur á einstaklinga lækka um 420 millj., en tekjuskattur á fyrirtækin hækka um 650 millj. Þarna yrði því afgangur upp á 230 millj. kr. sem ætti ekki að veita af til að bæta stöðu ríkissjóðs, en eins og kunnugt er á ríkissjóður orðið fáa vini og vil ég með þessu sýna honum eilítinn vináttuvott.

Þær brtt. sem ég hef hér lýst koma fram á þskj. 332. Þær eru einfaldar. Þær miða að því að létta skattbyrðina á venjulegu vinnandi fólki, á venjulegum launþegum sem búa við það að allar þeirra tekjur eru taldar fram til skatts. Ég held að þær mundu líka verða til þess að draga úr skattsvikum vegna þess að það er augljóst mál að sú óheyrilega háa jaðarprósenta sem lögð er á venjulegar tekjur stuðlar að því að menn laðist til undandráttar undan skatti. Þó ekki væri nema af þeirri ástæðu væri æskilegt að miða við lægri jaðarprósentur en lagt er til í frv. ríkisstjórnarinnar og jafnframt þeim tillögum sem meiri hl. nefndarinnar mælir með.

En aðalástæðan er þó sú að 40–50% jaðarskattur á tekjur venjulegs vinnandi fólks, kvenna sem vinna t.d. í bónus í frystihúsunum, kennara, hjúkrunarkvenna og þar fram eftir götunum, sem sagt obbans af opinberum starfsmönnum, því að það voru meðaltöl ein sem ég nefndi áðan, er allt of hár. Hér er allt of langt gengið, það er of mikið á þetta fólk lagt.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, herra forseti. Ég vænti þess að nál. tali sínu máli, tali skýru máli bæði í tölum og myndum og segi mönnum meira um hvers konar skattkerfi menn eru að

samþykkkja en þeir doðrantar sem út eru reiknaðir á Reiknistofnun með mörgum aukastöfum upp á brot úr prósenti eða prómill af ýmsu tagi.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og jafnframt fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 342 og fjalla einkum og sér í lagi um frádráttarliði fyrirtækja.

Þetta frv. hefur verið til meðferðar í nefndinni nú um skeið. Forsendur þess hafa stöðugt verið að breytast og það hefur verið sullað fram og aftur með milljónirnar, milljónatugina og milljónahundruðin. Það er ekki fyrr búið að hækka tekjuspána milli áranna 1986 og 1987 upp í 18,5% úr 15 en ný spá berst um góðærið sem sýnir tekjuhækkun á milli áranna upp á 20%.

Mér þætti satt að segja ekkert óviðeigandi, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. væri í salnum þegar verið er að tala um svona mál. Mér skilst að hann flytji þetta mál og sé ábyrgur fyrir ríkissjóði þannig að ég legg til við forsetann að umræðunni verði frestað ef fjmrh. getur ekki verið hér í salnum. Það má taka þetta fyrir aftur á miðvikudaginn. (**PP:** Fjmrh. er í hliðarsal.) Hann hefur hér stól enn þá hvað sem verður eftir kosningarnar. Hann getur vel setið hér inni þegar verið er að ræða þessi mál — nema hann hafi farið á Kúbukvöld. Það er auðvitað algert lágmark að ráðherrar, sem eru að reyna að troða málum hér í gegn um hánótt, séu mættir hér þegar verið er að tala við þá. Hann hefur sennilega verið sofnaður í hliðarherberginu. Það tekst ekki að ræsa hann enn.

Hér er verið að ræða um einn af stærstu tekjustofnum ríkisins, tekju- og eignarskatt, og mér finnst sanngjörn krafa að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræður í þingsalnum vegna þess að hér er m.a. um það að ræða að fluttar hafa verið brtt. sem er óhjákvæmilegt að gera grein fyrir og gera m.a. fjmrh. grein fyrir. Hér er um að ræða brtt. sem sumar hverjar gætu þýtt stórkostlega fjármuni fyrir ríkissjóð, nýjar tekjur upp á hundruð milljóna kr. Þegar hallinn á ríkissjóði er með þeim hætti sem við blasir er ekki óeðlilegt að ætlast til þess af fjmrh. að hann leggi við hlustir. Hann er a.m.k. sá maður sem hefur þær skyldur frekar en flestir aðrir að hugsa um velferð ríkissjóðs þó að það sé kannske ekki beint í samræmi við hugsjónir Sjálfstfl., en samkvæmt þeim hugsjónum á ríkissjóður að vera lítill og klénn og hafa litlar millifærslur. Samkvæmt hugsjónum Sjálfstfl. ætti helst enginn ríkissjóður að vera og allt hjá einkaaðilum. Það er nú komið svo að formaður Sjálfstfl. er orðinn fjmrh. og aðalgæslumaður ríkissjóðs nr. eitt, tvö og þrjú, ríkisforstjóri nr. eitt í þessu landi. (**GJG:** Vill hann ekki hafa ríkissjóð hf.?) Það er hugsanlegt að hann gæti gert tilraunir til þess einn góðan veðurdag, miðað við það ofstæki sem tröllríður íhaldinu núna, að selja ríkissjóð. Ég efast um að nokkur maður byði í hann, a.m.k. eins og hann er rekinn núna. Það er örugglega lágt verð á þeim hlutabréfum. Það er ég sannfærður um.

Á þskj. 344 birtist nál. mitt um þetta frv. og ég ætla að fara yfir það. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. flytur nokkrar brtt. við skattafrv. á þskj. 342. Efni brtt. er sem hér segir:

Að draga verulega úr frádráttarheimildum fyrirtækja með því að fella niður í áföngum heimildir þeirra til þess að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða, en samkvæmt gildandi skattalögum er fyrirtækjum heimilt að draga frá matsverði vörubirgða í árslok 5% áður en tekjur eru fundnar. Hér er auðvitað um að ræða gífurlegar upphæðir. Það liggur þó ekki fyrir, ekki í fjmrn., ekki hjá Þjóðhagsstofnun, ekki hjá ríkisskattstjóra, hvaða upphæðir þetta eru. Það er svo sérkennilegt að þó að hægt sé að rekja alveg nákvæmlega hvað menn borga í kirkjugarðsgjöld eftir kjördæmum er útilokað að finna út hvað fyrirtækin draga frá af svona stórum og þýðingarmiklum liðum eins og þessum. Ég geri hér ráð fyrir því í brtt. 2b á þskj. 342 að þessi heimild fyrirtækjanna verði felld niður í áföngum á fimm árum. Brtt. er orðuð á þessa leið:

„Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð". Ég geri sem sagt ráð fyrir því að það megi draga frá þær skuldir sem sannanlega tapast. Auðvitað er það eðlilegt. En síðan segir hér: „Útistandandi viðskiptaskuldir er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir skv. þessari málsgr. niður.

Hér er sem sagt ekki verið að ganga fram með neinni ósanngirni gagnvart fyrirtækjunum. Hér er gert ráð fyrir því að þessi heimild verði afnumin í áföngum á fjórum eða fimm árum. En ég er sannfærður um að þegar þessi heimild yrði að fullu fallin niður er hér um að ræða skatttekjuauka fyrir ríkissjóð upp á verulega fjármuni. Ég get ekki frekar en nokkur annar maður giskað á það nákvæmlega hvað það er mikið, en þarna er um að ræða upphæðir sem vafalaust eru ekki minni en 100 millj. kr. og sennilega ekki meiri en 250–300 millj. Enginn getur í raun og veru slegið því föstu hvaða upphæð er hér á ferðinni, en hún er verulega stór.

Þá geri ég ráð fyrir því, og hið sama á auðvitað við um niðurfellingu þeirrar heimildar, að færa niður matsverð vörubirgða, en þar segi ég í þessari tillögu:

„Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð sem fæst skv. fyrri málslið má draga frá skattskyldum tekjum."

Ég hygg að samanlagt geri þessir liðir, miðað við veltu fyrirtækja á árinu 1986, ekki minna en 400–500 millj. kr. Ég óskaði eftir því við hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum þegar þetta mál var hér til meðferðar að aflað yrði upplýsinga um þessa frádráttarliði fyrirtækjanna og í hv. fjh.- og viðskn. óskaði ég

eftir því að hún færi þess formlega á leit við fjmrn. og ríkisskattstjóra að upplýsinga yrði aflað um þessa frádráttarliði. Það er í raun og veru ekki nema sanngjörn ósk að mínu mati að bera slíkt fram og ég held að það hljóti að vera keppikefli fyrir fjmrn. að fá þær upplýsingar sem hér er óskað eftir og það er hægt að gera það. Það verður að vísu að handvinna þær upplýsingar allar vegna þess að þær eru ekki á tölvutæku formi eins og frádráttarliðir einstaklinganna eru, en með því að taka eitthvert ákveðið úrtak, segjum 100–200 fyrirtæki, má vafalaust komast nálægt því hversu háar upphæðir hér eru á ferðinni. Ég vil við þessa umræðu ítreka þær óskir mínar, sem ég hef borið fram til fjmrh., að þessar upplýsingar verði af hendi reiddar þó ekki væri nema vegna þess að menn síðar, þegar þeir fara að fjalla um skattalög, hafi glöggar upplýsingar í þessum efnum í höndum.

Í þriðja lagi geri ég ráð fyrir að heimildin til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð verði felld niður. Það er engin ástæða til þess að hvetja sérstaklega til aukinnar fjárfestingar hér á landi. Það er engin efnahagsleg nauðsyn sem kallar á það. Ég held að þessi frádráttarliður sé þess vegna efnahagslega óþarfur, óeðlilegur og því flyt ég till. um að hann verði felldur niður. Tillögur mínar gera líka ráð fyrir því að þeir kaflar í skattalögunum sem fjalla um fjárfestingarsjóðina falli alveg niður. Mér er tjáð að þessi niðurfelling á framlögum í fjárfestingarsjóði geti þýtt í tekjuauka fyrir ríkissjóð 300–400 millj. kr. á ári.

Þá geri ég ráð fyrir að tekin verði um það ákvörðun að lengja fyrningartíma lausafjármuna og fasteigna, sem fyrirtæki eru með í rekstri sínum, upp í það sem var áður en núverandi ríkisstjórn breytti skattalögunum og stytti fyrningartíma og hækkaði þannig afskriftafrádrátt fyrirtækjanna. Það er eins með þetta og annað í frádráttarliðum fyrirtækjanna. Það er útilokað að fá neinar upplýsingar um hvað þessir fyrningarþættir þýða í smáatriðum, en það mætti fá um það grófar upplýsingar með því að taka úrtak úr fyrirtækjum í landinu, 100–200 fyrirtæki, og athuga hversu miklum fjármunum fyrningin nemur, en ég er sannfærður um að það er stórfé.

Allir þessir liðir, sem ég hef hér nefnt, eru tillögur um að hlutur fyrirtækjanna í rekstri ríkissjóðs hækki frá því sem nú er. Nú kunna menn að halda því fram að þessar tillögur séu sérstaklega fjandsamlegar fyrirtækjunum og rétt einu sinni komi það nú á daginn, segi þeir, að Alþb. hafi engan skilning á því að fyrirtækin þurfi að dafna, fyrirtækin þurfi að geta greitt laun, fyrirtækin þurfi að geta endurnýjað sig. En þannig háttar til í því mikla landi Bandaríkjunum að fyrirtækin borga milli 7 og 8% af rekstrarkostnaði ríkisins þar, en hér á landi er talan niðri undir 2%. Hér eru ekki uppi af hálfu Alþb. hugmyndir um að hækka hlutfall fyrirtækjanna í rekstri ríkissjóðs einu sinni upp í það sem er í Bandaríkjunum hvað þá heldur meir. Hér er eingöngu verið að fara fram á að skattakerfið verði einfaldað og að fyrirtækin greiði sanngjarnan hlut í samneyslunni sem þau gera ekki núna.

Í fjórða lagi geri ég hér tillögu um að tekið verði á persónulegri eyðslu forráðamanna fyrirtækja sem þeir færa á fyrirtækin í stórum stíl. Fyrirtæki sem rekur vídeóleigu eða eitthvað því um líkt færir á frádrátt rekstrarkostnað af stórum Range Roverjeppum. Það er talað um að ýmis fyrirtæki færi á rekstrarkostnað sinn rekstur einkaflugvélar. Það er talað um að á kostnað fyrirtækja og lítilla skrifstofa færist utanferðir eigenda og forráðamanna fyrirtækjanna í stórum stíl. Þetta eru atriði sem þarf og er mjög brýnt að taka á hér á landi. Ég hygg að þetta sé ein ástæðan til þess að það er þessi óskaplegi strekkingur í að stofna fyrirtæki um svo að segja ekki neitt eða sjálfan sig. Nú eru komnar fram tillögur um það hér í þinginu að menn geti stofnað hlutafélag þó að þeir séu bara tveir. Þetta hefur verið notað sem lögleg skattsvikaleið og skattsvindlsleið hérlendis. Þess vegna er það sem ég geri ráð fyrir að breyta 52. gr. skattalaganna. Í gildandi lögum er í 52. gr. kveðið á um hvað það er sem ekki má draga frá í rekstri fyrirtækjanna. Það sem ég legg til að bætist við þá grein er þetta, með leyfi forseta:

„4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út árlega reglur um takmörk skv. þessum tölulið.

5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins."

Ég er sannfærður um að ef það tækist að skilja betur á milli persónulegrar eyðslu forráðamanna fyrirtækja og fjárhags fyrirtækjanna sjálfra væri unnt að skapa meiri samstöðu um skattakerfið hér en nú er. Fólk horfir upp á að menn sem reka alls konar smá og stór fyrirtæki borga hverfandi tekjuskatt, sama og engan tekjuskatt eða ekkert útsvar, en lifa bersýnilega í vellystingum praktuglega vegna þess að þeir færa eyðsluna og lúxusinn á fyrirtækin sjálf. Það segir sína sögu að í landinu eru skráð 22–23 þús. fyrirtæki sem telja fram með sjálfstæðum hætti. Eigendur fyrirtækjanna telja fram á sig og sína og það er erfitt að koma við nokkru eftirliti. Þess vegna er óhjákvæmilegt að mínu mati að breyta skattalögunum þannig að þarna verði reistar skorður við og að ríkisskattstjóri hafi mjög rúmar heimildir í þessum efnum.

Ég er sannfærður um að þessar tillögur, sem ég er hér með varðandi fyrirtækin, þýða tekjuauka fyrir ríkissjóð ríflega á móti þeim tillögum sem ég geri um tekjuskattslækkun einstaklinga. Í þessum tillögum mínum geri ég ráð fyrir að persónuafsláttur hækki í 64 þús. kr. á einstakling úr þeim 58 þús. kr. sem eru í tillögum ríkisstjórnarinnar. Kostnaðurinn við þetta

fyrir ríkið nemur um 500 millj. kr. auk 214 millj. í afslátt sem fer upp í útvarsgreiðslur og aðrar skyldar greiðslur.

Þegar ég geri þetta dæmi upp á þskj. 344, þar sem ég fer mjög nákvæmlega yfir þetta skattadæmi, tek ég með í reikninginn að ég styð tillögur Kvennalistans um breytingar á barnabótum og barnabótaauka, en þær tillögur kosta samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef í höndum 476 millj. kr. Útkoman verður sú að ef þessir peningar eru sóttir til fyrirtækjanna með þeim hætti sem ég geri tillögu um er hægt að lækka tekjuskatta einstaklinga um þriðjung frá því sem er í dag. Ég held að meðan við erum með skattakerfi sem er jafnlélegt og raun ber vitni um, jafngalopið og rústað á mörgum sviðum eigi beinlínis að gera ráðstafanir til að lækka verulega tekjuskatta einstaklinga og stíga þar stór skref.

Ég er jöfnunarsinni að því er lífskjör og skatta varðar. Ég vildi gjarnan hafa hérna skattakerfi sem væri þannig að það væri hægt að leggja á tiltölulega prógressíva skatta, taka af hátekjumönnum og nota það í samneysluna. En þannig er ekki okkar skattakerfi. Það býður ekki upp á slíkt. Niðurstaðan hefur svo orðið sú að í stað þess að við séum með hæstu álagningarprósentunum að eltast við hina raunverulegu hátekjumenn í þjóðfélaginu erum við með hæstu álagningarprósentunum að eltast við miðlungslaunaþræla. Hvar byrjaði hæsta skattþrepið á síðasta ári? Í 544 þús. kr. Þar fór hæsta skattþrepið að telja í skattlagningu þessa árs. Þetta eru laun sem fjöldinn allur af launamönnum í landinu er með. Það er fráleitt að vera með skattakerfi sem hundeltir þetta fólk og að mínu mati er auk þess þannig að jaðarprósenturnar hafa verið allt of háar. Það voru mjög athyglisverðar tölur sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði grein fyrir í þessum efnum áðan.

Þó að það sé ekki til siðs hjá þessari ríkisstjórn að taka mark á stjórnarandstöðunni frekar en hundum væri kannske ekki úr vegi að hæstv. fjmrh. læsi þau nál. sem gefin hafa verið út, t.d. nál. hv. 3. þm. Reykn., þar sem sýnt er með mjög glöggum hætti fram á að hæsti jaðarskatturinn er á þeim launum sem meðaltal opinberra starfsmanna, og þykja þeir nú ekki hátt launaðir, er með.

Það er m.a. af þessari ástæðu, virðulegi forseti, sem ég fyrir mitt leyti get ekki samþykkt till. á þskj. 324 frá hv. 7. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm. þar sem gert er ráð fyrir því að færa hæstu skattprósentuna úr 38,5% upp í 45,3% og að lækka þrepið úr 800 þús. kr., minnir mig, niður í 734 400 kr. Ég tel að þetta geti ekki verið skynsamleg skattapólitík. Ég held að húnýti miklu frekar undir að skattakerfið versni en að það lagist frá því sem það hefur verið. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef mjög lengi verið þeirrar skoðunar og hef mjög lengi haldið í þá hugsun að maður vildi hafa hér í landinu tekjuskattakerfi sem væri nothæft til jöfnunar. Það vildi ég helst hafa. En mér sýnist að staðan sé núna þannig að það kalli á að skattakerfið verði sett upp með þeim hætti að frádráttarliðum verði stórkostlega fækkað og mun ég koma að því síðar hér, virðulegi forseti, skattfrelsismörk einstaklinga hækkuð mjög verulega og að álagningarprósenturnar verði einfaldar og ekki eins háar og þær hafa verið. Það er aumt að standa frammi fyrir því núna á fjórða þingi þessarar ríkisstjórnar að hún treysti sér ekki, þrátt fyrir mjög víðtæka samstöðu með aðilum vinnumarkaðarins og flokkunum hér á Alþingi, til að gera róttækar kerfisbreytingar í skattamálum sem hafa þann tilgang fyrst og fremst að verja samneysluna í landinu og forsendur þess að ríkissjóð sé hægt að nota til að jafna lífskjör landsmanna.

Í nál. á þskj. 344 geri ég grein fyrir hvaða áhrif þessar tillögur hafa á einstaka hópa skattgreiðenda. Ég tek fyrst dæmi af barnlausum hjónum. Þau eru samtals 20 500 í landinu. Skv. frv. ríkisstjórnarinnar greiða barnlaus hjón á næsta ári 1,5 milljarða kr. í skatta, en skv. brtt. mínum greiða þau 1,3 milljarða tæpa, lækkunin er um 178 millj. kr. Hjón með eitt barn greiða nú samtals 783 millj. kr., en skv. brtt. mínum greiða þau 610 millj. kr. og lækka því um um það bil fimmtung. Hjón með tvö börn greiða nú alls 539 millj. kr. skv. tillögum ríkisstjórnarinnar, en skv. tillögum undirritaðs hins vegar 268 millj. kr. Það þýðir að skattgreiðsla þessa fólks, sem er með börn á framfæri, lækkar mjög verulega vegna hækkunar á barnabótum og barnabótaauka sem ég tek inn í þessar reikningslegu forsendur í nál. Hjón með þrjú börn o.fl. greiða nú samtals 67 millj. kr. í skatta, en fá greitt skv. tillögunum í fjölskyldubætur, þ.e. barnabætur og persónuafslátt, 178,6 millj. kr. þannig að það er veruleg breyting þeim í vil. Mest er þó breytingin að því er varðar einstæða foreldra. Niðurstaðan í sambandi við framteljendur alls kemur fram á síðu 2 í nál., en þar segir m.a.:

Framteljendur á Íslandi eru nú 175 þús. talsins. Skattar þeirra lækka eftir þessum tillögum sem hér segir: Um meira en 5% hjá 10 100 skattgreiðendum, um 2–5% hjá 23 500 skattgreiðendum, um 1–2% hjá 48 700 skattgreiðendum.

Þetta eru áhrifin af þeim tillögum í persónuafslætti og barnabótum sem ég hef gert grein fyrir.

Ég hef þegar gert grein fyrir því að ég ætlast ekki til þess að ríkissjóður verði skorinn niður með þessum tillögum. Ég ætlast til þess að tekjur ríkissjóðs minnki ekki með því að fyrirtækin greiði sinn hlut. Þrátt fyrir tillögur sem þyngja nokkuð byrði fyrirtækjanna frá því sem nú er er nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á því að ég flyt tillögu um að framleiðslufyrirtækin fái heimild til að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi og markaðsleitar. Ég geri ráð fyrir að ríkisskattstjóri setji reglur í þessu efni að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins. Ég held að það eigi frekar að nota frádráttarheimildir skattalaga til að ýta undir rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðsleit á vegum fyrirtækjanna en að ýta undir fjárfestingu út af fyrir sig. Fjárfesting sem slík getur ekki verið efnahagslegt keppikefli fyrir þjóðina. Ég

held að hér sé um að ræða tillögu sem ríkisstjórnin allra náðarsamlegast mætti gjarnan líta á á sama tíma og hún ver nú skv. fjárlagafrv. 1987 óbreyttri upphæð til Rannsóknasjóðs. Það er sama tala og í fjárlögum ársins 1986. Ég er viss um að svona ákvæði í skattalögum mundi ýta verulega undir vilja fyrirtækjanna og forráðamanna þeirra til að leita nýrra leiða í uppbyggingu fyrirtækjanna, tæknibúnaði fyrirtækjanna, þróunarverkefnum, vöruþróun alls konar t.d. Ég held því að hér sé um að ræða tillögu sem er allrar athygli verð. Ég viðurkenni að markatilfellin geta verið flókin, enda geri ég ráð fyrir því í tillögunni að það verði reglugerðarákvæði hvernig þau markatilvik verði ákveðin.

Ég vil í sambandi við frádráttarliði fyrirtækjanna víkja aftur að risnu fyrirtækja. Í öllum öðrum löndum Vestur-Evrópu eru reglur um risnu fyrirtækja, heimildir til að draga frá risnukostnað. Í Finnlandi er t.d. heimild fyrirtækja til að draga frá risnukostnað að hámarki 2 prómill. Það má hugsa sér svipaða reglu hér, en þó getur verið nauðsynlegt að hafa takmörkin önnur þegar um stórfyrirtæki er að ræða. Þess vegna geri ég ráð fyrir almennum og sveigjanlegum reglum í þessu efni en að risnugjöld fyrirtækjanna verði tekin sérstaklega til athugunar í þessu sambandi.

Frá því að núv. ríkisstjórn kom til valda hafa átt sér stað nokkrar breytingar á skattalögum. Ég ætla að nefna átta dæmi.

Ríkisstjórnin felldi niður skatt á ferðamannagjaldeyri sem var 75 millj. kr. 1983 en væri 213 millj. á þessu ári eða samtals 852 millj. kr. í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. hátt í milljarður kr. sem ríkisstjórnin hefur hent út af þessum skatti sem kemur svo niður á Framkvæmdasjóði fatlaðra og öðrum félagslegum framkvæmdum.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin lækkað skatta af skrifstofu- og verslunarhúsnæði úr 1,4% í 1,1%.

Í þriðja lagi lækkaði hún í fyrstu eignarskatt úr 1,2% í 0,95 en lagði síðan á eignarskattsauka.

Í fjórða lagi hefur ríkisstjórnin, fyrir utan alla frádráttarliðina sem hún hefur látin fyrirtækin fá, lækkað tekjuskatt fyrirtækja úr 65% í 51%, en tekjuskattur fyrirtækja var áður miðaður við hæsta jaðarskatt einstaklinga.

Í fimmta lagi hefur ríkisstjórnin heimilað frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar eða til að kaupa hlutabréf.

Í sjötta lagi hefur hún dregið úr skattskyldu innlánsstofnana sem lækkaði skattgreiðslur banka til ríkissjóðs um 500 millj. kr. á verðlagi ársins 1986 fyrir árin 1984–1986.

Þetta eru meginatriðin í skattbreytingum ríkisstjórnarinnar fyrir utan söluskattshækkun úr 23,5% upp í 25% á þessum tíma. Hluti af þessu átti að fara í húsnæðismál en rennur nú allt í ríkissjóð. Hér er um að ræða skattaívilnanir upp á fleiri milljarða kr. sem örugglega dygðu til að rétta við hallann á ríkissjóði ef menn vildu.

Af þeim ábendingum sem ég hef sett fram í dag má ljóst vera að það er langt frá því að vera neitt ofurmannlegt afrek fyrir ríkisstjórn, hver sem hún er, að reka ríkissjóð Íslands með jöfnuði þrátt fyrir þau samfélagslegu útgjöld sem ríkissjóður verður að bera. Þau útgjöld munu auðvitað vaxa eitthvað á komandi árum, a.m.k. í takt við breytingar á þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. Það verður að sjá fyrir tekjum til að standa undir þeim útgjöldum. Það er alvarlegt, að ekki sé meira sagt, í því góðæri sem nú er um að ræða, aldrei annað eins góðæri, heimsmet í góðæri á þessu ári, að þrátt fyrir það skuli ríkissjóður vera svona illa rekinn og illa staddur eins og raun ber vitni um. Þetta er ekki nýtt þegar íhaldið og þess nótar eru annars vegar. Það má helst aldrei hleypa þeim í ríkissjóð. Þeir setja hann yfirleitt alltaf á hausinn ef þeir mögulega geta hvernig sem árar og hvernig sem viðrar.

Matthías Á. Mathiesen, fyrrv. hæstv. fjmrh., var með ríkissjóð á hausnum öll árin sem hann hafði með það mál að gera og hæstv. núv. fjmrh., formaður Sjálfstfl., fylgir þessari stefnu flokksins að hafa ríkissjóð á hausnum og hæstv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson hafði ríkissjóð á hausnum, enda er það í samræmi við kenningar Sjálfstfl. að hafa ríkissjóð á hausnum. Það er óeðlilegt fyrir Sjálfstfl. að reka ríkissjóð vel. Íhaldsmönnum eins og þeim sem stjórna Sjálfstfl. og sumum frjálshyggjumönnum þar er ekki treystandi fyrir almannafé. Þeir fara illa með það. Það er lögmálsbundið og það eitt er í samræmi við þeirra hugmyndafræði. Þess vegna láta þeir sér í léttu rúmi liggja þó þeir velti milljörðum kr. yfir á næstu ár. Hallinn á ríkissjóði núna á stjórnarárum þeirra hæstv. ráðherra Þorsteins Pálssonar og Alberts Guðmundssonar er litlir 6 milljarðar kr., 6 þús. millj. kr. Þessu er rúllað áfram yfir á næstu ár. Þjóðin þarf á næstu árum að borga af þessu vexti og vaxtavexti. Það er ekki fjarri lagi að ætla að vextirnir af þessu, einungis vextirnir af þessu á næsta ári séu langleiðina framkvæmdaframlög ríkissjóðs á árinu 1987. Það er svipuð upphæð sem borgast í vexti af óreiðuskuldum Alberts Guðmundssonar og Þorsteins Pálssonar og greitt er í framkvæmdaframlög eins og þau leggja sig á árinu 1987.

Virðulegi forseti. Við meðferð þessa máls í þinginu undanfarna daga og í fjh.- og viðskn. hefur komið fram að reiknivélar Þjóðhagsstofnunar hafi ekki við að reikna góðærið. Það kemur einn góðan veðurdag sendimaður frá fjmrn. á fund fjh.- og viðskn. og sendimaðurinn segir að góðærið hafi verið vitlaust reiknað, það hafi reynst meira, það sé 18,5% á milli áranna 1986 og 1987 og 35% milli áranna 1985 og 1986. Og þegar þeir stjórnarliðar í nefndinni eru loksins búnir að skilja að þeir eiga auðvitað að gegna embættismanninum sem kemur frá fjmrn., enda með dagskipun væntanlega frá fjmrh., hlýða þeir náttúrlega allir, hv. þm. Páll Pétursson og félagar, gegna embættisliðinu eins og þeir eru vanir. Framsókn hefur gegnt embættisliðinu núna í 15 ár, alltaf verið í stjórn í hálfan annan

áratug og ekkert gert annað en að gegna embættismönnum. Hún er vön því. Og það er ekki erfitt fyrir fjmrh. að stjórna framsóknarmönnunum. (**GJG:** Þeir hafa komist á eftirlaun.) Óska til hamingju með það, en Framsfl. er að komast á eftirlaunaaldur eins og kunnugt er. Þegar þessar upplýsingar koma loksins til okkar í fjh.- og viðskn. og þeir eru búnir að skilja þetta, stjórnarliðar, og við göngum út úr herbergi fjh.- og viðskn. í Þórshamri, göngum inn í þingsalinn, þinghúsið, bíður nýtt bréf: Meira góðæri. Og nú eru það ekki 18,5 heldur 20%. Mér segir svo hugur um að hæstv. fjmrh. hafi beðið reiknimennina að stöðva reiknivélarnar meðan þingið væri að afgreiða þessi skattamál vegna þess að það ruglar að vera alltaf að reikna góðærið upp á nýtt þegar það er svo rosalegt eins og raun ber vitni um núna.

Ég er sannfærður um að launaskriðið á þessu mikla veltiári er örugglega ekki ofmetið í þeim tölum sem þegar hafa birst hæstar. Ég er líka sannfærður um að ef þjóðartekjurnar vaxa á næsta ári um 4% eins og nú er verið að spá fylgir því líka launaskrið umfram það sem menn gera yfirleitt ráð fyrir núna. Það er líka vegna þess að kjarasamningarnir eru ekki nema rétt að byrja. Það er búið að festa þar tilteknar viðmiðunartölur. Allir sérsamningar eru eftir. BSRB er eftir. Fjöldi félaga innan Alþýðusambandsins er eftir. Þessi sprengja, sem er varpað í taxtakerfi verkalýðssamtakanna með samningunum, getur því haft í för með sér að það verði meiri þensla í þessum málum en menn sjá fyrir.

Þá er alveg ljóst að það að reikna út hagnað fyrirtækjanna á árinu 1986 og 1987 út frá árinu 1985 er afar hæpið. Ég hygg að það megi slá því föstu að hagnaður og svigrúm fyrirtækjanna á þessu og næsta ári sé langt umfram það sem menn gera almennt ráð fyrir og því muni skattar fyrirtækjanna geta skilað hærri tölum en menn hafa verið að fjalla um að undanförnu. Þess vegna eru þær tillögur sem ég hef hér flutt um breytingu á persónusköttum og að á móti komi breyting á fyrirtækjasköttum örugglega ríkissjóði ekki í óhag. Ég hygg að hann muni hafa verulegan ávinning út úr þeim tölum.

Ég tel auk þess að ríkissjóður muni hafa meira út úr persónusköttunum á næsta ári en gert er ráð fyrir í mínu nál. og í tillögum meiri hl. Ég hygg að hann muni fá meira út úr persónusköttunum vegna þess að ég hygg að enn þá sé launaskriðið vanmetið þrátt fyrir hinar nýju háu tölur Þjóðhagsstofnunar.

Það er rétt, sem bent hefur verið á, að frádráttarliðir fyrirtækjanna eru stórt vandamál í skattlagningarmálum, en það eru líka frádráttarliðir einstaklinganna. Það er athyglisvert að horfa á að frádráttur vegna bílastyrkja er 1000 millj. kr. á þessu ári. Það eru náttúrlega ekki bara greiðslur á kostnaði við akstur. Það vitum við. Bílastyrkir eru gjarnan notaðir innan fyrirtækja til launauppbótar og koma helst þeim til góða sem eru með hæst launin fyrir, alls konar forstjórum, skrifstofustjórum og þess háttar liði.

Það er einnig athyglisvert að frádráttur vegna vaxta er 2,5 milljarðar kr. á þessu ári. Ég hygg að þetta svigrúm ríkissjóðs mætti nota miklu betur, t.d. til að greiða húsnæðisframlög sem væru í fastri krónutölu handa þeim sem eru að byggja og kaupa íbúðir vegna þess að vaxtafrádrátturinn eins og hann er kemur þeim langbest sem hafa mesta möguleika til að skulda og þekkja best til í hinu almenna peningakerfi.

Niðurstaðan er því sú að ég tel óhjákvæmilegt, þegar við stöndum frammi fyrir því að það er verið að flytja hér frv. um virðisaukaskatt, um tollalög, um tekju- og eignarskatt og það liggur í skúffunni þarna hjá félmrh. frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, það er talað um að breyta í grundvallaratriðum öllu skattkerfi þjóðarinnar, þá er það nauðsynlegt að ríkisstjórn, sem vill taka verkefni sitt hátíðlega, beiti sér fyrir því að flokkarnir á Alþingi, í stjórn og stjórnarandstöðu, og aðilar vinnumarkaðarins setjist niður með fulltrúa sína og fari yfir skattakerfið í heild og reyni að koma sér saman um heildstæða stefnu í skattamálum sem víðtæk samstaða er um, líkt og gerst hefur í Danmörku þar sem stjórn Schluters hefur stuðlað að allsherjarsamkomulagi flokkanna og aðila vinnumarkaðarins um alla álagningu persónuskatta.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað stuðla að þessu samkomulagi. Hann veit sem er að ríkisstjórnin er sama sem dauð þannig að það er ekki mikil ástæða til þess fyrir hann að gera kröfu til þess að við tökum út af fyrir sig mikið mark á honum sem fjmrh. Hins vegar er óþarfi fyrir hann að vera svo hógvær að taka ekki undir góðar hugmyndir í þessu efni sem koma frá stjórnarandstöðuflokkum sem einhverjir a.m.k. gætu nú orðið ríkisstjórn áður en langur tími líður hvernig sem þau mál öll skipast. Og þó að ríkisstjórnin sé sama sem dauð, þökk sé stjórnarskránni, er ljóst að við erum í þessari umræðu og undanfarna daga og í nefndum þingsins með frv. um allt skattakerfið eins og það leggur sig og þá á að nota tækifærið til að setja niður hóp á vegum flokkanna og aðila vinnumarkaðarins um allt þetta skattakerfi til að stuðla að sem bestri samstöðu um það þannig að sem bestur friður ríki um þennan hornstein samneyslunnar í landinu.

Samkvæmt mínu nál. legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég geri á sérstöku þskj., auk þess sem ég lýsi stuðningi við þær brtt. sem fluttar eru um breytingu á barnabótum og barnabótaauka. Fari svo að ríkisstjórnin og stjórnarliðið felli þær tillögur sem ég geri í sambandi við fyrirtækin hefur það áhrif á afstöðu mína til annarra brtt. og ég mun fremur við lokaafgreiðslu málsins, ef svo illa fer að stjórnin hafnar öllum brtt. minni hl., styðja þær brtt. sem meiri hl. flytur en að greiða ekki atkvæði í málinu vegna þess að ég tel að þetta sé til bóta. Þetta er lítið skref en allt of stutt í þessari stöðu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Á kosningaári hefur hæstv. fjmrh. ákveðið að lækka skattbyrði um sem næst 300 millj. kr. á næsta ári og af þessu tilefni hefur hann lagt til margvíslegar breytingar á núgildandi álagningarkerfi. Þessar breytingar hefur þó þurft að endurskoða a.m.k. tvívegis meðan á umfjöllun frv. hefur staðið í hv. fjh.- og viðskn., þar sem ég á áheyrnaraðild, vegna þess hve viðmiðunarforsendur þeirra hafa breyst. Góðærið, eins og hér var minnst á áðan, batnar sífellt, þannig að meðaltekjubreyting, sem áætluð var um 15% milli áranna 1986 og 1987, hækkaði fyrst í 18,5% á vinnutíma nefndarinnar en skömmu síðar í 20%. Því þurfti ríkisstjórnin að gera brtt. við eigið frv. til að hugmyndir hennar um skattalækkanir stæðust en yrðu ekki til þess að hækka skattbyrði.

Það vekur spurningar um það, og ég vil beina beinni spurningu til hæstv. fjmrh., ég vona að hann heyri til mín, um það hvort hann hefur hugsað sér að lækka skattprósentuna enn frekar ef tekjubreyting verður meiri en ráð var fyrir gert við síðustu áætlun.

Þeim 300 millj. kr. sem ríkissjóður hefur þannig afsalað sér í skattheimtu á svo að dreifa eftir settum reglum milli manna. Eins og áður hefur verið kynnt í umræðu um þetta frv. af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur hefur Kvennalistinn lagt til að þessi dreifing verði önnur þannig að meira fé komi til þeirra sem þyngst framfæri hafa.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og varaþm. minn, Kristín Ástgeirsdóttir, lögðu fram brtt. við frv. á þskj. 210. Þessa brtt. dreg ég nú til baka en hún hefur verið endurskoðuð og umreiknuð að sömu tekjubreytingaforsendum og brtt. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Er hún því lögð fram endurskoðuð á þskj. 324 af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og mér. Þær breytingar sem við leggjum til eru eftirfarandi:

1. Við gerum tillögu um að arður af hlutabréfum verði skattlagður til fulls. Þannig væri afnumið það óréttlæti að hluti þjóðarinnar hafi möguleika á að njóta verulega mikilla skattfrjálsra tekna vegna eignar á hlutabréfum. Gróflega áætlað mun þetta samsvara um 15–20 millj. kr. og er í rauninni aðeins eitt af mörgum dæmum um þær undanþágur sem sjálfsagt er að afnema þótt ekki séu gerðar um það frekari tillögur í þetta sinn.

2. Við leggjum til hækkun skattþrepa. Að þau verði í samræmi við tekjubreytingu á milli ára en þó ekki umfram það. Enn fremur að skattprósentan í efsta þrepi skattstigans lækki ekki frá því sem nú er gert ráð fyrir að óbreyttu frv. ríkisstjórnarinnar.

3. Við leggjum til að barnabætur hækki allverulega, um a.m.k. 42%, en ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt til um 20% hækkun. Ef tillögur okkar fást samþykktar verða barnabætur með fyrsta barni 15 500 kr. á ári í stað þeirra 12 625 kr. sem brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, og með hverju barni umfram eitt verður um að ræða 23 200 kr. í stað 18 910 kr. skv. brtt. meiri hlutans. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra verða þá 31 þús. kr. með hverju barni í stað 25 250 kr. skv. brtt. meiri hlutans, og bætur með börnum yngri en 7 ára í lok tekjuársins 15 500 kr. umfram í stað 12 625 kr. skv. brtt.

4. Við gerum brtt. við 6. gr. frv. sem varðar sérstakan barnabótaauka þannig að hann nemi óskertur skv. okkar till. 31 þús. kr. í stað 25 250 kr. skv. till. meiri hlutans. Við gerum líka tillögur um breyttan útsvarsstofn hjóna og einstæðra varðandi brottfall eða skerðingu á barnabótaauka, þannig að stofninn hækki.

Það er rétt að taka það fram og undirstrika það rækilega að þessar tillögur Kvennalistans breyta á engan veg heildardæminu þannig að það verður ekki innifalin í þeim breyting á tekjum ríkissjóðs umfram það sem lagt er til með tillögum meiri hl. í fjh.- og viðskn.

Þó að við höfum þannig einungis gert tillögur til breytinga innan þess ramma, sem frv. fjmrh. setur, höfum við þá skoðun að gera þurfi grundvallarbreytingar á skattkerfinu í heild og tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs, breytingar sem leiða til meiri tekjujöfnunar en nú er. Þar eru meðtaldar endurskoðun og breytingar á tekjuskatti. Jafnframt teljum við afar brýnt að komið verði sem fyrst á staðgreiðslukerfi skatta og höfum enda lagt fram till. til þál. um það efni í tvígang á þessu kjörtímabili. Meðan þessar róttæku breytingar hafa enn ekki verið gerðar teljum við nauðsynlegt að nota slíkar tilfærslur á fjármagni sem hér eru áformaðar til að styðja sem best við þá sem mest þurfa á því að halda, þá sem eru með börn á framfæri og þá sem lægst laun hafa. Enda kemur í ljós að brtt. okkar munu leiða til mests stuðnings við einstæða foreldra og þá sem hafa flest börn á framfæri.

Það má segja sem svo að ekki muni mikið um tilfærslur á þeirri skiptimynt sem hafa má frá þeim einstaklingum sem tekjuskatt greiða, eins og áður hefur verið vitnað til í umræðum um þetta mál. Tekjuskattar fyrirtækja á Íslandi eru mjög lágir og þau njóta ýmissa frádráttarliða til skattalækkunar, en það væri hægt að færa talsvert fé til að létta skattbyrði einstaklinganna og því styðjum við Kvennalistaþingkonur ýmsar þær hugmyndir sem koma fram í brtt. frá Svavari Gestssyni. Þó viljum við taka það fram að svo víðtækar breytingar hljóta að vera hluti af miklu róttækari heildarendurskoðun tekjuskattskerfisins heldur en hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hvað á þetta nú að þýða með þetta mál, þetta Ríkismat sjávarafurða? Hvaða voðaleg læti eru þetta? Ég vil benda á það að það er ekkert

samkomulag um þinghaldið þessa dagana. Ég veit ekki til þess. Það hefur ekki komið fram að ríkisstjórnin leggi neitt ofurkapp á það að ljúka þessu endilega þannig að ég vil beina því til hæstv. forseta, Ingvars Gíslasonar, að hann sýni þingheimi svo sem hann jafnan gerir þá tillitssemi að gefa mönnum kost á því að fara senn að ljúka þessum vinnudegi. Það er langur dagur fram undan á morgun, alveg sérstaklega fyrir framsóknarmenn eins og kunnugt er. Ég veit að hv. þm. Páll Pétursson mundi meta það mikils og hæstv. sjútvrh. ef forsetinn sýndi Framsfl. þá tillitssemi að leyfa mönnum að ganga hvíldir til þeirrar gleði sem bíður þeirra í skauti morgundagsins.

Ég kann ekki við þetta offors, herra forseti. Ég skil ekki þessi ógnarlæti út af þessu máli. Ég sé ekki að það breyti öllu hvort þetta mál er tekið fyrir núna eða eftir fáeina sólarhringa. Ég hef enga trú á að þetta mál fari í gegnum þingið núna fyrir jól. Ekki nokkra trú á því og það er mikið skynsamlegra að semja sig í gegnum þinghaldið á morgun í rólegheitum heldur en vera að þræla þessu máli hér í gegn með þeim hætti sem nú á að fara að gera. Þannig að ég bið forseta að hinkra með þetta og spyr þá líka: Hvað með frv. um stjórnlagabreytingar sem hér hafa verið á dagskrá í allan dag og hafa ekki fengist rædd? Eru þau ekki þrjú hér á dagskrá um stjórnlagabreytingar? Er það ekki hv. 4. landsk. þm. sem flytur þau frv.? Fær hann ekki að tala fyrir þeim málum og koma þeim til nefndar þannig að þau geti verið þar til rækilegrar meðferðar í stjórnlaganefndum þingsins, sem starfa eins og kunnugt er vel, halda gjarnan eina 4–5 fundi á ári og skila helst ekki nefndarálitum ef nokkur kostur er að komast hjá því. Ég held að það væri ágætt að stjórnlaganefndin tæki sig nú til og ræddi þessi frv. hv. 4. landsk. þm. núna um hátíðarnar. Það mætti halda fund um það efni t.d. á Höllustöðum til þess að formaður stjórnlaganefndarinnar gæti sinnt þeim hugðarefnum sem honum eru kærust ella í jólahléi þm., þannig að hann gæti brugðið sér í fjárhúsin þegar mikið liggur við hjá rollunum.

Herra forseti. Ég vildi mælast til þess í fullri alvöru að fundinum lyki núna þannig að menn séu ekki að þessu hangsi hér fram á rauðanótt yfir máli sem ekkert liggur á.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Þetta eru að vísu afskaplega elskuleg tilmæli til forseta um málsmeðferð og að vísu er búið að vinna langan vinnudag, en það má heita að þetta sé í fyrsta skipti á þessum vetri sem við erum með virkilega langan fund. Og það þarf ekki að koma þingvönum manni eins og hv. 3. þm. Reykv. neitt á óvart þó að einstöku sinnum sé þess talin þörf að vinna hér eitthvað lengur en venja er á almennum vinnustöðum.

Eftir því sem forseti best veit þá er talsvert lagt upp úr því að frv. um Ríkismat sjávarafurða verði rætt og það gangi fram eins og kemur fram af því að við vorum að samþykkja það í kvöld að þetta frv., ef að lögum verður, taki gildi 1. jan. 1987, þ.e. eftir um það bil hálfan mánuð, þannig að það eru ýmis rök fyrir því að ræða þetta frv. nú vegna þess að það á þá líka eftir að fara í gegnum Ed. Forseti sér þannig ekki ástæðu til þess, þó hann vilji allt fyrir þingdeildarmenn gera og ekki síst fyrir hv. 3. þm. Reykv., að fresta umræðunni um þetta og mun taka fyrir og láta ræða Ríkismat sjávarafurða.

Ríkismat sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 352.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum mínútum ræddi ég við hæstv. forseta og hann skýrði mér frá því að þetta frv. mundi ekki ganga til atkvæða í nótt, heldur væri ætlunin að ljúka 3. umr. og reyna að hafa atkvæðagreiðslu í því á morgun. (**Forseti:** Trúlega verður það nú ekki á morgun.) Nei. Því betra. — Að fenginni þessari yfirlýsingu forseta held ég að ég fresti þeirri 70 mínútna ræðu sem ég hef hér og hefði reyndar þurft að koma á framfæri. Þar sem fyrir liggur að ekki verður atkvæðagreiðsla þá held ég að ég geti haft þessi orð mín stutt og örfá.

Ég vil aðeins minna á og segja, held ég, í tíunda sinn. Ég varaði hér við 1984 lagafrv. um Ríkismat sjávarafurða og benti á að þetta stæðist mjög illa, það væru andstæðar greinar, það væru efnislegar mótsagnir og endurtekningar á lögunum öllum. Þetta hefur nú verið rækilega staðfest af merkum lagaprófessor og reyndar fleirum og m.a.s. af hæstv. sjútvrh. sjálfum að það beri að viðurkenna að það hefði mátt orða þetta skýrar.

Ég hef í málflutningi mínum hér varað mjög við því að í þessu felist efnislega mun meira en að ferskfiskmatið verði sett í hendurnar á hagsmunaaðilum. Ég hef reyndar margt um það að segja, er því algerlega andstæður þó að sjálfsagt megi tína þar ýmislegt til um nánara samstarf. Ég vil líka segja að ég tel ákaflega óeðlilegt að hér sé knúið í gegn frv. sem felur í sér mikið dýpri breytingar en virðist vera á yfirborðinu. Og ég sé ekki betur en að þar stefni í hreint óefni.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að vissulega hefðu ferkfiskmatsmenn uppsagnarfrest, að ég hygg allflestir þrjá mánuði, þannig að þess vegna hefði málið mjög auðveldlega getað beðið. Ég hef sýnt fram á að í þessu er ekki sparnaður. Þetta er aðeins tilfærsla. Ríkið leggur á skatt sem það greiðir með ákveðinn kostnað. Sá skattur er lagður á sömu aðila og hér eiga hlut að máli. Þarna er aðeins um millifærslu að ræða. Það koma upp ákaflega mörg

álitamál og þó frv. sé eftir aðstæðum nokkuð vel samið, þá býr lagasmiðurinn að því steinbarni, sem samþykkt var hér 1984, að hann þarf að orða hluti þannig að það liggi betur fyrir að reglugerðir hafi ákveðið lagagildi.

Ég hefði haldið að gætinn maður eins og hæstv. sjútvrh. sýndi Alþingi þá virðingu að málið fengi þinglega meðferð. Ég mundi treysta mér til ef til þess gæfist tími að koma með skriflegar lögfræðilegar umsagnir frá þekktum og viðurkenndum lögfræðingum, a.m.k. tveimur, sem staðfesta minn skilning í þessum efnum. Ég hlýt að harma að þessi vinnubrögð skuli vera viðhöfð.

Hæstv. sjútvrh. hefur þá trú að hann geti lamið þetta frv. í gegnum Alþingi á þeim stutta tíma sem eftir er. Fyrst atkvæðagreiðslu er frestað til morguns, þá mundu ítrekuð ummæli mín og röksemdafærsla aðeins lengja þennan fund og sé ég ekki ástæðu þar til. Ég vil hins vegar aðeins lýsa undrun minni á að annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., skuli fylgja þessu frv. athugasemdalaust, án þess að þinglið hans hafi verið gerð grein fyrir frv. á þingflokksfundi. Það er ekki mitt að segja þeim ágæta flokki fyrir verkum. Ég vil aðeins ítreka (**TG:** Hvaða fréttir hefur þú af því?) Ég hef nú nokkuð góð sambönd. (**TG:** Það er nefnilega það.) Þetta hefur kannske verið eitthvað rætt á þingflokksfundi, en það hefur ekki verið farið ítarlega í gegnum það. Látum svo útrætt um innanhúsmál flokka og mun ég ekki ræða um það.

Ég vil bara að endingu ítreka aðvaranir mínar. Hér er verið að fremja hin mestu glópskuverk. Þetta verður ekki til heilla fyrir Ríkismat sjávarafurða. Ég held að ég geti tekið undir það að það mætti endurskoða rækilega, eins og boðað er hér í grg. frv., lögin um Ríkismat sjávarafurða og ég gæti stutt það. En þetta „lapperí", sem hér er gert, gerir það ekki. Ég held að það stefni í gagnstæða átt.

Ekki veldur sá er varir. Ég hef hér í einum fjórum ræðum rakið ítarlega þá annmarka sem á þessu frv. eru. Ég gerði það líka þegar þessi lög voru samþykkt en hafði ekki árangur sem erfiði. En nú vildu allir Lilju kveðið hafa. Nú telja allir gildandi lögum mjög áfátt og ábótavant.

Ég vil ítreka mótmæli mín við þau vinnubrögð sjútvrh. að ætla að reyna að keyra þetta frv. í gegnum þingið á óeðlilega skömmum tíma. Ég vil líka átelja það að hér koma hinar raunverulegu dýpri efnisbreytingar á lögunum ekki fram. Það er látið líta svo út að þetta nái eingöngu til ferskfiskmatsins. Þetta nær lengra og verður örlagaríkt fyrir fiskmatið.

Þetta er, eins og ég hef áður sagt, stórt mál í langstærsta atvinnuvegi þjóðarinnar og þarf vel að vanda en ekki að kasta hér fram á síðustu stundu og reyna að hespa það helst umræðulaust í gegnum þingið. Ég vara við þessu frv. Ég tel að það boði meiri erfiðleika og meiri ógæfu yfir Ríkismati sjávarafurða en ástæða væri til og virðist mér þó að ógæfan á þeim bæ sé næg fyrir og ekki sé á bætandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

32. fundur, þriðjudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Vísinda- og rannsóknaráð, ein umr.

Fsp. GA, 139. mál. — Þskj. 145.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Staða og skipulag rannsóknastarfsemi innan stjórnkerfisins hérlendis hefur þarfnast endurskoðunar og breytinga um árabil. Skorti á heildarskipulagi hefur fylgt alvarlegur skortur á fjármögnun rannsókna hérlendis, en við Íslendingar leggjum minna af opinberu fé til rannsókna en nokkur nágrannaþjóð okkar.

Forsaga málsins er sú að með lögum frá 1929 var ríkisstjórninni heimilað að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu fyrir þarfir atvinnuveganna og var þá reist Rannsóknastofnun Háskóla Íslands sem tekin var í notkun 1937. Í ársbyrjun 1939 var stofnuð Rannsóknanefnd ríkisins og var henni falin yfirstjórn Rannsóknastofnunar Háskólans. Árið 1940 er nefndin skírð Rannsóknaráð ríkisins og stofnunin Atvinnudeild Háskólans. Þegar þrengjast fór um starfsemi hennar, sem var til húsa á háskólalóðinni, fluttist hún upp í Keldnaholt, en starfsemi fiskideildar Atvinnudeildarinnar fluttist á Skúlagötu 4.

Árið 1965 var svo gerð skipulagsbreyting á rannsóknastarfseminni með setningu laga nr. 48, um almennar náttúrurannsóknir, og nr. 64, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Komst þá á sú skipan Rannsóknaráðs og Rannsóknastofnana atvinnuveganna og Náttúrufræðistofnunar sem enn gildir og formleg tengsl við Háskólann rofnuðu. Margir eru þeirrar skoðunar að þetta hafi verið mjög óheppilegur ef ekki hörmulegur atburður fyrir þróun raunvísindarannsókna á Íslandi.

Síðan þetta varð hefur orðið nær stökkbreyting í þróun og mikilvægi rannsókna, a.m.k. í hinum vestræna heimi. Flestar þjóðir auka nú mjög fjárfestingu í rannsóknum og þessi auknu útgjöld eru tengd bjartsýni um þá möguleika sem felast í nýrri þekkingu og tækninýjungum, en á þeim sviðum vænta menn helstra framfara og breytinga á atvinnuháttum á komandi árum. Jafnframt er sífellt fleirum að verða það ljóst að vísindaleg þekkingarsköpun er álíka mikilvæg fyrir sjálfstæði þjóða og listsköpun, viðhald sérstakrar þjóðtungu og vökul tengsl við menningarrætur og þjóðarsögu. Þeim fer einnig fjölgandi sem bera hag Háskólans fyrir brjósti sem vísindastofnunar en ekki fyrst og fremst embættismannaskóla.

Meðal þess sem þarf að gera til úrbóta er að koma á betra skipulagi hvað varðar rannsóknastarfsemina í landinu og tryggja henni meira fé. Fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að endurskoða tillögur um Vísindasjóð, en hann hefur lengst af verið eini sjóður hérlendis sem veitt hefur styrki til rannsókna.

Þessi nefnd og önnur nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna héldu nokkra sameiginlega fundi og lögðu fram samræmdar tillögur þar sem gert var ráð fyrir tveimur ráðum, Rannsóknaráði ríkisins með sjö manna stjórn og Rannsóknarsjóði og svo Vísindaráði ríkisins með fimm manna stjórn og Vísindasjóði hins vegar. Til samræmingar skyldi svo starfa samstarfsnefnd ráðanna. Mörgum þótti þetta fyrirkomulag of flókið í svo litlu landi sem Ísland er og töldu réttara að hafa ráðið eitt. Á undanförnum árum hefur svo þetta mál verið enn til endurskoðunar hjá menntmrn. og mun nú frumvarpsgerð á lokastigi.

Hvað sem öllum ágreiningi líður um það hvort ráðin eigi að vera eitt eða tvö er afar brýnt að leggja fram á Alþingi frv. um þetta mál til kynningar. Það er brýnt vegna þess að gera má ráð fyrir að umfjöllun um frv. taki nokkurn tíma hjá þeim aðilum sem málið varðar mest og þessi umræða þarf að hefjast sem fyrst.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvenær hyggst menntmrh. leggja fram frv. um vísinda- og rannsóknaráð?

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. spyr hvenær ég hyggist leggja fram frv. til l. um vísinda- og rannsóknaráð. Um það bil sem Alþingi kemur saman að nýju eftir jólaleyfi. Það hefur verið unnið snarplega að lokasmíð þessa frv. og hafa þeir haft það með höndum háskólarektor Sigmundur Guðbjarnason, Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs og Árni Gunnarsson skrifstofustjóri í menntmrn. Ég hef auðvitað þann fyrirvara á ef eitthvað óvænt kæmi sem hindraði samkomulag um málið innan ríkisstjórnar, en þetta mál hefur verið rætt við forsrh., sem hefur látið sig það miklu varða, og ég held að sakir standi nú þannig að ég lofi ekki upp í ermina á mér þegar ég segi að frv. muni sjá dagsins ljós u.þ.b. sem hið háa Alþingi kemur saman á nýjan leik eftir jólafrí.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég lýsi mikilli ánægju með svör hæstv. ráðh. og ég bíð með óþreyju eftir að sjá þetta frv. strax í janúar.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Aðeins örstutta athugasemd. Ég er afskaplega feginn því að tíu ára meðgöngutíma þessa frv. (**SvH:** Það eru níu.) virðist vera að ljúka, níu þá, og hillir undir léttasóttina. Ég vona sannarlega að það þurfi engan keisaraskurð þar og ég trúi ekki að neitt komi upp í ríkisstjórn sem hindrar það.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég fagna því að í þorrabyrjun skuli von á frv. um þetta efni sem allt of lengi hefur staðið á. Ég tek eindregið undir með hv. 3. landsk. þm. að hér er um að ræða mikilvægt skref í þá átt að efla rannsóknir hér á landi og er ekki vanþörf á.

Breytingar á lánskjaravísitölu í september 1983, ein umr.

Fsp. KolJ, 200. mál. — Þskj. 212.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Mikil óánægja er á meðal þeirra sem hafa á undanförnum árum verið að reyna að eignast þak yfir höfuðið vegna þess að á sama tíma og vísitala á laun var alfarið tekin úr sambandi hækkaði lánskjaravísitala upp úr öllu valdi. Húsfyllir var þegar óánægðir húsbyggjendur héldu fund um húsnæðismál í Sigtúni í ágúst 1983 þar sem þessi mál voru rædd. Kröfðust fundarmenn bæði lengingar lána og leiðréttingu varðandi lánskjara- og kaupgjaldsvísitölu. Munurinn á þessum tveimur vísitölum hafði þá og hefur enn verið afar óhagstæður fyrir þá sem eru að reyna að eignast húsnæði. Í sama mánuði var ákveðið að taka upp nýjan grundvöll til útreikninga á lánskjaravísitölu. Ríkisstjórnin gaf góðar vonir um smáskilning á þessum vanda þegar hún ákvað á sama tíma að draga úr fjármagnskostnaði húsbyggjenda og námsmanna með því að láta þennan nýja vísitölugrunn gilda fyrir húsnæði eins og námslán. Ef miðað var við gamla vísitölugrunninn átti vísitalan að hækka um 8,1% eða sem svaraði 155% verðbólgu miðað við heilt ár, en samkvæmt nýja vísitölugrunninum átti hækkunin að vera 5,1%.

Í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar frá þessum tíma kom fram að ákveðið var að ganga til móts við húsbyggjendur og námsmenn með þeim hætti að nýja lánskjaravísitalan gilti strax gagnvart þeim og verði því 5,1% í september. Jafnframt mun ríkisstjórnin, segir enn fremur í þessari fréttatilkynningu, beina þeim tilmælum til lífeyrissjóða að þeir hafi sama hátt á húsnæðislánum sínum. Í framhaldi af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar ritaði félmrh. svohljóðandi bréf til stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins sem ég vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagsmálaráðuneytið tilkynnir hér með stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að þrátt fyrir ákvörðun og tilkynningu um að lánskjaravístitalan fyrir septembermánuð 1983 skuli hækka um 8,1% hefur ríkisstjórnin ákveðið að tilsvarandi álag á lán veitt úr Byggingarsjóði ríkisins skuli aðeins nema 5,1% fyrir september 1983."

Bréf þetta er undirritað af hæstv. félmrh. og Hallgrími Dalberg.

Nú hefur tvívegis verið mjög mikið ritað um þetta mál í dagblöðum og talað um það í fjölmiðlum, bæði

1985 og síðla árs 1986. Fram kom í blöðum nú að þessi ákvörðun hefði aðeins náð til 17 fjölskyldna, það hefði aðeins einn byggingaraðili byggt húsnæði fyrir þessa 17 aðila og ástæðan gefin sú að gjalddagi hafi verið í september. Þar af leiðandi hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. sem er 200. mál Sþ. á þskj. 212 og hljóðar svo:

„Hvernig hefur félmrh. staðið að framkvæmd þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að hækkun lánskjaravísitölu í september 1983 yrði 5,1% í stað 8,1% á lán veitt úr Byggingarsjóði ríkisins?"

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðh. hefur fsp. fyrir framan sig þannig að það er kannske tímasóun að halda lestrinum áfram. Ég nýti mér minn seinni tíma til að ræða þetta mál.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við 1. lið fsp. tel ég rétt að lesa meginefni bréfs til stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins frá 12. des. s.l., en bréfið hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í sambandi við umfjöllun fjölmiðla og annarra nú undanfarið um lánskjaravísitölu í septembermánuði 1983 hefur ráðuneytið kannað hvernig framkvæmd Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur verið háttað á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 26. ágúst 1983 varðandi útreikning lánskjaravísitölu á lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Könnun þessi hefur leitt í ljós að Húsnæðisstofnun ríkisins hefur í þessu efni ekki farið eftir fyrirmælum ráðuneytisins og túlkun og leiðbeiningu Seðlabanka Íslands. Af því tilefni vill ráðuneytið rifja upp eftirfarandi:

Hinn 26. ágúst 1983 samþykkti ríkisstjórnin að ganga til móts við húsnæðisbyggjendur með þeim hætti að verðtrygging á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins til þessara aðila skyldi í september 1983 vera 5,1% í stað 8,1. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar fólst einfaldlega það að gildistöku nýrrar lánskjaravísitölu var flýtt um einn mánuð gagnvart þessum aðilum.

Ofangreindri samþykkt ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við Húsnæðisstofnun ríkisins með bréfi ráðuneytisins dags. 2. sept. 1983. Um svipað leyti var fréttatilkynning frá ríkisstjórninni birt í fjölmiðlum þar sem grein var gerð fyrir þessari samþykkt.

Með bréfi dags. 7. sept. 1983 óskaði Húsnæðisstofnun eftir upplýsingum um hvernig ætti að framkvæma fyrrnefnda ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af því tilefni kvaddi félmrh. stjórnendur Húsnæðisstofnunar ríkisins á sinn fund þegar í stað og fól þeim að framkvæma ákvörðun ríkisstjórnarinnar í samráði við Seðlabanka Íslands.

Í grg. hagfræðideildar Seðlabanka Íslands dags. 5. sept. 1983 komu fram leiðbeiningar um framkvæmd á samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Í marsmánuði 1985 varð ráðuneytinu ljóst að Húsnæðisstofnun ríkisins hafði enn ekki komið samþykkt ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Af því tilefni ritaði ráðuneytið Húsnæðisstofnun ríkisins bréf dags. 4. mars 1985 þar sem fyrirmælin voru ítrekuð, að stofnunin hrinti samþykkt ríkisstjórnarinnar í framkvæmd í samráði við Seðlabanka Íslands. Í bréfinu er sérstaklega tekið fram að ráðuneytið hafi alltaf gengið út frá því að farið hefði verið eftir þeim fyrirmælum.

Ráðuneytið hefur undir höndum bréf Seðlabanka Íslands til Húsnæðisstofnunar ríkisins dags. 11. mars 1985 þar sem túlkun bankans á samþykkt ríkisstjórnarinnar og leiðbeiningar um framkvæmd hennar koma greinilega fram. Með vísun til framanritaðs vill ráðuneytið átelja aðgerðarleysi Húsnæðisstofnunar ríkisins í máli þessu. Jafnframt leggur ráðuneytið fyrir stofnunina að framkvæma tafarlaust margnefnda samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 26. ágúst 1983 í samráði við Seðlabanka Íslands og samkvæmt leiðbeiningum hans sem hann hefur tekið að sér.

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins hafði breytingin á meðferð lánskjaravísitölunnar áhrif á um 5100 lán til nýbygginga og 2800 lán til kaupa á eldri íbúðum. Samkvæmt upplýsingum hagdeildar Seðlabanka Íslands var stofn lána með lánskjaravísitölu hjá Byggingarsjóði ríkisins 1 milljarður 160 millj. kr. í september 1983 og afsláttur vegna umræddra breytinga á lánskjaravísitölu á verðlagi þess tíma 32,5 millj. kr. Á núverandi verðlagi er þessi afsláttur 63,8 millj. kr. Rétt er að benda á að áhrif þessa afsláttar koma fram í lækkuðum inngreiðslum í sjóðinn á löngu árabili eða fram að árinu 2010. Árleg lækkun á núverandi verðlagi er um 4 millj. kr. Afslátturinn árin 1983–1986 er sem hér segir á verðlagi hvers árs: 1983 0,5 millj. en á núgildandi verðlagi 1 millj., 1984 2 millj. en á núgildandi verðlagi 3 millj., 1985 3 millj. en á núgildandi verðlagi 4,1, 1986 4 millj. en á núgildandi verðlagi 4,1 millj. Samtals 12,2 millj. kr. sem verður að endurgreiða lántakendum samkvæmt ákvörðun sem tekin var.

Varðandi 4. lið fsp. er vísað til svars við 1. lið hennar, en eins og þar kemur fram tel ég að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi ekki framfylgt ákvörðun ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir margítrekuð fyrirmæli ráðuneytisins. Þótt hér sé um lágar upphæðir að ræða á hverju ári og lítið sem kemur í hlut hvers lántakanda ber að sjálfsögðu að framkvæma þetta undanbragðalaust. Einhverjir tæknilegir örðugleikar kunna að vera á framkvæmdinni, eins og oft kemur fram í sambandi við viðskipti við Reiknistofnun bankanna og fleiri aðila, en það er engin haldbær afsökun í þessu máli og því verður fylgt eftir af fullri hörku.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Þetta mál er algert hneyksli. Fyrir fáeinum vikum lét félmrh. hafa það eftir sér að farið hefði verið að fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Í dag segir hann að ekki hafi verið farið að fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Hvers megum við vænta á morgun?

En þessi partur, og lítilfjörlegur er hann sam-

kvæmt þeim tölum sem félmrh. las hér upp, er einungis angi af stærra máli, málefnum heils hóps í þjóðfélaginu, allra þeirra sem öfluðu sér íbúða á árunum 1980–1985 og hafa orðið að þola gífurlega eignaupptöku vegna þeirrar stefnu sem uppi var í efnahagsmálum. Ég spyr: Hvenær ætlar ríkisstjórnin raunverulega að taka á því máli? Ég flutti hér þáltill. fyrir skömmu og reyndar áður í fyrra um þetta efni. Hún hlaut góðar undirtektir, en afgreiðslan lætur á sér standa. Ég skora á félmrh. að lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar til þess máls og málefna þess fólks sem hér á í hlut.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Saga þessa máls er öll með miklum ólíkindum og endemum. Hæstv. félmrh. byrjaði á að lýsa því yfir að niðurstaða Húsnæðisstofnunar væri rétt. Aðstoðarmaður félmrh. lýsti því þá yfir að það væri ekki rétt með farið í afstöðu Húsnæðisstofnunar í þessu efni að láta þetta aðeins ná til eins lántakanda í september 1983. Síðan snýr hæstv. félmrh. við blaðinu með þeim hætti sem upplýsingar komu fram um áðan. Þetta er auðvitað eftir öðru í meðferð mála af þessu tagi á undanförnum árum og það er aumt af hæstv. ráðh. að gera tilraun til að víkja sökinni í þessum efnum að embættismönnum í Húsnæðisstofnun ríkisins því að það er bersýnilegt að félmrn. er steinsofandi í þessu máli á þriðja ár áður en það rumskar á þann hátt sem hefur komið fram.

En aðalatriðið er að gera sér það ljóst að núna stöndum við frammi fyrir því á fjórða ári ríkisstjórnarinnar að eftir kjaraskerðinguna 1983 verður fjöldi fólks, þúsundir lántakenda fyrir stórfelldri skerðingu vegna hækkunar lánskjaravísitölunnar. Það hefur ekkert verið fyrir þetta fólk gert. Það eru síðustu forvöð fyrir ríkisstjórnina að gera grein fyrir því hér og nú: Hvað ætlar hún að gera í þessu efni á þessu þingi? Er þess að vænta að félmrh. leggi fram frv. um að taka á vandamálum þessa fólks sem verður fyrir hinu harkalega misgengi launa og lána í tíð ríkisstjórnarinnar?

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að koma hér upp og gera örstutta athugasemd vegna þess að þessi vinnubrögð eru dæmi um hvernig stjórnvöld fela útreikninga ríkisfjármála í hendur sérfræðingum sem sjá ekkert fyrir framan sig annað en tölur og reikna dæmi án þess að taka tillit til örlaga þess fólks sem lendir í dæminu. Það versta við þetta dæmi var að sérfræðingarnir kunnu ekki að reikna. Þeir reiknuðu ekki dæmið til enda, hver yrðu örlög þess fólks sem lenti á bak við tölurnar.

Forsrh. hefur þegar viðurkennt að þetta voru afglöp, þetta voru mistök. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að leiðrétta þessi mistök, sín eigin mistök, gagnvart fólkinu sem e.t.v. kaus þá?

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin þrátt fyrir að ég hafi verið mjög undrandi miðað við þau ummæli sem hafa komið fram í blöðum eftir hæstv. ráðh. þar sem ég man ekki betur en fullyrt hafi verið að þessu hafi verið framfylgt á sínum tíma. En það er ánægjulegt að þessu verður breytt og nú verði komið til móts við alla vega 7900 lántakendur. En ég vil aðeins minna á að hér er bara um þá að ræða sem eru með lán sín tryggð gagnvart lánskjaravísitölu. Áður en sú vísitala var tekin upp, því að það er náttúrlega orðaleikur með þessar vísitölur, var byggingarvísitalan grundvöllurinn. Byggingarvísitalan hefur ekki hækkað minna ef ég veit rétt og kannske veit hæstv. ráðh. betur um það en ég. Þessi lækkun um 3% nær ekki til þeirra sem eru með byggingarvísitölu sem sinn grunn. Þetta kom einnig fram varðandi námslánin og ekkert hefur verið gert í þeim og ég veit að hæstv. félmrh. gerir ekkert í þeim efnum. Það er í öðru ráðuneyti. En þar er einnig um að ræða lánskjaravísitölu og svo framfærsluvísitölu áður en lánskjaravísitalan kom til greina. Lánskjaravísitalan er samansett af tveim vísitölum, byggingarvísitölu og framfærsluvísitölu, þannig að það er mjög sérkennilegt ef á að miða bara við orðið lánskjaravísitala, en byggingarvísitalan og framfærsluvísitalan skipta ekki máli og þarf ekkert að leiðrétta hjá því fólki sem er með lán sín tryggð á þeim vísitölum. Ég vildi að hæstv. ráðh. gæti upplýst betur um þetta.

Eins og fram kom hjá þeim hv. þm. sem komu hér í ræðustólinn og gerðu athugasemdir er þetta mál mjög stórt og mjög alvarlegt, enda þarf varla að segja hæstv. ráðh. það þar sem daglega má sjá auglýsingar í blöðum um uppboð á húsnæði. En það er eins og eyrun séu ansi lengi að opnast hjá hæstv. ríkisstjórn eins og sést á því að það skuli taka rúmlega þrjú ár að framkvæma slíka ákvörðun. Það segir ekkert um það í bréfinu frá hæstv. ráðuneyti hvernig eigi að framfylgja fyrirmælunum. Það þýðir ekkert að koma eftir á og segja: Það er bara stofnunin sem ber hér ábyrgð. Auðvitað á hæstv. ríkisstjórn að fylgjast með því hvernig framkvæmdin er á hennar ákvörðunum.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Hér er á ferðinni þvílíkur ódrengskapur frá hendi ráðherra að það verður lengi í minnum haft. Ég hef haft samband við embættismenn þá sem hafa höndlað með þessi mál og það er ljóst að öll þeirra svör hafa verið í takt við það sem félmrh. hefur sagt þeim að gera. Allt sem þar hefur verið gert hefur verið gert í samráði við félmrh.

Núna, þegar að honum er þrengt, skellir hann skuldinni á embættismenn sem hefðu viljað gera miklu betur og hafa ekki skilið þá vitleysu sem samþykkt var í ríkisstjórn á sínum tíma, þ.e. á þann hátt að venjulegt fólk skildi ekki hvað var á ferðinni, a.m.k. eftir að útskýringar félmrh. í gegnum Húsnæðisstofnun komu fram.

Ég endurtek að sá ódrengskapur sem kemur fram í þessu svari er þvílíkur að hann hlýtur að vera lengi í

minnum hafður hjá starfsmönnum þeirrar stofnunar sem starfa undir hans stjórn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. félmrh. hengir bakara fyrir smið úr þessum ræðustól. Ég vil í þessu samhengi minna á að 28. okt. s.l. svaraði hæstv. ráðh. hér fsp. varðandi húsnæðismál og efndir á loforði ríkisstjórnarmeirihlutans í félmn. Alþingis varðandi samkomulag frá 21. apríl s.l. Hæstv. ráðh. lofaði þá að innan fárra daga kæmi inn á Alþingi greinargerð um þetta mál, en það var líka lofað frumvörpum. Almanakið hjá hæstv. félmrh. er að vísu afar sérstætt eins og við vitum og virðist oft ganga aftur á bak tímatalið hjá hæstv. ráðh. Enn bólar ekki á þessu þótt kominn sé 16. des. Ég nefni þetta hér vegna þess að þetta er dæmigert um loforð og yfirlýsingar frá þessum hæstv. ráðh. gagnvart Alþingi.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara að elta ólar við ýmislegt sem hér hefur komið fram, en ég vil þó aðeins segja það í sambandi við ummæli hv. 6. landsk. þm. Karls Steinars Guðnasonar, þegar hann fullyrti að um ódrengskap væri að ræða, að ég get staðið við hvert einasta orð sem ég hef rakið í sambandi við þá grg. sem ég lagði fram. Þetta er saga málsins en það sem ég hef orðið að glíma við — eins og hv. fyrrv. félmrh. þurfti líka að gera þegar hann var að reyna að ná fram ýmsum málum í sinni tíð eins og í sambandi við skyldusparnaðinn og í sambandi við gjalddaga lána o.s.frv. — er að málið strandaði á því að ýmsir embættismenn vilja halda öðru fram. Ég hef orðið að glíma við það að embættismenn stofnunarinnar sögðu að þetta væru svo litlar upphæðir að það tæki því ekki að leggja í svona mikla vinnu í sambandi við málið. En alla tíð hefur ráðuneytið verið með það á hreinu hvað um var að ræða. Það sem er svo aftur dæmigert í sambandi við þessi mál er það hvernig þetta er blásið upp. Ég veit ekki betur en að meðan ég var fjarverandi erlendis hafi komið í fjölmiðlum að hér væri um 250–400 millj. kr. dæmi að ræða sem það fólk sem tekið hefur þessi lán hefði verið látið ofgreiða. Þetta er náttúrlega víðs fjarri að slíkt komi til greina því að upphæðirnar hafa alltaf legið fyrir frá því að Seðlabankinn lét Húsnæðisstofnun í té greinargerð um þetta í ársbyrjun 1985. Það var aldrei hærra en þetta vegna þess að ríkisstjórnin ákvað breytingar á lánskjaravísitölunni sjálfri, að henni yrði flýtt, gagnvart Byggingarsjóði ríkisins og þess vegna gat hver maður sem vildi kafa ofan í þetta mál fengið nákvæmlega upp hvað var um að ræða. Hér er því um upphæðir að ræða með framreikningi upp á um 64 millj. kr. í sambandi við þá lántakendur sem þessi aðgerð kom til með að rétta hlut hjá.

Ég tek fram í sambandi við það sem er blandað í umræðurnar um ráðstafanir fyrir það fólk sem varð fyrir þessum misskilningi. Mér finnst nú ákaflega furðulegt að alþm. skuli geta sagt svona hluti þegar þeir vita sjálfir að það er búið að veita á annan milljarð í viðbótarlán inn í húsnæðiskerfið til að rétta hlut þessa fólks og það er ekki eins og forustumenn ýmsir og stjórnarandstaðan einnig hafa haldið fram að þetta hafi bara verið til að þyngja greiðslubyrði þessa fólks. Það er þveröfugt. Þessar upphæðir hafa farið til þess að létta greiðslubyrði fólksins. Það hefur farið til þess að greiða niður vanskilalán, skammtímalán og gera greiðslubyrðina viðráðanlega miðað við það sem hún var fyrir. Þessu er alltaf sleppt. Það er bara sagt: Þetta er bara lán á lán ofan til þess að þyngja enn byrðina.

Svona eru rangfærslurnar í þessu máli. Þær koma alls staðar fram og það jafnvel frá hv. alþm. sem vita betur. Því miður verður að harma svona vinnubrögð.

Ég ætla ekki að eyða orðum um þetta meira. Ég tek það bara fram að ef hv. þm. í þessum sal halda að það sem ýmsir fjölmiðlar eru að hafa eftir Pétri og Páli sé heilagur sannleikur er það mikill misskilningur. Það sem hefur verið haft eftir mér er algjör útúrsnúningur. Ég hef alltaf sagt að þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar átti að framkvæma í september 1983. Húsnæðisstofnunin sjálf tók þá ákvörðun að þetta ætti ekki að framkvæma nema fyrir afgreidd lán í september 1983 og gerði það þó ekki betur en svo að það var aðeins eitt framkvæmdalán sem kom til greina í staðinn fyrir allmörg lán sem voru í afgreiðslunni, leiðbeiningar Seðlabanka Íslands eru ekki teknar til greina.

Ég ætla ekki að fara meira út í þetta, herra forseti. Ég tek aðeins fram að mér finnst engin ástæða til að vera með neinar fullyrðingar án þess að fólk kynni sér raunveruleikann. Það er kapítuli út af fyrir sig að fjölmiðlar og alþm. leyfa sér að fara með það sem staðreyndir sem þeir hafa eftir ákveðnum manni í einhverri ákveðinni stofnun sem gefur sér líkan af þeim reiknikúnstum sem hann fer með. Það er tekið sem staðreynd í málflutningi manna og fjölmiðla hér á landi án þess að reynt sé til hlítar að afla þeirra raunverulegu upplýsinga sem liggja að baki þeim útreikningum sem farið er með. (**Gripið fram í:** Hver er þetta?) Heimildarmaður fyrir þessum fullyrðingum er maður í Fasteignamati ríkisins og hann gefur þetta reiknilíkan upp sem er því miður alrangt í þessu tilfelli og hann hefur viðurkennt það sjálfur. (**SvG:** Er ekki óhætt að nefna manninn á nafn?) Ég þarf ekki að nefna þetta meira, hv. 3. þm. Reykv. Ég er búinn að skýra frá því hver heimildarmaðurinn er.

Mig langar aðeins að segja það að lokum að því fólki sem á í þessum erfiðleikum er enginn greiði gerður með því að blása upp rangindum í sambandi við þetta mál. Það er miklu betra að fara með staðreyndir sem liggja fyrir. Ríkisstjórnin ákvað að milda þessar aðgerðir með því að flýta ákvörðun um nýja lánskjaravísitölu, að láta það koma til góða því fólki sem átti þar hlut að. Þarna er um 8000 lán að ræða og upphæðin er sú sem hér kom fram. Í staðinn

fyrir að hún átti að vera jafnvel hundruð milljóna er hún 12,2 millj. kr. sem þetta fólk á raunverulega inni, hefur borgað vegna þess að Húsnæðisstofnun hefur ekki framkvæmt málið eins og hún átti að gera það. (**Gripið fram í:** Fær það það borgað?) Já, það fær það endurgreitt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég veit ekki hvernig stærðfræðiþekkingu hæstv. félmrh. er háttað en ég hef þó gefið mér það að ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn kunni samlagningu. Ef svo er ætti hæstv. félmrh. að átta sig á því að þegar lán bætist við lán vex heildarupphæðin og með viðbótarlánum er misréttið ekki upprætt heldur er því dreift yfir lengri tíma.

Þessi ríkisstjórn hefur haft 3½ ár til þess að bæta fyrir það gerræði sitt sem hún greip til í upphafi valdaferils síns að skerða kaup með lögum en láta allar fjárskuldbindingar einstaklinga halda áfram án tillits til þeirrar aðgerðar. Það er almennt viðurkennt af fólkinu í landinu að þetta sé eitthvert mesta ranglæti sem fólk hefur orðið fyrir frá stjórnvöldum sínum á síðari tímum, enda greip fólk til þess að stofna samtök til varnar sér fyrir ranglæti ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur nú fáeina mánuði til að bæta úr þessu áður en kjörtímabilinu lýkur. Ég er hræddur um að dómur sögunnar um þessa ríkisstjórn, hvað þetta varðar, geti ekki orðið nema á einn veg ef hún notar ekki þessa mánuði á þann eina hátt sem réttlætanlegt væri til þess að bæta fyrir þetta misrétti. Það verður ekki gert með lengingu lána, það verður ekki gert með skuldbreytingum, það verður ekki gert með smáskítlegum aðgerðum eins og þetta mál fjallar í raun og veru um, heldur þarf að bæta fólkinu það misrétti sem það varð fyrir og allir nema þá hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn viðurkenna og hafa löngu áttað sig á.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég vil aðeins gera örstutta athugasemd þar sem fram kom gagnrýni hjá hæstv. ráðh. á þann mann sem reiknaði út hvað þetta mundi þýða ef lækkunin kæmi á öll lán. Það eru 3% af öllum þeim lánum sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt, það eru 120–130 millj., og mér finnst það ekki ýkja maklegt af hæstv. ráðh. að gagnrýna úr þessum stól upplýsingar sem koma frá embættismanni þegar hann hefur engin tök á því að koma að neinni leiðréttingu. Ég vildi að þetta kæmi fram. Það er erfitt að afla upplýsinga nákvæmlega um það hve mörg lán eru á lánskjaravísitölu og hve mörg lán eru á byggingarvísitölu og hve mörg lán hjá Húsnæðisstofnun eru þá óverðtryggð. Mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðh. gæti komið slíkum upplýsingum á framfæri vegna þess að þessi lækkun nær ekki til allra þeirra sem báru þessar byrðar á sínum tíma eins og ég kom að áðan án þess að hæstv. ráðh. kæmi með nokkurt svar þar á móti.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur heldur vonda stjórn á embættismönnum sínum virðist vera. Hann talar um að fjölmiðlar og aðrir beiti blekkingum í þessu efni. Ég ætla að segja frá örlítilli blekkingu í húsnæðismálakerfinu sem ég þekki af eigin raun.

Ég horfði í fyrrasumar á hæstv. félmrh. og forsrh. lýsa því yfir í sjónvarpsfréttum að búið væri að gera samninga við bankana og sparisjóðina í landinu um að létta á byrði húsnæðiskaupenda með því að lengja lán þeirra allt upp í 8 ár. Ég fór morguninn eftir til bankastjórans míns og fór fram á það við hann að lengja lánið mitt upp í 6–8 ár. Hann brosti. Hann sagði: Við höfum enga samninga gert. Við höfum hins vegar rætt við þessa menn en við höfum enga samninga gert. Það voru blekkingar hæstv. ráðh. og ég held að sá ráðherra sem fer með húsnæðismálin ætti ekki að hafa þessi orð uppi vegna þess að húsnæðismálin eins og þau leggja sig virðast vera einn blekkingavefur og fólk hefur mjög óljósar upplýsingar um hver réttur þess er í því kerfi.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að ég mun láta dreifa hér á Alþingi skilagrein Húsnæðisstofnunarinnar, ráðgjafarstofnunar, um þær aðgerðir sem fram hafa farið til þess að leysa úr greiðsluvanda fólks. Þar geta hv. þm. séð svart á hvítu hvernig úr þessu hefur verið leyst. Þar koma m.a. fram glögg dæmi sem forstöðumaður ráðgjafarstofnunarinnar hefur sett fram þar sem greiðslubyrði fólks getur og hefur lækkað úr 50% niður í 26% fyrir þessar aðgerðir. Það er ekki rétt að skilgreina þetta sem lán ofan á lán af þeirri einföldu ástæðu að þessi meðferð hefur verið þannig að það hefur einvörðungu verið leitast við að létta greiðslubyrðina með því að greiða upp vanskil á skammtímalán og þannig hafa vanskilaskuldirnar lækkað sem því nemur en hækkað með hagkvæmu nýju láni um sömu upphæð. Þetta hefur verið aðalatriðið.

Ég hef ekki tíma, herra forseti, til að fara nánar út í þetta. Mig langar aðeins að segja við hv. fyrirspyrjanda að ef hún telur sig ekki hafa fengið fullnægjandi svör hér skal hún koma og biðja um viðbót ef hún vill. Ég skal fúslega láta henni hana í té og sömuleiðis mun ég láta fjölmiðla fá þau gögn sem ég hef lesið upp úr.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það sem stendur upp úr í þessu máli er auðvitað það að fyrst kemur ríkisstjórnarsamþykkt sem menn skilja með ýmsum hætti og gengur sumum misjafnlega að skilja. Húsnæðisstofnun framkvæmir þessa samþykkt eins og ráðherra segir henni að gera. Nú þegar ráðherra þykir henta snýr hann við blaðinu og hefur allt aðra skoðun en hann áður hafði. Þetta er auðvitað fáheyrður málflutningur og furðulegur jafnvel þó menn séu ýmsu vanir.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Vegna þess að nú er haldinn síðasti fyrirspurnafundur Sþ. fyrir jól hlýt ég að taka mér það bessaleyfi að benda á að ég hef haft hér fyrirliggjandi fsp. til hæstv. menntmrh. um fjárhagsvanda Þjóðleikhússins. Sú fsp. var beinlínis til þess gerð að reyna að hafa áhrif á að hv. fjvn. brygðist við þeim vanda eins og hann er.

Nú hefur hæstv. ráðh. tjáð mér að hann muni ekki geta svarað fsp. á þessum fundi og þess vegna vil ég, herra forseti, og vænti þess að ekki verði litið á það sem brot á þingsköpum, beina örfáum orðum til hv. fjvn. Ég hlýt að benda henni á, þar sem fjárlög verða væntanlega afgreidd fyrir þinghlé, að í upplýsingum frá fjvn. kemur í ljós að frá árinu 1978 til 1985 hafa framlög ríkisins í hlutfalli við tekjur Þjóðleikhússins lækkað úr 63,76% sem þau voru 1978 í 53,50% 1984, og í hlutfalli við gjöld úr 63,51% í 47,25. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir 1987 eins og það liggur fyrir fara þessar tölur, og ég bið hv. þm. að hlusta ... (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, þegar óskað er eftir orðinu um þingsköp, að halda sér við þingsköp en ræða ekki mál efnislega.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hlýt að benda á þar sem ég mun ekki fá annað tækifæri til þess fyrir jól að nú fara þessar tölur í 36,82% í hlutfalli við tekjur leikhússins og 29,36% í hlutfalli við gjöld. Þetta er auðvitað ekki orðið annað en svo lélegur farsi að ekkert leikhús fengist til að leika hann.

Ég vil beina þessum orðum mínum til hv. fjvn. og upplýsa hana í leiðinni um að norska þjóðleikhúsið er rekið fyrir framlög ríkisins að 90%. Danska þjóðleikhúsið, Konunglega leikhúsið, er nær 90%.

Herra forseti, ég vona að mér verði fyrirgefið þó ég veki athygli á þessu þar sem ég virðist ekki geta fengið svör við þessari spurningu sem búin er að liggja fyrir miklu meira en eðlilegan tíma og ég beini þeim orðum mínum til hv. fjvn. að þetta ástand í málum Þjóðleikhússins verði leiðrétt við seinustu meðferð fjárlaga.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Svo sérkennilega hefur til tekist að skrifstofustjóri menntmrn. er á öðrum löndum í nauðsynlegum erindum og þrátt fyrir mikinn reka sem gerður hefur verið að því að finna svar við fsp. hv. 10. landsk. þm. hefur það ekki enn tekist. Ég legg til við hæstv. forseta að hann taki þessa fsp. á dagskrá og ég, eftir því sem efni standa til, minni mitt endist og aðrir kunnugleikar á viðfangsefninu, mun reyna að sitja fyrir svörum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að umrædd fsp. verður tekin til umræðu enda hefur aldrei staðið á forseta í því efni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Nú er lag á læk. Hæstv. félmrh. upplýsti áðan að embættismennirnir hefðu reiknað vitlaust út lánskjaravísitöluna fyrir hann. Svo komst hann að þeirri niðurstöðu að annar embættismaður reiknaði ástandið í húsnæðismálum eins og það væri, ástandið í húsnæðismálum væri allt Stefáni Ingólfssyni að kenna. Svo kemur hæstv. menntmrh. og upplýsir að hann hafi sjálfur enga pólitíska skoðun á því hvernig eigi að taka á vandamálum Þjóðleikhússins og að embættismaðurinn sem hafi samið svarið sé í burtu, það sé búið að leita í öllum skúffum í ráðuneytinu síðustu sólarhringa og ekkert svar finnist og ráðherrann hafi þess vegna ekkert að segja. Ja, þvílíkt, ja þvílíkt.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég tók það einmitt fram, hv. 3. þm. Reykv., að ég ætlaði að sitja fyrir svörum um þessa fsp. Tölur, sem að þessu lúta og þarfnast þess auðvitað að leitað sé nákvæmra upplýsinga um, eins og hundraðshluta af reksturskostnaði sem ríkið hefur lagt Þjóðleikhúsinu til í 10 ár, hef ég ekki í minni mínu en það sem hv. þm. kallar pólitískar meiningar eða skoðanir á málinu ætla ég að setja fram þegar að þessari fsp. kemur. Mér heyrðist hæstv. forseti vor vera að taka fyrir annað dagskrármálið rétt áðan þegar umræðan um þingsköpin hófst þannig að það er ekki komið að því fimmta eða hvað það er sem að þessu máli lýtur — (**Gripið fram í:** Því fjórða.) eða fjórða — þannig að þetta upphlaup er út í bláinn hjá hv. 3. þm. Reykv. (**SvG:** Verður það tekið fyrir í dag?) Það var upplýst hér af hæstv. forsetanum einmitt í þann mund sem þm. var að kveðja sér hljóðs.

Fjárhagsvandi Þjóðleikhússins, ein umr.

Fsp. GHelg, 201. mál. — Þskj. 213.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta mál var tekið á dagskrá og jafnframt þakka hæstv. ráðh. fyrir að fallast á það.

Með tilliti til þeirra umræðna sem hafa þegar orðið skal ég sýna þinginu þá virðingu að stytta aðeins mál mitt og byrja strax á þeim spurningum sem ég hef leyft mér að leggja fyrir á þskj. 213, en það eru fimm spurningar til hæstv. menntmrh. og þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hve háan hundraðshluta af rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins hefur ríkissjóður greitt með framlagi á fjárlögum á ári hverju s.l. tíu ár?

2. Hvers vegna hefur halli á rekstri leikhússins ekki fengist greiddur með aukafjárveitingum en þess í stað verið færður því til skuldar?

3. Hvenær má búast við að nauðsynlegum viðgerðum og endurbótum á leikhússbyggingunni ljúki?

4. Telur ráðherra að Þjóðleikhúsið ráði við að fullnægja þeim kröfum um listræna starfsemi á ýmsum sviðum, sem lög hafa sett því, með þeim framlögum sem leikhúsið hefur fengið á fjárlögum undanfarin ár?

5. Er nokkur efi um það hjá núverandi stjórnvöldum að Þjóðleikhúsið skuli áfram starfa samkvæmt lögum um Þjóðleikhús, nr. 58/1978?"

Ég get út af fyrir sig aðstoðað hæstv. ráðh. við að svara þeirri spurningu sem er þarna nr. 1, um hve háan hundraðshluta ríkið hefur lagt fram. Þær upplýsingar hef ég þegar fengið frá fjvn. En með tilliti til þess að skriflegt svar liggur ekki fyrir í höndum hæstv. ráðh. þá get ég fallist á að hann veiti mér þessar upplýsingar seinna.

Ég held að það sem málið snýst um sé raunverulega falið í fimmtu spurningunni sem er spurning um það hvort það hafi nokkuð breyst að íslensk stjórnvöld vilji reka þjóðleikhús, vilji setja því þann metnað og þau markmið sem því voru upphaflega sett og síðar með þeim lögum sem sett voru í tíð hæstv. fyrrv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar.

Það er alveg ljóst að rekstur Þjóðleikhússins er ógerlegur og óframkvæmanlegur nema veruleg breyting verði á viðhorfi fjárveitingavaldsins til leikhússins. Þess vegna leyfi ég mér að biðja hæstv. ráðh. að svara því kannske fyrst og fremst hvort við höfum þann metnað sem við höfum öll haldið að við hefðum fyrir Þjóðleikhús Íslendinga.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Þessari síðustu spurningu svara ég á þá leið að þann metnað verðum við að hafa. Hv. fyrirspyrjandi tók af mér ómakið enda hef ég ekki upplýsingar undir höndum til að geta leyst úr fyrsta lið fsp. en mér er tjáð að sá hundraðshluti sem af hendi hefur verið látinn rakna við leikhúsið sé miklu lægri hér en þekkist yfirleitt á öðrum löndum sem við höfum upplýsingar frá. Varðandi Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn minnir mig að talan 85% hafi verið nefnd við mig en mig rámar í þá tölu að framlag til Þjóðleikhússins á árinu 1985 hafi verið milli 50 og 60%, ég þori ekki að fara nákvæmar með þá tölu, og var allt of lágt.

Spurt er: Hvers vegna hefur halli leikhússins ekki verið réttur af með aukafjárveitingum? Það er mála sannast að það tók afar snarlega að halla á ógæfuhliðina fyrir Þjóðleikhúsinu á árunum 1985, og 1984 reyndar, og 1986. Ég man að fyrir tvö fyrri árin hafði hallinn safnast saman í 88 millj. kr. af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekkert að nefna. Sett var á fót, og hafði verið af fyrirrennara mínum, nefnd með formanni þjóðleikhússtjórnar og þingmanni að vísu sem gat ekki tekið málið að sér. Ég fékk síðar, þegar ég kom til skjalanna, hv. þm. Árna Johnsen úr fjvn. til þess að taka sæti í nefndinni til þess að gera úttekt á fjárhagsstöðu Þjóðleikhússins, þar með talið á viðhaldsmálum hússins sem mjög hafa gengið úrskeiðis þannig að menn hafa orðið fyrir því í sjónvarpi að sjá hvar menn hafa verið að skara í öskuhrúgu eins og manni hefur virst þeir sýna þar að húsið væri orðið úr garði gert. Þó er það nú ekki þann veg á að líta en það mun taka verulegan tíma að endurbæta húsið og kosta mikið fjármagn til þess að koma því í viðunanlegt stand. Að þessu er unnið og að þessu vinnur úttektarnefndin, að gera áætlanir, bæði fjárhagslegs og framkvæmdalegs eðlis, um endurbæturnar.

Ég álít reyndar að Þjóðleikhúsið hafi staðið nokkuð vel í ístaðinu að fullnægja hinum listrænu kröfum sem svo eru kallaðar og þeim kröfum sem hljóta að vera uppi í þjóðfélaginu um listræna starfsemi þess. Satt best að segja er það skemmtileg staðreynd að Íslendingar eru elskari að sínum leikhúsum en aðrar þjóðir og skara í því efni fram úr öðrum. Af því getum við verið stolt og með það getum við verið ánægð og fyrir því er það líka að við megum ekki svíkja fólk og bregðast þessum átrúnaði og elsku sem það er haldið í garð leikhúsanna sinna með því að halda þann veg á málum eins og dæmin sanna um Þjóðleikhúsið.

Ég nefndi hallann, 88 millj., beinan halla á tveimur árum og menn sjá að hér þurfa menn að leggja allstórt undir til þess að rétta hag hússins og einnig að láta fjármuni af hendi rakna til viðgerðar. Menn hafa haft sem viðmiðun núna tillögur um 7,5 millj. kr. eða því sem næst til viðhalds á næsta ári og menn eru að gera sér vonir um við lokaafgreiðslu fjárlaga að menn sjái af eitthvað á þriðja tug milljóna til þess að bæta rekstur hússins.

Ég hef allan fyrirvara á um þessar tillögur vegna þess að hvorki ríkisstjórn og þar af leiðandi ekki fjvn. hafa gengið frá áætlunum sínum um B-hluta fyrirtæki ríkissjóðs. Þess vegna er það að ég hef fyrirvara á um það sem ég upplýsi en þetta er það sem menn hafa rætt sín í milli um hvaða skref yrðu stigin til þess að rétta hag hússins því að ekkert annað kemur til mála en að það verði gert og því gert fært að þjóna því hlutverki sem við ætlum því og það er enginn efi á því í mínum huga að Þjóðleikhúsið skuli áfram starfa í þeim anda sem lögin segja til um og við öll vitum til hvers við ætlumst af því. Ég játa fúslega að það hefur dregist úr hömlu að leggja fyrir og framkvæma þau bjargráð sem blasir við að framkvæma verður til handa leikhúsinu, en ég hins vegar geri mér vonir um það að nú sé u.þ.b. að hefjast sú atrenna sem við getum ætlað að reisi þessi mál úr rústum sem þau eru vissulega komin í ef svo má að orði kveða.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Það hlýtur að vera metnaðarmál þingsins að taka undir þau orð hæstv. menntmrh. að nú verði að reisa Þjóðleikhúsið úr rústum. Ég held að það hafi ekki verið hægt að komast öllu betur að orði. Húsið sjálft liggur undir stórskemmdum. Þarna er eitt af hinum dýrmætari húsum í eigu

ríksins sem liggur við að sé að hrynja þannig að 7,5 millj. kr. hafa ákaflega lítið að segja nema til þess að bæta úr allra alvarlegustu göllum sem á húsinu eru. Það þarf að leggja miklu meira fé í þetta. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. geti gefið okkur skýrslu um störf þeirra tveggja nefnda, hann nefndi aðeins eina nefnd, sem hafa verið að vinna að því að sögn að finna lausn á þessu máli.

Ég held að við hljótum að gera þá kröfu til ríkisvaldsins að það geri stofnun eins og Þjóðleikhúsinu fært að sinna þeim verkefnum sem henni eru sett í lögum. Og ég hlýt að ítreka að framlag upp á innan við 40% til eðlilegs rekstrar leikhússins þekkist hvergi á byggðu bóli þar sem um styrkt leikhús er að ræða. Og þegar verið er að ræða um styrkt leikhús eða ríkisleikhús eða borgarleikhús erum við að ræða um leikhús sem hefur öðrum skyldum að gegna en leikhús sem kannske tekur upp eitt eða tvö verk á ári til að sýna og byggir nær eingöngu á áhorfendum. Ríkisleikhús eða opinbert leikhús hefur langtum fleiri og margvíslegri skyldum að gegna en slík leikhús. Það hlýtur að vera metnaðarmál okkar að a.m.k. 80% af rekstrarkostnaði þjóðleikhúss komi frá ríkinu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á fjárhagsvanda Þjóðleikhússins. Eins og fram kom í máli hennar hafa framlög til þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar farið hríðlækkandi frá ári til árs og eru nú komin niður fyrir 40% af rekstrarkostnaði. Það er sennilega einsdæmi hér í norðurálfu og það er sennilega líka einsdæmi hversu vel Þjóðleikhúsinu hefur tekist að halda á spöðunum við þessar aðstæður og bjóða okkur góða leiklist. Þar að auki er leikhúsást Íslendinga sennilega einnig einsdæmi því að hér er leikhússókn sú mesta sem a.m.k. er á Norðurlöndum.

Það er alveg ljóst að þær milljónir sem hæstv. menntmrh. nefndi í máli sínu áðan duga engan veginn til að bæta um betur. Hæstv. ráðh. svaraði 5. spurningu fyrirspyrjanda eitthvað á þá leið að metnað fyrir hönd Þjóðleikhússins verðum við að hafa og síðan bætti hann við seinna í ræðu sinni að nú væri atrennan að hefjast. Ekki hefst hún beint byrlega ef hún á að byrja á þessum fáu milljónum. Það er gott að hæstv. ráðh. tekur þannig í málin, en orðin ein duga ekki. Það eru verkin sem endanlega tala. Þess vegna vil ég skora á hæstv. ráðh. að beita nú öllu sínu afli við fjvn. og fá þessum málum komið í enn betra horf áður en fjárlög koma til 3. umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann veitti mér að lokum og ég treysti því að hann tali í alvöru og fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar þegar hann segir að a.m.k. sé vilji til þess að reka Þjóðleikhúsið áfram skv. þeim lögum sem því voru sett.

Við könnumst öll við hvaða kröfur eru lagðar á Þjóðleikhús og allt sem í þeim lögum er sagt er í fullu samræmi við þá fullvissu hugsandi manna að list sé í dýpsta og víðtækasta skilningi óaðskiljanlegur hluti af lífi hverrar þeirrar þjóðar sem til menningarþjóða vill teljast. Þjóðleikhúsið er einn af hornsteinum þeirrar stefnu. Íslendingar ákváðu enda að byggja sér þjóðleikhús áður en þjóðin var orðin sjálfstætt ríki. Menn skildu að þjóð sem verja vildi og efla íslenska tungu og menningu þarfnaðist slíks húss.

Skv. fjárlagafrv. 1987 eru framlög ríkisins, eins og hér var áður getið, varðandi hlutfall af tekjum fyrir neðan 40% og varðandi hlutfall af gjöldum undir 30%. Halli leikhússins er inni í þessum tölum, svo og viðhald hússins, þannig að Þjóðleikhúsið hlýtur engan veginn réttláta meðferð varðandi einfalt reikningshald.

Herra forseti. Þjóðleikhús er ekki og getur ekki verið gróðafyrirtæki, en það er arðbærara en flest önnur fyrirtæki í landinu og afkoma þess um leið mælistika á menningarástand okkar. Ef við hér á hinu háa Alþingi látum okkur vilja þjóðarinnar varða, sem við ættum að gera skv. stjórnarskránni, er hann alveg skýr. Þjóðin vill eiga sér þjóðleikhús og sýnir það með aðsókn sem vart á sinn líka í veröldinni.

Hæstv. menntmrh. safnaði áhugafólki um íslenska menningu í þetta hús þegar hann tók við embætti. Ég skora á hann að standa vörð um leikhúsið og tryggja því rekstur og ytri búnað sem sæmir þeim listamönnum sem þar starfa og þjóðinni allri. Og fjvn. vil ég segja þetta að lokum: Ég skora á hana að leiðrétta nú myndarlega fjárhagsstöðu leikhússins í því góðæri sem við nú öll syndum í, þegar ekki munar um að kasta til hundruðum milljóna, og nota nú einhver hundruð til þess að koma Þjóðleikhúsinu á réttan kjöl. Það er þess fyllilega verðugt.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi að það þarf að hyggja að fleiru en Þjóðleikhúsinu, enda þótt það standi okkur kannske næst í þessari hv. stofnun. Ég hef miklar áhyggjur út af viðgangi ýmissa annarra leikfélagahópa og mér hafa þótt tregar og daufar undirtektir hjá fjármálayfirvöldum um hríð við beiðni um hækkun framlaga, t.d. til Leikfélags Akureyrar og Leikfélags Reykjavíkur reyndar, og eins hef ég miklar áhyggjur vegna Íslensku óperunnar. Allt er þetta enn til umræðu. Ég þykist þó vita að það verði ekki af miklu að má svo sem þótt einhverjar úrbætur væntanlega fáist.

En vegna þess sem hv. 11. þm. Reykv. gat um lít ég reyndar ekki svo á, ef hér yrði um að tefla vegna viðhalds og reksturs um 30 millj. kr. til Þjóðleikhússins, fyrir utan að ríkið verður vitaskuld að taka að sér skuldahalann upp á nær 90 millj. kr., fyrir utan þá vexti sem þetta kann að hafa hlaðið á sig, þá ætla ég ekki að kalla þá afgreiðslu, ef hún næst fram, smáa í sniðum, ekki að svo komnu. Við þurfum að gera betur, það veit ég vel, en það væri

að mínum dómi þakkarvert skref sem með þessu yrði stigið.

En aðalerindi mitt var að ég mun svo fljótt sem kostur er, og það var einhver hv. þm. sem óskaði sérstaklega eftir því, það var Haraldur Ólafsson, hv. 9. þm. Reykv., ef ég man rétt, sem fór fram á það, gefa skýrslu á hinu háa Alþingi um niðurstöður þeirra tveggja nefnda sem hugað hafa að viðreisn Þjóðleikhússins. Það mun gerast svo fljótt sem kostur er.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ræðutími í fyrirspurnatíma er svo naumt skammtaður að hér verða ekki ræddar efnislega orsakir þess vanda sem upp er kominn, en þessi umræða verður vonandi til að minna á að hér er um ískyggilegt vandamál að ræða sem hefur sett stjórnendur Þjóðleikhússins í býsna mikinn vanda. Það er hins vegar erfitt að rökræða af hverju vandinn stafar. Hann stafar að minni hyggju af mjög óraunhæfum áætlunum á undanförnum árum og svo hinu að ekki hafa fengist aukafjárveitingar til að gera upp skuldahalann eins og alltaf voru veittar áður fyrr, ég vil segja áratugum saman, til að leysa þann vanda sem vissulega safnaðist oft upp áður fyrr. (**Menntmrh.:** Ekki svona stórfelldur.) En ekki svona stórfelldur. Og hann er orðinn svona stórfelldur vegna þess að menn hafa ekki gripið á honum. Menn hafa látið hlutina fljóta áfram án nokkurra aðgerða. Það sem nú þarf að gera er að greiða upp þessa óreiðuskuld og gera raunhæfar áætlanir. Svo vil ég alveg sérstaklega minna á að húsið liggur undir skemmdum. Við höfum borið fram tillögu um að áætlanir fjárlagafrv. verði endurskoðaðar og upphæðin til endurbóta hækkuð úr 7 millj. í 13 millj. Það tel ég að sé algert lágmark þess sem til þarf til að forða Þjóðleikhúsinu frá frekari skemmdum.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Í síðustu viku ræddi ég um þingsköp í fyrirspurnatíma vegna þess að ekki höfðu borist svör frá hæstv. menntmrh. varðandi þrjár fyrirspurnir sem lagðar voru fram í Sþ. og samþykktar 14. okt. s.l. Síðustu daga hefur mér verið að berast einhver dreif af svörum frá embættismönnum í menntmrn., svona prívatbréf, ekki svör við þessum fyrirspurnum til Alþingis, ekki sent mér af hæstv. forseta eins og venja er um fyrirspurnir, en þó má skilja það af efni bréfanna að þetta eigi að gilda sem svör við 33. og 34. máli undirritað af embættismanni í ráðuneytinu.

Þessar fsp. lutu að skerðingu eða tilfærslu á kostnaði varðandi skólaakstur, gæslukostnað í heimavistum og mötuneytiskostnað í heimavistum, mál sem voru mjög umrædd á s.l. sumri vegna hugmynda sem hæstv. menntmrh. hafði sett fram og ásakana á embættismenn í fræðslukerfinu um gróflegt misferli án nánari skýringa þó hvar og í hverju það hefði falist. Fyrirspurnir mínar lutu bæði að hugmyndum ráðherrans varðandi tilfærslu á kostnaði yfir á sveitarfélögin að þessu leyti og einnig að hann skýrði þinginu frá því í hverju það misferli hefði fólgist sem hann sakaði embættismenn fræðslumála um vítt og breitt um landið án nánari skýringa.

Í síðustu viku greindi hæstv. forseti okkur frá því, en þá var hæstv. menntmrh. fjarverandi, að þess væri að vænta að svar við a.m.k. einni þessara fsp. kæmi á allra næstu dögum og hitt væntanlega fyrir jól eða það yrði reynt að svara þeim fyrir jól samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins. Nú er hér líklega síðasti fyrirspurnatími á Alþingi fyrir jólaleyfi þm. og enn hefur ekkert borist nema einkabréf til mín ofan úr ráðuneyti varðandi þetta, að vísu með svuntu sem segir: Hjálagt svör við fsp. yðar á Alþingi, en ég sé ekki að þetta séu svör frá hæstv. ráðh. nema þá að mjög takmörkuðu leyti og engan veginn tekið á nema hluta af því sem þarna var um spurt.

Auðvitað var beiðnin um þetta efni lögð fram þannig að allir alþm. gætu áttað sig á þessu máli og það alveg sérstaklega fyrir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. Nú er 3. umr. eftir, en enn gefst Alþingi ekki kostur á að sjá hugmyndir ráðherrans og tillögur sem ég hef þó fengið upplýsingar um að hafi verið lagðar fram a.m.k. til meiri hl. í fjvn. og eru þær til skoðunar. Ég tel að þessi vinnubrögð séu fyrir neðan allar hellur og ég tek þetta mál hér upp um þingsköp vegna þess að hæstv. ráðh. er nú viðstaddur. Hann hefur varamann hér á Alþingi og það hefði væntanlega átt að létta honum að ganga frá svörum við fsp. sem ég hafði beðið um svör við. Þetta veldur miklum vonbrigðum og ég hlýt að átelja þessi vinnubrögð alveg sérstaklega með tilliti til tengsla við fjárlagaafgreiðsluna og nú er aðeins síðasta umræða fram undan.

Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega, en nefni aðeins, herra forseti, að lokum að mér sýnist samkvæmt þeim hugmyndum sem hér er um að ræða að þar sé á ferðinni tilfærsla um 70 millj. samtals á þessum þremur þáttum yfir á sveitarfélögin og e.t.v. hugmyndir um að láta Jöfnunarsjóðinn taka á þessu en ekkert stendur um það í þessum einkabréfum sem mér hafa borist.

Hér er ekki staðið að málum á sómasamlegan hátt. Bæði er tíminn sem liðinn er óhóflegur, yfir tveir mánuðir síðan fsp. var send viðkomandi ráðherra, og auk þess er málið að fá afgreiðslu, er til umræðu hjá meiri hl. í fjvn. og Alþingi fær ekkert um stöðu málsins að vita.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég varð þess áskynja þegar ég kom af öðrum löndum í síðustu viku að hér hafði þetta

mál verið gert að umtalsefni og má nokkurri furðu gegna að það skyldi hafa verið gert að mér fjarstöddum. Ég hafði að vísu varamann hér á þingi. Ég veit ekki hvort hv. 5. þm. Austurl. gerir ráð fyrir því að skipstjórinn frá Vopnafirði sitji uppi með upplýsingar í málinu þannig að hann eigi erindi við hann um þetta mál eða forsetann. Svar hefur ekki borist af því að svar er ekki tilbúið. Svo einfalt er málið.

Ég bað hins vegar um að hv. 5. þm. Austurl. yrði sent jafnharðan það sem tilbúið væri, m.a. það sem í síðustu viku var lagt fyrir meiri hl. fjvn. um nýja skipan mála varðandi þessa kostnaðarliði, skólaakstur, mötuneyti og gæslu.

Ég lagði þetta mál fyrir hæstv. ríkisstjórn í morgun og fyrir þingflokka stjórnarliðsins verða þessar tillögur lagðar á morgun. Auðvitað hefði farið betur á því að þetta hefði verið fyrr tilbúið, en tveir aukamenn ráðnir í ráðuneytinu ásamt þeim þriðja sem á þar atvinnusæti hafa unnið hörðum höndum í tvo og hálfan mánuð að þessum málum vegna þess að það þurfti að gera úttekt á hverjum einasta skóla og hafa samband við alla forráðamenn sem þetta mál varðar. Þetta er skýringin. Ég veit að hv. þm. dettur ekki í hug að ég liggi á svörunum nema af því sem ég hef þau ekki. En ég mun eins fljótt og kostur er senda honum með venjubundnum hætti skriflegt svar eins og óskað var um þetta mál og það kemur ekki við fyrirspurnatíma í þingi. Málið er ekki bundið við þann tíma þar sem beðið var um skriflegt svar eins og ég segi.

Rétt er það að tillögur þær sem ég hef lagt fyrir munu samkvæmt því verðlagi sem frv. er á nú þýða um 90 millj. kr. niðurskurð. Það eru auknar álögur fyrir sveitarfélögin, en enginn kostur er að búa við sama skipulag og var eins og það hefur farið úr hendi mjög víða. Því eru þessar tillögur gerðar og ég er alveg sannfærður um að þegar menn hafa glöggvað sig á þeim upplýsingum sem fylgja hinum nýju tillögum munu þeir áreiðanlega fagna þeim. Þetta er ekkert stórvægilegt og smáræði hreint sem hin fátækari sveitarfélög takast á herðar með þessu móti, en til þess að ný skipan fáist á málin og við getum treyst því að þetta fari vel úr hendi þarf að gerbreyta um frá því sem verið hefur.

Þetta get ég upplýst nú, en aðalefni fsp., sem lögð var hér fram í byrjun þings, fjallaði um málefni sem þarfnaðist gagngerrar úttektar og það er sú úttekt sem er fyrst núna að sjá dagsins ljós. Og þá er það eftir úrslit þess hvernig þessu máli reiðir af og tillögugerð minni, með hvaða hætti ég hlýt að svara hv. þm., af því sem hér er auðvitað ekki um mitt einkamál að tefla heldur niðurstöðu og stefnumótun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Mig er farið að lengja eftir svari við fsp. sem var lögð fram 6. nóv., komnar bráðum sjö vikur síðan þessi fsp. var lögð fram, og fjallaði um söluskattsskil. Hún var á þskj. 134. Það var spurt að því hvort þess væru dæmi að fjmrn. ákvæði upp á eindæmi, þ.e. umfram það sem er í reglugerð, að fresta innheimtuaðgerðum eða greiðslu á tolli og söluskatti með skuldabréfum. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á því að þessari fsp. skuli enn ekki hafa verið svarað þó að sjö vikur séu nærfellt liðnar síðan óskin var lögð fram og vænti þess að forseti ýti við viðkomandi aðilum.

Það var ekki hugmynd mín með þessari fsp. að fjmrn. færi að tíunda allar aðgerðir sínar skv. gildandi reglugerðum heldur einungis þegar það tæki sér sérstakt vald umfram það sem er í reglugerðum til að fara í aðgerðir af þessu tagi. Ég hélt satt að segja ekki að það væru slík feikn af undanþágum og ráðherraúrskurðum að það þyrfti að taka meira en sjö vikur að svara fsp. af þessu tagi og vænti því að nú muni því fljótlega linna og svar fást við fsp. Ég óska eftir því að forseti ýti á eftir svörum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal orðið við þeirri ósk að ýta eftir svari við þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Reykn. ræddi um.

Þess skal getið að á hverjum þriðjudagi, á fyrirspurnadegi, fær forseti í hendur upplýsingar um hvernig mál standa varðandi þær fsp. sem ekki hefur verið svarað skriflega. Á minnisblaði forseta nú um þá fsp. sem hv. 3. þm. Reykn. ræddi um, söluskattsskil, 128. mál, segir:

„Svarið við fsp. er í vinnslu og beðið er eftir frekari upplýsingum."

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég sé mér ekki annað fært en leggja örfá orð í belg um þingsköp. Hér hefur orðið nokkuð einkennileg atburðarás sem ég er ekki fyllilega sátt við. Hér virðist gilda réttur þess frekari eða þess sem sporléttastur er í ræðustól um þingsköp.

Annað dagskrármálið á þessum fundi er fsp. um umhverfismál frá undirritaðri og hv. þm. Árna Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni. Hæstv. forseti var búinn að taka þetta mál á dagskrá þegar hv. 10. landsk. þm. kvaddi sér hljóðs um þingsköp og hóf efnislega umræðu um 4. dagskrármálið. Hæstv. forseti tók það þá til umræðu á undan öðru dagskrármálinu. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnast það vera undarleg vinnubrögð. Ég hef að vísu ekki safnað neinum hér á þingpalla til að hlusta á orðaskipti út af umhverfismálum, en ég hefði talið eðlilegt að halda þeirri röð sem hér er á dagskránni, enda annað dagskrármálið komið fyrr fram en það fimmta, hversu brýnt sem menn telja það vera og áríðandi að taka það á undan öðrum málum.

Ég ætlaði að fara að segja: Nú sýnist mér sem hæstv. ráðh. sem fsp. er beint til sé horfinn, en ég sé að hann er mættur hér og því spyr ég ráðherrann: Verður þessi fsp. tekin á dagskrá núna eða ekki?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti hefur ástæðu til að svara þegar hv. þm. finnur að þeirri fundarstjórn að hafa ekki tekið 2.

dagskrármálið fyrr til umræðu. Ég held að við þurfum að verja tíma okkar betur en að ræða slík mál sem þessi úr ræðustól. Það er vitað að forseti þarf oft að hagræða því hvenær mál eru tekin til umræðu. Og það er beinlínis tekið fram í þingsköpum að forseti geti gert það þegar ástæða er til. Í þessu tilfelli, sem hv. 7. landsk. þm. hefði að sjálfsögðu getað fengið einfaldar upplýsingar um, vill svo til að hæstv. félmrh. óskaði eftir því við forseta að taka málið ekki til umræðu fyrr en síðar á fundinum. Það var orðið við þeirri ósk eins og venja er undir slíkum kringumstæðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. undraðist að mál þetta skyldi tekið upp, sá mikli dráttur sem hefur orðið á að fá svar um þýðingarmikil mál frá hans ráðuneyti, í hans fjarveru í síðustu viku. Það var eingöngu gert með tilliti til efnisatriða málsins sem snertir afgreiðslu fjárlaga. Drátturinn er orðinn óhóflegur. Ég átti góðan orðastað við hæstv. forseta um það efni sem greindi frá þeim eftirrekstri sem hann hefði viðhaft um þetta og lofaði að leggjast á árar með fyrirspyrjanda áfram.

Hæstv. menntmrh. vék að varamanni sínum, sem situr hér á Alþingi fyrir hann, skipstjóranum á Vopnafirði eins og hann réttilega nefndi, og innti eftir því hvort ég hefði verið að biðja um liðveislu frá honum í þessu efni eða ætlast til aðgerða af hans hálfu. Það ætlaði ég ekki, en mér barst óvænt liðveisla í umræðu um þingsköp frá skipstjóranum á Vopnafirði sem lofaði að gera sitt til, ef ég hef heyrt rétt til hans, að ýta á eftir svari. Ég veit að rúm hæstv. menntmrh. er vel skipað á meðan skipstjórinn á Vopnafirði situr í þeim stóli með atkvæðisrétti. Þetta segi ég aðeins vegna þess að hæstv. ráðh. vék hér að varamanni sínum með dálítið sérstökum hætti. En ég held að menn hljóti að skilja hversu þýðingarmikið það er fyrir þingið að ráðherrar hagi ekki málum með þeim hætti sem hér er gert. Ég er ekkert að draga í efa að það kosti vinnu að draga fram gögn um þessi efni. Þó hlýtur það að vekja nokkrar spurningar í hugum manna þegar sami hæstv. ráðh. sennilega á miðju sumri, í byrjun ágúst líklega, setur fram hugmyndir sínar um algera uppstokkun á þessum þáttum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. En það tekur hann meira en tvo mánuði hér á Alþingi að reiða fram svör um það í hverju hans tillögur og hugmyndir liggi um þetta efni og hver séu þau brot sem framin hafi verið í þessum efnum af embættismönnum í fræðslukerfi landsins sem sumpart heyra undir hæstv. ráðh. því að hæstv. ráðh. var með mjög veigamiklar og ég held ég megi segja grófar ásakanir í garð ónafngreindra manna vítt um land sem koma að stjórn þessara mála. Eitt atriðið í minni fsp. laut að því í hverju þetta misferli væri fólgið og hvernig hæstv. ráðh. ætlaði að uppræta hið meinta misferli í þessum málum. (**Forseti:** Hv. þm. er beðinn að minnast þess að hann hefur leyfi til að ræða um þingsköp en ekki efni málsins.)

Virðulegur forseti. Ég er aðeins að svara því sem fram kom í máli hæstv. ráðh. um þetta efni sem upplýsti m.a. efnislega að hann væri hér með hugmyndir um 90 millj. kr. niðurskurð. Ég hafði verið svo hógvær að nefna 70 millj. En hæstv. ráðh. kom hér að efnisþáttum málsins og greindi einnig frá því að meiri hl. í fjvn., staðfesti það sem ég hafði sagt, hefði sínar tillögur til meðferðar. Ég hygg að það sé nú í vikulokin sem menn eiga að fjalla hér um fjárlög í 3. umr. Það er sannarlega hart við að búa að á sama tíma skuli ekki vera svarað hér fsp. sem snertir afgreiðslu fjárlaga og er ég þó ekkert að vanvirða að mér hafa verið send gögn sem snerta þetta mál, en það er aðeins dreif og brot úr svörum sem allir alþm. eiga heimtingu á að fá að sjá fyrr en seinna og hefðu átt að vera búnir að fá í hendur fyrir löngu.

Sjálfvirkur sleppibúnaður björgunarbáta, ein umr.

Fsp. ÁJ, 220. mál. — Þskj. 235.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég ber fram fsp. til samgrh. um sjálfvirkan sleppibúnað björgunarbáta. Spurningin er:

„Hvað líður úttekt á sjálfvirkum sleppibúnaði björgunarbáta sem öryggismálanefnd sjómanna lagði til á s.l. ári að yrði gerð, ætlað var að unnin yrði af tæknideild Fiskifélags Íslands og fjármagn hafði verið tryggt til?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Með bréfi 6. jan. á þessu ári frá öryggismálanefnd sjómanna lagði nefndin til að gerð yrði ítarleg úttekt á hönnun og virkni sjálfsetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta undir stjórn tæknideildar Fiskifélags Íslands. Nefndin beitti sér einnig fyrir styrk úr Fiskimálasjóði til þessa verkefnis að fjárhæð 500 þús. kr., en ráðuneytið hafði ekki vitneskju um þann styrk fyrr en nál. barst ráðuneytinu á s.l. hausti.

Eins og kunnugt er viðurkenndi Siglingamálastofnun ríkisins á sínum tíma þrjár tegundir sjósetningarbúnaðar fyrir gúmmíbjögunarbáta á grundvelli reglugerðar sem sett var 25. júní 1982, en þar voru tilteknar þær kröfur sem gera skyldi til búnaðar. Er reglugerðin var sett lá ekki fyrir teljandi reynsla af þeim búnaði sem þá varð til og segja má að hafi verið hafður til hliðsjónar þegar reglugerðin var samin. Þrátt fyrir að þrjár gerðir búnaðar hafi verið samþykktar sem fullnægjandi samkvæmt kröfum þeirrar reglugerðar má heita nú að nær eingöngu sé um að ræða tvær tegundir þessa búnaðar á íslenskum skipum. Siglingamálastofnun hefur kappkostað að

fylgjast með þeim endurbótum og lagfæringum sem gerðar hafa verið á öllum tegundum búnaðarins af framleiðendum þeirra og starfsmenn hennar verið viðstaddir prófanir á búnaðinum. Lít ég svo á að þar hafi stofnunin í einu og öllu sinnt hlutverki sínu, þ.e. krafist tafarlausra lagfæringa þar sem gallar hafa komið í ljós í þessum búnaði við eftirlit og prófanir. Á hinn bóginn tók stofnunin ekki þátt í hönnun sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta, enda er það andstætt og ósamrýmanlegt hlutverki hennar sem eftirlitsaðila með búnaðinum.

Þá vil ég taka fram að í samræmi við ákvæði nýlegrar reglugerðar um björgunar- og öryggisbúnað skipa, nr. 325 frá 1985, sem tók gildi 1. jan. á þessu ári, hefur stofnunin að höfðu samráði við framleiðendur valið sérstakan skoðunaraðila fyrir sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta, einn í hverjum landshluta. Þessir aðilar, sem eru sex talsins, verða viðurkenndir til að sjá um bæði skoðun og viðhald þessa búnaðar, en áður var þetta í höndum skipaskoðunarmanna og fulltrúa framleiðenda í sameiningu. Hafa verið útbúnar ítarlegar leiðbeiningar fyrir þessa aðila um árlega skoðun á búnaðinum og munu þeir skila sérstakri skýrslu nú í árslok um sín störf.

Hvað varðar tillögu öryggismálanefndar sjómanna tekur hún á athyglisverðum þætti þessa máls, þ.e. hönnunarþættinum í þeim búnaði sem er á markaðnum með það fyrir augum að auka öryggi hans. Reynslan hefur sýnt að fjölmarga þætti þessa búnaðar, sem viðurkenndur hefur verið, er hægt að endurbæta, þætti sem erfitt var að sjá fyrir í upphafi. Um þessi atriði hefur Siglingamálastofnun aflað fjölmargra upplýsinga og öðlast margháttaða reynslu við skoðanir og prófanir á búnaðinum, bæði um borð í skipum og vegna viðurkenninga. Ég tel því að ætla megi að með sérstakri athugun og hönnun á virkni búnaðarins megi auka enn frekar á öryggi þess búnaðar sem nú er á markaði.

Slík athugun gæti þjónað tvennum tilgangi. Annars vegar stuðlað að auknu öryggi þessa búnaðar og hins vegar aðstoðað framleiðendur við vöruþróun og markaðssetningu erlendis. Ég hef hins vegar talið að ekki væri unnt að flýta sér um of í þessu efni og rétt að fá í hendur skýrslu skoðunarmanna nú upp úr áramótum áður en þetta verkefni væri falið öðrum. Það hvarflar satt að segja að mér að þessi athugun ásamt þeim kostnaði sem henni fylgir sé ekki eins þýðingarmikil og margar aðrar tillögur öryggismálanefndarinnar sem þurfa og verða að komast í framkvæmd ef tekst að afla fjár til. Ég tel því að að fengnum þessum skýrslum skoðunarmanna sé unnt að láta til skarar skríða um það sem fyrirspyrjandi spyr um.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. hans svör, en þykja þau allrýr og kemur á óvart að hæstv. ráðh. skuli ekki taka föstum tökum á þessu máli. Það kemur mér mjög á óvart. Þarna er um að ræða mál sem varðar líf manna. Það er ljóst þeim sem hafa skoðað þessi mál ofan í kjölinn að sjómenn geta ekki treyst ákveðnum þáttum í þessum búnaði. Ef það á að fjalla um þetta mál á almennum grunni er rétt að nefna nokkur atriði.

Það er um að ræða þrjá búnaði sem hafa verið settir um borð í íslensk fiskiskip og markaðssettir. Þessir búnaðir hafa ekki staðið sig allir sem skyldi. Einn búnaðurinn er dottinn út vegna þess að hann stóðst engan veginn kröfur sem til hans voru gerðar. Það er grundvallaratriði í þessu máli að Siglingamálastofnun hefur samþykkt alla þessa búnaði. Hún ber að vissu leyti ábyrgð á stöðu málsins þó það hafi komið fram í máli hæstv. ráðh. að Siglingamálastofnun ber ekki ábyrgð á hönnun. Það skiptir miklu máli ef Siglingamálastofnun hefur samþykkt búnað því að það gefur sterkan stimpil.

Það er ástæða til að nefna t.d. spurningar sem hafa vaknað við ákveðin slys hér á landi. Þegar fiskibáturinn Bervík fórst við Snæfellsnes sást enginn björgunarbátur, en tveir bátar sigldu yfir brak. Síðar sást björgunarbátur með ljósum. Menn telja, án þess að það sé sannað, að þrýstilokinn á þeim búnaði sem var um borð í þeim bát hafi ekki virkað fyrr en það seint að báturinn kom ekki í ljós fyrr en kannske 20 eða 30 mínútum síðar.

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu, en ég undirstrika að þrýstilokinn virðist ekki vera besti kosturinn sem völ er á. Það hafa myndast á ákveðnum búnaði hök í járn vegna titrings skipa sem hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að opna búnaðinn, jafnvel þó nokkrir menn legðust af alefli á búnaðinn, og vil ég nefna tilraun sem gerð var í farþegaskipinu Herjólfi ekki alls fyrir löngu þar sem það tók tvo menn langan tíma að geta opnað annan búnaðinn sem byggist á gormasamsetningu.

Það má líka nefna að staðsetning á búnaðinum stenst ekki þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn. Þegar talað er um að bíða eftir skýrslu Siglingamálastofnunar er það allt annað mál. Öryggismálanefnd sjómanna var algjörlega sammála um að það væri ástæða til þess að annar aðili en Siglingamálastofnun gerði þessa úttekt og vísaði þess vegna málinu til tæknideildar Fiskifélags Íslands.

Ég hvet til þess að sú vísindalega og faglega úttekt sem um er rætt verði gerð í þessu sambandi. Það eru mannslíf í húfi og ekki hægt að sitja undir því að það séu yfirvofandi mannskaðar, mannskaðar áður en menn átta sig á því hver hætta er á ferðum.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það má auðvitað deila um það óendanlega hvort það hafi átt að viðurkenna nokkurn sjósetningarbúnað á sínum tíma vegna þess að hann var ekki fullmótaður. En reynslan hefur kennt okkur að þessir tveir aðilar, sem eftir eru, hafa verið að bæta sinn búnað og ég tel að það sé fengur að því. Hins vegar er það í höndum ráðuneytis hvort það tekur við öllum tillögum sem koma frá nefndum. Það er tekið við flestum tillögum frá öryggismála-

nefnd. Við töldum rétt að þessi þróun ætti sér stað og fólum Siglingamálastofnun að gera það. Það hefur verið gert og ég tel ekkert óeðlilegt við það þó að það sé beðið eftir þeirri umsögn og því eftirliti sem fylgt hefur verið eftir síðan.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika að það var grundvallaratriði hjá öryggismálanefnd sjómanna, sem hefur eytt miklum tíma og mikilli vinnu í að fjalla um þessi mál, að það yrði gerð hlutlaus úttekt og hún væri best komin í höndum tæknideildar Fiskifélags Íslands en ekki Siglingamálastofnunar. Það er mikill munur þar á án þess að ég sé að kasta rýrð á Siglingamálastofnun Íslands.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mótmæli því að Siglingamálastofnun sé hlutdræg stofnun í þessu sambandi. Þetta er opinber stofnun sem er algjörlega hlutlaus í þessu sambandi.

Um þingsköp.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrja: Hvað dvelur orminn langa? Hvers vegna er ekki 2. mál á dagskrá tekið fyrir eins og hv. 7. landsk. þm. spurði um áðan og sem var komið vel hálfa leið á áfangastað fyrr á þessum fundi? Hvað veldur því að það er ekki tekið fyrir nú?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sjón er sögu ríkari. Við höfum verið að ræða mál. Þess vegna er hitt málið ekki tekið til umræðu á meðan. Nú er tekið til umræðu 9. dagskrármálið.

Bætt merking akvega, ein umr.

Fsp. SJS, 226. mál. — Þskj. 242.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. samgrh. varðandi eina litla þáltill. sem var samþykkt á hinu háa Alþingi 18. apríl 1985. Till. lætur ekki mikið yfir sér, en var þó flutt að gefnu tilefni og um hana tókst algjör samstaða á Alþingi og þeir sem tjáðu sig um málið á sínum tíma voru yfirleitt sammála um að brýn ástæða væri til úrbóta á því sviði sem till. fjallar um. Till. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega, setja upp viðvaranir við hættulegar ökuleiðir og samræma merkingar vega alþjóðlegum reglum."

Tilefnin voru m.a. þau að sumarið 1984 urðu tíð óhöpp og slys á fjallvegum og ýmsum vegum landsins sem ekki eru vel merktir og sumir ómerktir og við skoðun þessa máls þótti mönnum brýnt að gera sérstakt átak, m.a. vegna mjög vaxandi ferðamannafjölda. Sumir koma með bíla sína og aðrir taka bíla á leigu og ferðast um landið, geta ekki lesið íslenskar leiðbeiningar og átta sig ekki á þeim hættum sem víða eru samfara umferð um hálendi og fjallvegi.

Það vakti athygli mína að s.l. sumar þegar rúmt ár hafði verið til að beita sér fyrir þeim úrbótum sem till. fjallar um komu fréttir af óhöppum sem urðu við eina verstu torfæru landsins á fjallvegum, sem verið hefur til langs tíma, Krossá, á leiðinni í Þórsmörk, þar sem útlendingur var hætt kominn. Hann hafði asnast út í ána, eins og sagt er á íslensku, óafvitandi þess hversu hættuleg hún er, enda kannske von því að engar viðvaranir, engar leiðbeiningar af neinu tagi voru við þessa frægustu tálmun eða ófæru á leið af þessu tagi. Þetta m.a. leiddi til þess að ég hef ákveðið að spyrja hæstv. samgrh. hvernig miði þessari samþykkt Alþingis, að hrinda henni í framkvæmd, og tel ærna ástæðu til.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þjóðvegir landsins eru merktir með umferðarmerkjum samkvæmt reglugerð nr. 414 frá 1978, um umferðarmerki og notkun þeirra. Nefnd sú sem vann að undirbúningi þessarar reglugerðar kynnti sér nokkuð ítarlega alþjóðlegar merkingar og öll tákn sem í reglugerðinni eru samræmast alþjóðlegum merkingum. Vegagerð ríkisins sér um að merkja þjóðvegina með umferðarmerkjum í samráði við lögregluyfirvöld og er þess sérstaklega gætt að samræmi sé í merkingum á milli landshluta. Unnið hefur verið markvisst að þessum merkingum á undanförnum árum og verður svo áfram eftir því sem ástæður og aðstæður þykja gefa tilefni til. Auk viðbóta og stöðugs viðhalds á umferðarmerkjum hefur Vegagerð ríkisins gert átak í eftirtöldum atriðum í merkingamálum á árunum 1985–1986:

1. Viðsjárverðar beygjur á stofnbrautum og umferðarmestu þjóðbrautum hafa verið merktar með svokölluðum stefnuörvum. Byrjað var á þessum merkingum 1985 og hafa rúmir 4000 km þjóðvegakerfisins verið merktir á þennan hátt. Er sérstök athygli vakin á þessu mikilsverða átaki sem vafalaust hefur aukið umferðaröryggi verulega.
2. Ákveðið hefur verið að merkja allar stofnbrautir, alla vegi með bundnu slitlagi og þjóðbrautir með malarslitlagi en meira en 100 bíla ársdagsumferð með svokölluðum kantstrikum. Er áætlað að ljúka þessari framkvæmd vorið 1988, en þá er gert ráð fyrir að stikur verði á báðum köntum á u.þ.b. 900 km vega og á öðrum kanti á u.þ.b. 3500 km.
3. Brúarendar einbreiðra brúa hafa verið merktir sérstaklega með gulum og svörtum skástrikum.

Auk framanritaðs má geta þess að Vegagerð ríkisins hefur sett á nokkrum stöðum sérstök merki við innkeyrslur á fjallvegi sem sýna með tákni að vegurinn sé eingöngu ætlaður bifreiðum með drifi á öllum hjólum. Einnig hefur Vegagerð ríkisins lagt til efni í upplýsingabækling sem Ferðamálaráð gefur út á fjórum tungumálum og hefur m.a. að geyma hagnýtar upplýsingar til ökumanna um akstur og aðstæður á þjóðvegum og fjallvegum landsins og geta menn fengið þennan bækling auðveldlega því hann er til í allnokkru upplagi.

Í þessu sambandi má geta þess að stöðugt er unnið að endurbótum á fjallvegum landsins með það að augnamiði að gera þá öruggari umferðarleiðir og voru t.d. tvær brýr byggðar á Gæsavatnaleið á s.l. sumri, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða verið uppi um aukið umferðaröryggi m.a. með bættum merkingum vega. Hefur sú umræða ásamt þeirri þáltill. sem hv. fyrirspyrjandi gerði að umræðuefni m.a. leitt til þeirra ráðstafana sem getið hefur verið hér um. Alltaf má deila um hvort nóg sé að gert en allir eru vafalaust sammála því markmiði að gera vegakerfið þannig úr garði að vegfarendur geti farið um það áfallalítið.

Ég tel að það sem gert hefur verið í þessum efnum á síðustu árum, einkum tveimur síðustu árum, hafi verið stórt og viðamikið átak og sömuleiðis sú áætlun sem Vegagerðin byggir á á næsta ári og fram á árið 1988.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og ég fagna því sem hann upplýsti um framgang þessa máls, enda ærin þörf eins og dæmin sanna. Það þarf að vinna að þessu á öllum vígstöðum ef svo má að orði komast. Það er mjög brýnt og það þekkjum við að bæta merkingar og leiðbeiningar á þjóðvegunum og stofnbrautum og öðrum helstu umferðaræðum, en það er ekki síður nauðsynlegt að merkja vel aðra og fáfarnari vegi og þá þar sem útlendingum einkum og sér í lagi er kannske mesta hætta búin. Ég tók sem dæmi merkingu sem getur út af fyrir sig dugað Íslendingum sæmilega, en Kverkfjallaleið, um 100 km vegalengd frá Möðrudalsöræfum og inn að Vatnajökli, var til skamms tíma merkt með einu fremur lítilfjörlegu krossviðarspjaldi á hverju stóð „jeppavegur", enda var það ekki óalgengt að hitta á þeirri leið útlendinga á illa búnum bílum í hreinustu vandræðum. Það getur vel verið að búið sé að setja upp nýtt skilti við Kverkfjallaleið, en eins og ég rakti áðan var annar farartálmi, Krossá, ekki vandlegar merktur en svo að þar fundust engin merki s.l. sumar.

Ég bendi hæstv. ráðh. á að þó það sé vissulega rétt og gott að byggja brýr og greiða þannig umferð um hálendið fylgir því líka annnað, að umferðin vex væntanlega að sama skapi. Þá þarf að huga að því að stýra þeirri umferð og vara fólk þannig við að það geti farið með sem allra öruggustum hætti um hálendið. Það á ekki aðeins við um sjálfa vegina heldur og ýmislegt annað sem orðið getur mönnum að grandi á fjallvegum og einmitt var sérstaklega rætt við umræður um þá þáltill. sem nú hefur orðið tilefni umræðna.

Herra forseti. Fyrst og fremst er ég ánægður með að þessi till. hefur náð þeim tilgangi að vekja athygli á málinu og að verið er að vinna að framgangi markaðrar stefnu Alþingis í þessu efni.

Umhverfismál, ein umr.

Fsp. KH o.fl., 190. mál. — Þskj. 201.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Sælir eru hógværir því þeir munu landið erfa, stendur í helgri bók. Ég get ekki stillt mig um að vitna í það í upphafi máls míns. Ég vona að það verði ekki spennufall í þingsölum. Mönnum virðist hafa verið töluvert heitt í hamsi í dag, e.t.v. komnir í veisluskap. Fsp. á þskj. 201 getur nefnilega ekki talist frumleg né nýstárleg. Á 106. löggjafarþingi bar ég fram sams konar fsp. og sama gerði hv. 2. þm. Reykn. á síðasta þingi. Við mörg önnur tækifæri hefur verið minnt á þetta mál, nú síðast fyrir nokkrum dögum þegar mælt var fyrir till. til þál. um stefnumótun í umhverfismálum, sem sjö þm. Sjálfstfl., annars stjórnarflokksins, flytja og komið hefur mörgum spánskt fyrir sjónir þar eð slík stefnumótun var einmitt eitt af því sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hét að framkvæma í upphafi ferils síns. Á því hefur heldur betur orðið dráttur og sá dráttur er náttúruunnendum og landverndarfólki og öðrum sem um þessi mál fjalla mikið áhyggjuefni. Það kom berlega í ljós á aðalfundi Landverndar nýlega, en þangað var boðið fulltrúum allra þingflokka til að gera grein fyrir stefnu síns þingflokks í umhverfismálum. Þar fóru fram lífleg og gagnleg skoðanaskipti og þar kom margítrekað fram að menn vilja fara að sjá þá heildarlöggjöf og samræmingu í umhverfismálum sem lofað hefur verið af yfirvöldum. Fulltrúar allra þingflokka lýstu vilja sínum til að svo mætti verða og til þess að fylgja því eftir og ýta við málinu hef ég ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, sem þá sat á þingi sem varamaður, og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni leyft mér á þskj. 201 að spyrja hæstv. félmrh. hvað líði undirbúningi heildarlöggjafar í umhverfismálum sem lofað var í upphafi kjörtímabilsins.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í sambandi við fsp. er rétt að geta þess að ég var fyrir löngu tilbúinn að svara henni, en síðast þegar hún var tekin á dagskrá var hv. fyrirspyrjandi ekki til staðar.

Ég vil af þessu tilefni gefa stutt yfirlit um sögu þessa máls. Í tengslum við gerð stjórnarsáttmála eða

stefnuyfirlýsingar núv. ríkisstjórnar var ákveðið að vinna áfram markvisst að eflingu náttúruverndar og gróðurverndar, eins og þar segir, með löggjöf. Í ágúst 1983 skipaði félmrh. nefnd fimm manna til að ganga frá frv. til l. um stjórn umhverfismála og skyldi m.a. byggja að nokkru á fyrri frumvörpum um sama efni. Í nefndina voru skipaðir Hermann Sveinbjörnsson, formaður, Ólafur Dýrmundsson, Markús Á. Einarsson, Salome Þorkelsdóttir og Sturla Friðriksson. Af hálfu ráðherra var lögð áhersla á að nefndin hraðaði störfum. Nefndin hóf því þegar umfjöllun um fyrri frumvörp og hafði samband við þá sem þar höfðu komið við sögu, m.a. hv. alþm. Gunnar G. Schram sem kom á fund nefndarinnar.

Á síðasta degi þings fyrir jól haustið 1983 lagði Gunnar G. Schram ásamt nokkrum þm. Sjálfstfl. fram frv. til l. um umhverfismál. Var þar að stofni til um að ræða frv. sem lagt var fram á Alþingi 1978, sem samið var á vegum félmrn., með minni háttar umbótum, viðbótum og breytingum. Með því að frv. Gunnars G. Schram o.fl. var fram komið álitu fulltrúar Framsfl. í nefndinni að sjálfstæðismenn væru þar með að færast undan að vinna að stjfrv. um málið og fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni töldu ekki þörf á frekara starfi að málinu eftir að frv. Gunnars G. Schram var lagt fram. Leystist nefndin þar með upp og staðfesti formaður nefndarinnar það í bréfi til félmrh. í febr. 1984. Samkomulag náðist hins vegar milli þingflokka um að fresta umræðu um frv. Gunnars G. Schram o.fl. með hliðsjón af þeim farvegi sem málið var í og ætti að vera í á vettvangi félmrh.

Eftir að starf framangreindrar nefndar leystist upp fól félmrh. formanni nefndarinnar, Hermanni Sveinbjörnssyni, að vinna áfram að framgangi málsins í umboði ráðherra. Með samþykki ráðherra fékk Hermann Sveinbjörnsson sér til aðstoðar Pál Líndal lögfræðing til að vinna að greinargerð um málið ásamt tillögum og afhentu þeir félmrh. greinargerð í ágúst 1984 sem ber yfirskriftina „Heildarstjórn umhverfismála. Hugtakið umhverfismál, heildarstjórn þeirra, tilraunir til lagasetningar hérlendis um umhverfismál og hugmynd um næstu skref í því efni.“ Félmrh. kynnti greinargerð þessa í ríkisstjórninni í september sama ár.

Í greinargerð frá ágúst 1984 er lagt til að kanna í upphafi pólitískan vilja Alþingis varðandi tvö lykilatriði.

1. Hugtakið umhverfismál, málefni og þar með framkvæmd eldri laga og reglugerða eiga að falla undir heildarstjórn umhverfismála.

2. Stjórn umhverfismála á að mynda ráðuneyti umhverfismála með tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta.

Í október 1984 lagði félmrh. fram í ríkisstjórn drög að þáltill. varðandi svör Alþingis við fyrrgreindum lykilatriðum. Þessi málsmeðferð hlaut ekki stuðning í ríkisstjórn.

Í ársbyrjun 1985 ákvað ríkisstjórnin að framlagðar tillögur félmrh. um stjórn umhverfismála skyldu hljóta frekari umfjöllun í viðkomandi ráðuneytum. Fór félmrh. fram á skriflegar greinargerðir um afstöðu allra þeirra ráðuneyta sem málið varðar mest. Komu þær athugasemdir í seinni hluta febrúar 1985 og var þar í stórm dráttum lýst yfir andstöðu við tillögur um breytingar á núverandi skipan umhverfismála í íslenskri stjórnsýslu.

Í byrjun apríl 1985 gerði félmrh. ríkisstjórn grein fyrir afstöðu embættismanna þeirra og ráðuneyta sem beðin höfðu verið um viðbrögð. Í minnisblaði sínu til ríkisstjórnarinnar dags. 2. apríl 1985 ítrekaði félmrh. þá skoðun sína að stefnan verði að koma ofan frá, þ.e. frá Alþingi en ekki embættismönnum og frv. yrði þannig að fara fyrir Alþingi.

Með hliðsjón af tómlæti ríkisstjórnar, ekki síst af hálfu Sjálfstfl., ákvað félmrh. haustið 1985 að samið yrði frv. á vegum félmrn. Í ársbyrjun 1986 lá frv. fyrir í anda greinargerðarinnar frá 1984. Í samráði við forsrh. varð þó að ráði að freista þess enn einu sinni að ná samkomulagi í ríkisstjórn um meginstefnuna áður en lengra yrði haldið, m.a. með hliðsjón af frv. um Stjórnarráð Íslands. Í þessu augnamiði lagði forsrh. fram ákveðnar tillögur til ríkisstjórnarinnar í júlí og september s.l. sem báru yfirskriftina „Stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum.“ Þar lagði forsrh. m.a. fram málamiðlunartillögur um flutning verkefna milli ráðuneyta. Seinni tillögur forsrh. frá september s.l. má líta á sem lágmarksmálamiðlunarbyrjun með sameiningu náttúruverndar- og skipulagsmála á vettvangi félmrn. Þessi till. hlaut heldur ekki frekar en fyrri tillögur undirtektir í ríkisstjórn. Að svo komnu þótti forsrh. og félmrh. fullreynt með pólitískan vilja í þessu máli og hefur málið ekki komið á dagskrá á ríkisstjórnarfundum síðan í september.

Herra forseti. Ég taldi rétt að rekja nákvæmlega sögu þessa máls eins og fram hefur komið til þessa dags og að sjálfsögðu hef ég á þessari stundu ekki meira við málið að bæta öðru en því að samskipti Íslands við Norðurlöndin hafa verið að öllu leyti eins og til hefur staðið og ekki staðið á því að vinna á þeim vettvangi með hinum Norðurlöndunum. En meira hef ég ekki um málið að segja á þessu augnabliki, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi raunatala hæstv. félmrh. gæti skýrt það e.t.v. fyrir hv. alþm. hvernig stendur á því að ekki er staðið við ýmsa þætti sem lofað hefur verið af núv. hæstv. ríkisstjórn. Ég veit ekki hvort við eigum að halda að þetta sé meira klúðursmál en ýmis önnur sem þar hefur borið upp á borð. Það er ástæða til að þakka hæstv. félmrh. fyrir að rekja gang þessa máls. Við sem höfum verið að reyna að ýta á eftir framgangi málsins og styðja við þá stefnu sem ríkisstjórnin lýsti yfir í upphafi ferils síns höfum tekið eftir því að tvískinnungurinn milli stjórnarflokkanna í þessu máli er aldeilis óheyrilegur. Ég gat þess um daginn, þegar þessi mál bar á góma, að

hlutverk Sjálfstfl. í þessu máli væri eigi fagur og sýndarmennskan á þeim bæ í þessum málaflokki aldeilis óheyrileg og væri ég þó ekkert að bera blak af framsóknarráðherrunum að þessu leyti.

Herra forseti. Ég á þar við þær tillögur sem hv. 2. þm. Reykn. hefur verið að bera á borð fyrir alþm. til að reyna að slá sig til riddara í þessu máli. Ég á við þær undirtektir sem fram hafa komið hjá ráðherrum Sjálfstfl. við lágmarksaðgerðir í þessum efnum og hæstv. félmrh. rakti, þar sem ekkert má hreyfa, ekki nokkurn hlut og embættismenn í stjórnarráðinu notaðir til að loka á lágmarksaðgerðir til samræmingar í þessum geysilega þýðingarmikla málaflokki.

Að lokum, herra forseti. Það verður að sjá til þess að þessi mál beri á góma í komandi kosningabaráttu, að þau verði sá þáttur í umræðum við almenning í landinu sem málin verðskulda og að ný ríkisstjórn í fæðingu taki á þessum málum og sjái til að sú umskipan stjórnsýslunnar eigi sér stað sem knýjandi nauðsyn er á.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf áðan. Þær eru einkar athyglisverðar í ljósi þess, eins og síðasti ræðumaður vitnaði nú reyndar til, að við höfum hlustað á þm. Sjálfstfl. flytja þáltill., sem einir átta þm. hvers flokks standa að, um stefnumótun í umhverfismálum, en síðan kemur hæstv. félmrh. og rekur mjög skilmerkilega að ekkert sé hægt að gera í þessum málum í ríkisstjórninni vegna þess að það strandi allt á ráðherrum Sjálfstfl. Þetta eru mjög merkilegar upplýsingar. Ég fagna því að það skuli þá liggja fyrir núna hvar, hvernig og hvers vegna þetta mál hefur verið stöðvað. Hæstv. menntmrh., sem hefur kannske hluta af þessum málum á sinni könnu, hefur kannske eitthvað um þetta að segja. Mér þætti það ekki ótrúlegt. En hann á væntanlega eftir að lesa ummæli hæstv. félmrh. í þingtíðindunum. Þau voru athyglisverð.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Út af ummælum hæstv. ráðh. áðan um að ég hefði ekki verið til staðar síðasta þriðjudag vil ég geta þess að ég hafði fjarvistarleyfi.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin þó ég treysti mér ekki til að lofa hann fyrir neina röggsemi í þessu máli. Það ber hins vegar vissulega að virða að hann skuli vera svo heiðarlegur að viðurkenna hversu lítið hefur gerst og hversu illa hefur verið staðið við fyrirheit í upphafi kjörtímabilsins hverjum svo sem um er að kenna. Ef til vill er ekki gustuk að vera að ýta við einu eða neinu núna þegar núv. ríkisstjórn er að enda sitt skeið. Það er augljóst að málið er komið í algeran hnút og algeran eindaga og er í rauninni aldeilis furðulegt, og vitna ég þar til orða þeirra sem töluðu á undan mér, að ekki skuli hafa gengið né rekið í þessu brýna máli. Menn hafa lýst geysilegum áhuga og vilja á því að reynt sé að koma einhverju skikki á allan glundroðann sem ríkir í umhverfismálum og það er engin hemja að geta ekki staðið við þetta né komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Mér er nær að halda að það hafi verið heldur lítil alvara á bak við öll loforðin. Þetta er fyrst og fremst spurning um vilja. Það er í raun og veru búinn að fara fram mjög mikill undirbúningur, búið að vinna upp alls konar plögg í þessum málum. Auðvitað þvælast hinir og þessir smákóngar fyrir, dauðhræddir um að það komist upp að eitthvað verði betur gert ef þeir sleppa af því hendinni. En kannske er aðalorsök þessa endemis seinagangs fyrst og fremst hjá stjórnmálamönnunum sem komast ekki upp úr sandkassanum og fara í fýlu ef einhver býr til flottari kastala að þeirra mati.

En mér finnst sannarlega hart að slíkt skuli þurfa að bitna á jafnbrýnu framfaramáli og hér um ræðir. Nú, eftir þau svör sem við höfum fengið í dag, er augljóst að engra breytinga eða framfara er að vænta í þessum málaflokki í tíð núv. ríkisstjórnar.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu litlu við þetta að bæta. Ég taldi rétt að gefa Alþingi sanna lýsingu á gangi þessa máls eins og það hefur verið. Það hefur verið lögð gífurleg vinna í að móta stefnu í þessum málum. Það liggur uppi í mínu ráðuneyti bæði fullmótuð þáltill. og eins frv. um heildarstjórn umhverfismála og það hefur verið leitað fanga erlendis um allar upplýsingar um þessi mál þannig að það er tiltölulega auðvelt að leggja frv. fram. Hins vegar er það svo í stjórnarsamstarfi að stjfrv. eru ekki lögð fram nema um þau sé samkomulag. Það hefur verið alveg fullreynt að um það er ekki að ræða. Það er meiningarmunur, sumir telja að það sé ekki þörf á því að setja heildarstjórn á þennan málaflokk þannig að það sé sett upp ákveðið ráðuneyti sem er kannske aðalatriðið í þessu máli.

Ég þarf ekki að minna á að þetta er gífurlegt áhugamál í okkar þjóðfélagi sem betur fer, eins og það er að verða í sívaxandi mæli eitt af meiri háttar málum meðal annarra þjóða, því að þetta er eitt af því sem snertir mest mannlegt umhverfi og snertir raunverulega hvert einasta mannsbarn hvernig að þessum málum er staðið. Þó að við vegna legu okkar lands séum kannske blessunarlega laus við ýmsar hættur sem hrjá aðrar þjóðir er það þannig með nútímann að við vitum aldrei hvenær þetta er orðið stórt vandamál hjá okkur sjálfum. Þess vegna vil ég lýsa því yfir að ég tel að þetta ástand megi ekki vara öllu lengur. Það er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig að sjá þm. leggja hér fram þáltill. um stefnumótun í þessu máli, þm. frá flokki sem vill ekki gera þetta á þann hátt sem er unnið að því í ríkisstjórninni. Það er þeirra að svara því. En ég enda á því að upplýsa að Framsfl. leggur gífurlega áherslu á þetta mál og þetta var eitt af stærri málum í stefnumörkum Framsfl. á síðasta landsþingi hans.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Aðeins þetta: Við sjáum þá hver

framvindan verður í þessum málaflokki ef núverandi stjórnarflokkar halda áfram sínu samstarfi.

SAMEINAÐ ÞING

33. fundur, þriðjudaginn 16. des., að loknum 32. fundi.

Forseti tók öll dagskrármál 33. fundar af dagskrá.

EFRI DEILD

22. fundur, miðvikudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Norræn fjárfestingarlán, 2. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333, n. 354.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):
Hæstv. forseti. Nefndin hefur rætt þetta mál og leggur einróma til að það verði samþykkt. Þetta er tiltölulega einfalt í sniðum og skýrir sig sjálft.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306, n. 357.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):
Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál. Hér er um að ræða frestun á gildistöku heilbrigðisþjónustulaganna að því er varðar Reykjavíkurlæknishérað og Garðabæ. Eins og kunnugt er hafa Kópavogur og Hafnarfjörður ákveðið að setja á fót heilsugæslukerfi samkvæmt heilbrigðisþjónustulögunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en ég tek fram að hv. nm. í heilbr.- og trn. rita undir nál. Að vísu ritar hv. þm. Helgi Seljan undir með fyrirvara.

Helgi Seljan:
Virðulegi forseti. Lög um heilbrigðisþjónustu, sem við erum að ræða hér, voru sett á Alþingi 1973. Síðan eru að mér telst 13 ár og ríflega það. Þessi lög ollu byltingu í skipan og uppbyggingu allra heilsugæslumála hér á landi.

Þessi lög eru hvað skipulag varðar komin í framkvæmd alls staðar á landinu nú nema í þessum tveimur umræddu sveitarfélögum, Reykjavík og Garðabæ. Ég verð að segja það að ég er ekkert hissa á því þó vissir annmarkar hafi verið á því að hverfa frá grónu kerfi hér í borg varðandi læknisþjónustu en þó hygg ég að sá óeðlilegi dráttur sem hefur orðið á þessu hér hljóti að stafa að vissu marki af einhverjum annarlegum sjónarmiðum eða hagsmunum sem þar koma inn í. Það er í raun og veru óhæfa að við skulum enn, svo löngu eftir gildistöku laganna, vera með sérstaka undanþágu fyrir þessi tvö læknishéruð. Það hefur áður verið, eins og núna var af hæstv. ráðh., lofað bót og betrun, sagt að frv. væri á leiðinni sem mundi leiðrétta þetta og koma þessari skipan í varanlegt horf einnig hér. Ég verð hins vegar að játa það að eins og mál standa nú er óhjákvæmilegt að standa með þessari frestun einu sinni enn og jafnvel til viðbótar því að trúa orðum hæstv. ráðh. núna um það að þetta mál sé það vel á veg komið að úr verði efndir, en ekki eins og verið hefur undanfarin ár að það hefur verið tilkynnt hér úr ræðustól að málin væru að leysast en ekkert gerst.

Þetta er minn fyrirvari að láta í ljós óánægju mína með það að enn skuli þetta eftir liggja í okkar heilsugæslukerfi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingagjald). — Þskj. 283, n. 358, brtt. 359.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):
Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál og flytur brtt. á þskj. 359. Sú brtt. er í raun bara leiðrétting. Það var gert ráð fyrir í frv. að tekjubreytingar milli áranna 1985/1986 yrðu u.þ.b. 31%. Samkvæmt nýjustu heimildum munu þessar breytingar verða 35% þannig að skattleysismörk skv. frv. hækka í 545 100 kr. í stað 528 þús. eins og er í frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en heilbr.- og trn. leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 359 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 307, n. 360, brtt. 361.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál og leggur reyndar einróma til að það verði samþykkt, en flytur þó brtt. á sérstöku þskj. sem er til komin vegna þess að launabreytingar hafa orðið aðrar milli áranna 1985/1986 heldur en áætlað var, 35% í stað 31%, þannig að þær tölur sem eru í frv. breytast í samræmi við það. Að vísu er nefskatturinn skv. frv. hækkaður um heldur meira en sem nemur þessari prósentuhækkun eða úr 1000 kr. í 1500 kr. Sú fjárhæð sem þannig verður til af þessum skatti er talin mjög nauðsynleg til þess að unnt verði að halda áfram brýnum framkvæmdum á vegum Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það sakar ekki að geta þess að nú þegar hafa verið greiddar úr sjóðnum á þessu ári 92 millj. kr. en gert er ráð fyrir því að á grundvelli frv. þess, sem við fjöllum um hérna, verði tekjur sjóðsins 130–135 millj. kr. eða þar um bil.

Nefndin leggur einróma til að þetta frv. verði samþykkt.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða hið ágætasta mál sem við höfum stutt eindregið síðan það fyrst kom, enda sett að frumkvæði heilbr.- og trmrh. Alþb. á sínum tíma. Hér er um að ræða vissulega nokkuð meiri hækkun á þessum nefskatti milli ára en verðlagsforsendur og kaupgjaldsforsendur gefa tilefni til, en engu að síður vitum við, eins og hv. frsm. kom inn á, að hér er um það mörg verkefni og brýn að ræða að ekki veitir af þeim fjármunum sem í þetta fást og fólk telur heldur ekki eftir sér að greiða þennan skatt. Eins og sagt var í hv. heilbr.- og trn., þetta er líklega eini skatturinn sem fólk greiðir með tiltölulega glöðu geði.

Erindi mitt hingað var hins vegar það að vekja athygli á því sem mér hefur þótt nokkuð óeðlilegt varðandi lögin um málefni aldraðra frá upphafi og það er að greiðsluskylda skuli ná upp að 75 ára aldri. Mér hefur alltaf fundist, þrátt fyrir ákveðin tekjumörk sem þarna eru sett, að aldursmörk ættu að vera önnur, annaðhvort 67 ára eða 70 ára. Við það ætti að miða þrátt fyrir það að ég veit að þetta fólk kvartar ekki yfir því að borga þessa skatta. Það er einmitt það fólk sem kvartar ekki yfir sköttum sínum. Mér þykir það nokkuð óeðlilegt að fólk sem komið er á þennan aldur sé látið borga í þennan Framkvæmdasjóð þó þessa upphæð og kem þessari athugasemd hér með á framfæri. Það er ekki ástæða til þess við þetta mál að koma með breytingu um það. En ég hygg að ég muni athuga þetta mál frekar í vetur varðandi þá leiðréttingu, sem ég tel býsna réttlætanlega í þessu efni, að færa aldursmörkin á þeim sem greiða eiga þennan skatt a.m.k. niður í 70 ár.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Það kom fram á nefndarfundi að það er brýn þörf á því að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Þá kemur upp í hugann að þrátt fyrir að við munum leggja svo mikið fjármagn sem þetta til uppbyggingar hjúkrunarheimilum, þá er ekki hægt að starfrækja þessar stofnanir vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Ég held að í tengslum við það verði að huga alvarlega að þeim skorti sem við stöndum frammi fyrir í dag og hvernig á að vera hægt að starfrækja heimilin.

Ég tek undir það að þessi uppbygging er nauðsynleg. En ég held að við verðum að staldra við. Ég er hér með nýlegar upplýsingar varðandi hjúkrunarfræðinga. Þar kemur fram að áætlaður fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga á árunum 1987, 1988, 1989, 1990 og 1991 fer sífellt minnkandi. Árið 1987 er áætlað að útskrifaðir verði 60 hjúkrunarfræðingar, 1988 65, 1989 35, 1990 45 og 1991 50 hjúkrunarfræðingar. Hér erum við að ræða um yfir 100 millj. kr. til framkvæmda á hjúkrunarheimilum m.a., en sjáum samt fram á að það verður ekki hægt að reka slík heimili.

Ég get ekki setið á mér að minnast á þetta. Hér á hv. þingi er allt of lítill gaumur gefinn að þessum málum. Nú liggur fyrir að m.a.s. skurðdeild á Borgarsjúkrahúsinu, heil deild mun verða hjúkrunarfræðingalaus um áramótin og þar er um mörg rúm að ræða. Hægt hefur verið á framkvæmdum við B-álmuna, en lengi vel þurfti heil hæð í B-álmunni að standa auð vegna þess að það vantaði starfsfólk. Að leggja alltaf áherslu á síauknar byggingar án þess að hægt sé að manna þær sem fyrir eru, það tel ég ranga stefnu. Ég tel að það sé gagnslaust að safna í sjóði og byggja ef ekki er hægt að taka á þessu vandamáli eins og það er í dag. En það bitnar því miður á því gamla fólki sem nú bíður á löngum biðlistum, þegar ekki er einu sinni hægt að nýta þau rúm sem fyrir eru.

Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni að það væri eðlilegt að miða þessa skattgreiðslu við 70 ára aldur. Ég tel það mjög eðlilegt miðað við aðrar greiðslur í þessu þjóðfélagi að fólk sem er komið yfir sjötugt sé ekki látið greiða þennan nefskatt. Ég tek líka undir það að allur almenningur greiðir þetta með glöðu geði vegna þess að það sér það hver maður hve þörfin er mikil. En ég held að við ættum að líta okkur nær og reyna að nýta einnig þau rúm og þau pláss sem til eru í dag með því að reyna að leysa þau vandamál sem valda skorti á starfsfólki á þessar stofnanir.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):
Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna orða hv. tveggja síðustu ræðumanna. Ég get að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið sem þar komu fram um aldursmörk, að einstaklingar ofar ákveðnum aldri greiði ekki þennan skatt og þau aldursmörk séu færð niður miðað við það sem er í lögum. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessum efnum er rétt að taka það sérstaklega fram að skattstjórum er skylt að fella niður þetta gjald af elli- og örorkulífeyrisþegum sem dvelja á stofnunum. Ég vildi bara taka þetta fram svo að menn hefðu það ekki í huga að hér væri um að ræða eitthvað það sem væri fortakslaust, en svo er ekki.
En ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu að það væri eðlilegt að færa aldursmörk neðar en nú er í lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 361 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 17. des., að loknum 22. fundi.

Norræn fjárfestingarlán, 3. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingagjald). — Þskj. 372.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 373.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landhelgisgæsla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 335, n. 362.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands. Frv. þetta hefur verið til umfjöllunar í Nd. og var samþykkt þar samhljóða. Það felur í sér þá breytingu að samræma ákvæði laga um Landhelgisgæslu að mestu almennum reglum um skiptingu björgunarlauna.
Nefndin ræddi frv. og kallaði Gunnar Bergsteinsson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, til viðræðu.
Nefndin telur hér um gott mál og þarft að ræða, sem nauðsynlegt er að koma í höfn, og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ekki efa ég að hér sé um gott mál að ræða. Það hefur verið samþykkt samhljóða í hv. Nd.

Mér finnst þó svolítið skrýtið að hv. allshn. skyldi ekki kalla til viðræðna líka fulltrúa frá skipverjum Landhelgisgæslunnar en aðeins forstjóra þegar um málið var fjallað.

En það var nú ekki fyrst og fremst út af þessu sem ég kom hér upp, heldur út af því að ég hef heyrt þær fréttir að til standi hjá Landhelgisgæslunni að segja upp loftskeytamönnum og láta þetta starf í hendur annarra yfirmanna skipanna, þ.e. þá stýrimanna eða skipstjóra. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi heyrt um þetta og hvort hlutirnir séu raunverulega á þennan veg. En ég tel að það væri mjög vafasöm ráðstöfun þegar skipin eru við björgunarstörf að hafa ekki loftskeytamann um borð. Það styrkir stöðu þess manns sem hefur stjórn og skipulagningu á framkvæmd verks að hafa aðila um borð sem annast fjarskipti og samskipti við aðra aðila, hvort sem það er í landi eða við þá aðila sem verið er að aðstoða við björgun.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Vegna ábendinga og fyrirspurna hv. 4. þm. Vesturl. vil ég benda á það að um þetta mál var algjör samstaða og samkomulag. Af þeim sökum var því ekki þörf á að fá upplýsingar frá mörgum aðilum þó að öðru leyti vilji ég ekki ræða þá hliðina. Um hitt atriðið, loftskeytamennina, minnist ég ekki að rætt hafi verið við mig. A.m.k. hefur það ekki verið gert nýlega og ekki þannig að það hafi nokkuð komið til afskipta eða ákvörðunar frá minni hendi. En ég mun að sjálfsögðu leita upplýsinga um það mál.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil vegna ræðu hv. 4. þm. Vesturl. taka fram að það hefði að sjálfsögðu ekkert verið því til fyrirstöðu að kalla fleiri aðila fyrir nefndina, en um það komu engar óskir fram og var algjör samstaða um málið á þeim fundum sem nefndin hélt.

Frv. felur í sér að hlutur áhafnar við skiptingu björgunarlauna eykst úr 25% í 40% af því sem til skipta kemur. Forstjóri Landhelgisgæslunnar hafði undir höndum samning og lagði fram í nefndinni um þessi atriði.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram en hæstv. dómsmrh. hefur svarað öðrum atriðum ræðunnar.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka svar ráðherra við fsp. minni um það hvort til standi að segja loftskeytamönnum upp á varðskipunum. Ég fagna því að hann hafi ekki heyrt þetta og vænti þess vegna að það sé aðeins orðrómur en ekki nein tilætlun í þeirri gerð.

Í sambandi við gagnrýni mína á það að ekki hafi verið kallað á fulltrúa skipverja, þá viðurkenni ég það að um þetta mál hefur sjálfsagt verið það vel fjallað í Nd. að ekki hafi verið ástæða til þess að kalla á fulltrúa skipverja. En þá hefði ekki verið nein frekari ástæða til þess að kalla á fulltrúa útgerðarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 339 (sbr. 226), n. 366.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Svo háttar með þetta mál að það hefur verið til umfjöllunar í Nd. og var samþykkt þar samhljóða, enda byggist þetta á kjarasamningum ríkisins við BSRB. Nefndin hefur rætt frv. og haft samband við formann BSRB um efni þess og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég vil geta þess varðandi 3. gr. frv. að þar er í 2. mgr. ákvæði um það að forsetar Alþingis skuli gera kjarasamninga við starfsmenn Alþingis. Nefndin lítur svo á að starfsmenn Alþingis, og þar á meðal starfsmenn Ríkisendurskoðunar, hafi sjálfstæðan samningsrétt. Þetta vildi ég láta koma fram sérstaklega, en hef ekki frekar um málið að segja.

Nefndin leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að fagna þessu máli og því víðtæka samkomulagi sem náðst hefur milli fjölmargra aðila um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Að baki þessu máli og þeirra þriggja fylgifrv., sem með því fylgja, liggur mikil vinna. Hana hafa innt af hendi fulltrúar frá fjmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga og þeim stéttarfélögum sem um ræðir. Hér eiga margir aðilar hlut að máli, samstaðan er mjög víðtæk og henni vil ég fagna hér.

Það er náttúrlega ljóst þegar um samkomulagsmál er að ræða að allir hafa þurft að láta nokkuð af sínum ýtrustu óskum og vitaskuld er þetta frv. því marki brennt.

Ég vil þó láta þess getið hér að það eru hvorki meira né minna en 38 stéttarfélög ríkisstarfsmanna sem með þessu frv. fá bæði samningsrétt og verkfallsrétt. Hér er stigið gríðarstórt skref fram á við til að tryggja réttindi fjölda fólks sem fram til þessa hefur ekki haft þann rétt að semja sjálft um kaup sitt og kjör sín. Þessu skrefi fagna ég innilega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–36. gr. og ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (verkfallsréttur). — Þskj. 340, n. 363.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn. Frv. byggist á viðræðum ríkisvaldsins við stéttarfélag lögreglumanna þar sem þeir afsala sér verkfallsrétti.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt en Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv. 227. mál (starfsmenn án verkfallsréttar). — Þskj. 243, n. 364.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frv. þetta er flutt í tengslum við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem við vorum að fjalla um hér fyrr í dag.

Nefndin hefur rætt frv. og haft samband við formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um efni þess en hann er því samþykkur. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt en Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson skrifa undir álit nefndarinnar með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kjaradómur, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 338 (sbr. 244), n. 365 og 368.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Kjaradóm. Því er eins háttað með þetta mál og þau sem áður hafa verið hér til umræðu að þetta mál er flutt í tengslum við frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur skilað séráliti og hv. þm. Ragnar Arnalds og Stefán Benediktsson skrifa undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli. Það er að finna á þskj. 368. Eins og þar kemur fram hef ég ýmislegt við þetta frv. að athuga þótt þar komi jafnframt fram að þar sem frv. er hluti af því víðtæka samkomulagi milli ríkis, sveitarfélaga og starfsmanna þeirra sem við höfum verið að ræða og ég tel ákaflega mikilvægt mun ég hvorki flytja brtt. við frv. né leggja til að það verði fellt heldur sitja hjá við afgreiðslu þess. Ég hef ýmsar athugasemdir við það að gera og ég vil láta þær koma fram.

Í fyrsta lagi finnst mér athugavert að framkvæmdarvaldið skipi tvo fulltrúa í fimm manna kjaradóm á meðan viðsemjendur þess, samtök opinberra starfsmanna, eiga þar engan fulltrúa. Mér hefði fundist sýnu eðlilegra að annaðhvort ættu báðir aðilar þar

fulltrúa eða þá að dóminn skipuðu eingöngu þeir þrír dómendur sem Hæstiréttur skipar í dóminn samkvæmt frv.

Í öðru lagi tel ég ekki eðlilegt að Kjaradómur ákveði kjör allra þeirra sem eru tilteknir í 2. gr. frv. Þetta er stór hópur og fer sífellt vaxandi og tel ég það tvímælalaust ekki af hinu góða. Ég tel eðlilegra að kjör allmargra sem þar eru ráðist í kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem við eiga því að margir sem þar eru geta auðveldlega tilheyrt ákveðnum stéttarfélögum.

Það er heldur ekki ljóst af frv. hvaða viðmiðunarreglur eru notaðar þegar ákveðið er hverjir skuli fylla þann hóp sem 2. gr. frv. kveður á um og hverjir ekki og finnst mér mjög slæmt að ekki skuli vera sett fram svo mikið sem vinnuregla um það.

Að sjálfsögðu eru aðilar í þessum hópi sem hafa þá sérstöðu að þau störf sem þeir gegna eiga tæplega heima í stéttarfélagi. Þar get ég nefnt ráðherra, sendiherra, sýslumenn og fleiri sem tilteknir eru í 2. gr. frv. og þarna eru einnig aðilar sem miklu varðar að séu óháðir því að standa í launadeilum. Þessi störf eru þó ekki ýkja mörg og eins og ég sagði áðan er ásóknin í þennan hóp nokkurn veginn stöðug. Það er ekki lengra síðan en á 106. löggjafarþingi, ef ég man rétt, að afgreitt var sérstakt frv. þar sem inn voru teknir allnokkrir aðilar í þennan hóp þannig að hann fer óðum og ört stækkandi frá einu þingi til annars. Ég lagðist þá gegn því frv. og samsinna mér þá var hv. 8. þm. Reykv. sem nú hefur skipt um skoðun hér á. Við þessu virðist sem sé ekkert fá spornað, hópurinn vex og ekki birtast heldur neinar viðmiðunarreglur um það hverjir eru teknir þarna inn og hverjir ekki.

Því hefur verið haldið fram að stéttarfélögin vilji fullt eins vel losa sig við ýmsa yfirmenn og hátt launaða stjóra yfir í Kjaradóm því þá gefist meira svigrúm til betri samninga fyrir stéttarfélögin. Ég tel það ákaflega hæpna röksemd því að eins og við vitum hafa þeir sem skipa efstu launaflokkana tilhneigingu til að toga aðra upp í kjarasamningum frekar en pressa þá niður þannig að ég tel þessi rök heldur haldlítil.

Það má líka benda á það að þegar yfirmaður stofnunar, sem hefur e.t.v. svipaða eða hliðstæða menntun og þorri starfsmanna stofnunarinnar, fær sérstaka afgreiðslu sinna kjaramála með því að Kjaradómur fjalli um þau á hann ekki samleið með þeim sem hann vinnur með. Þetta stuðlar því að aðskilnaði á milli yfirmanns og starfsmanna og viðheldur jafnframt því pýramídalaga valdakerfi sem viðgengst í flestum stofnunum. Ef allir starfsmenn stofnunar, þeir sem gegna yfirmannastöðum jafnt sem aðrir, gengju saman til sinna kjarasamninga má vænta þess að samstaða og skilningur manna á störfum hvers annars sé meiri en ella. Þess vegna held ég að það sé ákaflega slæmt þegar verið er að færa yfirmenn og stjóra hvers kyns undir Kjaradóm í stað þess að þeir taki laun samkvæmt þeim kjarasamningum sem þau stéttarfélög sem þeir gætu tilheyrt semja um hverju sinni.

En eins og ég sagði í upphafi máls míns, virðulegi forseti, geri ég ekki frekari ágreining um þetta mál. Þetta er hluti af því samkomulagi sem náðst hefur milli ríkis, sveitarfélaga og starfsmanna þeirra og þar hafa ekki allir fengið sínar ýtrustu óskir uppfylltar eins og eðlilegt er þegar um jafnvíðtækt samkomulagsmál er að ræða. Ég vil ekki spilla fyrir þessu samkomulagi eða raska því á neinn hátt og því legg ég ekki til að þetta frv. verði fellt heldur mun ég sitja hjá við afgreiðslu þess.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég skrifaði undir álit meiri hl. nefndarinnar með fyrirvara. Ég var á sínum tíma, þegar þetta frv. var fyrst lagt fram, mjög eindregið á móti því og þar komu margir hlutir til. Í fyrsta lagi kannske hvernig þetta bar að en einnig það að hvorki þá né nú hefur verið tekið á því máli að aðgreina starfsmenn hins opinbera skýrt og greinilega í embættismenn og starfsmenn.

Það er mjög eðlilegt, að mínu mati, að vissir menn starfandi í opinberum stöðum hafi stöðu embættismanna og skyldur sem þá hugsanlega felast m.a. í því að þeir geti ekki farið í verkföll né annað slíkt en þessir hlutir verða að vera mjög greinilegir og óvefengjanlegir. Í því frv. sem er fylgifrv. með þeim fjórum frv. sem verið er að afgreiða um breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna er ekki tekið á þessum hlutum enn eina ferðina og það hefur komið áður fram í máli mínu, að ég held, að það sé reyndar hvergi á Vesturlöndum jafnógreinilega gengið frá þessum málum eins og nú er hér á Íslandi. Þess vegna skrifaði ég undir nál. um þau frumvörp sem hér er verið að afgreiða og þessu máli tengjast með fyrirvara. Mér er sjálfum með öllu óskiljanlegt hvernig menn geta samið svona af sér réttindi meira og minna. En þetta eru einu sinni samningar sem búið er að gera við hlutaðeigandi aðila og ekki hægt í sjálfu sér að vera á móti þeim þó að maður eigi erfitt með að átta sig á því hvers vegna menn gangast undir slík ok eins og hér eru í raun og veru lögbundin með þeim lögum sem nú tengjast þessum samningum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 353.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um

breytingu á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Mál þetta er 233. mál þingsins, þskj. 353 eftir breytingu í Nd.

Skv. 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 frá 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laga nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 35% milli áranna 1985 og 1986. Er því samkvæmt frv. þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 35%, en sú hækkun er í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem er nú til meðferðar á hv. Alþingi.

Samkvæmt þessu breytist 1. gr. laganna þannig:

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr.:

1. Í stað „2250 kr." í 1. mgr. komi: 4131 kr., þ.e. lækkun útsvars, og í stað „450 kr." í 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi: 826 kr., þ.e. lækkun útsvars vegna barna á framfærslu, og í stað „650 kr." í 7. mgr. komi: 1193 kr. sem er lágmarksútsvar við álagningu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. og ég vil taka það fram að nauðsynlegt er að þetta frv. verði afgreitt í tengslum við afgreiðslu fjárlaga.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hv. félmn. mun sjálfsagt skoða þetta frv. félmrh. og skila því í tæka tíð hingað inn í hv. deild þannig að það fái afgreiðslu á þinginu fyrir jól. En einhvern veginn minnir mig að hæstv. félmrh. hafi gefið okkur fyrirheit um að hér inni á hv. Alþingi ættum við von á að fá frv. um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. að afrakstur starfs nefndarinnar og undirbúningsstarfs, sem hefur verið unnið í ráðuneytinu að undanförnu og okkur er kunnugt um, mundi skila sér hingað inn á þing. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. hvað því máli líði, hvort við eigum von á að sjá það á síðustu dögum þingsins núna fyrir jól eða þá í hvaða tíma.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Vesturl. tek ég fram að það er rétt. Það hefur komið fram að, eins og allir vita, nokkurn tíma hefur tekið að endurskoða lög um nýja tekjustofna sveitarfélaga og ganga frá því. Frumvarpið fullmótað liggur í félmrn. og er meiningin að leggja það fram á hv. Alþingi á þessu þingi. Hins vegar voru skipaðar tvær nefndir til að fjalla um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og milli ráðuneytanna nú á síðustu haustdögum og gera þar ákveðnar tillögur. Inn í það mál komu svo breytingarhugmyndir á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á meðan þær nefndir voru að ganga frá sínum tillögum þótti skynsamlegt að hinkra við með framlagningu frv. og einnig hefur komið inn í það núna sú vinna sem er í gangi um frv. til l. um staðgreiðslukerfi skatta. Nefndin sem samdi frv. um tekjustofna sveitarfélaga mun þurfa aðeins að koma saman til að fjalla um þær hugmyndir sem þar koma fram og snerta frv. Þar af leiðandi þótti okkur skynsamlegt að draga að leggja frv. fram þar til eftir þinghlé sem verður væntanlega síðari hlutann í janúar.

Ég vil láta þetta koma fram, virðulegur forseti.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og vitaskuld munum við ekki sjá eftir þeim tíma sem fer í að undirbúa frv. og vonandi að það verði betur búið á þann veg að það styrki stöðu sveitarfélaganna meira en ella þótt nokkuð dragist að það komi fram. Við væntum þess að við fáum að sjá það frv. í tæka tíð eftir að við komum hér saman aftur eftir jólafrí, að frv. að nýjum tekjustofnalögum fyrir sveitarfélögin verði samþykkt á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1987, 3. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 349, n. 370 og 376, brtt. 350, 351, 371, 375 og 377.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstvirtur forseti. Eins og fram kom við 2. umr. var mál þetta ekki nægilega unnið til þess að hægt væri að ljúka 3. umr. og því var jafnframt lýst yfir að framhaldsnefndarálit mundi berast frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. svo og nál. frá minni hl. nefndarinnar á milli umræðna. Þessi skjöl hafa nú verið fram lögð og koma til umræðu.

Eftir 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný, oftar en einu sinni að sjálfsögðu, til að ræða þau atriði sem óafgreidd voru. Nú mun ég reyna að gera stutta grein fyrir þeim erindum og fskj. sem sýna í meginatriðum áhrif þeirra till., sem meiri hl. mælir með að samþykktar verði, t.d. á húsbyggingasjóði, framkvæmdasjóði, lántökur innanlands og erlendis.

Í fyrra nál. meiri hl. er getið þeirrar óvissu sem nú ríkir, eða ríkti í öllu falli, í kjölfar *nýafstaðinna* kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins fyrir efna-

hagsástandið á næsta ári. Endanleg afstaða var þó ekki tekin til t.d. lántökuheimilda fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja, þar sem ekki lágu fyrir tillögur nefndar sem unnið hefur á vegum hæstv. fjmrh. og iðnrh.

Sýnt þykir að kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins muni hafa veruleg áhrif á fjárhag ríkissjóðs eins og öllum er raunar kunnugt. Þar vega þyngst óhjákvæmilegar hækkanir bóta lífeyristrygginga, takmörkun á gjaldskrárhækkunum ríkisfyrirtækja og að horfið hefur verið frá álagningu orkuskatts. Allt bendir því til verulega aukins halla á ríkissjóði þrátt fyrir hagstæð skilyrði í þjóðarbúskap okkar. Það verður ekki litið burt frá því að afla þarf ríkissjóði fjármagns til að mæta auknum halla, en þar er ekki um að ræða nýja skatta heldur aukið lánsfé.

Í grg. frá aðilum vinnumarkaðarins var mælst til þess að ekki yrði aukið við erlendar lántökur ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Jafnframt var þar lagt til að erlendar lántökur atvinnuveganna yrðu lækkaðar um 1 milljarð 130 millj. kr. frá því sem frv. til lánsfjárlaga miðaði við og því yrði mætt með skuldabréfakaupum af lífeyrissjóðunum.

Nýtt mat á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1987 bendir til að það nemi 6 milljörðum 850 millj. kr. á áætluðu meðalverði ársins. Það hefur verið ráðgert að 55% af því rynnu til skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af húsbyggingasjóðum og auk þess um 40 millj. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Óráðstafað fjármagn lífeyrissjóðanna nemur því 3 milljörðum og 45 millj. kr., en til þess hefur verið mælst við sjóðina að hluti þess rynni til skuldabréfakaupa af ríkissjóði eða sem nemur 1300 millj. kr. og 700 millj. kr. til atvinnuvegasjóðanna eins og fram kemur á fskj. VI með þessu framhaldsnefndaráliti. Er þetta gert annars vegar til að mæta viðbótarhalla ríkissjóðs og hins vegar til að draga úr erlendum lántökum atvinnuvegasjóðanna. Ljóst er að með þessu eykst eftirspurn á innlenda lánsfjármarkaðnum sem kann að leiða af sér hækkun vaxta og breytt lánskjör nema rýmkað verði verulega um peningamagn á markaði, t.d. með því að afnema bindiskyldu Seðlabanka og að ríkisvaldið og Seðlabanki sjái til þess að eðlilegt magn peninga sé á markaði. Raunar mun það nú í bígerð loks að rýmka um bindiskyldu Seðlabanka í öllu falli.

Niðurstöður vinnuhóps fjmrh. og iðnrh. gefa tilefni til að endanleg ákvörðun um lausn á fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja verði leyst með ákveðinni till. sem við flytjum á þskj. 371. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjvn. heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.“

Eins og af þessum orðum sést er þessi heimild víðtæk, en hins vegar hefur ekki verið hægt að skilgreina nánar í hverju þessir samningar muni felast.

Þá er að auki lagt til að tekin verði inn lánsfjárheimild fyrir lántöku Hitaveitu Akureyrar að fjárhæð 1 milljarður og 300 millj. til að skuldbreyta lánum sem fyrirtækið hefur fengið en ónotaðar ríkisheimildir veitunnar — ég tala um Hitaveitu Akureyrar — frá fyrri árum nema um 1150 millj. kr. miðað við núverandi gengi og á að falla niður um næstu áramót. Því er í raun lagt hér til að veitt verði ný viðbótarheimild um 150 millj. kr. en gamla heimildin framlengd.

Þá er í brtt. vikið að Rafveitu Siglufjarðar og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 30 millj. kr. af langtímaskuldum Rafveitu Siglufjarðar vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku, enda gefi Rafveita Siglufjarðar þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 15 millj. kr.“

Í brtt. meiri hl. við 2. umr. féll niður nafn Hitaveitu Rangæinga í 36. gr. og leiðrétting er nú gerð í brtt. meiri hl.

Það er kannske rétt að skjóta inn í um Framkvæmdasjóð að á árinu 1986 hefur Framkvæmdasjóður skuldbreytt um 34 millj. dollara af erlendum skuldum sínum. Áhrif þessa leiða til um 280 millj. kr. lækkunar á erlendum afborgunum sjóðsins frá því sem áætlað var í lánsfjáráætlun, þ.e. að afborganir færast allt fram til ársins 1991 og það rýmkar þess vegna um lausafé hjá sjóðnum. Ráðgert er að nýta þetta svigrúm til að draga úr lántökum Framkvæmdasjóðs frá fyrri áætlun. Það er lagt til að lækka lántökurnar um alls 164 millj. kr., þar af erlendar lántökur um 100 millj. kr. og innlendar um 64 millj. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er ljóst að sjóðurinn hefur enn um 100 millj. kr. sem hann gæti notað til að greiða niður erlendar skuldir sínar.

Miðað við framangreindar till. meiri hl. nema heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 17 milljörðum 960 millj. kr. Ráðgert er að 9 milljarða 745 millj. kr. verði aflað innanlands og 8 milljarða 215 millj. kr. með erlendum lántökum.

Á þskj. 377 flyt ég brtt. við 28. gr., sem áður var 27., sem varðar tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum sem renna skyldu skv. frv. í ríkissjóð á árunum 1986 og 1987. Felur sú till. í sér að þessar tekjur renni til Útvarpsins á árinu 1986 og mun það vera ærin upphæð, líklega talsvert á annað hundrað milljónir. Mér er ljóst að hér eru nokkrir hv. þm. sem vilja að þetta fé renni til Útvarpsins einnig á árinu 1987. Hér er komið á móts við þennan vilja manna, enda ærinn fjárhagsvandi hjá Ríkisútvarpinu, en lengra hefur ekki á þessu stigi verið talið unnt að ganga og þess vegna flytjum við við þessa umræðu brtt. þessa efnis.

Þá vil ég geta þess að málefni fatlaðra hafa verið

til sérstakrar umræðu og nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að upphæð sú sem þangað renni muni hækka um 30 millj. kr. við 3. umr. fjárlaga. Þá kemur frv. þetta aftur til okkar, það gerir það í öllu falli, og þess vegna er ekki flutt brtt. nú við frv. heldur beðið eftir afgreiðslu fjárlaganna í Sþ. Þá mun þessi breyting verða gerð.

Þess vil ég geta um Póst og síma, þau gjöld sem átti að taka af honum, að þau munu ekki verða tekin vegna þess að ekki eru fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar sem nægja til þess að það sé unnt að gera.

Ég hygg að ég hafi þá farið yfir helstu atriði í þessum brtt. og að varla sé þörf á nánari skýringum, en af því að hér eru nokkrir þm. í hliðarsölum og ég hafði hugsað mér að varpa fram spurningum til nokkurra hv. alþm. þætti mér vænt um að þeir litu inn í gættina ef þeir gætu komið því við.

Þannig er mál með vexti að við 2. umr. þessa máls varpaði ég fram þýðingarmikilli spurningu til íhugunar fyrir hv. þingdeildarmenn milli umræðna. Af því tilefni að nefnd var Einsteins-kenning og skemmtileg samlíking um að komandi kynslóðir mundu þurfa að greiða skuldir sem ríkissjóður stofnar til, eitthvað á þessa leið, og það er rétt að ærnar eru þær skuldir sem ríkissjóður er að stofna til, innlendar skuldir, og hefur stofnað til, þá sagði ég eitthvað á þessa leið:

Ef þessar skuldir eru innlendar hygg ég að menn geti í það ráðið hvort þessar byrðar verði þungbærar eða ekki. Ef komandi kynslóð á að borga þessa peninga hljóta einhverjir að taka við þeim. Það hljóta einhverjir að vera eigendur, einhverjir að vera kröfuhafar ef skuldarar eru fyrir hendi. Þess vegna væri gaman að hugleiða það til næsta fundar hvort einhver vildi segja mér frá því hver það væri sem fengi þessa peninga í hendur, þessa miklu fjármuni í hendur, ef það eru komandi kynslóðir sem eiga að greiða féð. Spurningin er: Hver tekur við milljörðunum sem komandi kynslóð á að greiða vegna innlendra skulda ríkissjóðs?

Við þessa umræðu langar mig til að endurtaka þessa spurningu: Hver fær þá peninga í hendur sem komandi kynslóð reiðir af höndum? — Ég endurtek: Hver fær þá peninga í hendur sem komandi kynslóð reiðir af höndum?

Nú bíð ég spenntur eftir svörum allra flokka og það hlýtur þjóðin öll að gera, sérstaklega þeir sem eru að vaxa úr grasi, „komandi kynslóð". Varla getur nokkur sá sem í alvöru fæst við stjórnmál vikið sér undan því að svara svo gífurlega þýðingarmikilli spurningu. Sjálfur mun ég svara spurningunni síðar í umræðunni, enda finnst mér svarið liggja í augum uppi þegar vafningalaust er spurt. Og svörin hér ættu ekkert að þurfa að lengja umræðuna. Það er hægt að svara með einu orði, en kannske gleggra að hafa þau tvö.

Ég legg síðan til að brtt. meiri hl. verði hér samþykktar og málið afgreitt til hv. Nd.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Nú er að því leyti ekki tími til að berja sér á brjóst að þessi tími er tími kraftaverka. Það má alla vega teljast til kraftaverka að afgreiða jafnflókin og veigamikil mál og við erum að afgreiða núna á jafnstuttum tíma og við gerum þó maður hefði heldur kosið að það fengist lengri tími til þess og ekki treysti ég mér til að stæra mig af afrekinu út á við.

Ég mæli hér, frú forseti, fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 376. Í sem stystu máli er hægt að byrja á að geta þess, svo maður taki af allan vafa, að minni hl. nefndarinnar mælir ekki með samþykkt frv. Til þess liggja margar ástæður og mun ég geta nokkurra.

Mönnum er, held ég, hollt að rifja upp að hrein erlend skuldaaukning opinberra aðila nam 2,5 milljörðum kr. á því ári sem er að líða. Heildarlántökur fóru 3 milljarða fram úr áætlun. Aðeins 500 milljónir af því eru innlendar lántökur. Í stað 163 millj. rekstrarafgangs verður rekstrarhalli ríkissjóðs a.m.k. 2 milljarðar kr. á þessu ári og næsta ár verður rekstrarhallinn síst minni, enda er beinlínis stefnt að hallarekstri í stað þess að tvö síðustu ár var þó gert ráð fyrir rekstrarafgangi. Þessi stefnubreyting um enn meiri halla en áður, þ.e. ráðgerðan halla, er í ljósi reynslunnar og þegar hugsað er til þess að næsta fjárlagaár er kosningaár, uggvekjandi.

Þessi ríkisstjórn, sem settist að völdum í krafti þess m.a. að hafa svo miklu meira vit á fjármálum en allir aðrir, settist í stólana í ljósi mikillar efnahagsholskeflu sem talað var um kosningaárið 1983. Henni hefur tekist samanlagt á þremur árum að reka ríkissjóð með 6 milljarða halla framreiknað til ársins í ár. Þrátt fyrir síauknar þjóðartekjur og þrátt fyrir hógværa samninga á þessu ári tekst ríkisstjórninni ekki að ná jöfnuði í rekstri, en það er, svo ég vitni í þeirra eigin orð, „veigamikil forsenda á efnahagssviðinu almennt". Þessi orð eru tekin beint úr fjárlagafrv. 1987.

Aðilar vinnumarkaðarins lögðu til í samningum sínum nú á dögunum að erlendar lántökuáætlanir lánsfjárlagafrv. lækkuðu um 1130 millj. kr. sem í stað þess yrði mætt með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Þessu lofaði ríkisstjórnin að framfylgja, þ.e. samningarnir grundvölluðust á því að ríkisstjórnin gaf loforð eða fyrirheit um að draga úr erlendum lántökum sem næmi 1130 millj. kr. til að gera samningana mögulega til þess fyrst og fremst að draga úr verðbólguhættu. Nú ber svo við að fjmrh. ráðgerir að semja við lífeyrissjóðina um 2 milljarða kr. kaup á skuldabréfum umfram það sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóði Húsnæðisstofnunar og 1300 millj. af þessu ætlar ríkissjóður að taka til sín beint til að mæta áhrifum kjarasamninga. Þessa upphæð á að nota til að mæta hækkuðum tryggingabótum, til að mæta takmörkunum á hækkunum á gjaldskrá nokkurra opinberra fyrirtækja og til að mæta því „tekjutapi" sem verður af brottfalli orku-

skattsins.

Það hefði einhvern tímann verið kallað að pissa í skóinn sinn að taka lán til að mæta þeim áhrifum sem þessir kjarasamningar hafa á reksturinn þegar maður horfir til þess að það var forsenda samninganna að draga úr umsvifum ríkisins með þeim hætti að lækka erlendar lántökur. Í minnisblaði, sem samningsaðilar fengu frá hæstv. forsrh. þar sem hann vísar til minnisblaðs um verðlags- og efnahagsmál sem viðræðunefndir ASÍ, VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaganna höfðu sent ríkisstjórninni, segir í 3. og 4. lið:

„Ríkisstjórnin ítrekar stefnu sína um lækkun erlendra skulda og mun leita allra leiða, m.a. með endurskoðun lánsfjáráætlunar, til að erlend lántaka verði ekki umfram afborganir á næsta ári, enda takist að beina lántökum fjárfestingarlánasjóða til lífeyrissjóðanna í ríkara mæli en ráð hafði verið fyrir gert. Á sviði peningamála verður fylgt aðhaldssamri stefnu og Seðlabanka Íslands falið að kanna sparnaðarform sem fallin eru til þess að örva sparnað innanlands og efla stöðugleika íslensku krónunnar, m.a. með stofnun gengistryggðra sparireikninga."

Eitt er kannske hægt að viðurkenna, þessi aukna innlenda lántaka ríkisstjórnarinnar á e.t.v. eftir að hafa einhver áhrif á sparnaðaráhuga manna, hvað sem hægt er að segja um sparnaðargetu, vegna þess að þetta mun ugglaust leiða til nokkurrar vaxtahækkunar hér innanlands. Það þýðir náttúrlega vaxtahækkun um leið fyrir þá sem eiga sparifé.

Ef við látum þetta nægja, í fyrstu a.m.k., frú forseti, um ásetning og aðalinnihald frv., þá er að snúa sér að einstökum hlutum frv. eða köflum þess. Þá ber náttúrlega fyrst fyrir augu lántökuheimildir í frv. til Framkvæmdasjóðs og atvinnuvegasjóða, og ef maður ber þann kafla saman við II. kafla frv., þar sem um er að ræða skerðingarákvæði, þá er afstaða ríkisstjórnarinnar til sjóða yfirleitt nokkuð skýr. Hún kemur fram í því að þar sem um er að ræða mjög skýrt afmarkaða sjóði, þ.e. sjóði með mjög skýrt afmörkuð verkefni og nánast eyrnamerktar tekjur, þar beitir ríkisstjórnin skerðingarákvæðum mjög ótæpilega. Þar gæti maður talið upp hvern sjóðinn á fætur öðrum sem skertur er. Þar ber hæst Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem að vísu hefur nú, að því er við höfum fengið upplýsingar um, fengið loforð um 30% hækkun frá þeirri skerðingu sem fyrst var lögð til í þessu frv.

Við höfum líka séð hér á þskj. að lögð er fram till. um að breyta skerðingu þeirri sem þetta frv. gerir ráð fyrir á tekjum Ríkisútvarpsins vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Þó ekki nema hálfa leiðina því að brtt. gerir einungis ráð fyrir því að ákvæðið verði ekki afturvirkt, þ.e. að þær tekjur sem Ríkisútvarpið á rétt á á þessu ári renni til Ríkisútvarpsins en síðan ekki söguna meir. En þar sem um þá sjóði er að ræða sem ríkið ætti síst að vera kennt við, og þá á ég m.a. bæði við Framkvæmdasjóð og svo atvinnuvegasjóðina, þá sjóði sem hvað mest hafa komið við sögu í offjárfestingum s.l. ára, þar aftur á móti er skerðingaráhugi ríkisstjórnarinnar ekki eins mikill og þegar um þá sjóði er að ræða þar sem framlög renna beint til menningar- eða líknarmála.

Í brtt. meiri hlutans við frv. nú við 3. umr. koma reyndar fram till. til lækkunar á þessum framlögum. Þar á ég við brtt. við 7.–11. gr. Er það reyndar mjög í anda þeirra brtt. sem við Ed.-menn í þingflokki Alþfl. höfum lagt fram, þó við viljum þar e.t.v. ganga í sumum tilvikum nokkuð lengra.

Þá er að benda á, frú forseti, framlög til byggingarsjóðanna. Ef grannt er skoðað kemur í ljós að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eru orðin innan við 20% af ráðstöfunarfé sjóðsins, t.d. minna en tekjur sjóðsins af afborgunum, vöxtum og verðbótum. Er þó ekki öll sagan sögð því raunverulegt framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðsins er í raun og veru ekki sá eini milljarður sem sýndur er hér í töflum og tillögum, heldur er það í raun og veru ekki nema 300 millj. því að 700 millj. af þeim milljarði sem ríkissjóður leggur til Byggingarsjóðsins eru fengnar með húsnæðisgjaldinu sem hér fór í gegn fyrir nokkrum dögum og er að verða að lögum. En það húsnæðisgjald var, eins og menn rekur minni til, lagt á einu sinni árið 1985 til þess að mæta bráðavanda sem húsbyggjendur áttu þá í og menn voru ekki enn þá sammála um hvernig ætti að leysa, en alls ekki til ætlast að það yrði að föstum tekjustofni Byggingarsjóðs ríkisins, enda aðrir tekjustofnar tiltækari ef um það var að tefla. Sama gildir í raun og veru um framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er að vísu 300 millj. kr. í ár, það sama og í fyrra, en þetta eru slétt 20% af ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári.

Eitt var það atriði sem nokkuð tafði fyrir að nefndin gæti í raun og veru lokið afgreiðslu lánsfjárlaga. Það var að málefni þriggja hitaveitna voru ekki að fullu útkljáð. Er þar um að ræða Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Fjarvarmaveitu Vestmannaeyja. Er skemmst frá því að segja að 20. nóvember s.l. tilnefndi iðnrh. fimm manna nefnd til þess að eiga viðræður við fulltrúa þessara hitaveitna með það fyrir augum að leita lausnar á fjárhagsvandamálum þeirra. Þessi nefnd átti, að því er okkur var tjáð, að skila niðurstöðum s.l. mánudag, þann 15. desember, en niðurstöður hennar urðu í reynd býsna óljósar. Þær eru, með leyfi frú forseta, að nefndin leggur til að ríkisstjórnin hlutist til um að svohljóðandi heimildarákvæði verði tekið upp í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987:

„Fjmrh. er fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjvn., heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

Þetta er í brtt. meiri hl. við 5. gr. frv., en einnig kemur fram að nefndin leggur til að heimild þessi verði nýtt að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1. Fjármagnskostnaður veitnanna hafi verið lágmarkaður með hagstæðustu skuldbreytingum.

2. Mörkuð verði ákveðin stefna í þróun gjaldskráa veitnanna er gildi uns því marki er náð að afborganir lána samsvari fyrningum.

3. Veitunum verði tryggðar þær tekjur sem ýtrustu markaðsaðgerðir gefa, annaðhvort með því að tengja öll rafhituð hús eins og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir eða með millifærslum úr bæjarsjóði.

4. Í Eyjafirði og Borgarfirði ábyrgjast viðkomandi sveitarfélög að stofnuð verði stærri orkuveitufyrirtæki, með eða án þátttöku ríkisins, með eða án markaðssvæðis RARIK í þessum héruðum, en þó þannig að eiginfjárstaða þessara fyrirtækja sé jákvæð og öll tækifæri til hagræðingar í rekstri sem við þetta bjóðast verði nýtt.

Nefndin virðist hafa farið nokkuð rækilega ofan í vanda þessara fyrirtækja en greinilega ekki komist að endanlegri niðurstöðu um úrlausnir í málefnum hverrar einstakrar. Þannig er sú brtt. orðin til sem ég nefndi, frú forseti, frá meiri hl. fjh.- og viðskn., þar sem segir að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjvn., heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni. — Frú forseti. Væri nokkur leið að fá hæstv. fjmrh. í salinn? (**Forseti:** Það skal athugað.)

Frú forseti. Ég fór fram á að hæstv. fjmrh. kæmi örstutta stund hingað í salinn vegna þeirrar brtt. sem fyrir liggur frá meiri hl. fjh.- og viðskn., í 2. tölul. á þskj. 371. Þetta er brtt. við 5. gr. Þar er lagt til að 5. tölul. greinarinnar orðist svo:

„Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt nánari ákvörðun fjmrh.

Fjmrh. er fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjvn., heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni."

Áður en hæstv. fjmrh. gekk í salinn var ég búinn að lesa hér lokaorðin í skýrslu nefndar iðnrh., þar sem nefndarmenn geta þeirra skilyrða sem þeir telja að verði að uppfylla til þess að fjmrh. geti samið við þessar veitur — að því er mér skilst. Nú langar mig til þess að fá að vita hjá hæstv. fjmrh. í sem stystu máli hvað þetta þýðir.

Nefndarmenn ræddu það nokkuð sín á milli og urðu m.a. sammála um það að líklega gæti þetta ekki þýtt það að fjmrh. hefði t.d. heimild til að taka erlent lán vegna þessara hugsanlegu samninga. Aftur á móti gæti þetta greinilega þýtt það að fjmrh. gæti t.d. einfaldlega keypt þessar veitur eða gert samning um kaup þeirra. Þetta gæti líka þýtt það að fjmrh. gæti yfirtekið skuldir þessara veitna. Og þetta gæti svo sem líka þýtt einungis það að hann ætlaði að yfirtaka lánakostnað eða vaxtakostnað þessara veitna. Þetta getur í raun og veru nánast þýtt allt milli himins og jarðar, nema líklega ekki það að tekin verði erlend lán af þessu tilefni. En þó skyldi maður aldrei segja aldrei. Þetta ákvæði virðist vera býsna opið og því tel ég mjög nauðsynlegt að fjmrh. geri hér nokkuð ítarlega grein fyrir því í ræðustól hvernig hann túlkar þetta ákvæði, hvað hann skilur undir þessu ákvæði, hvaða heimildir hann raunverulega telji að felist í þessu ákvæði.

Af því að ég er hér í ræðustól, frú forseti, og sé ekki ástæðu til þess að vera að fara hér upp sérstaklega af því tilefni, þá vil ég kynna hér brtt. okkar Alþýðuflokksmanna í Ed. við lánsfjárlagafrv. Þær eru á þskj. 375 og snerta í raun og veru einungis 6., 7., 8., 9. og 10. gr. frv., þ.e. þær greinar sem fjalla um lántökur atvinnuvegasjóðanna. Þessar till. eru frá okkar hendi þannig til komnar að við töldum eðlilegt að setja fram till. til lækkunar á erlendri lántöku í samræmi við þann ásetning ríkisstjórnar sem fram kom í þeim minnisblöðum sem fóru á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar þegar samningarnir voru í gangi.

Tillögurnar gera ráð fyrir því að 6. gr. frv. falli algjörlega niður, þ.e. að Framkvæmdasjóði verði ekki heimilt að taka lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, heldur sé honum skylt að fjármagna sína lánastarfsemi algjörlega á innanlandsmarkaði; síðan við 7. gr. að þar verði lánsheimildin lækkuð úr 750 þús. í 250 þús.; að við 8. gr. þá komi þar 740 þús. í stað 840 þús.; við 9. gr. þar komi 50 þús. í stað 100 þús.; og síðan við 10. gr. þar komi 200 þús. í stað 400 þús.

Nú er það þannig að þessar brtt. okkar Alþýðuflokksmanna hér í Ed. virðast a.m.k. að hluta til samræmast mjög fyrirætlunum meiri hlutans. Á þskj. 371 leggur meiri hlutinn fram brtt. til lækkunar á nánast öllum sömu greinum og í einu tilviki erum við þó algjörlega sammála, þar sem um er að ræða að heimild Framkvæmdasjóðs til 100 þús. kr. erlendrar lántöku falli niður.

Frú forseti. Það er ljóst að ýmsir liðir fjárlagafrv. gætu reynst mjög óvissir þegar til framkvæmda kemur. Þar má nefna það sem ég hef hér gert að umtalsefni, áhrif kjarasamninganna. Mönnum virðist alls ekki vera ljóst hver raunveruleg áhrif þeirra verða. Síðan má nefna vafaatriði mikil eins og ófrágengna samninga um aukin skuldabréfakaup lífeyrissjóða af ríkinu. Lífeyrissjóðirnir eru náttúrlega í því sem maður kallar hörðum viðskiptum og það er mjög ólíklegt að þeir fallist á önnur vaxtakjör á þeim skuldabréfum sem þeim verður gert að kaupa samkvæmt fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar en þau bestu sem hægt er að fá. Samningsstaða þeirra er óneitanlega mjög sterk þegar maður horfir til þess hversu mikilvægt það er fyrir ríkisstjórnina að geta beint svona miklu af lántöku sinni á innlendan markað. Þá fer það nánast algerlega eftir því hversu harðir samningamenn forstöðumenn lífeyrissjóðanna eru, hversu mikil áhrif þessi lántaka síðan endanlega hefur á almennt vaxtastig á peningamarkaði og auðvitað ómögulegt á þessu augnabliki að spá nokkru um það.

Síðan höfum við þessi ófrágengnu málefni hita-

veitnanna á Akureyri, í Borgarfirði og í Vestmannaeyjum. Við vitum að fjárhagsvandi þessara fyrirtækja er í einu orði sagt hrikalegur. Þó að fjárhagslegur baggi sá, sem legðist á ríkissjóð á komandi ári, yrði hugsanlega ekki ýkja mikill miðað við margan annan baggann sem hann bindur sér, þá er samt sem áður mjög uggvænlegt til þess að hugsa að við séum hérna e.t.v. að gefa fjmrh. heimild til þess að binda framtíðarríkisstjórnum mjög stóran bagga, eiginlega án nokkurra skilyrða af okkar hálfu.

Eins og ég sagði áðan þá er náttúrlega ómögulegt að gera sér grein fyrir áhrifum þessara fjárlaga á peningamarkaðinn og fleira og fleira. Að öllum þessum mörgu atriðum athuguðum urðum við í *minni hl. fjh.- og viðskn. sammála um það að mæla* ekki með samþykkt frv.

Þær till., sem Alþýðuflokksmenn hér í Ed. leggja fram til breytinga á þessu frv., gera ráð fyrir því að draga úr erlendum lántökum um 990 millj., og er ég þá að miða við frv. eins og það var þegar till. meiri hl. höfðu verið samþykktar eftir 2. umr. Till. gera ráð fyrir því að auka innlenda lántöku um 390 millj. kr. og draga þannig samanlagt úr heildarlántökum ríkissjóðs um 600 millj. kr.

Frú forseti. Það er í sjálfu sér ekki beint hægt að kalla frv. óraunsætt vegna þess að dauður hlutur eins og frv. hefur náttúrlega í sjálfu sér engan vilja eða skynjum. Aftur á móti held ég að það sé afskaplega vægt til orða tekið að segja það að glöggskyggni þeirra manna, sem treysta sér til þess að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum, hefur oft verið meiri en hún er í dag.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ef nokkuð eitt einkennir þessa ríkisstjórn seinustu mánuði hennar, þá er það einmitt efni þessa frv. Hrikaleg skuldasöfnun af ýmsu tagi. *Það vill nú svo skemmtilega til* að formaður nefndarinnar, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur boðið okkur þingdeildarmönnum upp á spurningaleik. Hann hefur lagt hér fram spurningu og óskar eftir að henni verði svarað: Hverjir greiða skuldirnar sem verið er að taka nú? Hann vildi að vísu ekki sjálfur svara þessari spurningu strax, en ég er alveg tilbúinn með svarið. (**EKJ:** Hverjir greiða og hverjir taka á móti?) Já, hverjir greiða og hverjir taka á móti?

Við skulum einmitt taka þessar 2000 millj. kr. sem verið er að fjalla um í þessu frv. núna og gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin taki að láni hjá lífeyrissjóðunum með 6,5% vöxtum eða þar um bil. Þetta er lán sem að miklu leyti er tekið handa ríkissjóði til að vega upp á móti óreiðunni hjá hæstv. fjmrh. því 1300 millj. eiga að ganga beint inn í ríkissjóð til að jafna hallann. Nú skulum við hugsa okkur að þessar 2000 millj. standi — ja, fyrst í ein 11 ár skulum við segja. Þá er upphæðin orðin tvöfalt hærri en hún er nú, eða rétt um 4000 millj. kr. Þetta er fé sem er tekið að láni hjá lífeyrissjóðunum og við skulum hugsa okkur að það sé ekki þörf á því að endurgreiða það á því augnabliki vegna þess að þær kynslóðir, sem nú eru að greiða í lífeyrissjóðina, þurfa ekki á því að halda fyrr en, ja við getum sagt eftir 30 ár. Og vegna þess að ríkissjóður verður auðvitað í miklum vandræðum með að endurgreiða þetta fé, þá framlengja menn þessu láni. Eftir 22 ár eru þetta orðnar 8000 millj. og eftir 33 ár, þegar hugsanlega þarf að endurgreiða lánið, þá er upphæðin orðin 16 000 millj. Þetta getur hver og einn reiknað sem kann þá einföldu reglu að lán, sem er með þessari ávöxtun, í kringum 6,5% eins og nú tíðkast, það er 11 ár að tvöfaldast. Því er það eftir 33 ár orðið átta sinnum stærra en það er í dag, eða 16 000 millj. kr. Það eru tveir í þriðja veldi sem má margfalda þær með. Þá á ríkissjóður að standa skil á upphæð vegna þess sem verið er að taka núna að láni sem er jafnhá og allur söluskatturinn sem ríkið innheimtir í dag með 25% álagningu á allt verðlag í landinu. Það er því von að menn spyrji: Hver á að greiða þetta fé og hver á að taka á móti því? Það er nokkuð einfalt með hver á að taka á móti því. Það verður þá gamla fólkið á þeim tíma sem þarf á þessu fé að halda sem greiðslu úr sínum lífeyrissjóðum, hefur verið að safna þessu með framlögum í lífeyrissjóði á langri ævi. Vegna þess að þetta verða fjölmennar kynslóðir þarf mikið fé til að greiða þessu fólki mannsæmandi lífeyri þegar þar að kemur, eftir 33 ár.

En hver á að borga? Hv. þm. verður að fyrirgefa mér þó að ég snúi spurningunni kannske eitthvað ofurlítið við því að mér finnst hitt vera svo einfalt mál hver á að taka við því. Þegar um lán úr lífeyrissjóðum er að ræða eru það auðvitað lífeyrisþegarnir sem eiga að taka við því þegar lánið er endurgreitt. (**EKJ:** Hvaða kynslóð á að borga, segjum það.) En ég segi: Hver á að borga? Það verða skattgreiðendur á komandi tímum. Þarna komum við einmitt að því að þarna verður greinilega *um ákveðið kynslóðastríð að ræða. Það er gamla* fólkið sem á að taka við þessu af því að um er að ræða lán úr lífeyrissjóðunum, en það verður fólkið sem verður á aldri hins vinnandi manns sem á að greiða og þá með sköttum sem sannarlega verða óhugnanlega háir vegna þess að þessi upphæð, sem núna er verið að taka, er orðin að 33 árum liðnum með því vaxtastigi sem núv. ríkisstjórn hefur kosið sér, og ef við gerum ráð fyrir að lánið sé framlengt í 33 ár, hvorki meira né minna en upphæð sem jafngildilr öllum innheimtum söluskatti, bæði til ríkis og sveitarfélaga. Það eru drápsklyfjar. Og svarið er: Þær klyfjar lenda á skattgreiðendum þegar þar að kemur.

Þetta er einmitt það hrikalega við stefnu ríkisstjórnarinnar og það er þess vegna sem við í stjórnarandstöðu hljótum að hafa uppi allsterk aðvörunarorð því að allt ráðslag ríkisstjórnarinnar í fjármálum einkennist af vinnubrögðum af þessu tagi. Það einkennist auðvitað sérstaklega af því að kosningar nálgast. Það einkennist af því að vandamálunum er sópað undir teppið hverju af öðru. Lítum bara á dæmin úr þessari lánsfjáráætlun.

Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að hitaveitur landsins standa illa. Það þarf að útvega lán til þess að hægt sé að halda þeim gangandi. Hitaveitur eiga að taka lán skv. þessari lánsfjáráætlun upp á 350 millj. En er þetta öll upphæðin? Nei, það hefur þegar komið fram, m.a. hjá hv. formanni nefndarinnar, að stærstu upphæðunum er sleppt. Það eru bara teknar þær hitaveitur sem eru með hæfilega lágar lántökur, en öllum meiri háttar lántökum er sópað undir teppið. Það eru Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness, Hitaveita Vestmannaeyja og Hitaveita Akureyrar. Hitaveita Borgarfjarðar mun þurfa að taka 23 millj. kr. lán sem er verulega miklu hærri fjárhæð en hún endurgreiðir af lánum. Og þetta er bara í reksturinn þannig að hún er raunverulega alltaf að grafa sig dýpra og dýpra niður í kviksyndið. Hitaveita Vestmannaeyja þarf að taka 39 millj. kr. lán og Hitaveita Akureyrar þarf að taka 270 millj. kr. lán. En frekar en fara að sýna þjóðinni að hitaveiturnar eigi að taka lán upp á — það hefði þá orðið 681 millj., þá þykir heppilegra að hafa upphæðina helmingi lægri, þ.e. 350 millj., miklu skemmtilegri og penni upphæð, og síðan kemur í einni setningu í frv. að fjmrh. geti bjargað hinum vandamálunum eftir hentugleikum á síðara stigi og þarf þá ekki að nefna neinar tölur í frv. sem hefðu kannske verið heldur ófrýnilegar gagnvart hv. kjósendum.

Í raun og veru hefur maður sterkan grun um að spurningin um þessar 2000 millj. sé eiginlega alveg nákvæmlega sama eðlis. Ég spurði hæstv. fjmmrh. að því við 2. umr. málsins hvort búið væri að semja við lífeyrissjóðina um 2000 millj. kr. lán. Þar af eiga 1300 að fara til ríkissjóðs og 700 til fjárfestingarsjóðanna. En ég fékk aldrei neitt svar við þeirri spurningu. Ég tel að hæstv. fjmrh. verði að koma hér á eftir upp og svara spurningunni: Er hann búinn að semja um þetta fé? Auðvitað vitið þið öll að hann er ekki búinn að því. En ég held að það sé þörf á því að láta hann lýsa þessu yfir þannig að það sé staðfest og komi opinberlega fram.

Í öðru lagi, vegna þess að við vitum að svarið verður neikvætt, mætti hann svara spurningunni: Hefur hann þá leitað eftir þessu láni? Hafa viðræður farið fram við lífeyrissjóðina? Er eitthvað vitað um undirtektir við þessari lánsbeiðni eða er þetta allt meira eða minna út í loftið og byggir ekki á einu eða neinu öðru en vilja ráðherrans til að sópa vandamálunum undir teppið og láta tölurnar í lánsfjáráætluninni líta betur út og láta upphæð erlendrar lántöku vera töluvert miklu lægri með þessu? Hún lækkar auðvitað um 2000 millj. kr. með því að menn þykjast ætla að útvega 2000 millj. sem menn eiga ekki ráð á og eiga eftir að útvega, eiga meira að segja eftir að biðja um sennilega, og geta þannig látið hlutina líta betur út. En ég vænti þess að hæstv. ráðh. komi hér og svari þessari spurningu og er reyndar fullviss um að svo hlýtur að vera.

Ég bið forseta að tryggja að hæstv. ráðh. sé hér inni því að ég var ekki alveg búinn að spyrja hann.

(Gripið fram í: Ráðherra hefur svarað, er það ekki?)

Jæja, þá skulum við sleppa honum. Við verðum að koma því til hans með einhverjum öðrum hætti. En ég læt ekki nægja að spyrja hann um hvort hann sé búinn að leita eftir þessu láni og hvort hann sé búinn að fá einhverjar undirtektir. Ég vil líka vita hvort hann telji einhverjar minnstu líkur á því að lífeyrissjóðirnir telji sig aflögufæra um 85% af ráðstöfunarfé sínu því að það er ljóst að ef hann fengi lífeyrissjóðina til að lána sér þetta fé hefðu lífeyrissjóðirnir á næsta ári aðeins 15% af ráðstöfunarfé sínu til útlána. Ég er nokkurn veginn viss um það, miðað við að lífeyrissjóðir landsins hafa verið reknir eins og lánastofnanir og menn hafa verið að lána þar út töluvert fé til sjóðfélaganna, að ekki verði margir lífeyrissjóðir í landinu sem treysta sér til að verða við þessari beiðni. En mig langar til að spyrja ráðherrann að því: Telur hann það líklegt? Það gæti verið til marks um óraunsæi ráðherrans hvert svarið verður.

Hér er um algerlega óútfylltan víxil að ræða, sem verið er að gefa út, og það er eingöngu í því skyni að láta lánsfjáráætlunina líta sem best út á pappírnum. Ég sé því ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þessa frv. sem ég tel heldur marklítið.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mjög mikið, en vil koma að örfáum atriðum varðandi frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umræðu.

Ég vil að gefnu tilefni koma inn á 27. gr. frv. í upphafi máls míns, en greinin fjallar um tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem gert var ráð fyrir að mundu renna í ríkissjóð beint en ekki til Ríkisútvarpsins og það ákvæði væri afturvirkt skv. frv. Það urðu miklar umræður um þessa grein við 1. umr. frv. og við framsóknarmenn í þessari hv. deild gagnrýndum nokkuð þetta ráðslag. Nú hefur orðið samkomulag um að þetta ákvæði verði ekki afturvirkt og þessar tekjur á yfirstandandi ári renni til Ríkisútvarpsins, enda er hér um háar fjárhæðir að ræða og hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Mun hér vera um allt að 130–140 millj. að ræða á þessu ári vegna þess að innflutningur er mjög mikill. Ég geri grein fyrir að við höfum fallist á þá brtt. sem formaður fjh.- og viðskn. lýsti áðan.

Almennt talað um frv. ber það keim af því að ríkissjóður verður sýnilega afgreiddur með greiðsluhalla á þessu ári. Málflutningurinn hefur verið þannig hjá stjórnarandstöðunni að deilt hefur verið á þau skerðingarákvæði sem hafa verið og eru í þessu lánsfjárlagafrv. Það eru vissulega mörg þörf mál sem fá ekki sitt lögboðna framlag eins og hér hefur fram komið. Að hinu leytinu er deilt á of miklar lántökur og skuldasöfnun og óráðsíu og er erfitt að koma þessu öllu heim og saman.

Það er þó ekki því að neita að hér hafa komið fram brtt. til lækkunar frá Alþfl. Þær eru dálítið merkilegar og ég get ekki orða bundist yfir þeim. Þar er lagt til að allir atvinnuvegasjóðirnir verði

skertir mjög verulega og einn þó langmest og það er Byggðastofnun. Ég hlýt að undrast það hugarfar sem liggur þar að baki því ég hélt að það væri einmitt ekki vanþörf á að sú stofnun tæki verulega á í uppbyggingu atvinnulífsins um þessar mundir og ég hef verulegar athugasemdir við það að sú stofnun eigi sök á óarðbærum fjárfestingum í landinu.

Formaður fjh.- og viðskn. bar fram fyrir þingheim samviskuspurningu og ég mun leitast við að svara henni. Ég hef hugsað um þetta nokkuð því að þetta hefur oft borið á góma í fjh.- og viðskn. og milli okkar hv. 4. þm. Norðurl. v. Málið er einfalt. Skattgreiðendur komandi kynslóðar munu borga þessar opinberu skuldir og þeir lánasjóðir sem lánin eru tekin hjá munu taka við. Ef það er tekið hjá innlendum lánasjóðum munu þeir að sjálfsögðu taka við þeim greiðslum.

Hins vegar held ég að áhyggjur okkar af þessum skuldum hljóti að fara eftir því hvort við gætum haldið stöðugleika í efnahagsmálum, hvort við gætum haldið verðbólgunni niðri og hvort við gætum byggt upp nægilega öflugt atvinnulíf til þess að fólkið hafi kaupgetu og greiðslugetu til að greiða þessar skuldir. Það er aðalatriðið að við getum byggt nægilega upp fyrir framtíðina til að greiða þessar skuldir, þá held ég að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því, og ef við getum haldið stöðugleika í efnahagslífinu og haldið lágu verðbólgustigi. Ef við missum verðbólguna upp aftur þurfum við að hafa verulegar áhyggjur af þessum skuldum hvort sem þær eru innlendar eða erlendar. En við byggjum að sjálfsögðu ekki upp atvinnulífið í landinu ef við samþykkjum brtt. um að skera alla atvinnuvegasjóði niður við trog. Þó að menningin sé góðra gjalda verð og félagsmálin þá verður aldrei velferð í þjóðfélaginu nema atvinnulífið sé traust. Það er undirstaðan og á öflugu atvinnulífi verðum við að byggja okkar velferðarþjóðfélag. Ég vona að okkur takist það og ætla að láta það verða mín lokaorð að sinni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur þegar greint frá áliti minni hl. fjh.- og viðskn., sem ég rita undir, á frv. til lánsfjárlaga og einnig hef ég rætt frv. nokkuð við 2. umr. þess. Ég ætla því ekki að verða langorð um það nú.

Eins og ég hef áður rætt er erlend skuldasöfnun, innlend lántaka og halli ríkissjóðs í ógnvekjandi stærðargráðum þessa stundina og virðist ekkert lát vera á skuldasöfnuninni.

Í hádeginu í dag fékk fjh.- og viðskn. framreikninga á þessu lánsfjárlagafrv. vegna áhrifa síðustu kjarasamninga á stærðir í ríkisfjármálunum og þá fengum við einnig aðrar þær breytingar sem orðið hafa á þessu frv. á milli 2. og 3. umr. Það var vitað fyrir fram að þessar upplýsingar kæmu ekki fyrr. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna hv. formann fjh.- og viðskn. fyrir að hafa ekki gefið nefndarmönnum lengri tíma til að íhuga þessar upplýsingar. Það er ekki við hann að sakast í því efni og við nefndarmenn vissum fyrir fram að ekki mundi verða meiri tími til að íhuga þessa hluti en raun hefur orðið á. En staðreyndin er sú að það er ekki nokkur leið meðfram fundarsetum í allan dag að kynna sér nákvæmlega þær tilfæringar sem orðið hafa á frv. og því er til lítils að fjalla mikið um þær nú.

Í þessari málsmeðferð er á ferðinni gamalkunn og að mínu viti ámælisverð stjórnunaraðferð í þinginu. Upplýsingar, tillögur og málin sjálf ber oft svo brátt að að hv. þm., bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, gefst lítill eða enginn tími til að kynna sér málin til nokkurrar hlítar og því ekki heldur færi á að fjalla um þau af einhverjum kunnugleika. Þetta er að sönnu óþolandi, ekki síst fyrir hv. stjórnarþm. sem bera ábyrgð á samþykkt frumvarpa eins og þess sem er nú til 3. umr. og sem þeir hafa haft lítinn tíma til að skoða grannt í þeirri mynd sem það er nú.

Ég samþykki ekki þetta frv. og kvarta því ekki undan því að þurfa að bera ábyrgð á einhverju sem ég hef ekki getað kynnt mér nægilega vel heldur undan því að þessi skammi tími kemur í veg fyrir að ég geti komið öllum þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég hefði viljað við umræðu þessa máls. Þannig hefta þessi vinnubrögð í raun það lýðræði sem hv. Alþingi grundvallast á og því hvorki get ég né vil ég venjast.

Áætlaðar lántökur ríkisins næsta ár eru gífurlegar. Baggarnir, sem verið er að binda fyrir eftirkomendurna að bera, léttast ekki heldur þyngjast þeir. Þetta atriði hefur orðið hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni hugstætt því að hann hefur beðið menn um að svara sér því, ef ég tók rétt eftir, hverjir fái endurgreitt það fé sem ríkissjóður tekur að láni innanlands, m.a. hjá lífeyrissjóðunum. Ég vona að þetta sé réttur skilningur á spurningu hv. þm. Það má snúa þessari spurningu við og spyrja sem svo: Hverjir erfa landið og hvað er það sem menn erfa?

Spurning hv. þm. mun vera sprottin af því sem ég sagði við 2. umr. þessa máls um auknar erlendar lántökur handa komandi kynslóðum að pínast undir og sennilega er þar dálítill misskilningur á ferðinni því að þar var ég að ræða um erlendar lántökur. Hvað þær varðar er enginn vafi á því að þar erfa komandi kynslóðir aðeins skuldirnar og ekkert annað. Endurgreiðslurnar fá erlendir lánardrottnar. Og það eru engar smáskuldir sem þarna er um að ræða. Skv. Hagtölum Seðlabankans voru erlendar skuldir opinberra aðila og lánastofnana rúmir 64 milljarðar í júní s.l. og hafa aukist á milli ára.

Hvað innlendar lántökur varðar horfir málið ekki mikið öðruvísi við. Fyrsta spurningin hvað varðar innlendu lántökurnar er sú hvort þrautpíndum ríkissjóði, sem nú er rekinn með gríðarlegum halla ár eftir ár, tekst nokkurn tíma að greiða þetta fé til baka. Ég held að það sé full ástæða til að efast um að þarna verði einhverjar verulegar endurgreiðslur því eins og hér hefur komið fram munu þær upphæðir, sem hér er áformað að taka að láni innanlands, vaxa gríðarlega á lánstímanum þannig að þetta eru hrikalegar upphæðir þegar allt kemur til alls. Ef ríkissjóði

tekst ekki að greiða þetta til baka fær vitaskuld enginn neitt. Það er alveg ljóst. Ef ríkissjóði tekst að standa í skilum og greiða þessi innlendu lán er deginum ljósara að komandi kynslóðir skattgreiðenda munu fá í sinn hlut að standa undir þeim tekjum ríkissjóðs sem þarf til að greiða þær skuldir sem hann ætlar sér að stofna til núna innanlands og að þeir stóru árgangar, sem nú eru á besta aldri og eiga raunar afskaplega fá börn og sífellt færri börn, m.a. vegna þess að íslenskt þjóðfélag er ekki beinlínis skipulagt með tilliti til barna, þessir fámennu árgangar, sem koma til með að erfa landið og skuldirnar, koma einnig til með að standa undir þeim greiðslum sem þarf til að ríkissjóður geti endurgreitt þessi innlendu lán. Þá verðum við og þeir sem eru nokkru eldri en ég sennilega öll komin á elliheimili og þurfum á lífeyri úr lífeyrissjóðunum að halda til að tryggja afkomu okkar. Þar með verða það þær kynslóðir sem nú eru að taka innlendu lánin sem á endanum fá þær endurgreiðslur sem til verður að dreifa, þ.e. þeir sem ætla núna að taka innlend lán til að reka ríkissjóð eru þeir sömu sem munu fá endurgreiðslurnar af lánunum í sinn hlut. Segja mætti mér að slíkur kynslóðaójöfnuður þekkist óvíða, á því eru allar líkur að sama kynslóðin njóti bæði lánanna og endurgreiðslnanna. Ég vona að með þessu hafi ég svarað spurningu hv. þm. fyrir mína parta.

Það er ýmislegt hægt að segja um þær hækkanir á þessu frv. og tilfærslur sem orðið hafa hér á milli umræðna. Niðurstaðan er þó ósköp einföld í raun-inni. Skv. lánsfjárlagafrv. og fjárlagafrv. og lánsfjárlögum síðasta árs og fjárlögum síðasta árs er það stefna þessarar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum að auka og standa að hrikalegum lántökum eða skuldasöfnun, hvort orðið sem menn vilja nota. Það sýna verkin þótt orðin þeirra séu eitthvað töluvert í aðra veru oft og tíðum, en það eru vitaskuld verkin sem tala endanlega, ekki orðin tóm.

Eins og ég sagði hef ég áður rætt um helstu liði þessa frv. og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég trúi því að hv. þingdeildarmenn séu minnugir a.m.k. á það sem þeir vilja muna. Eins og hér hefur komið fram ítrekað er ekki aðeins um hrikalegar lántökur að ræða heldur bendir margt til að áætlanir frv. fái ekki staðist og óvíst hver leiðarendi þessara mála verður. Ég mæli ekki með samþykkt frv.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það væri vissulega ástæða til að gera ýmsar greinar frv. til lánsfjárlaga að sérstöku umræðuefni hér, en það hefur þegar verið allítarlega gert af hálfu stjórnarandstöðunnar og hv. 8. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna til þessa máls. Ég mun þess vegna að mestu í þessari minni ræðu einbeita mér að því að fjalla um eina grein þessa frv., þ.e. 28. gr., sem ég hef á þskj. 351 leyft mér að flytja brtt. við, en sú grein er ein af mörgum skerðingargreinum í II. kafla frv. þar sem ákvæði nýsamþykktra útvarpslaga um tekjustofna Ríkisútvarpsins eru numin úr gildi.

Nú hefur það að vísu gerst frá því að ég flutti brtt. mína að formaður fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur flutt brtt. við þessa grein þess efnis að sú skerðing sem þar um ræðir nái aðeins til ársins 1987, ekki til ársins 1986. Þetta er góðra gjalda vert, en þó er skrefið ekki stigið nema hálft en kemur raunar ekki á óvart vegna þess að ég sé ekki betur en það sé í andstöðu við alla meginstefnu hans flokks, Sjálfstfl., að hafa fjármálaákvæði af þessu tagi afturvirk eins og frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að svipta Ríkisútvarpið í desember þeim tekjum sem það hafði reiknað með að hafa til ráðstöfunar allt árið. Það er í fullkominni andstöðu við alla stefnu Sjálfstfl. í fjármálum að grípa til slíkra aðgerða. Og það er ekki bara í andstöðu við meginstefnu þess flokks. Þetta er einfaldlega ekki hægt að gera þó svo menn hafi ætlað sér að gera það hér.

Í öðru lagi er rétt að geta þess að tekjurnar af þessu gjaldi á yfirstandandi ári eru verulega miklu meiri en gert var ráð fyrir í áætlunum Ríkisútvarpsins fyrir þetta ár og það er auðvitað gott. Það var ætlað að þessar tekjur yrðu 50 millj. kr., en þær eru verulega miklu hærri, sjálfsagt einar 120–130 millj. a.m.k., þannig að hér er um verulega fjármuni að ræða og ég er ekkert að gera lítið úr því. En þetta mál snýst hins vegar ekki um að slaka til með afturvirknina sem ég var áðan, hæstv. fjmrh., að segja að hlyti að vera í andstöðu við alla meginstefnu Sjálfstfl., að hafa þannig afturvirkar fjármálaráðstafanir, hvort sem það er skattlagning eða eitthvað annað. Þarna er verið að gera upptækar tekjur sem búið var að fá ákveðinni ríkisstofnun.

En það er annað atriði í þessu máli sem skiptir miklu meira máli. Ég mun ekki, virðulegi forseti, verða mjög langorður, en þó tel ég alveg nauðsynlegt að taka nokkurn tíma, enda þótt kvöldsett sé orðið, til að ræða þetta mál.

Útvarpsstjóri hefur skrifað þingflokkunum og ég tel nauðsynlegt vegna þess hvernig þetta mál er vaxið að bréf útvarpsstjóra verði gert heyrum kunnugt í þessari hv. deild. Með leyfi forseta ætla ég að lesa bréf útvarpsstjóra sem ég þarf ekki að taka fram að hefur um árabil verið einn af helstu trúnaðarmönnum Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur og hefur nú tekið við þessu veigamikla embætti. Ég skil vel að hæstv. fjmrh. skuli þá yfirgefa salinn, en ég ætla svo sem ekkert að vera að kalla eftir honum vegna þess að ég veit að hann hefur fengið þetta bréf líka. En málavaxta vegna finnst mér nauðsynlegt að þetta bréf sé að finna í Alþingistíðindum og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það:

„Í athugasemdum við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 segir svo m.a. varðandi Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóð bls. 298:

„Samkvæmt útvarpslögum eiga aðflutningsgjöld og sölugjald af innfluttum sjónvarps- og sjónvarpstækjum að renna til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru, en

Ríkisútvarpið hefur í áætlun sinni metið þær 50 millj. kr. Í þessu frv. er við það miðað að lögum verði breytt þannig að aðflutningsgjaldatekjur renni í ríkissjóð. Ráðstöfunarfé sjóðsins skerðist því að sama skapi. Ekki er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins til byggingarframkvæmdanna. Fjármál Ríkisútvarpsins, þar með framkvæmdasjóðs, þarfnast nánari umfjöllunar fyrir afgreiðslu fjárlaga."

Vegna lokaorða í ofanritaðri tilvitnun skal því fagnað sérstaklega að þessi mikilsverðu málefni Ríkisútvarpsins skuli fá sérstaka umfjöllun við afgreiðslu fjárlaga. Ríkisútvarpið vill fyrir sitt leyti koma á framfæri eindregnum mótmælum við þeim áformum sem lýst er í tilvitnuðum athugasemdum og varar jafnframt við þeim háskalegu afleiðingum sem slík skerðing á tekjustofnum þess hefði í för með sér. Óþarft er að rifja upp fyrir hv. alþm. þær breytingar sem þeir ákváðu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins er ný útvarpslög voru afgreidd fyrir rúmu ári. Þó skal áréttað að í hinni nýju löggjöf, sem nú hefur gilt í tæpt ár, segir svo m.a. í 22. gr.:

„Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða."

Aðflutningsgjöldin voru nýr tekjustofn sem útvarpslaganefnd hafði lagt til að tekinn yrði upp vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar á auglýsingatekjum sem Ríkisútvarpið yrði fyrir þegar samkeppni í útvarpsrekstri tæki að gæta. Jafnframt var sett í hin nýju útvarpslög ákvæði um að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau skyldu renna óskipt í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, en fé hans skal varið til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi þess.

Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpið þurft í sífellt auknum mæli að byggja afkomu sína á sölu auglýsinga þannig að auglýsingatekjur námu árið 1985 rúmlega 65% af tekjum hljóðvarps og 34% af tekjum sjónvarpsins. Hlutfall afnotagjaldsins í heildartekjum hefur farið hraðlækkandi síðasta áratuginn, var 55,9% fyrir hljóðvarp 1976 en 31,3% 1985 og 74,2% fyrir sjónvarp 1976 en 63,7% 1985.

Vegna fyrirsjáanlegrar samkeppni um auglýsingar ákvað löggjafinn þá skiljanlegu varúðarráðstöfun til tryggingar óskertum rekstri og framkvæmdum Ríkisútvarpsins að ætla því nýjan tekjustofn sem aðflutningsgjöldin eru. Það skal tekið fram að ekkert af aðflutningsgjöldum þessa árs hefur verið gert upp við Ríkisútvarpið. Nú er þvert á móti gert ráð fyrir að stofnunin verði svipt tekjum þessa árs og hins næsta af hinum nýja tekjustofni sem útvarpslög ákvarða henni. Ríkisútvarpið áætlaði þennan tekjustofn um 50 millj. kr., en nýjustu upplýsingar benda til að aðflutningsgjöld og sölugjald af viðtækjum nemi rúmlega 100 millj. kr. á þessu ári.

Það hefur reynst rétt ályktun útvarpslaganefndar að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins mundu verulega dragast saman í samkeppni útvarpsstöðva. Reynsla undanfarinna mánaða leiðir þetta ótvírætt í ljós, einkanlega í hljóðvarpi. Því er það alger forsenda fyrir óskertri þjónustu við landsmenn alla og áframhaldandi eflingu dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps um landið að Ríkisútvarpið haldi lögbundnum tekjustofnum sínum óskertum. Í því sambandi skal sérstök athygli vakin á samþykkt sem gerð var með samhljóða atkvæðum allra fulltrúa í útvarpsráði á fundi þess hinn 17. okt., en hún er svohljóðandi:

„Útvarpsráð mótmælir þeim áformum sem uppi eru í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 þar sem ráðgert er að svipta Ríkisútvarpið mikilvægum tekjustofni. Útvarpsráð minnir á að staðfest var í nýjum útvarpslögum, sem tóku gildi um síðustu áramót, að Ríkisútvarpið hefði tekjur af aðflutningsgjöldum hljóðvarps- og sjónvarpstækja og hluta til þeirra. Ekkert hefur breyst sem réttlætir að svipta stofnunina þessum tekjum. Miklu fremur ættu stjórnvöld að kappkosta að treysta rekstur Ríkisútvarpsins sem mikilvægrar menningarstofnunar og öryggistækis alþjóðar."

Ríkisútvarpið treystir því að hv. alþm. sýni skilning á hinum sérstöku aðstæðum sem stofnunin stendur frammi fyrir um þessar mundir og að ekki verði gripið til ótímabærrar niðurfellingar veigamikils tekjustofns sem skiptir sköpum fyrir afkomu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst.
Markús Örn Antonsson."

Þá hef ég lokið lestri þessa bréfs, virðulegi forseti, en ég skil í rauninni ákaflega vel að hæstv. fjmrh. skyldi hafa horfið úr salnum vegna þess að ég held að í þessu máli hafi hann ekkert mjög góða samvisku. Staðreynd er að þegar var verið að vinna að nýju útvarpslagafrv. hér á Alþingi um árið var jafnan sagt að það væri ekki ætlunin að ganga á hlut Ríkisútvarpsins eða skerða hann með neinum hætti, þessarar stofnunar okkar allra, þessarar stofnunar sem sendir dagskrá um landið allt. Það var margtekið fram af hálfu stjórnarsinna. Raunar var útvarpslagafrv. á sínum tíma samþykkt með atkvæðum minni hluta Alþingis og stjórnarflokkarnir voru klofnir í málinu. Það var hvað eftir annað sagt og hefur hvað eftir annað verið endurtekið, m.a. af hæstv. menntmrh., að menn vilji Ríkisútvarpinu allt það besta og vilji styrkja stöðu þess og gera veg þess sem mestan. Þetta eru orðin, en hverjar eru gerðirnar? Gerðirnar koma í ljós þegar gengið er þvert á það sem var meginsjónarmið við samþykkt útvarpslaganna, þ.e. að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins þegar ríkisstjórnin sviptir stofnunina þeim tekjum sem henni voru fengnar með útvarpslögum til að tryggja stöðu hennar í samkeppninni, í þeirri samkeppni sem nýju útvarpslögin opnuðu leið fyrir og sem er ekkert við að segja. Það er hins vegar ámælisvert og miklu meira en ámælisvert þegar menn gefa sér þær forsendur við samþykkt nýju útvarpslaganna að það eigi að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins með þessum

hætti, af því að fyrirsjáanlegt sé að það tapi auglýsingatekjum með tilkomu annarra útvarps- og sjónvarpsstöðva eigi að tryggja stöðuna með þessu. Þegar útvarpslögin hafa verið í gildi í tæpt ár er það ríkisstjórn Sjálfstfl. og framsóknar sem sviptir Ríkisútvarpið þessum tekjustofni. Mér er alveg sama hvað þessir ágætu menn segja um þann hug er þeir beri til Ríkisútvarpsins og hvað þeir vilja gera. Mér er alveg sama um allar þeirra yfirlýsingar. Hér tala verkin. Ríkisútvarpið stendur í því að eignast eigið húsnæði, umdeilda byggingu að vísu sem ég hef ýmislegt við að athuga og hefði kosið að sjá margt þar öðruvísi gert með skynsamlegri hætti. Um það er ekki að sakast nú vegna þess að það mál er það langt komið. En við skulum líka gera okkur grein fyrir því að það verður að byggja nýja langbylgjustöð á næstunni sem kostar 300 millj. kr. bara til að tryggja að Ríkisútvarpið geti áfram verið það öryggistæki sem það hefur verið þessari þjóð sem hvenær sem er og meira en aðrar þjóðir á von á því að hér gerist náttúruhamfarir af ýmsu tagi. Það kostar 300 millj. kr. að byggja nýja langbylgjustöð. Það er einhver guðs mildi sem hefur bjargað því að stengurnar við langbylgjustöðina, loftnetsmöstrin, hanga enn uppi.

Það ánægjulega gerðist þegar þetta mál var hér til 1. umr. að þm. Framsfl., a.m.k. tveir þeirra, hv. 9. þm. Reykv. og að ég hygg líka hv. 4. þm. Austurl., lýstu því yfir að þeir mundu ekki samþykkja þessa skerðingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins. Þetta kom mér raunar ekkert á óvart vegna þess að afstaða þeirra þegar útvarpslögin voru hér til umræðu á sínum tíma var mjög eindregin. T.d. sagði hv. þm. Haraldur Ólafsson þann 14. maí þegar útvarpslögin voru til umræðu í Ed., með leyfi forseta:

„Til að standa undir auknum kostnaði við rekstur Ríkisútvarpsins höfum við framsóknarmenn verið dálítið hikandi að ganga langt í að minnka auglýsingatekjur útvarpsins. Þar af leiðandi höfum við haldið nokkuð fast við það að auglýsingar yrðu ekki með öllu gefnar frjálsar í öðrum útvarpsstöðvum."

Það var raunar ýmislegt fleira sagt í þessum umræðum um útvarpslögin. Hæstv. þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir sagði er hún mælti fyrir málinu í þessari hv. deild og var þar að vitna í forsendur útvarpslaganefndarinnar:

„Að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá öllum landsmönnum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo geti orðið."

Hér er verið að ganga þvert á þetta. Ég fæ ekki annað séð af þessari ræðu hæstv. þáv. menntmrh. en að hún hafi gert þessar röksemdir útvarpslaganefndarinnar að sínum í þessum umræðum.

En ég get ekki á mér setið, virðulegi forseti, vegna þess hvernig þetta mál nú er komið og hvernig það er vaxið, að minna á ýmis fleiri ummæli hv. þm. Framsfl. úr umræðum í Ed. 11. júní 1985 um þau lög sem nú hafa gilt í tæpt ár. Ég veit að hv. þm. Haraldur Ólafsson þekkir vel til málefna Ríkisútvarpsins, hefur raunar starfað þar og hefur alla tíð haft mjög eindregna afstöðu í málefnum Ríkisútvarpsins og mjög skynsamlega að mínu mati. Það urðu verulegar umræður um auglýsingamálið í þessum umræðum, enda var eðlilegt að menn hefðu um þetta efasemdir. Hv. þm. Haraldur Ólafsson sagði 11. júní, með leyfi forseta:

„Varðandi auglýsingamálið er það að segja að skv. hinum nýju lögum eru Ríkisútvarpinu lagðar ýmsar nýjar skyldur á herðar, m.a. þær að koma upp fræðsluútvarpi og að Rás 2 nái um allt land. Að því er nú reyndar unnið en það kostar fé. Það er einnig rætt um að sjónvarp skuli ná til næstu miða. Það getur hugsanlega verið atriði sem kallar á auknar fjárveitingar. Þá er einnig gert ráð fyrir, og það er ekki lítils um vert, að aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps á vegum Ríkisútvarpsins verði komið upp í öllum kjördæmum landsins. Þegar hér er svo að staðið hlýtur það að vera meginkrafa að möguleikar Ríkisútvarpsins til tekna séu ekki skertir. Með því að gefa auglýsingar frjálsar í öllum stöðvum, hvort sem unnt er að innheimta afnotagjald eða ekki, liggur það í augum uppi að verið er að draga úr tekjuöflunarmöguleikum Ríkisútvarpsins. Þar af leiðandi hef ég leyft mér að flytja till. um að í þeim stöðvum og við þau skilyrði að unnt er að innheimta afnotagjöld af útsendu útvarps- eða sjónvarpsefni skuli auglýsingar ekki leyfðar."

Ég ætla að vitna aftur í ræðu þessa hv. þm., með leyfi forseta:

„Að lokum þetta. Tilgangur útvarpslaga er að mínu mati fyrst og fremst sá að efla Ríkisútvarpið, hið raunverulega þjóðarútvarp á Íslandi. Hins vegar á að gefa öðrum aðilum kost á að reka útvarpsstöðvar, en það má ekki vera á kostnað þess miðils sem hátt á sjötta áratug hefur verið ein merkilegasta, fjölbreytilegasta og kannske þegar allt kemur til alls áhrifaríkasta menningarstofnun landsins."

Þetta tek ég heils hugar undir. Þessu er ég hjartanlega sammála. En mér þykir sem hér hafi ríkisstjórnarmeirihlutinn og þá einkum Sjálfstfl. gengið rækilega á bak orða sinna. Nú er verið að gera allt annað en talað var um þegar útvarpslögin voru keyrð í gegnum Alþingi. Ég hafði ýmislegt við það frv. að athuga og þau lög sem samþykkt voru. Ekki það að útvarpsrekstur væri gefinn frjáls. Það var óhjákvæmilegt. Það var svar við kröfum tímans. Og sá útvarpsrekstur sem við höfum heyrt skv. þessum nýju lögum hefur að mörgu leyti verið afar athyglisverður. Hann hefur að ýmsu leyti verið mjög góður. Þar hefur að mörgu leyti verið farið inn á nýjar brautir og margt mjög fagmannlega og vel gert. Hins vegar hefur líka auðvitað, svo sem eðlilegt er, eitt og annað komið í ljós sem betur mætti fara og þá á ég kannske fyrst og fremst við vissan viðvaningsbrag sem sjálfsagt stendur til bóta, en þó kannske ekkert síður það, sem mér finnst mjög athugavert og umhugsunarvert og þess hefur raunar gætt hjá Ríkisútvarpinu líka því miður í vaxandi mæli, hversu óglögg mörk eru farin að

verða víða milli dagskrárefnis og auglýsinga. Um þetta höfum við í hinu nýja útvarpi heyrt ýmis býsna hláleg dæmi og raunar, því miður verð ég að segja, í Ríkisútvarpinu líka. Það er þróun sem er óæskileg vegna þess að hlustendur og horfendur alveg eins og lesendur eiga kröfu til þess að gerð séu glögg skil milli efnis og auglýsinga. Það er raunar verkstjórnar- og vinnulagsatriði og það er eiginlega atriði, að mér finnst, sem varðar beinlínis starfsheiður fréttamanna og blaðamanna.

Ég ætla, virðulegi forseti, með leyfi enn einu sinni að vitna í ræðu sem hv. þm. Haraldur Ólafsson flutti um þetta mál. Hann flutti nefnilega margar og mjög góðar ræður þegar útvarpslögin voru hér til umræðu, eins og hann gerir reyndar nær ævinlega, vil ég leyfa mér að segja. Hann sagði daginn eftir, 12. júní, með leyfi forseta:

„Ég vil taka það fram í sambandi við auglýsingar og ekki auglýsingar að það er ekki spurning um frelsi eða ekki frelsi. Það er spurning um fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins. Það er sú ástæða og sú ástæða ein sem hefur ráðið afstöðu Framsfl. til þessa máls. Við teljum að með þeim skyldum sem Ríkisútvarpinu eru lagðar á herðar verði að tryggja framgang þess með því að koma í veg fyrir að auglýsingatekjur þess skerðist að ráði. Ef svo fer að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins skerðast verulega hlýtur að verða að koma til mjög mikilla fjárveitinga úr ríkissjóði til þess að Ríkisútvarpið geti staðið við þær skyldur sem því ber að inna af hendi."

Ég tek undir þetta líka, þá hugsun sem í þessum orðum felst, vegna þess að þetta er alveg hárrétt. Mig eiginlega brestur orð til að lýsa réttilega þeim hugsunarhætti sem mér finnst felast í afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls. Fyrst er sagt: Við ætlum að gefa útvarpsrekstur frjálsan og við ætlum að tryggja Ríkisútvarpinu góðar tekjur af innflutningsgjöldum af útvarps- og sjónvarpstækjum til þess að það geti staðið vel að vígi í samkeppninni. Gott og vel. Útvarpslögin eru samþykkt með þessum tekjustofni. Þegar útvarpslögin nýju hafa gilt í eitt ár, tæpt þó, og það kemur í ljós að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins skerðast mjög verulega og þar með möguleikar þess til að rækja þær skyldur sem útvarpslögin leggja því á herðar koma þessir sömu ágætismenn og segja: Nei, nú tökum við þessar tekjur af Ríkisútvarpinu. Nú er útvarpsreksturinn orðinn frjáls. Lái mér hver sem vill, en mér finnst felast í þessum aðgerðum — það felst ekki í orðunum vegna þess að það er sagt annað er gert er — að það sé allt í lagi núna, nú geti Ríkisútvarpið veslast upp. Það er það sem í þessu felst. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því að hv. þm. Framsfl. í þessari deild hafi látið Sjálfstfl. þvinga sig í þessu máli, hafi látið beygja sig, jafnvel þótt hæstv. fjmrh. hafi fallist á að falla frá því að þessi ákvæði verði afturvirk. Ég er ekkert að vanmeta það. En það skilur Ríkisútvarpið eftir í bullandi óvissu um sinn rekstur næsta ár. Þetta þýðir örugglega að Ríkisútvarpið verður verulega að draga saman seglin á næsta ári. Eftir þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið og gefnar voru í umræðum um útvarpslögin í fyrra trúi ég því ekki fyrr en ég tek á því að Framsfl. ætli að standa að því að vega að Ríkisútvarpinu með þeim hætti sem nú á að gera.

Ég legg áherslu á að hér er um byggðamál að ræða. Hér er ekki hvað síst um að ræða mál þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Hér er ekki síst um mál þeirra að ræða og að Ríkisútvarpið geti haldið uppi eðlilegri þjónustu, gegnt sínu menningarhlutverki og ekki síður gegnt sínu öryggishlutverki gagnvart öllum þegnum þessa lands hvar sem þeir búa. Hér er um jafnréttimál að ræða, hér er um byggðamál að ræða og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þm. Framsfl. hafi verið kúgaðir til fylgis við þá stefnu Sjálfstfl. að kveða nú Ríkisútvarpið í kútinn, sauma nú rækilega að því, láta það visna og veslast upp eða a.m.k. að gera það lakar fært um að gegna þeim skyldum sem á það eru lagðar í útvarpslögunum.

Það mætti vissulega, virðulegi forseti, tala um þetta töluvert lengi, en ég skal senn fara að stytta mál mitt. Það er ekki ástæða kannske til að setja á langar ræður um þetta. En ég vara alvarlega við því sem hér er að eiga sér stað, ef þm. Framsfl. eru búnir að láta Sjálfstfl. svínbeygja sig í þessu máli og það á að ganga svo nærri Ríkisútvarpinu að það getur ekki haldið uppi eðlilegri þjónustu við alla landsmenn og það eigi að gefa einkastöðvunum enn þá fríara spil. Ég satt að segja held að hv. Framsfl. hljóti að hafa dottið á höfuðið að því er varðar þetta mál. En það kemur allt í ljós þegar þetta mál gengur til atkvæða.

Ég gæti haldið áfram að lesa tilvitnanir í ræður hv. þm. Framsfl. og raunar fleiri þm. um þetta mál, en ég hygg að ég láti staðar numið. Ég þykist hafa vitnað nóg í ræður þeirra. En ég neita því ekki, herra forseti, að ýmislegt fleira langar mig til að segja um þetta efni því að hér eru alvarlegir hlutir á ferð. Hér er verið að vega að jafnréttissjónarmiðum. Hér er verið að vega að landsbyggðinni eins og gert hefur verið í þeim hugmyndum, sem heyrast ekki mikið lengur, þegar hæstv. fjmrh. var að gera því skóna að það væri allt í lagi að selja Rás 2. En þegar betur var að gáð kom nú í ljós að það var ákaflega vanhugsuð hugmynd og raunar kannske óframkvæmanleg.

En það verður vissulega fróðlegt að sjá hvernig atkvæði falla þegar þetta mál kemur til atkvæðagreiðslu. Ég ítreka og vek athygli á því að það var beinlínis í hugum margra þm. ákvörðunarforsenda fyrir því að ljá frv. útvarpslaganna stuðning að þarna var Ríkisútvarpinu veittur tekjustofn sem það hafði raunar áður haft en var seinna svipt. Nú er komið aftan að mönnum með þetta og vegið að þessari stofnun.

Ég fullyrði að útvarpslögin hefðu ekki verið samþykkt á þinginu í fyrra ef Ríkisútvarpinu hefði ekki verið séð fyrir þessum tekjustofni. Ég er alveg sannfærður um það. Ég verð að segja að mér finnast þetta vera vinnubrögð sem eru alþm. ósamboðin, sem eru ráðherrum og ríkisstjórn ósamboðin. Þegar

fyrst er sagt já til að fá mál samþykkt og þegar búið er að samþykkja mál er blaðinu snúið við og sagt nei. Þetta er ólíðandi með öllu. Ég bíð þess satt að segja nokkuð spenntur að sjá hvernig atkvæði falla þegar hér fer fram atkvæðagreiðsla, væntanlega innan skamms.

Ég ítreka það enn einu sinni að hér er um jafnréttis- og landsbyggðarmál að ræða. Það getur vel verið að Framsfl. sé ekki lengur landsbyggðarflokkur og standi ekki lengur að því að fólk sem býr úti á landi geti notið góðrar þjónustu Ríkisútvarpsins. *Það getur vel verið að þessi breyting hafi átt sér* stað. En það kemur þá í ljós við atkvæðagreiðsluna á eftir.

Ég minni á það bréf sem þingflokkum öllum hefur borist frá útvarpsstjóra. Ég hef rætt þessi mál við útvarpsstjóra og *ég er ekki að ljóstra upp neinu* leyndarmáli þó ég vitni til þess samtals. Ég veit að hann hefur miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins á næsta ári þegar það nýtur ekki þessara tekna. Ég ræddi það við hann að sú leið væri e.t.v. til samkomulags í málinu að sett yrði einhvers konar þak á þetta. Ef innflutningur sjónvarpstækja yrði svo feiknarlega mikill að menn sæju ofsjónum yfir þeim tekjum sem Ríkisútvarpið fengi væri hugsanlega hægt að setja þak á þetta. Það væri í öðru lagi hægt að segja sem svo sem millileið til samkomulags að Ríkisútvarpið fengi við skulum segja 60 eða 70% af þessum innflutningsgjöldum. Það væri í þriðja lagi hægt að hugsa sér þá millileið, þá sáttaleið í málinu að Ríkisútvarpið fengi af þessu þær tekjur á næsta ári sem það hafði reiknað með að fá á þessu ári, þ.e. 50 millj. sem er verulega minna. Í samtali okkar útvarpsstjóra kom fram að þetta væru ekkert fráleitar lausnir.

Það leynir sér hins vegar ekki að þrátt fyrir fögur orð hæstv. menntmrh., og vildi ég gjarnan að hann segði álit sitt á þessu við þessa umræðu ef hann er í húsinu, herra forseti, yfirlýsingar hans um það að gera vel við Ríkisútvarpið, styrkja stöðu þess og íslenskrar menningar, stendur hann og hans ríkisstjórn að þessu máli. Hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu, (**Forseti:** Það upplýsist hér með að hann er ekki í húsinu.) heyri ég, og þykir mér það miður. En *ég segi það aftur og enn að ég gef lítið fyrir* yfirlýsingar af því tagi sem hæstv. menntmrh. hefur gefið þegar hann kemur hér í ræðustól og segist vilja Ríkisútvarpinu og þeirri menningarstofnun allt hið mesta og besta, en síðan gerir hans ríkisstjórn allt annað. Ég gef lítið fyrir slíkar yfirlýsingar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég tel mig hafa gert allrækilega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég hef áður lýst skoðunum mínum varðandi ýmsar aðrar greinar þessara lánsfjárlaga, svo sem að því er hitaveiturnar varðar og þau vandamál sem þær eiga við að stríða, og ég ætla ekki að gera það frekar að umtalsefni hér og nú.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur verið beint hér til *mín* tveimur fsp. Í fyrsta lagi um túlkun á því ákvæði sem fram hefur komið í brtt. hv. fjh.- og viðskn. og lýtur að heimild til að gera samninga um sérstakar ráðstafanir í þágu þeirra hitaveitna sem eiga nú við *mesta erfiðleika að etja*. Það hafa farið fram að undanförnu viðræður við fulltrúa þessara hitaveitna. Þær hafa ekki enn sem komið er leitt til niðurstöðu og af þeim sökum verður ekki kveðið á um það með skýrum hætti til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að *grípa í þessu efni. Fyrir því er ekki unnt á þessu stigi* að kveða nánar á um í hverju þessi heimild yrði þá endanlega fólgin, en nauðsynlegt þykir að halda þessum viðræðum áfram og hafa heimild til að ljúka þeim samningum og að því er stefnt með brtt.

Í öðru lagi var að því spurt hvort ríkisstjórnin hefði þegar samið við lífeyrissjóði um aukna lántöku bæði fyrir atvinnuvegasjóði og fyrir ríkissjóð sjálfan. Því er til að svara að þessir samningar hafa ekki verið gerðir. Það er ætlun ríkisstjórnarinnar að leita eftir þessu fjármagni með frjálsum samningum en ekki lagaboði eða tilskipunum og ég vænti þess fastlega að þau áform sem ríkisstjórnin hefur uppi í þessu efni muni takast. Það kom fram í álitsgerðum, sem aðilar vinnumarkaðarins sendu frá sér hér og lögðu fyrir ríkisstjórnina í tengslum við síðustu kjarasamninga, að þeir lögðu áherslu á að dregið yrði úr erlendri lántöku atvinnuvegasjóðanna og bentu á að sparnaður lífeyrissjóðanna yrði meiri en áður hafði verið áætlað og þar væru því möguleikar á auknum lántökum. Áður hafði ríkisstjórnin ákveðið að atvinnuvegasjóðirnir drægju úr erlendum lántökum og færu í ríkari mæli en áður hefur verið inn á innlendan lánamarkað. Það er augljóst mál að innlendur sparnaður hefur verið að aukast vegna breyttrar stefnu í peningamálum. Sparnaður lífeyrissjóðanna mun aukast á næstu árum, m.a. vegna þess að samið hefur verið um í áföngum að greiða iðgjöld *af öllum launum og það mun stórauka ráðstöfunarfé* lífeyrissjóðanna. Ég hef þess vegna fulla ástæðu til að ætla að með frjálsum samningum verði hægt að ná þessu fjármagni á innlendum lánamarkaði og þar á meðal hjá lífeyrissjóðunum eins og ráðgert er.

Ég vil í þessu sambandi minna á að við afgreiðslu lánsfjárlaga í fyrra var uppi mikil svartsýni af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar um að ríkisstjórninni tækist að afla þess lánsfjár sem þá var áætlað að taka að láni á innlendum markaði. Sérstaklega var því haldið fram að það væru gyllivonir einar að unnt yrði að ná 380 millj. í nýjum lántökum með sölu spariskírteina, en eins og menn muna var ráð fyrir því gert að selja spariskírteini fyrir rúmlega 2000 millj. kr. en leysa inn spariskírteini fyrir um 1700 millj. kr. Þetta þótti mönnum vera óhófleg bjartsýni vegna þess að áður hafði það ekki tekist á undanförnum árum að ná inn nýju lánsfé með þessum hætti. Reyndin hafði verið sú að það var meira innleyst af eldri skírteinum en selt af nýjum.

Staðreynd málsins var hins vegar sú þegar komið var fram á mitt þetta ár að ríkissjóður hafð náð inn nettó u.þ.b. 50% meira af nýjum lánum en ráðgert hafði verið þannig að fjáröflun eða lántaka með þessum hætti fór fram úr björtustu vonum sem ríkisstjórnin hafði sett sér og svartsýnisraddir stjórnarandstöðunnar urðu að engu. Reynslan sannaði annað og varð miklu betri en við þorðum að gera okkur vonir um þegar lánsfjárlög voru afgreidd í desember á síðasta ári. Þetta leiddi svo til þess að það var hægt að stöðva sölu á nýjum skírteinum og lækka vexti verulega á sérstökum spariskírteinum, svokölluðum skiptiskírteinum, sem haldið var áfram að gefa út, og þetta hafði áhrif til almennrar vaxtalækkunar í þjóðfélaginu. Reynslan sýnir okkur að sú breyting hefur orðið á peningamarkaðnum að við getum með nokkuð góðri vissu treyst því að með frjálsum samningum sé hægt að afla lánsfjár innanlands, enda hefur sparnaður aukist verulega.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, vegna þeirra fsp. sem hafa þegar komið í umræðunni, en að öðru leyti vil ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjót störf og mikla vinnu við afgreiðslu þessa máls.

Haraldur Ólafsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þessi lánsfjárlög í heild. Það hefur þegar margt verið sagt og margt rétt, bæði af stjórn og stjórnarandstöðu, um það mál. Ég ætla einungis að ræða í örfáum orðum um þá lagagrein sem fjallar um fjárveitingar í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins.

Það þarf svo sem ekki að fara í grafgötur með að ég tel að sú grein sem nú er orðin 28. gr. gangi algerlega þvert á þær yfirlýsingar og reyndar á þau lög sem samþykkt voru í fyrra um útvarp á Íslandi. Það er áhyggjuefni að svo hefur farið, sem við spáðum, að auglýsingatekjur mundu minnka mjög verulega, enda má segja að auglýsingamarkaðurinn á Íslandi sé þegar orðinn fullmettaður og kannske meira en það.

Framkvæmdasjóður útvarpsins er stofnun sem að sjálfsögðu verður að efla eftir föngum og það var óhugsandi fyrir okkur framsóknarmenn að fallast á þær till. sem voru í frv. hæstv. fjmrh. um þetta efni. Nú hefur hins vegar tekist að fá því framgengt að ákvæðið um afturvirkni er fellt niður og Ríkisútvarpið nýtur fullra tekna af aðflutningsgjöldum á því ári sem nú er að líða. Samkvæmt síðustu tölum mun hér vera um 130–140 millj. að ræða sem er verulega miklu meira en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum þar sem var talað um u.þ.b. 50 millj., ef ég man rétt.

Það var til umræðu að fara þá leið, sem hv. 5. landsk. þm. benti á, að skipta þessari fjárhæð, þ.e. að taka ákveðna prósenttölu af hvoru ári, skerða sem sagt framlögin um ákveðinn hundraðshluta, en það voru ýmis ljón þar á vegi og niðurstaðan varð sú að Ríkisútvarpið fái að njóta hinnar gífurlegu aukningar sem varð á innflutningi sjónvarpstækja á þessu ári sem hlýtur að teljast vera óvenjuleg á einu ári og nokkuð lagt á hættu með því að fara að ræða um ákveðinn hundraðshluta af innflutningi næsta árs sem er algerlega óljós og reyndar mjög ósennilegt að verði jafnmikill og langt frá því jafnmikill og var á þessu ári.

Ég tel að það hafi náðst mjög verulegur árangur í baráttu okkar fyrir fjárveitingum til Ríkisútvarpsins með því að halda óskertu framlagi þess árs sem nú er að líða. Á hitt vil ég leggja mikla áherslu að útvarpslögin eru að sjálfsögðu í gildi og ég lít alls ekki svo á að hér sé um neina stefnumörkun að ræða heldur verði þetta mál tekið upp og hlýtur að verða tekið upp á næsta ári þannig að framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins haldi áfram að njóta þessara tekna.

Nú liggur fyrir endurskoðun á útvarpslögum innan tveggja ára. Ég tel að það verði í þeirri endurskoðun að taka tillit til margra þeirra þátta sem í ljós hafa komið og í ljós munu koma á þeim árum sem þessi lög verða í gildi. Það er augljóst mál að þrátt fyrir ágæta byrjun annarra útvarps- og sjónvarpsstöðva er Ríkisútvarpið enn þá og hlýtur að verða meginútvarp landsmanna, raunverulegt þjóðarútvarp með fjölbreyttri dagskrá á tveimur rásum, fjölbreyttri sjónvarpsdagskrá sem nær um allt land og möguleika til langtum meira og fjölbreyttara starfs til skemmtunar og menningar og afþreyingar en nokkur önnur útvarpsstöð í landinu.

Ég vildi aðeins skýra þetta atriði og um leið taka fram að ég stend við öll þau stóru orð sem hv. 5. landsk. tók af mér ómakið að rifja upp í þessum ræðustól.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Í rauninni ætla ég ekki að segja mikið um þær umræður sem hér hafa farið fram annað en það að mér finnst þær hafa verið mjög málefnalegar og drengilegar og ekki verið haggað staðreyndum þó að auðvitað leggi menn hver með sínum hætti nokkuð út af þeim tölum og þeim upplýsingum sem fram koma í þessum umræðum.

Ég kem hingað fyrst og fremst til að svara þeirri spurningu sem ég bar upp til annarra og fulltrúar þriggja flokka hafa þegar svarað. Mér finnst við vera æðimikið sammála. Spurningin var þegar rætt var um innlendar lántökur: Hver fær þá peninga í hendur sem komandi kynslóð reiðir af höndum? Ég hefði kannske getað ímyndað mér að svara því með: komandi kynslóð eða kynslóðir. En kannske er svarið miklu einfaldara eða í einu orði: þjóðin. Það sýnist mér að við séum öll sammála um sem um málið höfum fjallað.

Kem ég þá fyrst að ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds. Hann tók dæmi af tveimur milljörðum, 2000 millj., sem hugmyndin væri nú að taka að láni hjá lífeyrissjóðum. Þær mundu vera orðnar, ef ég man rétt, 16 000 millj. eftir 33 ár. Var það ekki talan? (**RA:** Jú, með 6,5% vöxtum.) Já, með 6,5% vöxtum. Hann svarar því til að gamla fólkið mundi fá þá peninga. Það væri ekki svo vitlaust að gamla fólkið fengi þessa peninga. En að vísu vakti hv. þm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir athygli á því að þá mundi kannske kynslóðin sem er að eyða peningunum núna, þ.e. þeir sem eru með yngri þm., líka fá að njóta þessara miklu upphæða í ellinni. Jafnvel þó svo væri fyndist mér það ekkert svo vitlaust. En það má til sanns vegar færa að það séu lífeyrissjóðirnir sem fá þessa peninga.

Jón Kristjánsson sagði að lánasjóðirnir tækju við fénu, en skattgreiðendur borguðu. Þetta er líka rétt þar sem mikið er um lán hjá bönkunum o.s.frv. Ég get bætt því við að það er auðvitað almenningur sem fær féð og borgar það þegar skuldabréf eru boðin út á almennum markaði. Allt er þetta þjóðin sem fær og þjóðin sem borgar. Ég held að við séum öll sammála um þetta og mjög æskilegt einmitt að eining skuli vera um svo augljósa staðreynd að því er varðar innlendu lántökurnar.

Auðvitað gildir annað um þær erlendu. Ég spurði ekkert um þær. Ég er sammála því, sem kom fram í máli hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, að auðvitað verða kynslóðirnar, bæði okkar kynslóð og komandi, að borga erlendu lánin. Og kannske eru þau orðin of mikil. Þó er ég ekkert svo mjög hræddur við þau vegna þess að þau eru aðeins örlítið brot af gífurlegum þjóðarauði og öllu því sem hefur verið gert á undanförnum áratugum. Þetta eru minni skuldir en við höfum oft verið í áður, miklu minni en t.d. á fjórða áratugnum. Við skulum ekki vera neinni skelfingu lostin út af því.

Og hv. þm. Sigríður Dúna spurði líka: Hverjir erfa landið? Það eru þeir sem fá peningana. En þm. vakti athygli á því að það væri spurning um hvort ríkissjóði tækist nokkurn tíma að endurgreiða, þetta yrðu svo miklar upphæðir. Það held ég að sé alveg fráleitt að ríkissjóður gæti ekki endurgreitt. Það er nú einu sini svo að þessa peninga þarf aldrei að endurgreiða. T.d. í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Japan og víðar eru ríkisskuldir auknar jafnt og þétt eftir því sem þjóðarauður vex og eftir því sem umsvif vaxa. Það er dregið úr skattheimtu, og í stað þess að hirða eignarráðin að peningunum er fólkinu leyft að hafa þau til að tryggja sinn hag, að fá ávísanir á hinn mikla ríkisauð, lítið brot af ríkisauðnum. Þess vegna þarf ekki að hafa gífurlega skatta. Ríkið fær þá peninga sem það þarf á að halda, en það sviptir menn ekki eignarráðum að þeim. Það leyfir borgurunum að tryggja sitt öryggi og fjölskyldna sinna með því að eiga beina aðild að ríkisauðnum en ekki bara að eiga ríkið sem mergsýgur fólkið. Þetta hef ég sagt svo oft úr þessum ræðustól að ég þarf ekki að fara lengra út í það.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir gat líka um að það væru fámennir árgangar sem mundu þurfa að standa undir þessum endurgreiðslum og einmitt þess vegna get ég þess að þessa peninga þarf aldrei og á aldrei að endurgreiða að mínum dómi.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það gilda allt önnur lögmál um þjóðir en einstaklinga. Einstaklingar verða að greiða sínar skuldir, einfaldlega vegna þess að ævi þeirra er takmörkuð. Það lánar enginn gömlum manni peninga af því að hann hefur ekki tekjur til að endurgreiða þá. Þjóðir eru hins vegar ævarandi. Það gilda allt önnur lögmál um fjármuni og skuldir þjóða. Ég sagði að þjóðir væru ævarandi. Það er auðvitað til að þjóðum sé útrýmt. Við höfum orðið vör við þjóðarmorð. Það er verið að fremja það t.d. í Afganistan núna o.s.frv. En reglan er samt sú að þjóðir séu ævarandi. Ein kynslóð tekur við af annarri og auðvitað erfir komandi kynslóð bæði skuldir og gífurlegar eignir þjóðfélagsins. Sú kynslóð sem vex nú upp erfir miklu meiri eignir en nokkur önnur kynslóð, en hún verður að parti til að borga sjálfri sér þessar skuldir. Það er svona einfalt: við tökum lán hjá sjálfum okkur og borgum það sjálfum okkur, engum öðrum. Það er ekkert annað sem gerist. Þegar þessi staðreynd liggur fyrir getum við séð að það er eðlilegt að reyna núna að auka frekar innlendar lántökur en erlendar.

En þá kemur að því að ríkisvaldið verður að sinna þeirri frumskyldu sinni að gefa út peninga. Það hafa allar ríkisstjórnir svikið í langa tíð og skapað með því verðbólgu og kreppu. Þetta er allt heimatilbúin kreppa sem við höfum búið við og við erum að reyna að brjótast út úr núna. Það vantar aðeins eitt skref og það er að ríkisvaldið, Alþingi og Seðlabankinn, sem hefur umboð frá Alþingi til að gegna þeirri frumskyldu ríkisvaldsins að sjá til þess að eðlilegt peningamagn sé á markaði, sinni þeirri skyldu sinni. Gangi það ekki með góðu verður Alþingi að taka í taumana eða þá að ríkissjóður gefi út peninga sjálfur. Hann getur gjarnan gert það í skuldabréfaútgáfu, hafa bara skuldabréfin í litlum upphæðum, t.d. 10 000 kr., ekki nafnskráð. Þau geta gjarnan verið í sama formi og 10 000 kr. seðlarnir. Þá er komið eðlilegt peningamagn í umferð og auðvitað eru það vextirnir sem eiga að ráða því hve mikla peninga þarf í umferðina en ekki einhverjir skömmtunarstjórar. Það dæmi gengur ekki upp.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Ég þakka fyrir samstarfið í nefndinni og ég er glaður yfir því að við virðumst vera sammála um að það sé þjóðin sem greiðir sjálfri sér. Að öðru leyti skal ég ekki lengja þetta mál, en get þess að það hefur verið mikið á stjórnarandstöðuna lagt að þurfa að afgreiða mál með þessum hætti. Við gerðum okkur grein fyrir því í fyrra að það yrði erfitt. Það var gert svona líka þá. Við lukum 3. umr. þegar æðilangt var liðið að frestun þingsins, vitandi það að við mundum fá málið til baka. Svo verður einnig nú.

Ég vænti þess að menn sameinist um að koma málinu til Nd. núna. Síðan fáum við það væntanlega aftur þegar séð er fyrir endann á tölum fjárlaga.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þessarar umræðu um lánsfjárlagafrv.

Ég heyrði ekki í ræðu hæstv. fjmrh. að hann viki að hitaveitunum þannig að hann skýrði frá því hvað væri á döfinni, hverjar ráðstafanir þar kæmu til

þegar af verður. Ég varð satt að segja fyrir nokkrum vonbrigðum með þá afgreiðslu sem hér hefur orðið af hálfu fjh.- og viðskn. Ég vænti þess á sínum tíma að meðfram afgreiðslu lánsfjárlagafrv. kæmu fram tillögur um ráðstöfun vegna fjárhagsvanda þeirra hitaveitna sem hér er vikið að.

Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur nefnd setið á rökstólum, nefnd á vegum iðnrn., fjmrn. og forsrn. Ég hefði haldið að þrátt fyrir allt lægju málefni þessara hitaveitna svo ljós fyrir, það hefur alllengi verið unnið að könnun þessara mála, að það væri tiltækilegt að setja fram áætlun um ráðstöfun hitaveitnanna. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh. enn einu sinni, ég vék ekki ólíkri spurningu að honum þegar lánsfjárlagafrv. var til meðferðar fyrr á þessum vetri, hvers sé að vænta.

Í nál. meiri hl. er þess getið að ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til lántökuheimilda fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja þar sem ekki hafa legið fyrir tillögur nefndarinnar á vegum fjmrh. og iðnrh., eins og hér stendur. Jafnframt er að því vikið að niðurstöður vinnuhóps fjmrh. og iðnrh. gefi að svo stöddu ekki tilefni til endanlegrar ákvörðunar um lausn á fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitunar Vestmannaeyja. Ráðgert er að vinna frekar að þessu máli á næstunni og er hér lagt til að tekin verði inn viðbót við 5. gr. tölul. 5 sem hæstv. fjmrh. er fullkunnugt um hvernig hljóðar.

Þar er gert ráð fyrir að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjvn. verði heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni. Ég hefði kosið að hæstv. fjmrh. viki að því hér á eftir með hvaða hætti hann hugsar sér að stofna til þeirra aðgerða sem þessi grein í brtt. víkur að og gefur tilefni til. Mér finnst satt að segja illt að afgreiða lánsfjárlagafrv. héðan frá deildinni án þess að hugleiðingar hæstv. fjmrh. um þau efni liggi fyrir.

Hér er um stórmál að ræða og það finna ekki síst þeir sem best þekkja til í þeim byggðarlögum þar sem þessi fyrirtæki eru. Það kann vel að vera að hv. nefndarmenn í fjh.- og viðskn. hafi á hendi frekari upplýsingar í þessu máli. Ef svo er óska ég jafnframt eftir því að þær komi fram í umræðunni.

Hv. þm. Stefán Benediktsson beindi spurningum til hæstv. fjmrh. m.a. varðandi hitaveiturnar. Það má segja að ég höggvi í sama knérunn og ég óska eindregið eftir því að hæstv. fjmrh. viki að hitaveitunum, hverjum ráðstöfunum hann mun beita sér fyrir varðandi lausn á þeirra fjárhagsvanda.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. vék að því ákvæði sem fjallar um heimild til að gera samninga um ráðstafanir vegna fjárhagsvanda nokkurra hitaveitna sem hér hafa verið til umræðu. Ég þarf ekki að rekja hér að fyrir ekki löngu fóru fulltrúar hitaveitna sem hér um ræðir þess á leit við ríkisstjórnina að efnt yrði til viðræðna í því skyni að finna lausn á fjárhagsvanda þeirra. Ríkisstjórnin skipaði þessa viðræðunefnd. Í henni áttu sæti fulltrúar frá iðnrn. og aðstoðarmaður iðnrh. var formaður og er formaður nefndarinnar. Auk þess sátu í nefndinni fulltrúar fjmrn. og forsrn.

Það liggur fyrir á þessu stigi málsins að viðræður þessar hafa ekki leitt til endanlegrar niðurstöðu og það hefur ekki orðið á þessu stigi málsins samkomulag um hverjar þessar ráðstafanir eru. Því er óskað eftir heimild af þessu tagi. Ef niðurstaða væri fengin *væri hægt að gera nánari grein fyrir því í hverju* ráðstafanir í þágu þessara hitaveitna gætu falist, en með því að niðurstaðan er ekki fengin er af augljósum ástæðum ekki unnt að greina frá niðurstöðunni. Það er ástæðan fyrir því að þessi almenna heimild er sett hér fram. Ég vænti þess að þessar viðræður haldi áfram og þess verði freistað að finna þá lausn sem báðir aðilar málsins geta sætt sig við.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. forsrh. var í salnum áðan ætlaði ég að beina til hans einni spurningu og mér þætti vænt um ef athugað yrði hvort hann er enn í húsinu.

En ég ætlaði að víkja aðeins að orðum hv. 9. þm. Reykv. sem talaði áðan og sagðist standa við stóru orðin sem hann hefði látið sér um munn fara í umræðum um útvarpslögin á sínum tíma. Gott og vel. En ég heyrði ekki betur en hann ætli líka að standa að því að svipta Ríkisútvarpið á næsta ári þeim tekjum sem útvarpslögin gera ráð fyrir að það eigi að njóta.

Ég vil líka leiðrétta það sem hann sagði þannig að það standi ekki ómótmælt í þingtíðindunum vegna þess að hann notaði ekki rétt orð að mínu mati. Hann talaði um fjárveitingar til Ríkisútvarpsins. Ég held að það sé ómögulegt að líta á þetta sem fjárveitingar til Ríkisútvarpsins. Þetta eru ekki fjárveitingar til Ríkisútvarpsins. Þetta eru tekjur sem Ríkisútvarpinu ber samkvæmt lögum.

Mundi hæstv. forsrh. vera farinn? (**Forseti:** Það er verið að ná í hæstv. forsrh.) Já, takk. Mér þykir miður að trufla hann. (**Forseti:** Svo fremi sem hann er í húsinu.) Já, en vegna þess að hann var hér áðan þá vildi ég beina til hans einni spurningu sem ég tel ákaflega mikilsvert að fá svar við. Ég held að hæstv. *forsrh. geti svarað þeirri spurningu í stuttu máli.*

Flokkur hans hefur jafnan stært sig af því og sagt að hann væri landsbyggðarflokkur og bæri fyrir brjósti hagsmuni þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum. Nú gerði ég það að umtalsefni í ræðu minni áðan, sem hæstv. forsrh. heyrði held ég ekki, að þegar vegið er að Ríkisútvarpinu með þeim hætti sem gert er í frv. til lánsfjárlaga, þ.e. að á árinu 1987 er það svipt þeim tekjum sem því ber samkvæmt útvarpslögum, er það mín skoðun að það sé verið að vega að landsbyggðinni. Ríkisútvarpið er ekki aðeins menningartæki sem þjónar landsbyggðinni. Það

er líka öryggistæki landsbyggðarinnar. Það er verið að gera Ríkisútvarpinu ómögulegt að gegna þeim skyldum sem útvarpslögin leggja á það. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að Framsfl. hafi horfið frá því að vera landsbyggðarflokkur með því að taka þátt í þessari aðför frjálshyggjuaflanna í Sjálfstfl. að þessari stofnun í þjóðareign, Ríkisútvarpinu. Ég held að það sé gersamlega ómögulegt að túlka þessa stefnubreytingu Framsfl. öðruvísi. Stefnubreyting er það vissulega. Ef tekið er mið af ummælum þeirra við umræður um útvarpslögin í fyrra hefur átt sér stað mjög veigamikil stefnubreyting hjá Framsfl. Hagsmunum þeirra sem búa í þéttbýlinu er sjálfsagt ágætlega þjónað með þeim stöðvum sem reknar eru hér, en það er alveg ljóst að ef sauma á að Ríkisútvarpinu eins og nú á að gera getur það ekki gegnt sínu þjónustuhlutverki yfir landsbyggðina. Þess vegna er hér um landsbyggðarmál að ræða númer eitt, tvö og þrjú. Ég er þeirrar skoðunar að hér hafi átt sér stað veigamikil stefnubreyting hjá Framsfl. og ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað veldur því að Framsfl. hefur snúið við blaðinu í þessum efnum, hefur breytt um stefnu og snýr nú baki við landsbyggðinni?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í tengslum við efnahagsmálin hefur m.a. verið metið hvaða hætta stafar af mjög miklum framkvæmdum í okkar landi og að mati þeirra sérfræðinga sem til hafa verið kvaddir er þenslan sem hér er eitt það hættulegasta sem við eigum við að stríða. Þess vegna voru þegar á síðasta ári gerðar ráðstafanir til að draga úr ýmsum framkvæmdum ríkisstofnana. Hjá ýmsum tókst það. Frestað var t.d. framkvæmdum við Blöndu. Ég get ómögulega fallist á að við séum minni landsbyggðarflokkur þótt við höfum frestað framkvæmdum við Blöndu.

Ríkisútvarpið er að byggja mikla og glæsilega byggingu og eflaust þörf á henni þó að sæmilega sé fyrir Ríkisútvarpinu séð þar sem það er, en þörf er á því húsnæði fyrir annað. Það var skoðun ríkisstjórnarinnar þegar í fyrra að m.a. af þessum ástæðum, mikillar þenslu á byggingarmarkaðinum, ekki síst hér í Reykjavík, væri ástæða til að hægja á þeirri byggingu. En Ríkisútvarpið fór ekki að ráðum ríkisstjórnarinnar heldur, að því er ég best veit, sló sér lán í Landsbankanum og hélt áfram byggingarframkvæmdum. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því að talið var óhætt og eðlilegt að draga nokkuð úr því fjármagni sem Ríkisútvarpinu er samkvæmt lögum um útvarpsrekstur ætlað í fjárfestingu. Hins vegar, að athuguðu máli og við meðferð málsins hér á þingi, hefur verið breytt nokkuð frá upphaflegri ætlun, því eins og hv. þm. er vitanlega kunnugt er nú gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið njóti þeirra tekna sem því voru ætlaðar á yfirstandandi ári. Þær eru töluvert meiri en áætlað var. Ef ég man rétt voru þær áætlaðar nokkuð yfir 40 millj. en verða 61 millj. eða um það bil. Mitt mat er að í bráð sé vel fyrir byggingarframkvæmdum Ríkisútvarpsins séð.

Ég get ómögulega fallist á að Framsfl. sé minni landsbyggðarflokkur þótt hann hægi á byggingarframkvæmdum í Reykjavík, a.m.k. kem ég því ekki heim og saman.

En ég vil jafnframt segja að að sjálfsögðu er lögunum ekki breytt. Það hefur verið miklu meiri innflutningur tækja en gert var ráð fyrir og tekjurnar því orðið meiri. Það er ekkert rangt við að endurskoða tekjuþörf Ríkisútvarpsins af þessum innflutningi með tilliti til hins almenna efnahagsástands í landinu og með tilliti til þarfa Ríkisútvarpsins fyrir fjárfestingu. Ég geri fastlega ráð fyrir að þegar Ríkisútvarpið þarf á þessum tekjum að halda, og ég geri reyndar ráð fyrir því að það verði á árinu 1988, verði þessi tekjustofn ekki skertur. Hins vegar liggur ekkert fyrir um ástand efnahagsmála þá. Þarna er eingöngu um að ræða tekjuskerðingu í eitt ár af þeim sökum sem ég hef nú rakið.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég vildi gjarnan biðja um að reynt yrði að fá hæstv. fjmrh. enn eina ferðina í salinn. **(Forseti:** Það verður reynt að verða við þeirri ósk.) Það er greinilegt að þau vinnubrögð sem núna eru viðhöfð við fjárlaga- og lánsfjárlagaafgreiðslu gera nánast nauðsynlegt að til séu tvær útgáfur af sem flestum ráðherrum þannig að þeir geti verið samtímis viðstaddir umræður í báðum deildum. **(Forseti:** Nú gengur hæstv. fjmrh. í salinn svo að þm. getur haldið áfram ræðunni.) Kærar þakkir fyrir, frú forseti.

Ég er kominn hér vegna þess svars sem hæstv. fjmrh. gaf mér viðvíkjandi minni fsp. og síðan 5. þm. Vesturl. viðvíkjandi fsp. um sama efni vegna þess að þau svör sem hæstv. fjmrh. gaf í báðum tilvikum voru allsendis ófullnægjandi. Það má benda á það, ef menn taka lánsfjárlögin í hendina og skoða þau, að allar greinar þessara laga eru tengdar ákveðnum upphæðum þar sem heimilað er eða takmarkað er eða á einhvern hátt tilgreindar ákveðnar upphæðir sem verið er að fjalla um. Í þessu ákvæði, sem bætt er við 5. gr. laganna, er aftur á móti ekki minnst á eina einustu upphæð. Ég fullyrði að þetta ákvæði sé ekki einasta bara loðið. Það er í raun og veru algerlega ónauðsynlegt. Ég ætla að taka skýrt fram strax í upphafi að ég er ekki að gagnrýna svar fjmrh. vegna þess að mér detti í hug að hér búi eitthvað gruggugt undir heldur einfaldlega vegna þess að ég geri mér nokkuð ljósa grein fyrir því að fjmrh. á mjög erfitt með að svara. Þess vegna tel ég um leið algerlega útilokað að taka svona ákvæði inn í lögin. Ég skora á hæstv. ráðh. og ég skora á meiri hl. nefndarinnar að draga þetta ákvæði til baka því að ég fæ ekki betur séð en hæstv. fjmrh. hafi fulla heimild til að starfa að því að leita lausna á vanda þessara hitaveitna, hugsanlega með þátttöku ríkissjóðs, og þegar sú lausn er fundin geti hann einfaldlega lagt fyrir lagafrv. á þingi ef með þarf. Annars

getur hann sleppt því. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. iðnrh. hafi ekki þurft neina lagaheimild til að skipa nefnd í þessu máli til að leita úrlausna. Nefndin hefur reyndar ekki komist að niðurstöðu. En ég fæ ekki séð að þessi lagaheimild hjálpi á nokkurn hátt mönnum að komast að niðurstöðu. Þvert á móti.

Ég veit ekki að hve miklu leyti deildarmenn hafa fylgst með þessum umræðum, en við í fjh.- og viðskn. þessarar deildar fengum í hendurnar í dag skýrslu svokallaðrar hitaveitunefndar frá iðnrn. gerða í des. 1986. Þar segir til upplýsingar deildarmönnum:

„Nefndin hélt fyrst tvo fundi með viðræðunefnd sveitarfélaganna." — Nú er ég að upplýsa þessa hluti hérna vegna þess að það er ekki eins og hafi ekki verið um þá fjallað og það er ekki eins og það liggi ekki þegar fyrir hugmyndir um hvernig eigi að leysa þetta. Ég get ekki séð af lestri þessarar skýrslu að þar sé yfir höfuð hægt að finna margar fleiri leiðir til að leysa málið. Einhver þessara leiða hlýtur því að verða valin og þá eiga menn einfaldlega að leggja þá leið fyrir í frumvarpsformi þegar hún er ákveðin en ekki að skila mönnum opnu umboði í hendur.

„Fulltrúar sveitarfélaganna, sem þátt tóku í þessum viðræðum, lögðu strax fram tillögur um það að öllum erlendum skuldum veitnanna yrði breytt í innlend lán með lægri vöxtum." — Þessi tillaga liggur fyrir. Menn urðu ekki sammála um hana. Nefndarmenn í heild urðu ekki sammála um að hægt væri að mæla með framkvæmd þessarar till. við ríkisstjórnina þar eð hún gengi þvert á þær meginreglur sem farið er eftir þegar erlendar lántökur eru heimilaðar, fyrir utan þá greiðslubyrði sem óhjákvæmilega hefði fallið á ríkissjóð.

Nefndin varð sammála um það að leggja þær tillögur fyrir sem núna hafa orðið að hluta þessa frv. Þar á ég við þessa svokölluðu heimildargrein, þetta opna heimildarákvæði til fjmrh. sem ég endurtek að ég tel að sé algerlega ónauðsynlegt. Ég fæ ekki betur séð en fjmrh. hafi fulla heimild til að tala við hvern sem er um hvað sem er og það sé eingöngu þegar að því kemur að hann hugsanlega þarf að fara út fyrir það umboð sem lög veita honum að hann verður að fá þá heimild hjá þinginu, en alveg óhugsandi að gefa honum þessa heimild svo opna eins og hér er. Þá er ég ekki að tala um að fjmrh. sé fulltrúi einhverra óheilbrigðra skoðana endilega heldur að þessi vinnubrögð, þessi tegund löggjafar er farin að verða allt of algeng á þingi, farin að tíðkast allt of mikið, að löggjafinn veiti fulltrúum framkvæmdarvaldsins einfaldlega opið umboð til að gera eitthvað, hvað sem er, og setjist síðan á óæðri endann og horfi á.

Rekstrarstaða þeirra fyrirtækja sem hér er um að ræða er býsna ískyggileg. Innan þessa umboðs felst vald til að fjalla um æðistórfenglega hluti. Samanlagðar skuldir veitnanna þriggja, sem hér er verið að tala um, eru nærri 4 milljarðar. Þar af eru skuldir Hitaveitu Akureyrar rúmlega 2 milljarðar og upplýst er að orka sú sem hún selur er í dag 18% dýrari en olía eða niðurgreitt rafmagn. Skuldir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar eru tæplega 1,5 milljarðar og þar er orkan 25% dýrari en olía og niðurgreitt rafmagn. Skuldir Vestmannaeyja eru rúmlega 400 millj. kr. Fjarhitun Vestmannaeyja stendur að því leyti dálítið öðruvísi en þær tvær fyrrnefndu að þar er orkan einfaldlega að þverra. Einnig er upplýst í þessari skýrslu að Hitaveita Akureyrar gæti, miðað við albestu aðstæður, greitt niður skuldir sínar á aldarfjórðungi eða 25 árum, en Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar getur alls ekki borgað niður sínar skuldir. Þær koma til með að aukast að öllu óbreyttu.

Það eru hér settar fram ákveðnar hugmyndir um hver rekstrarvandinn er og hugsanlegar leiðir til úrbóta. Þá kem ég að því hvað þetta umboð hugsanlega þýðir.

„Nefndin mælir með að lausnar á þessum vanda verði leitað eftir þeim leiðum sem nú verður greint:

1. Hagræðing skulda, þ.e. leitað verði aðstoðar ríkissjóðs og Seðlabanka til að lækka fjármagnskostnað veitnanna eins og unnt er með hagstæðum skuldbreytingum. Markaðsvextir eru nú lægri en oft áður. Þýðingarmiklir gjaldmiðlar eins og bandaríkjadollar hafa lækkað í verði og allt kemur þetta veitunum til góða. Sérfræðingur Seðlabankans hefur metið þennan þátt fyrir nefndina á grundvelli framlagðra gagna. Niðurstaðan er að fjármagnsútgjöld Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar væru í lágmarki, en lækka mætti útgjöld Hitaveitu Akureyrar um 9–10 millj. kr. á ári með skuldbreytingu.

Uppbyggingu veitnanna er nú að mestu lokið. Einkum á Akureyri hafa á undanförnum árum verið gerðar mjög vel heppnaðar tæknilegar endurbætur. Þær hafa leyst orkuöflunarvandamál veitunnar sem voru mjög erfið viðureignar eftir að ljóst var að jarðhitalindir Eyjafjarðarsvæðisins gáfu ekki af sér jafnmikla orku og vonast var eftir í upphafi. Á Akureyri er því ekki árangurs að vænta eftir þessari leið", þ.e. það er ekki hægt að ná neinum úrbótum á Akureyri með því að leita tæknilegra endurbóta. Þar er eingöngu hægt að hjálpa Akureyringum eftir fjármögnunarleiðinni, þ.e. að gera þeim á einhvern hátt kleift að greiða skuldir sínar niður á 25 árum eins og hagstæðustu aðstæður leyfa.

„Í Borgarfirði er hugsanlegt að breyta sölufyrirkomulagi á svipaðan hátt og Akureyringar hafa gert, en vegna þess að nægilegt vatn er fyrir hendi í Borgarfirði er ekki jafnmikils árangurs að vænta og á Akureyri", þ.e. tæknilegar úrbætur koma heldur ekki að mjög miklu gagni í Borgarfirði þannig að þetta verða líka þar fjárhagslegar úrbætur.

„Rekstrarhagræðing. Orkumálanefnd Borgarfjarðar hefur um nokkurt skeið rannsakað hvaða hagræði geti orðið af að sameina orkufyrirtæki í Borgarfirði í eitt fyrirtæki, en þau eru nú fimm talsins. Samkvæmt áliti ráðunauta nefndarinnar gæti beinn sparnaður í mannahaldi og bækistöðvarekstri orðið 12–13 millj. kr. á ári, en auk þess kæmi einhver sparnaður vegna hagstæðra innkaupa á

rekstrarvörum og beinna viðskipta við Landsvirkjun. Skipulegt hagræði af þessu yrði að núverandi togstreita um rafhitamarkaðinn væru úr sögunni og auknar líkur á að hægt sé að bjóða hverjum notanda betri þjónustu með lágmarkstilkostnaði. Hér er um nokkuð flókið mál að ræða því að allar rafveitur eiga möguleika á mjög ódýrri orku til hitunar í mjög litlu magni og alls ekki sjálfgefið að hagstæðast sé að allir hiti hús sín með hitaveitu, jafnvel þó nægilegt heitt vatn sé fyrir hendi. Nefndin álítur að þessi hagræðingarmöguleiki sé fyrir hendi, bæði í Borgarfirði og í Eyjafirði, og leggur til að mál þetta verði athugað *nánar. Til þess þarf orkumálanefnd Borgarfjarðar* að ljúka störfum og sveitarfélög í Borgarfirði að hefja viðræður sín á milli á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún kemur með. Hliðstætt verk þarf að vinna fyrir Eyjafjarðarsvæðið."

Hér er ljóst, ef maður horfir til þess hvað menn hafa átt erfitt með að ná samkomulagi um þessa tegund lausnar, að litlar líkur eru á því að hún sé raunverulegur kostur sem menn eru að leita að einfaldlega vegna þess að það er svo margt sem mælir móti því að rafveitur, sem þegar hafa greitt niður allan sinn fjármagnskostnað, fari að verða þátttakendur í fyrirtæki eins og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

En hvað um það. Það þýðir þá einfaldlega að ef menn ætla að leita þessarar leiðar tekur það langan tíma, sjálfsagt svo langan tíma að ráðherra þarf ekkert á þessu heimildarákvæði að halda því að það er enn þá lengra frammi í tímanum að menn nái endanlega saman í málinu.

„Af þeim ráðstöfunum sem hér hafa verið raktar", segir enn fremur í þessari skýrslu með leyfi forseta, „verður rekstrarvandi allra veitnanna tæpast leystur til fulls. Til að leysa hann koma til greina eftirfarandi möguleikar:

1. Eigendur geta bætt fjárhagsstöðu veitnanna með framlögum, annaðhvort sem millifærslu frá öðrum veitufyrirtækjum eða með sérstökum framlögum úr sveitarsjóði.

2. Á móti framlagi eignaraðila getur komið eiginfjárframlag frá ríkissjóði í formi varanlegra rekstrarfjármuna eða yfirtöku skulda. Framlag þetta verði bundið skilyrðum um rekstrarhagræðingu og skipulagsbreytingu heima í héraði og framtíðarverðlagningu orkunnar."

Síðan, frú forseti, koma niðurstöðutillögur nefndarinnar sem þegar hefur verið margminnst á, þ.e. að eigendur veitnanna geta að einhverju leyti bætt stöðu þeirra, en við vitum að þau sveitarfélög sem að þessum veitum standa eru sjálfsagt ekki allt of mikils megnug þó að það væri ekki nema vegna þess hvað þessar veitur hafa verið mikill baggi á þeim hingað til. Þannig erum við að tala um einhvers konar aðgerðir ríkisstjórnar annaðhvort í formi eiginfjárframlags frá ríkissjóði til rekstrar eða yfirtöku skulda. Þegar spurt er hvernig fjmrh. túlkar þetta ákvæði er maður að spyrja um hvaða leiðir hann sér fyrir sér, hvaða leiðir hann ætlar að kanna og hvaða upphæðir felast í þessum leiðum, af því að opið ákvæði um jafnafmarkað efni og þetta er þessu frv. með öllu óeiginlegt og á alls ekki heima þar. Því er það með öllu eðlilegt og skiljanlegt að við sem hér sitjum og eigum að samþykkja frv. viljum fá skjalfest, þó ekki sé í frv., þá a.m.k. í umræðum, hvaða leiðir menn eru að hugsa um að rannsaka eða skoða eða semja um og hvaða upphæðir séu tengdar hverri leið fyrir sig þannig að menn standi ekki eins og angurgapar að hálfu ári liðnu og þeim komi gersamlega í opna skjöldu þær upphæðir sem þá hugsanlega verða í þessu dæmi. Þá er ég náttúrlega að hugsa til þess að þær upphæðir geta verið allverulegar.

Til að spara fjmrh. ómakið vil ég taka fram að ég held að allir sem hér eru inni geri sér grein fyrir að skuldayfirtaka fyrir næsta ár, og þá erum við að tala um næstu lánsfjárlög, þarf ekki að þýða stóran bagga fyrir ríkissjóð á komandi ári, ekki ýkja þungan, en þá erum við samt sem áður að tala um mjög stóran bagga, allt að fjögurra milljarða bagga sem komandi ríkisstjórnir þurfa þá að standa undir.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna svars hæstv. forsrh. áðan. Mér þótti furðu sæta þegar hann sagði sem svo í svari sínu að í rauninni væri húsbygging Ríkisútvarpsins ekki brýn. Ég gat þess áðan að hún væri umdeild og ég hefði ýmislegt við hana að athuga. Hins vegar er mér það jafnljóst og ég hélt að hæstv. forsrh. væri það líka, eins og raunar öllum hlýtur að vera sem sáu þátt í sjónvarpinu um daginn þar sem sýnd var starfsaðstaða starfsmanna útvarpsins að Skúlagötu 4, að hún er gersamlega óviðunandi og hefur verið svo í mörg ár og er í rauninni engum manni bjóðandi. Þess vegna m.a. var brýnt að lagfæra þetta.

Í öðru lagi þótti mér það afar einkennilegt þegar hæstv. forsrh. sagði að Framsfl. væri ekki minni landsbyggðarflokkur þó hann vildi hægja á húsbyggingum í Reykjavík. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, um landið. Málið snýst um að sjá til þess að Rás 2 heyrist um allt land, sem hún gerir ekki alveg enn þá þó það sé komið býsna nálægt því. Raunar staðfesti þetta svar hæstv. forsrh. það, sem mér bauð í grun og sem felst í aðild Framsfl. að því að svipta Ríkisútvarpið þessum tekjum á árinu 1987 þrátt fyrir ákvæði útvarpslaga, að Framsfl. er ekki lengur neinn landsbyggðarflokkur. Það kom afar skýrt fram og fyrir það er ég hæstv. forsrh. í rauninni afar þakklátur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 371,1–3 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 375, 1–2 kom ekki til atkvæða.

Brtt. 375,3–5 felld með 12:3 atkv.

Brtt. 371, 4–9 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 350 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB, EG.
nei: JHelg, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, SalÞ.

HÓ greiddi ekki atkvæði.

Brtt. 351 felld með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, SDK, SkA, StB, EG, HS, KSG, KolJ.
nei: VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, SalÞ.

Brtt. 377 samþ. með 12:8 atkv.

Brtt. 371,10–11 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

24. fundur, miðvikudaginn 17. des., að loknum 23. fundi.

Listamannalaun, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 259. mál. — Þskj. 341.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 92. mál (björgunarlaun). — Þskj. 335.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 339 (sbr. 226), n. 366, brtt. 382.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 382 brtt. við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hún hljóðar þannig:

„2. tölul. fyrri mgr. 19. gr. orðist svo:

Þeirra sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum, og — nú kemur viðbótin — lög nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum."

Ástæðan fyrir þessari till. er að samkomulag hefur orðið um að fangaverðir fái sömu stöðu skv. lögunum og lögreglumenn og frv. þess efnis er til afgreiðslu í Nd. Alþingis. Það er því nauðsynlegt að ákvæði komi inn í þetta frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna til þess að samræmis sé gætt.

Við í fjh.- og viðskn. héldum fund um þetta mál í dag og var samkomulag um að formaður nefndarinnar flytti þessa tillögu.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þegar ég ræði þetta mál. (**Forseti:** Það skal reynt að verða við þeirri ósk.)

Virðulegi forseti. Í frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er fjallað um auknar réttarbætur til handa opinberum starfsmönnum. Ýmis atriði þar orka tvímælis að áliti stærsta launþegasambands landsins, Alþýðusambands Íslands.

Eins og kunnugt er er það svo hjá mörgum ríkisstofnunum að þar vinna starfsmenn sem eru á samningum sem gerðir eru af aðildarfélögum Alþýðusambandsins en aðrir eftir kjarasamningum sem gerðir eru af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og félögum þess.

Við sem erum innanbúðar hjá ASÍ teljum að það þurfi að fá úr því skorið hvort það frv. sem hér er á ferðinni muni breyta réttarstöðu þeirra sem eru innan aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands, hvort það er meiningin með þessum lögum að fjölga ríkisstarfsmönnum og hver er meginbreytingin. Mér virðist sem öll afmörkun á því skipulagi sem nú er um skiptingu á milli hins almenna vinnumarkaðar og starfssviðs hins opinbera sé horfin. Þetta gæti leitt til þess að félög opinberra starfsmanna og starfsmannafélög sveitarfélaga fari að gera tilkall til mun fleiri félagsmanna en nú er. Það má vera að hugsunin sé ekki þessi. Það þarf að fá úr því skorið til þess að ekki upphefjist landamærastríð, ef ég má orða það svo, milli helstu stéttasamtaka í landinu þar sem réttarstöðu almennra starfsmanna yrði stefnt í hættu en áhrif stéttasamtaka ríkisins eða ríkisstarfsmanna aukist þannig að ríkisstarfsmönnum fjölgi verulega frá því sem nú er.

Ég nota þetta tækifæri og spyr fjmrh. hver sé hugsunin í þessum efnum, hvort hugsunin sé að breyta þannig til eða hvort ætlunin sé að þau skil sem tíðkast hafa og hefð er fyrir muni haldast.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fsp. hv. 6. landsk. þm. vil ég taka þetta fram: Í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frv. er kveðið á um að lögin taki ekki til starfsmanna þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 80/1938, þ.e. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í lögum nr. 62 frá 1985 er sams konar ákvæði um iðnaðarmenn, sjómenn, verkafólk og starfsfólk í iðjuverum. Sú breyting sem í 3. tölul. 1. gr. frv. felst er ekki þrenging ákvæðisins og breytir ekki frá því sem nú er eða takmarkar rétt starfsmanna til að vera í almennum stéttarfélögum sem ekki heyra undir lög skv. frv. og breytir ekki frá því sem nú er rétti slíkra stéttarfélaga til að semja fyrir félaga sína.

Niðurstaða mín er þessi:

Það frv. sem hér liggur fyrir breytir í engu því sem kallað hefur verið „landamæri“ á milli félaga opinberra starfsmanna og félaga á almennum vinnumarkaði innan Alþýðusambands Íslands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 382 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lögreglumenn, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál (verkfallsréttur). — Þskj. 340.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (starfsmenn án verkfallsréttar). — Þskj. 243.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 400).

Kjaradómur, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 338 (sbr. 244).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 401).

Ríkismat sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Ríkismat sjávarafurða.

Með frv. þessu er lagt til að Ríkismat sjávarafurða á ferskum fiski verði afnumið í núverandi mynd. Á síðari árum hefur meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi gætt vaxandi efasemda um hvort núverandi ákvæði um skyldur Ríkismats sjávarafurða til að meta allan ferskan fisk þjónaði upphaflegum tilgangi sínum. Það mun bent á að gæði fiskafla yrðu best tryggð með því að tengja mat hans með mun beinni hætti en nú er við fjárhagsleg skipti þeirra sem kaupa og selja aflann. Á vegum sjútvrn. voru 2. okt. s.l. haldnir fundir með helstu hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um framtíð Ríkismats sjávarafurða. Var það samdóma álit fundarmanna að skyldumat Ríkismatsins á ferskum fiski skyldi lagt niður en þess í stað tekið upp gæðamat sem væri í höndum fiskkaupenda og fiskseljenda.

Með frv. þessu er lagt til að gerðar verði lágmarksbreytingar á lögum um Ríkismat sjávarafurða til að gera mögulegt að ferskfiskmat flytjist yfir til hagsmunaaðilanna sjálfra. Í frv. er aðeins kveðið á um afnám núverandi skyldumats opinberra aðila á ferskum fiski en í því er ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttað hjá

viðskiptaaðilum. Liggur í hlutarins eðli að það mun fyrst og fremst verða þeirra mál að koma sér saman um slíka tilhögun.

Með frv. eru ekki gerðar tillögur um breytingar á öðrum ákvæðum laga um Ríkismatið en þeim er lúta að ferskfiskmatinu. Þrátt fyrir afnám skyldumatsins hefur Ríkismatið áfram mikilvægu hlutverki að gegna í íslenskum sjávarútvegi. Ríkisvaldinu ber að sjá til þess að sjávarútvegurinn búi yfir virku gæðastjórnunarkerfi sem tryggir að afurðirnar uppfylli þær kröfur um gæði sem markaðirnir gera þannig að íslenskar sjávarafurðir verði taldar gæðavara. Því er nauðsynlegt að til sé stofnun sem hefur yfirsýn yfir alla þætti gæðamála í sjávarútveginum.

Þá mun Ríkismatið áfram sinna eftirliti með hreinlæti og búnaði og yfirmati á afurðum og útgáfu útflutningsvottorða þar sem opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupendum. Þá er í frv. gerð tillaga um að úrskurðar Ríkismatsins megi leita varðandi ágreining um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum en það fyrirkomulag hefur reynst vel.

Ef frv. þetta verður að lögum mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér þörf á að endurskipuleggja starfsemi og uppbyggingu Ríkismats sjávarafurða frá grunni. Í framhaldi af því starfi er síðan stefnt að því að leggja fram nýtt heildarfrv. um Ríkismat sjávarafurða strax og því verki er lokið.

Afnám skyldumats Ríkismatsins og endurskipulagning stofnunarinnar í framhaldi af því mun leiða til verulegrar útgjaldalækkunar fyrir ríkissjóð. Sparnaður þessi felst bæði í lækkun útgjalda til greiðslu launa og til annars rekstrar stofnunarinnar. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar lækki af þessum sökum um 25 millj. kr. frá því sem verið hefði við óbreytta starfsemi. Á komandi árum verður árlegur sparnaður enn meiri þar sem áhrif breytingarinnar koma ekki að fullu fram á fyrsta ári.

Hinn 1. des. s.l. voru samtals 79,6 stöðugildi hjá stofnuninni. Á þessari stundu er ekki hægt að fullyrða hvað starfsmönnum stofnunarinnar muni fækka mikið við þá endurskipulagningu sem leiðir af samþykkt þessa frv. Ljóst er þó að verkefni ferskfiskmatsmanna falla niður og munu þeir því láta af störfum. Alls er hér um að ræða nærfellt 60 menn er gegna 43,6 stöðugildum víðs vegar um land. Endurskipulagningin mun án efa leiða til frekari fækkunar starfsfólks.

Vissulega skapar breyting af þessu tagi óhjákvæmilega vandamál hjá því starfsfólki sem gegnt hefur stöðum sem niður verða lagðar. Hjá því verður ekki komist. Til hins ber að líta að atvinnuástand í landinu er það gott að flestallt það fólk ætti að geta fengið ný störf við sitt hæfi. Í því sambandi ber að hafa í huga að mat á ferskum fiski verður áfram stundað þótt framkvæmd þess flytjist skv. frv. þessu til viðskiptaaðilanna. Má því, ef að líkum lætur, búast við að starfsþjálfun núverandi matsmanna geri líklegt að þeir eigi kost á störfum áfram á þessu sviði.

Ef frv. þetta nær fram að ganga mun verða fylgst með þessum málum af hálfu sjútvrn. og leitast við að leysa vandamál sem upp kunna að koma varðandi einstaka starfsmenn er láta verða af störfum.

Á fundum hagsmunaaðila í sjávarútvegi hefur í haust verið fjallað nokkuð um framtíð Ríkismatsins. Hefur þar komið skýrt í ljós að enda þótt menn séu sammála um þörf þess að endurskoða starfsemi stofnunarinnar ríkir nokkur skoðanamunur um hvernig að því skuli standa í framtíðinni. Af ályktun 15. þings Sjómannasambandsins sést að menn vilja þar fara varlega í sakirnar og telja að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi þurfi að koma sér saman um hvað við skuli taka áður en tímabært sé að leggja skyldumatið niður. Aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna vill hins vegar ganga lengra en gert er í frv. þessu og leggja stofnunina niður í heild sinni. Ályktanir fiskiþings um framtíð Ríkismatsins eru hins vegar því miður ekki eins skýrar og skyldi.

Eins og getið var um hér að framan hefur Ríkismatið mikilvægu hlutverki að gegna þrátt fyrir afnám skyldumatsins. Tillögur LÍÚ um að leggja stofnunina niður og fela öðrum stofnunum óhjákvæmileg verkefni verða því að teljast óraunhæfar. Ég tel alveg ástæðulaust að óttast að hagsmunaaðilar muni ekki koma sér saman um með hvaða hætti gæði aflans skuli metin í framtíðinni. Við því er hins vegar varla að búast að viðræður um það hefjist af alvöru nema fyrir liggi að skyldumati hins opinbera verði hætt.

Með frv. þessu er stigið skref til að draga úr umsvifum hins opinbera. Í frv. felst framhald þeirrar stefnu sem mörkuð var með afnámi sjóðakerfisins á síðasta vori. Dregið er úr afskiptum ríkisins af fjárhagsmálefnum sjávarútvegsins.

Oft er á það bent að meðferð og frágangur þess afla sem ætlaður er til sölu á erlendum markaði sé til fyrirmyndar og mun betri en á afla sem landað er til vinnslu innanlands. Þetta sýnir að áhrifaríkasta leiðin til bættrar aflameðferðar er að tengja gæðamat aflans með beinni hætti við verðlagningu hans en verið hefur hingað til. Með frv. þessu er hagsmunaaðilum í sjávarútvegi veitt svigrúm til að skapa þessi tengsl gæða og verðs. Þess er því að vænta að frv. þetta leiði til hvors tveggja í senn, sparnaðar fyrir ríkissjóð og aukinnar tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið í heild með bættum gæðum sjávarafurðanna, okkar helstu útflutningsvöru.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Þegar við vorum að ræða hér í hv. deild vorið 1984 um breytingar á skipulagi mats sjávarafurða og samþykkja lög sem af stuðningsmönnum þess frv. og þeirra laga síðar voru talin marka tímamót í sambandi við mat á fiski held ég að enginn hafi rennt grun í það að við stæðum eftir tvö ár frammi fyrir því að það ætti að fara að breyta

þessum lögum á jafnafgerandi hátt og hér er lagt til. Ég geri ekki heldur ráð fyrir því að okkur hafi dottið það í hug að sami sjútvrh. mundi í annan leik gera það að leggja jafnyfirgripsmikil mál og þessi fyrir hv. Alþingi og eiga að afgreiða þau á mjög skömmum tíma. Það var mikið ýtt á eftir afgreiðslu frv. um Ríkismat sjávarafurða á vorinu 1984 en hvað er það miðað við þau ósköp sem hér er ætlast til?

Þetta frv. er lagt inn á hv. Alþingi 10. desember. Nú er reyndar kominn 18. des. og það er búið að þrýsta þessu máli í gegnum hv. Nd. á svolítið merkilegan hátt, á þann merkilega hátt að það var ekki einu sinni tími til að ræða við alla þá menn sem kallaðir voru til viðtals við hv. sjútvn. í Nd. Það gafst ekki tími til þess. Þeir urðu að hverfa af vettvangi. Svo mikinn hraða þarf að hafa á þessu máli. Þrátt fyrir það eru fjárlögin sem lögð eru fram á fyrstu dögum októbermánaðar þannig útbúin að þar er gert ráð fyrir að Ríkismat sjávarafurða sé lagt niður. Ráðherra sýnir Alþingi þá virðingu þrátt fyrir að vera búinn að ákveða það að leggja þetta mál fram í upphafi þings að málið er ekki lagt fram fyrr en 10. desember. Það er ætlast til þess að jafnmikilsvert mál sem þetta verði hespað hér í gegn, nú á næturfundi í hv. Alþingi, jafnvel á næstsíðasta fundi hv. deildar. Það verður nú reyndar ekki næstsíðasti fundur, þeir verða a.m.k. tveir hér á eftir til þess að þetta mál komist í gegn.

Ég held að hér sé farið að með allt of miklum flýti, bæði hvernig málið er lagt fram og einnig tel ég að málið sé á engan veg þannig útbúið að það sé réttlætanlegt að ganga frá því að leggja niður ferskfiskmat án þess að nokkuð sé undirbúið til þess að taka við af Ríkismatinu. Ráðherra lýsir því raunverulega yfir að Ríkismatið eða hann, sjútvrn., muni ekki hafa nein áhrif á það hvernig hugsanlegir hagsmunaaðilar, sem nefndir eru í frv., muni byggja upp matið þegar að því kemur, ef þetta frv. verður að lögum, að aðrir aðilar eigi að sjá um það. Það er meira að segja gert ráð fyrir því nú þegar í lögunum að þessir hlutir gangi upp án þess að nokkuð liggi fyrir. Mér finnst þetta svo fráleitt að samþykkja nú á síðustu dögum þingsins án þess að hagsmunaaðilar hafi komið sér saman um hvernig þessir hlutir verði framkvæmdir og án þess að þeir hafi nokkuð rætt það. Það liggur alls ekki fyrir að samstaða sé milli sjómannasamtakanna og útvegsmanna um það að þessir hlutir verði lagðir niður, hvað þá að samstaða sé milli útvegsmanna og fiskverkenda.

Ég tel því rétt að þessi umræða fari aðeins fram í kvöld og þetta mál verði látið bíða í sjútvn. hv. deildar þar til við komum aftur saman. Ég mælist eindregið til þess við hæstv. ráðh. að hann fallist á þá málsmeðferð. Ég sé ekki að við höfum neinn möguleika til þess á morgun, og þó við notum föstudaginn til þess líka, að ræða við þá aðila sem nauðsynlegt er að ræða við til þess að þetta mál fái þinglega og eðlilega meðferð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um málið sjálft að neinu ráði í þessari umræðu en vil fyrst og fremst leggja áherslu á það að meðferð þessa máls verði á þann veg sem ég hef lagt til. Og ég mun enn, ef ráðherra fellst ekki á þessa tillögu, leggja það til í sjútvn. að það verði ekki afgreitt á þeim stutta tíma sem við höfum til umráða á morgun og næsta dag til þess að fjalla um þetta. Ég mun óska eftir því, ef það verður ekki samþykkt, að til viðræðu í nefndinni verði kallaðir þeir aðilar sem hv. sjútvn. í Nd. kallaði til viðræðu og einnig þeir sem nefndin hafði ekki tíma til að tala við og nokkrir fleiri sem nauðsynlegt er að ræða við um þetta mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa ræðu mína lengri að sinni, en ítreka þá ósk mína að nú þegar verði gengið frá því að þetta mál verði ekki frekar til umræðu en við þessa umræðu í kvöld og við bíðum með málið í hv. sjútvn. þar til við komum aftur úr jólafríi.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Það virðast álög á okkur í þessari hv. deild að við fáum erfið og umdeild mál í sjávarútvegi til umræðu eftir miðnætti á síðustu dögum þings. Svo var það í fyrra a.m.k. og hitteðfyrra og svo er það nú fyrir jólaleyfi þm. Það er eðlilegt, og reyndar alveg rétt hjá hv. 4. þm. Vesturl., að menn þurfi töluvert um þetta mál að segja og það ætla ég mér reyndar líka að gera. Ég fellst á það hjá hv. þm. að það hefði jafnvel verið betra að fá að heyra í mönnum í nefnd áður en efnislega verður um málið fjallað. Mér finnst það miður að þessi tími, ef á að ljúka þessu máli fyrir jólaleyfi, að þessi tími verður mjög stuttur og engan veginn nægur. Það verður að átelja. Ég skil reyndar ekki hvernig stendur á að það hefur verið svo lengi á leiðinni þetta mál. Eftir því sem ég kemst næst var samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. að það mætti leggja fram þann 25. nóv. og síðan eru allnokkrar vikur. Ég held að ég hafi ekki þessi orð fleiri nú, en ég ítreka að ég ætla mér að segja sitthvað um efni málsins síðar.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að tala lengi nú. Ég tel að fundartíminn sé orðinn alldrjúgur og enn þá mikið fram undan og get tekið undir með hv. 4. þm. Vesturl. að ég sé ekki hvaða knýjandi nauðsyn ber til að afgreiða þetta mál innan um þau stóru mál sem hér eru til umfjöllunar því að það er augljóst að menn eru svo uppteknir við afgreiðslu þeirra mála, sem ekki verður hjá komist að afgreiða fyrir áramót, að það er mjög ólíklegt að þeir hafi þann tíma sem þyrfti til að sinna þessu máli sem skyldi.

Ég vildi bera fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðh. viðvíkjandi þeim skipulagsbreytingum sem hann segir að verði á Ríkismatinu við þessi umskipti. Hafa menn þegar sett fram ákveðnar hugmyndir um í hverju þessar skipulagsbreytingar verði fólgnar, þ.e. hve margir af yfirmönnum þessarar stofnunar hætti störfum, hve margir matsmenn láti af starfi, ef þá einhverjir? Mér sýnist á bráðabirgðaniðurstöðum

ríkisreiknings fyrir það ár sem er að líða að fjárveitingar til þessarar stofnunar hafi verið nokkuð vanáætlaðar í seinustu fjárlögum og að full þörf sé á að huga að skipulagsbreytingum þó ekki væri nema þess vegna. Sérstaklega virðist manni að yfirstjórn stofnunarinnar hafi tekið til sín mjög drjúgan skerf af þeim fjárveitingum sem Ríkismatinu voru ætlaðar. Í tilefni af því og má segja af gefnu tilefni langar mig til að beina þeirri spurningu beint til hæstv. ráðh. með tilliti til þess hvar í flokki hann stendur hvort t.d. standi til að fyrrv. framkvæmdastjóri Framsfl., sem nú er starfsmaður hjá Ríkismatinu, hvort hans embætti verði lagt niður og hvort embætti formanns framsóknarfélaganna í Kópavogi verði lagt niður og með hvaða sjálfskeiðungi verði gengið í að skera niður í þessari stofnun, hvort þar gangi eitt og jafnt yfir alla hvar í flokki sem þeir standa.

Það er jákvætt um þetta frv. að segja að sú hugsun sem þarna býr að baki er mjög geðþekk, en manni virðist við fyrstu sýn og eftir að hafa fylgst með umræðum, spurningum og svörum í Nd. að ekki skerist mikið af stofnuninni sem slíkri heldur sé þessi breyting aðallega þess eðlis að úr Ríkismati sjávarafurða verði nokkurs konar leynimat sjávarafurða, þannig séð að það verði haldið uppi öllum þeim umsvifum og þeirri þjónustu sem þessi stofnun hafði en undir öðrum formerkjum en nú er. Þá sé ég ekki endanlega mikinn tilgang með þessu og mundi þess vegna styðja það ef fram kæmu tillögur um að menn biðu með að afgreiða málið þar til gengið hefði verið í það að setja fram mjög ákveðið skipulagsmódel af stofnuninni eins og hún á að starfa eftir að lögin hafa verið samþykkt.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér liggur fyrir þarf vissulega skoðunar við. Hér er verið að ræða um gerbyltingu á mati ferskfisks sem hefur verið mikið í umræðu meðal hagsmunaaðila. Ég játa að ýmislegt mælir með því að þetta verði að veruleika, en mörgum spurningum er ósvarað og erfitt að gera sér grein fyrir hvernig með málið skuli fara fyrr en þeim spurningum hefur verið svarað. Ég mun geyma mér að fara út í flest atriði þar til við höfum haldið nefndarfund um þetta mál og átt viðræður við hagsmunaaðila.

Eitt er þó ljóst, að það er mjög miður að Ed. skuli vera boðið upp á að þurfa að afgreiða þetta mál nú fyrir frestun þings, fyrir jólaleyfi, og er það gjörsamlega óviðunandi.

Þó er ástæða til þess nú við 1. umr., í framhaldi af því sem hv. þm. Stefán Benediktsson spurði um áðan, að spyrja nokkurra spurninga. Mér hefur borist í hendurnar grg. um nýtt stjórnskipulag Ríkismats sjávarafurða, nýtt stjórnskipulag sem taki gildi 1. febr. 1986. Það er spurningin hvort ætlunin er að nota þetta gagn, sem ég er með í höndunum, varðandi næsta ár. Þar er gert ráð fyrir að yfirstjórn skipi fiskmatsstjóri, fulltrúi fiskmatsstjóra, skrifstofustjóri, fjármálafulltrúi, fulltrúi útflutningsvottorða, skjalavörður, ritarar, símavörður, hvað varðar gagnavinnslu og upplýsingasvið verði forstöðumaður og aðstoðarmaður, á rekstrarsviði verði rekstrarstjóri, fulltrúi rekstrarstjóra, yfirmatsmaður svæðis. Svo er gert ráð fyrir ferskmatsmönnum hér. Það er víst ætlunin að leggja það niður. Ég spyr því hvort það er meiningin að hafa alla þessa toppa að störfum meðan ferskfiskmatsmönnum er sagt upp, hvort þeir einir eigi að fara eða hvort meiningin er að gera allsherjaruppstokkun á þessari stofnun.

Hvað varðar ferskfiskdeild er gert ráð fyrir forstöðumanni ferskfiskdeildar, fulltrúa vegna frystingar, fulltrúa vegna saltfisks og skreiðar, fulltrúa vegna síldarafurða og svo yfirmatsmönnum afurðadeildar, sjálfsagt er þessi seinni hluti nauðsynlegur, en síðan kemur fulltrúi ferskfiskmats. Í afurðadeild er gert ráð fyrir forstöðumanni afurðadeildar og svo fulltrúa vegna rækju. Á hreinlætis- og búnaðarsviði er gert ráð fyrir hreinlætissérfræðingi og yfirmatsmönnum vegna hreinlætis og búnaðar. Þetta er allnokkur upptalning ef það er meiningin að þetta verði að veruleika en þetta gagn um stjórnskipan mun hafa orðið til í þessari stofnun.

Það er ljóst að það á að segja matsmönnunum upp. Því er ástæða til að spyrja hvort þeir toppar sem hér eru tilgreindir eigi allir að sitja eftir eftir að verkefnin hafa verið tekin frá þeim að mestu leyti.

Önnur atriði ætla ég að geyma mér að ræða þar til við næstu umræðu, en ástæða er til að fá svör við þessu í framhaldi af því sem hv. þm. Stefán Benediktsson spurði um áðan.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram í umræðunum að frv. þetta sé seint fram komið og það er vissulega rétt. Ég vil hins vegar geta þess hvernig að þessu máli hefur verið unnið. Þegar breyting sem þessi á að eiga sér stað er að sjálfsögðu mikilvægt að reyna að undirbúa hana sem best eftir því sem hægt er. Það hefur verið gert með þeim hætti að hafa um það náið samráð við þá aðila sem eiga að búa við þessa skipan. Málið hefur verið tekið fyrir á fundum, fyrst á sameiginlegum fundi í október, síðan á þingum hagsmunaaðilanna og um það hefur verið fjallað þar þannig að málið hefur fengið ítarlega umfjöllun hjá þeim aðilum sem við lögin eiga að búa. Það eru, leyfi ég mér að segja, allir þeir aðilar sammála um að þessi breyting þurfi að eiga sér stað. Það eru hins vegar til aðilar og þá sérstaklega Landssamband ísl. útvegsmanna sem telja að eigi að ganga mun lengra. En það má segja að sú leið sem hér er farin sé í nokkru samræmi við þær skoðanir sem hafa komið fram hjá fiskvinnslunni og einnig að verulegu leyti hjá sjómönnum þó það sé ekki eins afdráttarlaust, en það mun hv. sjútvn. að sjálfsögðu kanna við yfirferð á málinu.

Það er hins vegar rétt að það tók e.t.v. nokkrum dögum lengri tíma en þörf hefði verið á að koma málinu fyrir þingið. Það er rétt að framlagning var

heimiluð í Sjálfstfl. fyrr en í Framsfl. Er það stundum svo með mál að það tekur misjafnlega langan tíma í flokkunum að fá heimild fyrir framlagningu. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er.

Ég vænti þess hins vegar að hægt sé að ljúka þessu máli vegna þess að það er mjög slæmt að breyting sem þessi sé lengi að veltast í meðferð og óvissa ríki um ástand mála. Það er af hinu vonda fyrir alla aðila og ég tel mikilvægt að koma þessari breytingu frá eins fljótt og auðið er.

Varðandi þær spurningar sem hér hafa verið lagðar fram eru hjá Ríkismati sjávarafurða, eins og ég gat um áðan, 79,65 stöðugildi. Á aðalskrifstofu og upplýsingasviði eru 9,25 stöðugildi, í afurðadeild eru 12, ferskfiskmatsmenn eru 43,6, yfirmatsmenn sveða eru 10, á rekstrarsviði og í ferskfiskdeild eru 4. Samtals 79,65 stöðugildi. Á þessu stigi liggur fyrir að ferkfiskmatsmönnunum verður sagt upp í fyrsta áfanga, yfirmatsmenn sveða, 10 talsins, munu að sjálfsögðu verða áfram, afurðadeildin mun starfa áfram. Hver fækkun verður á aðalskrifstofu og upplýsingasviði, þar sem eru 9,25 stöðugildi, liggur ekki enn fyrir og ekki heldur á rekstrarsviði og í ferskfiskdeild á þessu stigi en ljóst er að þar mun verða um endurskipulagningu að ræða og einhverja fækkun. Eins og ég gat um er nú gert ráð fyrir endurmati á stofnuninni og endurskipulagningu í framhaldi af þessari breytingu, ef af henni verður og þetta frv. verður samþykkt, og sá undirbúningur er hafinn. Fiskmatsstjóri mun annast þá vinnu og fá sér til aðstoðar tvo aðila, m.a. mun hann fá aðstoð ráðgjafarfyrirtækis við þau störf.

Það hefur verið spurt um fjárveitingar og hvernig fjármálum stofnunarinnar er komið. Ég fullyrði að fjármál stofnunarinnar hafa aldrei verið í eins góðu lagi og á þessu ári. Það hefur því miður í gegnum árin verið misjafnt ástand á fjármálum þessarar stofnunar og hún oft þurft á aukafjárveitingum að halda, en í ár mun stofnunin komast af með þær fjárveitingar sem hún fékk á fjárlögum ársins 1986 og ef eitthvað er verður afgangur fremur en hitt.

Hv. þm. Stefán Benediktsson spurði mig um tiltekna aðila og nefndi hvaða störf þeir hefðu stundað á sviði félagsmála. Ég tek það skýrt fram að þegar núverandi fiskmatsstjóri var ráðinn var frá því gengið milli okkar að hann mundi annast allt starfsmannahald stofnunarinnar og ég mundi ekki hafa þar nokkur afskipti af. Þannig hefur verið haldið á málum. Ég verð að segja að mér finnst það afar undarlegt þegar stjórnmálamenn og alþm. eru að ýja að því að það sé af hinu vonda að einhverjir tilteknir menn komi nálægt pólitísku starfi og láta í það skína að þeir séu nánast óalandi og óferjandi. Ætti hv. þm. Stefán Benediktsson að viðhafa önnur ummæli að mínu mati. Það er leiðinlegur ávani hvar í flokki sem menn standa, því að allir stjórnmálaflokkar þurfa á því að halda að fólk vilji í þeim starfa og nálægt þeim koma, að það skuli hvað eftir annað koma fyrir á hv. Alþingi að menn séu með slíkar slettur. Það er að mínu mati ekki til mikils sóma. En að öðru leyti vil ég ekki segja neitt um það og ítreka það, sem ég sagði áður, að ég hef hvorki afskipti af því hvaða starfsmenn þarna eru ráðnir, hvaða matsmenn eru þarna ráðnir né nokkurt „kontrol“ á því hvort þeir menn starfa einhvers staðar í félagsmálum, ekki einu sinni í Bandalagi jafnaðarmanna.

Hv. þm. Karl Steinar spurði um skipurit, sem er frá s.l. vetri, sem var tekið upp miðað við núverandi skipulag stofnunarinnar. Það skipurit verður að sjálfsögðu úrelt þegar þessi breyting hefur átt sér stað og mun þurfa að endurskoða það miðað við þær breytingar sem á verða. Það liggur alveg fyrir að þessar breytingar munu hafa veruleg áhrif á stofnunina og með þeim er endurskipulagningu hennar alls ekki lokið.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega á ferðinni frv. sem getur haft verulegar breytingar í för með sér, en með því að líta yfir þetta frv. má sjá að stofnunin getur verið nákvæmlega eins og hún er vegna þess að það er mjög breitt bil á milli þeirra sem eiga að nýta þessa starfskrafta. Ef t.d. væri kallað á yfirmatsmann í hvert skipti sem togari kæmi að landi er ég ansi hrædd um að þyrfti að fjölga starfsmönnum fljótlega aftur upp í sömu tölu. Ég held því að hér sé um allt of hrátt mál að ræða, það sé ekki búið að vinna nægilega að þeim skipulagsbreytingum sem þurfa að verða í kjölfarið á slíkri lagabreytingu og að frv. sé ekki nógu vel undirbúið til að verða að lögum eftir örfáa daga.

Það kemur fram í grg. að þetta mál var tilbúið 2. okt. s.l. Síðan fær hv. Ed. Alþingis málið til meðferðar þegar hún á aðeins einn starfsdag eftir fram að áramótum og hæstv. sjútvrh. segir að nefndin geti fengið þá menn til viðræðu sem málið varðar. Við höfum tvo tíma á morgun, á milli 10 og 12, því kl. 12 erum við upptekin á öðrum fundi hjá hæstv. ráðh., til að kynna okkur þetta mál og ræða við þá menn sem eiga að fara eftir lögunum þegar frv. verður að lögum. Hér er ekkert svigrúm. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vanvirðing við hv. Alþingi að koma svo seint fram með mál þrátt fyrir að hér geti verið um gott mál að ræða, en það þarf að sjá fyrir endann á því hvernig á að framkvæma slíka lagabreytingu.

Það kemur líka fram í grg. að LÍÚ vill alfarið leggja Ríkismat sjávarafurða niður. Hvernig hefði verið að kanna til hlítar hvort það væri kannske betri leið en nú er farin? Hvernig væri að fá úttekt á því og umsögn um hvort það ætti að ganga alla leið og leggja stofnunina niður eða hvort eigi, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að fara fiskvinnsluleiðina? Sjómenn vilja ganga enn skemmra. Vegna hvers sjómenn? Jú, vegna þess að ferskfiskmatið í dag er eiginlega verðlagning á fiski og kemur mjög við sjómenn þannig að það er eðlilegt að þeir hafi fyrirvara á slíku máli þegar ekkert er vitað um framkvæmdina.

Það kemur einnig fram í frv. að það sé veruleg lækkun á fjárlögum næsta árs vegna fyrirhugaðrar fækkunar, en fjárlög næsta árs miða þó við 48 millj. til stofnunarinnar. Ég tel það alldrjúga upphæð og vil beina spurningu til hæstv. ráðh.: Hvernig gekk eftir lagabreytingarnar 1984 að endurskipuleggja stofnunina og er það aðeins á þessu ári sem orðið hefur einhver árangur af þeim breytingum? Hafa þessar hugmyndir ekki verið að velkjast það lengi hjá hæstv. ráðh. að hann hefði a.m.k. getað kynnt þær eða komið þeim fyrr til hv. deildar til þess að menn hefðu yfir einn sólarhring a.m.k. til umhugsunar? Mér er ekki að skapi að vera á móti máli sem getur verið mjög gott, en það er ekki hægt að taka afstöðu stundum með svo stuttum fyrirvara. Og ég spyr líka hæstv. ráðh.: Getur hann ekki sætt sig við að gildistaka laganna frestist um hálft ár og að sett verði nefnd til að gera tillögur um hvernig að þessu verði staðið?

Ég held ég geymi mér frekari umræður um þetta mál þangað til eftir þennan tveggja tíma fund á morgun, ef við nýtum tímann alveg til fulls og göngum aðeins á tíma hæstv. ráðh. á næsta fundi, til að ræða við þá menn sem eiga eftir að vinna samkvæmt þessum lögum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Í umræðunni hefur komið fram að frv. sem hér liggur fyrir er samþykkt hjá þingflokki Sjálfstfl. 24. nóv., ekki fyrr. Þrátt fyrir það er gengið frá fjárlögum með þeirri forsendu að ferskfiskmatsmönnum verði sagt upp, það verði fækkað um 43 stöður. Það eru skrýtin vinnubrögð að það sé raunverulega búið að ganga frá því á vissum stöðum og verkinu ekki haldið áfram. Það er látið liggja afskiptalaust frá því sjálfsagt í lok september og fram í seinni partinn í nóvember. En á þessum tíma er reyndar hæstv. ráðh. ekki alveg verklaus í þessu máli. Hann er að kynna það, bæði fyrir LÍÚ og fiskiþingi og líkast til þingi Sjómannasambandsins, ræða málið þar og gefa undir fótinn að þetta verði gert. Hann segir hér í ræðu sinni að það hafi verið haft samráð við þessa aðila, sem ég rengi ekki, og hann fullyrðir að þessir aðilar hafa allir verið sammála. Ég rengi það af því að það hefur alls ekki legið fyrir að sjómannasamtökin væru tilbúin að samþykkja þessa breytingu eins og hún er lögð hér til. En hitt er það að LÍÚ hefur verið tilbúið að samþykkja þessa breytingu og viljað gera jafnvel meira. Hlutirnir eru á þann veg að greinilegt er að það er nauðsynlegt að skoða þetta mál miklu betur, ræða þetta miklu betur, fjalla um það betur hjá hagsmunasamtökum og ekki aðeins í toppnum og á fundum og þingum sem hafa ekki fengið neinn undirbúning undir að um þessi mál verði fjallað á þeim fundum. Það er svipað eins og að koma með þetta mál inn á síðasta eða næstsíðasta degi þingsins og ætlast til að það verði afgreitt hér að reikna með því að eins eða tveggja daga þing geti afgreitt jafnstórt mál og þetta til fullnustu.

Ráðherra undirstrikaði reyndar í ræðu sinni á fundi LÍÚ að það væri nauðsynlegt að þetta mál væri vel undirbúið og að fjarstæða væri að ætla sér að afgreiða þetta mál án þess að það sem við ætti að taka væri skoðað. Ég ætla að leyfa mér að lesa smávegis úr ræðu hæstv. ráðh. og minna hann á hvað hann sagði þar og hvort það kemur ekki heim og saman við þá ósk okkar, sem hér höfum verið að leggja það til að málinu verði frestað og það betur skoðað.

Ég tel að flestir hv. deildarþm. séu jafnvel sammála því að ferskfiskmatið verði lagt niður og viðurkenna að á því hafi verið miklir gallar. En það borgar sig ekki að leggja það niður til að láta eitthvað óþekkt taka við.

Það sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við það að þessir hlutir yrðu samþykktir á fundi LÍÚ var þannig, ég tek hér smákafla úr ræðu hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af niðurstöðu þessa fundar", ráðherra er á fundi LÍÚ, „verður lagt fram frumvarp á næstu vikum um að leggja skyldumat Ríkismatsins á ferskum fiski niður. Ríður því á að kaupendur og seljendur á ferskum fiski setjist niður og komi sér saman um það með hvaða hætti gæði ferskfisks skuli metinn í framtíðinni og hvaða áhrif það gæðamat hafi á fiskverð. Það er að sjálfsögðu forsenda þess að breytingin heppnist að menn komi sér saman um hvað koma skuli í stað hins eldra kerfis."

Hvað er hægt að segja ákveðnar um að nauðsynlegt sé að koma sér saman um hvað skuli taka við þegar þetta kerfi er lagt af en það sem hæstv. ráðh. segir á fundi LÍÚ? Ég ítreka þessa skoðun. Það er nauðsynlegt áður en við göngum í að leggja ferskfiskmatið af að það sé búið að gera sér grein fyrir því hvað eigi að taka við. Það er ekki nóg að segja að hagsmunaaðilar muni koma sér saman. Það verður að ganga frá því og þeir verða að hafa tíma til þess að fjalla um þau mál áður en gengið er frá því að leggja þá aðferð niður í ferskfiskmati sem við höfum nú.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins til að svara þeim spurningum sem hér hafa verið fram bornar.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm., um hvað hefði verið gert hjá stofnuninni síðan lögunum var breytt. Það hefur vissulega margt verið gert. M.a. hefur afurðamatinu verið gjörbreytt og því komið í hendur hagsmunaaðilanna sjálfra að langmestu leyti, þó ekki síldarmatinu. Þannig hafa átt sér stað verulegar breytingar í þessari stofnun. Ég leyfi mér að fullyrða að það séu fáar stofnanir sem hafa legið undir jafnmikilli athygli og gagnrýni og þessi stofnun. Mér finnst stundum að aðrar eftirlitsstofnanir í þjóðfélaginu mættu gjarnan fá athygli t.d. þm. og ýmissa annarra. Ég verð ekki var við að Vinnueftirlit ríkisins eða hvað þær heita nú allar þessar eftirlitsstofnanir sem ganga hér í halarófu um landið, stundum sjávarútveginum til ama, séu undir mikilli gagnrýni eða

aðhaldi. Ég sé ekki betur en útþensla þeirra sé stöðug og vaxandi. Því hefði ég haldið að það mundi verða fagnaðarefni að það skuli þó vera til sú stofnun í landinu sem er verið að draga saman og með því verið að minnka afskipti hins opinbera því auðvitað á hið opinbera ekki að sækjast eftir afskiptum af málum nema brýna nauðsyn beri til.

Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. um skoðun Sjómannasambandsins, þá kemur fram í grg. að 15. þing Sjómannasambands Íslands hafnar þeirri hugmynd að leggja Ríkismat sjávarafurða niður meðan ekki hefur komið fram nein haldbær tillaga um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi. Þetta kom skýrt fram á þeim fundi sem var haldinn þann 2. okt., en síðan kemur: Þingið vísar því til sambandsstjórnar SSÍ að hún eigi frumkvæði og aðild að því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi komi sér saman um framtíð fiskmatsins eða hvað koma skuli í stað þess. Á þessu hefur sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands tekið. Ég ætla ekki að fara að koma hér með neinar yfirlýsingar um hvað þeir hafa um þetta sagt, það er langeðlilegast að þeir geri það sjálfir, en ég veit ekki betur en að þeir geti vel fellt sig við það sem hér er að gerast.

Ég kannast mjög vel við það sem ég sagði á aðalfundi LÍÚ og þau orð standa enn. Það kemur skýrt fram í þessari grg. að hagsmunaaðilar þurfa að vinna sem best að þessu máli. Ég veit að þeir munu gera það, en ég vek athygli á því að hér er aðeins verið að afnema skylduna en það er ekki þar með sagt að það geti ekki myndast eðlilegur aðlögunartími til að standa að breytingunni á næsta ári. En til þess að breytingin geti átt sér stað, sú aðlögun hafist, verður að breyta lögum þannig að skyldan til að meta ferskan fisk verði afnumin.

Í sjálfu sér er frv. einfalt þótt ég taki undir að hér sé um afgerandi breytingu að ræða, en ég held að allir geti verið sammála um að það er langmikilvægast í því máli hvað þeir aðilar segja sem við þetta eiga að búa. Ef þeir eru sáttir við það held ég að Alþingi Íslendinga ætti vel að geta fallist á þá meðferð máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

23. fundur, miðvikudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 168, n. 327, 331 og 344, brtt. 210, 324, 328, 332, 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 210 teknar aftur.
Brtt. 324,1 felld með 19:8 atkv.
Brtt. 342,1 felld með 19:8 atkv.
Brtt. 328,1.1 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 328,1.2–3 samþ. með 24:6 atkv.
Brtt. 328,1.4–11 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, þar með ákveðin.
Brtt. 342,2.a–b felld með 23:13 atkv.
Brtt. 342,2.c felld með 21:9 atkv.
Brtt. 342,2.d felld með 21:13 atkv.
Brtt. 342,3 felld með 24:13 atkv.
Brtt. 328,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 342,4–5 felldar með 25:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, StG, StH, SV, TG, ÞP, ÞS, AS, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, IG.

2 þm. (BÍG, GSig) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Stjórnarliðið hefur þegar fellt nokkrar tillögur sem ganga út á að grisja frádráttafrumskóg fyrirtækjanna. Hér er tillaga um það að fyrirtækjum líðist ekki hömlulaust að færa persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækja á rekstur fyrirtækjanna sjálfra og um það að takmarka risnukostnað fyrirtækjanna. Það er athyglisvert að stuðningslið fjmrh. skuli á þeim tíma þegar staða ríkissjóðs er eins og raun ber vitni um greiða atkvæði gegn tillögu af þessu tagi.

Herra forseti. Ég segi já.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Með því að gildandi lög gera ekki ráð fyrir því að persónulega eyðslu forstöðumanna fyrirtækja eða starfsmanna sé heimilt að telja til rekstrarkostnaðar og með því að risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækis samkvæmt núgildandi lögum er þessi tillaga óþörf og ég segi nei.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir þá grein sem hæstv. fjmrh. gerði fyrir atkvæði sínu. Jafnframt bendi ég á að það vekur athygli hvaða þm. það eru sem segja já við því að festa í lögin ákvæði sem þegar eru í þessum sömu lögum og ráðlegg ég þessum hv. þm. að kynna sér lögin betur, kynna sér vinnubrögð skattstofa og venjur, áður en þeir flytja eftirleiðis brtt. um skattamál. Ég segi nei, herra forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þau orðaskipti sem hér hafa átt sér stað gefa tilefni til að beina því til hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e. að þeir lesi betur texta hinnar svokölluðu skattsvikaskýrslu, en þar kemur m.a. fram að reglur skorti fyrir skattyfirvöld til þess að unnt sé að framfylgja settum lögum um það að persónulegur kostnaður forráðamanna fyrirtækja sé ekki færður til frádráttar frá tekjum. En það er svo í samræmi við annað, sbr. nýlegar upplýsingar um að ef hinn opinberi geiri sjálfur, þeir sem eiga að vera öðrum til fyrirmyndar, hefði látið vera óbreytta krónutölu til risnu og ferðalaga í hinum opinbera geira hefðu þeir 480 millj. upp í gatið sitt. Tillagan er sjálfsögð og ég segi já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mótmæli þeim málflutningi sem hefur verið hafður uppi í greinargerðum af hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. fjmrh. og endurtek að um er að ræða ákvæði sem mundi skipta mjög verulegu máli fyrir skattyfirvöld skv. viðtölum sem ég hef átt við þau og fulltrúa þeirra og embættismenn í fjmrn. Það er hins vegar ekki nýlunda að stjórnarliðið nú hafni góðum tillögum frá stjórnarandstöðunni á þeim forsendum að slík atriði séu í raun og veru hvort eð er inni í lögum þannig að þó svo að fjmrh. hafni tillögunni styður hann hana. Þessi sérkennilega afstaða hefur komið fram enn þá einu sinni, herra forseti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er undarlegt þegar því er haldið fram hér á Alþingi að embættismenn ríkisins vinni viljandi með þeim hætti að þeir láti það líðast að persónuleg eyðsla manna komi til rekstrarfrádráttar frá fyrirtækjum og dragist frá skattskyldum tekjum. Það er jafnframt undarlegt ef það er rétt sem hv. þm. segir að skattstjórar láti það undir höfuð leggjast og viðurkenni að þeir viðurkenni hjá fyrirtækjum taumlausa risnu án þess að það sé í þágu viðkomandi fyrirtækis og hafi þar með uppi skattsvik með eigendum viðkomandi fyrirtækja. Þetta er alvarlegur áburður á þessa embættismenn og ég bið formann fjh.- og viðskn. að skrifa ríkisskattstjóra bréf þannig að úr því fáist skorið hvort skattstjórar landsins vinni með þessum hætti og við þurfum ekki að deila um það mál undir dagskrárliðnum fundarsköp hér í hv. Nd.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég bendi á hér úr forsetastóli að þetta er 2. umr. málsins og það verða umræður um þetta mál að sjálfsögðu þegar til 3. umr. kemur og ég tel ákaflega óheppilegt að þm. séu að stofna til umræðna af þessu tagi þegar verið er að greiða atkvæði. Eigi að síður ætla ég að veita hv. 3. þm. Reykv. tækifæri til að segja örfá orð um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir þolinmæðina svo og hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir stuðning við það mál sem ég flyt og mun kalla eftir því að formaður fjh.- og viðskn. skrifi skattstjórum í landinu og fái svör frá þeim áður en þetta mál verður afgreitt í þinginu. Mér þykir vænt um að þetta mál skuli hafa komið upp með þessum hætti og endurtek þakkir mínar til hv. þm. Halldórs Blöndals vegna stuðnings hans við þetta mál en mun að öðru leyti ræða það við 3. umr.

Brtt. 324,2.a felld með 28:4 atkv.
Brtt. 328,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 324,2.b felld með 28:3 atkv.
Brtt. 332 felld með 23:10 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 342,6 felld með 23:12 atkv.
Brtt. 328,4 (ný 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 324,3 felld með 24:12 atkv.
Brtt. 328,5 (ný 5. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 324,4 felld með 22:12 atkv.
Brtt. 328,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 342,7 tekin aftur.
Brtt. 328,7 (ný 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 328,8 (ákv. til brb.) samþ. með 21:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, 2. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða o.fl.). — Þskj. 286, n. 355 og 356.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 356 um frv. til l. um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli. Þetta er nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt. Í nál. kemur fram að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hafi setið fund nefndarinnar og samþykkt þessa afgreiðslu. Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson

og Kjartan Jóhannsson en hv. þm. Svavar Gestsson mun skila séráliti og gera grein fyrir sínum skoðunum.

Það er aðeins eitt sem ég held að sé ástæða til þess að benda á og það er að með frv. þessa, ef samþykkt verður, er auk þess að taka verkfallsrétt af fangavörðum verið að lögfesta það að ríkið beri hlutlæga ábyrgð á slysum sem fangaverðir gætu orðið fyrir í sínu starfi með samsvarandi hætti og nú er gert í 5. gr. laga um lögreglumenn.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vísa til nál. á þskj. 355 og þeirra raka sem ég gerði grein fyrir í sambandi við þskj. 280 sem var nál. um frv. til l. um lögreglumenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968 o.s.frv. eins og segir á þskj. 222.

Í athugasemdum með frv. segir:

„Í lögum um Útflutningsráð Íslands nr. 38/1986, 6. gr., segir að einn af tekjuliðum ráðsins sé tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984. Tryggt er að ráðið fær þann hluta af iðnlánasjóðsgjaldi sem tilgreindur er í síðarnefndu lögunum. Í lögum nr. 55 1984, sem breyta lögum um Iðnlánasjóð, er þó á tveimur stöðum talað um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, en hún var lögð niður með lögunum um Útflutningsráð Íslands, nánar tiltekið við gildistöku þeirra laga 1. okt. 1986.

Með frv. þessu eru ákvæði laga nr. 55/1984 færð til samræmis við ákvæði hinna nýju laga nr. 38/1986.

Að öðru leyti virðast einstakar greinar frv. ekki þurfa nánari skýringa við.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 163 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum nr. 41 frá 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp athugasemdir sem fylgja.

„Með frv. þessu er lagt til að lögum um Iðntæknistofnun Íslands verði breytt á þann veg að stofnuninni verði heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum er hagnýti niðurstöður verkefna sem stofnunin vinnur að. Áhugi atvinnulífsins á að hagnýta niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna er að aukast og hefur sá áhugi beinst að stofnun sérstakra fyrirtækja um slík verkefni. Má í þessu sambandi nefna nýlega breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem heimilar háskólanum að eiga hlutdeild í fyrirtækjum sem fást við rannsókna- og þróunarstarfsemi. Stjórn Iðntæknistofnunar hefur því óskað eftir að gerð verði sú breyting á lögum um stofnunina að henni verði heimilt að eiga aðild að starfandi fyrirtækjum.

Helstu kostir þess að geta tekið þátt í stofnun fyrirtækja, sem verða til vegna verkefna sem unnin eru á vegum Iðntæknistofnunar, eru eftirfarandi:

1. Þátttaka í slíkum fyrirtækjum eykur tengsl Iðntæknistofnunar við atvinnulífið og þar með skilning starfsmanna á þörfum þess.

2. Iðntæknistofnun fær greitt fyrir forvinnu við rannsóknir og þróun með hlutabréfum. Með því að selja hlutabréfin síðar má afla sértekna og fá endurgreiddan hluta þess kostnaðar sem viðkomandi rannsókna- og þróunarverkefni hefur í för með sér fyrir stofnunina.

3. Nýjar leiðir opnast til frekari rannsókna í samvinnu við slík fyrirtæki. Mun það byggja upp þekkingu og auka sértekjur við grunnrannsóknir sem í dag eru mjög takmarkaðar vegna fjárskorts íslenskra fyrirtækja til að stunda kostnaðarsamar grunnrannsóknir.

4. Auknir möguleikar opnast til að ráða og halda starfsmönnum með viðamikla sérfræðiþekkingu þar sem t.d. má bjóða þeim hlutastörf í slíkum fyrirtækjum.

5. Aukin meðvitund skapast hjá starfsmönnum stofnunarinnar um gildi grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna.

Tekið skal fram að aðild Iðntæknistofnunar að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum verður háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og iðnrh. hverju sinni eins og fram kemur í frv. Þá verður heimildin takmörkuð við félög með takmarkaða ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verði afmörkuð við hlutafjárframlög.

Einstakar greinar frv. þurfa eigi nánari skýringa við."

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 1. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 11. júní á þessu ári til að stöðva verkfall flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 9. maí í vor, um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum og þessi lög eiga að gilda til áramóta.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 337 (sbr. 120).

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa en frv. þetta er samið skv. tillögum nefndar til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Samkomulag var í þeirri nefnd um efni frv. Þar áttu sæti fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna, fiskvinnslu og fjögurra stærstu þingflokkanna á Alþingi. Helstu nýmæli þessa frv. eru einkum þrjú en þau eru eftirfarandi:

1. Hvíli ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði er Stofnfjársjóði skylt að greiða til skipseiganda innstæðu á reikning þess án þess að sérstaklega sé óskað eftir því. Í þessu felst m.a. að sé skip með öllu skuldlaust við Fiskveiðasjóð skuli Stofnfjársjóður ekki hlutast til um að greiða gjaldfallnar afborganir af stofnlánum skips hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun. Þetta er önnur regla en gildir skv. frv. í þeim tilvikum sem skip eru í skuld við Fiskveiðasjóð. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að halda megi eftir innstæðu skips til greiðslu við Byggðasjóð og Ríkisábyrgðasjóð. Þetta er skv. tillögu nefndarinnar en að sjálfsögðu má draga í efa hvort rökrétt sé að gera það á þennan hátt. En þetta var tekið til athugunar í nefndinni og niðurstaðan var sú sama.

2. Sé skip með áhvílandi lán hjá Fiskveiðasjóði, Ríkisábyrgðasjóði eða Byggðastofnun, þó ekki í vanskilum, getur skipseigandi með sérstakri beiðni fengið endurgreitt fé af stofnfjársjóðsreikningi sínum. Fiskveiðasjóði er þó heimilt að halda eftir ákveðnum hluta fjárins til greiðslu á næsta gjalddaga eftir ákveðnum hlutfallsreglum miðað við tíma frá síðasta gjalddaga.

3. Innstæða á reikningi skips hjá Stofnfjársjóði á að njóta vaxta.

Í Ed. var gerð lítils háttar breyting, en sú brtt. kemur fram á þskj. 337. Þar kemur fram að Fiskveiðasjóður skuli færa til tekna á reikninginn vexti, sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af fjármagnskostnaði skulda er á skipum hvíla hjá Fiskveiðasjóði, í stað þess að í frumvarpsdrögunum var gert ráð fyrir að það skyldi miðast eingöngu við viðkomandi skip. Þetta er að mínu mati eðlileg breyting, en eins og frv. var flutt þegar það var lagt fram í Ed. var það flutt nákvæmlega eins og nefndin skilaði því til sjútvrn. og er þessi breyting eðlileg að mínu mati.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987. Eins og fram hefur komið í frv. til fjárlaga og athugasemdum með því miðast forsendur þess við innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda og að þeirri innheimtu verði fram haldið á næsta ári með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Hér er um að ræða skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, húsnæðisgjald, sérstakt tímabundið vörugjald og jöfnunarálag á innflutt hús. Frv. um þessi efni hafa verið flutt á hverju ári og kveðið á um tímabundið gildi þeirra um eitt ár í senn.

Málið hefur þegar fengið afgreiðslu í Ed. og er í órjúfanlegu samhengi við afgreiðslu fjárlaga og hefur verið, eins og fram hefur komið, afgreitt á hverju þingi. Hér er ekki um að ræða efnislegar breytingar frá því sem gilt hefur um þessi efni á undanförnum árum.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. að hér sé um að ræða óbreytta framlengingu á sköttum eins og þeir hafa verið. Hér er verið að breyta verulega til í ýmsum efnum og skiptir þar mestu að það er verið að ákveða með þessu að taka húsnæðisgjaldið áfram í ríkissjóð, húsnæðisgjald upp á 700–800 millj. kr. sem var lagt á með samkomulagi við stjórnarandstöðuflokkana vorið 1985 ef ég man rétt.

Ég vil leyfa mér aðeins að fara yfir frv. Það er þá fyrst ljóst að álagningarprósenta skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði hefur lækkað úr 1,4% í 1,1%. Ég mun svo sem fyrr flytja tillögu um að notuð verði sama álagningarprósenta skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og var, þ.e. 1,4% a.m.k. Síðan er hér gert ráð fyrir því í 6. gr. að sérstakur eignarskattur verði innheimtur og að þessir fjármunir, sem þar er gert ráð fyrir, verði innheimtir með sama hætti og var á árinu 1986. Ég vildi fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh. hvað gert er ráð fyrir að þessir skattar skili miklu í ríkissjóð á næsta ári samkvæmt þeim áætlunum sem nú liggja fyrir um tekjur ríkissjóðs á árinu 1987, sérstakur eignarskattur skv. 6. gr. Ég vildi fá upplýsingar um hvað áætlað er að hann gefi samkvæmt nýjustu tekjuáætlunum ríkissjóðs fyrir árið 1987. Hið sama á reyndar við um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það væri gott að fá um það upplýsingar strax við þessa umræðu hvað gert er ráð fyrir að hann gefi á árinu 1987 samkvæmt nýjustu áætlunum um tekjur ríkissjóðs á því ári, en þær munu nú liggja fyrir.

Þá vil ég sérstaklega víkja að II. kafla, um húsnæðisgjald, en þar segir, með leyfi forseta:

„Á árinu 1987 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra skv. þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.“

Hérna er verið að falsa staðreyndir málsins. Framlög í Byggingarsjóð ríkisins eru lækkuð í raun og veru um hærri upphæð en þessu svarar þannig að hér er verið að afla tekna fyrir ríkissjóð.

Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir að framlög í Byggingarsjóð ríkisins lækki á næsta ári frá því sem er á þessu ári um mörg hundruð millj. kr. þrátt fyrir þann gífurlega vanda sem um er að ræða í húsnæðismálum og húsnæðislánakerfinu. Þau mál voru lítillega rædd í gær í Sþ. og verða örugglega nánar rædd við 3. umr. fjárlaga þegar hún fer fram. En það er æskilegt að fá nánari upplýsingar um það hjá fjmrh. hvað þessi liður gefur samkvæmt nýjustu tekjuspám ríkisins fyrir árið 1987, þ.e. þetta 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn sem gert var ráð fyrir við upphaf meðferðar málsins að gæfi um 600 millj. kr. en er örugglega mun hærri upphæð núna. Ef þetta á að merkjast Húsnæðisstofnuninni hlýtur þessi peningur að fara allur, sú hækkun sem gert er ráð fyrir núna á tekjum ríkissjóðs af þessu, í húsnæðiskerfið líka þannig að það verður að fylgja með af minni hálfu að inna eftir því hvort það er ekki alveg á hreinu að sú upphæð, sem þessi tala hækkar um samkvæmt nýjustu tekjuspám ríkisins, renni einnig til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári.

Þegar ákveðið var að leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn var einnig gert ráð fyrir að hækka sérstaklega verð á áfengi og tóbaki til að styrkja stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Það er hvergi gerð grein fyrir þeim fjármunum að ég best fæ séð í fjárlagafrv. né heldur í þessu frv. og er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvaða fjármunir eru hér á ferðinni sem ríkið er að hirða í ríkissjóð af Byggingarsjóði ríkisins og húsbyggjendum í landinu.

Þetta atriði tel ég óhjákvæmilegt að komi fram, en vil hins vegar taka fram varðandi IV. kafla frv., um jöfnunargjald, að ég mun styðja framlengingu þess. Það er mikið álitamál hvort á að vera að framlengja til eins árs í senn gjald eins og þetta því að það hlýtur að verða lagt á um nokkurra ára skeið í viðbót. Það er algerlega óhjákvæmilegt vegna innfluttra einingahúsa. En ábendingar mínar snerta fyrst og fremst húsnæðisgjaldið og eignarskattsviðbótina skv. 6. gr.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. skal tekið fram að það er sjálfsagt að koma nýjustu upplýsingum um áætlaðar tekjur af þessum gjald-

stofnum til hv. fjh.- og viðskn. þegar hún tekur málið til meðferðar, en eins og kunnugt er hafa þær forsendur breyst síðustu daga með því að nýjar áætlanir hafa komið fram þar að lútandi.

Að því er húsnæðisgjaldið varðar kom það upphaflega til sem samkomulag þingflokka á Alþingi og því var ætlað að gilda út þetta ár, en það er nú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að framlengja þetta gjald, sem er 1% á söluskattsstofn, og sú ákvörðun er tekin á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ekki til þess ætlast að stjórnarandstaðan sé bundin við samkomulagið lengur en til stóð þegar það var gert. Það er svo að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eru allmiklu meiri en þetta gjald gefur og má því segja að það renni allt til Byggingarsjóðs ríkisins því að framlag ríkissjóðs er meira en þetta eina prósentustig gefur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur það ekki oft gerst að stuðlað hafi verið að heildarsamkomulagi hér í þinginu um tiltekna mikilvæga málaflokka. Ríkisstjórnin hefur kosið að fara fram með sín mál án þess að ræða þau á neinn hátt við stjórnarandstöðuna og hefur líka haft til þess mikinn þingmeirihluta. Þó gerðist það vorið 1985 að húsnæðismál voru komin í þannig lagað óefni að það varð niðurstaðan að reyna að ná allsherjarsamkomulagi allra flokka í þinginu um skipun milliþinganefndar og um tekjuöflun til húsnæðismála.

Þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 er svo lagt fram er bersýnilegt að húsnæðisgjaldið, sem ákveðið var með stuðningi stjórnarandstöðunnar, er allt tekið í ríkissjóð og hæstv. fjmrh. lýsir því áðan yfir, fyrir 2–3 mínútum, að þar með sé stjórnarandstaðan ekki bundin af þessu samkomulagi. En þá skal það líka vera skýrt af hálfu Alþb. að við teljum okkur heldur ekki bundin af því samkomulagi sem gert var um milliþinganefndina þegar ríkisstjórnin segir málum einhliða upp með þessum hætti, tekjuöflunarforsendu húsnæðismálanna. Það er skipuð milliþinganefnd og hún hefur starfað um alllangt skeið og átti samkvæmt samþykktum s.l. vor að gera tillögur um breytingar á húsnæðiskerfinu. Í milliþinganefndinni hefur stjórnarliðið þvælst fyrir allan tímann, engin álit hafa fengist frá milliþinganefndinni vegna þess hvernig stjórnarliðið hefur haldið þar á málum. Þá er einboðið skv. fjárlagafrv. og orðum fjmrh. áðan að hann hafnar öllu samkomulagi við stjórnarandstöðuna um þessi mál, bæði tekjuöflunina og milliþinganefndina, og að því er varðar Alþýðubandalagið skal það a.m.k. vera hreint að við teljum okkur óbundin af þessu máli líka og mun það koma fram næstu daga.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rangt, sem fram kemur af hálfu hv. 3. þm. Reykv., að ríkisstjórnin hafi einhliða sagt upp samkomulagi. Það var gert samkomulag um tímabundna fjáröflun í þessu skyni. Það samkomulag gilti um fjáröflun út þetta ár og ég get ekki ætlast til þess að stjórnarandstaðan sé bundin við það samkomulag lengur en um var samið í upphafi. Fjáröflunin gilti til loka þessa árs sem um var samið. Það eina sem fólst í mínum orðum var að ég gæti ekki ætlast til þess að stjórnarandstaðan væri bundin lengur en um var samið. Það er ekki rétt að hér sé um einhliða uppsögn að ræða. Hér er einungis um að ræða þá staðreynd að við sömdum ekki um að standa saman að fjáröfluninni til lengri tíma. Áframhald þessarar fjáröflunar er því á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, en auðvitað fögnuðum við því ef þm. stjórnarandstöðunnar væru reiðubúnir til að standa að þessari fjáröflun áfram.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er verið að nota sér neyð húsbyggjenda í landinu til að afla tekna í ríkissjóð aukalega upp á 800–1000 millj. kr. Fyrir hönd Alþb. vil ég að það komi fram að við tökum ekki þátt í slíkum vinnubrögðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 348.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Hér er um það að ræða að fjárhæðir þessara laga eru færðar upp með tilliti til breyttra verðlagsforsendna. Í þessum breytingum felast því engar efnisbreytingar frá því sem gilt hefur, en vegna þess að ekki er í ráði að ákveða sérstaka skattvísitölu er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum laganna með þessum hætti og ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 336.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Þannig er mál með vexti að til meðferðar eru tvö lítil frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Annað er hið árvissa mál um breytingu á sjúkratryggingagjaldi, sem kemur hér til umræðu á eftir, en hitt málið og það sem hér er til umræðu er lítið frv. til að bæta stöðu þeirra mæðra eða feðra sem eiga að maka örorkulífeyrisþega sem vistaður er á stofnun með þeim hætti að lífeyririnn fellur allur til þeirrar stofnunar. Þegar svo stendur á liggur í augum uppi að þar skortir það fé sem hinn framfærandinn hefur lagt til heimilisins, en hins vegar er vegna barna slíkra hjóna greiddur barnalífeyrir en ekki mæðralaun.

Þegar viðkomandi er skilinn við maka sinn, ekkja eða ekkill er heimilt að greiða mæðralaun eða bætur sem til þeirra svara. En í þeim tilvikum, sem ég ræði um, þegar makinn er vistaður til langdvalar á stofnun og bæturnar falla ekki lengur til heimilis þeirra og barnanna er fjárhagslega staðan síst betri en þegar þess maka nýtur ekki lengur við. Hér er því um að ræða réttlætismál sem ég leyfi mér að vona að hv. Nd. afgreiði jafngreiðlega og hv. Ed. Hér er ekki um marga einstaklinga að ræða. En það er augljóst að hér þarf lagabreytingu til að geta látið þetta fólk njóta þess réttar sem ég hygg að flestir séu sammála um að sanngjarnt sé.

Hér er raunar ekki einungis um að ræða örorkulífeyrisþega eða ellilífeyrisþega þegar svo bæri undir, en hins vegar líka um þau tilvik þegar maki sætir gæslu- eða refsivist sem varað hefur a.m.k. þrjá mánuði. Með þessari litlu lagabreytingu, ef frv. verður samþykkt, hygg ég að staða barna slíkra einstaklinga væri betur tryggð en nú er og leyfi mér þess vegna, herra forseti, að leggja það til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að reyna að koma til móts við fjárhagsvanda elli- og örorkulífeyrisþega sem skapast þegar maki þeirra vistast til langdvalar á stofnun og missir þar af leiðandi lífeyri sinn, svo og þegar maki sætir gæslu- eða refsivist sem varað hefur a.m.k. þrjá mánuði. Hér er vissulega tekið á mikilvægu máli og því ber að fagna, en ég er ekki sannfærð um að sú leið sem hæstv. heilbrrh. hefur valið til að koma til móts við þetta vandamál sé sú rétta.

Hér er farin sú leið að greiða mæðra- eða feðralaun til maka elli- og örorkulífeyrisþega. Út frá því sjónarmiði er eingöngu komið til móts við þá elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með börn á framfæri þegar maki dvelur langdvölum á sjúkrastofnun en ekki þá elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki hafa börn á framfæri en hafa engu að síður þunga framfærslubyrði þegar maki vistast á sjúkrastofnun til langdvalar og missir lífeyri sinn. Í þeim tilfellum getur einnig skapast mikill fjárhagsvandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Ég nefni sem dæmi að þegar maki elli- og örorkulífeyrisþega vistast til langdvalar á sjúkrastofnun þarf makinn sem er á heimilinu engu að síður að greiða sömu húsaleigu og áður, rafmagn, hita, síma o.s.frv. sem getur orðið erfitt og kannske ekki viðráðandi þegar lífeyrir makans sem dvelst á sjúkrastofnun fellur niður.

Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi tekið þetta mál upp í framhaldi af ábendingum landlæknis um þetta mál sem birtist í Alþýðublaðinu 13. nóv. s.l. þar sem landlæknir lýsir því hvernig margir aðstandendur langlegusjúklinga hafi leitað til landlæknisembættisins vegna þeirra aðstæðna sem upp koma þegar maki elli- og örorkulífeyrisþega vistast langdvölum á stofnun.

Ég hafði samband við landlækni og tjáði hann mér að hann hefði ekki síður átt við aðstæður maka elli- og örorkulífeyrisþega þótt barn væri ekki á framfæri einmitt af þeim ástæðum sem ég hér áður greindi frá þannig að málið er ekki nema að litlu leyti leyst með því frv. sem ráðherra nú leggur fram.

Ég tel að hægt hefði verið að leysa þetta mál með því að víkka út heimild sem er að finna í 13. gr. almannatryggingalaga um makabætur og tryggja með því við þessar aðstæður hagsmuni bæði elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn á framfæri og eins þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki hafa börn á framfæri en búa allt eins við slæmar fjárhagsaðstæður þegar lífeyrir maka fellur niður dveljist hann til langdvalar á stofnun. Um er að ræða ákvæði 13. gr. almannatryggingalaga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.“

Ég tel að þeirri lagagrein sem er að finna í frv. ráðherra hefði mátt bæta við þessa grein almannatryggingalaga og hún hefði þá hljóðað svo:

„Enn fremur er heimilt að greiða makabætur til elli- og örorkulífeyrisþega þegar svo stendur á að bætur bótaþega ganga að fullu til stofnunar sem bótaþegi er vistaður á, svo og þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.“

Þessu ákvæði hefur verið beitt í þágu þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinns sjúkdóms maka og geta af þeim sökum ekki aflað sér tekna. Í lagagreininni sjálfri er einungis talað um greiðslu þessara makabóta ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Án lagabreytinga hefði þessi grein líka getað náð til maka elli- og örorkulífeyrisþega við þær aðstæður sem um ræðir í þessu frv. Með breytingu á þessu ákvæði hefði verið hægt að láta þessar geiðslur einnig ná til makans væri hann sjálfur elli- eða örorkulífeyrisþegi, en eins og ákvæðið er nú fara ekki saman makabætur og lífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Með þessari breytingu, sem ég hef hér greint frá,

hefði tvennt áunnist umfram það sem er gert ráð fyrir í frv. ráðherra. Í fyrsta lagi hefði greiðslan einnig náð til maka elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst langdvölum á stofnun og lífeyrir hefur fallið niður af þeim sökum. Ég hef áður lýst því að þetta vandamál, sem hér er verið að leysa, getur verið eins þungbært fyrir maka elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á stofnun þó að börn séu ekki á framfæri, bæði að því er varðar greiðslu á húsnæðiskostnaði og fleira, þegar tekjur annars makans falla niður.

Í öðru lagi er í frv. ráðherra um mjög lágar greiðslur að ræða sem í mörgum tilfellum mundu litlu breyta fyrir elli- og örorkulífeyrisþegann sem hefur börn á framfæri þegar lífeyrir maka fellur niður. Lífeyrir makans sem fellur niður þegar hann dvelst til langframa á stofnun getur verið nálægt 16 000 kr. Heimilið verður því af þessum tekjum. Í staðinn koma skv. frv. ráðherra greiðslur mæðralauna með einu barni rúmar 2400 kr., með tveim börnum 6488 kr. og með þremur börnum 11 507 kr. Kæmi til greiðslu makabóta, eins og ég hef hér lagt til, óháð því hvort börn væru á framfæri en aðstæður engu að síður metnar því hér er um heimildarákvæði að ræða, væru greiðslurnar í þeim tilfellum 12 300 kr. á mánuði, en makabætur eru nú 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Ég tel, herra forseti, að þessa leið hefði verið eðlilegra að fara og vafalítið hefði orðið um heldur meiri útgjöld að ræða sem varla hefðu þó skipt sköpum því hægt hefði verið að meta fjárhagslegar og félagslegar aðstæður í hverju tilfelli þar sem hér er um heimildarákvæði að ræða. Hér er líka um að ræða rúmar 12 000 kr. sem máli hefðu skipt fyrir heimili sem býr við slíkar aðstæður í stað rúmlega 2400 kr. eins og er í frv. ráðherra væri um eitt barn að ræða.

Í annan stað vil ég líka benda á að ef það er hugmynd hæstv. ráðh. að láta þetta bara ná til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn á framfæri og maka þeirra sem sæta refsivist og hafa börn á framfæri hefði verið miklu eðlilegri leið, að mínu mati, að breyta 14. gr. almannatryggingalaga sem kveður á um greiðslu barnalífeyris. Ég tel að sú leið hefði betur fallið að ákvæðum almannatryggingalaga sem fyrir eru. Í því sambandi bendi ég á að greiðsla mæðra- og feðralauna er nú bundin við einstakling, þ.e. einstæða foreldra, ekkjur og ekkla. Hér er því um einstaklingsbætur að ræða, en þeim forsendum á nú að breyta með frv. Öðru máli gegnir um barnalífeyri. Þar er um að ræða greiðslu bóta eða barnalífeyris ef börn missa annað hvort foreldri og einnig, og það skiptir máli í þessu sambandi, að barnalífeyrir er líka greiddur ef annað hvort foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi, eða eins og segir í 14. gr. almannatryggingalaga:

„Heimilt er tryggingaráði að ákveða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir gæslu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði."

Hér getur því verið um að ræða greiðslu barnalífeyris þó báðir foreldrar séu framfærendur. Öðru máli gegnir um mæðra- og feðralaun sem bundin eru við einn framfæranda. Ég tel að sú breyting sem hæstv. ráðh. leggur hér til, þ.e. að greiða mæðra- eða feðralaun til maka elli- og örorkulífeyrisþega og breyta þannig eðli greiðslna mæðra- og feðralauna, sé ekki rétta leiðin og eðlilegra hefði verið að fella þetta að ákvæðum um barnalífeyri í 14. gr. þar sem einmitt er kveðið á um greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, svo og um greiðslu með barni þeirra sem sæta gæsluvist.

Í þessum tilfellum, sem hér um ræðir, hefði mátt greiða tvöfaldan barnalífeyri ef maki dvelst á sjúkrastofnun og lífeyrir fellur niður af þeim sökum. Barnalífeyrir er nú tæpar 4000 kr. en mæðralaun 2400 með einu barni þannig að hér hefði einnig verið um hærri bætur að ræða. Tvöfaldur barnalífeyrir hefði til að mynda gefið um 8000 kr. Þessa leið tel ég að hæstv. ráðh. hefði átt að fara ef ráðherra er á annað borð ekki samþykkur því, sem ég tel eðlilegast og best hefði leyst fjárhagsvanda þessa fólks, að fara að ákvæðum 13. gr. og greiða makabætur í þessum tilfellum.

Ég geri mér ljóst, herra forseti, að þetta mál hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed. og stutt lifir af þingtímanum fyrir jólaleyfi þm. þannig að vera má að erfitt sé um vik að breyta þessu í það horf sem ég hef hér mælt fyrir. Vissulega væri það þó hægt ef vilji væri fyrir hendi og vil ég hér í lokin óska eftir því við hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann tjái sig um þær tillögur sem ég hef hér lagt fram. Telji ráðherra að athuguðu máli eðlilegra að fella þetta undir greiðslu barnalífeyris eða makabóta, sem hægt er í báðum tilfellum eins og ég hef lýst, tel ég að ekkert væri því til fyrirstöðu að nefnd sú sem fær málið til athugunar breyti því í það horf sem ég hef hér lýst.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aldrei þessu vant er ég gjörsamlega ósammála eiginlega öllu því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur nýlega mælt fyrir hér. Ég held að þarna sé dálítill misskilningur á ferðinni. Það sem hæstv. ráðh. er að gera hér er sanngirnismál, þ.e. að mæður eða feður sem eiga maka sinn tekjulausan á sjúkrastofnun fái mæðra- eða feðralaun til jafns við ekkjur, fráskildar konur og ógifta foreldra. Þetta er út af fyrir sig sanngirnismál. Það sem mér finnst hins vegar óljóst er að ég átta mig ekki alveg á því hvort það er algjört skilyrði að viðkomandi maki hafi verið með örorkulífeyri eða ellilífeyri. Í tilfellinu ellilífeyrir er það alveg ljóst, en til eru dæmi þar sem maður slasast illilega, liggur heilt ár á sjúkrahúsi. Þó að ljóst sé frá upphafi að hann muni aldrei út af sjúkrahúsinu koma líður venjulega heilt ár áður en maðurinn er metinn til varanlegrar örorku. Því vildi ég spyrja hæstv. ráðh. hvernig væri farið með slík tilvik vegna þess að það er ekki sjálfgefið að langlegusjúklingar hafi örorkubætur. Það held ég að verði að vera ljósara í frv.

Ég get ekki stillt mig um að gera eina málfarslega

athugasemd við grg. Það er þar dálítið skemmtileg setning, með leyfi forseta, sem hefst þannig:

„Væri maki bótaþega og framfærandi barnanna hins vegar ekkja, ógift eða fráskilin“...

Ég fæ ekki séð að hann eða hún gæti þá verið nokkurs maki þannig að þarna hefur hugmyndaflugið dálítið farið á svig við gerð grg.

Annað er í þessari grg. sem mér finnst bera vott um dálitla vanþekkingu. Það er gert ráð fyrir að þessi maki, ef hann væri ekkja, ógift eða fráskilin kona, ætti rétt á allt að 11 002 kr. á mánuði í mæðralaun. Það er alrangt vegna þess að til þess þyrfti hún að eiga a.m.k. þrjú börn eða fleiri. Ætti hún aðeins eitt barn ætti hún ekki rétt á nema 2476 kr. og, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, með tveim börnum 6488. Grg. þessi þykir mér því ekki sérdeilis vel gerð ef ég mætti hafa orð á því hér.

En varðandi inntakið í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég segja þetta: Það er ákaflega erfitt að mismuna fólki innan almannatryggingakerfisins. Segjum að ellilífeyrisþegi fari á stofnun. Vitaskuld falla þá niður tekjur heimilisins að hálfu ef báðir aðilar hafa verið á ellilífeyri. En þetta er sama vandamálið og einhleypingar eiga við að stríða sem er einfaldlega það að ellilífeyrir er ekki til þess að lifa af. Það er fullkomið hneyksli að verkalýðshreyfingin skuli voga sér að gera kjarasamninga nú fyrir skömmu þar sem mönnum eru tryggð svokölluð lágmarkslaun sem eru fráleit í sjálfu sér, 26 500 kr., og að þá skuli ekki vera gulltryggt að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi a.m.k. þessa upphæð líka. Og það er vandamálið. Ég held að breyting sú sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði til sé í trássi við inntak og hugmyndir að almannatryggingakerfinu vegna þess að væri sú breyting gerð væri þar um umtalsverða mismunun milli einstaklinga að ræða sem búa við alveg sömu kjör. Þess vegna treysti ég mér ekki, þegar hv. heilbr.- og trn. fær þetta mál til meðferðar, ég á þar sæti sjálf, til að styðja þær hugmyndir.

Varðandi tvöfaldan barnalífeyri í þeim tilvikum þar sem maki væri á stofnun eða sætti gæsluvist. Það væri líka ákveðin mismunun vegna þess að allflestar einstæðar mæður verða að lúta því að fá einfalt barnsmeðlag, eða barnalífeyri með börnum sínum sé makinn öryrki. Ég fæ ekki séð af hverju ætti að mismuna þar í tilvikum sem hér um ræðir. Ég held því að frv. ætti að ná fram að ganga eins og það er orðið nú, en með þeim fyrirvara, sem ég óska eftir að fá skýringar á, hvernig beri að fara með þau tilvik þar sem ljóst er maður eða kona er langlegusjúklingur og verður það, en verður venjulega að vera á sjúkrahúsi allt að einu ári og á meðan hefur makinn ekki annað en sjúkradagpeninga. Ég held að það þurfi að hafa alveg skýrt að þetta geti átt við í slíkum tilvikum eða þá að gengið verði eftir að sjúklingurinn sé metinn til örorku miklu fyrr en almennt gerist.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Að því er ræðu hv. 2. landsk. þm. varðar vil ég fyrst leiðrétta þann misskilning að frv. þetta er ekki til komið vegna greinar í Alþýðublaðinu hinn 13. nóv. né nokkurn annan dag nóvembermánaðar. Þetta er samkvæmt ábendingu fólks sem sjálft hefur átt í erfiðleikum af þessum sökum. Þannig er það mál. Og mér þykir afar vænt um að landlæknir hefur tekið undir það, enda hef ég skýrt honum frá þessu máli. Og gott er að Alþýðublaðið hefur líka tekið undir þetta, en ég geri ráð fyrir að það hafi verið það sem hv. þm. var að tala um nema Alþýðublaðið hafi verið með þessar hugmyndir þm. Ekki veit ég það því að ég hef ekki alltaf tíma til að lesa það blað og hafði það alls ekki í nóvembermánuði og núna um nokkurt skeið, en það fer kannske að eignast fleiri lesendur ef svo heldur sem horfir og má vera að það verði orðið hluti af morgunverkunum að lesa það blað áður en líður. En hvað um það, herra forseti. Það var ekki ætlunin að ónotast neitt í þessu sambandi heldur einungis að skýra frá þessu til fróðleiks af því að þessi spurning kom fram.

En þær hugmyndir sem hún setti fram byggjast á misskilningi á sjálfu frv. Hér er einungis verið að tala um að gera maka sem svona stendur á um ekki verr setta en þá sem annaðhvort hafa misst maka sinn eða þá sem eru einstæðir foreldrar, þ.e. að þeir sem núna eiga rétt á barnalífeyri og mæðralaunum skv. lögunum eru sá hópur sem hér er verið að miða við en ekki allur sá stóri hópur sem hv. þm. nefndi og gilda allt aðrar reglur um.

Þetta er í sjálfu sér svar við spurningu hv. 10. landsk. þm. líka. Hún spurði um þá sem lægju á langlegusjúkrahúsi og hefðu ekki verið metnir öryrkjar. Þeir mundu ekki skv. þessu frv. fá rétt því að hér er einungis miðað við þá sem fá barnalífeyri skv. almannatryggingalögum. En barnalífeyri fá þeir ekki sem svo stendur á um sem hv. þm. nefndi. Þetta er í raun og veru einungis samræmingaratriði.

Að því er varðar grg. vil ég fyrst geta þess að sú prentvilla sem hv. þm. nefndi hefur verið leiðrétt með því að frv. hefur verið útbýtt prentuðu upp þannig að í grg. stendur: „Væri framfærandi barnanna hins vegar ekkja, ógift eða fráskilin kona ætti hún rétt á allt að 11 002 kr.“ o.s.frv.

Frv. fjallar um að þegar faðir eða móðir barnanna sem hefur verið öryrki er vistaður langdvölum á stofnun verði þau fjárhagslega ekki lakar sett en ekkjan, ógifta konan eða fráskilda móðirin væri með sín börn á framfæri. Um þetta snýst þetta mál.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði athugasemd við þetta, það væri ekki rétt það sem stæði um upphæð mæðralaunanna. Það þyrftu að vera þrjú börn til þess að svo væri sem þarna stendur. Það er rétt, enda stendur þarna „allt að“. Það er engin villa í grg. frv. að því er þetta varðar, enda er grg. samin af þeim lögfræðingi sem einna best þekkir þessi mál.

Ég vonast til þess, herra forseti, að hv. þingdeild greiði fyrir málinu í gegnum þingið og viðurkenni

þar með að þarna er þörf á að bæta til betri vegar um hag þess fólks sem í hlut á.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fyrst út af orðum hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Hv. þm. taldi að þær hugmyndir sem ég setti fram væru í trássi við hugmyndir sem liggja að baki almannatryggingalögunum og þm. var tíðrætt um mismunun. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ef það ætti að fara út í þá sálma að því er varðar almannatryggingalöggjöfina hvort væri um mismunun að ræða á hinum og þessum stöðum í almannatryggingalöggjöfinni mætti finna hin og þessi ákvæði þar sem er um hreina mismunun að ræða. Ég skal til að mynda nefna fyrir hv. þm. að því er varðar ekkju- og ekkilsbætur: Af hverju fá ellilífeyrisþegar ekki greiddar þessar bætur? Hér er um eina tegund af mismunun að ræða. Að því er varðar ákvæði 13. gr. má segja kannske að þar sé líka um mismunun að ræða. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur staðið að því að samþykkja 13. gr. almannatryggingalaganna, en hún kveður á um að það megi greiða maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Þessar makabætur eru greiddar í þeim tilfellum þar sem maki er bundinn heima yfir maka sem er sjúkur. Og þá má spyrja: Hvað með einstæða foreldra? Af hverju fá þeir ekki slíkar bætur ef viðkomandi einstætt foreldri er bundið heima yfir sjúku barni? Víða má því leita að mismunun í almannatryggingalöggjöfinni og tel ég nú að þetta sé ekkert annað en hártogun hjá hv. þm. Sú till. sem ég lagði hér til er beint framhald af því sem fyrir er í 13. gr. Við höfum lagaákvæði sem kveður á um að það megi greiða makabætur ef viðkomandi er bundinn yfir sjúkum maka heima. Það er verið að leiðrétta í frv. ráðherra. Koma til móts við þá maka þar sem heimilin missa tekjur, þar sem lífeyrir fellur niður þegar maki dvelst langdvölum á stofnun, þannig að hér er ekki um annað en hártogun að ræða. Ég fullyrði út af orðum hæstv. heilbrmrh. að það vandamál sem á að leysa með þessu frv. er að hluta til óleyst enn þá þegar skilinn er eftir sá hópur sem vissulega getur átt við að glíma erfiðar fjárhagsaðstæður jafnvel þó að börn séu ekki á heimilinu þegar kannske stór hluti af tekjum heimilisins fellur niður af því að maki viðkomandi dvelst á stofnun.

Hæstv. ráðh. vildi einnig meina að hér væri um misskilning að ræða að því er tillögur mínar varðar. Ég hef íhugað ákvæði hæstv. ráðh. og þá tillögu sem ég hef lagt til, ef við horfum bara á að leysa vandamál þeirra elli- og örorkulífeyrisþega þar sem börn eru til staðar, hvort það væri eðlilegra að fella þetta undir ákvæðið um barnalífeyri eða gera þessar viðbætur á greininni um mæðra- og feðralaun. Ég hef borið þetta undir þá sem ég tel að gleggst þekki þann frumskóg sem almannatryggingakerfið er. Þeir sem ég hef borið þetta undir eru allir sammála um að það væri miklu eðlilegra að greiða í þessu tilfelli tvöfaldan barnalífeyri vegna þess að í ákvæðinu um barnalífeyri eru til staðar nú þegar ákvæði sem snerta þessa hópa, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega og þá sem sæta gæslu- eða refsivist. Þar eru ákvæði til staðar. Og barnalífeyrir er ekki einstaklingsbundinn. Hann er líka greiddur þegar tveir eru framfærendurnir. En að því er varðar mæðralaunin er hreinlega verið að breyta eðli og forsendum sem að baki þeirri grein liggja. Ég tel mig hafa borið þetta undir menn sem mjög vel þekkja til almannatryggingalaga.

Nú má hæstv. ráðh. ekki misskilja mig að ég ætli á einn eða annan hátt að tefja afgreiðslu þessa máls. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og ég mun síður en svo tefja fyrir því. Það var í góðri meiningu gert að benda á þá leið sem ég lagði hér til af því að ég taldi það að málið mætti betur fara með þeim hætti.

Ég veit ekki hvort ég mun flytja brtt. við 2. umr. málsins. Ég mun a.m.k. ræða þetta mál í nefnd og hugleiða hvort ég flyt brtt. um málið. Mér heyrist að hún hafi ekki mikinn hljómgrunn. En ég ítreka að hér er um miklu eðlilegri leið að ræða sem hefði komið miklu meira til móts við þann hóp sem ráðherra er að reyna að bæta um hjá, hvort sem sú leið hefði verið farin að greiða tvöfaldan barnalífeyri eða að gera þá viðbót sem ég hef lagt til á 13. gr., um makabætur.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það er næsta fátítt að ég skuli vera ósammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um málefni almannatrygginga en sammála hæstv. heilbrmrh., en ég stend staðföst við það.

Ég vil leiðrétta nokkur atriði í málflutningi hv. þm. Hvort sem hún hefur borið það undir fólk sem þekkir nokkuð vel til almannatrygginga vill svo til að það geri ég líka, enda var ég starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins um sjö ára skeið og tel þau málefni meðal þess fáa sem ég kann til nokkurrar hlítar.

Almannatryggingalöggjöfin byggist á jöfnuði og að baki allra lagabreytinga um almannatryggingar liggur að það hefur verið reynt að gæta þess að mönnum væri ekki mismunað. (**JS:** Það er gert.) Ástæðan fyrir því að ellilífeyrisþegar fá ekki ekkjueða ekkilsbætur er sú að þeir eru með ellilífeyri. (**JS:** En örorkulífeyrisþegar?) Örorkulífeyrisþegar fá þær að sjálfsögðu. (**JS:** Þeir fá ekkju- og ekkilsbætur.) Þeir fá ekkju- og ekkilsbætur, aldeilis rétt. Það má segja að fyrir þessu séu nokkrar ástæður, alveg sams konar ástæður og t.d. þær að enn er það svo að karlmenn fá ekki ekkilslífeyri heldur einungis nokkurra mánaða ekkilsbætur. Þetta á sér skynsamlega skýringu, þá einföldu skýringu að karlmenn eru almennt miklu betur fjárhagslega settir við missi maka en konur eru.

Makabætur, 80% af lífeyri, hafa ævinlega byggst á því að makinn væri bundinn á sínu eigin heimili við hjúkrun sjúks maka. Í þeim tilvikum sem hér er talað um er ekki um það að ræða. Þess vegna væri sú

breyting, sem hv. þm. hefur lagt til, alveg ný túlkun á hugmyndinni um makabætur. Vissulega væri ánægjulegt og í fljótu bragði fallega hugsað að greiða tvöfaldan barnalífeyri með barni maka sem er langlegusjúklingur á sjúkrahúsi, en hvers eiga aðrir einstæðir foreldrar í landinu að gjalda? Þeir eru alveg jafnilla settir með einfaldan barnalífeyri eða einfalt meðlag. Ég held að ef ætti að vera einhver skynsemi í þessari löggjöf ætti hún að sjá til þess að hver einasti einstaklingur fyrir sig hafi þær bætur, séu honum dæmdar bætur, sem dugi honum til framfærslu. Svona blóm inn í lagagreinar sem fjalla um allt aðra hluti og eru byggðar á allt öðrum hugmyndum held ég að geti aldrei verið til bóta og vissulega í þessum tilvikum fælu í sér mismunun.

Hv. þm. kallaði fram í áðan að örorkulífeyrisþegar fái ekkju- og ekkilsbætur. Það er svo að að baki því er líka ákveðin hugsun. Oft er það svo að það fólk er frekar með börn á framfæri. Það lifir oftast lífi sem er að mörgu leyti kröfuharðara en ellilífeyrisþega sem í allflestum tilvikum hefur einungis fyrir sjálfum sér að sjá. Slík lög eru því ekki sett út í bláinn. Ég held þess vegna að það sé ljóst hvað hæstv. ráðh. er að gera hér. Ég lýsi stuðningi við að maka sem er með börn á framfæri og hefur engar tekjur frá hinum makanum, ekki einu sinni lífeyrisbætur hans, og er nákvæmlega jafnilla settur og aðrir einstæðir foreldrar, séu greidd mæðralaun og feðralaun til jafns við aðra. Um það er þetta frv. En ef við viljum hins vegar setjast niður á hinu háa Alþingi og bæta kjör lífeyrisþega og tryggja þeim sómasamlega framfærslu, sem er fjarri því að þeir hafi nú, er það efni í annað frv. og að ég hygg miklu kostnaðarsamara en það litla frv. sem hér liggur frammi.

Þess vegna er ég að leggja áherslu á þetta að menn gangi ekki í neinni villu um hvað er hér á ferðinni. Mér er aldeilis fyrirmunað að standa að því að þessir ákveðnu foreldrar, sem eiga maka sinn í sjúkrahúsi, eigi að fá tvöfaldan barnalífeyri á meðan aðrir verða að lúta því að hafa einfaldan. Það er nokkuð sem ég get ekki samþykkt og mér mundi finnast það vera í trássi við grundvallarhugmyndina á bak við lög um almannatryggingar. Ég mun því styðja frv. eins og það er, en ég mun í nefndinni fara fram á að séð verði til að ef ljóst er frá byrjun að einstaklingur sem veikist muni verða langlegusjúklingur og verði ekki læknaður og þar af leiðandi á stofnun verði tryggt að örorkumat fari fram sem allra fyrst þannig að slíkir makar fái sömu réttindi.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Það er nokkuð einkennileg staða að við hv. 10. landsk. þm. skulum vera að ræða um almannatryggingalögin og séum mjög ósammála um ýmis atriði þeirra. Af því að hv. þm. var að tala um mismunun aftur og aftur og að almannatryggingalöggjöfin ætti að veita jöfnuð finnst mér miklar andstæður koma fram í hennar málflutningi vegna þess að um leið og hún er að tala gegn því sem ég hef hér talað um finnst mér að það komi fram í hennar máli að það megi mismuna t.d. elli- og örorkulífeyrisþega að því er varðar ekkju- og ekklabætur. Hún talar um að það sé eðlilegt þó að ellilífeyrisþegar hafi þær ekki. (**GHelg:** Ég sagði ekki að það væri eðlilegt, hv. þm.) Ég vil út af því, með leyfi forseta, vitna í umsögn frá Tryggingastofnun ríkisins að því er varðar ekkju- og ekklabætur til ellilífeyrisþega, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Stofnun réttar til grunnbóta lífeyristrygginga almannatrygginga grundvallast á lífeyrisatburðum. Það er meginreglan að bætur almannatrygginga taki til allra sem eins er ástatt um, þ.e. verða fyrir ákveðnum lífeyrisatburði sem almannatryggingalög tengja bótaskyldu við. 17. gr. almannatryggingalaga er ekki í samræmi við ofangreinda meginreglu þar semn hún undanskilur ellilífeyrisþega frá bótarétti í tilefni fráfalls maka. Lagaákvæðið felur þannig í sér undantekningu frá meginsjónarmiðum laganna."

Ég held að þetta sé eins skýrt og verða má og ég er tilbúin að skoða það, herra forseti, með hv. 10. landsk. þm. hvort við eigum ekki að setjast niður og skoða 13. gr. almannatryggingalaga og fella einstæða foreldra t.d. undir það ákvæði þannig að ef einstæðir foreldrar eru bundnir heima vegna sjúkleika barna geti þeir fengið sams konar bætur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

24. fundur, miðvikudaginn 17. des., kl. 20.50 síðdegis.

Listamannalaun, 1. umr.

Frv. menntmn., 259. mál. — Þskj. 341.

Frsm. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. þetta er tvíþætt. Annars vegar felur það í sér að flokkur listamannalauna skuli einungis vera einn í stað þess að þeir eru tveir nú og er það gert í samræmi við samþykkt úthlutunarnefndar listamannalauna, sbr. bréf sem formaður nefndarinnar, Bolli Gústafsson sóknarprestur í Laufási og rithöfundur, skrifaði skrifstofu forseta Sþ. 30. okt. s.l. Hins vegar er lagt til í frv. að listamannalaun skv. lögum þessum rýri ekki rétt aldraðra listamanna til tekjutryggingar almannatrygginga sem ég tel að sé réttlætismál.

Um þetta er samkomulag milli stjórnmálaflokka. Þar sem frv. þetta er flutt af menntmn. sé ég ekki

ástæðu til þess að málinu sé vísað til nefndar og legg til að því sé vísað til 2. umr.

Frv. vísað til 2. umr.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Svo stendur á um 9. mál á þessari dagskrá að það hefur alllengi verið hér til umræðu og hætt við að það fyrnist yfir þá umræðu verði henni ekki fram haldið. Vissulega er hér ærið að vinna, en það hefur verið tekið á dagskrá 12. málið, sem er alveg nýtt mál, og því hraðað og vekur það undrun í þeim önnum sem eru á sama tíma og ekki er lokið umræðu um 9. dagskrármálið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Út af þessum orðum hv. 5. þm. Vestf. vil ég upplýsa að ég var næstur á mælendaskrá og þar sem ég var ekki í standi til að ræða þetta mál eins og ég hefði viljað og þar sem annir þingsins eru nú miklar var það að minni ósk sem umræða hefur ekki farið fram um þetta mál og ég vil að það rétta komi fram.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Það er ansi hart að enn þá einu sinni skuli menn standa frammi fyrir því að hér eru snarreddingar við að koma í gegn smáreddingum fyrir ríkisstjórn og þm. verða að una því að mál sem hafa lengi beðið lendi í undandrætti.

Það vill þannig til að það mál sem hér um ræðir og athugasemd er gerð út af er kannske eitt það veigamesta mál sem til umræðu er á þessu þingi núna í vetur því að þar er hvorki meira né minna en heil stjórnarskrá á ferðinni. Að auki er hér flutt inn í þingið mál sem er komið frá samtökum sem eru mjög öflug og hafa á skömmum tíma skotið föstum rótum víða um land og fólkið í landinu beinlínis krefst þess að þingið taki þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar. Ég tek undir þau orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að þetta mál á að ræða og ég tel að það sé vel við hæfi að umræða um það komi inn í umræðurnar þessa dagana þar sem þjóðin og fjölmiðlar fylgjast vel með því sem hér fer fram. Því væri vel við hæfi að þetta mikilvæga mál, sem svo miklu fylgi hefur um sig safnað um allt land, fái gaumgæfilega meðferð innan um og saman við þau mál sem eru til umræðu hér þessa dagana.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Út af þessum umræðum um þingsköp vill forseti taka fram að hann hefur fullan hug á því að 9. dagskrármálið verði tekið fyrir þó að síðar verði. Það er enginn áhugi hjá forseta að hafa þetta mál í neinum undandrætti.

NEÐRI DEILD

25. fundur, miðvikudaginn 17. des., að loknum 24. fundi.

Listamannalaun, 2. umr.

Frv. menntmn., 259. mál. — Þskj. 341.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

26. fundur, miðvikudaginn 17. des., að loknum 25. fundi.

Listamannalaun, 3. umr.

Frv. menntmn., 259. mál. — Þskj. 341.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 374.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í dag fór fram atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. um þetta mál og ég held að það gæti verið fróðlegt til upprifjunar að fara yfir hvernig sú atkvæðagreiðsla fór, hvað það var sem menn voru að fella og hvað það var sem menn voru að samþykkja.

Það sem var fellt var í fyrsta lagi að takmarka heimildir fyrirtækja til að draga frá útistandandi viðskiptaskuldir í árslok. Eins og þetta er núna geta fyrirtæki dregið frá í árslok 5% af útistandandi viðskiptaskuldum og gert var ráð fyrir að það yrði takmarkað með ákveðnum hætti og felld niður sú heimild á fimm árum þó svo að fyrirtækin gætu fengið heimild til þess og gert ráð fyrir því í greininni að sannanlega tapaðar útistandandi viðskiptaskuldir væru dregnar frá. Þetta var fellt. Þetta mátti ekki. Það mátti ekki takmarka þessar heimildir fyrirtækjanna. Það var bannað og stjórnarliðið gerði ekki svo mikið sem líta á þessa till. þó hún hefði bersýnilega ein haft í för með sér hækkun á tekjum ríkissjóðs á næsta ári um 100–200 millj. kr. Það mátti ekki. Það var svo mikill afgangur í ríkissjóði að það mátti ekki bæta við hann. Og sá maður sem á helst að hafa umhyggju fyrir ríkissjóði og fær fyrir það kaup, heitir Þorsteinn Pálsson, er fjmrh. og er hæstv. að auki, tók þátt í að fella þessa tillögu. Umhyggja hans fyrir ríkissjóði lýsti sér með þessum hætti. Hann vildi ekki þennan pening, enda vill hann ekki peninga frá fyrirtækjunum. Þau eiga að hafa sem mest svigrúm, olnbogarými eins og það heitir stundum.

Í öðru lagi var felld till. um að fyrirtækin gætu takmarkalítið dregið frá tekjum allt að 5% af matsverði vörubirgða í lok reikningsárs. Þetta mátti ekki samþykkja þó svo um sé að ræða fyrirtæki þar sem þetta er bersýnilega ekkert annað en niðurfærsla á skattgreiðslum til hinna sameiginlegu sjóða, ríkissjóðs í þessu tilviki. Þessa till. mátti ekki samþykkja. Hún hefði þýtt í tekjuauka fyrir ríkissjóð 100–200 millj. kr., en það má heldur ekki. Ríkið hefur svo miklar tekjur, svo mikinn afgang á næsta ári. Það er svo mikið af peningum til í heilbrigðismál, nóg af peningum til að kaupa Borgarspítala o.s.frv. Það var engin ástæða til að bæta þar við. Gæslumaður ríkissjóðs, hæstv. fjmrh., hv. 1. þm. Suðurl., taldi enga ástæðu til þess. Þannig væri ástandið í heilbrigðismálum, samgöngumálum og skólamálum á Suðurlandi að það væri ekki nokkur leið að laga þar nokkuð eða bæta um betur á neinn hátt. Þar er allt fullkomið, eins og hv. þm. Eggert Haukdal veit. Þar þarf engu við að bæta.

Nei, það mátti ekki samþykkja þetta. Og það mátti heldur ekki samþykkja till. um að fella niður framlög í fjárfestingarsjóði. Það eru nú litlar 700 millj. sem fyrirtækin draga frá vegna fjárfestingarsjóðanna á þessu ári. Tekjur ríkissjóðs, ef það væri skattlagt, væru 350 millj. kr. Það mátti ekki heldur koma í ríkissjóð. Það er svo mikið í ríkissjóði að það má ekki bæta þar við. Hann þolir ekki meira. Hann er að sligast af oftekjum. Fjmrh. veit ekki sitt rjúkandi ráð yfir þessu ástandi ríkissjóðs og mátti ekki til þess vita að það yrði bætt þar við örlitlu, 350 millj. kr., svipaðri upphæð og flestöll framkvæmdaframlög ríkisins á árinu 1987. En vegna þess að við Alþýðubandalagsmenn viljum efla fyrirtækin til nýsköpunar í atvinnulífinu svo sem kostur er fluttum við ekki bara till. um að skerða nokkuð möguleika fyrirtækjanna til að draga frá heldur fluttum við einnig till. um að framleiðslufyrirtæki væri heimilt að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% af hagnaði vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækisins.

Þarna var till. um að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu. Þróun nýrrar tækni, markaðssóknar. Og fátt er brýnna núna í atvinnumálum þessa lands en að menn gleymi sér ekki svo í góðærinu að menn láti það eiga sig að stuðla að nýsköpun og endurnýjun í okkar atvinnulífi, sérstaklega í hvers konar nýrri tækniþróun, m.a. upplýsingatækni sem grannþjóðir okkar verja nú til stórkostlegum fjármunum úr ríkissjóði, m.a. íhaldsstjórn eins og stjórn Margrétar Thatcher. Nei, það má ekki undir þessari íhaldsstjórn hér. Það má ekki efla fyrirtækin til rannsókna- og þróunarstarfsemi og nýsköpunar í atvinnulífinu. Það er bannorð. Það mátti ekki líta á svoleiðis till. Henni var hafnað. Þegar um er að ræða frádrátt í fyrirtæki til að festa í steinsteypu er allt í lagi að draga frá 700 millj. kr., en þegar um er að ræða nýsköpun í atvinnulífi og þróun nýrrar tækni: Bannað. Því er hafnað.

Því var líka hafnað að draga nokkuð úr í sambandi við fyrningar lausafjármuna og fastafjármuna sem fyrirtæki eru með í rekstri. Þar hækkaði ríkisstjórnin fyrningarfrádrættina í upphafi síns ferils. Hér var flutt í dag og felld till. um að fyrningunni yrði breytt í það horf sem hún var áður. Nei, það mátti ekki þó svo að fyrir því séu efnahagsleg rök í dag í þeirri þenslu sem er fyrirsjáanleg, m.a. til að draga úr verðbólguhættu, að taka skatta af fyrirtækjum sem hafa mestan hagnað. En það mátti ekki. Fyrirtækin áttu með stórauknum hagnaði á næsta ári að geta stuðlað að aukinni verðbólgu. Þau fá að vera í friði til þess.

Síðan kem ég að till. sem olli mestum úlfaþyt í dag. Það var till. um að menn teldu ekki fram einkaneyslu á rekstri fyrirtækja. Till. var felld hér með nafnakalli. Till. var svona:

„Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út árlega reglur um takmörk skv. þessum tölulið. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins."

Hv. þm. Halldór Blöndal, sem er með þessa fínu réttlætistaug á sínum stað og tekur ævinlega við sér þegar eitthvað er nefnt hér sem hann telur að til bóta megi horfa fyrir þjóðina og þjóðarhag, stökk upp og spurði: Getur það verið, er það hugsanlegt að það gerist einhvers staðar að það sé verið að færa persónulega eyðslu á fyrirtækin í landinu? Getur það

virkilega verið að skattstjórarnir séu svo aumir að þeir passi þetta ekki? Er þetta hugsanlegt? Ég heimta svör frá skattstjórunum, hvort þeir líði þetta? Mér þótti vænt um að heyra hvernig hv. þm. Halldór Blöndal rauk upp svo að segja, knúinn af þessari sterku innri réttlætistilfinningu, og kallaði á úrbætur í þessum málum og lýsti þannig beinum stuðningi við þá hugsun sem er á bak við þessa till. hér. Er full ástæða til að geta þess, ekki aðeins í þessu máli heldur fleirum, að það er sárasjaldgæft að hv. þm. Halldór Blöndal bregðist andstæðingum sínum í pólitík. Það er sárasjaldgæft.

Til þess að glöggva aðeins þingheim á þessu máli, sem hv. þm. Halldór Blöndal gerði að umtalsefni í dag, er rétt að rifja upp skýrslu sem birtist í sumar, 63 bls., skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika, sbr. ályktun Alþingis 3. maí 1984, lögð fyrir Alþingi 18. apríl 1986. Í þessari nefnd voru valinkunnir sæmdarmenn, Þröstur Ólafsson hagfræðingur var formaður nefndarinnar, Eyjólfur Sverrisson endurskoðandi, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri og Þórólfur Matthíasson hagfræðingur sem jafnframt starfaði sem ritari hópsins. Þessi nefnd skilaði ítarlegri skýrslu til núverandi hæstv. fjmrh. Hún var skipuð af hæstv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundssyni. Hún sýnir fram á að það er tilfellið, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var að gagnrýna í dag, að það leikur sterkur grunur á því að eitt og eitt fyrirtæki sé að flytja upphæðir úr persónulegri eyðslu forráðamanna sinna yfir á fyrirtækin. Það stendur t.d. á bls. 10, með leyfi hæstv. forseta:

„Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir. Embætti ríkisskattstjóra verði breytt í stofnun er fari með heildarstjórnun skattamála, bæði faglega og verkstjórnarlega. Það býður upp á mun meiri möguleika til bættrar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða sem bæta munu skatteftirlit. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum færi fram á einum stað þar sem sérhæft menntað starfsfólk er fyrir hendi í nægilegum mæli. Skattstofur í núverandi mynd legðust niður, en eftir yrðu aðilar sem mundu veita upplýsingar til almennings og hugsanlega afla gagna vegna framtala. Herða þarf bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Endurskoða þarf ákvæði í almennum hegningarlögum um stórfellda óreglusemi í færslu bókhalds. Verknaðarlýsing ákvæðisins er óljós og refsimörk mjög væg. Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila svipuð þeirri sem nú er að finna um skattbrot."

Svo er farið yfir það í þessari skýrslu á bls. 12 og áfram sem heitir „Einstök svið dulinnar efnahagsstarfsemi." Það er hollt fyrir þm., meðan þeir eru að skrifa jólakortin, að það sé lesinn örlítill kafli upp úr þessari skýrslu og ræður og þingskjöl og stjórnlagafrv., svo að ég telji nú allt til. Það er hollt fyrir þm. að á meðan þessi starfsemi fer fram, sem er auðvitað brýn í þessu þjóðfélagi, verði lesinn smákafli um dulda efnahagsstarfsemi. Hér segir t.d. á bls. 12:

„Í þriðja lagi er rétt að minnast á margvíslegar leiðir til að hækka kostnaðarhlið, lækka tekjuhlið rekstrar til undandráttar frá tekjuskattsstofni og snýr því eingöngu að fyrirtækjum eða atvinnustarfsemi. Þessar tegundir eru helstar" — og nú kemur hin hrikalega afhjúpun:

„Persónuleg útgjöld einstaklinga í atvinnurekstri eru færð sem rekstrarkostnaður", sendur hér skýrum stöfum. „Persónuleg útgjöld hluthafa eru færð sem rekstrarkostnaður hjá lögaðilum. Persónuleg útgjöld launþega í þjónustu einstaklings eða lögaðila eru færð sem rekstrarkostnaður." — **(SJS:** Hvar er Halldór Blöndal?) Herra forseti. Hvort mundi vera hugsanlegt að kveðja til hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hann sé viðstaddur þessa umræðu. **(Forseti:** Það verður gerður reki að því.) Já, mér þykir vænt um að hv. 1. þm. Norðurl. e. kallar til félaga sinn af Norðurlandi.

Síðan segir hér: „Greiðslur, sem á að eignfæra og afskrifa, eru færðar sem rekstrarkostnaður, t.d. viðhald. Óheimilar afskriftir útistandandi skulda. Endurgreiðsla kostnaðar er ekki færð. Afhending eigna til hluthafa eða hlutareiganda án skráningar í reikningi lögaðila. Kaup eignar hluthafa eða ættingja þeirra á verði sem er hærra en almennt markaðsverð."

Þannig er gefið í skyn í skýrslu þessarar virðulegu nefndar að menn séu jafnvel að hygla ættingjum sínum. Er ég sannfærður um að þetta kemur mörgum á óvart, en alveg sérstaklega vafalaust hv. þm. Halldóri Blöndal. **(GJG:** Þetta heitir ættrækni.) Þetta heitir gjarnan ættrækni og það er reynt að breiða yfir þetta með því að kalla þetta fínum nöfnum, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. En hér heitir þetta „kaup eignar hluthafa eða ættingja þeirra á verði sem er hærra en almennt markaðsverð". Það er ekki verið að tala um þetta sem almennt umræðuefni á ættarmótum eða fjölskyldusamkomum. Það er þvert á móti. Þetta er talið hér upp sem sérstök ávirðing manna í þessu þjóðfélagi.

Og síðan segir: „Sala eigna til hluthafa eða ættingja þeirra undir markaðsverði". Það er auðvitað um að ræða hrikalegar ásakanir í þessari skýrslu skattsvikanefndarinnar og er nauðsynlegt fyrir þann mæta mann hv. 2. þm. Norðurl. e. að frétta af því að það mun vera tilfellið að að því séu einhver brögð að menn færi persónulega eyðslu á rekstur fyrirtækjanna.

Af því að hv. þm. var að koma inn ætla ég rétt að fara hratt yfir það sem nefndin segir á bls. 12 í skattsvikaskýrslunni. Þar segir:

„Í þriðja lagi er rétt að minnast á margvíslegar leiðir til að hækka kostnaðarhlið rekstrar til undandráttar frá tekjuskattsstofni og snýr því eingöngu að fyrirtækjum eða atvinnustarfsemi. Þessar tegundir eru helstar" — og bið ég nú hv. þm. að leggja vel við eyrun:

„Persónuleg útgjöld einstaklinga í atvinnurekstri eru færð sem rekstrarkostnaður", stendur hér í skýrslunni. „Persónuleg útgjöld hluthafa eða hlutareiganda eru færð sem rekstrarkostnaður hjá lögaðilum. Persónuleg útgjöld launþega í þjónustu einstaklings eða lögaðila færð sem rekstrarkostnaður. Greiðslur sem á að eignfæra og afskrifa eru færðar sem rekstrarkostnaður, t.d. viðhald. Óheimilar afskriftir útistandandi skulda. Endurgreiðsla kostnaðar er ekki færð. Afhending eigna til hluthafa eða hlutareiganda án skráningar í reikningi lögaðila. Kaup eigna hluthafa eða ættingja þeirra á verði sem er hærra en almennt markaðsverð. Sala eigna til hluthafa eða ættingja þeirra undir markaðsverði."

Þetta viðgengst hér allt saman þrátt fyrir skattalagaákvæðin og það var þess vegna sem það voru örugglega mistök í fljótræði hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að taka þátt í því að fella þá tillögu sem ég flutti um þetta mál í dag.

En það er fleira tínt til. Hér segir:

„Algeng aðferð eru vaxtalaus lán til hluthafa eða starfsmanna lögaðila eða vextir undir markaðsvöxtum og óeðlileg lánakjör í því sambandi."

Síðan segir: „Ýmis viðskipti tengdra eða skyldra aðila, þar með talin viðskipti móður- og dótturfyrirtækis, t.d. í sambandi við lán. (**GA:** Sonar- og föður.) Stendur reyndar ekki hér, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, en til samkomulags mætti hugsa sér að breyta texta skýrslunnar á þann veg og skal ég taka að mér að koma því á framfæri við formann starfshópsins þegar ég hitti hann næst.

Síðan segir hér: „Gjafir færðar sem rekstrarkostnaður". Ja, þvílíkt og annað eins. Gjafir færðar sem rekstrarkostnaður.

Og svo segir nefndin hér: „Það sem hér að framan hefur verið gerð grein fyrir eru yfirleitt athafnir sem nefndar eru skattsvik, refsiverð skattsvik sem er sá hluti hinnar duldu efnahagsstarfsemi sem er meginviðfangsefni nefndarinnar."

Það er þess vegna alveg augljóst mál að þrátt fyrir gildandi lög á sér stað stórfelld skattsvikastarfsemi hér. Það hafa verið leiddar líkur að því að þar sé um að ræða milljarða kr. (**HBl:** Varstu ekki að segja að þetta væru skattsvik eins og ég sagði áðan?) Nei, þú sagðir ekki að það væru skattsvik. Þú sagðir að það væru nægileg ákvæði í gildandi lögum til að koma í veg fyrir þessi skattsvik. Á þeirri forsendu byggðist sú afstaða hv. þm., sem nú er hlaupinn á dyr, að hafna tillögu minni í dag. Nú á hann þess kost að samþykkja slíka tillögu á ný, enda verði gerður reki að því að hún verði endurflutt eða ný tillaga hér á eftir í samræmi við þingsköp.

Hér er um að ræða þannig lagað mál að það er útilokað að láta 3. umr. ganga yfir án þess að um það sé sérstaklega rætt. Það er alvarlegt, hv. 4. landsk. þm., að hér skuli hafa verið í salnum hv. þm. Halldór Blöndal sem ekki gerði sér grein fyrir þeim alvarlega þætti í okkar efnahags- og hagkerfi sem eru skattsvik. Ég tel reyndar að það sé óhjákvæmilegt, ef skattakerfið á að vera sá hornsteinn samneyslunnar sem það þarf að vera, að skapa í kringum það aukinn trúnað, aukna tiltrú almennings. Það á að gera með því að einfalda skattakerfið. Tillögur um það flutti ég í dag og þær voru felldar. Það á að gera með því að gera skattaeftirlitið virkt. Tillögur um það hafa verið felldar. Það á að gera með því að setja a.m.k. um tíma á sérstakan skattadómstól. Tillögum um það hefur í rauninni verið hafnað. Það er því ljóst að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki minnsta áhuga á að bæta skattakerfið. Því fer svo víðs fjarri. Og hv. þm. Páll Pétursson, sem hefur leitt fjh.- og viðskn. allt þetta kjörtímabil, hefur ekkert aðhafst að heldur í þeim efnum þannig að stjórnarflokkarnir eru nákvæmlega jafnsekir að því er þetta varðar.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar fyrir liggur hér á þinginu ítarleg skýrsla um skattsvik samin af stjórnskipaðri nefnd sem stjórnarliðið hefði átt að lesa og fara yfir. En það er ekki gert. (**GE:** Heyr, heyr.) Ég bendi hv. 4. landsk. þm. á að hann er ekki staddur á framboðsfundi þar sem það er örugglega mikilvægt að heyrist í áheyrendum og þeir kalli heyr og bravó af og til. Það er ekki svo hér enn. Hv. þm. er við Austurvöll.

Herra forseti. Þetta vildi ég nefna ef það mætti verða til þess að greiða fyrir því að hv. þm. Halldór Blöndal öðlaðist skilning á því alvarlega vandamáli hagkerfisins sem ég hef verið að ræða.

Ég mun síðar í 3. umr., herra forseti, fara nánar yfir ýmis atriði eins og t.d. þau atriði sem snerta frádráttarliði einstaklinga, auk ítarlegra upplýsinga sem ég hef aflað mér um tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1987. Þar kennir margra grasa sem nauðsynlegt er að tína inn í þessa umræðu.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessi ræða mín hafi skýrt nokkuð það stóra vandamál sem hér er á ferðinni og mér fannst að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði sést yfir í sinni annars glöggu ræðu um þetta mál fyrr í dag, virðulegi forseti.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ætli hæstv. fjmrh. heyri mál mitt? Ég hafði hugsað mér að beina til hans spurningum. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. mun vera upptekinn vegna umræðna í Ed. Óskar þm. að geyma ræðu sína eða getur hann haldið henni áfram?) Ég óska eftir því að umræðum verði frestað þangað til fjmrh. má vera að því að hlýða á mál þm. (**Forseti:** Ég vildi þá spyrja hv. 4. landsk. þm., sem er næstur á mælendaskrá, hvort hann gæti flutt ræðu sína án þess að fjmrh.

væri viðstaddur.) (**GE:** Ég er með brýn skilaboð til fjmrh. um skattsvik.) (**Forseti:** Nú er hæstv. fjmrh. genginn í salinn ef hv. 3. þm. Reykn. vildi flytja ræðu sína.)

Herra forseti. Þegar gengið var frá svonefndum febrúarsamningum var gert eins konar samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, samkomulag sem var talið undirstaða og grundvöllur þeirra samninga sem þá tókust. Í þessu samkomulagi komu fram ýmsar óskir af hálfu aðila vinnumarkaðarins sem ríkisstjórnin tók undir og tók að sér að framkvæma. Sumt af því sem þar kom fram varðaði reyndar skattana í landinu. Þar var m.a. ákvæði um aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 eða síðar. Þar segir m.a. um þetta atriði:

„Þeir sem veitt er lánafyrirgreiðsla með þessum hætti, þ.e. með þeim hætti að þeir fái greiðsluerfiðleikalán, skulu eiga rétt á húsnæðisafslætti."

Hér er verið að fjalla um að nú þegar verði varið ákveðnum fjárhæðum til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum til viðbótar því sem áður hafi átt sér stað og þessari heildarfjárhæð verði varið samkvæmt nánari reglum sem stjórn Húsnæðisstofnunar setur til viðbótarlána til þeirra sem hófu byggingarframkvæmdir eða keyptu húsnæði á árinu 1980 eða síðar og eiga í greiðsluerfiðleikum eða hafa ekki getað lokið framkvæmdum. Um þessi lán segir að lán þessi verði með sama lánstíma og almennt er á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins.

En síðan kemur það sem varðar skattamál því að þar stendur: „Þeir sem veitt er lánafyrirgreiðsla með þessum hætti skulu eiga rétt á húsnæðisafslætti, x kr. í y ár talið frá byggingar- eða kauptíma, í stað vaxtafrádráttar ef þeir kjósa það frekar."

Síðar í þessu samkomulagi segir enn fremur, þ.e. 7. liður: „Frá og með árinu 1986", ég vek athygli á því að það stendur frá og með árinu 1986, „verður þeim sem kaupa og byggja í fyrsta sinn veittur húsnæðisafsláttur, x kr. á ári í tíu ár miðað við núgildandi verðlag. Afsláttur þessi miðist við hvern einstakling og dragist frá sköttum og getur verið útborganlegur. Jafnframt verði þak á afslætti í núverandi mynd 200 þús. kr. Þeir sem byggðu 1985 eða fyrr geta valið um hvort þeir fylgja núgildandi reglum eða nýjum reglum, enda verði þeirri ákvörðun ekki breytt eftir að hún hefur verið tekin."

Nú er komið að seinustu dögum fyrir jól og hér hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að afgreiða frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og reyndar alla þá tekjustofna aðra sem ríkið ætlar sér. En ég sé ekki að í neinum þessum plöggum komi fram að ríkisstjórnin hafi efnt eða ætli sér að efna það fyrirheit sem í þessum ákvæðum og atriðum, sem ég hef upp lesið, felst. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé hugmyndin að standa við þau fyrirheit sem hér voru gefin og hvort ekki sé þá von á lagafrv. eða frv. til breytinga á lögum varðandi þetta efni núna á þessum dögum fyrir jól. Ég tel nauðsynlegt að við því fáist skýr svör hvort hugmyndin sé að standa við þessi fyrirheit eða ekki.

Um það mál sem hér er til afgreiðslu vil ég síðan segja að ég tel það mjög miður að frá því skuli nú eiga að ganga, þessum lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með þeim hætti sem hér um ræðir. Það er ekki einasta að hafnað hafi verið öllum hugmyndum sem fram hafa komið um að grisja frádráttaframskóginn hjá fyrirtækjunum, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði mjög að umtalsefni, heldur hefur líka verið hafnað að taka ákveðin skref til þess að draga úr skattsvikum, skref sem koma fram ábendingar um í skýrslu sem hæstv. fjmrh. og fyrirrennari hans í embætti létu vinna, væntanlega með tilliti til þess að taka ætti á skattsvikunum í landinu en ekki bara að hugmyndin væri að safna hér saman einu pappírsgagninu enn. Þetta er mjög miður.

Í þriðja lagi tel ég að ríkisstjórnin hafi farið offari í skattlagningu sinni samkvæmt þeim hugmyndum sem nú er ætlunin að samþykkja, offari í skattlagningu sinni á venjulegt vinnandi fólk og það furðar mig að fjmrh. úr röðum Sjálfstfl. skuli ekki sjá, eftir þær ábendingar sem fram hafa komið, hversu fráleitur sá skattstigi er sem setur venjulegt vinnandi fólk í hæsta eða næsthæsta skattþrep. Það hefur verið sýnt og sannað, m.a.s. dregin upp af því mynd í nál. sem ég skilaði, að jaðarprósenta í sköttum er 40% í næstefsta þrepi og 50% í því efsta. Þetta eru firna háar prósentutölur fyrir venjulegt fólk.

Mig minnir að fulltrúar Sjálfstfl. hafi oftar gert það að umræðuefni að þeir vildu að venjulegt vinnandi fólk hefði tækifæri til þess að vinna sig til bjargálna, að þeir vildu að frelsi einstaklinganna í þessum efnum væri virt og það væri ekki ofþjakað með skattpíningu, þannig að hver sá sem vildi vinna hefði af því verulegan hag. En nú er svo komið samkvæmt þessu lagafrv., eins og ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér greinilega að ganga frá því og samþykkja það hér, að venjulegu vinnandi fólki á að gera að borga 40 eða 50% af hverri viðbótarkrónu sem það vinnur sér inn umfram 73 000 annars vegar, en 42 200 hins vegar. Ég vil eindregið beina því til hæstv. fjmrh. að hann skoði þetta mál nánar og þá afbökun sem er orðin á skattstiganum.

Auðvitað er ekki tækifæri til þess hér núna að taka á öllum þáttum skattamálanna með þeim hætti sem nauðsynlegt væri en hér hefði a.m.k. verið ástæða til þess að lagfæra þá augljósu agnúa sem greinilega eru á frumvarpinu. Ég vil þess vegna inna hæstv. fjmrh. eftir því í fyrsta lagi hvort hann hyggist ekki láta skoða þessi mál nánar þegar í stað að því er jaðarprósenturnar varðar og í annan stað hvort hann hyggist þá ekki a.m.k. láta taka það mál til meðferðar strax að loknu jólaleyfi.

Að endingu, herra forseti, vil ég ítreka spurningu mína um það hvort ekki sé hugmyndin núna fyrir jól að leggja fram lagafrv. sem sé í þá veru að staðið verði við þau fyrirheit varðandi húsnæðisafslátt sem gefin voru í sambandi við febrúarsamningana og talin voru einn af undirstöðuþáttum þeirra samninga þegar þeir voru gerðir.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Mig langar til að gera að umtalsefni einn þátt þessa máls, þ.e. þann þáttinn sem komst undir smásjána í dag þegar meiri hlutinn á þessu þingi ákvað að fella tilraun til þess að taka sterkar á ákveðnum þætti meintra skattsvika í landinu, þ.e. því að persónuleg eyðsla væri færð á rekstur fyrirtækja og menn þannig færðu sér fé eða lífskjör án þess að greiða eðlilegan hlut til samfélagsins. Þetta varðar nefnilega siðferðilegan grundvöll undir skattkerfi. Þetta varðar það að fólki finnist að allir taki á með jöfnum þunga og þetta kemur við sögu þegar menn bera sig saman. Það er í gangi annað skattaeftirlit í landinu en það sem er á vegum hins opinbera. Það er hið óopinbera skattaeftirlit sem fer þannig fram að fólk fylgist með á vinnustað sínum og heimili sínu og í sínum hópi, og veit nokkuð vel hverju fólk hefur úr að spila og veit nokkuð vel hvað fólk síðan greiðir til hinna sameiginlegu þarfa samfélagsins.

Hingað til, herra forseti, hafa þessi mál gjarnan verið afgreidd þannig að um þetta væri erfitt að segja, þetta væri náttúrlega kannske að mestum hluta öfund. Fólk sæi ofsjónum yfir velgengni nágranna sinna og jafnvel samstarfsmanna. Það væri engin ástæða til þess að ætla að þetta væri neitt alvarlegt mál og menn skyldu gæta þess að viðhafa ekki of stór orð vegna þess að umtal um skattsvik væri mestan part vegna þess að fólk sæi ofsjónum yfir velgengni annarra. Við þessu hefur svo sem ekkert sérstakt verið að segja annað en að menn hafa, þeir sem vel þekkja, haldið því fram að þetta væri svona.

En nú hefur hins vegar gerst dálítið merkilegur hlutur, herra forseti. Nú hefur verið dreift þykkri skýrslu á sjálfri löggjafarsamkundunni sem á m.a. að hafa eftirlit með því að þau lög sem hún á annað borð setur séu líka sæmilega haldin. Dreift hefur verið þykkri skýrslu. Það var gert hinn 18. apríl s.l. Og það er ekki hægt að afgreiða niðurstöðu þessarar skýrslu, herra forseti, með því að hér sé á ferðinni illgjörn öfund náungans í næsta húsi. Ekki veit ég hvar þeir búa þessir nefndarmenn, en þeir eru Þröstur Ólafsson hagfræðingur, Eyjólfur Sverrisson löggiltur endurskoðandi, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri og Þórólfur Matthíasson hagfræðingur. Nú veit ég ekki hvernig granna þeir eiga og ég veit ekki hvort ummæli þeirra í þessari skýrslu eru til komin vegna þess að þeir sjá einhverjum ofsjónum yfir velgengni nágranna sinna. En þessir merku menn, sem við höfum ekkert leyfi til þess að taka ekki alvarlega, þeir segja okkur þessa myrku sögu sem er ekki hægt að loka augunum fyrir, sem er ekki hægt að loka eyrunum fyrir. Þeir segja okkur að það sé raunverulega ástæða til þess að ætla að umtalið um skattsvikin, sem menn hafa gjarnan afgreitt sem öfund og illgirni, sé satt. Hvernig eiga stjórnvöld svo að bregðast við?

Viðbrögð stjórnvalda varða traust. Alveg eins og skattkerfið varðar traust fólks á yfirvöldum, þá varða viðbrögð yfirvalda við skýrslum sem þessari líka traust á yfirvöldum sínum. Hvað þykir fólki um ráðherra sem ekki tekur öðruvísi á skýrslum með svona innihaldi en að segja að það sé nú full ástæða til þess að láta fara fram gagngera endurskoðun skattkerfisins? Það hafa menn sagt í gegnum árin. Almennt tal um nauðsyn á endurskoðun skattkerfisins. Af hverju yddast ekki umræðan þegar svona skýrsla liggur fyrir? Af hverju verður umræðan ekki beittari þegar svona skýrsla liggur fyrir? Af hverju talar ráðherrann enn um nauðsyn á endurskoðun skattkerfisins? Vill hann ekki uppræta skattsvik? Vill ráðherrann ekki uppræta skattsvik?

Það var þung reynsla þeim sem hér situr að hlýða á upplestur hv. þm. Svavars Gestssonar úr þessari skýrslu. Ástæðan var sú að ég var erlendis þegar hún var lögð fram og hafði ekki lesið svo gaumgæfilega sem mér bar innihald hennar. Í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er rétt að minnast á margvíslegar leiðir til þess að hækka kostnaðarhlið (lækka tekjuhlið) rekstrar til undandráttar frá tekjuskattsstofni og snýr því eingöngu að fyrirtækjum eða atvinnustarfsemi. Þessar tegundir eru helstar:" — Þetta er eins og að verið sé að lesa upp úr kennslubók. — „Þessar tegundir eru helstar:

„Persónuleg útgjöld einstaklinga í atvinnurekstri eru færð sem rekstrarkostnaður." — Þetta er staðreynd.

„Persónuleg útgjöld hluthafa/hlutareiganda eru færð sem rekstrarkostnaður hjá lögaðila." — Önnur staðreynd.

„Persónuleg útgjöld launþega í þjónustu einstaklings eða lögaðila færð sem rekstrarkostnaður.

Greiðslur sem á að eignfæra og afskrifa eru færðar sem rekstrarkostnaður, t.d. viðhald.

Óheimilar afskriftir útistandandi skulda.

Endurgreiðsla kostnaðar er ekki færð.

Afhending eigna til hluthafa eða hlutareigenda án skráningar í reikningi lögaðila.

Kaup eigna hluthafa eða ættingja þeirra á verði sem er hærra en almennt markaðsverð.

Sala eigna til hluthafa eða ættingja þeirra undir markaðsverði.

Vaxtalaus lán til hluthafa eða starfsmanna lögaðila eða vextir undir markaðsvöxtum."

Þetta er eins og loki sé lyft af öskutunnu. Það er aldeilis ótrúlegt að á sama tíma og stjórnskipuð nefnd setur fram svona athugasemdir, þá skuli meiri hluti löggjafarsamkundunnar fella það að skerpa tök skattkerfisins á þessum hlutum. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn í þessum sölum hafa afneitað þessu neyðarkalli skattyfirvalda um sterkari tök á skattamálunum. Þeir telja sem sé, að því er virðist, að ekki skorti á löggjöfina í þessu sambandi og þá eru þeir að segja að sökin sé væntanlega skattyfirvalda. Meiri hluti löggjafarsamkundunnar segist hér

með hafa gefið skattyfirvöldum nægilegt tæki í hendurnar til þess að taka á þessum hlutum og er þá að senda boltann til skattyfirvaldanna sjálfra. Þetta er hugguleg sending frá flokki fjmrh. til undirmanna sinna á skattstofum allan hringinn í kringum landið.

Það er ekki furða þótt mönnum ofbjóði og það er ekki furða þótt hv. þm. Halldóri Blöndal hafi orðið svo um að hann hefur krafist þess að formenn fjh.- og viðskn. þingsins skrifi tafarlaust til skattstjóra allan hringinn í kringum landið og óski upplýsinga um hvort þessum málum sé virkilega svona komið. Ég vona og ég bið að hv. þm. Páll Pétursson hafi heyrt þessa kröfu og þessa ósk hv. þm. Halldórs Blöndals þar sem augu hans opnuðust eins og mín fyrir þeirri nauðsyn að taka þarna til, fyrir þeirri nauðsyn að taka þarna fast á. Nú hefur hv. þm. Páll Pétursson gengið í salinn eins og til áréttingar þeim orðum og því ákalli hv. þm. Halldórs Blöndals hér fyrr í dag að skrifa til allra skattstjóra landsins án tafar og óska upplýsinga um þessi mál, óska þess að fá að vita hvort löggjafarsamkundan undir forustu hans flokks hafi gefið þeim nægileg tól í hendurnar til að taka á þeim hlutum sem talað er um í þessari skýrslu sem var dreift hinn 18. apríl 1986 og opnar lokið af skolpræsum viðskiptalífsins. (**TG:** Við höfum alltaf treyst því að þjófar væru ekki til.) Akkúrat. Það virðist vera að trúnaðartraustið sé ekki nóg, hv. þm. Hér eru lagðar fram upplýsingar sem segja að það verði að taka fastar á. Í dag var lögð hér fram tillaga um að gefa tæki til þess að taka af meiri hörku á þessum hlutum og þingmeirihlutinn undir forustu fjmrh., sem fer með æðstu stjórn skattamála, þessi þingmeirihluti hafnaði þessu. Þar hefur fjmrh. snúist gegn þeim þm. sem samviskan nagar nú og menn spyrja sig hvort þeir hafi brugðist þeirri skyldu sinni að gefa embættismönnunum til þess tæki og til þess tækifæri að gá þarna grannt að.

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera skattamálin að meira umræðuefni að sinni. Ég vona að hv. þm. Páll Pétursson taki til þess tíma frá búsmala sínum um hátíðarnar að skrifa til þeirra skattstjóra sem hér hefur verið rætt um og biðji þá um tafarlausar og ítarlegar upplýsingar eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur farið fram á fyrir hönd þessarar deildar. Ég vona og ég bið og ég óska að hv. þm. Páll Pétursson bregðist nú harkalega við eins og ég veit að hann getur. Ég hef setið undir hans stjórn í þessari hv. nefnd í þrjú ár og ég veit að hann getur tekið snöfurlega á hlutum og ég óska þess nú, herra forseti, þar sem þeir eiga sæti í sama þingflokki og téður formaður, að þeir komi þeim skilaboðum til hans frá mér að hann taki nú vel á þessum hlutum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér er nú farið að þykja þetta mjög skemmtileg umræða, ekki síst að hlusta á hv. síðasta ræðumann þegar hann var að tala um það, eða svo skildist mér, að skattstjórar teldu sig vanta heimildir til þess að þeir gætu tekið á því ef rekstraraðilar verðu fyrirtæki til einkaneyslu eða væru með óhæfilega risnu óviðkomandi fyrirtækinu. Það var svo að heyra á þessum hv. þm. að skattalögin væru þannig að engar skorður væru við því settar að menn gætu valsað með fjármuni fyrirtækja þannig að þeir rugluðu saman almennum rekstrarútgjöldum og persónulegri eyðslu eða neyslu. Nú er þetta alls ekki svo.

Ég átta mig ekki alveg á því hvernig maður á að hefja þessar umræður. Á maður að minna á að þessi lög voru sett 1978 að stofni til? Þau voru mjög vel unnin á þeim tíma. Ég man ekki hvort þessi lög voru afgreidd á einu þingi, herra forseti, eða hvort það tók tvö þing, en ég man að það var lögð mjög mikil vinna í þessi lög um tekju- og eignarskatt. Þau voru talin mun fyllri og betri en þau lög sem áður höfðu verið og eitt meginmarkmiðið með lagabreytingunni var það að fækka frádráttarliðum til þess að auðvelda framtöl og eftirlit með framtölum. Síðan þetta gerðist hafa — náttúrlega ekki Kvennalistinn — bæði Alþfl. og Alþb. átt fjmrh. og borið pólitíska ábyrgð á skattamálum. Ég hygg að formaður þingflokks Alþb. hafi verið fjmrh. á sínum tíma og ég held að ég fari rétt með það að annar þingflokksformaður Alþfl. hafi verið fjmrh. á sínum tíma. (**JBH:** Í starfsstjórn.) Í starfsstjórn, já. Ég held m.a.s. að sá formaður þingflokks Alþfl. sé einmitt mikill persónulegur vinur formanns Alþfl. nú. Ég held að Sighvatur Björgvinsson og Jón Hannibalsson séu góðir og miklir samherjar, samstarfsmenn og vinir að vestan, þannig að ég dreg alls ekki úr því að það sé rétt. En nú segir formaður Alþfl. að þetta hafi verið starfsstjórn. Er hann að halda því fram að í þeirri ríkisstjórn sem var á undan og fyrrv. formaður Alþfl. sat í sem ráðherra, hv. 3. þm. Reykn. — að vísu segir formaður Alþfl. að sú stjórn hafi verið mikið umferðarslys, en ég veit ekki hvort hann er sammála því, hv. 3. þm. Reykn., að hann hafi setið í ríkisstjórn sem bjó við þau skattalög að menn sem stóðu fyrir rekstri fyrirtækja gátu að vild tekið fé úr rekstri fyrirtækjanna og látið í sína einkaeyðslu og þeir hafi getað valsað með fé fyrirtækjanna og kallað risnu fyrir sjálfan sig, það sem voru í raun og veru launatekjur til þessara manna og með þeim hætti svikið fé undan skatti? Trúir formaður Alþfl. því að við höfum búið við þessi lög? Trúir formaður Alþfl. því að það skorti heimildir í lögum til þess að fylgjast með því að ekki séu svik í tafli? (**JBH:** Trúir ræðumaður á skattsvikaskýrsluna?) Í skattsvikaskýrslunni er ekki kvartað um skort á lagaheimildum í þessum efnum. Það er einmitt tekið fram í skattsvikaskýrslunni að þessi brot séu óheimil, að óheimilt sé að telja persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna rekstrarkostnað. Út á það gengur skattsvikaskýrslan. Hún bendir einmitt á að það sé erfitt að fylgjast með skattsvikum af því tagi. Það er það sem gert er hér í skýrslunni. (**JBH:** Hún hvetur til lagabreytinga.) Varðandi þetta atriði? Er það? (**Gripið fram í:** Já.) Já, það hefur nú farið fram hjá mér. Hvar er það í skýrslunni, með leyfi? (**SJS:** Á bls. 9 neðarlega t.d.

liður 1, 2, 4, helstu ástæður skattsvika o.s.frv.) Helstu ástæður skattsvika eru þær. Skattsvikin eru fólgin í því að einkaneyslan er færð yfir á rekstrargjöld. Það er kjarni málsins. Það stendur í þessari skýrslu og það er talað um það að menn færi óhæfilega risnu á almenn rekstrargjöld fyrirtækja. Það eru skattsvik. Það hafa verið skattsvik á meðan þessi lög eru í gildi og ég hygg að það sé enginn þm. sem líti öðruvísi á það mál. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá skattstofum hvað þeir verja miklum tíma einmitt í það að benda forráðamönnum fyrirtækja á að þeir hafi oftekið fé til persónulegrar eyðslu, oftekið fé til persónulegrar risnu.

Við skulum líta bara á örfá dæmi. Við getum t.d. talað um söluskattinn og hvað gerist ef kaupmaðurinn tekur vörur úr sinni verslun, stingur í vasann og greiðir ekki fyrir þær fullu verði heldur lætur það koma fram sem almenna vörurýrnun. Það er ekki aðeins að það séu tekjuskattssvik, heldur eru það einnig söluskattssvik, ef um söluskattsskylda vöru er að ræða, og í þriðja lagi eru það bókhaldssvik ef menn með þeim hætti draga fjárhæðir undan og gera ekki skil við yfirvöld, bæði varðandi tekjuskattinn, varðandi söluskattinn og láta ekki veltu fyrirtækjanna koma fram í bókhaldi sínu. Það er nú hvorki meira né minna. Og þá er spurningin hvernig hægt sé að fylgjast með þessu. Hitt getur svo vel verið að menn geti komið hér upp í pontuna og sagt: Við erum á móti skattsvikum en ríkisstjórnin er svo vond að hún vill skattsvik. Það getur vel verið. En mig langar til að spyrja: Hverju vilja þeir bæta við fleiru í 31. gr. skattalaga, þeir eru komnir hér með tvær greinar, þessir þm. sem þeir telja svona brýnt að fá inn og vilja bæta við 52. gr. sem annars vegar er að skattstjóri skuli gefa út árlega reglur um takmörk skv. þessum tölulið um persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna? Ég hygg að skattstjóri hafi gefið mönnum leiðbeiningar um það hvernig þeir eigi að fylgjast með þessum hlutum. Ég held m.a.s. að það séu pósitíf ákvæði í skattalögum um það að þó svo að einstaklingar geti talið þannig fram að sá sem stendur fyrir rekstri fyrirtækis hafi ekki til hnífs eða skeiðar, þá skal ég samt sem áður reikna honum tekjur af fyrirtækinu eins og maður mundi fá fyrir sambærileg störf ef hann ynni hjá öðrum. Þannig að þar er beint um pósitíft ákvæði að ræða sem ætlað er að vinna á móti skattsvikum. Ef þið flettið upp á 31. gr. skattalaga, þá er þar talað um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri og þar er gerð grein fyrir því hvað megi telja frá. Ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta, upphafið á þessari grein til þess að menn geti glöggt séð, þeir sem ekki hafa kynnt sér lögin um tekju- og eignarskatt, sem ég lái mönnum ekki að gera. Það er flókinn hlutur að setja sig inn í bókhaldslög, kunna að telja fram til skatts og þar fram eftir götunum. En 31. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir heldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum."

Ég skal ekki lesa þetta lengra. Þarna er í grófum dráttum mörkuð sú lína hvað telja eigi rekstrargjöld fyrirtækis. Það er öldungis ljóst að skattstjórar landsins hafa reynt að fylgjast með því ef þeir sem standa fyrir rekstri hafa dregið sér fé úr rekstrinum til sinnar einkaneyslu til þess þannig að draga úr rekstrarafkomu fyrirtækjanna, minnka með þeim hætti bókhaldslegan hagnað fyrirtækjanna og að hinu leytinu skjóta sér undan tekjuskatti sjálfir með því að þær tekjur sem þeir þannig fá koma ekki fram. Það er öldungis ljóst að skattstjórar hafa reynt að gera þetta. Það er líka öldungis ljóst að skattstjórar hafa gert og gera mjög alvarlegar athugasemdir við risnureikninga margra fyrirtækja og reyna að fylgjast með því að risnan sé ekki óhæfilega mikil.

Hitt er líka rétt að auðvitað er hægt að fylgjast betur með. Auðvitað getum við fjölgað þeim mönnum sem vinna við skatteftirlit. Auðvitað getum við þyngt refsilög. Auðvitað getum við alltaf fjölgað í lögreglunni. Við getum fjölgað eftirlitsmönnum. Það getum við gert. Við getum líka verið með almennar umbætur í skattamálum og með þeim hætti dregið úr skattsvikum. Við getum líka, segi ég, tekið virðisaukaskatt og með þeim hætti einnig unnið á móti skattsvikum. Það eru ótal leiðir til. Baráttan við skattsvikin er ekki unnin í eitt skipti fyrir öll. Þetta er sífelld barátta. Hún er í öllum þjóðlöndum. Hvar sem er í veröldinni stendur þessi barátta og hún mun standa áfram hér á landi. Það munu líka vera til þm. í flestum eða öllum þjóðþingum veraldarinnar sem munu standa uppi í pontu og reyna að slá sjálfa sig til riddara með því að segja að þeir séu einhverjir frelsisenglar sem einir vilji vera á móti skattsvikum og rugla svo öllu saman af því að þeir nenna ekki að setja sig inn í löggjöfina eða framkvæmd hennar. Þetta er kjarni málsins.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð. En það er öldungis ljóst í fyrsta lagi að skv. núgildandi lögum er óheimilt að telja persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna til rekstrarkostnaðar þess. Það er líka öldungis ljóst að samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að telja risnu til rekstrarkostnaðar nema hún sé í þágu fyrirtækisins. Þetta er hvort tveggja ljóst.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér fer fram þörf umræða um skattamál sem löngu er tímabært að hv. alþm. helli sér í og hefur sú góða skýrsla, sem hér hefur oft verið vitnað til, allt of lengi legið í þagnargildi. Það er í raun og veru allsérkennilegt að hér við 3. umr. skattalaga fyrir næsta ár skuli fyrst vera tekin á þessu almennileg rispa. Tilefnið er auðvitað sérstakt. Hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarmeirihluti hér á hinu háa Alþingi hefur bætt einni skrautfjöðrinni enn við sína skattastefnu með því að fella brtt., sem fluttar voru hér og gengu til atkvæða í dag, sem eru í beinu framhaldi, í rökréttu samhengi við niðurstöður skattanefndarinnar sem skilaði skýrslu og lögð var fram á Alþingi hinn 18. apríl s.l., fyrir réttum 8 mánuðum síðan eftir tæpar tvær klukkustundir.

Ferill þessarar hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum er að verða allskrautlegur og það er alveg ástæða til þess að rifja hann að nokkru leyti upp hér. Fyrstu umtalsverðu skattalagabreytingar hæstv. ríkisstjórnar voru að létta álögum af fyrirtækjum og eignamönnum í landinu. Þetta liggur fyrir skjalfest. Í þeim efnum voru í raun og veru skattalög ekki einfölduð heldur gerð flóknari með því að bæta við sérstökum frádráttarliðum fyrir fyrirtækin og fella niður aðra tekjustofna af þeim.

Í öðru lagi liggur enn fremur fyrir skjalfest, m.a. var það staðfest af hæstv. fjmrh. í sjónvarpsþætti í gærkvöldi, að hlutdeild ríkisins, opinber útgjöld eru hin sömu ef ekki hærri af þjóðartekjum og þau voru þegar hæstv. ríkisstjórn tók við. Það liggur því ljóst fyrir að einhverjum hefur verið gert að borga mismuninn, þann mismun sem skapast vegna þess að álögum hefur verið létt af fyrirtækjunum og hins að ríkisútgjöldin eru hin sömu og áður voru. Þessi mismunur hefur ósköp einfaldlega verið innheimtur hjá almenningi, hjá hinum almenna skattgreiðanda. Þetta liggur einnig ljóst fyrir, enda er það staðreynd að skattbyrði einstaklinga hefur þyngst í tíð þessarar ríkisstjórnar, sérstaklega nú á síðasta ári.

Þrátt fyrir þennan skrautlega feril og niðurstöður skattanefndarinnar fellir stjórnarmeirihlutinn brtt. eins og 4. brtt. á þskj. 342 um að ríkisskattstjóri skuli setja sérstakar reglur um takmörk fyrir því að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja eða starfsmanna, sem óheimilt er að telja til rekstrarkostnaðar, og með ekki burðugri rökum en hv. 2. þm. Norðurl. e. reyndi að hafa í frammi. Það liggur nefnilega ljóst fyrir, það er almennt viðurkennt og ég held að ekki eitt einasta mannsbarn sé svo bláeygt að trúa fullyrðingum hv. 2. þm. Norðurl. e. um að þetta sé allt í himnalagi vegna þess að í skattalögum séu einhver ákvæði sem hægt sé að nota í þessum efnum. Ef svo er eru þau ákvæði ekki nógu góð og þá sýnist mér full þörf á að gefa skattayfirvöldum, ríkisskattstjóra eða öðrum slíkum aðilum, lagastoð til að setja ítarlegri reglur, nánari reglur til að tryggja skil í þessum efnum og koma í veg fyrir undandrætti.

Satt best að segja voru tilburðir hv. þm. til að gera lítið úr málflutningi annarra þm. og sérstaklega stjórnarandstæðinga harla broslegar. Hann sakaði þá hv. þm. sem hér hafa talað um að hafa ekki sett sig inn í málin og fara með bull og fleipur, en var svo sjálfur staðinn að því að kunna ekki þá skýrslu, sem hér hefur verið sérstaklega til umræðu, betur en svo að fullyrða að þar væri ekki minnst á það, þar væri því ekki haldið fram að það þyrfti að breyta skattalögum og setja skýrari reglur til að koma í veg fyrir skattsvik, ólöglega undandrætti, m.a. hvað þennan tiltekna lið varðar, persónulega eyðslu og risnu sem sett er undir rekstrarkostnað fyrirtækjanna og þannig dregur úr skattskyldum tekjum þeirra. Ég vil því vitna í skýrsluna, m.a. bls. 9 þar sem saman eru dregnar helstu niðurstöður nefndarinnar í stuttu og aðgengilegu formi og ætti því ekki að vera ofviða sæmilega læsum mönnum að kynna sér. Þar segir sérstaklega í lið 1.2.4:

„Helstu ástæður skattsvika teljum við vera þessar:

a. Flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.

b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar."

Og síðan má fletta yfir á bls. 10 þar sem nefndin telur upp helstu tillögur sínar til úrbóta. Þar segir í lið 1.3.1.a.:

„Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg." Út á þetta m.a. gengu sérstaklega brtt. sem hér voru fluttar í dag, að afnema frádráttarliði, sbr. 1. og 2. brtt. á þskj. 342, og setja reglur um annað, sbr. 4. lið, þar sem menn hafa ástæðu til að ætla að undan sé dregið eða með óheimilum hætti fært undan tekjum fyrirtækjanna.

Ég er, herra forseti, enginn sérstakur skattalagasérfræðingur. Þó ég gæti talið fram fyrir sjálfan mig tel ég ekki að ég sé sérfróður á þeim sviðum. En ég leyfi mér engu að síður að hafa skoðun á þessu máli og það hefur almenningur í landinu. Ég held að það þurfi ekki að ræða við marga menn á götunni til þess að sannfærast um að í vitund almennings eru það ekki síst slíkir hlutir, sem við höfum gert hér að umtalsefni, sem stinga í augun. Einhver skýring er á því, herra forseti, að mikill meiri hluti fyrirtækja í landinu greiðir engan tekjuskatt og að sjálfstæðir atvinnurekendur upp til hópa greiða engan skatt eða svo lítinn að þegar gerð er á því könnun, eins og ágætt landsmálablað á Ísafirði gerði eftir að síðasta skattskrá kom út, kemur í ljós að þar í plássi greiddi tiltekinn hópur sjálfstæðra atvinnurekenda mun lægri tekjuskatt en hliðstæður fjöldi einstæðra mæðra á staðnum. Á þessu hlýtur að vera einhver skýring og á hinu að fyrirtækin í svo miklum meiri hluta lenda ekki í tekjuskatti. Hún er án efa til

komin m.a. vegna slíkra hluta. Hvað sem hv. þm. Halldór Blöndal segir stríðir þetta gegn almennri vitund manna. Ég held að almannarómur ljúgi ekki hvað þetta varðar, allra síst í minni byggðarlögum þar sem nánast allir þekkja alla og það fer ekki fram hjá neinum hvernig lífsafkoma manna er og hvað menn veita sér í hinum margvíslegasta munaði. Það er almennt viðurkennt að allt of óljós mörk eru á milli persónulegrar reynslu ýmissa forráðamanna bæði hvað varðar beina eyðslu og önnur útgjöld, svo sem risnu sem ekki er eðlilegt að talin sé undir kostnað fyrirtækjanna. Þannig held ég að hv. þm. Halldór Blöndal, sem gerir sig hér að sérstökum skattalagasérfræðingi og telur sig þess umkominn að dæma ræður annarra hv. þm. sem hið mesta bull, verði að rökstyðja talsvert betur að ekki sé þörf á neinum úrbótum, að lögin séu fullnægjandi eins og þau eru og þetta sé allt í himnalagi, en öðruvísi var málflutningur hans tæpast skilinn áðan. Ég held því að það væri full ástæða til að menn endurskoðuðu hug sinn, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hefur verið vitnað til úr nefndri skýrslu um skattsvik, hvort ekki sé ástæða til að breyta lögunum og færa inn í frv. brtt. sem væru í samræmi við niðurstöður skattsvikanefndarinnar og helstu tillögur nefndarinnar til úrbóta. Það er eins og mig rámi í að hæstv. fjmrh., sem er hér á faralds fæti og bregður fyrir í dyrum öðru hverju en gefur sér ekki tíma til að sitja undir þessari umræðu um skattalög, hafi sagt í sjónvarpsþætti í gærkvöld að hann hygðist beita sér fyrir því og það væri verið að vinna að því að nánast allar tillögur nefndrar skattsvikanefndar næðu fram að ganga, utan ein sem hann sérstaklega tiltók og varðaði skipulagsbreytingar innan skattakerfisins, á næstunni. Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja: Hvað með þessar helstu tillögur eins og hér hefur verið vitnað til um að einfalda skattalögin, fækka undanþágum og setja skýrari reglur um ýmsa frádráttarliði? Á að afgreiða þetta frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt án þess að taka þær að nokkru leyti til athugunar og hvaða framtíð var hæstv. fjmrh. að tala um þegar hann var að vitna til þess að tillögur nefndarinnar yrðu framkvæmdar?

Herra forseti. Væri ekki kristileg venja að hæstv. fjmrh. heiðraði okkur með nærveru sinni öðru hvoru ef maður skyldi vilja beina til hans orðum sínum? Ég þarf ekki að gera það í þessari ræðu minni, en það kann að vera að ég komi upp aftur áður en 3. umr. lýkur. Ég mælist til þess við virðulegan forseta að hann láti kanna hvort helstu hagsmunaaðilar ríkisstjórnarinnar á sviði skattamála megi ekki vera að því að heiðra okkur með nærveru sinni að verulegu leyti í kvöld þannig að greiða megi fyrir framgangi þessarar umræðu. (**Forseti:** Forseti mun verða við því að hafa samband við fjmrh.)

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram síðbúnar umræður um skýrslu til fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1984. Á 1. síðu þessarar skýrslu er vitnað til ályktunarinnar sem Alþingi samþykkti 3. maí og það er ástæða til að rifja það upp í upphafi að þessi skýrsla er unnin, nefndin skipuð og skýrslunni skilað í tilefni af því að Alþingi samþykkti þáltill. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur 3. maí 1984. Það leið langur tími frá því að skýrslan var samþykkt og þangað til nefndin var skipuð og nefndin þurfti nokkurn tíma til starfa. Og hún skilar 18. apríl 1986.

Síðan er þó liðinn svo langur tími að maður skyldi ætla að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn hefðu fengið ráðrúm til að bregðast við þeim alvarlegu niðurstöðum sem þessi skýrsla birtir. Þetta er svo harður dómur um núverandi skattakerfi, bæði í greiningu á skattsvikum þótt ég leyfi mér að halda því fram að þessi ágæta opinbera nefnd sé mjög varfærin í mati sínu á því, í ábendingum hennar um veilur í skattakerfinu sjálfu og í tillögum til úrbóta. Engu að síður er það svo að við erum enn að fást við hér á hinu háa Alþingi að afla ríkissjóði tekna samkvæmt sama skattakerfi, lögum um tekju- og eignarskatt og söluskattslögum, eins og ekkert hafi gerst. Mér verður það minnisstætt, herra forseti, að þegar þessi skýrsla var birt og umræða fór fram um hana í sjónvarpi þótti mér með ólíkindum hver voru viðbrögð hæstv. fjmrh. Þau voru fyrst og fremst að segja: Ég hélt þau væru meiri. Ég hélt að skattsvikin og skattundandrátturinn væru meiri en fram kemur í þessari skýrslu. Það má vel vera að hann sé verulega mikið meiri, en samt sem áður er hann svo mikill og maður hefði haldið að ábyrgur fjmrh. brygðist við á annan veg, þ.e. hann léti ekki fyrst og fremst í ljós furðu sína yfir því að þau væru ekki meiri um þetta því að hér er þó um að ræða á verðlagi þess tíma sem þarna um greinir upphæðir sem mundu duga til þess að ríkissjóður yrði rekinn hallalaust, sem er ekki lítill þáttur í okkar efnahagspólitík, fyrir utan að þessi skattundandráttur og þessi skattsvik eru trúlega félagslega séð einhver mesta meinsemdin í okkar þjóðfélagi og stærsta skýringin á vaxandi efnahagslegu misrétti og aðstöðumun stétta og starfshópa.

Í tilefni af vangaveltum hv. 2. þm. Norðurl. e. um skattamál er rétt að leggja sérstaka áherslu á samandregnar niðurstöður nefndarinnar að því er varðar helstu ástæður skattsvika að mati nefndarinnar. Helstu ástæður skattsvika eru þessar, herra forseti:

Flókið skattakerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir. — Þetta er meginatriðið, herra forseti. Kastljósinu af hálfu nefndarinnar er fyrst og fremst beint að löggjöfinni sjálfri og færð fyrir því margvísleg rök að þessi lög séu af því tagi að það verði ekki, miðað við óbreyttan lagaramma, komið við þeim aðgerðum sem að gagni koma við að uppræta skattsvik. Það sé beinlínis í skjóli götóttrar og lélegrar löggjafar sem skattsvikin eru hvað mest. Þetta er rökstutt víðar í skýrslunni.

Síðan segir, með leyfi forseta: „Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skattaeftirlit versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

3. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri."

Í framhaldi af þessu spyrja nefndarmenn: Hverjar eru helstu leiðir til úrbóta og aftur koma þeir að því sem er kjarni málsins, þ.e. skattalögunum sjálfum. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir."

Loks segir undir fyrirsögninni Skattaeftirlit, liður e: „Endurskoðuð verði ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna" — ákvæði.

Herra forseti. Hvað er þessi nefnd að segja sem varðar kjarna þessarar umræðu? Ósköp einfaldlega það, sem við vorum að ræða í dag, að það sé eitt meginatriðið, ef menn vilja uppræta skattsvik, skattundandrátt, ef menn vilja bæta skattasiðferði, að beina athyglinni að löggjöfinni sjálfri. Hér voru fluttar í dag tillögur um að fækka frádráttarliðum mjög í anda þeirra meginatriða að einfalda ákvæði skattalaga um skattlagningu fyrirtækja og þessar tillögur, þvert ofan í anda og ábendingar og tillögur nefndarinnar sem hér um ræðir, voru allar snarfelldar. Í staðinn koma einhverjir pólitískir útúrsnúningar af því tagi hver var fjmrh. 1979 og fáránlegast af öllu að ætla að koma sök á Alþfl. af því tilefni að hafa ekki beitt sér fyrir breytingu á skattalögum á þeim tíma sem hv. fyrrv. þm. Sighvatur Björgvinsson sat í fjmrn. í nokkra mánuði sem starfandi fjmrh. í starfsstjórn, reyndar með hlutleysi og samkvæmt samningum við Sjálfstfl. en eingöngu á þeim tíma til að fylgja fram daglegri stjórnsýslu eins og starfsstjórn gerir meðan beðið var kosninga. Sú gagnrýni er út í hött og kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Hitt veit hv. 2. þm. Norðurl. e., hver sat í fjmrn. á tímabili ríkisstjórnar 1978–1979. Það var reyndar einn af forustumönnum Framsfl., Tómas Árnason frá Hánefsstöðum, sem nú hefur verið valinn til þess trúnaðar að sitja sem einn af þremur bankastjórum Seðlabanka. Síðan tók við ríkisstjórn, hv. 2. þm. Norðurl. e., sem að vísu var komin til valda vegna þess að flokksmenn hv. þm. greiddu götu hennar, gerðust guðfeður hennar og tryggðu henni meiri hluta á Alþingi, enda sat sú ríkisstjórn undir forsæti eins af virtustu forustumönnum Sjálfstfl. frá upphafi vega. Ég þarf svo ekki að rekja söguna fyrir hv. þm. því að síðan hefur setið núv. ríkisstjórn og verður að telja hv. þm. einn af áhrifameiri þm. þessarar ríkisstjórnar. Hún hefur setið í fjögur ár. Og ef umræðan á að snúast um hver hafi gert hvað til að breyta skattalögum, til að gera þau að virkara tæki og réttlátara tæki fær hann ekki undan því vikist að þarna hafi þeir setið í fjögur ár með ónýt skattalög og aðhafst ekki nokkurn skapaðan hlut. Og þeir munu skilja við eftir nokkra mánuði með það brennimark á andlitinu að þeir hafi borið ábyrgð á því allan þennan stjórnartíma þrátt fyrir að gagnrýnin á skattalögin og þær breytingar sem gerðar voru 1978–1979 hefur farið sívaxandi, ekki hvað síst fyrir frumkvæði Alþfl. frá og með 1983 1984, sbr. ótal tillögur sem við höfum flutt og beinast að úttekt á skattalögum, úttekt á umfangi skattsvika, tillögur um hert skattaeftirlit og breytingar á skattalöggjöf.

Það er ástæða til að staldra við sérstaklega þá spurningu hverjar eru helstu ástæður skattsvika. Og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, með leyfi forseta, að gera dálítið betri grein fyrir því með vísan til greiningar þessarar ágætu nefndar. En í skýrslunni segir á bls. 36, með leyfi forseta:

„Sé reynt að gera sér grein fyrir ástæðum skattsvika virðist nærtækast að líta fyrst á skattakerfið sjálft og framkvæmd og eftirlit með skattlagningu. Þannig má gera ráð fyrir að einföldu skattakerfi með tiltölulega lágum skatthlutföllum, sem auðvelt er að hafa eftirlit með, fylgi minni skattsvik en flóknu skattakerfi með háum skatthlutföllum sem erfitt er að hafa eftirlit með."

Síðan segir, herra forseti: „Íslenska skattakerfið er almennt talið vera flókið og mörkin milli þess sem er löglegt og hins sem er ólöglegt oft óljós. Lög um tekjuskatt eru flókin m.a. af tveimur ástæðum. Annars vegar er ein megnregla skattalaganna sú að kostnaður við öflun tekna er frádráttarbær. Hér undir fellur allur venjulegur rekstrarkostnaður fyrirtækja. Slík regla hlýtur alltaf að vera flókin í framkvæmd og fela í sér margvísleg matsatriði. Hún er hins vegar óhjákvæmileg þegar skattur er lagður á hreinar tekjur, þ.e. tekjur að frádregnum kostnaði. Hér skiptir meginmáli að eftirlit með álagningunni sé þannig að skattþegnar beri virðingu fyrir því. Hins vegar eru í skattalögum margvísleg ákvæði sem ætlað er að ívilna einstökum hópum," — ég endurtek: „ívilna einstökum hópum eða hvetja til tiltekinna athafna. Slík ákvæði íþyngja mjög framkvæmd skattálagningarinnar. Eftir því sem löglegir möguleikar til að komast hjá skatti eru meiri, þeim mun minni verður virðing skattþegna fyrir skattlögum. Slíkir sniðgöngumöguleikar gera skattheimtuna flóknari og erfiðari í framkvæmd og þeir grafa undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

Samkvæmt því sem að framan segir getur skattkerfið sjálft haft veruleg áhrif á það hvernig viðhorf til skattsvika er. Þetta gildir tvímælalaust um núverandi söluskattskerfi. Söluskattur í núverandi mynd var fyrst lagður á hér á landi 1960 og var þá nokkuð almennur 3% skattur. Frá þessum tíma hafa aðstæður allar breyst, viðskiptahættir tekið stakkaskiptum. Mikil fjölgun undanþága og aukin sérhæfing í at-

vinnulífi samhliða margföldun skatthlutfallsins veldur því að skattyfirvöld eiga í sívaxandi erfiðleikum með að koma á eðlilegri og réttlátri innheimtu skattsins. Gjaldendur eru í sífellt meiri óvissu um skattskyldu og markatilvikum fer ört fjölgandi. Það nálgast því að innheimta söluskatts í núverandi mynd verði óframkvæmanleg, en slíkt getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir tiltrú skattþegna á réttláta framkvæmd skattheimtu."

Þetta er kjarni málsins. Hér eru færð rækileg rök fyrir því að það sé löggjöfin sjálf sem meiri hluti á Alþingi og ríkisstjórnarmeirihluti á löggjafarsamkomunni beri alla ábyrgð á og hefur nú þessi stjórnarmeirihluti haft fjögur ár til að gaumgæfa það *mál og koma fram breytingum. Það er allt of seint* og allt of einfalt og allt of billegt að hafa uppi tilburði til þess eftir að hafa daufheyrst við gagnrýni nánast allt kjörtímabilið, eftir að hafa látið þessa skýrslu rykfalla mánuðuðum saman og hafa uppi einhverja tilburði og einhver orð um vilja til breytinga loksins þegar ríkisstjórnarmeirihlutinn er sannarlega kominn að útgönguversi.

Stærsti tekjuöflunarþáttur í tekjuöflunarkerfi ríkisins er söluskatturinn. Nýlega er hæstv. ríkisstjórn búin að leggja fram frv. til l. um virðisaukaskatt sem hefur fengið óblíðar viðtökur í öllum stjórnmálaflokkum vegna þess að það er meingallað og af þeim sökum ólíklegt til þess að ná fram að ganga jafnvel meðal þeirra sem hafa þó jákvæða afstöðu til virðisaukaskattsins sem slíks. Í þessari greinargerð er t.d. fjallað með þessum hætti um aðaltekjuöflunarkerfið, söluskattinn, með leyfi forseta:

„Frá því að söluskattur var fyrst lagður á 1960 hafa aðstæður breyst verulega og viðskiptahættir tekið stakkaskiptum. Fjölgun undanþága, aukin sérhæfing í atvinnulífi samhliða hækkun skatthlutfallsins hefur leitt til þess að söluskattur getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu í tekjuöflun ríkisins."

Aðaltekjuöflunartækið samkvæmt umsögn í greinargerð frá hæstv. fjmrh. sjálfum getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu í tekjuöflun ríkisins.

Síðan segir: „Skattyfirvöld eiga í vaxandi erfiðleikum með að koma fram eðlilegri og réttlátri innheimtu skattsins. Gjaldendur eru í sífellt meiri óvissu um skattskyldu og þau mörgu markatilvik sem upp hafa komið á síðustu árum. Óþolandi réttaróvissa ríkir á fjölmörgum sviðum varðandi innheimtu söluskatts" og síðan eru nefnd dæmin, legió. „Erfiðleikar og veruleg fyrirhöfn er við að skipta sölu í undanþegna sölu og skattskylda sölu hjá þeim sem hafa með höndum blandaða verslun. En það á við um nær allar matvöruverslanir þjóðarinnar. Til þess að ná þessari skiptingu eru notaðar reiknireglur sem aldrei verða nákvæmar og setja bæði gjaldendur og eftirlitsaðila í vanda."

Annað dæmi: „Verulegir erfiðleikar eru á að greina milli sölu undanþeginna matvæla og sölu tilbúinna rétta þar sem atriði eins og hitastig söluvara getur orðið ráðandi þáttur um skattskyldu."

Enn eitt dæmi: „Veruleg vandkvæði eru um innheimtu söluskatts af ýmissi innri starfsemi og notkun fyrirtækja á eigin þjónustu og framleiðslu. Ótvírætt skilgreining er ekki til á því hvað sé skattskylt af þessu tagi og hvað ekki."

Síðan segir: „Mikil óvissa er um skattskyldu af notkun eigin tækja og búnaðar við verklegar framkvæmdir" o.s.frv.

Með öðrum orðum: það þarf ekki að tíunda þetta frekar. Í skýrslu skattsvikanefndar, í opinberum greinargerðum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er það tíundað í bak og fyrir að tekjuöflunarkerfi ríkisins er hrunið. Það á bæði við um tekjuskatt einstaklinga og það á við um tekjuskattsálagningu fyrirtækja. Það á *einnig við um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga* og þann ósið hér á landi að nota sama skattstofninn til tvöfaldrar skattálagningar og reyndar margfaldrar. Þar á ég við tekjuskatt einstaklinga og félaga og síðan útsvarsálagningu til sveitarfélaga. Og loks á þetta við um sjálft söluskattskerfið og reyndar tollakerfið, þ.e. hina óbeinu skatta og álögur. Þannig stendur ekki steinn yfir steini í tekjuöflunarkerfi ríkisins. (**TG:** Það er von að ríkissjóður sé á hausnum.) Það er von þeir séu á hausnum, herra þm. Laukrétt niðurstaða og þarf ekki miklu við það að bæta.

Síðan eru í þessari merku skattsvikaskýrslu, 8. kafla, ábendingar um úrbætur. Þar beinist athyglin enn og aftur fyrst og fremst að sjálfri löggjöfinni. Þar er tíundað enn og aftur um nauðsyn þess að taka upp nýtt tekjuskattskerfi sem byggi á þeim hugmyndum að tekjuskattskerfið sé einfalt, auðskilið og ódýrt og einfalt í framkvæmd. Kjarninn í öllum þeim hugmyndum er sá, sem við vorum að ræða hér í dag, að grisja frádráttarliðina, frádráttarfrumskóginn sem svo er kallaður, að einfalda kerfið með því að gera það. Það er nákvæmlega þetta sem stjórnarliðar voru hér í dag að fella og gerðu grein fyrir atkvæði sínum um það með þeim hætti að það var algerlega út í hött, nefnilega með vísan til þess að skv. gildandi skattalögum væri ekki heimilt að færa margvísleg persónuleg útgjöld forráðamanna fyrirtækja til frádráttar sem rekstrarkostnað fyrirtækja. Auðvitað er það ekki heimilt. Auðvitað er það ekki heimilt skv. lögum. En það stendur hér skýrum stöfum og það vita það allir menn sem eitthvað þekkja til í íslensku atvinnulífi að það er praktíserað í stórum stíl. Og það er auðvelt að gera það einfaldlega vegna þess að löggjöfin er svo meingölluð að skattyfirvöld treysta sér ekki til að framfylgja henni með árangri. Þess vegna þessi skýrsla, þess vegna þetta mat á skattundandrætti, þess vegna þetta tap á áætluðum tekjum og þess vegna bullandi halli á ríkissjóði m.a. af þessum sökum.

Þegar svo er komið að tekjuöflunarkerfið er hrunið hefur það ekki lítil áhrif um leið á allt það sem heitir ríkisbúskapur og gjaldahlið líka. Með ónýtt tekjuöflunartæki í höndunum og óréttlátt er niðurstaðan sú að af pólitískum ástæðum þora stjórnmálamenn ekki að afla þeirra tekna sem duga

fyrir útgjaldaáformum ríkisins, m.a. vegna þess að menn vita að skattbyrðin er svo óréttlát, skattundandrátturinn svo mikill og það eru orðnir svo fáir í þessu þjóðfélagi sem bera meginþunga skattbyrðarinnar. Það eru einmitt, eins og kom fram í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, fyrst og fremst launþegar með meðallaun sem lenda í næsthæsta og hæsta skattþrepi. Það hefur verið gert ýmislegt til að létta skattbyrðinni af fjölda framteljenda með mjög lágar tekjur, en það er löngu farið að líta svo á að launþegar með meðaltekjur, sbr. þær tölur sem hv. þm. nefndi eftir heimildum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, meðallaun á bilinu frá um 50 þús. kr. eða 70 þús. kr., þetta eru meðallaun tekjuskattsframteljenda, lendi í hæsta og næsthæsta skattþrepi. Hlutfall þeirra sem bera meginþunga tekjuskattsbyrðarinnar er með öðrum orðum rúmlega 13% sem bera um 60% af heildarskattbyrðinni. (**KJóh:** Sextíu og sjö.) Sextíu og sjö. Þegar svona er komið er þetta ein meginskýringin á því að stjórnmálamenn, veiklundaðir sem þeir eru og undanlátssamir, horfa endalaust á þetta niðurbrotna og ónýta tekjuöflunarkerfi, þora ekki að horfast í augu við að þeir geta ekki með þessu tæki aflað nægilegra tekna og neyðarúrræðið verður því æ ofan í æ að sópa afganginum af útgjöldunum undir teppið, ávísa því á erlendar lántökur, jafnvel núna í einhverju besta góðæri sem yfir þjóðina hefur komið, og lenda þá í því að niðurstaðan eftir árið er tvöföldun á erlendum lántökum umfram lánsfjárheimildir, einmitt núna mitt í góðærinu. Það er svo eftir öðru að þrátt fyrir að ekkert hefur gengið í því að endurskoða tekjuöflunarkerfið þora menn heldur ekki að horfast í augu við að útgjaldaþenslan, sjálfvirknin gjaldamegin er slík að það er fyrirsjáanlegt, jafnvel við aðstæður eins og núna í blessuðu góðærinu, að ríkisbúskapurinn sem slíkur heldur áfram að reka sjálfan sig á sívaxandi lántökum. Að vísu verður viðleitni til þess að draga ögn úr sláttumennskunni erlendis, en um leið kemur lántaka innanlands í staðinn og þar með er ríkisvaldið að efna til stórkostlegrar samkeppni við atvinnulífið í landinu um takmarkað fjármagn og að vinna að því að þrýsta vöxtum upp úr öllu valdi og auka þannig vaxtabyrði þessarar skuldugu þjóðar og þessara skuldugu einstaklinga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þessi umræða var dálítið kastljós á ástand stjórnmálanna nú þegar þessi ríkisstjórn er að skila af sér. Hringlandaháttur hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar í skattamálum er farinn að valda stjórnarliðum sjálfum áhyggjum, sbr. t.d. þá nýjung sem boðuð var í fjárlagafrv. að leggja á sérstakan orkuskatt en dregin til baka nokkrum klukkustundum fyrir 2. umr. fjárlaga, fyrirheit um lækkun tekjuskatts í áföngum sem ekki er staðið við, játning á því að söluskattskerfið er hrunið. Síðan er lagt fram frv. um virðisaukaskatt sem á að leysa það af hólmi en er svo meingallað að það fær heldur dapurlegar undirtektir, ekki aðeins af hálfu stjórnarandstöðunnar og ekki aðeins af hálfu samstarfsflokks Sjálfstfl., Framsfl., heldur má heita að það liggi við uppreisn innanborðs í Sjálfstfl. sjálfum.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Hér var í stól fyrr í kvöld hv. þm. Halldór Blöndal og hann lýsti því yfir að það væru nægar heimildir í lögum til að innheimta skatta á réttlátan hátt af fólki og fyrirtækjum og það væru nægar heimildir í lögum til að koma í veg fyrir að menn stynguju undan. Þar með hefur hv. þm. þvegið hendur sínar, þ.e. löggjafarsamkomunnar, en hvers vegna, hv. þm., birtist okkur þá skýrsla eins og sú sem hefur verið vikið að fyrr í kvöld sem er úttekt á skattsvikum, skattsvikaskýrsla svokölluð? Hvers vegna birtist hún? Þá er ekki um margt að ræða. Ef það eru nægar heimildir í lögum gæti í fyrsta lagi vantað reglugerðir til að teygja heimildir til að stýra framkvæmdinni. Ef það vantar reglugerðir er skömmin ráðherrans. Kannske vantar starfsreglur. Kannske er skömmin ríkisskattstjórans. Kannske vantar að það sé almennilega staðið að framkvæmdinni sjálfri úti á vígvellinum. Kannske er skömmin skattstjóranna.

Það er kannske sama hvers skömmin er þegar þinginu sjálfu sleppir. Alltaf ber það að sama brunni að boltinn er þá hjá fjmrh. sem er yfirmaður þessa kerfis. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur lýst því yfir að það séu nægar heimildir laga, að löggjafarsamkundan hafi staðið við sitt. Hann segir þá að það séu fjármálaráðherrar sem ekki hafi staðið í stykkinu og það sé vegna vanefnda þeirra sem ástandið í skattamálum er þannig að skattsvikaskýrslan er til komin. Hv. þm. Halldór Blöndal ásakar fjmrh. um afglöp. Hv. þm. er beinlínis að gera árásir á fjmrh. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur þar með ráðist að Albert Guðmundssyni, sem var fjmrh. í byrjun starfstímabils þessarar ríkisstjórnar og sem er oddamaður Sjálfstfl. í stærsta kjördæmi landsins og einn af mestu áhrifamönnum flokksins, og með þessari ályktun sinni veitist hann sömuleiðis að núv. fjmrh. og formanni flokksins og oddvita hans á landsvísu. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur sagt: Það er allt í lagi með þessi mál af hálfu þingsins. Það sem á vantar er að framkvæmdarvaldið standi við sinn hlut. Hvort sem það er vegna reglugerða eða skorts á reglugerðum, skorts á starfsreglum eða skorts á harðfylgi þeirra sem þessum lögum eiga að fylgja er hv. þm. búinn að segja: Hvar kreppir? Vanræksla ráðherra. Og hann beinir spjótunum að tveimur valdamestu mönnum flokksins. Hann beinir spjótunum að oddamanninum í Reykjavík og oddamanninum á landsvísu, fjmrh. flokksins í núv. ríkisstjórn, og hann segir: Þeir hafa brugðist í skattamálinu vegna þess að við þm. höfum gefið þeim næg tæki, næg tól, en svo fáum við svona skýrslu í hausinn. Og hv. þm. Halldór Blöndal lætur kné fylgja kviði. Hann krefur formann fjh.- og viðskn. um meiri litteratúr. Hann krefst þess að fá bréf frá skattstjórum. Hann krefst þess að skattstjórar landsins beri vitni í þessu máli.

Reyndar er kominn í salinn hv. þm. Páll Pétursson, formaður fjh.- og viðskn., sem beint var til orðum fyrr í kvöld. Ég spyr hv. þm. Pál Pétursson, og ég óska að hann svari hér í stól á eftir, hvort hann muni fara að kröfu hv. þm. Halldórs Blöndals, hvort hann muni skrifa skattstjórum landsins og krefjast skýlausra svara um hvort ástandið í skattamálum, hvort skattsvikaskýrslan sé til komin vegna vanrækslu löggjafarsamkundunnar eða vanrækslu framkvæmdarvaldsins. Úr þessu verður að skera. Við verðum að vita hvort það vantar lög eða hvort það vantar framkvæmd. Ég tek undir þá kröfu hv. þm. Halldórs Blöndals að um þetta sé aflað vitneskju, að skattstjórar landsins beri vitni í þessu máli skriflega fyrir fjh.- og viðskn. sem þar með mundi sinna því hlutverki þingsins að fylgjast með framkvæmd laga. Ég tek undir með þeirri kröfu hv. þm. að þeim sé svarað og ég óska þess að hv. þm. Páll Pétursson, formaður nefndarinnar, noti tíma sinn nú þegar, áður en þingi lýkur, og ef það verður ekki hægt taki hann, eins og ég sagði áðan, tíma frá búsmala sínum milli hátíða og skrifi skattstjórunum og fái þessar upplýsingar. Ég óska þess að formaður nefndarinnar svari þessu á eftir og kvitteri þar með fyrir því að hafa móttekið þessi skeyti. Þar með getum við þm. vænst þess að fá úr því skorið hvort það vantar að þeirra mati lög eða hvort það vantar betri framkvæmd. Við verðum að vita hvar vanrækslan er. Reyndar eru þeir sem gera þessa skýrslu ekki í neinum vafa um það. Þeir telja á mörgum stöðum að það vanti skýrari lög og skýrari ákvæði til þess að það sé hægt að fylgja þessum málum þannig eftir að það traust og sá trúnaður, sem fólk þarf að hafa á þessu mikilvæga kerfi, fjáraflakerfi samfélagsins, sé varðveitt. Þeir sem skýrsluna gerðu telja að það vanti m.a. lög. Ég held því að það sé fyllsta ástæða til að hnykkja á í lagasetningunni og þess vegna greiddi ég atkvæði í dag með till. hv. þm. Svavars Gestssonar.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég kom aðallega upp til að bæta úr alvarlegri vanrækslu. Þannig var að í dag lýsti hv. 2. þm. Norðurl. e. því yfir að hann vildi að skattstjórarnir yrðu kallaðir til vitnis um hvort það gæti verið að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja væri talin sem rekstrarkostnaður þeirra. Mér láðist í fyrri ræðu minni í kvöld við 3. umr. þessa máls að taka sérstaklega undir þessa ósk hv. þm. og lýsa því yfir að ég mun gera tillögu hans að minni í hv. fjh.- og viðskn. þegar hún kemur saman til að fjalla um lánsfjárlög eða framlengingarfrv. á hinum almennu og sérstöku tekjum ríkissjóðs.

Ég held að hér sé hreyft svo stóru máli af einum af forustumönnum þm. stjórnarflokkanna að það sé í rauninni óhjákvæmilegt að hv. Alþingi veiti þessum þm. fullan stuðning í þessu efni. Fyrir því vil ég leyfa mér eins og hv. 4. landsk. þm. að taka mjög eindregið undir þá ósk að skattstjórar verði látnir gera grein fyrir því með hvaða hætti þeir reyna að koma í veg fyrir að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja og risnukostnaður lendi inn á hinum almennu rekstrarútgjöldum fyrirtækjann.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Halldór Blöndal gat um í kvöld, að ákvæðin um frádrætti frá tekjum af atvinnurekstri eru í 31. gr. skattalaganna og þar er um að ræða upptalningu sem yfirleitt er talin tæmandi. En þrátt fyrir það, herra forseti, að þessi upptalning sé talin tæmandi telur löggjafinn engu að síður rétt og nauðsynlegt að taka það fram í 52. gr. skattalaganna hvað það er sem ekki má telja sem rekstrarkostnað. Í 52. gr. skattalaganna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja: — þ.e. þegar búið er að telja upp það sem er heimilt eru sérstaklega tiltekin nokkur atriði sem alls ekki er heimilt að kalla rekstrarkostnað fyrirtækja. Hvaða atriði eru það? Það eru:

1. Gjafir, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.

2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptækis hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.

3. Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. 2. mgr. 2. gr."

Það er þess vegna alveg ljóst að þó að löggjafinn hafi litið þannig á að 31. gr. væri tæmandi upptalning á frádráttarheimildum fyrirtækja taldi hann engu að síður nauðsynlegt að slá því föstu í 52. gr. skattalaganna að það er óheimilt að nota gjafir sem frádrátt frá skattskyldum tekjum, það er óheimilt að draga frá skattskyldum tekjum fjársektir eða önnur viðurlög vegna refsiverðs verknaðar og það er óheimilt að draga frá arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar atvinnustarfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt að í sömu grein, 52. gr., skattalaga sé jafnframt tekið fram að á rekstrarkostnað megi ekki færa það sem kalla má persónuleg útgjöld forráðamanna fyrirtækja og þar má heldur ekki færa það sem kalla má óhófleg risnuútgjöld. Þær brtt. mínar sem felldar voru í dag gerðu í raun og veru ráð fyrir að þetta yrði talið í kaflanum hvað ekki telst rekstrarkostnaður í 52. gr. skattalaganna. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við þá tillögu sem þar var flutt jafnvel þó að svo sé talið að 31. gr. skattalaganna sé tæmandi upptalning á þeim frádráttarheimildum sem í skattalögunum eru.

Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi að skattalögin

eins og þau eru nú voru í meginatriðum afgreidd á tveimur þingum, ég hygg á árabilinu 1977–1979. Verulegur hluti laganna var ákveðinn með lögum vorið 1978 og álagningarkaflarnir, bæði á einstaklinga og fyrirtæki, voru ákveðnir með lögum sem sett voru á Alþingi í ársbyrjun 1980. Það er rétt, sem hv. þm. Halldór Blöndal gat um, að margir fjármálaráðherrar hafa komið að þessum lögum, fyrst Matthías Á. Mathiesen, síðan Tómas Árnason, þá Sighvatur Björgvinsson og loks Ragnar Arnalds. Og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þetta eru að mörgu leyti góð og gild skattalög. En það segir kannske sína sögu um ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að hún telji sig hafa höndlað fullkomin skattalög þegar núverandi ríkisstjórn tók við vorið 1983, endanlega fullkomin skattalög. Við sem stóðum að setningu laganna vitum auðvitað alveg eins með þessi lög eins og öll önnur lög sem hér eru sett að þau þurfa jafnan athugunar og endurskoðunar við. En það er býsna athyglisvert þegar leiðtogar Sjálfstfl. og varaformaður þingflokks Sjálfstfl. tala þannig að í rauninni þurfi ekkert að gera í skattamálum af því að skattalög Ragnars Arnalds, Sighvats Björgvinssonar, Tómasar Árnasonar og Matthíasar Á. Mathiesens hafi verið svo góð. Til hvers er Sjálfstfl. þá með fjmrh.? Ekki er það til að passa að ríkissjóður sé í jafnvægi. Það þekkja allir hvernig það er. Það er rétt að tala ekki mikið um það í þessari umræðu. Það verður gert á föstudaginn. Sjálfstfl. fór í kosningabaráttuna með yfirlýsingar um róttækar breytingar í skattamálum. Allt átti að laga. Og hv. þm. Halldór Blöndal, minn góði vin, hélt langar og ítarlegar ræður í tíð síðustu ríkisstjórnar um þá ofboðslegu skattpíningu sem hún beitti sér fyrir og nauðsyn þess að laga hlutina þegar hin nýja stjórn tæki nú við.

Og hvað gerist? Á fjórða ári, 4. þingi þessarar framsóknaríhaldsríkisstjórnar sem við höfum núna kemur hv. varaformaður þingflokks Sjálfstfl. og lýsir yfir: Skattalögin eru og hafa verið fullkomin og engin ástæða til að breyta neinu þar. Ja, ég veit ekki hvort ég á að þakka fyrir hönd flokksbróður míns Ragnars Arnalds fyrir þetta hól. Ég dreg þær þakkir við mig vegna þess að ég tel ekki að þessi skattalög hafi frekar en önnur verið fullkomin. Skattalög þarf alltaf að vera að laga og endurskoða.

Síðan gerist það að sumarið 1984 er samþykkt þál. um nefnd til að kanna umfang skattsvika. Þessi nefnd er skipuð 8. nóv. 1984 og skilar skýrslu 18. apríl 1986. Hún skjalfestir í rauninni í fyrsta sinn með hvaða hætti skattsvik ganga fyrir sig hér á landi, hvaða gallar það eru á skattalögum sem óhjákvæmilegt sé að sníða af þeim. Þegar þm. eru með þessa skýrslu í höndunum og hafa haft hana fyrir framan sig í misseri eða svo er algjört lágmark að stjórnarandstaðan spyrji: Hvað á að gera við þetta plagg? Og svar hæstv. fjmrh. við þeirri spurningu er: Það á ekkert að gera við þetta plagg. Það á að gleyma þessu plaggi.

Þegar skýrslan kom fram lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að það ætti að breyta hegningarlögunum þannig að það varðaði tugthúsvist samkvæmt þeim að svíkja undan skatti. Frv. um það efni hefur ekki sést hér að því er ég best man. Ég man ekki eftir því að nokkurt einasta mál hafi verið flutt til að svara kröfum skattsvikaskýrslunnar og hv. þm. Halldór Blöndal, sem víkur nú úr salnum, hefur bersýnilega ákveðið það sem leiðtogi Sjálfstfl. að þessi skýrsla sé ekki pappírsins virði. Leiðtogi Sjálfstfl., hv. þm. Halldór Blöndal, telur þessa skýrslu einskis virði. (**TG:** Leiðtogi?) Leiðtogi sagði ég, hv. þm. Tryggvi Gunnarsson. Ég tók eftir því að hv. þm. Tryggvi Gunnarsson dró þetta nokkuð við sig. (**TG:** Það sagði ég aldrei.) Nei, það var misskilningur og ég bið hv. þm. Tryggva Gunnarsson að afsaka að ég skyldi misskilja tóninn í orðinu og mismæli í þokkabót. Það er full ástæða til að ítreka að ég sársé eftir því að hafa haft þetta upp eftir þm. (Gripið fram í.) Já, hér eru alvarleg mál á ferðinni, hv. þm. (Gripið fram í.) Það er fjöldi manns að baki hv. þm. eins og hann mætti sjá ef hann sneri sér við í sæti sínu. En það er rétt að hv. þm. Sjálfstfl. eru flestir flúnir og hv. þm., sá ágæti 3. þm. Austurl. sem hér situr og situr betur á þingfundum en flestir aðrir, hefur staðið vaktina fyrir Sjálfstfl. með sóma, bæði í þessari umræðu og áður þannig að það er ástæða til að halda honum sérstakt þakkarávarp næst þegar hv. þm. Halldór Blöndal boðar fund í þingflokki Sjálfstfl.

Herra forseti. Hér er auðvitað um að ræða þvílíkt stórmál að það er alveg óhjákvæmilegt að óska eftir að hv. þm. Páll Pétursson verði kallaður í salinn (**PP:** Hann er hér.) og sitji þar og verði hér í þinginu. Hann hefur kaup fyrir að sinna þingstörfum og hann getur vel gert það meðan verið er að ræða við hann. Hann er þingleiðtogi stjórnarliðsins í þessari virðulegu deild. Hann er forustumaðurinn sem gefur tóninn fyrir hv. þm. Halldór Blöndal og aðra slíka liðsmenn stjórnarinnar hér í salnum. (Gripið fram í.) Þennan kross verður hv. þm. Páll Pétursson að átta sig á að hann ber og reyndar fleiri krossa. En um það verður ekki rætt frekar af vissum ástæðum.

Þannig er að hv. þm. Páll Pétursson, leiðtogi stjórnarliðsins í Nd., hefur verið beðinn um að kalla í skattstjóra allra skattumdæma á landinu (**KJóh:** Áður en þessari umræðu lýkur.) til fundar í fjh.- og viðskn. helst áður en þessari umræðu lýkur. (**ÓÞÞ:** Það er stutt.) Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson leggur ævinlega góðum málum lið og er alltaf tilbúinn til að greiða götu góðra mála og þá sérstaklega mála hv. þm. Páls Péturssonar og ég reyndar veit að hv. þm. Páll Pétursson á fáa einlægari og öflugri stuðningsmenn í sínum þingflokki en hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. Þess vegna þykir mér vænt um að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson skuli með svo skörulegum afgerandi hætti hafa tekið undir þá ósk sem hér hefur verið flutt af Halldóri Blöndal. Mér sýnist einsýnt að þessi ósk hv. þm. Halldórs Blöndals eigi yfirgnæfandi þingfylgi að fagna. (**TG:** Það eru ekki margir í salnum.) Það er rétt. Það eru ekki margir í salnum og það er eðlilegt að hv. þm. Tryggvi Gunnarsson skuli kvarta yfir því að fáir skuli vera í salnum að hlýða á jafnmerkilegt mál og það sem hér

er flutt og eðlilegt líka vegna þess að hv. þm. hefur gjarnan setið hér löngum einn af sínum flokksfélögum. (**TG:** Þetta er óskipað skip.) (**Forseti:** Þögn í salnum.) Það er alveg ástæðulaust að fyrirskipa þögn í salnum, herra forseti, þvert á móti er eðlilegt að menn skiptist á skoðunum og flýti þannig fyrir umræðum. Það þurfa þá kannske þeim mun færri að taka til máls sem frammíköllin komast betur að.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði í kvöld að skattstjórarnir hefðu reynt að fylgjast með persónulegri eyðslu forráðamanna fyrirtækja og risnuútgjöldum þeirra. Ekki dreg ég í efa að þeir hafi reynt það, en það er skoðun margra embættismanna skattyfirvalda að það hafi ekki tekist nógu vel m.a. vegna þess að þá skorti lagaleg úrræði. Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir skattsvik og spurði: Á að fjölga lögreglumönnum? Og mitt svar er: Nei, það er ekki lausnin. Þar er ég enn sammála hv. þm. Halldóri Blöndal. Það á ekki að fjölga lögreglumönnum. Það leysir ekki allan vanda í þessu efni. Ég held hins vegar að aðalatriðið sé að einfalda skattakerfið, fækka frádráttarliðum, gera það þannig að svo að segja hver maður geti áttað sig á hvaða gjöld hann ber samkvæmt gildandi álagningarreglum á hverjum tíma.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði að það væri lausn í þessu efni að taka upp virðisaukaskatt. Það dreg ég mjög í efa. Gjaldendum virðisaukaskatts mun fjölga frá söluskatti úr 10 000 í 22 500. Það er alveg ljóst að hættan á undandrætti undan skatti er mjög veruleg að því er virðisaukaskattinn varðar eigi að síður. Ég held þess vegna að lausnin sé ekki sú að taka upp virðisaukaskatt.

Það er einnig rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ýmsir þm. á þessu þingi og þjóðþingum grannlandanna vafalaust líka — hann sagði reyndar í þingunum um allan heim — eru að ræða um skattamál og skattsvik. Það væri fróðlegt ef aðalfulltrúi Alþingis Íslendinga hjá Alþjóðaþingmannasambandinu vildi kanna hvernig skattsvikaumræðunni er háttað í þjóðþingum um allan heim. Ég hygg að hún sé heldur lítil sums staðar, satt best að segja. En það er rétt að menn eru að ræða um þessi mál og það er rétt að sumir eru að reyna að slá sig til riddara í þessu efni. Það er til þannig lagaður óvandaður málflutningur. En svo merkilegt sem það nú er, þó að þessi umræða hafi staðið á fjórðu klukkustund, hefur ekkert slíkt heyrst á Alþingi Íslendinga. Menn hafa af fullri alvöru verið að ganga eftir því hvort ríkisstjórnin ætlar að taka eitthvert mark á þessu plaggi. Það er ósköp einfaldlega það. Ætlar ríkisstjórnin að taka eitthvert mark á þessu plaggi? Ætlar hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að tekið verði mark á þessu plaggi, skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika?

Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh., sem hér er kominn í salinn og boðinn sérstaklega velkominn, svari fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hvað ætlar hún að gera í sambandi við þetta plagg? Ætlar hún ekkert að gera? Ætlar hæstv. forsrh. að láta fjmrh. einan um þetta mál eða ætlar hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að fjmrh. ræki embættisskyldur sínar í þessu efni eða hvað? Og það dugir ekkert fyrir forsrh. að segja: Ég hefði sagt af mér ef ég hefði fengið þessa skýrslu og ekkert gert. Það dugir ekkert fyrir hann að segja það í þessu máli, ekki nokkurn skapaðan hlut, en hann segir það í ákveðnu máli eins og kunnugt er fyrir hönd ákveðins ráðherra. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson að halda þannig á málum. Hann verður að svara fyrir ríkisstjórnina alla og gæta sóma hennar í þessu máli eins og öðrum og þess vegna svara þeirri spurningu: Ætlar hann eitthvað að gera við þetta plagg eða er hann sammála þingleiðtoga Sjálfstfl. í hv. Nd. Halldóri Blöndal um það að þetta plagg sé ekki pappírsins virði?

Fyrir nokkrum árum birtist grein í dagblaðinu Vísi eftir hugmyndafræðing Sjálfstfl., Hannes Hólmstein Gissurarson. Þar fjallaði hann um þá sjálfsbjargarviðleitni sem kæmi fram hjá þeim mönnum sem reyndu að losa sig við að borga skatta, „sjálfsbjargarviðleitni", að reyna að komast undan hinni hörðu krumlu ríkisvaldsins. Það er alveg augljóst mál að samkvæmt hugmyndafræði Sjálfstfl. gengur það ekki upp að menn krefjist fjármuna til samneyslu. Það er þess vegna m.a. sem ríkissjóður hefur verið rekinn með stórfelldum halla í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ég held hins vegar að hvar í flokki sem menn eru þurfi menn að átta sig á því að skattakerfið er hornsteinn félagslegrar þjónustu. Skattakerfið er hornsteinn samneyslunnar í landinu og til þess að samstaða sé um skattakerfið verða menn að taka á plaggi af þessu tagi eins og skattsvikaskýrslunni. Almenningur krefst þess. Meðan almenningur er hundeltur með tíkallana og tuttugukallana sína í skattakerfið er það algjör lágmarkskrafa að það sé tekið á móti þeim tillögum, hugmyndum og ábendingum sem eru settar fram í þessari skýrslu. Það ber að harma að Sjálfstfl. hefur vanrækt þetta mál með þeim hætti sem raun ber vitni um.

Ég hef hins vegar tekið eftir því, þrátt fyrir þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá þm. Halldóri Blöndal, að hann hefur næman skilning á þessu vandamáli og hann stökk upp hér örugglega af einni saman réttlætiskennd þegar það fréttist í dag að svo gæti verið að í einhverjum tilvikum væri persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja færð á fyrirtækin. Réttlætistaugin tók við sér og hann stökk í stólinn og sagði: Heimtum alla skattstjóra landsins fyrir fjh.- og viðskn. Nd. áður en nýr dagur rennur þannig að þeir megi leiða okkur í allan sannleika um þetta mál. Vegna þess að ég hef orðið var við þessa sterku réttlætiskennd hjá þessum þingleiðtoga Sjálfstfl. í Nd. hef ég ákveðið að flytja till. um þessi efni við 3. umr. sem vonandi verður unnt að mæla fyrir síðar í umræðunni þar sem till. hefur enn ekki verið dreift og ég get því ekki í þessari stuttu ræðu minni farið yfir efni hennar. (**Samgrh.:** Hvaða till. er þetta?) Hæstv. samgrh. Það er till. á þskj. 394 sem hefur verið dreift í uppkasti, en það er ekki rétt eintak sem

farið hefur á borð þm. að því að mér er tjáð. (**KJóh:** Því verður dreift eftir örstutta stund.) Mér er tjáð að því verði dreift eftir örstutta stund og þá vænti ég þess að hæstv. forseti gefi mér kost á að taka til máls á ný til að mæla fyrir þessari till. og flytja þau rök sem ég hef fyrir henni á þessum fundi. (**Forseti:** Ég spyr hv. 3. þm. Reykv. hvort hann sé ekki við því búinn að gera það nú þegar að mæla fyrir till. Hún verður tilbúin, er það ekki, eftir mjög stutta stund?) Mér er að sjálfsögðu ljúft og skylt að verða við þessum tilmælum hæstv. forseta Nd. (**Forseti:** Það er að nokkru leyti fyrir mín orð að tillgr. var breytt og þess vegna hefur orðið dálítil töf á því að búa till. þannig út að ég gæti samþykkt orðalag hennar sem forseti og ég veit ekki annað en að þessari till. verði breytt og henni dreift með örlítilli orðalagsbreytingu. Ég hef ekki lýst því enn að þessari till. hafi verið útbýtt, en ég vænti þess að hv. þm. geti talað fyrir sinni till. innan mjög stutts tíma þannig að það þurfi ekkert að breyta út af þingsköpum um það.)

Mér er að sjálfsögðu ljúft og skylt að verða við tilmælum hæstv. forseta Nd. til að flýta fyrir störfum þingsins á síðustu dögum þess áður en það fer í jólaleyfi. Það er till. sem birtist á þskj. 394 og er flutt af mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Till. gerir ráð fyrir að það komi inn nýr málsl. á eftir fyrri málsgr. 119. gr. skattalaganna, en 119. gr. skattalaganna hljóðar nú svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknastjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar. Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl."

Tillaga mín og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. landsk. þm., er sú að á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr. er orðist svo:

„Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um takmörkun á heimildum til að telja risnu til rekstrarkostnaðar við ákvörðun á tekjuskattsstofni svo og verklagsreglur er tryggi að persónuleg eyðsla færist ekki á atvinnurekstur."

Hér er um að ræða nokkra breytingu frá þeirri till. sem felld var í dag. Meginbreytingin er sú að í stað þess að í þeirri till. var talað um að ríkisskattstjóri ætti að setja reglur er hér talað um að fjmrh. skuli setja reglur. Þetta er gert til að koma til móts við stjórnarliðið sérstaklega. Ég hygg að þar hafi mönnum þótt óeðlilegt að þetta verkefni væri tekið úr höndum fjmrh. Eðlilegra væri að hann hefði það en ríkisskattstjóri. Það var þess vegna sem hér er gert ráð fyrir að það verði fjmrh. sem setji þessa reglugerð með nánari ákvörðun um takmörkun á heimildum til að telja risnu til rekstrarkostnaðar við ákvörðun á tekjuskattsstofni svo og verklagsreglur er tryggi að persónuleg eyðsla færist ekki á atvinnurekstur.

Einhver kann að segja: Það er óeðlilegt að setja þetta svona upp vegna þess að fjmrh. hefur almenna reglugerðarheimild. Þá er því til að svara að þó að fjmrh. hafi almenna reglugerðarheimild er svo kveðið á í skattalögum aftur og aftur að hann eigi einnig að setja sérreglur um einstaka liði. Þannig segir í 116. gr. skattalaganna:

„Ríkisskattstjóri í umboði fjármálaráðherra skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum."

Í 117. gr. er einnig um að ræða slíkar heimildir fyrir fjmrh. Í 119. gr. eru ákvæði eins og ég las upp áðan, herra forseti, þar sem m.a. segir að hann eigi að setja sérstakar reglur um bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald, og einnig getur hann ákveðið form reikningsskila og geymslu bókhalds- og annarra gagna er varða framtöl. Það eru full rök fyrir því að fjmrh. hafi auk hinnar almennu reglugerðarheimildar skattalaganna sérstakar heimildir til að setja reglugerðir um risnu og persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækja vegna þess að skattsvikaskýrslan sýnir með ótvíræðum hætti að þetta er eitt alvarlegasta vandamál skattkerfisins. Ríkisstjórn sem ekki vill taka á þessu vandamáli, ríkisstjórn sem ekki tekur mark á þessari skattskýrslu, ríkisstjórn sem hefur fjmrh. sem ekki lifir betur eftir yfirlýsingum sínum fyrir kosningar en raun ber vitni um, ríkisstjórn sem er með forsrh. sem hefur ekki beitt sér sérstaklega í þessu máli, ríkisstjórn sem er með þingleiðtoga eins og hv. þm. Pál Pétursson sem hefur ekki á neinn hátt tekið á máli af þessu tagi, slík ríkisstjórn er að segja við þjóðina: Svindlið á að halda áfram. Það er allt í lagi með kerfið. Það er fullkomið eins og það er.

Þeirri afstöðu, herra forseti, mótmæli ég harðlega.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Það er gott að hafa hreinan skjöld eins og síðasti ræðumaður. En mér finnst hann ekki afar hreinn þegar hann veit ekki um hvað hann er að tala. Hann spyr forseta: Var ég ekki að ræða um þetta? ef ég hef skilið það rétt. Þetta líkar mér ekki.

Mér líkar heldur ekki að svo sé þvælst fyrir málum að það sé nánast ekki fundarhæft í þingsölum af því að ræðumenn séu að fafla. Ég verð að segja hreinlega að ég get einn ekki setið undir því að menn tali tóma staðleysu og vitleysur. En látum það vera.

Þar sem ég er orðinn nokkuð aldraður vil ég spyrja hæstv. forseta: Ég hef margsinnis rétt hér upp hendi að ónytju vegna þess að það eru ekki nógu margir í salnum. Í gömlum reglum frá Alþingi stendur að menn eigi að rétta upp hægri hönd. Það stendur þar. Nú á ég bágt með þetta stundum vegna þess að ég hef gigt í hægri öxl. Eru það nokkur afglöp að ég rétti upp vinstri höndina? Mér er satt að segja illa við það þó.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Þessi síðasta athugasemd hv. þm. er með þeim hætti að forseta ber að svara. Þegar svo stendur á að hann er handlama í hægri hendi er ljóst að hann verður að nota vinstri höndina.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Sjálfsagt er að svara hv. þm. Svavari Gestssyni. Hann mun sitja í hliðarsal, er það ekki?

Ríkisstjórnin hefur vissulega tekið skattsvikaskýrsluna alvarlega og rætt um aðgerðir til að draga úr skattsvikum. Tilbúið er hjá hæstv. dómsmrh. frv. um stórhert viðurlög við skattsvikum sem gert er ráð fyrir að lagt verði fram á hinu háa Alþingi strax þegar þing kemur saman. Sömuleiðis starfa embættismenn að endurskoðun skattalaganna, ekki síst með tilliti til þeirra ábendinga sem fram koma í skattsvikaskýrslunni, þ.e. með það markmið að fækka mjög undanþágum og gera þær einfaldari eða m.ö.o. í fullu samræmi við ábendingar þeirrar nefndar sem vísað hefur verið til og kölluð hefur verið skattsvikanefndin. Þessi ríkisstjórn, þótt hún hafi ekki hv. þm. Svavar Gestsson innan borðs, hefur svo vissulega tekið á þessum málum og mun gera það og frv. verða flutt til að fullnægja þeim ábendingum sem koma fram í umræddri skýrslu.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að hlusta á málflutning hv. þm. Halldórs Blöndals áðan því að á honum mátti helst skilja að jafnvel þó hann væri á móti skattsvikum vildi hann ekkert láta gera í því. Hér væri eiginlega allt í stakasta lagi, lögin væru nógu góð, framkvæmdin væri eins góð og hægt væri að ætlast til. Engu að síður liggur fyrir skýrsla um stórkostleg skattsvik unnin á vegum fjmrn. Ég veit ekki hvort hv. þm. Halldór Blöndal heldur að þessi skýrsla og þessi störf hafi verið unnin af einhverjum aukvisum, hvort hann er að afneita þeim mönnum sem hafa verið að verki. Það er ekki Þröstur einn sem hefur unnið þessa skýrslu. Hér er Eyjólfur Sverrisson löggiltur endurskoðandi, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri og fyrrv. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og Þórólfur Matthíasson hagfræðingur sem hefur starfað sem ritari starfshópsins. En það er ekki nóg með það heldur hafa verið kvaddir til ráðuneytis margir aðrir mætir menn, Garðar Valdimarsson skattrannsóknastjóri, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri og enn fremur, til þess að gefa skýrslu fyrir nefndinni, Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Atli Hauksson löggiltur endurskoðandi, Gunnar Jóhannsson formaður ríkisskattanefndar, Gylfi Knudsen lögfræðingur, starfsmaður hjá ríkisskattanefnd, Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi, Stefán Svavarsson lektor, löggiltur endurskoðandi, Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, dr. Þorkell Helgason prófessor, dr. Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur.

Er hv. þm. Halldór Blöndal að afneita öllum þessum hóp? Er hv. þm. að halda því fram að þeir vinni tóma markleysu? Ég held að það sé hörmulegt viðhorf sem kemur fram í málflutningi hv. þm. Halldórs Blöndals.

Alþingi getur ekki látið svona skýrslu fram hjá sér fara, það er ekki hægt að segja að hér séu einhverjir ýkju- og dellukarlar á ferðinni. Það kemur mér mjög á óvart að það atriði að takmarka heimildir til frádráttar á risnu á rekstrarreikningum fyrirtækja við ákvörðun á tekjuskattsstofni skuli ekki fá almennar undirtektir í þinginu vegna þess að það er ein af þeim ábendingum sem kemur skýrt fram í þessari skýrslu að einmitt það að menn blandi saman persónulegum útgjöldum og rekstrarútgjöldum sé ein tegund þeirra skattsvika sem mikið kveður að.

Menn skulu ekki halda að það sé eitthvert einsdæmi að menn setji reglur af þessu tagi. Víðast hvar eru einmitt reglur af þessu tagi í gildi, reglur sem takmarka heimildir fyrirtækja til að telja risnu til frádráttar á skattskýrslum sínum. Slíkar reglur eru t.d. í gildi í landi Reagans Bandaríkjaforseta sem ýmsir þm. Sjálfstfl. vitna gjarnan til sem fyrirmyndarlands og er það að mörgu leyti. Og hvað skyldi þá vera okkur að vanbúnaði að taka upp reglur af þessu tagi sem ekki einungis frændþjóðir okkar heldur líka ýmsar þær sem aðrir hafa mikla trú á hafa verið með í lögum hjá sér og hafa verið að strengja að undanförnu? Þetta er í rauninni svo sjálfsagt að það ætti ekki að þurfa að fara fram löng og mikil umræða um það.

En það er ákaflega hollt að þessi umræða um skattsvik skyldi fara fram hérna. Menn hljóta að velta því fyrir sér: Hvers vegna eru skattsvik? Ein aðalorsökin er vitaskuld sú að fólk upplifir skattkerfið eins og það er sem ranglátt. Það sér í kringum sig aðila sem komast upp með að borga lítinn sem engan skatt en leyfa sér ýmislegt í eyðslu og lifnaðarháttum. Þetta er m.a. það sem knýr skattsvikin áfram hjá okkur.

En freistingin hlýtur líka að vera mikil. Það eru taldir upp í skýrslunni sérstakir hópar, byggingarstarfsemi, persónuleg þjónustustarfsemi, iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur, eins og segir í skýrslunni, sem séu sérstakir áhættuhópar ef ég má nota það orð á þessum síðustu og verstu tímum að því er varðar skattsvik. Já, freistingin hlýtur að vera mikil hjá þessum hópum þegar í húfi er kannske 25% söluskattur og 50% skattur á tekjurnar sem menn hafa. Þetta er ein ástæða þess að nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar þær skattprósentur sem menn eru með í skattstigunum jafnframt því sem menn einfalda frádráttarfrumskóginn.

Skattsvik eru orðin svo almenn á Íslandi að meira að segja ráðherrar kunna sögur af sjálfum sér um það þegar þeir hafa verið að biðja um að verk væru unnin að þeir væru spurðir hvort þeir vildu reikning eða ekki og tvær upphæðir til að velja á milli. Og þá

er nokkuð langt gengið. Þetta er ærið alvarleg aðvörun til þingsins þegar viðhorfið í þjóðfélaginu er orðið með þeim hætti að það þykir koma til álita að bjóða jafnvel ráðherrum upp á að hjálpa til við skattsvik hjá þeim sem eru að vinna einhverja persónulega þjónustu fyrir þá.

En í þriðja lagi eru skattsvikin mikil vegna þess að eftirlitið er slappt, eftirlitið er lélegt, reglurnar sem menn eiga að vinna eftir eru losaralegar. Það verður ekki hönd á fest og skattstofurnar eru í vandræðum með málið. Einmitt vegna þessa ber nauðsyn til þess að setja verklagsreglur um það hvernig að eigi að fara, reglur um það m.a. hvert hámark leyfilegs frádráttar vegna risnu geti verið í sambandi við skattframtal.

Það heyrir svo til að vegna þess sem menn eru með ónýtt skattkerfi fáist sístækkandi gat á fjárlögunum, menn fórna í rauninni höndum við afgreiðslu fjárlaganna ár eftir ár og erlendu skuldirnar hlaðast upp því að þannig er gatið brúað.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þennan þátt málsins. En ég bar fram fsp. til hæstv. fjmrh. Forsrh. mætti alveg eins svara þeim. Ég sé í lappirnar á honum. (**FrS:** Af hverju lítur ekki hv. þm. upp?) Hæstv. forsrh. er svo aftursettur núna að það sér undir iljar honum. En ég get alveg eins borið þessa spurningu fyrir hæstv. forsrh. þó mér þyki heldur illt að hæstv. fjmrh. hafi ekki svarað þessu enn.

Það er svo að í sambandi við febrúarsamningana fóru bréf á milli ríkisstjórnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands o.s.frv. sem voru grundvöllur þeirra samninga sem gerðir voru. Í þessu samkomulagi var tekið fram að þeir sem fengju lánafyrirgreiðslu, svokölluð greiðsluerfiðleikalán, ættu að eiga rétt á sérstökum húsnæðisafslætti upp á x kr. í y ár, talið frá byggingar- eða kauptíma, í stað vaxtafrádráttar ef þeir kysu. Jafnframt var í þessu bréfi tekið fram að frá og með árinu 1986 verði þeim sem kaupa eða byggja í fyrsta sinn veittur húsnæðisafsláttur, x kr. á ári í tíu ár miðað við núgildandi verðlag. Afsláttur þessi miðist við hvern einstakling og dragist frá sköttum og getur verið útborganlegur. Nú er árið 1986 brátt á enda. Við höfum verið að fjalla um skattamál. Ég sé að hæstv. fjmrh. er nú mættur. Ég ítreka fsp. mína sem ekki hefur enn komið svar við en hef jafnframt gefið forsrh. kost á að svara ef fjmrh. væri upptekinn. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram hvort ekki sé hugmyndin að standa við þetta fyrirheit sem ríkisstjórnin tók undir og skipaði sérstaka nefnd til að vinna úr.

Það er nefnilega nýbúið að semja núna og það eru ýmis fyrirheit í sambandi við samningana sem var gengið frá fyrir fáeinum dögum. M.a. báru verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur sameiginlega fram ósk um að það yrði dregið úr erlendum lántökum frá því sem fyrirhugað hafði verið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég sé ekki betur en í þeim plöggum sem eru að berast frá Ed. séu erlendar lántökur alveg óbreyttar frá því sem var í lánsfjárlögunum þegar þau voru lögð fram, frv. til lánsfjárlaga. Það eru þá ekki enn farin að birtast fyrirheitin um að draga úr erlendum lántökum frá þeirri tölu sem aðilar vinnumarkaðarins sögðu að gera ætti og töldu vera eitt af undirstöðuatriðum samninga sinna. Það er ekki vel gott ef hvert atriðið á fætur öðru, sem teljast undirstaða kjarasamninga, falla með þessum hætti. Það gefst væntanlega tækifæri til að fá skýringar á því hvers vegna eru ekki enn komnar fram tillögur ríkisstjórnarinnar um samdrátt í erlendum skuldum eins og var þó umtalað í sambandi við seinustu samninga.

En ekki síður vil ég ítreka þá fsp. sem ég hef hér gert varðandi húsnæðismálin og sérstakan húsnæðisfrádrátt. Það er kannske alveg sérstök ástæða að ætlast til svara í þeim efnum því að í gær fórum við í gegnum mjög fróðlega umræðu um einmitt þennan sama hóp, hóp þeirra sem byggðu á árunum 1980–1985 eða keyptu húsnæði, og hlustuðum hér á hinar furðulegustu yfirlýsingar hæstv. félmrh. í því máli þar sem komið hefur í ljós að hann kúvendir annan hvern dag og kennir öðrum um annað veifið með heldur ósmekklegum hætti. En ekki nóg með það heldur kórónaði hann ræðu sína með því að segja að nú ætlaðist hann til þess að menn færu að flýta sér að framkvæma þetta sem hefði dregist að reka á eftir frá því í septembermánuði 1983. Það er von að maðurinn vilji skyndilega fara að flýta sér. En það væri þá líklega ráð fyrir ríkisstjórnina líka, ef hún ætlar að efna heitið frá því í kjarasamningum í febrúar s.l., að hún færi að flýta sér með að koma með afstöðu sína í því máli.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur gert að umtalsefni kjarasamningana sem gerðir voru í febrúar og þær yfirlýsingar sem fram fóru á milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins af því tilefni. Það er rétt að minna á að aðilar vinnumarkaðarins komust að samkomulagi m.a. um tillögur til breytinga á húsnæðislánakerfinu. Þar var m.a. fjallað um tillögur um sérstakan húsnæðisafslátt. Í svari ríkisstjórnarinnar var ekki gefið neitt fyrirheit um þetta atriði í tillögum aðila vinnumarkaðarins um gerbreytt húsnæðiskerfi. Flestir voru á því máli að það þyrfti miklu meiri skoðunar við áður en unnt væri að gefa bindandi fyrirheit um að sú skipan yrði tekin upp í staðinn fyrir vaxtafrádrátt eða samhliða honum. Fyrir því var þeirri nefnd, sem með samkomulagi var falið að gera tillögur að lögum um nýtt húsnæðislánakerfi, falið að athuga þetta atriði sérstaklega. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að hún náði ekki að ljúka umfjöllun um þetta mál. Hún skilaði að öðru leyti tillögum um nýtt húsnæðislánakerfi og það frv. var lagt fyrir Alþingi og samþykkt á þeim forsendum að nefndin hafði m.a. ekki haft tök á að ljúka tillögugerð eða komast að niðurstöðu í því efni. En hún tók að sér að kanna það mál frekar. Af hálfu nefndarinnar hafa ekki komið frekari tillögur um það efni.

En það er rétt að minna á að nú á haustdögum og að undanförnu hefur hafist vinna við grundvallarendurskoðun á tekjuskattskerfinu sem miðar að einföldun þess, miðar að lækkun skatthlutfalla og hækkun skattfrelsismarka og staðgreiðslukerfi í ársbyrjun 1988. Aðilar vinnumarkaðarins hafa eins og kunnugt er sett fram hugmyndir áþekkar þeim sem unnið hefur verið að í fjmrn. og það varð að samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins á dögunum að starfshópur fjmrn., sem unnið hefur að þessu efni, tæki upp sérstakt samráð við aðila vinnumarkaðarins við það að fullgera hugmyndir af þessu tagi. Í þeim hugmyndum sem aðilar vinnumarkaðarins kynntu eru m.a. hugmyndir um húsnæðisafslátt þannig að ég geri ráð fyrir því, eins og áður hefur komið fram, að í því starfi verði athugun að því er þetta atriði varðar haldið áfram, en auðvitað í nýju ljósi því að menn eru að ræða um allt annars konar tekjuskattskerfi eftir að hugmyndir um grundvallarbreytingar af því tagi sem rætt hefur verið um hafa fengið svo víðtækan stuðning sem raun ber vitni.

Ég hygg, herra forseti, að þetta skýri það mál sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 394, sem var of seint fram komin, samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér hafa orðið miklar og ótrúlega markvissar umræður um skattsvik og hefur verið mikið vitnað til skýrslu sem unnin var fyrir fjmrh. Þetta er fróðleg og merkileg skýrsla og verðugt umræðuefni. Það hefur verið farið fram á að ég kallaði til fundar alla skattstjóra í landinu. Ég hygg að skattstjórar séu sofnaðir og ég mun lofa þeim að sofa í nótt, en kl. hálfníu í fyrramálið hef ég boðað til fundar í fjh.- og viðskn. og vona þá að við höfum náð að ljúka þessum fundi og þar mun ég taka fyrir þær óskir sem fram hafa komið hér í umræðunum. Verði niðurstaða nefndarinnar sú sem ég vænti mun ég sem formaður nefndarinnar og í umboði hennar kalla til skattstjóra til viðræðna við nefndina. Ég get vel hugsað mér að nefndin fari vandlega ofan í þessa skýrslu því að ég held að hún sé slík að það sé ástæða til að ræða hana og ræða hana við sérfræðinga og síðan að breyta lögum á víðtækan hátt í framhaldi af þeim umræðum. Við eigum ekki að líða skattsvik og eigum að refsa fyrir þau. Ég tel t.d. að mjög sterklega komi til greina, ef um alvarleg og ítrekuð brot er að ræða, að svipta menn atvinnuleyfi fyrir skattsvik. Ég held að það yrðu engir ánægðari en við stjórnarsinnar ef það tækist að ná til skattsvikaranna því að ríkissjóð vantar nefnilega peninga á næsta ári og það er nauðsynlegt fyrir okkur, unnendur ríkissjóðs að reyna að drýgja tekjur hans sem mest. En ég vona, af því að við þurfum margt annað að gera í kvöld en ræða þetta frv., og vænti þess í allri vinsemd að þessari umræðu geti farið að ljúka.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki víst að við stjórnarandstæðingar þurfum að lengja þessa umræðu svo mjög úr þessu, en hitt er alveg borðleggjandi að ef hv. stjórnarþm. úr Framsfl. og Sjálfstfl. taka til við að draga bæði kaffibaunamálið og Hafskipsmálið inn í þessa umræðu mun hún lengjast að mun. Svo segir mér a.m.k. hugur um.

Hæstv. forsrh. kom með gamalkunnugt svar þegar hann var inntur eftir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlaði að standa að framkvæmd tillagna skattsvikanefndarinnar, sem sé að það væri verið að vinna að málinu. Embættismenn, sem hæstv. forsrh. hefur mikla trú á eins og við vitum og við höfum fengið að heyra hann yfirlýsa á undanförnum vikum í fjölmiðlum, eru einhvers staðar úti í kerfinu að vinna að framgangi málsins. Þetta væri svo sem gott og blessað út af fyrir sig nema nú stendur þannig á, herra forseti, að þetta er síðasta frv. að breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem þessi hæstv. ríkisstjórn kemur væntanlega til með að standa að í sinni valdatíð eða það skulum við ætla. Hér er verið að ákveða álögur fyrir næsta ár. Ég geri ekki ráð fyrir að menn geri því skóna að þessi hæstv. ríkisstjórn lifi lengur en til vors í mesta lagi. Það væri þá andstætt guðs og manna lögum. Það fer því að verða hver síðastur fyrir hæstv. ríkisstjórn að sýna sitt rétta andlit í skattamálum og koma á þeim breytingum og þeim úrbótum sem hún hefur hugsað sér á kjörtímabilinu.

Það þurfti svo sem ekki þessa skýrslu til, þó hún sé gagnmerk, til að leiða í ljós ýmsa annmarka á gildandi skattalögum. Þeir hafa verið margræddir og marggagnrýndir, m.a. hér á hv. Alþingi undanfarin ár. Það verður ekki annað sagt en hæstv. ríksstjórn sé nokkuð aftarlega á merinni með yfirlýsingar af því tagi sem hæstv. forsrh. gaf nú, nokkrum mánuðum áður en ríkisstjórnin fer frá, að hún sé að láta vinna að málunum, einhverjir embættismenn úti í bæ séu loksins teknir til við að vinna að úrbótum í skattamálum þegar ríkisstjórnin er um það bil að teygja upp tærnar — eða iljarnar.

Við erum hér, eins og ljóst er, að ganga frá skattalögum og ákvæðum um skattgreiðslumörk fyrir næsta ár. Hugsanlega væri hægt að breyta slíku í janúar áður en framtalsfrestir renna út, en það væri eðlilegast að taka til meðferðar þær tillögur sem til úrbóta ættu að horfa og afgreiða þær hér og nú. Í þessu sambandi, herra forseti, vil ég lítillega minna á, hafi það farið fram hjá einhverjum, að nýleg þjóðhagsspá gerir ráð fyrir miklu góðæri á næsta ári og upplýsir um enn meira góðæri á þessu. Þá bætist við enn einn þáttur, sem ég vil nefna til sögunnar til viðbótar því sem hv. 3. þm. Reykn. réttilega benti á að auki þrýsting eða eigum við að segja tilhneigingar, langanir til skattsvika hjá aðilum úti í þjóðfélaginu, en það er ósköp einfaldlega að afkoma manna er góð, afkoma einstaklinga og fyrirtækja

verður væntanlega betri sem þessu góðæri nemur, a.m.k. fyrirtækjanna, að hve miklu leyti sem góðærið skilar sér lengra. Til viðbótar ónýtu skattakerfi, ónýtum skattalögum og lélegu eftirliti kemur því sú staðreynd að það er bullandi góðæri, a.m.k. hjá fjölmörgum fyrirtækjum í landinu, og væntanlega vex áhugi manna á því að nýta sér allar smugur, löglegar og ólöglegar sem finnast, til þess að borga ekki skatta. Þetta ættu menn líka að hafa í huga þegar gengið verður frá skattalögum. Afstaða hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta hér til tillagna sem fluttar hafa verið og horfa tvímælalaust til bóta er enn þá furðulegri í þessu ljósi.

Ég vil nefna einnig skattaeftirlit í þessu sambandi og vitna þar aftur til nefndrar skýrslu því að þar er að mínu viti ein mjög merk uppástunga þar sem er stafliður d á bls. 10 undir tölul. 1.3.3. Þar er lagt til að komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að við ættum að koma á slíkri skyndisveit. Þær tíðkast í mörgum nálægum löndum. Mér er t.d. tjáð að í Bretlandi sé sérstakt gengi, svipað og „græna gengið“ er í lestunum í Skandinavíu sem kemur fyrirvaralaust með einhverju millibili inn í lestirnar og gáir að því að allir hafi tilskilda farmiða. Gengi sem vinnur sjálfstætt er við lýði til að mynda í Bretlandi. Mér er jafnvel tjáð að það gangi svo langt í störfum sínum að það keyri um íbúðahverfi með skattaskrána á hnjánum og beri saman uppgefna afkomu einstaklinga við húsin og við bílana sem standa þar fyrir utan, beri einfaldlega saman: Samræmist nú íbúðarhús Jóns Jónssonar og bílafloti Jóns Jónssonar þeim tekjum sem hann hefur gefið upp í sinni skattaskýrslu undanfarin ár? Ef breska skattarannsóknargenginu þykir þarna vera ósamræmi, t.d. að Jón Jónsson, sem hefur verið tekjuskattslaus um árabil, býr í mörg hundruð fermetra einbýlishúsi og á svo og svo marga Rover-bíla eða Jagúara eða hvaða lúxusdrossíur það eru sem eignamenn helst flagga í hinu stóra Bretlandi, þá gerir skattagengið eitthvað í málinu. Það fer til Jóns Jónssonar og segir við hann: Heyrðu, herra minn, þetta stemmir ekki. Þú hefur verið algerlega tekjulaus maður samkvæmt skattaframtölum um árabil en býrð mjög ríkulega og gerir út mikinn bílaflota. Við viljum fá skýringar á hvernig þetta tvennt fer saman. Mér er sagt að slíkt gengi sé talið gera með sínum skyndikönnunum mun meira gagn en heilir herir eftirlitsmanna inni á skrifstofum sem nudda í gegnum skýrslurnar með þær einar fyrir framan sig. Þar er sem sagt borinn saman raunveruleikinn annars vegar og skattaframtölin hins vegar. Það er „nota bene“ einmitt þetta eftirlit sem almenningur hefur, sem almenningur sjálfur tekur að sér. Það er það sem stingur í augu almennings að fjöldamargir einstaklingar í þjóðfélaginu búa ríkulega og gera út myndarlegan bílaflota þó að skattaframtalið þeirra sé upp á núll ár eftir ár eftir ár og sumir fái jafnvel borgað út. Ég hefði því talið að þessi tillaga skattsvikanefndarinnar sé ein af hinum merkari, þ.e. að koma á fót slíku eftirliti, og ég er alveg sannfærður um að það væri til mikilla bóta. Það eru m.a. svona tillögur um úrbætur, sem þessi ágæta nefnd hefur hér gert, sem ég satt að segja undrast að hæstv. ríkisstjórn, búin að hafa þetta fyrir framan sig í átta mánuði og fimm mínútum betur miðað við dagsetningu skýrslunnar eins og henni var dreift hér á Alþingi, skuli ekki hafa unnist tími til að taka a.m.k. að einhverju leyti til greina og koma til framkvæmda tillögum nefndarinnar um úrbætur.

Herra forseti. Það er m.a. á grundvelli þessara tillagna sem við þm. Alþb. höfum tekið skattalögin til sérstakrar skoðunar og undir forustu formanns okkar, hv. 3. þm. Reykv., flutt brtt. um úrbætur.

En ég tel ekki ástæðu fyrir mitt leyti að lengja þessa umræðu mikið, herra forseti. Það kann vel að vera að hv. stjórnarþm. þurfi að ræða sérstök mál sem þeir nefndu í frammíköllum hver hjá öðrum, en það kemur þá fram síðar. Ég tel að þessi umræða hafi verið þörf. Það var ástæða til að vekja rækilega athygli á frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum. Það var ástæða til að draga til sögunnar þessa skýrslu og minna á hana og minna á að hér er á ferðinni síðasta tækifæri hæstv. stjórnar til að gera eitthvað í málunum. Það er rétt að það verði skjalfest rækilega og undirstrikað í þingtíðindum hverjar viðtökur tillögur stjórnarandstæðinga til úrbóta hafa fengið. Það kemur væntanlega fram enn frekar í atkvæðagreiðslum á eftir hvernig þeir taka tillögum stjórnarandstæðinga um úrbætur á augljósum göllum í skattalögunum sem nánast allir sem um málin hafa fjallað hafa verið sammála um að stingi í augu.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Nú er klukkan orðin tólf og gott betur og hér er nýbúinn að koma upp Páll Pétursson, þingflokksformaður græna gengisins á Alþingi, og hann telur að hér þurfi margt að ræða. Nú langar mig að spyrja, herra forseti, hvort til er samkomulag og hvaða fyrirætlanir eru um málaafgreiðslur og fundahöld. Nú er miðvikudagur og það er talsvert eftir af þessari viku. Mér finnst spurning hvað menn ætla að vera lengi áður en beinlínis sér fyrir endann á afgreiðslu málanna. Mig langaði að spyrja forseta hvaða fyrirætlanir hann hefði um þessi mál.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Vegna þessarar fsp. vill forseti upplýsa að það er augljóslega mjög ákveðin og eindregin ætlun forseta að taka hér fyrir allmörg mál sem eru á dagskránni. Ég held að það komi naumast til að forseti bregði út af því. Þar mun vera um að ræða málefni sem forseti telur að hafi verið samkomulag um að næðu fram að ganga fyrir þinghlé.

Klukkan er að vísu farin að halla í eitt og það er vissulega áliðið, en hins vegar enn nokkuð eftir af þeim tíma sem þingið hefur oft tekið sér þegar

stendur á eins og nú. Jólahlé er senn að hefjast og ég vona að hv. þm. hafi biðlund og verði við þeim tilmælum forseta að sitja hér enn um stund og taka þátt í umræðum og afgreiðslu mála. (**TG:** Setið mun meðan sætt er.)

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Í svari sínu áðan gaf hæstv. fjmrh. í skyn að í rauninni hefði þinginu eiginlega verið ljóst að sá húsnæðisfrádráttur sem ég gerði að umtalsefni mundi ekki koma til framkvæmda vegna þess að nefndin hefði skilað af sér tillögum sínum, sem hér hefðu síðan verið til afgreiðslu, án þess að þetta atriði væri þar inni. En það er einmitt tekið fram í skýrslu nefndarinnar að hún eigi eftir að fjalla um þetta atriði. Það er tekið fram í fskj. með frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er vitnað til. Þar segir nefnilega:

„Nefndinni var skammtaður naumur tími til starfa og tók hún því í upphafi þá ákvörðun að einbeita sér að athugun á þeim hluta húsnæðissamkomulags samningsaðila sem lýtur að breytingum á hinu opinbera húsnæðislánakerfi og samningu tillagna um það efni."

Síðan segir: „Í framhaldi af þessu mun nefndin fjalla um aðra þætti húsnæðissamkomulagsins og stefnir að því að ljúka gerð tillagna um þau efni hið allra fyrsta."

Þetta var það sem hv. deild, hv. þm. höfðu fyrir sér þegar frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var samþykkt á sínum tíma, að afstöðu og tillagna mundi vera að vænta um önnur atriði húsnæðissamkomulagsins. Það var forsenda undir þeirri afgreiðslu sem hér fór fram. Þess vegna verður því með engu móti haldið fram að þingið hafi talið að þetta mál væri úr sögunni. Þvert á móti kemur skýrt fram að að þessu máli eigi að vinna. Og í samkomulaginu eins og það var á sínum tíma er tekið fram að þetta skuli taka til ársins 1986. Og það er tekið fram í samþykkt ríkisstjórnarinnar og bréfi ríkisstjórnarinnar að hún fallist á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram koma í yfirlýsingu samningaaðila. Þannig hefur enginn átt annars að vænta samkvæmt þessu en að staðið yrði við þetta fyrirheit.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf varðandi meðferð skattsvikaskýrslunnar. Það er nokkuð sérkennilegt að það skuli vera hann sem svarar þeim fsp. sem eru bornar fram í þinginu um það efni en ekki hæstv. fjmrh., en það kemur væntanlega í sama stað niður.

Ég vil einnig segja að ég tel að það sé mikilvægt að þessi umræða hefur leitt til þess að formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, hv. þm. Páll Pétursson, hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að allir skattstjórar landsins verði kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. þessarar deildar til að fara yfir skattsvikaskýrsluna og taka í nefndinni þá væntanlega ákvörðun um málafylgju í samræmi við niðurstöðu viðræðna við þessa skattstjóra. Ég tel að þessi umræða hafi þess vegna leitt til mjög ákveðinnar og jákvæðrar þýðingarmikillar niðurstöðu og skal ég því ekki hafa mína athugasemd lengri, herra forseti.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Það er merkileg niðurstaða þessarar umræðu, svo ég haldi áfram með það sem hv. þm. Svavar Gestsson var að ræða áðan, að það hefur orðið hlutskipti Framsfl. hér í deildinni í kvöld að taka forustuna að aflokinni þessari skattsvikaumræðu, það hefur orðið hlutskipti Framsfl. innan ríkisstjórnarinnar að taka upp þessa umræðu. Það er hv. þm. Páll Pétursson sem hefur ítrekað að hann muni taka málið inn á borð hv. fjh.- og viðskn. og fylgja því eftir, fara í gegnum þau atriði sem menn hafa vakið athygli á úr skattsvikaskýrslunni ásamt skattstjórunum, og það var hæstv. forsrh. sem loksins eftir þriggja klukkustunda umræðu flutti þær upplýsingar frá ríkisstjórninni að menn hefðu eitthvað litið á þessa skýrslu. Hér hafa stjáklað fram og til baka um sali fulltrúar sjálfstæðismanna, fjmrh. og aðrir, og höfðu í engu sinnt því að svara þessu máli. Það er forsrh. sem kemur og upplýsir, og það er ekkert smáræði, að það er t.d. búið að búa til frv. í dómsmrn., aftur í einu framsóknarráðuneytinu, þar sem á að herða á skattamálum. Það er sem sé augljóst að Sjálfstfl. virðist hafa flækst fyrir því að framhald yrði á umræðum um skattsvik, á umræðum í framhaldi af skattsvikaskýrslunni. Það hefur komið upp í kvöld við þessa umræðu að það eru framsóknarmenn í gervi forsrh., dómsmrh. og formanns fjh.- og viðskn. sem ætla að taka frumkvæði í þessum efnum. Það verður fróðlegt að vita hvað kemur út úr því á næstu vikum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 4. landsk. þm. er rétt að taka fram að það hefur áður verið frá því greint á hinu háa Alþingi og opinberlega með öðrum hætti hver hafa verið viðbrögð við þeirri skýrslu sem lögð var fram af þeirri nefnd sem rannsakaði skattsvik á vegum fjmrn. Eitt af þeim atriðum sem bent var á var að taka upp í hegningarlög refsiákvæði vegna skattsvika. Fjmrn. beindi því til dómsmrn. að taka þetta mál til meðferðar og það var frá því greint í sumar sem leið opinberlega í blöðum þegar þeirri ósk var beint til dómsmrn. sem fer með meðferð þeirra laga og eðli máls samkvæmt hlýtur að bera fram lagabreytingar er lúta að almennum hegningarlögum. Það hefur líka verið frá því greint opinberlega áður að embætti ríkisskattstjóra hefur verið að athuga þær ábendingar um breytingar á bókhaldslögum sem þessi nefnd taldi að taka þyrfti til skoðunar. Það hefur líka verið dregið fram að það hefur verið, og komið fram reyndar á Alþingi í tillögum, unnið að því að breyta skattkerfinu á þann

veg að fækka undanþágum. Það hafa þegar verið lögð fram frv. að þessu leyti og er verið að vinna að breytingu á löggjöf að öðru leyti sem miðar að þessu. En það var einmitt það atriði sem nefndin lagði einna mesta áherslu á að fækka undanþágum í skattkerfinu því að þær opnuðu fyrst og fremst möguleika til undanskota. Allt þetta hefur áður komið fram og verið skýrt og sum atriði þegar komið til umræðu á hinu háa Alþingi í formi lagafrv. um breytt skattkerfi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 394 felld með 18:7 atkv.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir er flutt vegna þess að hér er þess enn á ný farið á leit við hv. Alþingi að framlengt verði bráðabirgðaákvæði það sem er í niðurlagi laganna um heilbrigðisþjónustu frá 1983, en hv. alþm. kannast við að þetta ákvæði hefur verið framlengt hvað eftir annað vegna þess að Reykvíkingar hafa ekki verið tilbúnir að láta lögin um heilbrigðisþjónustu að því er fyrirkomulag heilsugæslu varðar taka gildi til fulls hér í borginni. Menn hafa ekki verið tilbúnir til þess að afnema í einni svipan það fyrirkomulag sem gildir um heimilislækna samkvæmt svokölluðu númerakerfi á vegum sjúkrasamlagsins. Vegna þess að önnur skipan hefur ekki verið ákveðin enn er þetta frv. flutt og bundið við áramót, en ég vil geta þess í þessu sambandi að tilbúið er til flutnings frv. um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Það var unnið í tíð forvera míns, hæstv. núv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar. Það gerði ráð fyrir að verulega aukið vald væri fært til sveitarfélaga á þessu svæði í þessum efnum og opnað svigrúm fyrir sveitarfélögin til að semja við einkaaðila til að leysa þessi verkefni af hendi. Þetta frv. hafði ég hugsað mér að leggja fram sem næst því í óbreyttri mynd frá því sem það hafði verið unnið fyrir forvera minn þannig að Alþingi gæfist kostur á að fjalla um það mál og gera hugsanlega þær breytingar á því sem mönnum sýndust nauðsynlegar, en það er ljóst og var ljóst fyrir nokkru að þetta gæti ekki orðið fyrir áramót og því er nauðsynlegt að fá heimild Alþingis til að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði á meðan svo stendur. Ég mun leggja frv., sem ég nefndi, um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu fram strax þegar Alþingi kemur saman á ný, en að svo búnu máli legg ég til að frv. þessu verði hraðað í gegnum þingið, eins og raunar hefur gerst ár eftir ár, og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Snemma árs 1983 lá fyrir samningur milli Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Læknafélags Reykjavíkur, heilbr.- og trmrn. og fjmrn. um fyrirkomulag heilsugæslu í Reykjavík og á þeim stöðum öðrum sem þá um nokkurra ára skeið höfðu þrátt fyrir lögin frá 1973 búið við svokallað heilsuverndarkerfi varðandi forvarnir og heilsugæslu. Þegar núv. ríkisstjórn tók við setti fyrrv. hæstv. heilbrmrh. Matthías Bjarnason af stað athugun á þessu máli fyrir sitt leyti, sem er eðlilegt þegar ráðherra tekur við störfum því hér er ekki um að ræða einfalt mál út af fyrir sig, og þeirri athugun mun hafa verið lokið á árinu 1984, seint á því ári. Vegna þess hversu seint var frá því máli gengið á því ári var heilsuverndarkerfið enn einu sinni framlengt í árslok 1984.

Síðan gerist það að skipt er um heilbrmrh. á árinu 1985 í hinum mikla stólaleik Sjálfstfl. og heilbrmrh. Ragnhildur Helgadóttir fer enn af stað, skoðar málið, veltir því fyrir sér. Frv. sem hún gat um áðan er búið að liggja tilbúið í heilbrmrn. mjög lengi, lengur en hæstv. ráðh. hefur setið í embætti, frá því að hæstv. fyrrv. heilbrmrh. gegndi því starfi, Matthías Bjarnason. Auðvitað hefði verið hægt að flytja frv. í þinginu ef það er samstaða um það í stjórnarflokkunum. Ég veit reyndar ekkert um það, en hæstv. ráðh. talaði áðan eins og það væri samstaða um málið í stjórnarflokkunum, a.m.k. um að leggja það fram eftir hátíðarnar.

En í staðinn fyrir að leggja málið fram hér í haust þannig að þinginu gefist kostur á að taka á þessu máli — ég reyndar veit að í því eru mörg atriði sem ég fyrir mitt leyti tel ástæðu til að setja spurningarmerki við — og reyna að láta þessi mál bera að með eðlilegum hætti og reyna að fá upp í þinginu eðlilega umræðu um heilbrigðismál og heilsugæslu alveg sérstaklega, sem er full þörf á og allt of sjaldan rætt á hv. Alþingi, er þetta framlengingarfrv. hingað komið enn þá einu sinni og lagt til að framlengt verði óbreytt þetta gamla heilsuverndarkerfi út næsta ár.

Þetta eru ekki mjög góð vinnubrögð og hefði verið betra að reyna að ná utan um það að heilsugæslan yrði samfelld í landinu öllu. Það er hálfgert ólán það heilsuverndarkerfi sem hér er á þéttbýlissvæðinu, t.d. vegna þess að greiðslufyrirkomulag er þar allt annað en í hinu almenna heilsugæslukerfi. Ég hygg reyndar að það að taka upp heilsugæslu í Reykjavík samkvæmt gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu, og það hefur reyndar verið sannað, væri ódýrara fyrir Reykjavíkurborg en það kerfi sem nú er. En það er auðvitað ekki það sem hæstv. heilbrmrh. á eingöngu að horfa á heldur þjónustan sem slík. Það er hæstv. ráðh. skylt miðað við það

ráðuneyti sem hún gegnir.

En allt um það. Það er útilokað annað en að draga þá ályktun að þetta mál sé frosið fast. Það er kannske best úr því sem komið er að þessi ríkisstjórn sé ekki mikið að rembast við að koma á þessari kerfisbreytingu í heilbrigðismálum. Það verði þá hlutverk næstu stjórnar að taka á því verki.

Þegar þetta mál var síðast hér til meðferðar greiddi ég atkvæði gegn frv. einn þm. í hv. Nd. Ég efast um að ég geri það núna þegar það kemur til atkvæða heldur láti það fara í gegn án þess. En ég bendi á að í rauninni væri þegar í stað hægt að taka upp heilsugæslukerfi samkvæmt lögunum um heilbrigðisþjónustu vegna þess að allar forsendur eru til. Þó að þetta frv. yrði ekki samþykkt, framlengingarfrv. á heilsuverndarkerfinu, gerist ekkert annað en að nýja heilsugæslukerfið, sem var komið upp á landsbyggðinni fyrir bráðum 13 árum, byrjaði í Reykjavík frá og með næstu áramótum eða einhvern tímann á næsta ári.

Ég held að það sé tvímælalaust að Reykvíkingar búa við slaka þjónustu að því er varðar heilsugæslu. Það eru þúsundir manna hér án sjúkrasamlagslæknis og fjöldinn allur af fólki sem hefur ekki aðgang að þeim heilsugæslustöðvum sem þó eru til. Reykvíkingar hafa þarna dregist aftur úr. Þess vegna eru heilbrigðisrök fyrir því. Rök frá heilbrmrn. séð ættu að vera að taka upp hið nýja kerfi hér strax frá og með næsta ári. En því er ekki að heilsa. Það hefur verið haldið þannig á málinu og það er ekkert annað að gera en að horfast í augu við að málið hefur verið afvelta allan tímann frá því að þessi stjórn tók við þó svo að það hafi verið tilbúinn samningur milli allra hlutaðeigandi aðila, sjúkrasamlagsins, Læknafélags Reykjavíkur, heilbrmrn. og fjmrn., um þetta mál.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri á þessum næturfundi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð sem ég vil koma á framfæri við þessa umræðu. Þetta er gamall kunningi og það er út af fyrir sig ekki mikið um hann að segja fremur en undanfarin ár. Rökin eru yfirleitt þau sömu, að það hafi ekki unnist tími til að vinna að málinu. Við höfum fengið að heyra áður svipuð rök. Ríkisstjórninni sækist óskaplega seint og er eitthvað lin til verka. Það er ærið oft sem viðbáran hér er sú að ekki hafi unnist tími til að koma málunum áfram og þess vegna verði þetta eða hitt að danka áfram í því ófremdarástandi sem það kann að vera í.

Ég vil koma því á framfæri fyrir mitt leyti að ég tel þessa frestun ákaflega óæskilega. Ég er sannfærður um að heilsugæslukerfið eins og það er samkvæmt lögunum og hefur verið tekið upp og unnið eftir á ýmsum stöðum er mun betra, mun æskilegra. Ég vitna í því sambandi til þeirrar breytingar sem var gerð á Akureyri fyrir nokkru og nú er komin reynsla á og það ágæt reynsla. Ég tel að rétt sé að það komi fram í þessari umræðu að það sem ég hef heyrt af þeirri breytingu er gott eitt. Það ríkir held ég almenn ánægja meðal starfsfólksins á heilsugæslustöðinni á Akureyri, sem þjónar Eyjafjarðarsvæðinu, og ekki síður ánægja meðal viðskiptavina stöðvarinnar sem telja sig fá þar góða þjónustu og eru mjög sáttir við hvernig staðið var að þeim kerfisbreytingum. Þar var viðhafður sá háttur að þrátt fyrir hið sameiginlega heilsugæslukerfi geta viðskiptavinir stöðvarinnar valið sér sinn eigin lækni og haft fyrst og fremst samskipti við hann þó að það sé innan almenna kerfisins. Það tel ég vera hina réttu útfærslu á þessu heilsugæslukerfi.

Ég vil einnig fagna fyrir hönd Hafnarfjarðar og Kópavogs að þar hefur nú verið ákveðið að taka þetta kerfi heilsugæslu upp. Ég tel einmitt í framhaldi af því enn þá óæskilegra að Reykvíkingar og Garðbæingar skuli enn eitt ár þurfa að bíða eftir að þetta kerfi sé tekið upp hjá þeim. Það gefur auga leið að það er því óæskilegra sem sveitarfélögin verða færri sem búa við hið gamla kerfi og þar af leiðandi það misræmi sem er á starfrækslu þessara tveggja kerfa sem hér hefur verið vitnað til og varðar ekki síst form á greiðslum.

Ég vona, herra forseti, svo sannarlega að þetta verði í síðasta sinn sem þessi kunningi lætur sjá sig á Alþingi, frv. um frestun á þessari kerfisbreytingu og ég hvet hæstv. ráðh. til að nota vel þann tíma sem hann á eftir í ráðuneytinu, a.m.k. í tíð þessarar virðulegu ríkisstjórnar, til að undirbúa þessa kerfisbreytingu og flytja um hana frv. á Alþingi áður en þetta Alþingi fer heim. Það gefur auga leið, m.a. vegna undirbúnings fjárlagagerðar, að það er miklum mun æskilegra að lögin séu sett á fyrri hluta ársins þannig að tímann sem frá því líður og fram að setningu næstu fjárlaga sé hægt að nota til að undirbúa breytinguna. Það er eins og kunnugt er óþarfi að rifja upp fyrir hv. þingdeildarmönnum að ákveðin tilfærsla verður innan fjárlaga við þessa breytingu og er nauðsynlegt að nægur tími sé fyrir hendi til að undirbúa hana.

Ég sé ekki frekar en síðasti ræðumaður sérstaka ástæðu til að setja mig upp á móti þessu máli. Úr því að það er í þessu horfi hjá hæstv. ráðh. er ekki mikið við því að gera úr því sem komið er. Það er því kannske ekki sérstök ástæða til að setja sig á móti því, en ég mun í öllu falli ekki greiða þessari frestun atkvæði mitt.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Örfá orð. Það kemur fram í athugasemdum við þetta lagafrv. að ekki hafi unnist tími til að leggja fram endanlegt frv. Mig langar til að leggja örfáar spurningar fyrir hæstv. ráðh. Þar sem fram kemur í athugasemdum við frv. að það muni ekki vinnast tími til að leggja fram endanlegt frv. langaði mig til að spyrja um stöðu málsins, þ.e. hvort því valdi tímaskortur í ráðuneyti eða skortur á starfsfólki í fyrsta lagi og í öðru lagi hvort þessi dráttur sé kannske vegna þess að það séu einhverjar deilur uppi eða ósamkomulag á milli málsaðila um fram-

kvæmd og ef svo væri þætti mér vænt um ef ráðherra gæti í stuttu máli gert grein fyrir því. Mér finnst eðlilegt að ráðherra geri örstutta grein fyrir stöðu málsins á þennan hátt þar sem það gerist æ ofan í æ að þetta fæst ekki fullafgreitt. Finnst mér því eðlilegt að þinginu sé gerð grein fyrir hvort þetta stafar af einhverjum deilum, hvort þetta er vegna upplýsingaskorts eða hverjar ástæður aðrar liggi fyrir því að þetta gerist æ ofan í æ.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Mér er afskaplega ljúft að svara fsp. hv. þm. Það er ekkert því til fyrirstöðu.

Í fyrra var ástæðan sú að ég hafði ekki sannfærst um gildi frv. vegna þess að ég taldi þá að það gætu og ættu alveg að geta þrifist hlið við hlið þessi tvö kerfi, annars vegar númerakerfið svokallaða sem afskaplega margir Reykvíkingar virðast kjósa og hins vegar heilsugæslustöðvar fyrir þá sem það kysu. Enn fremur er fjöldi fólks sem virðist kjósa að leita beint til sérfræðinga þó að enginn skortur sé á heimilislæknum í Reykjavík og menn eigi rétt á að fara í heilsugæslustöðvar. Engu að síður hefur mér fundist, eftir því sem ég hef lengur haft þetta umrædda frv. í skápnum, að það ætti að leggja fram. Það er alveg rétt að það var tilbúið þegar ég settist í ráðherrastól, en ég var ekki nægilega sannfærð um málið sjálf þá, enda vita menn að það var skammur tími til stefnu þá. Hitt er annað mál að það hefur mjög verið kallað eftir þessu frv. og m.a. á hv. Alþingi og frv. er ekkert leyndarmál og mér finnst sjálfsagt að Alþingi fái um það að fjalla. Það var greint frá því á síðasta ríkisstjórnarfundi að málið væri samþykkt til flutnings í þeim stjórnarflokki sem enn þá hafði ekki afgreitt það, sem var Framsfl., og ég geri ráð fyrir að því hafi valdið annir í þeim flokki núna undanfarnar vikur. Ég kann ekki við annað, þegar svona stórt frv. er lagt fyrir Alþingi með viðamikilli greinargerð, en það sé lagt fram í skikkanlegu formi almennilega prentað úr Gutenberg. Þess vegna hefur því ekki verið útbýtt. En ef hv. þm. vill skal ég gjarnan senda honum þetta fyrir jól svo að hann hafi það sem jólalesningu þó að það sé einungis fjölritað. Þessu valda þessar tæknilegu ástæður.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég er alveg sammála ráðherranum um að menn ættu að skoða hug sinn vel í þessum efnum. Það er ekkert víst að það henti endilega sama fyrirkomulag á heilbrigðisþjónustu á þessu svæði og mönnum hefur fundist henta úti um land.

Það er annað sem gerist líka. Eftir því sem árin líða koma upp nýjar hugmyndir, bæði hugmyndir um gerbreytingu og hugmyndir um minni háttar breytingar á þessum efnum. Þess vegna er eðlilegt að menn vilji skoða hug sinn. Það er fullkomlega eðlilegt að menn spyrji núna hvort til þess komi yfirleitt nokkuð að heilbrigðisþjónustan á Reykjavíkursvæðinu verði færð til þess forms sem gert var ráð fyrir 1983.

Það er önnur hugsun sem leitar stundum á menn þegar svona mál koma upp hér í þinginu eins og núna um heilbrigðismál. Það er að við höfum fleiri dæmi um svona mál sem ekki vinnst tími til að vinna í og ekki fæst mikill tími til að tala um. Það er nefnilega orðið svo að eina umræðuefnið í pólitík á Íslandi er efnahagsmál. Mál sem eru um annað, mál sem eru af ýmsum félagslegum toga ýmist vekja ekki áhuga eða fást ekki unnin vegna tímaskorts eins og kallað er. Þetta er kannske það sem við fengum forsmekk af í máli hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í viðtali á sjónvarpsstöð um daginn þar sem hann lýsti því að helstu viðfangsefni næstu ríkisstjórnar yrðu þau sem þessi ríkisstjórn hefði aldrei nennt að sinna, þ.e. mál af ýmsum félagslegum toga, skólamál, heilbrigðismál, tryggingamál kannske og e.t.v. var hæstv. forsrh. að tala um húsnæðismálin undir rós sem virðast þessa dagana aldeilis þurfa rækilegrar endurskoðunar við.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan, ég tel að hún hafi verið mikilvæg, og ég fagna þeirri niðurstöðu sem hæstv. ráðh. lýsti sig hafa komist að í þessu máli, sem sé þeirri að leggja fram frv. um skipulag heilbrigðismálanna þannig að innan árs búi allir landsmenn við eitt og samræmt almennt heilsugæslukerfi. Ég skildi yfirlýsingu hæstv. ráðh. þannig og hafi ég gert það rétt fagna ég því alveg sérstaklega.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem hvað brýnast sé að gera í heilbrigðismálum á Íslandi sé að efla fyrsta stig heilbrigðisþjónustunnar, hina almennu heilsugæslu, og fyrirbyggjandi aðgerðir í framhaldi af því og með því móti, með því að forða því sem mest að vandamálin lendi upp á efri og dýrari stig í heilbrigðisþjónustunni, megi spara peninga. Það megi bæði bæta ástandið, auka heilbrigði og spara peninga. Einmitt í því efni tel ég að yfirfærsla yfir í heilsugæslukerfið sé mjög þýðingarmikil. Ég tel að hún sé þegar farin að skila árangri eins og t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu sem ég tók dæmi af. Hv. 4. landsk. þm. vil ég til útskýringar upplýsa að auðvitað er Akureyri ekki dreifbýli í sjálfu sér heldur þéttbýli sem er fullkomlega eðlilegt að taka til samanburðar þegar rætt er um skipulag heilbrigðismála m.a. á höfuðborgarsvæðinu.

Við Íslendingar eigum orðið allmikið af sérmenntuðum heimilislæknum sem geta leyst af hólmi það blandaða kerfi almennra lækna og sérfræðinga á ýmsum sérsviðum sem í gamla númerakerfinu sinntu þessari þjónustu. Það er hin eðlilega þróun þessara mála að mínu viti að hinir sérmenntuðu heimilislæknar, sem eru að koma til starfa og hafa verið að koma til starfa á undanförnum árum, yfirtaki þessa almennu þjónustu eins og þeirra menntun stendur til

og sinni þeim störfum innan samræmds kerfis heilsugæslustöðva. Ég held að það sé hin eina rétta uppbygging þessara mála og ég fagna því að hæstv. ráðh., ef ég hef skilið hann rétt, er fallinn frá þeim blandaða kokkteil sem hann virtist í upphafi embættisferils síns hafa verið að hugleiða.

Ég held að við eigum að horfa til þess ekki síst hvernig við getum sparað peninga í heilbrigðismálunum á sviði skipulagsmálanna, þ.e. með því að betrumbæta skipulag í heilbrigðisþjónustunni þannig að vandamálin séu sem allra mest leyst á fyrsta stigi heilsugæslunnar og því sé forðað að þau færist upp á önnur og dýrari stig svo að ekki sé nú talað um inn á stofnanir þar sem kostnaðurinn margfaldast ef málin lenda þangað.

Ég vona, herra forseti, að þessi umræða og yfirlýsing ráðherra hér m.a. hafi tryggt að að ári búi allir landsmenn við eitt samræmt kerfi heilsugæslustöðva.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í framhaldi af orðum hv. þm. vildi ég segja að ég álít það út af fyrir sig ekki markmið að menn búi við samræmt heilsugæslukerfi heldur álít ég það markmið að menn búi við gott heilsugæslukerfi, þ.e. kerfi sem veitir góða þjónustu og ódýra þjónustu. Hvort það kerfi þýðir að á ákveðnum svæðum eru byggðar heilsugæslustöðvar og annars staðar hagi menn þessum hlutum öðruvísi vil ég fá tækifæri til að ræða og fá að sjá gögn um. Það er einmitt það sem ég talaði um áðan að á þeim árum sem t.d. eru liðin frá 1983 er ekki ólíklegt að ný viðhorf séu komin upp, nýjar aðstæður og kannske upplýsingar á grundvelli reynslu sem þegar hefur fengist af heilsugæslukerfinu sem gerir fullkomlega eðlilegt að menn skoði þessa hluti. Ég held að það sé einmitt mjög nauðsynlegt í sambandi við löggjöfina alla að Alþingi láti ekki þar við sitja að setja lögin heldur fylgist mjög grannt með framkvæmd þeirra og hvernig þau ná tilgangi sínum. Því verð ég að segja t.d. að það er mjög þinglegt verkefni fyrir heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins að skoða framkvæmd laganna frá 1983, athuga hvernig þau hafa náð tilgangi sínum, kalla til vitnis vitnisbæra aðila með hliðsjón af því að meta hvort það eigi að brúka sömu aðferðir hér þar sem örlögin hafa ráðið því að kerfið var ekki tekið upp á þessu svæði strax árið 1983. Þannig getur þingið sinnt eftirlitshlutverki sínu, þannig geta heilbrigðisnefndir fengið tækifæri til að hittast og þannig er hægt að tryggja að menn leiti á bærilega öruggan hátt að sem bestri lausn fyrir þau svæði sem talað er um í þessu þingmáli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af síðustu ræðu. Ég hygg að það sé ekki mikill meiningarmunur milli okkar, mín og hv. 4. landsk. þm., og hafi ég í mínu máli verkað á hann sem einhver sérstakur skipulagshyggjumaður í þessum efnum var það ekki meining-in. Ég bið enn fremur hv. 4. landsk. þm. að rugla ekki saman byggingum og heilsugæslustöðvum því að þetta tvennt þarf ekki endilega að fara saman. Það er ekki formið heldur gæði þjónustunnar og það hversu árangursrík hún er sem vakir fyrir mér.

Ég nefni að í heilsugæslustöðinni á Akureyri var valin sú leið af heimamönnum að fara ekki út í byggingu heldur taka á leigu húsnæði og allir eru sammála um að það hafi verið skynsamlegur kostur. Slíkt væri hægt að viðhafa víðar. Menn mega því ekki rugla saman steinsteypu og heilsugæsluþjónustu.

Ég held hins vegar að það hafi vissa kosti að visst sameiginlegt skipulag sé yfir öllu landinu, a.m.k. hvað greiðsluformið varðar, og að heilsugæslustöðvarnar færist inn undir bein fjárlög og útgjöldin komi þeim megin í gegn eins og í heilsugæslukerfinu og númerakerfið verði aflagt a.m.k. sem slíkt. Ég bendi hv. 4. landsk. þm. á að það er að mörgu leyti hægt að sameina það persónulega kerfi sem í númerakerfinu felst, þ.e. þau persónulegu samskipti læknis og sjúklings sem það kerfi vissulega hefur í för með sér, með því að útfæra heilsugæslukerfið eins og gert hefur verið á heilsugæslustöðinni á Akureyri þar sem almenningur velur sér sinn sérstaka lækni þó að að sé undir stöðinni og hefur fyrst og fremst samskipti við hann eða hans afleysingamann. Eitt af því sem menn fundu þessu til foráttu á sínum tíma var sá misskilningur að heilsugæslukerfið hefði í för með sér að menn hefðu engan sérstakan lækni til að leita til heldur mættu inn á stöðina og yrðu að fara til þess læknis sem væri laus þá og þá stundina. Það var hægt að hugsa sér að þetta yrði þannig, en á Akureyri fóru menn aðra leið og ég tel að hún hafi gefist mjög vel. Hv. þm. vitnaði til þess að menn ættu að skoða hlutina í ljósi reynslunnar. Því nefndi ég einmitt Akureyri og breytinguna þar sem ég hygg að hafi tekið gildi um áramót 1985. Samkvæmt minni bestu vitneskju er reynslan af þeirri breytingu jákvæð, bæði hvað varðar viðhorf starfsfólks og viðskiptavina stöðvarinnar. M.a. þess vegna held ég að það sé bagalegt og það sé ástæða til að harma að frv. um frestun er enn einu sinni flutt hér fyrir Reykjavíkursvæðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 373.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hér er enn eitt árvissra frv. til meðferðar. Þetta er um breytingu á lögum nr. 91 frá 1982, um málefni aldraðra. Í þeim lögum er reyndar gert ráð fyrir að þau gildi til ársloka 1987 þannig að eitt ár er eftir af gildistíma þeirra.

Svo stendur á um þann kafla þessa frv. sem fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra að gjaldið til hans tekur mið af verðlagsbreytingum milli ára og þess vegna er lagt til að upphæð þessi hækki í fyrsta lagi í samræmi við það og í öðru lagi nokkuð umfram þá hækkun þannig að gjaldið verði, ef frv. verður að lögum, 1500 kr. Ef einungis verðlagsbreytingin hefði verið í frv. hefði gjaldið orðið 1380 kr.

Ég leyfi mér að leggja til að hv. Alþingi hækki þá upphæð núna þetta eina ár sem eftir er af gildistíma laganna með hliðsjón af hinni miklu þörf sem er í öllum byggðum landsins fyrir stofnanir og íbúðir fyrir aldraða. Ég veit að ég þarf ekki að útlista það fyrir neinum hv. þm.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 30 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingagjald). — Þskj. 372.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hér er þriðja árvissa frv. sem flutt er um breytingu á almannatryggingalögunum. Sams konar frv. hefur verið árlega flutt frá árinu 1975, en sveitarfélögum var gert skylt að taka á árinu 1976 meiri þátt í kostnaði sjúkratrygginga en verið hafði. Upphæðin miðaðist í fyrstu við 1% álag á gjaldstofn útsvara. Ástæðan fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaga byggðist fyrst og fremst á því að auka þyrfti aðhald í sjúkrahúsarekstri á þeirra vegum, en gjaldið rennur til þess reksturs.

Á árinu 1978 var ákveðið að hækka gjaldið í 2% af gjaldstofni álagðra útsvara og á árinu 1979 1,5% af ákveðnum lágmarkstekjum og 2% af því sem umfram var. Sú skipan hélst til 1982 er ákveðið var að innheimta eingöngu gjald af þeim sem höfðu ákveðnar lágmarkstekjur og hefur svo verið síðan, aðeins þurft að breyta upphæð gjaldstofns í samræmi við launaþróun milli ára.

Þetta frv. er flutt í samræmi við það og því leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Það á við þetta frv. eins og hin tvö fyrri, sem ég mælti fyrir áðan, að þetta er einnig bundið við áramót.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Norræn fjárfestingarlán, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarverkefna. Með lögum nr. 77 frá 19. maí 1982, um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna, var ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 2 millj. 830 þús. SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda. Á grundvelli laganna gerði Ísland ábyrgðarsamning við bankann í júní 1982. Vegna aukinna umsvifa samþykkti ráðherranefnd Norðurlanda hinn 30. maí 1986 að gera breytingar á samþykktum bankans þannig að hækka mætti þá upphæð sem bankinn gæti veitt vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda úr 350 millj. í 700 millj. SDR fyrir Norðurlönd í heild. Á grundvelli samþykkis Alþingis er að því stefnt að gera nýjan ábyrgðarsamning Íslands og bankans það tímanlega að hann geti tekið gildi 1. jan. 1987. Önnur Norðurlönd hafa þegar samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja tekið ákvarðanir um þetta efni og miða þær við að gildistakan geti orðið 1. jan. n.k. Fyrir því er þess sérstaklega vænst að hv. þingdeild geti greitt fyrir framgangi málsins þannig að það geti hlotið afgreiðslu fyrir jólaleyfi þm.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 2. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87, n. 383.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. og meiri hl. leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir það skrifa ásamt mér hv. þm. Halldór Blöndal, Friðjón Þórðarson, Stefán Guðmundsson og Eggert Haukdal.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tjáði mér að hann mundi ekki skila nál., en hv. þm. Karvel Pálmason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119, n. 384.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. Nd. hefur einnig fjallað um þetta mál og meiri hl. nefndarinnar leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir það skrifa ásamt mér hv. þm. Halldór Blöndal, Friðjón Þórðarson, Stefán Guðmundsson og Eggert Haukdal.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tjáði mér að hann mundi ekki skila nál. minni hl., en hv. þm. Karvel Pálmason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, 3. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða o.fl.). — Þskj. 286.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

34. fundur, fimmtudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 261. mál. — Þskj. 367.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Till. þessi til þál. fjallar um heimild til ríkisstjórnarinnar að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1987.

Eins og að líkum lætur hefur hv. utanrmn. margsinnis rætt um einmitt þessi mál, veiðar á loðnunni í höfunum í kring, og eins og hv. þm. vita hafa enn ekki náðst samningar við Grænlendinga t.d. um þann hlut í veiðunum sem þeim ber, þeim ber auðvitað einhver hlutur þar, en hins vegar eru samningar milli Íslands og Noregs eins og alkunna er þar sem Íslendingar eiga 85% af heildarveiðinni og Norðmenn 15%.

Till. svipaðs eðlis og þessi er var flutt á síðasta þingi þar sem Norðmönnum var heimilað að veiða hluta af sínum 15% innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eða efnahagslögsögu öllu heldur og nú er flutt till. sama efnis. Um þetta sérstaka mál hafa verið haldnir tveir fundir í hv. utanrmn. þar sem hæstv. sjútvrh. og hans starfsmenn hafa mætt ásamt með hæstv. utanrrh.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. eins og að líkum lætur þar sem hún í heild flytur hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Kaupleiguíbúðir, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 185. mál. — Þskj. 195.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þm. Alþfl. flytja hér till. um nýjan kost í húsnæðismálum, um aukið valfrelsi í húsnæðismálum milli séreignar og leigu. Við erum þeirrar skoðunar að þessi kostur, sem reynst hefur vel víða í grannlöndum okkar, henti sérstaklega vel ungu fólki og öldruðu og þá sérstaklega að því er varðar hugmyndir okkar um þjónustuíbúðir aldraðra og nýjar leiðir við fjármögnun þeirra. Við erum einnig þeirrar skoðunar að þessi nýi kostur í húsnæðismálum geti þýtt bætta nýtingu þess fjármagns sem varið er til húsnæðismála og vísa ég þá til óhóflegrar stærðar íbúðarhúsnæðis á undanförnum árum. Ég vek líka athygli á því að þessar till. eru settar fram með hliðsjón af mati okkar á mismun á ævitekjum einstaklinga og fjölskyldna og hins vegar útgjaldaþörf, þ.e. að miðað við ástand mála í húsnæðismálum hjá okkur er útgjaldaþörfin mest, að binda mikið fé og reisa sér hurðarás um öxl við skuldbindingar til lána vegna húsnæðisöflunar, einmitt á þeim tíma þegar fjölskyldan er ung og tekjuöflun minni en verður síðar á ævinni.

Ekki er ég hissa á því út af fyrir sig þó till. af þessu tagi veki upp mikla andstöðu og hv. 2. þm. Norðurl. e., ættarlaukur Engeyjarættar í pólitík, skemmti okkur með því að fara hamförum gegn þessum till. á þingi nú nýlega. Röksemdir hans eru víst aðallega tvenns konar. Fyrri röksemdin er með vísan til Hávamála um að það sé eðli eyjaskeggja að vilja vera sinn eigin herra, en hin röksemdafærslan er sú, eins og fram kemur af greinaflokki hv. þm., að leiguíbúðir hafi ekkert aðdráttarafl hjá ungu fólki, eins og hann orðar það af alkunnri málvísi sinni. Í raun og veru stendur og fellur allur hans rökstuðningur með þessum tveimur fullyrðingum, að séreignastefnan sé eðlisgróin Íslendingum og í annan stað að það sé engin þörf fyrir leiguíbúðir og að þær hafi ekkert aðdráttarafl fyrir ungt fólk.

Nú vill svo til, herra forseti, að um þetta þarf ekkert að deila. Fram hafa farið þrjár kannanir að undanförnu um þetta mál. Í fyrsta lagi könnun Félagsvísindastofnunar þar sem spurt var: Hver eftirtalinna atriða telur þú brýnast að leggja áherslu á í húsnæðismálum landsmanna á næstunni? og eru taldir upp fimm kostir. Niðurstaðan er sú, eins og þar segir, að 26,3% aðspurðra setja búseturéttaríbúðir eða almennar leiguíbúðir á oddinn meðan 29,2% telja einkabyggingar mikilvægastar.

Í annan stað hefur farið fram sérstök könnun á vegum framtíðarnefndar forsrn. á því hverjum augum ungt fólk um tvítugt lítur eigin framtíð og þar á meðal hvaða leiðir það vill fara í húsnæðismálum, aldurshóparnir 17–23 ára í framhaldsskólum sem og ungra félagsmanna í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Niðurstöðurnar eru þessar: Samanlagt 43% framhaldsskólanema, 46% ungs verslunarfólks telur byggingu leiguíbúða eða búseturéttaríbúða mikilvægasta framtíðarverkefni í húsnæðismálum.

Þriðja könnunin hefur nýlega verið birt í fréttabréfi Húsnæðisstofnunar. Þar er um að ræða könnun Húsnæðisstofnunar á þörf fyrir leiguíbúðir þar sem niðurstaðan er sú að það vanti 2500–3000 leiguíbúðir fram til ársins 1990. Þetta eru lokaniðurstöður úr könnun Húsnæðisstofnunar ríkisins á leiguíbúðaþörf og könnunin er gerð í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins í febrúar s.l.

Þörfin er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum, en ég vek athygli manna sérstaklega á því að t.d. í Norðurlandskjördæmum, Austurlandi og Suðurlandi var þörfin nálægt meðaltali 10–13 íbúðir á hverja 1000 íbúa. Ef litið er á höfuðborgarsvæðið virðist þörfin vera um 640 íbúðir, en um 900 íbúðir ef litið er á þarfir almannasamtaka sem láta uppi slíkar óskir.

Sér í lagi er þetta rökstutt með því á landsbyggðinni að þar er vísað til þarfa atvinnulífsins og á nokkrum stöðum taka menn svo djúpt í árinni að leiguíbúðaskortur standi öllu atvinnulífi fyrir þrifum á viðkomandi stað. Þar er fullyrt að leiguíbúðaskortur komi í veg fyrir að ungt fólk setjist að í byggðarlaginu og veigri sér við að setjast þar að af ótta við versnandi atvinnuástand og vilji því ekki binda fé sitt til að byrja með í húsnæði.

Þessar upplýsingar gera út af við meginmálflutning hv. þm. Halldórs Blöndals. Það er m.ö.o. hin mesta firra og öfugmæli að ekki sé þörf fyrir leiguíbúðir og hin mesta firra og öfugmæli að það sé með vitnun til Hávamála eðlisgróið Íslendingum að menn vilji ekki líta á þann kost sem leiguhúsnæði, skipulagt með skynsamlegum hætti fram í tímann út frá fjármögnunarhlið, býður fólki upp á.

Önnur meginröksemd hv. þm. er sú að tillögur um fjármögnun leiguíbúða feli í sér mismunun milli skattgreiðenda. Þetta er á vissan máta öfugmæli líka. Ef við lítum á þróun húsnæðismála er það alveg ljóst að á undanförnum árum hafa það verið leigjendur, sem engan þátt eiga í eignamyndun vegna lánveitinga, sem hafa greitt niður verulegan hluta af íbúðaöflun annarra sem hafa jafnvel fengið niðurgreidd lán til að byggja sér gífurlega stórt íbúðarhúsnæði. Þannig er ljóst að tekjutap ríkissjóðs vegna vaxtafrádráttar af íbúðabyggingum sem hafa verið jafnvel af stærðinni 250 upp í 500 m^2 er gífurlegt, hleypur á hundruðum milljóna. Eignamyndunin kemur auðvitað í hlut þessara aðila, en það er m.a. það fólk sem ekki nýtur skattaívilnana vegna vaxtafrádráttar, leigjendur m.ö.o., sem ber kostnaðinn.

Þá er á það að líta að hingað til hafa sveitarfélög að sjálfsögðu ekki veigrað sér við því að leggja fram fé til að koma upp félagslegu íbúðarhúsnæði. Það á bæði við um verkamannabústaði og það á við um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga. Gallinn er bara sá að verkamannabústaðakerfið er í molum. Það er allt of lítið byggt af því og það er ekki staðið við markmiðslýsingu laga um að allt að þriðjungur íbúðarhúsnæðis skuli vera í félagslegu formi. Sér í lagi er ástæða til þess að vekja athygli á því að lánstími vegna leiguhúsnæðis ætti raunverulega að

vera lengri en lána vegna séreignar þegar af þeirri ástæðu að leigjendur njóta ekki skattívilnana vegna vaxtafrádráttar, enda mun það vera víðast hvar svo. Þess vegna þyrfti þegar í stað að breyta því og lengja lánstímann. Það er líka eðlilegt að fjármögnun leiguhúsnæðis beri lægri vexti en lán til öflunar á eigin húsnæði vegna þess að vaxtafrádráttar nýtur ekki.

Herra forseti. Tími minn er víst því miður búinn að þessu sinni. Ég vil að lokum aðeins segja að þótt hv. þm. Halldór Blöndal hafi þessar sérskoðanir á húsnæðismálum á það ekki við um alla sjálfstæðismenn. Ég nota tækifærið til að rifja það upp að árið 1983 flutti hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, *virðulegur forseti vor, tillögu ásamt með öðrum þm.* Sjálfstfl. um sérstakt átak í byggingu leiguíbúða og gerði það eftir að hafa tekið mjög ljúfmannlega viðræðum fulltrúa Búseta t.d. þar sem sýnt var fram á þörf fyrir slíkt húsnæði. Ég leyfi mér þess vegna í allri vinsemd að láta í ljós þá von að sérskoðanir hv. þm. Halldórs Blöndals í þessum málum endurspegli ekki endilega meirihlutaskoðun þeirra sjálfstæðismanna og má kannske hnykkja á því með því að segja að reiði hv. þm. er auðvitað sprottin af öðru en beinlínis húsnæðismálafstöðu hans. Alkunna var að þeir sjálfstæðismenn voru miklir andstæðingar verkamannabústaða á sínum tíma. Það var ekki fyrr en Sjálfstfl. lét af fjandskap sínum við það byggingarform, félagslegar íbúðir, að honum tókst að afla sér fjöldafylgis. Nú vill svo til að ættarlaukur Engeyjarættar, með því að fara hamförum gegn slíkum sjónarmiðum, verður m.a. valdur að því að fylgi Sjálfstfl. fer þverrandi og það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Það er hætt við því að hempa þeirra miklu leiðtoga, Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar, klæði illa slíkan mann.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Í fyrri hluta þessarar umræðu um till. Alþfl. um kaupleiguíbúðir bar hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fram fáeinar spurningar til flm. og við þeim fengust ekki og hafa ekki enn fengist fullnægjandi svör. Því vil ég gera hér örfáar athugasemdir við þessa till.

Till. gerir ráð fyrir að menn geti fengið 100% lán til kaupa á íbúðarhúsnæði, þ.e. 85% úr Byggingarsjóði verkamanna og 15% frá sveitarfélögum. Till. er greinilega ætluð láglaunafólki og virðist, eftir því sem fram hefur komið hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, eiga að taka við af verkamannabústaðakerfinu. Það er út af fyrir sig gott og blessað því eins og fram hefur komið, m.a. hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, eru það allmargir sem ekki ráða við þau kjör sem verkamannabústaðakerfið býður upp á.

Skv. þeim lögum sem samþykkt voru í vor um *Húsnæðisstofnun ríkisins er gert ráð fyrir að* í undantekningartilfellum verði lánað allt að 100% af kostnaðarverði til íbúða í verkamannabústaðakerfinu, þ.e. 90% til 43 ára og 10% til þriggja ára. Þessu eiga þeir einir rétt á sem sérstaklega stendur á fyrir. Auðvitað er betra fyrir fólk að fá lán til lengri tíma eins og þessi till. gerir ráð fyrir. En, og það er dálítið stórt en, nógu erfitt hefur verið að fjármagna verkamannabústaðakerfið undanfarið ár svo að sérstaklega þarf að taka til hendinni ef þetta á að ganga upp hvað varðar fjármögnunarþáttinn. Það er því erfitt að ímynda sér hvernig kaupleiguíbúðakerfið á að ganga við hliðina á verkamannabústaðakerfinu, en það hefur engin tillaga komið fram frá hv. flm. þessarar þáltill. um að leggja verkamannabústaðakerfið niður. Spurningin snýst þá um: Hverjir eiga að fá 100% lán og hverjir eiga að fá 85% lán? Þessari spurningu hefur ekki verið svarað.

Í öðru lagi er erfitt að átta sig á hver er hinn raunverulegi tilgangur tillögunnar. Í henni er gert ráð fyrir 100% láni til fólks á meðan núverandi kerfi gerir ráð fyrir 70% að hámarki til nýbygginga. Till. gerir ráð fyrir að allir geti gengið að þeim kjörum sem hún býður þannig að ásókn í þau kjör sem hún býður yrði mikil. Till. gerir ráð fyrir að ráðstafa eigi tilteknum fjölda íbúða til þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði eftir 1980 og eiga í greiðsluerfiðleikum. Það veitir ekki af því að koma til móts við það fólk, en þetta er það eina sem till. gerir ráð fyrir að verði stýrandi við úthlutun þessara lána.

Það er fjarri mér að mæla gegn því að fólk fái lánafyrirgreiðslu til kaupa á íbúðarhúsnæði, en ekki *get ég gert ráð fyrir og ekki getur það talist eðlilegt* að sumir fái 70% lán en aðrir 100% lán án þess að frekari markmið komi fram. Það kerfi, sem þessi till. gerir ráð fyrir, er því nánast einungis séreignaform og vart hægt að tala um að hér sé um aukningu á leiguhúsnæði að ræða. A.m.k. má alveg eins gera ráð fyrir að meiri hluti íbúðanna verði keyptur en aðeins minni hlutinn í raunverulegri leigu.

Það er að öllu leyti réttlætanlegt að leiguhúsnæði sé með hagstæðari lánskjörum en annað húsnæði. Í fyrsta lagi er aðeins einu sinni lánað til hverrar íbúðar og fólk sem þar býr nýtur ekki eins mikils skattaafsláttar og þeir sem kaupa húsnæði. En að mismunandi kjör gildi fyrir fólk sem er að kaupa á *almennum markaði er hins vegar erfitt* að réttlæta nema um félagslega hjálp sé að ræða, en því gerir till. ekki ráð fyrir.

Að óbreyttu er sennilega heppilegra að auka byggingu leiguhúsnæðis, enda höfum við Kvennalistakonur flutt till. um það hér og miðað þá við c-lið í þeirri grein laga um Húsnæðisstofnun sem tekur til byggingarhúsnæðis á vegum félagasamtaka. Jafnframt er sjálfsagt að endurskoða núgildandi kerfi með tilliti til þessarar till. svo og annarra hugmynda sem fram hafa komið.

Í heildina er heldur margt óljóst í framkvæmd þessarar till. og margt sem enn þarf athugunar við og sá grunur læðist að mér að þessi till. hafi engan veginn verið hugsuð til enda. A.m.k. er þörf á viðtækum breytingum á núverandi kerfi **ef hún á að** geta gengið upp. Ég held **að það sé eðlilegra, að** áður en menn flytja slíka till. **geri þeir sér grein fyrir**

því hvernig þeir hugsa sér að hún gangi upp miðað við það kerfi sem fyrir hendi er og geri þá jafnframt nauðsynlegar breytingar á því kerfi.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Spurt var: Eiga allir rétt á kaupleiguíbúðum? Og svarið við því er ósköp einfaldlega að lánin eru veitt annars vegar úr Byggingarsjóði ríkisins og þar hafa allir sama rétt, en þau eru líka veitt úr Byggingarsjóði verkamanna og þau lán lúta nákvæmlega sömu skilmálum um tekjuhámark og gildir um verkamannabústaði. Og þegar spurt er sérstaklega: Hvernig stendur á því að við gerum ráð fyrir hærra lánshlutfalli en í núgildandi húsnæðislögum, 70%–80%? þá er svarið þetta: Það er okkar stefna að þurrka þennan mun út. Við viljum að þeir sem eru að afla sér íbúða á hinum almenna markaði í fyrsta sinn njóti 80% lána þannig að við gerum ekki ráð fyrir að sá mismunur verði viðvarandi.

Í annan stað var spurt: Mun þetta kerfi taka við af verkamannabústöðum, getur það staðist við hliðina á verkamannabústaðakerfi? Miðað við undirtektir forustumanna í verkalýðshreyfingunni almennt við þessar hugmyndir má vel vera að það fari svo í reynd að þetta kerfi taki við af verkamannabústaðakerfinu. Kostir þess eru einfaldlega fyrst og fremst þeir að ekki er þörf á útborgun í upphafi og það vegur upp annan mun á kerfunum. Hins vegar getum við ekki fullyrt þetta að svo stöddu. Reynslan mun skera úr um það. Ég hef sjálfur trú á að þetta nýja kerfi muni um það er lýkur taka við af þeim öðrum formum sem við höfum á varðandi byggingu félagslegra íbúða. En frumkvæðið að því er varðar kaupleiguíbúðirnar kemur frá sveitarfélögum og sveitarfélögin eru, meðan einstakir lánþegar gera ekki sérsamning um kaup, eigendur og þau eru einnig frumkvæðisaðilar að því er varðar úthlutun lánanna. Það segir sig sjálft að úthlutunin er félagslegs eðlis að því er varðar lántökur úr Byggingarsjóði verkamanna. Að öðru leyti ætlumst við til þess að sá aðili sem leggur fram 20% framlagið, þ.e. annars vegar sveitarfélagið eða hins vegar félagasamtök, móti sjálfur þær reglur sem hann vill viðhafa um úthlutun húsnæðisins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill taka fram að þessi þáltill. er nú til umræðu á þriðja fundi. Það var alls ekki ætlunin að taka nein umræðuefni fyrir á þessum fundi, en þess var freistað að koma þessari þáltill. í nefnd með því að það er búið að ræða hana á tveim fyrri fundum. En ef það eru horfur á almennum umræðum um húsnæðismál hér á þessum fundi verður umræðunni þegar í stað frestað og hún tekin upp árið 1987. En í trausti þess að það verði ekki áfram umræður nú á þessum fundi er hv. 11. þm. Reykv. gefið orðið og þess vænst að það verði örstutt athugasemd.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd vegna athugasemdar hv. 5. þm. Reykv.

Í svari hans kom fram að hann gerir ráð fyrir að mismunun í lánshlutfalli komi til með að þurrkast út. Hann gerir líka ráð fyrir að kaupleiguíbúðakerfið taki við af verkamannabústaðakerfinu með tíð og tíma. En eitt kerfi tekur ekki við af öðru með tíð og tíma heldur þarf að flytja formlegar brtt. og breyta lögum til þess að svo megi verða. Hvað bæði þessi atriði varðar er spurningin auðvitað sú: Hvar eru tillögur Alþfl. um breytingar á núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins? Þeim lögum þarf að breyta ef þessi till. á að hafa einhvern tilgang.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

EFRI DEILD

25. fundur, fimmtudaginn 18. des., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 374.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í frv. til fjárlaga var tekið fram að stefnt væri að lækkun tekjuskatts á næsta ári. Áætlað var að lækka tekjuskatt samkvæmt þessari stefnumörkun um 300 millj. kr. Með því frv. sem hér er til umræðu er að því stefnt að fullnægja þessu markmiði. Samkvæmt þeim áætlunum sem Þjóðhagsstofnun gerði var reiknað með að meðaltekjubreyting á milli áranna 1985–1986 yrði 31%. Þessi tala hefur nú breyst við endurskoðun þjóðhagsáætlunar og mat á tekjubreytingum og er 34–35%. En við þær aðstæður sem við búum nú, þ.e. mjög mismunandi launabreytingar milli tekjuára, er erfitt að ákveða skattvísitölu sem leiðir til óbreyttrar skattbyrði. Því var gripið til þess ráðs að gera tillögur um breytingar á skatthlutföllum og skattstigum til þess að ná því marki sem hér er að stefnt. Í meðferð hv. Nd. hefur tillögum sem fram komu í frv. verið breytt í hátt við þær nýju forsendur sem nú liggja fyrir um tekjubreytingar á milli ára og þjóðhagshorfur á næsta ári.

Með þessu frv. eru allir frádráttarliðir laganna hækkaðir í samræmi við hækkun á álagningarstofninum, skatthlutföll í skattstiga eru lækkuð, persónuafsláttur, barnabætur og barnabótaauki hækka. Frv. felur einnig í sér að lagaákvæði um barnabótaauka verði gerð ótímabundin með þessum lögum en þau hafa verið tímabundin fram til þessa. Skattfrelsis-

mörk eignarskatts eru hækkuð í hlutfalli við áætlaðar breytingar á fasteignamati. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem áður hefur verið mörkuð í því efni.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess í upphafi þessarar umræðu að fara fleiri orðum um efni frv. Það hefur þegar fengið umfjöllun og afgreiðslu í hv. Nd. og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á skattalögum sem miða að því markmiði að efna það stefnumark fjárlagafrv. að tekjuskattur lækki um 300 millj. kr. Þessi lækkun á tekjuskatti, um 300 millj. kr., hlýtur auðvitað að skoðast í ljósi þess að ríkissjóður tekur með valdboði af tekjustofni sveitarfélaga nokkurn veginn sömu upphæð, 300 millj. kr., með skerðingu á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þarna er því um skattaskipti að ræða. Fjmrh. tekur 300 millj. af sveitarfélögunum og síðan verða þá sveitarfélögin að útvega sér þessar 300 millj. með hækkunum á öðrum sköttum. Þess sjást nú greinileg merki að sveitarfélögin eru í óðaönn að afla sér þessara tekna. Fasteignaskattar eru víða ákveðnir nokkuð ríflega og hætt við því að útsvarsprósentur séu í hámarki vegna þess að sveitarfélögin eru að útvega sér þessar 300 millj. kr. sem ríkið tekur frá sveitarfélögunum jafnhliða því sem það býður upp á 300 millj. kr. skattalækkun sem á að heita skrautfjöður í hatti hæstv. fjmrh.

Þessi skattalækkun verður líka skoðuð í öðru ljósi. Hún er að sjálfsögðu skoðuð í því ljósi að fjmrh. tók meiri skatt á liðnu skattári, þ.e. við álagningu skatta í sumar, en ráð var fyrir gert. Hann hækkaði skatta um 600 millj. kr. umfram það sem ráð var fyrir gert með því að skattvísitala var verulega miklu lægri en efni stóðu til og samsvaraði tekjubreytingum milli ára og þessi skattahækkun sem átti sér stað á því ári sem er að líða, upp á 600 millj. kr., stendur að sjálfsögðu áfram. Hún er komin inn í kerfið og meðan henni er ekki beinlínis skilað til baka stendur hún áfram, þannig að þegar fjmrh. býður upp á 300 millj. kr. skattalækkun er hann í raun og veru bara að skila helmingnum af því sem hann tók í sumar. Þannig eru margar hliðar á þessu máli og auðvitað er alveg ljóst að það er ekkert annað en vondur brandari að verið sé að lækka skatta með þessum ákvörðunum.

Um tekjuskattsmálin að öðru leyti vil ég segja það eitt að auðvitað er það skatturinn á fyrirtækin, sérstaklega félagaskatturinn, sem er veiki punkturinn í skattakerfi landsmanna. Hin fjöldamörgu ívilnunarákvæði sem þar er að finna í þágu fyrirtækjanna skerða tekjur ríkissjóðs um upphæð sem sennilega er einhvers staðar á milli 1000 og 1500 millj. kr. Auðvitað er það stóra verkefnið, eins og við Alþýðubandalagsmenn höfum lagt þunga áherslu á mörg undanfarin ár, að ryðja til í þessum frádráttafrumskógi og afla ríkissjóði verulega aukinna tekna með því að láta fyrirtækin í landinu greiða eðlilegan hluta sinn af sameiginlegum byrðum landsmanna. Ef þetta væri gert skapaðist vissulega svigrúm til að betrumbæta skattakerfið að öðru leyti. Þá fengjust hugsanlega tekjur sem hægt væri að nota til að framkvæma það stefnumál sem ríkisstjórnin hefur viljað beita sér fyrir en hefur ekki staðið við, þ.e. að hækka skattfrelsismörk mjög verulega, afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Það er mjög álitlegt stefnumark. Eðlilegast væri auðvitað að skattfrelsismörkin yrðu hækkuð mjög verulega en eins getur auðvitað komið sterklega til greina að hækka líka barnabætur mjög verulega eða gera hina miklu uppstokkun á skattakerfinu sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið voru að óska eftir með því að sameina útsvar og tekjuskatt.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um stefnumótun í skattamálum. Það gefst tækifæri síðar til að ræða þessi mál. Ég hef látið þessi orð falla fyrst og fremst til að minna á að þessi svokallaða skattalækkun ríkisstjórnarinnar upp á 300 millj., sem auðvitað er engin skattalækkun í eðli sínu, er um leið óttalegur „tittlingaskítur“ miðað við þau stóru viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir í tekjuskattskerfinu og ég hef nú nefnt.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það virðist skynsamlegt miðað við þá tímatöflu sem við horfum fram á að lengja ekki um of umræðuna við 1. umr. um þetta frv. Þetta er orðin spurning um það núna hvort maður afgreiðir frv. fyrir eða eftir kaffi en tíminn sem við höfum til þess að skoða ítarlega jafnviðamikil mál eins og þetta er ekki ýkja mikill.

Ef ég á að segja álit mitt í sem fæstum orðum um þetta frv. tek ég undir með hv. 3. þm. Norðurl. v. að þessi skattalækkun er ekki annað en svokölluð skattalækkun þar sem hún er fyrst og fremst bara flutningur á sköttum. Í öðru lagi er það mjög áberandi að menn skuli ekki bregðast við því ranglæti sem öllum virðist nú vera orðið ljóst að skattakerfi okkar býr yfir. Þá á ég annars vegar við óréttlætið gagnvart einstaklingunum, þ.e. frv. uppfyllir ekki það markmið að jafna tekjur manna, þvert á móti virðist það stuðla mjög mikið að ójöfnuði. Það er upplýst samkvæmt könnun sem gerð var á sköttum þeirra sem laun þiggja hjá því opinbera að 42% starfsmanna hins opinbera hafa tekjur á bilinu 42 000–73 000 kr. og 49% þeirra afla 73 000 kr. tekna og meira. Það er þetta fólk sem ber aðlskattbyrðina. Af hverjum 100 kr. sem það vinnur sér inn á bilinu 42 000–73 000 kr. fara 40 kr. í skatta og af hverjum 100 kr. sem það vinnur sér inn umfram 73 000 kr. fara 49,50 kr. í skatta eða tæpar 50 kr. Þessu samfara horfir maður líka upp á það mikla ranglæti að fyrirtækin taka ekki nema sáralítinn þátt í þessari tekjujöfnun, tekjuskattar á fyrirtæki eru óheyrilega lágir á Íslandi. Ég nefndi það í umræðu um annað mál að af 10 600 framteljandi fyrirtækjum á Íslandi greiða aðeins 2800 þeirra

tekjuskatt á líðandi ári.

Þessi heildarmynd öll segir manni það að þeir sem leggja fram frv. til laga eins og það sem við erum að ræða eru beinlínis að leggja það til að viðhalda þessu mikla ranglæti eitt ár í viðbót. Maður hlýtur að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum hafa þessir menn ekki tekið til hendinni og lagt fram nýtt frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt til þess að breyta þessu ranglæti í eitthvað sem maður gæti þó kannast við að væri réttlæti? Hvers vegna á að viðhalda ranglætinu eitt ár til viðbótar?

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gagnrýndi þetta atriði einnig í ræðu sinni áðan. En það má náttúrlega með fullum rétti segja við hann að ranglætið sem það skattkerfi býr yfir sem við erum að tala um núna er ekki nýuppgötvað. Það hafa menn þekkt nokkuð lengi og gagnrýnt nokkuð lengi. Það má segja að gagnrýni af hans hálfu akkúrat á þennan þátt málsins sé e.t.v. ekki á mjög sterkum grunni byggð vegna þess að maður gæti þá spurt hann í því tilviki hvers vegna í ósköpunum hann tók ekki til hendinni þegar hann stýrði embætti fjmrh. eða stóð að ríkisstjórn.

Ég mun ekki, herra forseti, tefja tímann meira í umræðu um þetta frv. heldur reyna að stuðla að því að það komist sem allra fyrst til nefndar þannig að nefndin geti fjallað um það og gefið sér þann tíma til þess sem hún þarf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 353, n. 395.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. -- Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Hér er í raun um að ræða framreikning á frádráttarliðum. Í fyrsta lagi vegna fasts frádráttar, í öðru lagi vegna frádráttar vegna barna og í þriðja lagi þegar um er að ræða að fella niður útsvar sem nemur lægri fjárhæð en hér stendur í þriðja lið. Það var flutt brtt. við þetta frv. í Nd. Sú brtt. var flutt einfaldlega vegna þess að tekjubreytingar á milli áranna 1985 og 1986 urðu aðrar en fyrr hafði verið spáð, eða 35% í stað 31%.

Félmn. leggur eindregið til að þetta frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, 1. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða o.fl.). — Þskj. 286.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli. Efni þessa frv. er tvíþætt: Í fyrsta lagi það að fangaverðir megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun og er það í samræmi við ákvæði frv. sem var rætt í gær um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og afgreitt með breytingu sem náði til fangavarða. Hins vegar er það að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Um það er að ræða að inn í þessi lög komi ákvæði sem veiti fangavörðum sambærilegan rétt við það sem lögreglumenn hafa nú og er í lögum um þá.

Þar sem fjh.- og viðskn. hefur þegar fjallað um efni þessa frv. í öðru frv., eins og ég sagði, tel ég eðlilegt að hún fjalli einnig um þetta frv. þó að öðru leyti heyri þessi lög undir málefni allshn. og að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

26. fundur, fimmtudaginn 18. des., að loknum 25. fundi.

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Fundum þessarar hv. deildar hefur verið frestað til kl. 20.30 í kvöld. Ég hef heyrt að hv. Nd. muni ekki halda fundi í kvöld og að þar eigi eftir að vinna þó nokkuð mikil nefndarstörf til þess að deildin geti haldið áfram störfum. Ég spyr því hv. forseta hvort nokkur ástæða sé til þess nú í annað skiptið í röð að halda kvöldfund hér í hv. deild. Greinilegt er að á næsta kvöldi, föstudagskvöldi, verður hér kvöldfundur þannig að æskilegt

væri að deildarþingmenn slyppu við það að hafa kvöldfund í kvöld. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til þess að í þessari hv. deild verði kvöldfundir frekar en í hv. Nd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði að hér eru miklar annir og mikið lagt á hv. þingdeildarmenn í hv. Ed. sem og neðri varðandi vinnutíma. En forseti hafði það á tilfinningunni að hv. þm. væru tilbúnir að leggja á sig nokkra vinnu ef það mætti verða til þess að hægt væri að ljúka þingstörfum í þessari viku. Forseti hafði skilið það svo að hv. þingdeildarmenn væru betur undir það búnir að koma til kvöldfundar en á fundinn nú þar sem ekki eru öll nál. tilbúin til þess að taka fyrir þau mál sem áttu að vera á dagskrá. Ef frekari mótmæli koma við því að kvöldfundur verði verður forseti að sjálfsögðu að hlíta því og taka málið til endurskoðunar.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það hefur út af fyrir sig ekki verið rætt neitt með formönnum þingflokka eða forsetum hvernig þingstörfum verður hagað núna á næstunni. Við höfðum vissulega gert ráð fyrir því að þessi dagur nýttist. En svo hefur farið að menn hafa þurft að líta á mál í nefndum og við bíðum eftir að nefndir skili af sér. Það verður auðvitað að líta á það að við erum nú þegar búin að hafa heilmikil störf að kvöldlagi í þessari viku og eigum sennilega kvöldfund fyrir höndum á morgun þannig að ég tek mjög undir með hv. síðasta ræðumanni. Mér finnst að athuga þurfi það gaumgæfilega hvort það er endilega bráðnauðsynlegt eða heppilegt að hafa fund í kvöld úr því að upplýst er að Nd. ætlar ekki að hafa fund. Það er nýtt í málinu. Það vissi ég ekki og mér sýnist að með tilliti til þeirra upplýsinga væri mjög æskilegt að forseti tæki það til athugunar hvort ekki væri rétt að sleppa fundi í kvöld, í öllu falli væri kannske hægt að gera stutt hlé núna og ræða málið og fara yfir það hvernig mönnum sýnist að auðveldast væri að skipuleggja þetta á næstu tveimur sólarhringunum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur tekið undir það að það var nýtt í málinu fyrir hann einnig að ekki yrði kvöldfundur í hv. Nd. og þess vegna er greinilegt að það er nauðsynlegt að taka þetta mál til athugunar þó forseti vilji aðeins minna hv. þingdeildarmenn á að þessi hv. þingdeild getur unnið sjálfstætt án aðstoðar hv. Nd. ef því er að skipta.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekkert nýtt að annir séu á þessum tíma og það er ekkert nýtt að haldnir séu kvöldfundir. Hins vegar erum við öll áreiðanlega sammála um það að reyna að komast hjá því eftir því sem unnt er. Það hefur verið haldinn einn fundur með þingflokksformönnum og forsetum, fyrir fáeinum dögum, þar sem var rætt um þessi mál og skipulagningu vinnunnar. Ég hafði m.a.s. vænst þess að annar slíkur fundur yrði haldinn. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að halda slíkan fund núna og ræða það hvernig menn vinna þessi mál næstu daga. Ekki eru menn að skorast undan sinni vinnu hér en hins vegar er sjálfsagt að hagræða vinnunni og skipuleggja hana þannig sem best má verða og inni í því er auðvitað falið að komast hjá löngum kvöldfundum á hverju einasta kvöldi núna, og að þeir fundir geti farið fram með eðlilegum hætti. Þess vegna held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt núna að þingflokksformenn og forsetar ræði þessi mál, og þegar ég segi núna meina ég núna á næsta klukkutímanum.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. landsk. þm. sagði. Það er óhjákvæmilegt að halda fund forseta og formanna þingflokka til þess að ráðgast um þinghaldið. Ég fyrir mitt leyti hafði gert ráð fyrir því að það yrði gert og rétt áður en ég gekk hingað til þessa fundar ræddi ég það við forseta Nd. en var ekki búinn að koma því við að tala við forseta Ed. vegna þess að hann var önnum kafinn við fundarstjórn þegar ég kom í salinn. Við skulum því gera ráð fyrir að þessi fundur verði haldinn.

En við erum í vanda. Hvers vegna? Það er af því að við erum með það í huga að gera hlé á þinghaldinu fyrir helgina. Upphaflega vorum við að tala um hvort það gæti orðið á föstudag eða á morgun. Það er nú sýnt að það getur ekki orðið fyrr en á laugardag. En þegar við erum að ræða um vanda núna varðandi þinghaldið er spurningin um það hvort það tekst eða hvort það er almennur vilji fyrir því að ljúka þinghaldinu fyrir helgi eða ekki. Ef vilji er fyrir því þurfum við öll að hjálpast að við að gera það mögulegt, en það verður greinilega ekki mögulegt nema með því að halda þingfundi í deildum á afbrigðilegum tíma. Ef þingfundur verður ekki í kvöld í Ed. er spurning hvort þingfundur getur orðið fyrir hádegi á morgun eða hvort þingfundur getur orðið fyrir hádegi á laugardag. Ég varpa þessu aðeins fram. Ég er ekki að gera tillögu um þetta, en þetta er til að undirstrika það að við eigum einskis annars úrkosta en að halda fundi á óreglulegum tímum ef við ætlum að gera hlé á þinghaldinu n.k. laugardag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er málið væntanlega upplýst að því leyti að það verður boðað til fundar með formönnum þingflokka og forsetum til að ræða þessi mál. En það er kannske rétt að minna á það að lítið hefur verið um fundarstörf í þessari hv. deild í dag. Það var stuttur fundur og tíminn hefur þess vegna verið notaður fyrir nefndarstörf og var auðvitað slæmt að ekki var hægt að nýta hann betur. Þess vegna taldi forseti að menn væru yfirleitt sammála um að þetta mundi þróast í kvöldfund af þeim sökum. Væntanlega

munu þessi mál þá skýrast. Þessum fundi verður þá frestað núna, ekki til kl. 20.30 heldur aðeins um skamman tíma á meðan fundur formanna þingflokka og forseta stendur yfir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (lækkun útsvars). — Þskj. 353.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, BD, DA, EgJ, JHelg, JK, KSG, KolJ, RA, SkA, StB, VI, ÞK, SalÞ.

SDK greiddi ekki atkvæði.

5 þm. (ÁJ, EG, EKJ, HÓ, HS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 457).

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er líkast til um hálfur annar tími eða svo, kannske heldur meira, síðan sjútvn. fjallaði um 246. mál, Ríkismat sjávarafurða. Ég hef fyrir nokkru síðan lagt fram nál. mitt til skrifstofustjóra og það er verið að ganga frá því. Ég fer þess á leit að umræðu um það verði frestað þar til nál. hefur verið dreift.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði ekki gert sér grein fyrir því að nál. væri ekki komið inn á borð þm. og þess vegna er sjálfsagt að athuga það mál. Það er e.t.v. rétt að nota tímann á meðan til þess að greina frá því að eftir þann fund sem haldinn var með forsetum og formönnum þingflokka, hefur niðurstaðan orðið sú að hér verður ekki kvöldfundur í kvöld og það verða fundir í þessari hv. deild eftir fundi í sameinuðu þingi á morgun.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ekki neitt nöldur heldur bara einföld spurning. Er þá ekki meiningin að halda fleiri fundi en þann sem við erum á í dag?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef hv. 8. þm. Reykv. var að spyrja hvort ekki verði fleiri fundir í þessari hv. deild í dag er það rétt. Þessi fundur getur staðið til kl. 7 og síðan verður ekki um meiri fundarstörf að ræða í þessari hv. deild þar sem það er ósk manna að svo verði ekki og það var ákveðið á þeim fundi sem ég skýrði frá að hefði verið haldinn áðan.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að hér er ekki alfarið og eingöngu um óskir manna að ræða heldur var það niðurstaðan af sameiginlegum fundi forseta og þingflokksformanna að þingstörfin gætu gengið fyrir sig með þessum hætti, þ.e. að fjárlagaumræðan hæfist í Sþ. á morgun kl. 14 og síðan yrðu deildafundir um kvöldið þar sem væntanlega yrði hægt að ljúka við þau mál sem eftir eru. Ef það reynist ekki unnt er auðvitað unnt að halda deildafundum áfram á laugardagsmorgun og er ekkert því til fyrirstöðu. Ég held að það sé kannske ekki eingöngu vegna óska eða með tilliti til þm. heldur sé einnig verið að taka eðlilegt tillit til starfsfólks Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. landsk. þm. hefur nú skýrt þetta mál betur en forseti gerði hér í upphafi og þá fer það væntanlega ekkert á milli mála hvernig þingstörfum verður háttað og ég þakka honum fyrir að hafa gefið þær skýringar sem hann gaf sem eru réttar.

Ríkismat sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352, n. 431 og 434, brtt. 402, 439.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Það frv. sem er til umræðu fjallar um breytingu á lögum um Ríkismat sjávarafurða. Eins og fram hefur komið við framlagningu þess s.l. nótt er það rétt að mjög skammur tími er til stefnu fyrir þessa hv. deild að fjalla um þetta mál eins og allir hefðu óskað. Ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir það hvað þeir tóku þessu máli af mikilli þolinmæði, að reyna að gera það besta úr því þannig að við gætum afgreitt það úr deildinni fyrir jólaleyfi. Ég vona nú að álit minni hl. sjútvn., Skúla Alexanderssonar, sé komið á borðin þannig að við getum hafið þessa umræðu sem ég ætla af minni hálfu ekki að hafa langa.

Í sem stystu máli er þetta á þann veg að þetta mál er afgreitt úr Nd. og hún samþykkir með breytingu sem hingað er komin til okkar þetta frv. og meiri hl. nefndar þessarar hv. deildar vill taka undir það og ganga að samþykkt þess eins og það kemur frá Nd.

Þennan meiri hl. skipa auk mín Björn Dagbjartsson, Kolbrún Jónsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jón Kristjánsson og Árni Johnsen með fyrirvara.

Það nál. sem við látum frá okkur fara hljóðar þannig:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sjútvrn., Félagi fiskmatsmanna og Félagi starfsmanna Ríkismats sjávarafurða. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands gátu ekki mætt á fundi nefndarinnar.“ Við gerðum til þess ítrekaðar tilraunir að *finna tíma hjá þeim en þeir gátu ekki mætt til viðtals* við nefndina vegna anna þannig að þá urðum við að sjálfsögðu að sleppa því viðtali.

Það sem þetta frv. felur í sér er eingöngu að lagt skuli niður svokallað ferskfiskmat sem hefur verið í gildi og sett var í lögin 1984 í maímánuði. Við lögðum þá mikla vinnu í það að stokka upp þetta kerfi og koma á þessu ríkismati en núna við nánari athugun þykir rétt að fella það niður. Allir þeir aðilar sem við ræddum við í dag, allur sá fjöldi sem er fulltrúar þeirra sem við áttum viðræður við, voru undantekningarlaust, get ég sagt, meðmæltir því að þetta yrði fellt niður.

Meginbreytingin er sú að nú er það vinnslan sjálf og sjómenn og útgerðarmenn sem koma sér saman um það mat sem framkvæmt verður og verðið á þeim fiski sem keyptur er. Ég hef ekki frétt af þeim fundi sem ég held að standi yfir í Verðlagsráði sjávarútvegsins um það hvort þeir ná samstöðu um að taka upp svokallað frjálst verð en hætta með verðlagsráðsákvæðin. Það er mikill áhugi margra aðilanna fyrir að gera það. Ef það dæmi gengur í gegn ýtir það enn frekar undir að þessi deild, ferskfiskmatið, er ónauðsynlegri en hún var hjá Ríkismatinu.

Sú breyting sem lagt er til að gerð verði er skref í þá átt að draga úr þeirri miðstýringu, getum við sagt, sem verið hefur. Auðvitað þurfum við að hafa okkar mat og einkum er áríðandi fyrir okkar útflutningsafurðir að tryggilega sé frá því gengið að við sendum ekki vöru á markað sem ekki stenst fyllstu kröfur. Alls staðar hjá fiskvinnslustöðvunum eru matsmenn sem eru þar ábyrgir fyrir vinnslunni og eiga ekki að taka hráefni til vinnslu nema það sé öruggt, *annars kemur það þeim í koll þegar varan er* flutt út. Þetta mál á því að vera hægt að leysa, en auðvitað tekur það einhvern tíma, eins og gildir um öll slík mál, að aðlagast breyttum aðstæðum. Það er það sem sumum nefndarmönnum finnst einkum kvíðvænlegt og veit ég að það á við um hv. 4. þm. Vesturl., eins og sést af minnihlutaáliti hans. Hann vill fresta *gildistöku frv. sem á að vera nú um* áramót. Hann vill fresta henni til þess að aðilar fái tíma til að aðlaga sig hinum breyttu aðstæðum sem af þessu leiðir. Mín skoðun er sú að ef slíkt skal ske sé engin bót að því að draga það. Það er þá farið að tíunda alls konar erfiðleika sem vilja koma upp. Best er að gera svona breytingu með nokkuð snöggum hætti svo að menn verði að takast á við þetta strax en ekki geyma það of lengi.

Ég sagði að það væri spor í rétta átt að leggja ferskfiskmatið niður. En ég held að ekki verði hjá því komist að að líta frekar á þessi mál almennt, hvernig Ríkismatið verði uppbyggt, passa að ekki verði of mikið af toppum, ef svo má segja, í þeirri stofnun. Ferskfiskmatið er horfið þaðan núna og ef fleiri þættir hverfa þarf færra fólk. Helst er þörf fyrir þá aðila sem gagngert starfa við útflutningsframleiðsluna og geta verið þar, eins og kemur fram í þessu frv., sem nokkurs konar hæstiréttur ef við*semjendur um kaup á fiski þurfa á* að halda, kalla til yfirmat, en þá verða þeir að greiða það sjálfir sem til kalla. Þarna er því um verulegan sparnað að ræða fyrir ríkið eða þessa stofnun á vegum ríkisins. Við þurfum að taka, að mér sýnist, frekar á í þessum efnum en ég tel þetta vera spor í rétta átt.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta að sinni en hef lagt fram álit meiri hl. sjútvn. í þessum efnum.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á Ríkismati sjávarafurða. Innan nefndarinnar varð ekki samkomulag um að skila sameiginlegu nál. þó að það væri ansi langt frá því að nefndin væri ósammála um stefnu frv.

Ég held að segja megi að við í nefndinni höfum öll viðurkennt að það sem verið er að leggja niður, þ.e. ferskfiskmat Ríkismats sjávarafurða, hafi oft og tíðum skilað frekar litlum árangri. Því væri sjálfsagt að leita einhverra annarra leiða til þess að ná því markmiði að sá afli sem að landi berst og unninn er hér heima, og reyndar fluttur líka ferskur á erlendan markað, verði betri. En vitaskuld hlýtur það að vera markmið gæðaeftirlits þó að það hafi ekki verið nefnt í þessari umræðu að ég held fyrr en núna hjá hv. 3. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. nefndarinnar. Það hefur verið talað um allt önnur atriði þegar fjallað hefur verið um þessa lagabreytingu. Það hefur verið talað um sparnað hjá Ríkismati sjávarafurða og um stefnu og hugmyndir hagsmunaaðila og annað eftir því, en aðalatriðið hefur lítið verið til umræðu að ég tel. Vil ég reyndar ekki alveg fullyrða þetta en ég minnist þess ekki nema í ræðu hv. 3. þm. Vesturl.

Þetta frv. hefur átt svolítið sérkennilega leið hér í gegnum þingið. Það var lagt fram í hv. Nd. hinn 10. desember eftir að frést hafði um ferð þess og undirbúning að gerð þess allar götur frá því að þing kom saman í haust. Jafnvel höfðu menn haft veður af *því nokkru fyrr að til stæði að leggja ferskfiskmat* Ríkismats sjávarafurða niður og afhenda það gæðamat seljendum og kaupendum fersks afla. En af einhverjum sérstökum ástæðum kemur ekki frv.

fram fyrr en eins og ég segi 10. desember. og það hefur verið til umræðu og umfjöllunar í hv. Nd. síðustu sjö daga og þykir ekki mikið með jafnviðamikið og mikilsvert mál sem þetta. Vitaskuld er það allt of stuttur tími sem hv. Nd. fékk til þess að fjalla um þetta mál, enda hafði virðuleg sjútvn. Nd. ekki tíma til þess að ræða við alla þá sem hún kallaði til skrafs um málið. Svo þurfti nefndin að flýta sér. Ég efast ekkert um að hv. nm. í Nd. hafi komist að rökrænni niðurstöðu þótt þeir spjölluðu ekki við fleiri en þessa, þ.e. annan hluta hagsmunaaðilanna, í sambandi við þetta mál. Fyrst og fremst voru það kaupendur, sem þeir ræddu við, reyndar við hálfan seljanda, þ.e. fulltrúa útvegsmanna, Kristján Ragnarsson. Hann verður hálfur í þessu tilfelli af því að hann verður ekki heill nema Óskar sé með honum en þá verður hann fullgildur fulltrúi seljenda.

Það var vitaskuld mjög mikilsvert að hv. sjútvn. Nd. skyldi ræða við þá höfðingja sem hún ræddi við, þ.e. þennan hlutann, en það var náttúrlega jafnhvimleitt að ekki skyldi takast að spjalla við fulltrúa sjómanna. Það kemur síðan á daginn, nú þegar við höfum nokkra klukkutíma til umráða til þess að fjalla um þetta mál, að fulltrúar sjómanna eru það önnum kafnir við ýmiss konar skyldustörf, samninga uppi í Garðastræti, í þeirri miklu stofnun, og úti í verðlagsráði, að þeir höfðu ekki tíma meðan við vorum að störfum, sjútvn. þessarar hv. deildar, til þess að koma til okkar og spjalla við okkur um málið. Þetta sýnir að allt of mikill hraði hefur verið hafður á og það ber að átelja slík vinnubrögð. Vitaskuld er hér á ferðinni þannig lagað mál að það þurfti ekki aðeins að kalla til fulltrúa hagsmunaaðila. Það þurfti að senda út frv. og leita skriflegs álits, ekki endilega frá miðstjórnararvaldinu hér í Reykjavík heldur frá ýmsum aðilum úti um land, kannske fyrst og fremst vegna þess að það sem hér er verið að samþykkja verður að mörgu leyti erfiðara í framkvæmd víða úti um land en hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. M.a. verður sums staðar miklu erfiðara að fá hina svokölluðu yfirmatsmenn, ef þá þarf að sækja til úrskurðar, úti um land en hér á þessu svæði. Ef um einhver mistök verður að ræða eða vandræði í kringum þetta í byrjun verður miklu erfiðara að leysa þau úti um land. Þess vegna hefði verið nauðsynlegt að leita álits útvegsmannafélaga, sjómannafélaga og fiskvinnslustöðva úti um land og heyra þeirra álit þó að ég efist ekki um að skoðanir þeirra fulltrúa hér séu vel marktækar gagnvart toppnum á þessum stofnunum. Ég efast um að undir þessum kringumstæðum sem nú eru séu þær fullkomlega marktækar gagnvart öllum félögum þessara aðila, enda kom það í ljós í viðræðum okkar við þessa menn að einn fulltrúinn undirstrikaði það, þ.e. Sigurður Haraldsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, að hann væri ekki kominn þar sem fulltrúi allra félaga þeirra samtaka. Þeir væru nú reyndar um 250 eða svo (Gripið fram í.) eða jafnvel 350, hv. þm., og hann undirstrikaði það að hann væri ekki að tala fyrir munn þeirra allra. Þess vegna hefði verið æskilegt og nauðsynlegt að okkur hefði gefist tími til þess að senda þetta frv. til umsagnar til þeirra aðila sem ég nefndi áðan.

Það hefði kannske ekki endilega verið nauðsynlegt að senda þetta til þessara 350 saltfiskframleiðenda en ég held að það hefði þó verið sérstaklega nauðsynlegt að senda það til sem flestra sjómannafélaga úti um landið þannig að þeir sem eiga tekjur sínar fyrst og fremst kannske undir þessum úrskurði og þessari framkvæmd, þ.e. launþegarnir sem þetta snertir, hefðu möguleika til þess að svara fyrir sig. Mig grunar hálfpartinn að fulltrúar sjómanna, þó að ég ætli ekki að túlka þeirra skoðun úr ræðustól á Alþingi þegar þeir hafa ekki getað komið til okkar, eða forusta sjómannasamtakanna, önnur en sú sem kom til okkar í dag, sé að nokkru leyti meðmælt þessu máli, hún muni ekki hafna þessu.

Þá var umfjöllun á Sjómannasambandsþingi á þann veg að ályktun þess getur engan veginn talist stefnumarkandi í þessu máli. Það bendir ákveðið til þess að þar hafi að einhverju leyti verið skiptar skoðanir en menn hafi leyst málið á svolítið diplómatískan hátt eins og sumum ágætum nefndarformönnum í þessari hv. deild tekst oft og tíðum.

Að mínu mati hefði því verið mjög nauðsynlegt að senda þetta frv. til umfjöllunar í sjómannafélögunum og til ýmissa annarra hagsmunaaðila sem tengjast þessu úti á landi. Ég held að það hefði verið farsælasta lausnin á þessu máli ef hæstv. sjútvrh. hefði fallist á þá beiðni mína í gær að málinu yrði eingöngu vísað til sjútvn. hv. deildar og málið unnið síðan betur, bæði á vettvangi nefndarinnar og þeirra aðila sem við blasir að eiga að taka við þessu verkefni, fram að þeim tíma sem þingið kemur saman aftur til fundar hinn 19. janúar. Þá hefðum við getað afgreitt þetta hér í deildinni á fyrstu þingdögum og yfirbragð málsins hefði verið allt annað ef það hefði verið samþykkt á grundvelli þess að um það hefði verið fjallað víðar í þjóðfélaginu en gert hefur verið. Ég er ekki í neinum vafa um að fyrir þá aðila sem nú telja sig reiðubúna að taka við þessu hlutverki Ríkismatsins hefði verið ákjósanlegt að vita að hér á hv. Alþingi væri samstaða um að afgreiða málið eftir ákveðinn tíma. Þeir hefðu þá getað á þessu tímabili markað sér stefnu í því hvernig þeir ætluðu að taka við þessu verkefni og sinna því á þann bestan máta sem þeir hefðu getað fundið leiðir til. Ég er ekki í neinum vafa um að þessir aðilar allir hafa það að leiðarljósi sem ég nefndi áðan og þegar þetta fer í þeirra hendur munu þeir keppa að því að út úr þessu komi betri afli, betra hráefni en verið hefur hingað til, þetta verði sem sagt framfaraspor. En ég er hræddur um að sú afgreiðsla sem málið hlýtur núna geti orðið til þess að þetta verði miklu frekar spor aftur á bak en áfram. Við sem höfum verið óánægðir með starfsemi Ríkismats sjávarafurða á undanförnum árum stöndum því frammi fyrir því að verða enn þá óánægðari með starf-

semi þeirra aðila sem eiga að taka við þessu verkefni ef þetta frv. verður að lögum sem allt virðist benda til.

(**Forseti:** Þar sem hér eru auðheyrilega greinaskil í ræðu hv. þm. vek ég athygli á því að nú eru aðeins tvær mínútur þar til þessum þingdeildarfundi lýkur og þar með fundum í þessari hv. deild í dag. Þess vegna er nauðsynlegt að fresta fundi og þar með ræðu hv. 4. þm. Vesturl.)

Það er, ég segi ekki þegið með þökkum en þeim úrskurði er tekið.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

27. fundur, fimmtudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, ein umr.

Stjfrv., 211. mál (heildarlög). — Þskj. 398 (sbr. 226).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar hér í deildinni, en því var breytt í Ed. til samræmis við lagafrv. sem þá var búið að samþykkja hér í Nd., þ.e. lög um fangaverði. Þeir voru teknir með þeim stéttum sem ekki mega fara í verkfall. Þetta er einungis til samræmis. Ákveðið var með þeim lögum að þeir fylgdu lögreglumönnum. Þess vegna þarf þetta mál að koma hér fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að kalla nefndina saman. Það er sjálfsagt leiðréttingaratriði sem hér er um að ræða og ég mæli með því að frv. um kjarasamninga verði samþykkt svo sem það liggur hér fyrir eftir 3. umr. í Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 446).

Verkfall flugvirkja og flugvélstjóra hjá Arnarflugi hf., 3. umr.

Stjfrv., 87. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 87.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 447).

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222, n. 392.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Þetta er nál. iðnn. sem hefur tekið frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt. Undir það skrifa allir nefndarmenn, þ.e. Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Einarsson, Hjörleifur Guttormsson, Gunnar G. Schram og Ingvar Gíslason. Einn nefndarmanna, Birgir Ísl. Gunnarsson, var fjarstaddur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163, n. 393.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. iðnn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 393 um breytingu á lögum um Iðntæknistofnun Íslands. Þetta er álit iðnn. Hún hefur tekið þetta frv. til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt. Undir það skrifa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Einarsson, Hjörleifur Guttormsson, Gunnar G. Schram og Ingvar Gíslason.

Hér er um að ræða heimild til Iðntæknistofnunar að eignast minnihlutaaðild í fyrirtækjum sem endurgjald fyrir veitta þjónustu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Verkfall félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 119.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 448).

NEÐRI DEILD

28. fundur, fimmtudaginn 18. des., að loknum 27. fundi.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Hér liggur fyrir í deildinni dagskrá 27. fundar með níu málum, en það er búið að boða og setja hér fund með dagskrá upp á 14 mál. Verður það að teljast heldur flaustурslegt ef svo hratt þarf að reka trippin að það sé ekki einu sinni séð ástæða til að dreifa dagskránni því að venjulega er það nú svo að fyrri dagskrá er með nöfnum þeirra mála sem taka á fyrir, en hér stendur þannig á að þeirri dagskrá hefur aldrei verið útbýtt með nöfnum málanna sem ætlað er að ræða.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Þetta verður tekið til athugunar og ég geri ráð fyrir að það líði ekki á löngu áður en þessi dagskrá kemur hér fyrir almannasjónir. En hún var kynnt í upphafi fundar.

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (Útflutningsráð Íslands). — Þskj. 222.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 449).

Iðntæknistofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 153. mál (aðild að þróunarfyrirtækjum). — Þskj. 163.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 450).

Norræn fjárfestingarlán, 2. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333, n. 407.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 407 um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til útflutningsverkefna. Þetta er nál. frá fjh.- og viðskn. sem mælir einróma með samþykkt frv. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi nefndarinnar, er samþykk afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 348, n. 408, 409 og 410.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 408 frá meiri hl. fjh.- og viðskn., sem hefur athugað þetta frv., og leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt í Ed. Undir þetta rita Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Guðmundur Bjarnason.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í samræmi við þær till. sem ég flutti við skattalögin og afgreiddar voru í gær legg ég til að þessu frv. verði hafnað þar sem ekki sé skynsamlegt að auka fjárfestingu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og ríkissjóði veiti ekki af þeim tekjum sem niðurfelling heimildarinnar hefði í för með sér.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í umræðum síðustu daga höfum við Alþýðuflokksmenn lagt sérstaka áherslu á nauðsyn þess að grisja frádráttafrumskóg skattalaganna. Eitt fyrsta skrefið í þá átt ætti að vera að draga úr frádráttarheimild af því tagi sem hér um ræðir. Þess vegna mæli ég ekki með samþykkt frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur nokkra undrun þegar þetta mál er hér til afgreiðslu hve stuttorðir ræðumenn stjórnarandstöðunnar eru. Það er eins og þeir séu að hraða þessu máli í gegnum þingið með þeim vinnubrögðum að rétt nenna að tala fyrir nál. Ekki er það nú beysin frammistaða.

Hvaða mál er hér á dagskrá? Jú, það er verið að takast á um það í þinginu hvort sanngjarnt sé að veita mönnum skattafrádrátt ef þeir leggja fyrir fé til atvinnurekstrar. Það vita allir sem eitthvað þekkja til að einfaldasta leiðin til að fara í kringum skattalög eru einmitt svona ákvæði. Það eru bankastjórarnir sem ráða sköttunum ef þessi stefna á að halda áfram. Maðurinn slær sér einfaldlega lán fyrir upphæðinni til að hafa á hreinu að hann hafi lagt þetta fyrir. Við erum búnir að skerða hér fleiri, fleiri sjóði til alls konar verkefna í landinu, en rétt manna til að leggja fyrir fé til atvinnurekstrar má ekki skerða. Þeirri skattaglufu skal haldið opinni og fylgt fram. Og hvað með stjórnarandstöðuna sem hefur sérstakan áhuga á endurbótum skattakerfisins? Er henni ekki ljóst að þetta mál er komið á elleftu stundu frá ríkisstjórninni? Er henni ekki ljóst að það er auðveldara en allt annað að drepa málið ef einhver áhugi er fyrir? En það er enginn áhugi. Ekki nokkur áhugi hjá stjórnarandstöðunni að drepa málið. (**GJG:** Ríkisstjórnin er í tíu atkvæða meiri hluta.) Hv. 7. þm. Reykv. hefur setið hér í salnum í allan dag. Ég hef ekki orðið var við þennan mikla meiri hluta í skrifarasætinu. Ég hef ekki orðið var við annað en að forseti hafi haft nóg að gera við að liggja á bjöllunni til að ná saman liði. Engu að síður liggur fyrir að stjórnarandstaðan vill hleypa hér í gegn á silfurfati máli sem er auðvelt hjá henni að drepa ef nokkur áhugi er til staðar. Mig undrar að svo dáðlaus stjórnarandstaða skuli vera til staðar.

Ég er að brjóta um það heilann hvort það leynist lífsmark með þeirri stjórnarandstöðu. Það er greinilegt að það er komið lífsmark í þann sem mælti með málinu í deildinni og telur að það sé grundvallaratriði núna að stuðla að því að ríkið hafi minni tekjur.

Nei, það verður fróðlegt að sjá hér á eftir hvort ekki fást í það minnsta umræður um hvort þetta sé sjálfgefið mál, hvort það megi ekki örlítið draga úr þessum rétti, hvort það sé slíkur skortur á því að menn taki þátt í atvinnurekstri á Íslandi sem hér kemur fram. Ég undirstrika að mig undrar það, þegar jafnlítið lifir eftir af þingtíma og nú er til jóla, að menn skuli leggja sig í framkróka við að þjóna ríkisstjórninni með að hleypa jafnvitlausu máli í gegnum þingið.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Ég tel að hv. skrifari deildarinnar ætti að einbeita sér að því að mæla þarft eða þegja.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir þá þörfu hugvekju sem hann flutti hér. Það er nákvæmlega það sem hann gerði. Hv. 2. þm. Norðurl. v. benti honum á að menn eiga annaðhvort að mæla þarft eða þegja. Hv. þm. mælti þarft áðan eins og hans er von og vísa.

Þannig var að í gær voru hér til atkvæða allmargar till. fluttar af mér um að draga úr frádráttarheimildum fyrirtækja. M.a. var gert ráð fyrir að fella niður heimild fyrirtækja til að leggja í fjárfestingarsjóð. Hv. skrifari deildarinnar, leiðtogi Framsfl. á Vestfjörðum, tók þátt í því að fella þessa till. Alþb. í gær. Síðan fór fram í gærkvöld mjög ítarleg umræða um skattsvik og frádráttafrumskóg fyrirtækjanna og nauðsyn þess að grisja þennan frádráttafrumskóg. Það er bersýnilegt, herra forseti, að sú ítarlega umræða hefur borið margþættan árangur. Í fyrsta lagi þann að hv. þm. Páll Pétursson hefur lýst því yfir að hann muni kalla alla skattstjóra landsins fyrir fjh.- og viðskn. og yfirheyra þá um hvernig þeir vinni gegn skattsvikum í embættum sínum og í öðru lagi hefur þessi umræða borið þann árangur að það er brostinn flótti í stjórnarliðið. Menn eru þar óðum að skipta um skoðun. Hv. þm. Ólafur Þórðarson, sem var með frádráttum fyrirtækjanna í gær, er á móti þeim í dag. Það ber auðvitað að fagna því að áhrifamáttur þeirrar umræðu sem fór fram hér í gærkvöld skuli vera slíkur að í stjórnarliðið er að bresta stórkostlegur flótti. Veit ég þó að hv. þm.

Ólafur Þ. Þórðarson er ekki sá þm. sem fyrst hrekkur fyrir ádeilum stjórnarandstöðunnar. Þvert á móti er hér um að ræða staðfastan stuðningsmann stjórnarinnar sem í lengstu lög reynir jafnan að finna það besta sem hugsast getur í fari ríkisstjórnarinnar, tillögum hennar og málflutningi. En þegar nú er svo komið að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur ákveðið að styðja stjórnarandstöðuna í þessu efni er ástæða til að spyrja hvort fleiri þm. stjórnarliðsins eru að koma til liðs við okkur að því er þetta varðar.

Hv. forseti þessarar deildar hefur stýrt fundum hennar viturlega og vel og í góðu samkomulagi við þingdeildina. Það hefur einnig komið fram að skrifarar deildarinnar eru snjallir menn og glöggir. Hv. þm. Halldór Blöndal tók undir þær kröfur í gær að skattstjórarnir yrðu kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. og reyndar hafði hann forustu um þá tillögugerð og nú kemur hinn skrifari deildarinnar og lýsir því yfir að hann styðji stjórnarandstöðuna í þessu tiltekna máli. Maður hlýtur auðvitað að gleðjast yfir því nú á þessum skammdegisdögum rétt fyrir hátíðarnar, þegar annir þingsins eru jafnmiklar og raun ber vitni um, að deildin skuli hafa jafngóða forustu og raun ber vitni um þar sem hæstv. forseti er með hina glöggu skrifara sinn til hvorrar handar sem gera jafnan allt sem kostur er á til að greiða götu mála. Ég hygg að það hafi sjaldan gerst að annað eins einvalalið hafi valist til skrifarastarfa og fram hefur komið í þessari virðulegu deild núna síðustu sólarhringana.

Herra forseti. Það er rétt sem skrifarinn, hv. 5. þm. Vestf., sagði. Frádrættir fyrirtækjanna eru margir og margvíslegir. Það er hægt að draga frá vegna vörubirgða í árslok 5%, vegna útistandandi skulda í árslok 10%. Það er hægt að draga frá í fjárfestingarsjóð og það er hægt að draga frá ýmsa aðra liði sem örugglega losa fyrirtækin við skattgreiðslur upp á milljarða króna. Nú stendur málið þannig, þegar það liggur fyrir samkvæmt þeim upplýsingum sem berast um þingsali í dag að halli á fjárlögum næsta árs verði um 3000 millj. kr., í þessu góðæri, einstaka góðæri, að menn hljóta að spyrja: Hvað er til ráða þegar þessi halli stefnir verðlagsmarkmiðum stjórnvalda og kjarasamninga í voða? Hvað er til ráða? Og á fundi fjh.- og viðskn. í morgun, þar sem rætt var um lánsfjárfrv. þó ekki væri búið að vísa því til nefndarinnar, þannig vildi stjórnarandstaðan greiða fyrir því að þingið héldi áfram störfum, gæti lokið þeim með skikkanlegum hætti, spurði ég fulltrúa Þjóðhagsstofnunar að því hvað væri til ráða, hvað ætti að gera frammi fyrir þessum geigvænlega halla á ríkissjóði. Ég benti fulltrúa Þjóðhagsstofnunar á að fjmrh. Sjálfstfl. hefur sagt: Það er ekki hægt að hrófla neitt við útgjöldum ríkisins. Þar er hver króna alveg á 100% réttum stað. Þar er ekki hægt að lækka neitt, ekki hægt að skerða neitt. Fulltrúi Þjóðhagsstofnunar svaraði: Eina lausnin á þessum vanda er sú að leggja á beina skatta. Það er af þessari efnahagslegu skynsemi sem hv. skrifari deildarinnar, Ólafur Þórðarson, gengur fram í dag og segir: Stjórnarandstaðan stendur sig ekki nógu vel. Stjórnarandstaðan er hér með mál sem hún gæti stoppað ef hún legði sig fram um það þá daga sem eftir eru af þinginu. Það ber sérstaklega að þakka þessa ábendingu og brýningu. Hún er vel þegin. Í tilefni af því er alveg augljóst mál, herra forseti, að þau mál sem hér eru og verða til meðferðar verða að fá ítarlega umræðu og vandaða umræðu og enga fljótaskrift á henni.

Ég kannast ekki við að stjórnarandstaðan hafi verið að beita málþófi til að stöðva mál. Ég veit að hæstv. forseti deildarinnar getur borið vitni um að stjórnarandstaðan í þessari virðulegu deild hefur gert það sem hún hefur getað til að greiða fyrir framgangi mála, en þau fengju þó eðlilega afgreiðslu og meðferð. Þegar hins vegar kemur fram krafa úr stjórnarliðinu um að menn fari að setja á ítarlegar umræður og jafnvel langar ræður um einstök mál er velkomið að taka sinn tíma í það. Ég bendi að vísu á að þingflokkarnir verða að fá tíma til að fjalla um brtt. við fjárlögin í kvöld og í fyrramálið. Nefndir þingsins verða að fá tíma til að starfa í fyrramálið þannig að það er augljóst mál að um þessar mundir er ekki kostur á að vera með langa fundi í deildinni í dag. En þar sem þessi ósk kemur fram frá málsmetandi manni í forustu deildarinnar er óhjákvæmilegt að leggja eyrun við og taka undir hans málflutning og kröfur um að þetta svínarí, sem hér er verið að gera tillögu um, að gefa fyrirtækjunum 300-400 millj. kr. í skatta á næsta ári, verði stöðvað og með því verður fylgst með hvaða hætti hv. skrifari deildarinnar fylgir þessari skoðun sinni eftir.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Vestf. ætti að vera ljóst fóru fram ítarlegar umræður í gær um þessi atriði. Þá fóru líka fram atkvæðagreiðslur og viðhorf manna hefur komið fram til þeirra hugmynda sem hafa verið reifaðar af ýmsum aðilum í stjórnarandstöðunni. Ekki kom fram í þeirri umræðu eða atkvæðagreiðslu að víðtækur stuðningur væri meðal stjórnarliða við þær hugmyndir sem uppi hafa verið af hálfu ýmissa í stjórnarandstöðunni um að grisja þennan frádráttafrumskóg. Hitt er alveg ljóst að ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., telur nauðsynlegt að fram komi sérstakar brtt. um þetta efni er honum jafnfrjálst og öðrum að flytja brtt. þar um. Við munum þá taka til skoðunar hvort þær hrökkva hæfilega langt til að njóta okkar stuðnings.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er kannske rétt að rifja upp forsögu þess máls. Til allshn. Sþ. var vísað þáltill. um skattamál, 1. flm. var Jóhanna Sigurðardóttir. Það fer ekkert milli mála að afgreiðsla þeirrar tillögu setti hér ýmislegt af stað. Ég lít svo á m.a. að sú skýrsla sem hér var til umræðu hafi verið afleiðing þess og ég studdi það mál á sínum tíma.

Það sem ég vakti athygli á áðan og vil undirstrika

er að þó að það frv. sem hér er flutt verði fellt ganga allir hlutir fyrir sig með sama hætti að öðru leyti en því að réttur manna til að leggja fram fjármuni sem þeir segjast ætla að nota í atvinnurekstri síðar verður ögn minni. Hann hækkar ekki á milli ára um 31%. Það er enginn stór skaði skeður þó að það gerist ekki. Við erum búnir að samþykkja hér skerðingarákvæði á fleiri, fleiri sjóði vegna þess að við höfum ekki fjármagn. Það blasir við að hallinn á ríkissjóði er gífurlegur. Hvers vegna bregst stjórnarandstaðan svo ókvæða við þegar ég vek athygli hennar á því að umræður um þetta mál eru sama sem engar? Það er eins og verið sé að stuðla að því að koma málinu áfram á silfurfati. Er það trúverðug stjórnarandstaða sem segist í öðru orðinu vera að berjast fyrir réttlátara skattakerfi en er svo spör á umræður í salnum engu að síður að hún stuðlar beinlínis að því að málin fljúgi áfram áður en hv. þm. eru búnir að handsama þskj. á borðinu hvað þá heldur meira? Ég sé ekki að það sé samræmi í þeim málflutningi og þeim gerðum.

Það fer ekkert á milli mála að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv. (**SvG:** Þú gerðir það ekki í gær, sama mál.) Þetta frv. fór til nefndar, hv. þm. (**SvG:** Það var flutt till. um það í gær að fella þennan kafla út úr skattalögunum. Þá greiddir þú atkvæði gegn þeirri till.) Hv. 3. þm. Reykv. virðist rugla saman tveimur málum og ekki gera sér grein fyrir því hvað hann er að tala um og er það honum til lítils sóma miðað við að vera nefndarmaður í viðkomandi nefnd. Það er mikill munur á því að leggjast gegn því að frádráttaheimild sé hækkuð innan skattalaganna, eins og hér er verið að leggja til, eða leggja til að allur slíkur frádráttur sé felldur úr lögunum. Það er mikill munur á þessu. Og það er mikill munur á því ákvæði sem hér er verið að tala um eða hvort það eigi að taka þann rétt af fyrirtækjum að leggja í fjárfestingarsjóð. Það hefur stundum orðið til þess að menn hafa reynt að fjárfesta áður en þeir hefðu fjármuni til þess og það er ekki að mínu viti neitt sem vert er að mæla með eða hvetja til. En það sem ég er að vekja athygli á hér er að það var opnuð glufa, að mínu viti, til skattsvika með þessari grein eins og hún var á sínum tíma. Það var opnuð sú glufa að bankastjórarnir gætu ráðið því hvort menn hefðu fjármuni til að leggja í þennan sjóð eða ekki. Núna er talað um að það þurfi nauðsynlega að sjá til þess að hækkun þess sem má draga frá verði jafnmikil og verðlag í landinu hefur hækkað. Það verður að fylgja þessu eftir 100% á sama tíma og það er verið að skera niður fjármuni til mjög margra málaflokka í landinu. Ég sé ekki nauðsynina á þessu. Og þetta eru ekki sambærilegir hlutir. Því hlýtur hv. 3. þm. Reykv. að gera sér grein fyrir ef hann skoðar málið af gaumgæfni.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Samkvæmt umvöndunum þingflokksformanns framsóknarmanna, mæla skal þarft eða þegja, stenst stjórnarandstaðan að sjálfsögðu ekki þau frýjuorð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að það skorti eitthvað á að hún andæfi nægilega hart þessu stjfrv. En ef vel er skoðað skil ég þessar ábendingar hv. þm. sérstökum skilningi. Hann þarf ekki að kvarta undan því að fyrir liggja nál. frá stjórnarandstöðunni, á þskj. 314 t.d. frá hv. þm. Stefáni Benediktssyni í Ed. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af fjárskorti ríkissjóðs, miðað við þau verkefni sem hann ætlar sér, leggur minni hl. nefndarinnar til að frádráttarheimildir verði skertar eins og fram mun koma í brtt. við fjárlagafrv. við 3. umr. Það er og í samræmi við fyrirætlanir um fækkun frádráttarliða til að einfalda skattkerfið."

Þarna er boðaður tillöguflutningur og afstöðu lýst mjög á sömu lund og hv. skrifari lýsir.

Á þskj. 410 segir: „2. minni hl. telur að nauðsyn beri til að grisja frádráttarfrumskóg skattalaganna og eitt fyrsta skrefið ætti að vera að draga úr frádráttarheimild þeirri sem hér um ræðir."

Hér er auðvitað um að ræða nákvæmlega sama málið og var til umræðu hér í gærkvöld og umræður stóðu yfir klukkustundum saman og fluttar voru brtt. um skerðingar á frádráttarliðum. En síðan kemur rúsínan í pylsuendanum og ég lít svo á að umvandanir hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og virðulegs skrifara hljóti að snúast um það. Ég bið hv. þm. að líta á nál. á þskj. 313 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar er rökstuðningur fyrir því að nauðsyn beri til að hækka þessa frádráttarliði til samræmis við endurskoðaða verðlagsspá, ekki aðeins að þeir verði 31% heldur verði fullt tillit tekið til nýrrar verðlagsspár upp á 35%. Undir þetta nál. skrifa m.a. hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður þingflokks Alþb., og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Að vísu segir þar, með leyfi forseta:

„Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ragnar Arnalds eru ekki mótfallin frv. þessu né brtt. þar sem hún er fyrst og fremst tilkomin af tæknilegum ástæðum. Hins vegar eru þau efnislega á móti frádráttarheimild af þessu tagi og taka af þeim sökum ekki þátt í afgreiðslu málsins."

Það hlýtur að hafa verið einhver sérstök kveikja að umvöndunum hv. skrifara í garð stjórnarandstöðunnar og kannske þarfnast þetta skýringa. Er það virkilega svo að þingflokksformaður Alþb. og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir líti svo á að það sé tæknileg breyting að hækka frádráttarliðina úr 31% í 35%? Ég hefði haldið þvert á móti að það væri fyrst og fremst hápólitísk ákvörðun en ekki tæknileg. M.ö.o.: það er spurningin um hvort menn hafa þá afstöðu að vilja skerða þessa frádráttarliði, hafa þá lægri en t.d. verðlagsspár eða ekki. Ég verð því að taka undir það með hv. skrifara að hann mælti þarft, en það þarfnaðist kannske frekari skýringa hvað hann átti við.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál efnislega, ég tók þátt í afgreiðslu málsins í hv.

fjh.- og viðskn., en ég get ekki stillt mig um að láta þá skoðun mína í ljós að mér þótti ræða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar ekki drengileg. Hann er að finna að því við hv. stjórnarandstæðinga að þeir nenni varla að tala fyrir nál. og er nánast að mana þá til að tefja fyrir þingstörfum.

Ég vil segja það að ég tel að hv. stjórnarandstæðingar hafi þvert á móti reynt að greiða fyrir þingstörfum með því að stilla máli sínu í hóf og það virðum við sem höfum verið að reyna að semja um að þingstörf gætu gengið sem greiðast fyrir sig. Þess vegna kann ég ekki að meta það þegar þm. úr liði ríkisstjórnarinnar flytja ræður eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flutti.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu breyting sem gerð var á skattalögum á sínum tíma og menn töldu að væri ein af þeim leiðum sem hægt væri að grípa til til að örva nýsköpun og framþróun í atvinnurekstri. Ég minnist þess að þegar þetta mál var til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. lýstu menn þeim ótta sínum að erfitt mundi reynast að gegnumlýsa það, ef svo má að orði komast, þegar árin liðu, þ.e. það mundi verða erfitt að fá að vita nákvæmlega hver áhrif þetta hefði til þess sem ætlað var, þ.e. til eflingar atvinnurekstri.

Nú langar mig, fyrst þetta mál er komið hér til umræðu, að spyrja hv. formann fjh.- og viðskn. Pál Pétursson hvort nefndin hafi látið athuga og hvort lögð hafi verið fram gögn í nefndinni um hvernig þetta ákvæði hafi verið nýtt á undanförnum árum og hvernig þeir skattasérfræðingar sem við var rætt meti þetta ákvæði til góðs og einnig hvernig skattyfirvöldum hafi gengið að gæta þess að það væri notað í góðum tilgangi en ekki í þeim tilgangi að skjóta undan. Vænti ég að hv. þm. Páll Pétursson svari þessari fsp. minni.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins rifja það upp, vegna þeirra umræðna sem fram fara nú, að í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 344 gerði ég grein fyrir nokkrum brtt. við skattalögin þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„2. minni hl. fjh.- og viðskn. flytur nokkrar brtt. við skattalögin á þskj. 344. Meginefni brtt. eru sem hér segir:

1. Að draga verulega úr frádráttarheimildum fyrirtækja með því að

fella niður í áföngum heimildir þeirra til þess að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða,

fella niður í áföngum heimild fyrirtækja til þess að afskrifa 10% útistandandi viðskiptaskulda í árslok. Haldið er inni heimild til þess að draga frá sannanlega tapaðar viðskiptaskuldir,

fella niður heimild til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð,

draga úr fyrningarheimildum fyrirtækjanna. Eru fyrningarprósentur lækkaðar í samræmi við fyrri ákvæði skattalaga.“

Þessar brtt. birtust síðan á þskj. 342, tölul. 2, stafl. a, b, c og d. Þessar brtt. komu allar til atkvæða í gær. Það er ekki kostur á því að fylgjast með því hér hvernig allir þm. greiða atkvæði, m.a. ekki embættismenn deildarinnar, en ég hygg að það hafi verið alveg ljóst að þeir hafi allir greitt atkvæði gegn þessum till. Með nafnakalli voru greidd atkvæði um eina þessara tillagna og niðurstaðan varð sú að allir þm. stjórnarliðsins greiddu atkvæði gegn till. og þar á meðal hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson.

Nú var ekki aðeins um að ræða að verið væri að fella niður hækkunarheimild skv. breytingum á skattvísitölu heldur var líka um það að ræða að á þskj. 342 gerði ég tillögu um að heill kafli skattalaganna yrði felldur niður, þ.e. kafli IV, greinar 54–55 b. Þegar þessi till. var borin upp um að fella þetta skattsvikakerfi út úr skattalögunum greiddu allir þm. stjórnarliðsins atkvæði gegn þeirri till. og þar á meðal hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ég vildi aðeins nefna þetta til glöggvunar, herra forseti. Því miður er það svo með hv. þm. að það er ekkert að marka hann í þessu máli frekar en mörgum öðrum.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að rifja upp til hvaða frv. menn eru að taka afstöðu. Skv. 25. gr. laga nr. 9 frá 30. mars 1984 skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að skattvísitalan verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1987 er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 9 frá 1984 með sérstökum lögum að mati Þjóðhagsstofnunar. Það mat fór fram fyrir nokkrum vikum og gerði ráð fyrir að laun hækkuðu um 31% á milli áranna 1985 og 1986. Frv. gerir ráð fyrir að fjárhæðir í 2. gr. laga nr. 9 frá 1984 hækki um 31% og er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem tillaga var gerð um af sama tilefni í frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega var afgreitt hér í deildinni.

Fyrirspurn hv. 4. landsk. þm. var um hvernig umræður hefðu fallið og hver gögn verið lögð fyrir nefndina um hvernig þessi tilhögun hefði reynst. Það voru ekki lögð fram slík gögn og heldur ekki gögn um að þessi tilhögun hafi reynst illa. Ég vek einnig athygli á því að efrideildarmenn tóku ekki afstöðu gegn þessu máli. Allir flokkar þar voru samferða.

Ég hygg að þetta sé fullnægjandi svar. Ég reikna með að þetta mál beri mjög á góma í þeim viðræðum sem við komum til með að eiga við skattstjóra sem við munum í fjh.- og viðskn. kalla á okkar fund. Að vísu höfum við ekki tekið ákvörðun um stað eða stund, en við munum vona ég fá tækifæri til að efna til ærlegrar umræðu bak jólum um skattsvikamál og

reyna að komast til botns í því hvernig skynsamlegast er að stemma stigu við þeim.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. virðist ekki enn hafa gert sér grein fyrir því hvaða mál er á dagskrá og er enn að ræða það mál sem var afgreitt með atkvæðagreiðslu í deildinni hér áður. Mig undrar það. Persónulegan skæting læt ég mér aftur á móti í léttu rúmi liggja.

Hins vegar hefur hv. 2. þm. Norðurl. v. ekki enn útskýrt hina miklu nauðsyn á flutningi þessa máls. Það bendir allt til þess að það séu þeir aðilar sem rúmust fjárráð hafa af þeim sem greiða skatta sem hagnýti sér þennan lið. Nauðsynin er ekki útskýrð, enda er hér ekki um nauðsyn að ræða.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég tel orðið alveg ljóst að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur unnið hið mesta þarfaverk þegar hann nú, í þeim miklu önnum sem þingið stríðir við og þegar mikil hætta er á því að menn láti í hraðanum mál fram hjá sér fara, beinir kastljósi deildarinnar að þessu þarfa máli. Það er sem sagt komið í ljós, eftir að hv. formaður nefndarinnar svaraði fsp. mínum, að þessi tilraun í skattlagningu, sem sett var á fót haustið 1983, hefur á engan hátt verið metin. Það hefur ekki verið gerð tilraun til að meta hana til gagnsemi. Það hafa ekki verið gerðar kannanir á því hvernig á henni haldist skattalega. Hún er síðan samþykkt ár eftir ár og hækkuð eins og ýtrustu hækkunarforsendur leyfa án þess að menn hafi hugmynd um hvernig hún nýtist fólki eða fyrirtækjum til þess gagns sem henni var ætlað. Ég held að hér hafi komið í ljós hinn mesti ljóður á starfsemi deildarinnar og vinnubragða í nefnd. Ég tel það óþolandi að mál sem einu sinni kemst inn á þennan hátt og verið er að fitja upp á til nýbreytni komist upp á færiband sjálfvirkrar afgreiðslu ár eftir ár án þess að nokkur tilraun sé gerð til að meta hversu vænlegt sé að halda því áfram. Ég verð að segja að eftir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram finnst mér alger ofrausn að hækka þessar frádráttarheimildir í fyrsta lagi með tilliti til hinnar miklu fjárþarfar ríkissjóðs sem birtist nú á hverjum degi í þeim gögnum sem hér eru lögð fram, með tilliti til þess að það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um að þessi frádráttarheimild hafi nýst atvinnurekstrinum í landinu til eflingar og með tilliti til þess í þriðja lagi að það eru ekki nein gögn fyrirliggjandi um skattalega meðferð, hvernig skattstjórum og skattyfirvöldum gengur að gegnumlýsa skattalega meðferð þessa máls. Mér finnst algerlega óþörf rausn að hækka þessa heimild og mér finnst undarlegur skortur á forvitni, undarlegur daufingjaháttur af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans að taka þetta mál og fleyta því skoðunarlaust í gegn.

Ég verð að taka undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um að ég sé ekki hina knýjandi nauðsyn á því að afgreiða þetta mál. Það hefur ekki komið fram í neinum málflutningi af hálfu ríkisstjórnarinnar að það sé brýnt mál og meðan ég fæ ekki gögn í hendurnar um að hér sé á ferðinni gott mál, sem hafi þegar orðið til góðs og að það hafi ekki ýtt undir þann undandrátt undan skattframtölum sem lýst var í deildinni í nótt og lesið þá upp úr skattsvikaskýrslunni, sé ég ekki ástæðu til að styðja þetta mál. Þvert á móti.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Út af orðum hv. 4. landsk. þm. Guðmundar Einarssonar vil ég geta þess að það kom fram í fjh.- og viðskn. að frádráttur fyrirtækja vegna þessarar heimildar skattalaga nemur á árinu 1986 700 millj. kr. Það eru einu upplýsingarnar sem fram hafa komið um málið. Ef þessar 700 millj. væru skattlagðar eins og aðrar tekjur fyrirtækja gæfi það 350 millj. kr. í ríkissjóð. Það liggur einnig fyrir. Reynslan af þessu liggur ekki fyrir í neinu skýrsluformi, en hins vegar er augljóst mál, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur bent á, að þetta hefur örugglega verið notað til að auka heldur við fjárfestingu en hitt. Það er náttúrlega ekki það sem við höfum þörf á sérstaklega að menn sækist eftir fjárfestingu sem markmiði í sinni efnahagslegu starfsemi.

En ég vildi aðeins í tilefni af þessum umræðum vita hvort forseti gæti ekki gert mér þann greiða að láta kalla hingað inn meðan ég geri þessa stuttu athugasemd mína hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég vil inna hv. þm. eftir því, formann þingflokks framsóknarmanna, hvort hv. 5. þm. Vestf. hreyfði mótmælum við flutningi þessa máls í þingflokki Framsfl. (**ÓÞÞ:** Aldrei borið þar upp.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, ÓE, PP, PJ, RH, StG, StH, TG, ÞP, ÞS, AS, IG.

nei: GE, GJG, GHelg, HG, JS, JBH, KJóh, ÓÞÞ, SJS, SvG.

KH, SV greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (BÍG, EH, EBS, GSig, GeirG, GA, KP, MÁM, GHG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem við höfum nú á þessu þingi orðið að skerða mjög framlög til ýmissa góðra mála þó að ákvæði í lögum segi að til þeirra skuli greitt og vitað er að ríkissjóður stendur ekki vel segi ég nei.

Svavar Gestsson:

Með skírskotun til greinargerðar hv. 5. þm. Vestf. segi ég nei.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Því var heitið í fjh.- og viðskn. í morgun að 5. dagskrármálið, álagning tímabundinna gjalda 1987, yrði ekki tekið fyrir fyrr en ákveðin gögn væru komin. Minni hl. hefur ekki gefist kostur á því að skila nál. þannig að ég mótmæli því að málið sé tekið fyrir hér.

Páll Pétursson:
Herra forseti. Ég hlýt að staðfesta þau ummæli sem hv. 3. þm. Reykv. hafði áðan og taka þessi mistök á mig. Ég skilaði inn mínu nál., en láðist að ræða það við forseta að taka málið ekki á dagskrá fyrr en nál. frá hv. 3. þm. Reykv. lægi fyrir. Ég óska eftir því að þetta mál verði látið bíða þangað til honum hefur gefist kostur á að semja sitt nál., sem ég vona að verði ekki langur frestur á, og tekið út af dagskrá þessa fundar og ekki til umræðu fyrr en þskj. hafa borist.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Það hafa orðið þarna einhver mistök í boðsendingum milli forseta og nefndarmanna og ég bið afsökunar á því fyrir mína hönd. En málið er að þessum upplýsingum fengnum tekið af dagskrá.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 14, n. 413.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 21 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðrún Helgadóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 64 frá 1981, sbr. lög nr. 10 frá 1985. Hér er um að ræða, eins og hv. þm. er kunnugt, leiðréttingaratriði varðandi það að atvinnuleysistryggingar sem greiddar eru vegna barna verði greiddar til 18 ára aldurs eins og gerist um sjúkradagpeninga og ýmsar aðrar bætur, en eins og menn minnast hækkuðu barnalög, sem sett voru fyrir nokkrum árum, þetta aldurstakmark.

Nefndin hefur fjallað um frv. og umsagnir hafa borist frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. þó með þeirri breytingu að í staðinn fyrir að 2. gr. hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast þegar gildi“ þótti nefndinni rétt að leggja til breytingu sem hljóðar svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1987.

Ólafur G. Einarsson og Friðrik Sophusson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 413 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 336, n. 414.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67 frá 1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Hér er um að ræða stjfrv. sem tryggir þeim framfærendum mæðralaun eða feðralaun sem eiga maka sína varanlega á sjúkrastofnun svo að örorkubætur hafa fallið niður vegna vistunar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá hv. Ed. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir með fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 373, n. 415.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér sýnist að það sé þarfara verk hjá hv. 9. landsk. þm. og formanni þingflokks Sjálfstfl. að hafa þann aga á sínu liði að það sé ekki að þvælast út um hvippinn og hvappinn þegar umræður standa yfir í deildinni í stað þess að vera að deila á aðra menn fyrir að tefja þingstörf úr ræðustól.

Frsm. heilbr.- og trn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um 254. mál þingsins sem fjallar um breytingu á lögum um málefni aldraðra með síðari breytingum. Hér er um það að ræða að hækka gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra úr 1000 kr. í 1500 kr.

Þetta frv. tók breytingum í Ed. Sú brtt., sem þar var gerð og samþykkt, kom til af því að áætlaðar tekjubreytingar á milli ára reyndust ekki vera 31% heldur 35%. Það kemur fram í frv. til fjárlaga hve há þessi upphæð kemur til með að verða, þ.e. 115 millj. kr.

Hv. heilbr.- og trn. varð sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir þetta rita auk frsm. hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur H. Garðarsson.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er í sjálfu sér um hið þarfasta mál að ræða. Hins vegar þykir mér og hefur þótt á undanförnum árum líka að menn ætli ákaflega tekjulágu fólki og þá jafnvel um leið fólki sem komið er á ellilaunaaldur að taka hér á sig sérstaka skattgreiðslu. Ég vek athygli þm. deildarinnar á því að sá sem hefur 18 200 kr. í tekjur á mánuði á samkvæmt því sem hér um ræðir að greiða 1500 kr. í þennan sjóð. Mér hefur löngum þótt það óþarfi að seilast svo djúpt í vasa t.d. ellilífeyrisþega og öryrkja sem hefðu laun sem væru jafnvel neðan við það sem hafa verið lágmarkslaun í landinu og hafa verið mjög til umræðu, jafnvel neðan við það, ættu þeir síðan að lenda í þessari skattheimtu. Ég hefði talið ástæðu til að hækka þessi tekjumörk nokkuð þannig að þeir sem eru með svo lágar tekjur sem raun ber vitni þurfi ekki að greiða þetta gjald. Ég veit dæmi þess að þeir sem komnir eru á ellilífeyrisaldur og eru með örlítið úr lífeyrissjóði umfram það sem kemur úr almannatryggingunum lenda í því ár eftir ár að inna þessar greiðslur af hendi.

Frsm. heilbr.- og trn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur reyndar lýst þessari skoðun sinni áður. Það kom fram þegar þetta var til afgreiðslu fyrir um það bil ári. Ég kannast við hans rök og hann hefur margt til síns máls. En ég bendi á að þær breytingar sem gerðar eru í Ed. leiða til þess að þessi mörk hækka um 35% eins og tekjur á milli áranna þannig að menn byrja ekki að greiða fyrr en þeir hafa 18 675 kr. á mánuði. Það verður að vega og meta hvort það sé réttlátt að þeir greiði í þennan sjóð sem er fyrst og fremst til aðstoðar þeim sem hafa skilað sínum ævidegi. Ég tel að það sé út af fyrir sig ekki óeðlilegt að svo gerist.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ábending hv. þm. um tölulegt efni skal tekin til greina. 18 700 kr. eru þá tekjurnar en ekki 18 200 sem menn geta haft til viðmiðunar. (**FrS:** 18 675.) 18 676 eru þá þær tekjur sem þýða það að menn þurfa að greiða gjaldið. Ég ætla aðeins að hækka það upp fyrir þm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306, n. 416.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 108/1985, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Hliðstæð frv. hafa verið til meðferðar á Alþingi undanfarin tvö ár þar sem farið hefur verið fram á framlengingu í eitt ár í senn á fresti þeim sem lögin áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmunum í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Nú er hins vegar farið fram á að þessi framlenging verði veitt til ársloka 1987, en aðeins fyrir Reykjavíkurlæknishérað og heilsugæsluumdæmið í Garðabæ.

Eins og segir í nál. hefur nefndin athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, en frv. hefur áður verið samþykkt í hv. Ed.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því að það hefur á nál. láðst að geta þess að ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á enn einni ræðunni um þetta sama mál, en ég hef haldið nokkrar og hv. þm. ætti því að vera skoðanir mínar á þessu máli kunnar.

Hér er auðvitað um það að ræða að í Reykjavík og í Garðabæ er ekki pólitískur vilji til að framkvæma lög um heilbrigðisþjónustu og þess vegna hafa borgarstjórn og bæjarstjórn Garðabæjar ár eftir ár komið sér hjá því að fara að þeim. Þess vegna er þetta frv. og önnur viðlíka lögð fram á hverju ári.

Það væri kannske kominn tími til að spyrja hvort ætlunin væri yfirleitt að framkvæma lög um heilbrigðisþjónustu í þessum tveimur kaupstöðum eða hvort þetta frv. á að vera árvisst um allan aldur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingagjald). — Þskj. 372, n. 417.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. sem fjallað hefur um þetta mál og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir nál. rita auk mín hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur H. Garðarsson.

Það var ein breyting gerð í Ed., sams konar breyting og við önnur frv. sem nú eru til afgreiðslu af sama tilefni, og það er sú breyting sem leiðir af því að tekjur breytast á milli ára um 35% en ekki 31% sem þýðir að talan í 3. tölul. 1. gr. í frv. breytist með tilliti til þessa.

Eins og ég hef sagt áður mælir nefndin með því samhljóða að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

29. fundur, fimmtudaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Norræn fjárfestingarlán, 3. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 333.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 452).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur mmeð börnum). — Þskj. 451.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (mæðralaun). — Þskj. 336.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 453).

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra). — Þskj. 373.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 253. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðabæ). — Þskj. 306.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 455).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (sjúkratryggingajald). — Þskj. 372.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 456).

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 377 (sbr. 120), n. 429.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kemur frá Ed. Undir þetta skrifa allir nefndarmenn sjútvn., Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Guðmundur H. Garðarsson, Ingvar Gíslason og Guðmundur Einarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1987, 1. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 396.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lánsfjárlaga. Frv. hefur verið til umfjöllunar í Ed. Alþingis og samþykkt þaðan. Í frv. er heildarfjáröflun til opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætluð 17,9 milljarðar kr. Þar af er ráðgert að afla 9,7 milljarða innanlands og 8,2 milljarða kr. með lántökum erlendis. Þá er í frv. talið að sem næst jöfnuður verði á viðskiptum við útlönd á árinu 1987.

Ljóst er að nýgerðir kjarasamningar koma til með að hafa nokkur áhrif á þetta frv. svo og frv. til fjárlaga. Sýnt þykir að áhrif kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins munu hafa veruleg áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Þar vega þyngst óhjákvæmilegar hækkanir bóta lífeyristrygginga, takmörkun á gjaldskrárhækkunum ríkisfyrirtækja og að horfið verður frá álagningu orkuskatts. Allt bendir því til verulega aukins halla á ríkissjóði í krónum talið þó að reikna megi með að halli í hlutfalli af þjóðarframleiðslu verði svipaður og á þessu ári þegar upp verður staðið. Og ekki verður litið burt frá því að afla verður ríkissjóði lánsfjár til að mæta þessum nýju aðstæðum.

Ríkisstjórnin stefndi að því með frv. til lánsfjárlaga að auka lántökur innanlands, enda hefur aukinn sparnaður í þjóðfélaginu gert það kleift. Í tengslum við kjarasamninga og sameiginlegan vilja ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins til að gera ráðstafanir til að draga úr hættu á aukinni þenslu í þjóðfélaginu voru ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins sammála um að gera það sem unnt væri til að auka lántökur innanlands á vegum fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs.

Endurskoðun á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1987 gefur til kynna að ráðstöfunarfé muni nema 6,8 milljörðum kr. á áætluðu meðalverðlagi þess árs. Ráðgert er að 55% af því renni til skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af húsbyggingarsjóðum eða sem nemur 3,7 milljörðum kr. auk 40 millj. kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Óráðstafað fjármagn lífeyrissjóðanna nemur því rúmlega 3 milljörðum kr.

Að því er stefnt að hluti þess ráðstöfunarfjár fari til skuldabréfakaupa ríkissjóðs er nemur um 1300 millj. kr. og 700 millj. kr. til skuldabréfakaupa atvinnuvegasjóða. Þetta er annars vegar gert til að

mæta viðbótarhalla á rekstri ríkissjóðs og hins vegar til að draga úr erlendum lántökum atvinnuvegasjóða. Ljóst er að með þessu eykst eftirspurn á innlenda lánsfjármarkaðnum sem kann að hafa einhver áhrif á vaxta- og lánskjör.

Við 2. umr. frv. í Ed. var lántökuheimildum sveitarfélaga að fjárhæð 350 millj. kr. ekki skipt á einstakar hitaveitur vegna ónógra upplýsinga frá einstökum fyrirtækjum. Nýverið var skipaður vinnuhópur af iðnrh., fjmrh. og forsrh. til að fjalla um fjárhag þeirra hitaveitna sem eiga við hvað mesta fjárhagsörðugleika að etja. Þar er einkum um að ræða Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Fjarhitun Vestmannaeyja. Niðurstöður vinnuhópsins gefa að svo stöddu ekki tilefni til endanlegrar ákvörðunar um lausn á fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitunar Vestmannaeyja. Ráðgert er að vinna frekar að þessu máli á næstunni og er því lagt til að tekin verði inn viðbót við 5. gr., tölul. 5, sem heimilar fjmrh. að fengnu samþykki fjvn. að semja við þessar veitur um ráðstafanir til að bæta fjárhag þeirra.

Í lánsfjárlögum undanfarin ár hefur fjmrh. verið veitt heimild til að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð vegna sölu svonefndra raðsmíðaskipa. Skipasmíðin hefur farið fram á árunum 1982–1986 og er ekki lokið. Viðskiptabankarnir hafa fjármagnað smíðina með erlendum skammtímalántökum. Lokið er smíði skips á Seyðisfirði og var það selt til Grindavíkur. Ríkisábyrgðasjóður yfirtók fjármagnskostnað að fjárhæð 15 millj. kr. í tengslum við sölu skipsins. Tvö skip eru í smíðum hjá Slippstöðinni á Akureyri, eitt í skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts og eitt hjá Stálvík í Garðabæ. Sala umræddra skipa er nú ákveðin og við það miðað að ríkissjóður ábyrgist allt að 80% af kaupverði skipanna með sama hætti og gert er hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Þá er miðað við að Byggðastofnun láni allt að 5% og að 15% komi frá kaupendum. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að veitt verði allt að 600 millj. kr. ríkisábyrgð vegna sölu skipanna.

Þegar lánsfjárlagafrv. var afgreitt frá hv. Ed. var ekki ljóst hver endanleg niðurstaða yrði varðandi afgreiðslu fjárlaga og því nokkur óvissa um endanlega niðurstöðu lánsfjárlagafrv. og eðlilegt og nauðsynlegt að taka tillit til þeirrar niðurstöðu sem fæst við meðferð fjvn. á frv. til fjárlaga. En í frv. eins og það liggur hér fyrir er gert ráð fyrir að 1700 millj. kr. séu teknar að láni í þessu skyni.

Herra forseti. Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að fara frekari orðum um efni frv. eða þær breytingar sem hafa orðið á því við meðferð hv. Ed. og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til með þetta mál að það er nú til 1. umr. og samt hefur fjh.- og viðskn. hv. deildar tekið málið til meðferðar á fimm tíma fundi sem haldinn var í morgun þar sem fjöldi aðila, fulltrúar stofnana, lánasjóða og annarra slíkra aðila, var kallaður fyrir til viðtals.

Það kom fram í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar að hér væri á ferðinni ríkisfjármálastjórn sem vafalaust hefði í för með sér stórfellda þenslu á næsta ári. Það er talið að öll verðlagsmarkmið stjórnvalda, sem sett eru í frv., og aðila vinnumarkaðarins séu í verulegri hættu. Þegar maður spurði þessa aðila hvort þeir teldu að verðbólguforsendur aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrv. stæðust fyrir 1987 svöruðu þeir með góðlátlegu brosi. Það var bersýnilegt að þeir höfðu ekki mikla trú á því að þessar forsendur stæðust miðað við þá miklu skuldasöfnun ríkissjóðs sem gert er ráð fyrir skv. frv. til lánsfjárlaga.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að lántakan á árinu 1987 verði alls um 1,7 milljarðar kr., en samkvæmt upplýsingum sem heyrst hafa í dag má gera ráð fyrir að þessi tala verði ekki 1700 millj. kr. heldur kannske um 3000 millj. kr. Þannig er alveg ljóst að ríkissjóður gengur nær lánsfjármarkaðnum en hann hefur nokkru sinni áður gert. Og það kom fram í morgun ótti hjá talsmönnum sjóða og stofnana yfir því að þeir yrðu neyddir til að taka innlend lán. Þeir vildu frekar taka erlend lán. Þannig er staðan sem blasir við í þessu mikla góðæri, sjóðandi samkeppni á markaðnum um lánsfé sem ríkissjóður hefur forustu um.

Þetta frv. eins og það lítur nú út eftir meðferð í Ed. er í rauninni þegar orðin markleysa vegna stórkostlegra breytinga á forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir lánsfjárlögum og ríkisbúskapnum árið 1987. Þess vegna er í rauninni ástæðulaust að ræða þetta mál ítarlega og mun ég ekki taka langan tíma í að fara yfir það nú, aðeins nefna örfá atriði:

1. Ég flyt brtt. um að fella niður 18. gr. frv. um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2. Ég tel óhjákvæmilegt að 22. gr. frv. verði breytt þannig að það sé skýrt hvort það er Ferðamálasjóður eða ferðamálaráð sem á að hirða þær fáu krónur sem ganga til ferðamála á næsta ári.

3. Þá mun ég leggja til að 26. gr. frv. falli niður. Ég bið hæstv. fjmrh. að leggja við eyrun augnablik. Það hefur aldrei gerst að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi verið skertur. Hér er gert ráð fyrir því í fyrsta sinn að skerða þennan sjóð. Mér segir svo hugur um að þær forsendur sem byggt er á við afgreiðslu fjárlaga og í 26. gr. séu með þeim hætti að þessi skerðing skili ríkissjóði varla nokkurri einustu krónu. M.a. þess vegna skora ég á hæstv. fjmrh. að taka til mjög alvarlegrar athugunar að fella þessa grein niður, en sérstaklega þó vegna þess að hér er um að ræða grundvallaratriði í mínum huga. Að því er mig varðar a.m.k. getur ekki orðið neinn friður um þetta frv. ef menn ætla sér að taka Atvinnuleysistryggingasjóð og skerða hann í fyrsta sinn í sögunni á árinu 1987.

Í fyrra var lagt fram frv. um skerðingu Atvinnuleysistryggingasjóðs og það var tekið út í fyrri deild.

Ég skora á hæstv. fjmrh. í fullri alvöru að hann taki þessa ábendingu til athugunar og komist að þeirri niðurstöðu að falla frá skerðingunni á Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ég mun, virðulegi forseti, fara nánar yfir mál þetta allt þegar kemur til 2. og 3. umr. og þegar forsendur liggja fyrir. Eins og ég sagði áðan er plaggið býsna marklítið eins og nú er. En ég bendi á að lokum að samkvæmt orðum fjmrh. áðan gerir hann ráð fyrir að taka ekki 30, ekki 40, ekki 50 og ekki 55% af lífeyrissjóðunum á næsta ári heldur 85%. Nú mega lífeyrissjóðirnir hrósa happi að eiga eitthvað eftir til að borga ellilífeyri ef svo heldur fram sem horfir. Það hefur aldrei verið gengið eins nærri lífeyrissjóðunum og ætlunin er að gera nú og mun ég einnig áskilja mér rétt til að fjalla nánar um það við 2. og 3. umr. málsins, virðulegi forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 2. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88, n. 411, 421 og 442, brtt. 422, 443.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 411 sem meiri hl. nefndarinnar stendur að. Nefndin hefur rætt frv. Hún klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti. Undir nál. meiri hl. skrifa Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Blöndal og Friðrik Sophusson.

Þetta frv. fjallar um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987. Mönnum til upprifjunar fjallar það um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, um húsnæðisgjald, um breytingu á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, breytingu á lögum nr. 110 frá 31. des. 1985, um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. des. 1986, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum, og síðan ýmis ákvæði. Það er sem sagt eingöngu um framlengingarbandorm að ræða.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v. og frsm. meiri hl. nefndarinnar, hefur gert grein fyrir eru hér tíndir saman ýmsir skattar og framlengingar af ýmsu tagi, en þar á meðal eru svonefnd húsnæðisgjöld.

Eins og menn rekur minni til í þessari deild og hér á Alþingi var það sérstakt samkomulag allra flokka að leggja á viðbótarprósentustig í söluskatti, húsnæðisgjald, til að leysa úr brýnum þörfum á því sviði. Nú er gert ráð fyrir því að þetta gjald renni í ríkissjóð eins og ekkert hafi gerst. Það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að svo framarlega sem framlenging eigi að eiga sér stað á þessu húsnæðisgjaldi eigi það að renna til sömu þarfa, sem enn eru mjög brýnar, renna til að leysa sama viðfangsefni, sama vandamál og upprunalega var áformað.

Það hefur komið fram í umræðum undanfarna daga hvernig hvert bjargráðið á fætur öðru, sem heitið hafði verið því fólki sem illa hafði farið út úr íbúðaöflun, hefur runnið út í sandinn. Við hlustuðum á fróðlegar umræður þegar hæstv. félmrh. tók kollhnís einu sinni enn hér um daginn. Þá kom í ljós að ekkert hafði verið efnt af því sem hafði verið lofað fyrir þremur árum. Ráðherra taldi að vísu að nú væri loksins ráð að fara að flýta sér.

Áfram mætti telja. Því hafði verið lofað í sambandi við síðustu kjarasamninga að upp yrði tekinn sérstakur húsnæðisfrádráttur á skattaframtali. Ekkert af því hefur séð dagsins ljós. Það var upplýst í umræðum í gær. Enn situr þetta fólk án þess að hafa fengið úrlausn. Og það sem er verst af öllu: Það er búið að skipta þjóðfélaginu niður í hópa sem eru misvel settir. Einn hópurinn hefur verið skilinn eftir í súpunni. Þeir sem öfluðu sér íbúðarhúsnæðis fyrir 1980 nutu til þess aðstoðar verðbólgunnar sem svo er nefnd, sluppu tiltölulega vel. Nú hefur verið tekið upp nýtt húsnæðislánakerfi sem er fólki mun hagstæðara en hefur verið um árabil, en eftir situr þá sá hópur sem aflaði sér húsnæðis á árunum 1980–1985 og hefur enga úrlausn fengið.

Þetta er hreint þjóðfélagslegt óréttlæti vegna þess að þessi hópur fólks hefur unnið sér það eitt til óhelgis að hafa aflað sér íbúðar, byggt sér íbúð á árunum 1980–1985. Fyrir þetta er honum refsað með þeim hætti að hann er gerður meira og minna eignalaus. Hann getur ekki risið undir þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig. Margir hafa farið á hausinn. Sumir reyna að klóra í bakkann. En eignarlega séð standa þeir langtum verr en aðrir þjóðfélagshópar. Um þetta var m.a. rætt fyrir ári þegar húsnæðisgjaldið var tekið upp og samkomulag um að nota það til að leysa bráðasta vandann. En eins og ég segi: Málið er ekki enn leyst. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess að þetta húsnæðisgjald renni til þeirra þarfa sem hér um ræðir, því sé varið í samræmi við það samkomulag sem var milli flokkanna. Og samkomulagið var engin tilviljun. Menn náðu saman af því að menn sáu að þörfin var brýn. En enn vantar efndirnar. Þess vegna veitir ekki af að þessu gjaldi verði varið til þessara þarfa. Það er í samræmi við þetta sjónarmið og í raun til þess að leitast við að staðfesta það samkomulag sem gert var

um þetta efni og til þess að halda ríkisstjórninni við efnið og til að sýna þessu fólki og þjóðinni allri fram á að samkomulag sem gert er innan þingsins sé haldið en ekki rofið nokkrum mánuðum síðar.

Ég tel að ef sú till. sem ég hef hér flutt varðandi þetta efni verði samþykkt sé óhætt að segja að samkomulagið fái að haldast. Ef hún verður felld og svo fer fram sem hér er lagt til um að þetta buni inn í ríkissjóð, í hítina þar, hefur þetta samkomulag verið rofið og enn stendur eftir að mæta þörfum þessa fólks.

Á þskj. 421 geri ég grein fyrir því að ég flytji brtt. varðandi 9. gr. þess frv. sem hér um ræðir. Brtt. er í því einu fólgin að seinasta setningin í 9. gr., þar sem stendur að gjaldið skuli renna óskipt í ríkissjóð o.s.frv., skuli niður falla, en í þess stað komi: Helmingur þess gjalds sem þannig innheimtist, þ.e. húsnæðisgjaldsins, skal renna til að lækka skuldir þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985 samkvæmt nánari reglum sem félmrh. setur að fengnum tillögum Húsnæðisstofnunar. Helmingur gjaldsins skal á hinn bóginn renna í Byggingarsjóð verkamanna til viðbótar framlagi skv. fjárlögum.

Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta, hæstv. forseti. Þetta 1% mun nema um 650 millj. kr. Það er hvorki meira né minna að raungildi en það var þegar ákvörðunin var tekin. En vandi þess fólks sem hér um ræðir er enn brýnni nú og enn frekar stendur upp á Alþingi að standa við ýmis þau heit sem gefin hafa verið um að rétta hlut þessa fólks.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 443 flyt ég brtt. við þetta frv. um að í stað talnanna 1,1% í 6. gr. komi tölurnar 2,2%. Ég er með öðrum orðum með till. um að tvöfalda skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði frá því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. með rökum sem hafa komið mjög skýrt fram í umræðum hér undanfarna sólarhringa, í fyrsta lagi þeim að halli er á ríkissjóði, í öðru lagi þeim að það er efnahagslega skynsamlegt að afla fjár með beinum sköttum og fyrir því er þessi till. flutt.

Í öðru lagi vil ég gera hér sérstaka athugasemd við 9. gr. frv., en það er sú grein sem hv. 3. þm. Reykn. gerði að umtalsefni áðan. 9. gr. gerir ráð fyrir að húsnæðisgjald á söluskattsstofn, sem samkomulag varð um vorið 1985, verði allt látið renna í ríkissjóð ásamt þeirri hækkun sem þá var ákveðin sérstaklega á áfengi og tóbaki og einnig átti að renna á þeim tíma til Byggingarsjóðs ríkisins. Nú er niðurstaðan sú að í rauninni eru þessir fjármunir allir teknir í ríkissjóð. Í staðinn greiðir ríkissjóður 1000 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins, en hann hefur í tekjur af þessu sérstaka húsnæðisgjaldi á næsta ári 936 millj. kr. samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í dag frá fjmrn. M.ö.o.: nettóframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1987 er 64 millj. kr. Það er full ástæða til að óska hæstv. félmrh. til hamingju með þetta rausnarlega fjárframlag í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1987. Það er allt sem ríkissjóður ætlar að leggja fram umfram þær tekjur sem ríkissjóður hefur af hinu sérstaka húsnæðisgjaldi. Ég tel að það væri í rauninni lágmark að Alþingi samþykkti við þessar aðstæður þá brtt. sem hv. 3. þm. Reykn. hefur flutt og ég mun styðja fyrir mitt leyti. Þannig væri ríkið að verja þessum peningum til að koma til móts við það fólk sem varð fyrir misgengi launa og lána eftir að launavísitalan var tekin úr sambandi sumarið 1983.

Þessi atriði vildi ég telja fram, herra forseti, en jafnframt nefna að frv. þetta er að öðru leyti framlenging á almennum gjöldum í ríkissjóð sem hafa verið lögð á um árabil. Fari svo að till. um breyt. á 9. gr. falli mun ég ekki treysta mér til að greiða atkvæði með frv. að öðru leyti þó að því undanskildu að ég mun greiða atkvæði með IV. kafla þess sem felur í sér framlengingu á jöfnunargjaldi á innfluttum einingahúsum sem ég tel eðlilegt að verði framlengt og lagt á enn um hríð.

En ekki þykir mér mikil sú rausn sem kemur fram í þeirri afstöðu félmrh. og fjmrh. að leggja fram úr ríkissjóði 64 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins á næsta ári. Það er ástæða til að mótmæla þeim vinnubrögðum alveg sérstaklega. Hér er um að ræða fjármuni sem duga fyrir 30 lánum út á nýtt íbúðarhúsnæði handa þeim sem eru að byggja í fyrsta sinn miðað við þær lánsupphæðir sem nú eru ákveðnar. 30 lán á árinu 1987 eru hið mikla afrek hæstv. núv. félmrh.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég á áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. og vil segja nokkur orð hér um afstöðu Kvennalistans til þessa frv.

Hvað varðar I. kafla frv. erum við hlynntar því sem þar kemur fram, en teljum að skatturinn mætti vera hærri. Þess vegna viljum við styðja brtt. hv. 3. þm. Reykv. Þessi ríkisstjórn hefur haft undurnæman skilning á og borið umhyggju fyrir þörfum verslunarinnar á stjórnartíð sinni sem hefur dafnað vel í því góðæri og miklu neyslu sem hér hefur ríkt undanfarið. Því er eðlilegt að álykta að verslunin sé aflögufær til samneyslunnar í þjóðfélaginu og þoli meiri álagningu á tekjur sínar en hér er lagt til.

II. kaflinn fjallar um húsnæðisgjald, en það var eins og áður hefur komið fram eitt þeirra atriða sem stjórnarandstaða og stjórn gerðu samkomulag um vegna húsnæðismála á vordögum 1985. Þeirri 1% aukningu á söluskatti sem þar var tekin upp var ætlað að mæta vanda þeirra sem lent höfðu í hinu margumræddu misgengi lánskjara og launa sem ríkisstjórnin skóp mönnum á haustinu 1983. Afrakstur þessa gjalds rann aldrei óskiptur til þeirra aðila sem þannig höfðu verið meðhöndlaðir og er heldur ekki ætlað að gera það nú. Við munum ekki samþykkja þetta gjald áfram nema því sé varið eins og upphaflega var ætlað og þess vegna getum við stutt brtt. frá hv. 3. þm. Reykn.

Í IV. kafla frv. er fjallað um jöfnunarálag tolla á hús og húshluta sem ætlað er að rétta hlut innlendrar

húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Þessu erum við mjög samþykkar og áttum reyndar frumkvæði að flutningi till. til þál. um sérstakar verndunaraðgerðir fyrir innlendan húsaiðnað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 443 felld með 18:5 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 422 (fyrri málsl.) felld með 16:10 atkv.
Brtt. 422 (síðari málsl.) felld með 17:9 atkv.
9. gr. samþ. með 17:7 atkv.
10.–13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

35. fundur, föstudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, fyrri umr.

Stjtill., 270. mál. — Þskj. 406.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):
Herra forseti. Á þskj. 406 legg ég til að Alþingi verði frestað 19. des. eða síðar ef henta þykir, enda verði Alþingi kvatt saman á ný eigi síðar en 19. jan. n.k. Þetta er í samræmi við þær upplýsingar sem ég gaf við fsp. hér á hinu háa Alþingi. Ég tek það fram að ég hef rætt þennan samkomudag Alþingis við formenn þingflokka og sýnist mér vera samstaða þar um. Ég sé því ekki ástæðu til að leggja til að till. fari til nefndar, en geri að tillögu minni að henni verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 261. mál. — Þskj. 367.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 471).

Könnun á tannlæknaþjónustu, síðari umr.

Þáltill. JS o.fl., 178. mál. — Þskj. 188, n. 412.

Frsm. félmn. (Gunnar G. Schram):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 412 um till. til þál. um könnun á tannlæknaþjónustu. Þetta er nál. félmn. Sþ. Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu á fundum sínum og leggur til að hún verði samþykkt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir Árni Johnsen og Friðjón Þórðarson, en undir þetta nál. rita Gunnar G. Schram, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson og Stefán Valgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 473).

Fjárlög 1987, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 326, n. 445 (samvn. samgm.), brtt. 345, 346, 403, 404, 405, 418, 419, 420, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 436, 444, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 464 og 465.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):
Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið störfum fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987. Hér við 3. umr. fjárlagafrv. vil ég enn sem fyrr flytja samstarfsmönnum mínum í fjvn. þakkir fyrir ósérplægni og lipurð í störfum. Ég vil einnig ítreka þakkir mínar til starfsmanns nefndarinnar og til starfsfólks Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og flytja hæstv. fjmrh. þakkir fyrir ágæt samskipti við mig sem formann nefndarinnar.

Samkvæmt venju komu forsvarsmenn Þjóðhagsstofnunar á fund fjvn. fyrir 3. umr. Þar voru í fyrsta lagi kynntar þjóðhagshorfur fyrir næsta ár og í öðru lagi nýtt mat á tekjum ríkissjóðs á næsta ári.

Hér er ekki ástæða til að rekja ítarlega álit Þjóðhagsstofnunar á því hver muni verða framvinda efnahagsþróunarinnar á næsta ári. Það hefur verið gert skilmerkilega í fréttum. Mér þykir það þó hvað

athyglisverðast að ofan á 8% aukningu þjóðartekna á þessu ári er enn spáð 4% hagvexti á árinu 1987 og enn fremur að á milli áranna 1986 og 1987 aukist kaupmáttur atvinnutekna um 7–8% og hafi þá aukist um 30% frá árinu 1984. Þessar spár benda sannarlega til aukinnar velsældar sem nauðsynlegt er að nýta til að styrkja innviði efnahags- og atvinnulífs í landinu.

Í brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 420 við tekjuhlið fjárlagafrv. er byggt á mati Þjóðhagsstofnunar varðandi tekjur samkvæmt tekjustofnum ríkisins á næsta ári. Er þar hvort tveggja lagt til grundvallar þjóðhagshorfur á næsta ári að teknu tilliti til nýgerðra kjarasamninga og einnig á hvern hátt innheimtur ríkissjóðs hafa þróast eftir því sem liðið hefur á þetta ár.

Þá er enn fremur tekið tillit til þess að í kjölfar nýgerðra kjarasamninga hefur verið ákveðið að hverfa frá svokölluðum orkuskatti, 600 millj. kr., sem ráðgert var að innheimta á næsta ári, og einnig fyrirhuguðum arðgreiðslum Pósts og síma um 200 millj. kr.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram voru tekjur samkvæmt tekjuhlið samtals 40 milljarðar kr. Í brtt. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir að tekjur hækki samtals um rúma 3 milljarða og verði 43 milljarðar og 29 millj. Veigamest er sem jafnan fyrr á síðari árum hækkun óbeinna skatta eða úr 31,3 milljörðum í frv. eins og það var lagt fram í 33,7 milljarða. Rétt er að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir í þessum tillögum að hækkun verði á skipaskoðunargjaldi úr 4,5 millj. í 9,2 millj. og að vitagjald hækki um 15%, en að þessu var vikið hér við 2. umr.

Brtt. fjvn. og meiri hl. nefndarinnar í gjaldabálk frv. eru þó enn hærri eða samtals 3,8 milljarðar kr. Þessar brtt. um hækkun útgjalda eiga sér í meginatriðum þrenns konar rætur. Í fyrsta lagi eru það tillögur sem rekja má til ákvarðana sem teknar hafa verið í fjvn., um 315 millj. kr., í öðru lagi tillögur sem rekja má til ákvarðana hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við nýgerða kjarasamninga, 915 millj. kr., og í þriðja lagi tillögur sem birtast á sérstöku þskj. um uppfærslu verðlags og launa á gjaldabálki fjárlaganna samkvæmt nýjum forsendum, um 2569 millj. kr.

Brtt. er varða fyrsta lið þessara útgjalda frá fjvn. verða skýrðar nánar fyrir lok ræðu minnar. Þar er langsamlega veigamest tillaga um hækkun útgjalda ríkisspítala um 149 millj. kr.

Varðandi annan lið þessara mála, þær brtt. er snerta ákvarðanir ríkisstjórnar í sambandi við nýgerða kjarasamninga, má nefna:

1. Hækkun lífeyrisbóta um 600 millj. kr.

2. Hækkun niðurgreiðslu á rafhitun um 85 millj. til að halda í skefjum hækkun á orkuverði til notenda.

3. 120 millj. kr. framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins til að draga úr þörf á hækkun áburðarverðs á árinu 1987 og er þá gert ráð fyrir að áburðarverð hækki um 7%.

4. Endurgreiðsla ríkissjóðs á 110 millj. kr. greiðslum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO, til Póst- og símamálastofnunar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Þetta er gert í þeim tilgangi að draga úr þörf stofnunarinnar fyrir hækkun gjaldskrár á næsta ári.

Þá er þriðji þáttur þessara útgjaldatillagna sem byggist á nýjum verðlags- og launaforsendum í kjölfar kjarasamninga. Tillögur er lúta að þessum lið birtast á þskj. 465 frá meiri hl. fjvn.

Þessar nýju forsendur, sem þar koma fram, gera í fyrsta lagi ráð fyrir hækkun launa um 9,6% og annarra gjalda og sértekna um 7% á almennum rekstri stofnana ríkisins. Með þessum hætti eru fjárhæðir sem varða laun og rekstrargjöld hækkaðar frá verðlagi fjárlagafrv., sem var áætlað verðlag í desember þessa árs, til þess verðlags sem áætlað er að verði að meðaltali á árinu 1987. Þessum hækkunum er skipt í tvennt:

1. Hækkun launa og annarra gjalda vegna þess að launa- og verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum ársins 1986 hafa orðið heldur meiri en gert var ráð fyrir þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Til þessa má rekja um 390 millj. kr. Í þessari fjárhæð kemur fram hækkun launa um 2,09%, sem ákveðin var fyrr í þessum mánuði, og bætist sú hækkun við launalið allra stofnana.

2. Hækkun launa og annarra gjalda á almennum rekstri stofnana vegna áætlaðra launa- og verðlagsbreytinga á árinu 1987. Hér hefur verið tekið mið af ákvæðum nýgerðra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins um kauphækkanir á árinu 1987 og þeim forsendum um verðlags- og gengisþróun sem þeir byggjast á. Til þessa má rekja um 1348 millj. kr. Þar sem nýir kjarasamningar hafa ekki verið gerðir við opinbera starfsmenn var sú ákvörðun tekin að áætla fyrir launahækkunum á árinu 1987 á einum fjárlagalið, Launa- og verðlagsmál undir fjmrn. Þar verða færðar 1100 millj. kr. af þessum 1348 millj.

Í tengslum við verðuppfærsluna var einnig endurmetin þörf á framlagi til Þjóðleikhússins og til skrifstofu Lánasjóðs ísl. námsmanna vegna núverandi starfsemi á þessum stöðum.

Þá er um að ræða hækkun lífeyris-, slysa- og sjúkratrygginga um 474 millj. vegna ofangreindra launa- og verðlagsbreytinga. Þá má enn nefna ýmsa aðra liði sem samtals eru 357 millj. Þar er til að mynda hækkun vaxtagjalda um 180 millj., hækkun vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs um 37 millj., vegna Framkvæmdasjóðs aldraðra um 25 millj. kr. og útflutningsuppbætur um 80 millj.

Samtals nema þessar hækkanir á gjaldabálki frv., eins og áður sagði, um 3,8 milljörðum kr. Verði þessar tillögur fjvn. og meiri hl. fjvn. samþykktar verða heildarútgjöld ríkissjóðs á fjárlögum næsta árs 45 milljarðar 834 millj. kr. Samkvæmt því verður halli á rekstraryfirliti fjárlaganna um 2 milljarðar 805 millj. kr.

Þrátt fyrir þennan alvarlega halla er ekki gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði auknar heldur verði

þær óbreyttar frá því sem fjárlagafrv. greinir eða 1700 millj. kr. Á hinn bóginn verður að leita meira á innlenda lánsfjármarkaði og er gert ráð fyrir lánsfjáröflun hjá lífeyrissjóðum um 1300 millj. kr. til viðbótar annarri lánsfjáröflun sem fram kemur í lánsfjárfrv.

Miðað við áætlaðar lánahreyfingar ríkissjóðs á næsta ári er reiknað með að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði alls 6,3 milljarðar. Er þá gert ráð fyrir greiðsluafgangi á greiðsluyfirliti um 115 millj. kr. Ég tel enga ástæðu til að draga dul á þá skoðun mína að hér sé um alvarlegan rekstrarhalla að ræða. Það er þó vitaskuld bót í máli að með þessum rekstrarhalla er ekki stefnt að því að auka erlendar lántökur eða veikja stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Orsakirnar að þessum hallarekstri liggja að sumu leyti í augum uppi.

Eins og ég gat um við 2. umr. ákvað ríkisstjórnin snemma á þessu ári að taka á ríkissjóð byrðar í tengslum við lausn kjarasamninga sem samtals námu 1800 millj. kr. Þeir kjarasamningar sem gerðir voru í upphafi þessa mánaðar og yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við þá hafa einnig veruleg áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári. Þetta er auðvitað vandmetið, en virðist þó augljóslega hafa neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs á næsta ári um eða yfir 3 milljarða kr. Þetta kemur m.a. fram við lækkun tekna hjá ríkissjóði við það að hverfa frá orkuskatti um 600 millj. og arðgreiðslum Pósts og síma um 200 millj. eða samtals 800 millj. kr. Enn fremur í ýmsum ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við yfirlýsingar sem gefnar voru við gerð kjarasamninga og fela í sér aukin útgjöld ríkissjóðs um 915 millj. eins og áður sagði. Eru þá ótalin áhrif kjarasamninganna á hækkun verðlags og launa. Á móti þessu vega þeir kostir kjarasamninganna sem felast í hófsömum kauphækkunum og auknum launajöfnuði. En eins og áður sagði verður ekki annað séð en að meta megi áhrif kjarasamninganna og þeirra aðgerða sem gripið er til í tengslum við þá yfir 3 milljarða kr.

Við þessa fjárlagaafgreiðslu blasir við að tvisvar sinnum á árinu 1986, bæði í febrúarmánuði og í desemberbyrjun, hefur hæstv. ríkisstjórn stuðlað að því að náðst hafa hófsamir kjarasamningar á þann máta að taka miklar byrðar á herðar ríkissjóðs. Jafnframt er ljóst að ekki hefur tekist að ná fram auknum sparnaði eða niðurskurði ríkisútgjalda á móti þessum nýju útgjaldabyrðum og ekki hefur heldur verið horfið að því að afla nýrra tekna. Um leið og kaupmáttur launafólks hefur farið stórum vaxandi, góðæri hefur komið til launafólks í landinu hefur hæstv. ríkisstjórn stuðlað að þjóðarsátt í landinu við gerð kjarasamninga á þann hátt að það hefur tryggt hagstæða efnahagsþróun, en vandanum hefur verið velt yfir á ríkissjóð. Afleiðingin birtist í halla er fram kemur við afgreiðslu þessa fjárlagafrv.

Ég mun þá með örfáum orðum gera grein fyrir brtt. er varða aukin útgjöld til tveggja af mestu útgjaldastofnunum A-hluta fjárlaga, en það eru Tryggingastofnun ríkisins og ríkisspítalar.

Lagt er til að framlag til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga hækki samtals um 1074 millj. kr. Hækkun sjúkratrygginga nemur 373 millj. og er það í samræmi við almennar verðlagsforsendur fjárlagafrv. eins og þær hafa verið kynntar hér við 3. umr. Hækkun lífeyris- og slysatrygginga er á hinn bóginn hlutfallslega meiri vegna nýgerðra kjarasamninga. Lagt er til að framlag til lífeyristrygginga hækki í fyrsta lagi um 600 millj. kr. vegna sérstakrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar sem tengist ákvörðun kjarasamninga. Til viðbótar nemur hækkun lífeyristrygginga vegna hækkunar á verðlagsforsendum frv. 84 millj. Rétt er að geta þess að samtals er því gert ráð fyrir hækkun lífeyristrygginga sem nemur 684 millj. kr. Þetta er rúmlega 12% hækkun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram, en í frv. var einnig svigrúm fyrir hækkun bóta um rúmlega 2% umfram núgildandi bætur. Það þýðir að gert verður ráð fyrir fjármagni í fjárlögum sem dugir fyrir rúmlega 14% hærri bótagreiðslum að meðaltali en nú eru í gildi. Þetta þýðir þá jafnframt að svigrúm til að hækka bætur er að jafnaði um 11% í ársbyrjun 1987 og síðan í samræmi við almenna kjarasamninga 1. mars, 1. júní og 1. sept. Enn liggur ekki fyrir ákvörðun um hækkun einstakra bótaflokka og ekki heldur hvernig hækkun til elli- og örorkulífeyrisþega skiptist á almennan lífeyri eða tekjutryggingu, en tekið verður tillit til þeirra markmiða í kjarasamningum að hækka mest bætur til þeirra sem minnst hafa. Verði þessar brtt. samþykktar verða framlög ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins á næsta ári 10 milljarðar 887 millj. kr. eða um 23,8% af útgjöldum fjárlaga.

Í brtt. er varða ríkisspítala er lagt til að hækka framlög til þeirrar stofnunar um samtals 149,2 millj. kr. eða um rúmlega 5% frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari miklu hækkun og vegur þar þyngst vanáætlun á rekstrargjöldum, m.a. vegna núverandi og nýrrar starfsemi sem orðið hefur dýrari en ráð var fyrir gert. Tillögurnar verða nú skýrðar nánar.

Lagt er til að framlög til stofnkostnaðar hækki um 16 millj. kr., um 4 millj. vegna nýrrar endurhæfingardeildar á Kristnesspítala og um 12 millj. vegna endurnýjunar á símstöð Landspítalans. Er þar um að ræða byrjunarfjárveitingu til þessa verkefnis, en endanlegur kostnaður er áætlaður 28 millj. kr. Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið á árinu 1988. Lagt er til að framlag til launaliðar hækki um 6,2 millj. og er um að ræða sjö nýjar stöður. Þar af eru 2,5 stöður vegna AIDS, en kostnaður vegna þessa máls hefur farið langt fram úr því sem gert var ráð fyrir við fjárlagagerð 1986. Stöður þessar eru: Hálf staða sérfræðings, ein staða aðstoðarmanns og ein staða skrifstofumanns. Vegna hjartaskurðlækninga er lagt til að tekin verði upp hálf staða sérfræðings og loks er gert ráð fyrir fjórum stöðum iðnaðarmanna og er einn af þeim öryggismálafulltrúi, en öryggismál hafa mikið verið rædd á síðasta ári. Lagt er til að framlög

til annarra gjalda hækki um 127 millj. kr., þar af vegna nýrrar móttökudeildar fyrir bráðveika 2,1 millj. og eru það aukin rekstrargjöld, en stjórnendum spítalanna er ætlað að manna þá deild innan þeirra stöðuheimilda sem fyrir eru. Lagt er til að 15 millj. kr. gangi til þess að auka umfang í rekstri á árinu 1987, einkum vegna aðgerða til útvíkkunar á kransæðum o.fl. og einnig til að standa undir útgjöldum við eldhús og þjónustustörf á Kópavogshæli.

Í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir launagreiðslum hjá ríkisspítulum sem nema 1788 millj. kr. og gefur það nokkra hugmynd um umfang þessarar stofnunar. Rétt er að geta þess að ofan á þær tölur sem hér hafa verið raktar og varða launa- og rekstrargjöld kemur verðlagshækkun samkvæmt hinum nýju forsendum sem kynntar eru við þessa umræðu.

Ég mun þá víkja að nokkrum B-hluta stofnunum, en brtt. varðandi B-hluta birtast á þskj. 419 og eru fluttar af meiri hl. fjvn. Þar er jafnframt um að ræða uppfærslu verðlags og launa á þessum stofnunum og kemur það glöggt fram í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Á undanförnum árum hefur fjvn. fjallað um fjármál B-hluta fyrirtækja og sjóða ríkisins með ýmsu móti og oft í mikilli tímaþröng. Í athugasemdum með því fjárlagafrv. sem hér er til lokaafgreiðslu var boðað að nauðsyn bæri til að gera hér breytingu á þannig að umfjöllun yrði markvissari og að stefna stjórnvalda, einkum í gjaldskrár- og fjárfestingarmálum, yrði skýrari. Rétt er að geta þess hér að meðal margra þjóða eru ákvarðanir um gjaldskrár opinberra fyrirtækja teknar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og verður ekki breytt innan fjárlagaársins. Þetta hefur ekki verið gerlegt hér á landi á undanförnum árum vegna mikillar verðbólgu og sveiflukenndra verðlagsbreytinga. Að sjálfsögðu skiptir það miklu máli fyrir landsmenn hvernig starfsemi og gjaldtöku þessara opinberu fyrirtækja er háttað.

Í meðförum fjvn. nú er það einkum tvennt sem unnið hefur verið að varðandi B-hluta fyrirtækin. Annars vegar hafa allar fjárhæðir að því er varðar rekstur fyrirtækja og sjóða verið færðar upp til verðlags á árinu 1987 miðað við sömu forsendur og gilda um A-hluta fjárlaga. Á hinn bóginn hefur nefndin nú fjallað um fjármál og afkomu fleiri ríkisfyrirtækja en áður. Till. nefndarinnar um afkomu fyrirtækjanna, sem ég geri nú grein fyrir, eru í fullu samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar um gjaldskrárhækkanir og aðrar ákvarðanir um fjármálaráðstafanir. Augljóst er að samkomulag hæstv. ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um þau ákvæði kjarasamninga er varða gjaldskrárbreytingar hafa veruleg áhrif á svigrúm B-hluta stofnana. Það er líka eðlilegt að þær taki á sinn hátt þátt í því aðhaldi sem nauðsynlegt er í ríkisbúskapnum til jafns við stofnanir A-hluta.

Lánasjóður ísl. námsmanna. Alls er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé sjóðsins hækki um 113 millj. kr., þar af er gert ráð fyrir að fjárframlag úr A-hluta hækki um 63 millj. og lántaka sjóðsins aukist um 50 millj. Af þessari hækkun eru 86 millj. vegna uppfærslu verðlags. Meiri hl. fjvn. leggur til að sú efnisbreyting verði gerð á fjármálum sjóðsins að rekstrarútgjöld hækki um 27 millj. kr. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld ekki horfst í augu við reksturskostnað sjóðsins, en að tillögu menntmrn. er gerð breyting á til samræmis við veruleikann. Er þá alls gert ráð fyrir að varið verði 38 millj. kr. til reksturs á sjóðnum.

Ríkisútvarpið. Fjármál Ríkisútvarpsins hefur borið nokkuð hátt á unanförnum dögum, m.a. hér á hv. Alþingi við meðferð og umræðu um frv. til lánsfjárlaga. Ljóst er að fjármál fyrirtækisins eru um margt erfið. Samkeppni um auglýsingar hefur harðnað með tilkomu nýrra sjónvarps- og útvarpsstöðva og kemur það óhjákvæmilega niður á Ríkisútvarpinu og fjárhagsafkomu þess. Nú er talið að greiðsluhalli Ríkisútvarpsins á árinu 1986 muni nema 130 millj. kr., en auk þessa hefur fyrirtækið yfirdregið á viðskiptareikningi sínum við Landsbanka Íslands vegna framkvæmda um 70 millj. kr. Hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa nú ákveðið að skila fyrirtækinu þeim tekjum af aðflutningsgjöldum sem innheimtast á árinu 1986, en það eru 130–140 millj. kr. Með þessum hætti fæst sem næst jöfnuður á rekstri fyrirtækisins á þessu ári, en reikningar vegna framkvæmda verða varla greiddir á árinu.

Till. meiri hl. fjvn. varðandi þessa stofnun byggjast á því að afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækki um 20% frá og með næstu áramótum. Jafnframt er ekki reiknað með að útvarpinu verði skilað tekjum af aðflutningsgjöldum á næsta ári. Tekjum fyrirtækisins eru því settar mjög þröngar skorður. Í meðförum fjvn. hefur komið fram að fjárhagsvandi fyrirtækisins á árinu 1987 er talinn vera um 74 millj. kr. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að útgjöld verði lækkuð sem þessu nemur. Lagt er til að kaup á tækjum og búnaði verði þannig lækkuð um 16 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og að laun og rekstrargjöld verði lækkuð um 58 millj. kr. Það má öllum ljóst vera að hér er um verulegan samdrátt á starfseminni að ræða, en hjá því verður varla komist ef ekki verður um nýjar tekjur að ræða, enda er þá ætlast til að rekstur stofnunarinnar sé í jafnvægi.

Þá er gert ráð fyrir því að tekjur Framkvæmdasjóðs útvarpsins verði alls um 85 millj. kr. og er þá gengið út frá að 10% af tekjum útvarpsins renni í sjóðinn þrátt fyrir mikla rekstrarerfiðleika.

Þjóðleikhús. Fjármál Þjóðleikhússins hafa ekki verið í jafnvægi á undanförnum árum. Í lok þessa árs er talið að stofnunin skuldi um 90 millj. kr. í ríkissjóð vegna rekstrarhalla á árunum 1985 og 1986. Þannig er ekki hægt að halda áfram. Í samráði við menntmrn. hefur fjvn. fjallað um fjármál hússins og leggur nú til að nokkrar breytingar verði gerðar á fjárveitingum til starfseminnar. Leggur meiri hl.

nefndarinnar til að framlag úr ríkissjóði verði á næsta ári alls 110 millj. kr. og hækki um 27 millj. Þar af eru 6 millj. vegna verðuppfærslu, en 21 millj. sem aukin framlög. Þá verður að líta svo á að tekið hafi verið raunhæft á rekstrarútgjöldum stofnunarinnar, en þau eru alls talin vera um 155 millj. kr. á næsta ári. Tekjur Þjóðleikhússins af aðgangseyri og annarri eiginstarfsemi hafa farið lækkandi frá árinu 1985 og eru aðeins áætlaðar 37 millj. kr. á árinu 1987. Þessara tekna verður þó tæplega aflað án þess að forsvarsmönnum leikhússins takist að ná aukinni aðsókn að leikhúsinu og einnig að aðgangseyrir verði hækkaður. Fjvn. telur þó að með þeim auknu framlögum úr ríkissjóði sem hér eru gerðar tillögur um til rekstrar hússins sé viðurkenndur rekstrargrundvöllur sem stjórnendum hússins eigi að takast að fara eftir.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Meðal þess sem á að verða til þess að halda aftur af verðlagshækkunum á árinu 1987 er að takmarka hækkun búvöruverðs og er því nauðsynlegt að stuðla að hóflegri hækkun á áburðarverði. Eins og áður er frá greint er nú einungis gert ráð fyrir því að áburðarverð hækki um 7% á næsta ári. Til þess að svo megi verða þarf að leggja verksmiðjunni til 120 millj. kr. úr ríkissjóði. Unnið hefur verið að margs konar hagræðingu í starfseminni og er reiknað með að sú viðleitni skili sér þegar á næsta ári og á næstu árum.

Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Ég tel að ekki sé ástæða til að fjölyrða um breytingar sem gerðar hafa verið á fjármálum þessara sjóða, enda hefur verið fjallað um lánsfjáröflun til þeirra og ráðstöfun fjárins af fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþingis. Framlag ríkisins til sjóðanna nemur, eins og til var stofnað í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram, 1300 millj. kr. sem er veruleg fjárhæð.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Áætlað er að fyrirtækið skili ríkissjóði af hagnaði sínum á næsta ári alls 2650 millj. kr. Hér er um að ræða hækkun um 100 millj. kr. frá því sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir þegar það var lagt fram og kemur þessi breyting fram í brtt. við 3. gr.

Póst- og símamálastofnun. Verðlagning á þjónustu Pósts og síma vegur allþungt í framfærslukostnaði heimilanna. Því hafa stjórnvöld yfirleitt leitast við að takmarka gjaldskrárhækkanir svo sem frekast hefur verið kostur. Þess má geta að gjaldskrá símgjalda hefur ekki hækkað síðan í ágústmánuði 1983. Þvert á móti hefur gjaldskrá símgjalda lækkað síðan og allur útgjaldaauki verið borinn uppi af aukinni sölu. Afkoma fyrirtækisins á þessu ári er erfið. Horfur eru á greiðsluhalla sem nemur 167 millj. kr., auk þess sem fyrirtækið hefur ekki getað skilað ríkissjóði 180 millj. kr. arðgreiðslum svo sem ráðgert var við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári. Fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að forsendur áætlunarinnar fyrir þessa stofnun séu eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá fyrir símaþjónustu hækki um allt að 16%, en fyrir póstburðargjöld 20–25%. Einnig er við það miðað að ýmis sérþjónustugjöld hækki sérstaklega. Með þessum hætti ætti að nást jafnvægi í rekstri fyrirtækisins, auk þess sem gert er ráð fyrir að vinna bug á greiðsluhalla á árinu 1986. Þá er gert ráð fyrir að fyrirtækið hafi til ráðstöfunar vegna fjárfestingar 462 millj. kr. á næsta ári.

Skipaútgerð ríkisins. Fjármál þessa fyrirtækis hafa verið leiðrétt til samræmis við verðlagsuppfærslu frv. Er þá gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Skipaútgerðar ríkisins nemi á næsta ári 147 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á rekstri fyrirtækisins, en í þessu felst að gjaldskrá þess þarf að hækka um 15% í ársbyrjun á næsta ári.

Sementsverksmiðja ríkisins. Afkoma fyrirtækisins hefur verið í jafnvægi á þessu ári. Því er ekki talin þörf á sérstakri hækkun á sementi. Í umfjöllun nefndarinnar er því við það miðað að útsöluverð á sementi hækki um 7% á næsta ári sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Rafmagnsveitur ríkisins. Stjórn Landsvirkjunar ákvað fyrir skömmu að hækka heildsöluverð á raforku um 7,5%. Þessi hækkun kallar á um 4,5% hækkun á útsöluverði raforku hjá RARIK og öðrum smásölufyrirtækjum, en um 60% af rekstrarútgjöldum Rafmagnsveitna ríkisins eru vegna orkukaupa. Auk þessa er í till. nefndarinnar lagt til að taxtar Rafmagnsveitna ríkisins hækki um 6% eða samtals um 10,5%. Þannig ætti að nást jöfnuður í rekstri fyrirtækisins á árinu 1987. Gert er ráð fyrir að fjárfesting verði óbreytt miðað við það sem kynnt var í fjárlagafrv. eða samtals 175 millj. kr.

Ég hef þá lokið að greina frá því helsta er varðar B-hluta stofnanir. En eins og áður segir er flutt um það brtt. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 419 þar sem allar B-hluta stofnanir fá ítarlegan útreikning.

Ég mun þá að lokum fara yfir þær brtt. sem fluttar eru af fjvn. í heild við 4. gr. Rétt er að taka fram að samkvæmt venju hefur minni hl. fjvn. fyrirvara um afgreiðslu einstakra till. á þessu þskj. og hefur áskilið sér einnig rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Það er fyrst Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Þar er um að ræða stofnkostnað 1 millj. kr. sem er snyrtiaðstaða í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Þá er menntmrn., aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að launaliður hækki um 700 þús. kr. vegna sérgreinds verkefnis á vegum byggingadeildar menntmrn.

Þá eru till. er varða Háskóla Íslands. Fyrst er tekinn upp nýr liður, Rannsóknir í fræðum kvenna, um 1 millj. kr. og er gert ráð fyrir að það sé tímabundið verkefni sem fái styrkveitingu á þessu ári.

Liðurinn Fjarkennsla er nýtt viðfangsefni. Þar er lagt til að veitt verði 1 millj. kr. sem er aðeins til þess að unnt sé að byrja þessa starfsemi sem hefur verið í undirbúningi að undanförnu.

Í þriðja lagi háskólakennsla á Akureyri. Lagt er til

að til þessa viðfangsefnis verði varið 5 millj. kr. til viðbótar þeim 1200 þús. kr. sem felast í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram.

Í fjórða lagi eru fasteignir Háskóla Íslands. Lagt er til að varið verði til viðhalds á fasteignum Háskólans frá ríkissjóði 10 millj. kr.

Tilraunastöð Háskólans á Keldum, rannsóknadeild fisksjúkdóma. Lagt er til að tekin verði upp ein ný staða á rannsóknadeildinni fyrir um 600 þús. kr. og eignakaup hækkuð um 400 þús. kr. Enn fremur að sértekjur verði hækkaðar sem nemur 435 þús. kr.

Raunvísindastofnun Háskólans, viðbygging. Lagt er til að til fjárfestingar verði varið til viðbótar við það sem greinir í fjárlagafrv. 4 millj. kr. sem er vegna þakhæðar á húsi Raunvísindastofnunar.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Lagt er til að við liðinn Yfirstjórn verði varið í fyrsta lagi 600 þús. kr. vegna aukinna launagjalda og í öðru lagi 2 millj. vegna tækjabúnaðar, en þetta er hvort tveggja til að hefja ljósritun handrita, bæði við Handritastofnun Árna Magnússonar og eins varðandi íslensk handrit í Danmörku, og er þá gert ráð fyrir að aðrir aðilar leggi fram fjármagn til viðbótar því sem hér kemur frá hálfu ríkisins á fjárlögum.

Þá er Rannsóknasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 10 millj. kr. og verði 60 millj. kr.

Liðurinn Tónlistarfræðsla, aðrir tónlistarskólar. Lagt er til að liðurinn hækki um 600 þús. kr. vegna þess að þar er tekin upp í rekstur kennsla í einum tónlistarskóla, þ.e. á Ólafsfirði.

Liðurinn Grunnskólar, almennt. Tekinn verði upp nýr liður til viðbótar rekstrarliðum grunnskóla, Sérkennsla í grunnskólum, óskipt, sem er 5 millj. kr.

Þá er hér liðurinn Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, stofnkostnaður. Það eru raunar leiðréttingar á yfirliti sem kynnt var við 2. umr. Það eru 10 þús. kr. vegna undirbúningsfjárveitinga við íþróttahús í Garðabæ og íþróttahús í Reykholtsdalshreppi, 5 þús. kr. á hvort hús svo sem venja er í þessum lið við undirbúning framkvæmda í grunnskólamálum.

Þá er hér liðurinn Náttúruverndarráð, framkvæmdir í þjóðgörðum. Tekinn verði upp liður um 1 millj. kr. sem er vegna skuldagreiðslna, en skuldir eru m.a. vegna Þjóðgarðsins í Ásbyrgi.

Þá er hér liðurinn Norræna félagið. Lagt er til að liðurinn hækki um 100 þús. kr. og verði 324 þús. kr.

Þá er liðurinn Útflutnings- og markaðsskólinn. Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. og verði 2,5 millj. kr.

Þá eru brtt. er varða utanríkisráðuneyti:

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýir liðir: Í fyrsta lagi staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda og er það tilfærsla yfir til utanrrn. frá viðskrn. Samtals er þar um að ræða 3 millj. 719 þús. kr. og felst í liðnum aukning um 400 þús. kr. Enn fremur er lagt til að taka upp liðinn Markaðsmál við utanrrn. svo sem verið hefur á undanförnum árum og er þar gert ráð fyrir 2 millj. kr.

Þá er liðurinn Sendir.ð, almennt, viðhaldsfé óskipt. Liðurinn hækki um 1200 þús. kr. sem er vegna viðhalds í sendiráðunum í Stokkhólmi og Bonn.

Þá eru till. er varða landbúnaðarráðuneytið:

Búnaðarfélag Íslands, ráðunautar. Lagt er til að taka upp eina stöðu ráðunauts, þ.e. í matfiskeldi. Að höfðu samráði við hæstv. landbrh. er gert ráð fyrir að ráðið verði í þessa stöðu tímabundið til að sjá hvernig þessi starfsemi kemur út.

Þá er liðurinn Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Tekinn er upp fjárfestingarliðurinn Hús bútæknideildar á Hvanneyri 1500 þús. kr. og hækkaðar eru fjárfestingar við Tilraunastöðina á Stóra-Ármóti um 1 millj. og Tilraunastöðina á Möðruvöllum einnig um 1 millj. kr.

Þá er liðurinn Áburðarverksmiðja ríkisins, tilfærsla, 120 millj. kr. eins og áður hefur komið fram.

Til Landgræðslu ríkisins, almenn landgræðsla. Lagt er til að liðurinn hækki um 5,5 millj. og hefur verið reiknað út að það framlag sé sambærilegt að verðgildi og var árið 1982 og í samræmi við yfirlýsingar Alþingis í sambandi við landgræðsluáætlun.

Þá er hér Veiðimálastofnun. Lagt er til að við Laxeldisstöðina í Kollafirði verði tekinn upp liðurinn Laun vegna fjögurra starfsmanna 1800 þús. kr. Og einnig vegna sömu stofnunar Skuldagreiðsla 1500 þús. kr.

Landgræðslusjóður. Lagt er til að liðurinn verði hækkaður um 1400 þús. kr. og verði 2 millj. kr. Er þar komið nokkuð til móts við yfirlýsingar sem gefnar voru varðandi þessa stofnun á vegum Alþingis þegar hún var svipt sínum sérmerkta tekjustofni.

Liðurinn Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 3 millj. 319 þús. kr., en að verulegu leyti er þessum lið skipt með bréfi til ráðuneytisins.

Þá eru liðir er varða dóms- og kirkjumálaráðuneytið:

Landhelgisgæsla Íslands. Tekinn verði þar upp nýr liður, Þyrluvakt lækna 1700 þús. kr. Fram undir þetta hefur þessi starfsemi verið í sjálfboðavinnu, en nú hefur því verið hætt. Í þessum mánuði er þessi vakt kostuð af hjálparsveitum skáta og það er skoðun nefndarinnar að það fyrirkomulag geti ekki gengið áfram.

Almannavarnir ríkisins. Almennur rekstur hækki um 250 þús. vegna skjálftavaktar í Mývatnssveit.

Þá eru liðir varðandi félagsmálaráðuneyti:

Málefni fatlaðra í Reykjavík. Nýr liður: Meðferðarheimili fyrir þroskahefta 1 millj. kr.

Greiningarstöð ríkisins. Tekið verði upp nýtt stöðugildi fyrir 600 þús. kr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Í samræmi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. við 2. umr. er hér lagt til að liðurinn hækki um 30 millj. kr.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Tekinn upp nýr liður, Öryggisfræðsla sjómanna, fræðslunámskeið, og til þess varið 8 millj. kr.

Liðurinn Ýmis framlög. Lagt er til að liðurinn hækki um 300 þús. kr., en þessum lið eins og ýmsum

slíkum safnliðum einstakra ráðuneyta verði skipt með bréfi.

Þá eru till. er varða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Það eru fyrst Ríkisspítalar sem ég hef áður gert grein fyrir í þessari ræðu minni.

Sjúkrahús og læknisbústaðir, nýir liðir. Það er Hjúkrunar- og dvalarheimilið Skjól, byggingarstyrkur, 4,5 millj. kr. Að þessu dvalarheimili standa margir aðilar, þ.e. aðildarfélög ASÍ, aðildarfélög BSRB, bændasamtökin, þjóðkirkjan, DAS og Sjómannadagsráð og Reykjavíkurborg.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að verja til röntgentækja 1 millj. og 500 þús. kr.

Borgarspítalinn í Reykjavík, almennur rekstur. Lagt er til að launaliður hækki um 22 millj. kr. sem er leiðrétting. Eftir nákvæma yfirferð á launaútreikningi hefur komið í ljós að þörf var á þessari leiðréttingu.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, nýbygging og tækjabúnaður. Lagt er til að varið verði 10 millj. kr. á næsta ári til innréttingar á röntgendeild sem mundi væntanlega hefja starfsemi sína á árinu 1988.

Liðurinn Reykingavarnir, tóbaksvarnir, hækkar um 215 þús. kr. og Áfengisvarnir, áfengisvarnaráð, hækki um 280 þús. kr.

Sjúkraliðaskóli Íslands. Liðurinn hækki í samræmi við óskir ráðuneytis um 250 þús. kr.

Liðurinn Uppbætur á lífeyri á vegum fjármálaráðuneytisins. Það er í fyrsta lagi Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmálaflokkanna. Hækkun verði um 1786 þús. kr. Liðurinn Eftirlaun ýmissa starfsmanna, sem lengi hafa verið á fjárlögum en er nú smám saman að fækka, hækki um 618 þús. kr.

Ég tel rétt að geta þess áður en ég hverf frá þessum till. að við 2. umr. var kveðið á um að framlag til fræðslu um alnæmi verði hækkað, verði tekinn upp liður til þess. Sá liður var á vegum heilbrmrn., 5 millj. kr. Ég tel rétt að taka fram að fjvn. lítur svo á að þessi liður eigi heima hjá landlækni.

Þá eru hér till. er varða samgönguráðuneytið:

Það er fyrst Póst- og símamálastofnunin. Ég hef áður gert grein fyrir þeim till. Hér er yfirlit yfir fjárfestingar þeirrar stofnunar.

Vita- og hafnamálastofnun, straumfræðistöð. Lagt er til að varið verði 3 millj. kr. til að hefja byggingu yfir þá starfsemi.

Orkustofnun. Tekinn verði upp nýr liður, 10 millj. kr., sem tengist sérgreindu verkefni við fiskeldi, einkanlega til að rannsaka náttúrleg skilyrði vatns og upptöku sjávar fyrir fiskeldi, þar á meðal vegna slíkra rannsókna í Óxarfirði.

Þá er hér liðurinn Niðurgreiðsla á rafhitun sem ég hef áður skýrt.

Kemur þá að viðskiptaráðuneyti:

Þar er undir aðalskrifstofu gert ráð fyrir að hækkað verði við Neytendasamtökin um 416 þús. kr. og verði 1 millj. kr.

Hér kemur einnig fram sú millifærsla, sem ég hef áður getið um, að flytja aðstoðarmann samstarfsráðherra frá viðskrn. yfir til utanrrn. og lækkar sá liður um 3 millj. 319 þús. kr. í samræmi við það sem áður er sagt.

Þá er liðurinn Útflutningsráð Íslands. Hér er um nýja stofnun að ræða og er gert ráð fyrir að framlög til hennar hækki um 5 millj. kr. og verði samtals 10 millj. á fjárlögum. Rétt er að geta þess að atvinnuvegirnir leggja fram til þessarar stofnunar 50 millj. kr., þar af sjávarútvegurinn 25 millj. eins og áður hefur komið fram við 2. umr., en með svipuðum hætti er þá dregið úr starfsemi af þessu tagi á vegum utanrrn. og það framlag lækkað í 2 millj. eins og ég hef áður greint frá.

Þá er hér sundurliðun á fjárfestingum Rafmagnsveitna ríkisins, en um þá stofnun hef ég áður fjallað í máli mínu.

Mér þykir einnig rétt að taka fram í sambandi við þessar brtt. að á vegum fjh.- og viðskn. mun hafa verið ákveðið að þær 15 millj. kr. sem veittar eru til ferðamála skv. 8. gr. laga um skipulag ferðamála renni til ferðamálaráðs, en ekkert af fjárhæðinni í Ferðamálasjóð.

Ég hef þá lokið við, herra forseti, að gera grein fyrir till. er varða 4. gr. Ég sé ekki ástæðu til að skýra eða rekja till. varðandi 6. gr., sem er um heimildir á fjárlögum, og vísa til þskj. 459 frá meiri hl. fjvn.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir till. fjvn. og meiri hl. fjvn. í þessari umræðu.

Frsm. 1. minni hl. fjvn. (Geir Gunnarsson):

Herra forseti. Fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. höfðu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar greint fjvn. frá nýjum niðurstöðum um þjóðhagsstærðir á árinu 1986 og frá endurskoðun á þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987. Ytri aðstæður höfðu reynst hagstæðari en miðað var við þegar fjárlagafrv. var samið, aukning þjóðartekna varð meiri og viðskiptavelta meiri en áður var reiknað með. Við 2. umr. var því ljóst að forsendur fjárlagafrv. voru úreltar og gera mátti ráð fyrir að fyrir 3. umr. væri komin fram áætlun um verulega aukningu á tekjum ríkissjóðs á árinu 1987 miðað við tölur fjárlagafrv. samhliða því að launahækkanir samkvæmt nýgerðum kjarasamningum voru mjög hóflegar og að ekki var um að ræða neina raunhækkun umsamins kaups aðra en hækkun lágmarkslauna. Aðrir kauptaxtar áttu einungis að fylgja almennum verðlagsbreytingum á næsta ári. Það hefði því mátt ætla að slík þróun, slík breyting á forsendum fjárlagafrv. gæti stuðlað að því að áætlaður halli á ríkissjóði 1987, 1583 millj. kr., gæti lækkað.

Síðan hefur fjvn. setið að áframhaldandi störfum og niðurstaðan varð þveröfug. Á miðvikudagsmorgni s.l. fékk nefndin staðfestingu á því frá Þjóðhagsstofnun að reikna mætti með 3800 millj. kr. aukningu brúttótekna frá grunni fjárlagafrv. 800 millj. kr. dragast þar frá vegna breyttra skattaáforma, fyrst og fremst áform um niðurfellingu olíuskatts. Eftir stendur þá 3000 millj. kr. tekju-

aukning. Af þeirri upphæð fara um 2500 millj. kr. til uppfærslu á launum, tryggingaútgjöldum og öðrum rekstrargjöldum í samræmi við nýjar kjara- og verðlagshorfur.

En mismunurinn, 500 millj. kr., nýtist ekki til þess að minnka halla ríkissjóðs eins og hann var áætlaður í fjárlagafrv. Um kvöldmatarleytið á miðvikudag voru þessar 500 millj. kr. horfnar í nýjar útgjaldatillögur og um miðnæturbil höfðu útgjöld enn verið aukin um 800 millj. kr., svo að áætlaður halli á árinu 1987, sem nam 1583 millj. kr. áður en upplýsingar komu fram um aukið góðæri, var nú kominn í 2800 millj. kr. Þarna hurfu 1300 millj. kr. í útgjöld umfram þær 2500 millj. kr. sem ráðstafað var í verðlags- og launauppfærslur.

Ég hef aldrei séð jafnmikla fjármuni ríkissjóðs hverfa í útgjöld á jafnskömmum tíma og ætti ég þó að vera orðinn ýmsu vanur. — Ja, hvílík veisla.

Góðkunningi minn úr hópi hestamanna bað mig nú á dögunum að fylgja eftir óskum um framlag úr ríkissjóði til að reisa reiðhöll í Reykjavík. Ég hélt nú ekki og sagði honum að hann skyldi ekki láta sig dreyma um að þeir fengju eina krónu á fjárlögum. Við stæðum í því alla daga að skera niður beiðnir um fjárveitingar í hjúkrunarheimili, sjúkrahús, skóla og aðrar nauðsynlegustu framkvæmdir, hann skyldi gleyma þessari reiðhöll. En hún gleymdist ekki í veislunni og fékk 2 millj. kr. við tillögugerð í gær þegar verið var að auka halla ríkissjóðs úr 1583 millj. kr. í 2800 millj. kr. Það hefur einhver í meiri hlutanum sagt: Skrifaðu reiðhöll.

Ég las í Tímanum í gær að þeir framsóknarmenn væru farnir að hafa áhyggjur af afgreiðslu fjárlaga, hallarekstri ríkissjóðs og skuldasöfnuninni. Sú tilfinning hefði mátt láta á sér bera fyrr en nú við lokaafgreiðslu þriðju fjárlaganna sem stjórnarflokkarnir afgreiða með stórhalla, samtals um 7000 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Sá halli jafngilti við 2. umr. um tólf Hafskipsgjaldþrotum eins og ég tók fram þá. Nú við 3. umr. taka þeir áhyggjufullu framsóknarmenn þátt í því að bæta þar við jafngildi nærri tveggja Hafskipsgjaldþrota.

Ég rakti við 2. umr. á hvern veg hefði farið um tvö aðalmarkmið efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Öðru þeirra var lýst þannig í grg. með fjárlagafrv. fyrir árið í ár að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila yrðu ekki meiri en afborganir. Allt fór það á annan veg. Nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verða í ár 2000 millj. kr. umfram afborganir og nýjar erlendar lántökur þjóðarinnar í heild verða á þessu gósenári 4000 millj. kr. hærri en afborganir erlendra lána auk 1200 millj. kr. lántöku vegna skuldbreytinga skammtímalána.

Nú við lokaafgreiðslu síðustu fjárlaga hæstv. ríkisstjórnar er svo staðfest skipbrot stjórnarstefnunnar varðandi annað aðalmarkmið efnahagsstefnunnar sem lýst var í grg. með núgildandi fjárlögum á þann veg að sem næst jöfnuður skyldi vera á rekstri ríkisins. Í stað þess að sem næst jöfnuður yrði á rekstri ríkissjóðs 1986 var ljóst þegar s.l. vor að hallinn í ár yrði um 2000 millj. kr. Þegar ríkisstjórnin hvikaði s.l. vor frá fyrra markmiði varðandi árið 1986 setti hún sér að sögn hæstv. fjmrh. við 1. umr. um fjárlög nú í haust það mark varðandi fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1987 að minnka fjárlagahallann um þriðjung. Skipbrot stjórnarstefnunnar varðandi þetta lægra og síðara mark ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum blasir nú við þjóðinni. Það hefur farið eins um það og um stefnumörkunina varðandi erlenda skuldasöfnun. Í stað þess að minnka fjárlagahallann um þriðjung frá því sem honum var spáð í ár er hann samkvæmt þeim fjárlögum sem hér er verið að afgreiða aukinn á næsta ári um hvorki meira né minna en 40%, í 2800 millj. kr. Þetta gerist þrátt fyrir að landsframleiðsla hafi aukist í ár um 6% og aukning á næsta ári þar til viðbótar sé áætluð 4% í stað um 2% þegar fjárlagafrv. var samið.

Það er ekki að undra þótt almenningur spyrji: Við hvers konar árferði þarf þjóðin að búa til þess að Sjálfstfl. og Framsfl. geti staðið við yfirlýsta stefnu um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs? Hvers konar árferði, hversu mikið góðæri þarf þjóðin að búa við til þess að þessir flokkar geti annast sameiginlegan sjóð landsmanna án þess að eyða milljörðum króna umfram það sem aflað er?

Árin 1986 og 1987, þegar halli á ríkissjóði er áætlaður nær 5000 millj. kr. samtals, eykst landsframleiðslan um nær 15 000 millj. kr. og af þeirri aukningu einni saman fær ríkissjóður í sinn hlut um 3700–3800 millj. kr., en það dugir ekki til. Allt kemur fyrir ekki.

Því hlutverki sem ríkisstjórnin tók að sér þegar verkalýðssamtökin beittu sér fyrir því að kveða niður verðbólgu í landinu hefur ríkisstjórnin engu sinnt í raun. Hún hefur aðeins greitt með gúmmítékkum og skuldasöfnun og velt vandanum á undan sér. Hún hefur sýnt þá einu athafnasemi varðandi tekjuhliðina að veita fyrirtækjum og eignaaðilum ívilnanir gagnvart sköttum, lækkað á þeim skattana en látið vaða á súðum í útgjöldum. Ekki er nema von að illa fari.

Ég greindi frá því við 2. umr. hver þróunin hefði orðið varðandi tekjur ríkisins annars vegar og gjöld hins vegar á árabilinu 1984–1987 að báðum árum meðtöldum og miðað við væntanleg fjárlög varðandi árið 1987. Nú eru komnar endanlegar áætlanir um árið 1987. Þá lítur dæmið þannig út:

Miðað við fast verðlag í desember 1986 verða tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 453 millj. kr. hærri en 1984 og hafa þá hækkað um 1,1% að raungildi, en útgjöldin 1987 eru áætluð 7079 millj. kr. hærri 1987 en 1984 miðað við verðlag í desember 1986 eða 19,8% hærri að raungildi en 1984. Sé miðað við útgjöld án fjármunamyndunar og fjármagnstilfærslna verða útgjöld 1987 7450 millj. kr. hærri en 1984 á sama verðlagi og hækka um 24,6% að raungildi á sama tíma og tekjur hækka um 1,1%.

Þetta er fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar á mestu gósenárum í sögu þjóðarinnar að því er varðar ytri aðstæður.

Ekki stafar þessi aukning útgjalda af auknum framlögum til framkvæmda því eins og ég gat um við 2. umr. þyrftu framlög til dagvistarheimila, grunnskóla, mennta- og fjölbrautaskóla, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, hafnaframkvæmda og flugvalla að hækka um 30% frá því sem áætlað er fyrir næsta ár til þess að þau framlög hefðu sama framkvæmdagildi og árið 1983. Þetta gerist á sama tíma og landsframleiðsla vex á hverju ári eða samanlagt um 20 milljarða kr. á árunum 1984–1987.

Þegar langtímaáætlun í vegamálum tók fyrst gildi 1983 væntu menn tímamóta í vegaframkvæmdum með stórauknu fjárstreymi á næstu árum þar sem gert var ráð fyrir að varið yrði 2,4% þjóðarframleiðslu til vegamála frá og með árinu 1985. En hver hefur raunin orðið? Hvernig horfir í þessu efni á árinu 1987? Með því fjárlagafrv. sem nú er verið að samþykkja, þar sem útgjöld eru hin hæstu að raungildi sem um getur og framleiðsla þjóðarinnar er meiri en þekkst hefur áður, er verið að ákveða að verja til vegamála ekki 2,4% þjóðarframleiðslu heldur 1,47%. Það er lægra hlutfall en nokkru sinni áður síðan langtímaáætlun tók gildi og lægra hlutfall en veitt var til vegamála á árunum áður en langtímaáætlun kom til. Á áætluðu verðlagi 1987 er framlag til nýrra framkvæmda í vegamálum áætlað 930 millj. kr., en var t.d. á sama verðlagi 1980 1260 millj. kr. Framlag til nýrra framkvæmda í vegamálum lækkar að raungildi um 90 millj. kr. frá framlaginu í ár og verður 327 millj. kr. eða ríflega fjórðungi lægra á næsta ári en að meðaltali á hverju áranna 1980, 1981 og 1982 áður en langtímaáætlunin tók gildi.

Á næsta ári er heildarframlag til vegamála áætlað 2150 millj. kr. Þá vantar 1360 millj. kr. til þess að staðið sé við langtímaáætlun og 910 millj. kr. til þess að staðið sé við gildandi vegáætlun sem er í raun niðurskorin langtímaáætlun. Sá niðurskurður sem ákveðinn var við afgreiðslu vegáætlunar er því nú enn aukinn um 910 millj. kr. Þetta hlýtur að vera alvarlegt og ömurlegt umhugsunarefni fyrir þá sem með málefni vegagerðar fara og létu sér annt um að til langtímaáætlunar yrði efnt í trausti þess að það þýddi auknar framkvæmdir í vegamálum.

En þannig er allt á eina bókina lært á stjórnartíma hæstv. núv. ríkisstjórnar. Fyrirheit sem Alþingi gaf þjóðinni um stórauknar framkvæmdir í vegamálum eru að verða öfugmæli á mestu uppgripaárum sem þjóðin hefur lifað vegna hagstæðra ytri aðstæðna. Sama er að segja um aðrar samfélagslegar framkvæmdir. Þær dragast saman á gósenárum þegar einkabraskið blómstrar. Gróðaöflunum er hlíft við skattlagningu í góðærinu og ríkissjóður safnar 7 milljarða kr. skuldum á þremur árum. Vaxtasúpan af hallanum kallar á enn frekari hallarekstur og stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum verður einn allsherjarvítahringur.

Athafnaleysið í tekjuöflunarmálum og óráðsían í útgjöldum stefnir í voða árangri samtaka vinnumarkaðarins í kjara- og verðlagsmálum. Stórfelld eyðsla úr ríkissjóði umfram tekjuöflun á tímum þenslu og spennu í atvinnu- og viðskiptalífi er ógnun við ítrekaða viðleitni samtaka vinnumarkaðarins til að tryggja efnahagslegt jafnvægi og raunhæfan árangur í kjaramálum. Það er mikil ógæfa að ráðlaus og ráðvillt ríkisstjórn skuli vera við völd þegar svo miklu skiptir að aðgerðum í ríkisfjármálum sé beitt til stuðnings stefnu verkalýðssamtakanna í kjara- og verðlagsmálum í stað þess að athafnir stjórnvalda og ekki síst afgreiðsla fjárlaga stofna nú í hættu þeim árangri kjarasamninganna sem þjóðin gerir sér vonir um.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Aldrei fyrr hefur hallarekstur ríkisins aukist um jafnháar upphæðir og jafnhratt á jafnskömmum tíma og gerst hefur undanfarna daga. Í fyrradag staðfesti góðærið að tekjur ríkissjóðs hefðu aukist um 3 milljarða. Í gær var það niðurstaðan af stjórnlausri og sjálfvirkri útgjaldaþenslu ríkissjóðs að ríkissjóður var 6 milljörðum fátækari. Hallinn sem við lögðum upp með í haust upp á 1600 millj. er núna að nálgast 3000 millj. Reynslutölur fyrri ára segja okkur að ef við lítum raunsæjum augum á þetta pappírsgagn og reynum að meta hve hallinn verði mikill orðinn í árslok treystum við okkur ekki til þess að nefna þær tölur, en miðað við reynslu þyrfti engum að koma á óvart þótt hann væri hátt á fimmta þúsund millj. kr. Og er þá ekki allt talið. Þá erum við að tala um A-hluta ríkissjóðs og að hluta B-hlutann, en eftir er að líta á þenslu-hallann sem er innbyggður í C-hlutanum, í sjóðakerfi ríkisbáknsins.

Við 2. umr. fjárlaga lögðum við Alþýðuflokksmenn fram nál. þar sem við gáfum til kynna hvaða stefnubreyting þurfi að eiga sér stað í heild í ríkisfjármálum. Nú eru menn út af fyrir sig almennt orðnir sammála um gagnrýnina, sammála um að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er hrunið, að skattakerfið er ekki einasta óréttlátt heldur líka óskilvirkt, að afleiðing þessa, nefnilega ábyrgðar- og stjórnlaus skuldasöfnun, er komin út yfir öll hættumörk. Þegar litið er á gjaldahliðina eru menn orðnir sammála um að lögmál síþenslu og sjálfvirkni verði að rjúfa. Það verði m.ö.o. að horfast í augu við að við verðum, hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvort sem við kennum okkur til hægri eða vinstri, að takast á hendur það verkefni að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt.

Ríkisbúskapurinn á Íslandi í miðju góðærinu er orðinn stærsta vandamálið í efnahagslífi Íslendinga. Fram hjá því vandamáli verður ekki gengið. Eina leiðin til þess að ráðast til atlögu við það er sú að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt og byrja á þeirri kerfisbreytingu í ríkisbúskapnum sem er forsenda þess að við náum böndum á þessu vandamáli.

Ég mæli fyrir brtt. sem þm. Alþfl. flytja við 3. umr. fjárlaga. Mér er sá vandi á höndum að brtt. sjálfar munu ekki vera komnar á borð þm. og ekki heldur framhaldsnefndarálit. Þetta er væntanlega á leiðinni. En það verður að fara sem vill.

Ég mun fyrst lýsa þessum till. stuttlega. Tillögur okkar felast í þessu:

1. Við leggjum til að reynt verði að afla aukinna tekna í ríkissjóð og í annan stað draga úr útgjöldum til að ná því markmiði að draga úr þessum yfirþyrmandi halla á ríkisfjárlögum, um reyndar 2 milljarða, þannig að hallinn verði á bilinu 6–700 millj. kr. Þetta leggjum við til að gert verði með nýrri tekjuöflun í formi stigbreytilegs eignarskattsauka á félög að upphæð 400 millj.
2. Að hækka tekjuskatta á félög um 700 millj.
3. Að áætla hagnað Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu 7% hærri en gert er af hálfu meiri hlutans, 250 millj.
4. Að leggja á 0,5% hækkun launaskatts sem mundi gefa ríkissjóði 300 millj. kr. Þetta mundi þýða í heildartekjuauka fyrir ríkissjóð 1650 millj.

Á gjaldahlið leggjum við til að útgjöld ríkissjóðs vegna útflutningsbóta, sem hafa hækkað snarlega í meðförum meiri hlutans, verði lækkuð um 200 millj. kr. og í öðru lagi að gerðar verði ráðstafanir sem komi til framkvæmda á miðju næsta ári og varða kerfisbreytingu í ríkisrekstri og fælu í sér lækkun útgjalda ríkissjóðs um 300 millj. kr. Alls væri þetta útgjaldaminnkun um 500 millj. M.ö.o.: þar með mundum við með tvenns konar aðgerðum, aukinni tekjuöflun og lækkun útgjalda, ná þeim áfanga að lækka áætlaðan hallarekstur ríkissjóðs um 2150 millj. kr. þannig að rekstrarhalli yrði 652 millj. í stað 2800 millj.

Heildaráhrifin af þessum brtt. okkar yrðu þau að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs að því er varðar erlend lán úr 1700 millj. í 800 millj. eða um 900 millj. kr.

Markmiðin sem við setjum okkur með þessum till. eru fyrst og fremst þau að draga úr háskalegum fyrirsjáanlegum verðbólguáhrifum af svo taumlausum hallarekstri í ríkisbúskapnum og tryggja þannig eftir því sem tök eru á að ríkisvaldið reyni að standa við sinn hlut að því er varðar nýgerða kjarasamninga. Þetta reynum við að gera með því:

1. að afla ríkissjóði nýrra tekna,
2. að takmarka skattívilnanir fyrirtækja nú í miðju góðærinu,
3. að dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu,
4. að draga úr millifærslum til atvinnuvega af skattpeningum,
5. að hefjast handa um þá óumflýjanlegu kerfisbreytingu í ríkisrekstri sem felst í því að leggja niður nokkrar óþarfar ríkisstofnanir og ætla öðrum að afla meiri sértekna með sölu sérfræðiþekkingar og þjónustu en miðað er við að sú breyting komi til framkvæmda um mitt næsta ár,
6. að draga úr erlendum lántökum ríkissjóðs fyrst og fremst með því að gera tvennt: í fyrsta lagi að draga úr fyrirhuguðum framkvæmdum og í öðru lagi að vísa sjóðum og stofnunum ríkisgeirans meira á innlendan markað í trausti þess að hann beri það með aukinni innlendri sparifjármyndun.

Fyrsta till. er um að auka tekjur ríkissjóðs vegna tímabundins eignarskattsauka, sem gildi í eitt ár og varðar félög, um 400 millj. kr. Hér teljum við að við förum tiltölulega hóflega í sakirnar. Við bendum á að lögaðilar greiða um 40% af heildareignarskattstekjum ríkissjóðs, en einstaklingar tæplega 60%. Við teljum eðlilegt miðað við ríkjandi aðstæður að breyta þessum hlutföllum, nánast snúa þeim við. Við teljum líka eðlilegt að sú breyting verði gerð að eignarskattur lögaðila, sem nú er hlutfallslegur, þ.e. ein skattprósenta og engin skattfrelsismörk, verði gerður stigbreytilegur, þ.e. í þremur þrepum, og miðum þá við, sbr. fyrri till. okkar, að þau félög sem eiga umtalsverðar skuldlausar eignir, sem nema tugum milljóna, beri meginþunga þessarar skattheimtu.

Í annan stað leggjum við til að tekjuskattur félaga verði hækkaður sem nemur 700 millj. kr. Við bendum á að tekjuskattar fyrirtækja eru óheyrilega lágir á Íslandi. Einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 sem telja fram greiddu tekjuskatta á líðandi ári. Þetta gerðist eins og kunnugt er í skjóli frádráttafrumskógarins sem var hér til umræðu fyrir nokkrum kvöldum þegar Alþingi ræddi skattsvikaskýrsluna og þær tillögur til úrbóta sem þar voru nefndar. Við teljum að grisja beri þennan frumskóg og einfalda, draga úr heimildum til frádráttar vegna reiknaðra framlaga í varasjóði og fjárfestingarsjóði og lækka heimildir til fyrningarfrádráttar. Með því að gera þetta, takmarka þessar skattívilnanir fyrirtækja sem samsvarar ¾ hlutum, teljum við óhætt að hækka álagðan skatt á fyrirtæki sem svarar 700 millj. kr. Við vekjum athygli á að það góðæri sem yfir stendur og rekja má til hagstæðra ytri skilyrða, stóraukins afla, hækkandi verðlags erlendis og minnkandi tilkostnaðar fyrirtækja vegna minnkandi verðbólgu og lækkandi olíuverðs, allar þessar aðstæður valdi því að afkoma og hagur fyrirtækja hafi batnað verulega nú þegar og muni væntanlega gera það ef þenslu- og verðbólguáhrif af illa reknum ríkisbúskap verða ekki til þess að kollvarpa þeim stöðugleika sem menn eru að gera sér vonir um þrátt fyrir allt. Þess vegna teljum við ærin rök vera fyrir því að breyta skattbyrðinni innbyrðis að því er varðar tekjuskatta milli einstaklinga og félaga með því að ætla fyrirtækjunum, sem nú eru flest svo til skattlaus, að axla nokkru stærri hlut um leið og við gerum ráð fyrir að unnt sé að framkvæma ákveðnar breytingar sem yrðu til þess að létta tekjuskatt einstaklinga.

Að því er varðar tekjuskatt einstaklinga bendum við á hluti eins og þessa: Samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. er ökutækjastyrkur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri áætlaður um 1 milljarður kr. Ef þetta væri takmarkað eða gert að skattstofni að hluta til, sem væri eðlilegt til að draga úr þessum hlunnindagreiðslum, gæti það skilað nokkrum tekjum.

Í annan stað viljum við vekja athygli á viðmiðunarreglum eða svokölluðum reiknireglum sem gilda um tekjur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri. Alls mun vera um að ræða hér 23 000 einstaklinga,

en samkvæmt eigin framtölum eru þeir á milli 6000 og 7000 sem skila sínum búskap með hagnaði. Hinir virðast flestir skila sinni atvinnustarfsemi með tapi. En ef við gerum ráð fyrir að viðmiðunarreglurnar að því er varðar þessa 6–7000 einstaklinga um áætlaðar tekjur samkvæmt heimildum eða reglugerð skattyfirvalda væru hækkaðar frá því sem þær nú eru, þ.e. innan við 20 000 kr., í 30 000 kr. mundi það hækka tekjuskattsstofn af þessum tekjum um 2,5 milljarða og þar með skapa svigrúm til að framfylgja þeim till. sem við höfum áður flutt á sérstöku þskj., þskj. 331, *og fela í sér breytingar á tekjuskatti og eignarskatti.* Þær till. voru í stórum dráttum á þá leið að nýta þá þætti sem ég var að lýsa áðan til að lækka tekjuskatt á einstaklinga um 420 millj. kr. og gera það í því formi að lækka um 4% skattþrepin í miðju skalans, þ.e. 2. og 3. þrep eins og þessu er lýst í nál. 1. minni hl. um 158. mál, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum um útgreidd laun má af þessu ráða að venjulegt fullfriskt vinnandi fólk lendi að stórum hluta í efstu skattþrepum og greiði þannig 40 eða 50% af jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Þótt hér sé einungis tekið dæmi af einstaklingi er það hliðstætt fyrir hjón því að tekjur hjóna eru skattlagðar sitt í hvoru lagi.

Undirritaður telur að hér sé of langt gengið í skattlagningu á venjulegar launatekjur og leggur til að þessar jaðarprósentur verði lækkaðar um 4%. Flytur hann brtt. í samræmi við það.

Þessar tillögur, þ.e. um aukna skattheimtu í formi tekjuskattsálagningar á félög og samsvarandi lækkun tekjuskatta einstaklinga, sem mundu fela í sér tekjuauka fyrir ríkissjóð um 700 millj. kr., styðjast við almenn efnahagsleg rök, fyrst og fremst þau að tekjuskattar fyrirtækja eru óheyrilega lágir, að þau fyrirtæki eru ákaflega fá sem bera raunverulega umtalsverða tekjuskatta og í þriðja lagi að ytri kringumstæður, ytri aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap, góðærið, muni væntanlega tryggja þeim bætta afkomu þannig að út frá sanngirnissjónarmiðum sé ekki nema réttmætt að þau beri eitthvað stærri hlut en þeim er hér áætlað. Það verði gert í fjórða lagi með því að takmarka þann frádráttafrumskóg sem einkennir skattalögin að því er varðar tekjuskattsálagningu fyrirtækja. En það er einmitt í fullkomnu samræmi við ábendingar og tillögur svokallaðrar skattsvikanefndar.

Tillögurnar um hækkun á áætluðum tekjuskilum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í ríkissjóð og hækkun launaskattsins um hálft prósent þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rökstuðningurinn er fyrst og fremst sá að við stöndum hérna frammi fyrir því að hið hefðbundna skattakerfi, eða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, ber ekki nema mjög takmarkaðar breytingar vegna þess hversu götótt og óréttlátt það er. Hér er þess vegna um að ræða neyðarástand að því er varðar ríkisbúskapinn og það neyðarástand réttlætir að til slíkra aðgerða sé gripið.

Að því er varðar gjaldahliðina ætla ég ekki að hafa nein orð um þá tillögu okkar að lækka útflutningsbætur um 200 millj. kr. Till. af því tagi höfum við flutt svo oft og röksemdirnar fyrir því þekkja allir sem hér eru viðstaddir.

Tillaga nr. 2, um lækkun ríkisútgjalda um 300 millj. kr. vegna þess að byrjað verði um mitt næsta ár að framkvæma þá kerfisbreytingu í ríkisrekstri sem við höfum oft áður flutt tillögu um, t.d. fyrir seinustu fjárlagaafgreiðslu en við settum þessar tillögur aftur fram í nál. okkar við 2. umr. fjárlaga nú, þær tillögur eru einfaldlega um þetta:

Í fyrsta lagi: Að ríkisstofnanir sem fyrst og fremst þjónusta atvinnuvegi og fyrirtæki verði færðar til atvinnuveganna sjálfra og samtaka þeirra. Hér er um að ræða þjónustu, eins og t.d. forfalla- og afleysingaþjónustu bænda, mat á landbúnaðarafurðum, framlög til búfjárræktar, tilraunastöðvar í þágu einstakra búnaðarsambanda, Búnaðarfélag Íslands, Ríkismat sjávarafurða. Fyrir utan það að við gerum þá tillögu að Ferðamálaráð verði fært undir útflutningsráð í heild sinni, en það hefur ekki tekjubreytingaráhrif.

Í annan stað nefnum við til sögunnar ríkisstofnanir sem við teljum tímabært að lagðar verði niður þó það taki hálft ár til undirbúnings og verði af því á miðju næsta ári. Þetta eru ríkisstofnanir sem við teljum óþarfar eða teljum augljóst mál að ekki sé í verkahring ríkisins að reka þær eða þær væri betur komnar, sú þjónusta sem þar er rekin, í höndum annarra aðila en ríkisins. Sem dæmi um slíkar stofnanir nefni ég húsameistaraembættið, Bifreiðaeftirlit ríkisins, einangrunarstöð holdanauta í Hrísey og ráðunauta skv. jarðræktarlögum og af því að það er í rökréttu framhaldi hér af að nefna stofnanir í B-hluta ríkissjóðs, þótt ekki hafi þær áhrif á uppsetningu á A-hluta, *stofnanir eins og tilraunabúið* að Hesti, tilraunastöðina á Reykhólum, fóður- og fræframleiðslu í Gunnarsholti, Stórólfsvallarbú, fóðuriðju í Ólafsdal, grænfóðurverksmiðju í Flatey, laxeldisstöð í Kollafirði og embætti veiðimálastjóra.

Í þriðja lagi nefnum við til sögunnar ríkisstofnanir sem fyrst og fremst fást við það að selja atvinnuvegum og fyrirtækjum sérþekkingu og þjónustu og við teljum að eigi því að afla sér aukinna sértekna með sölu á þessari sérþekkingu og þessari þjónustu og ætlum þeim þess vegna sértekjur umfram almennar verðlagsbreytingar. Hér er um að ræða stofnanir eins og Tilraunastöð háskólans að Keldum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Fasteignamat ríkisins, Flugmálastjórn, Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun og Rafmagnseftirlit.

Í raun og veru byggja þessi dæmi sem ég hef nefnt um tillögur um óhjákvæmilega kerfisbreytingu í ríkisbúskapnum á tvennu fyrst og fremst: Í fyrsta lagi að dregið verði úr millifærslum af skattpeningum almennings í þágu sérhagsmuna, þ.e. sérstakra atvinnuvega, atvinnugreina eða fyrirtækja. Það á t.d. við um hvers kyns millifærslur að því er varðar bæði landbúnað og sjávarútveg svo að teknir séu

stærstu liðirnir. Í öðru lagi er um að ræða breytingar á ríkisrekstri þannig að hlutverk ríkisins verði skilgreint á nýjan leik, það reyni að takmarka umsvif sín, sé ekki að gína yfir hlutum sem það ræður ekki við, en reyni að einbeita sér hins vegar að öðrum hlutum og reyni þá að vanda vel til verka.

Þessar tillögur eru byrjunartillögur, getum við sagt. Þær skipta ekki sköpum í fjárhagslegu tilliti. Við erum hér að leggja fram tillögur um að lækka ríkisútgjöld á þessum póstum í heild um 500 millj. kr., þar af 300 millj. kr. að því er varðar ríkisstofnanir. Auðvitað þarf að ganga hér lengra til verks. En það þarfnast lengri undirbúningstíma og sérstakrar löggjafar.

Við gerum ráð fyrir því að þetta fyrsta skref megi stíga, miðað við neyðarástandið sem er nú í ríkisbúskapnum, um mitt næsta ár, þannig að þessar tillögur kæmu þá til framkvæmda um mitt næsta ár, það væru sex mánuðir til undirbúnings þessum kerfisbreytingum.

Heildaráhrifin, herra forseti, af þessum brtt. yrðu þessi: Með aukinni tekjuöflun og niðurskurði útgjalda mundi hallarekstur ríkissjóðs minnka um rúmlega 2 milljarða kr. Hallinn yrði þá 652 millj. kr. í stað 2800 millj. Í annan stað eru það heildaráhrif af þeim brtt. sem við flytjum við fjárlagaafgreiðslu, og reyndar að því er varðar lánsfjárlög síðar, að lánsfjárþörf ríkisins verður 800 millj. kr. í stað 1700 millj. í erlendum lánum, minnkar m.ö.o. um 900 millj. kr.

Við leggjum á það áherslu að með því að samþykkja þessar tillögur mundi meiri hluti Alþingis sýna í verki vilja sinn til þess að standa við gefin fyrirheit ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda í framhaldi af gerðum kjarasamningaum um það að allt verði gert sem er á valdi ríkissjóðs til þess að hamla gegn verðbólgu- og þenslutilhneigingum í þjóðarbúskapnum. Þetta væri prófsteinn á það hvort ríkisvaldið vill sýna í verki að það vilji standa við sinn hlut og tryggja þar með þann þýðingarmikla þátt stöðugleika í efnahagsmálum okkar sem varðar vinnufrið og sæmilega sátt við tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að sitthvað má að þessari tillögugerð finna. Skárra væri það nú. En í samanburði við gjörsamlega ábyrgðarlausa síþenslu ríkisútgjalda sem lýsir sér í þeim tillögum sem stjórnarmeirihlutinn leggur hér fram hafa þessar tillögur a.m.k. það til síns ágætis að þær boða nýjar leiðir og gefa fyrirheit um nýjar aðferðir í rekstri ríkisbúskaparins sem ég hygg að menn geti ekki í móti mælt með rökum að nauðsynlegt sé að taka upp ef menn á annað borð vilja ekki gefast upp fyrir verkefninu og beygja sig fyrir þeim rökum að tekjuöflunarkerfið sé hrunið og í annan stað að útgjaldaþenslan sé sjálfvirk og það hafi engir neina stjórn á henni.

Að sjálfsögðu má færa fyrir því rök að eitthvað af þessum tillögum komi til með að hafa verðhækkunaráhrif þegar til lengri tíma væri litið. Af sjálfu sér er það svo að það eru einstaklingarnir, neytendurnir, sem greiða að lokum alla skatta þótt lagðir séu á fyrir milligöngu fyrirtækja. Engu að síður vil ég halda því fram að verðhækkanaáhrif af tillögunni um stigbreytilegan eignarskattsauka til eins árs, þar sem ekki er stigið stærra skref en hér er nefnt, muni vera lítil sem engin á þessu ári, innan eins árs. Með hliðsjón af stórbættri afkomu fyrirtækja hef ég heldur ekki trú á því að verðhækkanaáhrif af 700 millj. kr. aukinni skattheimtu af fyrirtækjum muni hafa snör eða veruleg verðhækkanaáhrif.

Á hitt er hins vegar að líta að verðhækkanaáhrif vegna hins botnlausa hallareksturs ríkissjóðs geta orðið ófyrirsjáanlega mikil og koma strax eða mjög fljótlega til framkvæmda. Sú viðleitni okkar að draga úr þessum hallarekstri, minnka hann mjög verulega, vegur alla vega upp á móti hugsanlegum verðhækkunum af þessum tillögum og áreiðanlega gott betur. Við teljum því að þessar tillögur okkar gangi lengra í þá átt að ná því markmiði að stuðla að stöðugleika í verðlagi í okkar þjóðfélagi en tillögur meiri hl.

Herra forseti. Við lok þessarar umræðu leyfi ég mér að leggja megináherslu á eitt atriði og það er þetta:

Ef við horfum eitthvað fram í tímann og höfum í huga reynslu okkaraf stjórnlausum ríkisbúskap undanfarandi ára, þó nú sé bitið höfuðið af skömminni, verður því ekki lengur slegið á frest að þeir sem með völdin fara í landinu setjist niður við það verkefni að hugsa upp á nýtt og leita svara upp á nýtt við spurningunni: Hvert á að vera hlutverk ríkisbúskaparins á Íslandi?

Í nál. okkar sem lagt var fram við 2. umr. fjárlaga segir svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Síþensla ríkisútgjaldanna styðst ekki við neina markvissa heildaráætlun heldur er hún afleiðing undanlátssemi ríkisstjórna við sérhagsmuni og handahófskenndra skottulækninga sem gripið er til út frá skammtímasjónarmiðum án þess að skeyta um afleiðingarnar til lengri tíma litið. Fyrsta verkefnið er því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt. Sérstaða Alþfl. meðal íslenskra stjórnmálaflokka er sú að hann er ekki þjónn neinna sérhagsmuna. Flokkurinn hefur lýst sig andstæðing ríkisforsjár og miðstýringar. Samkvæmt hugmyndum jafnaðarmanna er hlutverk ríkisvaldsins takmarkað en þýðingarmikið. Í efnahags- og fjármálum eiga afskipti ríkisvaldsins af efnahagslífi að lúta að almennum skilyrðum til atvinnurekstrar, að því að bæta umhverfi fyrirtækja en ekki að hafa áhrif á sjálfan rekstur þeirra. Ríkisvaldið á að forðast beina íhlutun í atvinnulífinu, nema í algjörum undantekningartilvikum. Það á að draga úr pólitískri stýringu fjármagns gegnum banka- og sjóðakerfi. Dýrkeypt reynsla af fjárfestingarmistökum liðinna ára hefur fært okkur heim sanninn um þetta. Í stað þess að eyða kröftum sínum í ótal afskipti, sem hafa skammvinn áhrif og oft beinlínis skaðleg, á ríkisvaldið að einbeita sér að fáum afmörkuðum sviðum sem

það á hins vegar að sinna vel. T.d. á ríkisvaldið að tryggja þjóðinni gott skólakerfi og góða heilbrigðisþjónustu. Það á að beita fjárlögum ríkisins sem hagstjórnartæki til að draga úr sveiflum og treysta jafnvægi. Það á að beita þeim hagstjórnartækjum öðrum sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða til þess að hafa áhrif á eigna- og tekjuskiptingu í jafnaðarátt. Þetta á að gera í gegnum einfalt og skilvirkt skattakerfi, almannatryggingar, lífeyristryggingar og húsnæðislánakerfi. Í staðinn á ríkisvaldið að láta af handahófskenndum og einatt skaðlegum afskiptum af fyrirtækjarekstri, millifærslum og möndli í þágu sérhagsmuna. Í ljósi þessarar stefnu mun ríkisstjórn, sem Alþfl. á aðild að, beita sér fyrir heildarendurskoðun á ríkisbúskapnum. Í fjmrn. í höndum Alþfl. yrði unnið að þessu verkefni samkvæmt fjögurra ára áætlun. Sem dæmi um slík viðfangsefni má nefna:

1. Skattakerfið og skipulag þess. Mótun nýrrar heildarstefnu í skattamálum.
2. Húsnæðiskerfið og fjármögnun þess.
3. Landbúnaðarstefnan frá sjónarmiði heildarhagsmuna og ríkisfjármála.
4. Atvinnufyrirtæki með þátttöku ríkisins.
5. Þjónustufyrirtæki ríkisins fyrir atvinnuvegina.
6. Heilbrigðisþjónusta, skipulag hennar og fjármögnun.
7. Almannatryggingakerfið og fjármögnun þess.
8. Lífeyriskerfið og fjármögnun þess.

Nauðsynlegt er að taka tvo eða fleiri slíka fjármálaþætti fyrir frá langtímasjónarmiði ár hvert, þannig að tillögur um árlegar fjárveitingar úr skattheimtu megi skoða í því ljósi. Heildarendurskoðun skattakerfis, landbúnaðarstefnu og hins svokallaða „velferðarkerfis atvinnuveganna“ verði forgangsverkefni, fái Alþfl. nokkru um ráðið.

Það er í anda þessarar stefnu, herra forseti, þessarar heildarstefnu, sem þessar brtt. okkar, þótt þær gangi tiltölulega skammt, eru fram lagðar.

Áður en ég kom hingað inn í þinghúsið áðan, herra forseti, lét einn stjórnarsinna svo um mælt eftir atburði seinustu daga við fjárlagaafgreiðslu þar sem handahófið, flaustrið og stjórnleysið einkenna nánast hverja gjörð: „Aldrei hélt ég að það færi svo að ég ætti eftir að sakna Alberts úr stóli fjármálaráðherra.“ Annar vammlaus embættismaður, sem nýlega er sestur í helgan stein, lét uppi sína skoðun eftir að hafa fylgst með þessu hruni fjármálastjórnarinnar í höndum hins unga formanns Sjálfstfl. Hann sagði: „Ég er ekki lengur viss um að seinasta ríkisstjórn hafi endilega verið sú versta sem þetta lýðveldi hefur mátt umbera.“

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Síðustu dagar hafa helst minnt á kosninganætur með tilheyrandi spennu og tilfinningagosi þegar þulir lesa síðustu atkvæðatölur. Nefndarstörf hafa einkennst af óvissu um forsendur og öðru hverju hafa fræðaþulir okkar úr Þjóðhagsstofnun og Hagsýslu komið til nefndarinnar með nýjustu tölur úr reiknivélunum. Þingreyndari menn en sú sem hér stendur muna kannske aðra eins óvissutíma við fjárlagagerð en ætli þetta hafi nú ekki verið óvenjulega losaralegt að þessu sinni. Slíkar aðstæður eru auðvitað mjög erfiðar og trufla nefndastörf verulega.

Niðurstöðutalan kom í sjálfu sér ekki á óvart þegar hún loksins fékkst. Ekki er hún meira fagnaðarefni fyrir það. Rekstrarhallinn hefur aukist um 1200 milljónir frá frv. og skuldin sem við ætlum afkomendum okkar að fást við hefur vaxið um 1300 milljónir.

Hinir vísustu menn fagna því mjög að ekki sé ætlunin að borga þá skuld til útlanda. Og sá ég einhvers staðar haft eftir ekki ómerkari manni en hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfi Konráð Jónssyni, sem þykir einn mesti fjármálavitringur sjálfstæðismanna, að menn mættu ekki gleyma því hverjir fengju þessar skuldagreiðslur í hendur í fyllingu tímans. Það er auðvitað satt og rétt að í þessari viðbót er um innlenda lántöku að ræða. Því skv. fyrirmælum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins má ekki auka erlendar skuldir. En skuld er skuld sem einhvern tíma þarf að greiða. Skuld skiptir ekki um nafn þótt heimilisfangið sé innlent. Þessi aukni rekstrarhalli og aukna skuldasöfnun eru efnahagslífi okkar stórhættuleg. Fjárlögin, sem væntanlega verða samþykkt af meiri hluta Alþingis innan tíðar, eru ávísun á vaxtahækkanir og aukna verðbólgu og geta þess vegna raskað verulega forsendum þjóðhagsspár.

Þetta er nú góðbúið sem næsta ríkisstjórn fær að taka við og ég furða mig á því ábyrgðarleysi sem meiri hlutinn sýnir með slíkri afgreiðslu. Þá er kannske von að einhver spyrji: Hefðu Kvennalistakonur treyst sér til að skila betra búi? Það er auðvitað oft hægara um að tala en við að fást en ég er ekki í minnsta vafa um að varfærni og ráðdeild af því tagi sem kennd er við hina hagsýnu húsmóður hefði komið sér vel við sameiginlegan búrekstur landsmanna, þennan tiltölulega skamma tíma í sögu þjóðarinnar sem hún hefur verið að komast í álnir.

Því miður eru baggar fortíðarinnar þungir og marga þá bagga má rekja til rangra ákvarðana alþm. í atkvæðasmölun, ákvarðana um verksmiðjur hér og virkjun þar og orkubú alls staðar, ákvarðana sem byggðar voru á stórhuga áætlunum og sérpöntuðum spádómum sem illa standast tímans tönn. Það er raunar merkilegt hvað sömu mönnum er treyst og falið aftur og aftur að reikna og spá. Þessir baggar fortíðar að viðbættum föstum lögbundnum framlögum taka langstærstan hluta þeirra fjármuna er til ráðstöfunar eru.

Í nál. á þskj. 302 við 2. umr. fyrir viku skýrði ég eftir föngum afstöðu Kvennalistans til þessa frv. í heild sinni. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það allt en í örfáum dráttum er afstaða Kvennalistans sú að við erum andvígar stefnu frv. og ákaflega ósáttar við rangar áherslur stjórnvalda sem birtast í sparnaði og aðhaldi í félagslegum framkvæmdum og rekstri þar sem aftur á móti rekstrargjöld ráðuneyta og

sumra ríkisstofnana fá að þenjast út án mikillar fyrirstöðu. Við gagnrýnum sóun í óarðbærar framkvæmdir og fjárfestingar á vegum ríkisins meðan látið er undir höfuð leggjast að styðja arðvænlega uppbyggingu í atvinnulífinu og við bendum á að bersýnilega skortir vilja og samstöðu til þess að endurskoða rekstur ríkisins og tekjuöflun með það að markmiði að stöðva hallarekstur ríkissjóðs og dreifa byrðunum réttlátlegar á herðar landsmanna.

Nú á milli umræðna hefur verið fjallað um ýmsa stóra liði og smáa reyndar líka og að vonum eru þm. misjafnlega sáttir við niðurstöður þeirrar umfjöllunar. Fulltrúar stjórnarandstöðu hafa tekið minni þátt í þeirri umfjöllun en eðlilegt má telja að mínu viti og fengið allt of fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þetta læt ég koma fram hér því mér finnst það varpa skugga á annars gott samstarf innan nefndarinnar. Vissulega ber að sýna skilning vegna erfiðra aðstæðna og það hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar gert að mínu viti.

Því er ýmsum spurningum enn ósvarað og þótt ég sjái ekki ástæðu til að tíunda þær allar vil ég þó geta sérstaklega einnar og beina henni til viðstaddra ráðherra. Hvernig er ætlunin að ná þeim 150 millj. kr. sparnaði sem gert er ráð fyrir í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins? Ég veit ekki til þess að látið hafi verið af þeirri ætlun. Þegar þetta mál var til umræðu á fundi nefndarinnar með Tryggingastofnun ríkisins var m.a. bent á það að sjúklingar tækju minni þátt í lyfjakostnaði en tíðkast á hinum Norðurlöndunum. En það kom einnig fram að álagning á lyf er margfalt meiri. Álagning er margfalt meiri en víðast annars staðar. Þennan þátt þarf að endurskoða og ég legg áherslu á að sparnaður í Tryggingastofnuninni verði ekki framkvæmdur með því að leggja auknar byrðar á sjúka og þá sem minna mega sín.

Óánægja með afgreiðslu einstakra mála birtist fyrst og fremst í þeim brtt. sem þm. sjá sig knúna til að flytja. Auk þess eru ýmsir liðir sem eftir sitja. Ég ætla ekki að telja þá alla upp en get þó ekki látið hjá líða að nefna tvo málaflokka. Þar er þá fyrst að nefna málefni fatlaðra. Í þeim málaflokki fékkst vissulega nokkur úrlausn, þ.e. aukið framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra, og þótt ekki sé enn þá um að ræða réttmætt framlag lögum samkvæmt er hér um verulega úrbót að ræða sem er fagnaðarefni. Einnig fékkst grænt ljós og lítils háttar framlag til nýs meðferðarheimilis fyrir þroskahefta í Reykjavík sem grynnka mun á þeirri gífurlegu þörf sem alls staðar er fyrir hendi. En áhyggjur mínar eru nú einkum bundnar við starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem er algjör undirstöðuþáttur í meðferð fatlaðra og býr því miður við algjörlega óviðunandi skilyrði. Ég sé ástæðu til að fjalla ítarlega um þetta mál í þessari umræðu í þeirri von að menn vakni til vitundar um ástandið og fái hér hvatningu til úrbóta. Máli mínu til skýringar vil ég vitna hér til erindis stöðvarinnar til fjvn., með leyfi forseta. Þar segir:

„Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem starfar skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, tók til starfa 1. jan. s.l. Hlutverk hennar er allvíðtækt samkvæmt lögunum en veigamesti þáttur starfseminnar er að sjá um faglega úttekt eða greiningu á fötlun einstaklinga og ráðgjöf um úrræði og horfur. Enn fremur er stöðinni ætlað að sjá um reglubundið endurmat þessara einstaklinga og að veita meðferð og þjálfun þeim einstaklingum með erfiðar og flóknar fatlanir sem ekki eiga völ á annarri þjónustu. Þá er í lögunum skilgreint hlutverk stöðvarinnar við skráningu fatlaðra, rannsóknir á sviði fatlana og fræðsla fyrir fagfólk, svo og rekstur leikfangasafns.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um málefni fatlaðra var skipuð nefnd til að kanna þörf fyrir þjónustu slíkrar stofnunar og gera tillögur um framtíðarskipulag hennar. Var það niðurstaða nefndarinnar að slík miðstöð greiningar væri forsenda farsællar uppbyggingar þjónustu við fatlaða um landið. Taldi nefndin að um 4,5% af hverjum árgangi þyrfti á slíkri sérfræðilegri þjónustu að halda, sumir tímabundið en aðrir til lengri tíma.

Við stofnun Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar tók hún við allri starfsemi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi og færðist allt starfslið deildarinnar til Greiningarstöðvar. Við stöðina starfa nú 26 manns í alls 20,8 stöðugildum. Í fjárlögum 1986 fengust til handa Greiningarstöðinni þrjár nýjar stöður til viðbótar þeim stöðugildum sem fylgdu Athugunardeildinni í Kjarvalshúsi. Hins vegar hafði í nokkur ár þar áður ekki fengist leyfi til aukins reksturs deildarinnar þrátt fyrir sívaxandi eftirspurn eftir þjónustu hennar. Á s.l. ári hafði Kjarvalshús afskipti af um 160 fötluðum börnum. Það er ljóst að á þessu ári er um aukningu á afköstum að ræða enda þótt ákveðnar tölur liggi ekki fyrir. Auk þess hefur greiningarstarfið verið mun markvissara en áður, einkum upplýsingamiðlun til annarra þjónustuaðila.

Því miður er langt í land að Greiningarstöðin geti sinnt þeim verkefnum sem henni eru ætluð af hinu háa Alþingi. Stærsti hluti skjólstæðinga stöðvarinnar þarf áframhaldandi eftirlit og reglubundið endurmat, þannig að hópur sá sem tengist stöðinni stækkar sífellt. Auk þess hefur tilvísunum fjölgað verulega á þessu ári en nýjar tilvísanir í ár eru tæplega 100 samanborið við um 55 á s.l. ári. Um 70 börn og unglingar bíða eftir fyrstu tengslum við stöðina og annar eins hópur af skjólstæðingum stöðvarinnar bíður eftir endurmati eða meðferðardvöl. Biðtími er nú frá nokkrum mánuðum fyrir forgangshópa upp í allt að tveimur árum. Þá er okkur kunnugt um að vegna langs biðtíma er hópi barna ekki vísað til stöðvarinnar þrátt fyrir þörf.

Það ætti að vera öllum ljóst hvernig líðan það er að bíða mánuðum saman eftir endanlegum úrskurði um eðli fötlunar og nauðsynlegum úrræðum, auk þess sem tími til markvissrar þjálfunar tapast. Slíka bið er með engu móti hægt að verja fyrir þeim fötluðu einstaklingum sem leita til stöðvarinnar og aðstandendum þeirra.

Greiningarstöðin er nú til húsa í tveimur einbýlishúsum við Sæbraut á Seltjarnarnesi, alls um 750 fermetrar. Bæði húsin eru á tveimur hæðum og því ófær fyrir þjónustustarfsemi við fatlaða. Skipulag húsanna er í engu samræmi við þarfir starfseminnar auk þess sem verulegt óhagræði er að því að vera í tveimur húsum. Þarf t.d. að bera börn af dagdeild yfir götuna í ýmsum veðrum til að sækja sjúkraþjálfun. Þá er stærð núverandi húsnæðis ekki fullnægjandi fyrir núverandi starfsemi, hvað þá eftir aukningu hennar sem virðist óhjákvæmileg samkvæmt ofansögðu. Greiningarstöðin hefur leitað eftir því við félmrn. að gerðar verði hið fyrsta ráðstafanir til kaupa á hentugu húsnæði undir starfsemina þar sem ljóst er að fyrri ráðagerðir um byggingu sérhæfðs húsnæðis munu dragast um sinn. Leitað er eftir stuðningi fjvn. við lausn á húsnæðismálum stofnunarinnar. Til að mæta þeim brýna vanda sem blasir við vegna langs biðtíma telur Greiningarstöðin að aukning á starfsliði stofnunarinnar sé óhjákvæmileg. Það má ætla að fimm stöðugildi sem dreifðust á hinar ýmsu starfsstéttir stöðvarinnar séu fullnægjandi að sinni. Auk þess er full þörf á að skipa framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stöðvarinnar eins og gert er ráð fyrir í lögum um málefni fatlaðra. Greiningarstöðin fer því fram á við fjvn. að heimilaðar verði á næstu fjárlögum sex nýjar stöður við stofnunina."

Herra forseti. Ég hef kynnt mér þessa starfsemi eftir föngum og skoðað húsakynni Greiningarstöðvarinnar og er að mínu viti hvergi ofsagt af erfiðum aðstæðum. Þeir sem eitthvað hafa kynnst þessum málum vita og skilja hvílíkt álag og raun það er fyrir starfsfólk að standa frammi fyrir foreldrum fatlaðra barna og geta ekki brugðist við vanda þeirra vegna aðstæðna. Ekki fékkst fjárveiting fyrir meiru en einni nýrri stöðu að þessu sinni og enn er húsnæðisvandinn óleystur. Þó er vitað um allgott húsnæði sem er falt undir þessa starfsemi. Nú heiti ég á hæstv. félmrh., sem því miður er ekki viðstaddur núna, að vinna að því máli og á hæstv. fjmrh. að nýta sér þá heimild sem í lögum er til kaupa á viðunandi húsnæði fyrir Greiningarstöðina. Að því verður að vinna á næsta ári. Annað er ekki forsvaranlegt.

Hitt atriðið varðar umhverfismálin í heild sinni. Á þskj. 463 flyt ég brtt. og við Kvennalistakonur við framlag til Ferðamálaráðs og skýri ég hana betur síðar og þann vanda sem orðinn er vegna skilningsleysis stjórnvalda. En auk þess ógnar mér lítill skilningur á mikilvægi starfsemi Náttúruverndarráðs sem þrátt fyrir aukin verkefni samkvæmt lögum og reglugerðum fær ekki eðlilega uppfærslu rekstrarliða heldur er látið gjalda þess að aukið fé fékkst til Mývatnsrannsókna þegar námaleyfi kísilgúrverksmiðjunnar var endurnýjað fyrir tveimur árum. Námagjald Kísiliðjunnar er fært Náttúruverndarráði til tekna og rannsóknirnar skrifaðar á umfang ráðsins, en staðreyndin er sú að þetta fé fer inn á sérstakan reikning alls óviðkomandi Náttúruverndarráði og rannsóknirnar eru á annarra vegum þótt ráðið eigi fulltrúa í nefnd sem um þær fjallar. 1 millj. kr. hækkun fékkst til framkvæmda í þjóðgörðum, en engar leiðréttingar við þessa umræðu á öðrum liðum sem þessum málaflokki tilheyra. Þetta er verulegt áhyggjuefni með tilliti til síaukinna verkefna Náttúruverndarráðs.

Sem dæmi um vaxandi þátt í starfsemi ráðsins er eftirlit með mannvirkjagerð, en samkvæmt lögum er Náttúruverndarráð umsagnaraðili varðandi alla meiri háttar mannvirkjagerð, þar með taldar fiskeldisstöðvar, en eins og þingheimur veit er mikil gróska og framkvæmdagleði á þeim vettvangi. Fiskeldisstöðvar eru einmitt slík starfsemi þar sem mikillar aðgæslu er þörf, enda eru víða uppi hugmyndir um byggingu slíkra stöðva á viðkvæmum svæðum.

Síðasta ár hefur Náttúruverndarráð gefið umsögn um 70–80 slíkar stöðvar og ekkert lát virðist á beiðnum þar að lútandi, enda fá framkvæmdaaðilar ekki lán til framkvæmda nema umsögn ráðsins liggi fyrir. Óþarft ætti að vera að tíunda mikilvægi þeirra verndunaraðgerða sem Náttúruverndarráð annast í þjóðgörðum landsins. Ég er satt að segja undrandi á skeytingarleysi hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnarinnar allrar varðandi þann málaflokk.

Milli umræðna hefur einnig verið fjallað um rekstur B-hluta stofnana ríkisins og eins og kunnugt er byggja áætlanir þeirra á misjafnlega miklum gjaldskrárhækkunum. En eins og komið hefur fram eru menn ekki á eitt sáttir um samræmi þeirra eða ósamræmi við þær forsendur sem nýgerðir kjarasamningar byggjast á og sýnist þar sitt hverjum eftir því hvorum megin borðsins menn sitja. Það er að vísu hárrétt að óeðlilegar hömlur á gjaldskrárhækkanir leiða gjarnan til óhagræðis í rekstri og óhóflegrar skuldasöfnunar sem hreinlega getur endað með verðsprengingu og er þá illa komið því markmiði að vernda rétt neytandans.

Það er einnig ákaflega dýrt að láta rekstur stofnana vaða á súðum árum saman og húsakynni drabbast niður, eins og t.d. hefur orðið raunin með Þjóðleikhúsið. Hér voru umræður í Sþ. á þriðjudaginn var um málefni Þjóðleikhússins og er nokkuð ljóst að stór hluti þingmanna er ekki sáttur við hvernig komið er fyrir þeirri stofnun. Nokkuð hefur verið tekið á því máli nú milli umræðna, en niðurstaðan er þó sú að mikið vantar á til þess að hlutur Þjóðleikhússins sé leiðréttur. Til að ná þeim tekjum sem hér eru merktar á þskj. 419 þarf hvort tveggja að koma til, aukin aðsókn að leikhúsinu og hækkun miðaverðs, jafnvel allt að 59%. Og jafnvel þótt sú áætlun stæðist er enn ógreidd skuld upp á 80–90 millj. kr. Og ekki nóg með það því að 7,5 millj. kr. duga skammt til þeirra viðgerða sem húsakynnin þarfnast að utan sem innan. Þannig er nú komið fyrir þessari merku stofnun sem hýst hefur margan menningarviðburð á undanförnum árum. En hæstv. menntmrh. virðist þykja nóg að gert og lýsir því yfir á sinn stórkarlalega hátt í Morgunblaðinu í dag að

frekari úrlausn komi ekki til mála. Niðurstaðan er því sú að Þjóðleikhúsið situr eftir með um 80–90 millj. kr. skuld og niðurnítt hús.

Önnur menningarstofnun engist nú í höndum núv. ríkisstjórnar og á ég þar við Ríkisútvarpið okkar. Það er nú talið stefna í rúmlega 100 millj. kr. greiðsluhalla í ár, en tekjustofninn sem ríkisstjórnin ætlaði að svipta stofnunina í ár, þ.e. aðflutningsgjöld af viðtækjum, mun laga þá stöðu. Aðförinni hefur verið frestað í ár. Og hver er orsök þessarar slæmu stöðu Ríkisútvarpsins? Kunna menn þar ekki að gera áætlanir og standast þær? Staðreyndin er sú að nú eru aðstæður gjörbreyttar. Auglýsingatekjur hafa dregist stórlega saman vegna vaxandi samkeppni og eru 30–40 millj. kr. minni en áætlað var. Þá hefur fjárfesting farið langt fram úr áætlun eða um allt að 50 millj. kr. og er það síður en svo til fyrirmyndar. En auk þess hefur kostnaður vegna dagskrárgerðar aukist stórlega. Þessar niðurstöður þurfa svo sem ekki að koma neinum á óvart. Þetta er afleiðing af þeirri lagabreytingu sem leiddi til breyttrar skipunar útvarpsmála hér á landi. Og ef Sjálfstfl. fengi einn að ráða þyrfti líklega ekki lengur um sárt að binda. Útförinni er þó frestað um sinn.

Hér get ég ekki stillt mig um að benda á föðurlegan leiðara Morgunblaðsins í dag þar sem forráðamönnum útvarpsins, sem eru reyndar sjálfstæðismenn í bak og fyrir, er bent á nauðsyn þess að gæta hófs í rekstri og fjárfestingu og bent á Bylgjuna til fyrirmyndar. Vissulega stendur Bylgjan sig vel. En Morgunblaðið lætur hjá líða að geta um þann reginmismun sem er á hlutverki þessara stofnana þar sem Bylgjan hefur nánast frítt spil og engar kvaðir. Það var einmitt eitt af megingagnrýnisatriðum Kvennalistans við afgreiðslu útvarpslaganna að Ríkisútvarpið var skilið eftir með allar skyldurnar og kvaðirnar, en grundvöllurinn til að standa undir þeim skekktur. Og afleiðingarnar eru þegar komnar í ljós.

Lánasjóður ísl. námsmanna er enn ein stofnunin sem hefur átt í vök að verjast allt þetta kjörtímabil og mér segir svo hugur að við eigum eftir að ræða málefni hans síðar í vetur. Kvennalistinn hefur alltaf og ötullega barist fyrir bættum hag þess sjóðs, sem ég hef leyft mér að kalla helsta skjól jafnréttis hér á landi, og við höfum alltaf talað fyrir hækkun framlaga til hans við afgreiðslu fjárlaga. Nú stendur svo óvenjulega á að ráðstöfunarfé það sem sjóðnum er ætlað á næsta ári ætti að fara langt með að duga fyrir útlánaþörf að mati stjórnar sjóðsins. Að vísu er ég ekki sammála því mati því það byggist á forsendum sem skiptar skoðanir eru um. T.d. er í áætlunum stjórnarinnar ekki gert ráð fyrir víxillánum til fyrsta árs nemenda sem hefur verið mikið deilumál allt frá því að hæstv. fyrrv. menntmrh. og núv. heilbrmrh. vísaði þeim á biðstofur bankanna. Þar er enn fremur gengið út frá sama grunni námslána og gilt hefur þetta ár eftir frystingu hæstv. menntmrh. í ársbyrjun.

Hvorugt þessara atriða erum við sáttar við, en langmesta áhyggjuefnið er þó á hvern hátt lánasjóðnum er áætlað að fjármagna starfsemi sína, þ.e. með lántöku í sífellt hærra hlutfalli. Afleiðingin er síaukinn fjármagnskostnaður og afborganir eldri lána sem nú í ár nema um 214 millj. kr. og þessi liður stefnir í 293 millj. kr. á næsta ári. Þetta er auðvitað alröng stefna. Það er engu líkara en verið sé vísvitandi að grafa undan sjóðnum og eyðileggja grundvöll hans. Við Kvennalistakonur viljum nú láta reyna á það hvort þingheimur vill ekki rétta þessa stefnu aðeins. Við flytjum því brtt. á þskj. 463 um 200 millj. kr. aukið framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna og á móti viljum við lækka lántökuheimild sjóðsins um 200 millj. kr.

Aðra brtt. flytjum við, á sama þskj. reyndar, þar sem við leggjum til að auka framlag ríkissjóðs til Ferðamálaráðs um 30 millj. kr. Svo oft er ég reyndar búin að tíunda meðferðina á Ferðamálaráði hér úr þessum ræðustóli að mér er hálffarið að leiðast þófið, en ég vil enn einu sinni rifja upp að með lagasetningu árið 1976 var Ferðamálaráði ætlaður tekjustofn sem byggði á 10% af söluverðmæti fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og var allt áfengi og tóbak í fríhöfninni hækkað um 10% í því skyni. Ekki dugði sú lagasetning því Ferðamálaráð hefur aldrei fengið óskert framlag samkvæmt lögum. Við endurskoðun laganna árið 1985 var reynt að setja undir þann leka með því að skylda fríhöfnina til að greiða framlag sitt beint til Ferðamálaráðs. Það dugði ekki að heldur og nú er Ferðamálaráð fjær því en nokkru sinni að hafa bolmagn til að gegna því hlutverki sem því er falið með lögum. Er þetta enn eitt dæmi þess hvernig framkvæmdarvaldið hundsar löggjafarvaldið, en slík dæmi eru mörg og ljót og eru því miður á góðum vegi með að rýja Alþingi og ríkisstjórn trausti almennings og þeirra sem starfa eiga samkvæmt lögunum. Nú er hugsanlegt að stjórnvöld vilji þessa stofnun feiga og víst er að þær raddir hafa heyrst. Ég er því ósammála eins og ljóst má vera, en einstaklega þykir mér ógeðfelld sú aðferð, sem virðist svo hugleikin núverandi ráðherrum, að kyrkja ríkisstofnanir á þennan hátt með algerum sultarframlögum svo að þeim er gert ókleift að gegna hlutverki sínu.

Fleiri brtt. mun ég ekki mæla fyrir, en hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir munu síðar á þessum fundi skýra ástæður brtt. okkar varðandi Námsgagnastofnun, Krabbameinsfélagið, Háskóla Íslands og Rannsóknasjóð, Þróunarsamvinnustofnun og framlög til lista og menningarmála.

Ýmsar aðrar brtt. eru hér fram komnar sem vert væri að fjalla um og lýsa stuðningi við, en ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að till. á þskj. 404 um framlag til hönnunar nýs húss fyrir starfsemi Alþingis í samræmi við niðurstöður samkeppni um gerð slíks húss sem lauk á s.l. sumri. Kvennalistinn hafnaði þátttöku í flutningi þessarar till. og mun greiða atkvæði gegn henni af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi teljum við ekki tímabært að efna til

byggingarframkvæmda á vegum Alþingis. Húsnæðisvanda Alþingis, sem er vissulega mikill og þungbær, má leysa með öðrum hætti. Í öðru lagi áttum við engan þátt í samþykkt Alþingis um að efna til samkeppni um húsbyggingu á þessum stað og erum við ekki hlynntar þeirri ákvörðun.

Að undanförnu hefur verið fjallað töluvert um þessa ákvörðun Alþingis og verðlaunatillögurnar í blaðaskrifum og eru þau flest á eina lund. Máli mínu til stuðnings vil ég vitna í skrif tveggja opinberra starfsmanna sem treyst hefur verið til forsjár við varðveislu menningararfs og -verðmæta þjóðarinnar.

Það er þá fyrst grein eftir Ragnheiði H. Þórarinsdóttur sem er borgarminjavörður og forstöðumaður Árbæjarsafns. Greinin nefnist „Deiliskipulag Kvosarinnar" og birtist í Morgunblaðinu 4. des. s.l. Ragnheiður segir þar m.a.:

„Kirkjustræti 8, 8b og 10. Þetta eru timburhús frá því um aldamót eða fyrr. Nr. 10 er elsta húsið á alþingishússreitnum eða frá því árið 1879. Samkvæmt tillögum skipulagshöfunda áttu þessi hús að fá að standa. Þau eru dæmigerð bæjarhús í Reykjavík og mynda fallega götumynd með Dómkirkjunni og Alþingishúsinu ef þau yrðu gerð upp.

Nú hafa alþingismenn samþykkt að láta byggja yfir sig mikið stórhýsi sem að mínu mati mun raska öllum stærðarhlutföllum í miðbænum. Við erum ýmsu vön, sbr. Morgunblaðshöllina, en það er miður að stofnun allrar þjóðarinnar skuli ætla sér að riðla svo ímynd Kvosarinnar að hún ber vart sitt barr á eftir. Svona stórhýsi mundi algerlega bera þinghúsið og Dómkirkjuna ofurliði. Væri nær að Alþingi væri með í að undirstrika þýðingu miðbæjarins fyrir sögu Reykjavíkurborgar og þjóðarinnar allrar og nýtti sér þau gömlu hús sem fyrir eru á reitnum og léti byggja nýtt hús sem tæki fullt tillit til þeirrar byggðar sem fyrir er."

Þá er hér grein eftir þjóðminjavörð, Þór Magnússon. Hún birtist sama dag í sama blaði, þ.e. í Morgunblaðinu 4. des. s.l. Og í niðurlagi greinarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Að lokum vil ég víkja suður fyrir Kirkjustræti að þeirri hugmynd sem hvað verst er útfærð, en er ekki á ábyrgð þeirra skipulagshöfunda, en það er hin fyrirhugaða bygging Alþingis.

Svo mun hafa verið ætlast til, er boðið var til samkeppni um nýbyggingu Alþingis á lóðum þess, að taka skyldi mið af gamla Alþingishúsinu. Það yrði áfram fundarstaður Alþingis, en nýbyggingarnar skrifstofur og vinnustofur þingmanna og hýsti aðra starfsemi þingsins. Árangur þessarar verðlaunasamkeppni er vægast sagt hreint tilræði við yfirbragð gamla miðbæjarins, enda hafa þeir sem látið hafa álit sitt í ljós á prenti verið næsta sammála um að hér sé ekki vel farið. Enginn hefur skrifað um verðlaunatillöguna af hrifningu og það er skoðun mín að hér sé um að ræða slíkt ferlíki, hús sem ætlað er að ná allt frá horninu við Thorvaldsensstræti og vestur að Tjarnargötu, að það kaffæri alla byggð í nágrenni þess. Gamla Alþingishúsið verður ekki áberandi þungamiðja þingbygginganna sem vera bæri.

Verður nú bara að vona að þessi teikning verði tekin til rækilegrar endurskoðunar og í staðinn komi mun hæverskara hús sem taki tillit til að gömlu húsin standi. Eins og það birtist nú minnir það helst á sundhöll í útliti og tekur á engan hátt mið af gamla þinghúsinu þótt sýnt sé úr steini svipað og það.

Höfundar skipulagstillögunnar höfðu upphaflega gert ráð fyrir að timburhúsin sunnan Kirkjustrætis yrðu látin standa, enda hafði einu sinni komið fram tillaga frá húsameistara um nýbyggingar Alþingis í þá veru að byggð yrðu vinnuhús Alþingis að mestu á baklóðunum og af hæfilegri stærð og umfangi. En í útboðslýsingum samkeppninnar, sem þingið ákvað sjálft, var svo áskilið að höfundar skyldu gera ráð fyrir í tillögum sínum að þessi hús hyrfu öll fyrir nýbyggingunni. Er slæmt að Alþingi skuli ekki ganga hér fram fyrir skjöldu og sýna metnað til þess að vernda menningararf af þessu tagi, ekki síst þar sem um gjörvalla Evrópu er verið að vinna stórkostlegt átak í flestum borgum um varðveislu menningarminja, einkum gamallar byggðar, og þar standa opinberir aðilar í fararbroddi. Nægir að minna á samþykkt Evrópuráðsins um það efni sem Ísland mun staðfesta innan tíðar.

Ein tillaga í samkeppninni um nýju þingbygginguna gerði ráð fyrir að tvö gömlu húsin stæðu á sínum stað og nýbyggingin kæmi að baki þeirra, með framhlið til suðurs, og þá yrði hús Skúla Thoroddsens, Vonarstræti 12, flutt norður að Kirkjustræti í framhaldi af röð þessara húsa. Sú tillaga var að vísu keypt og merkir það að hún hafi þótt athyglisverð, en ekki fékk hún verðlaun sem fullnægjandi, enda forsendur ekki fyrir hendi svo sem að framan segir.

Hér þarf að fara fram af mikilli varkárni. Alþingi má ekki ganga á undan og láta ryðja burt því sem sett hefur svip á borgina um langa tíð og gæti með góðu móti nýst þinginu framvegis, rétt eins og sést með Vonarstræti 12, þar sem nú eru skrifstofur þingmanna."

Þessar tilvitnanir sýna það og sanna að mínu viti að við gerðum rétt í því að bíða með frekari áform um þessar húsabyggingar enn um sinn. Við Kvennalistakonur erum þeirrar skoðunar að alþm. hafi ekki efni á að hundsa álit þessa fólks sem byggt er á víðtækri þekkingu og reynslu. Mistök í þessum efnum verða ekki aftur tekin og ég ítreka að við teljum að húsnæðisvanda Alþingis megi leysa á annan hátt og munum greiða atkvæði gegn þessari till. Mér er fullkunnugt um andstöðu fleiri hv. þm. við þetta mál og á bágt með að trúa öðru en þeir greiði atkvæði í samræmi við það.

Herra forseti. Ég held ég láti hér staðar numið í 3. umr. um fjárlög fyrir árið 1987. Þetta eru vond fjárlög sem einkennast af fyrirhyggjuleysi og röngum áherslum og líkurnar til að þau standist tímans tönn eru ekki miklar. Við skulum vona að vöxturinn verði fremur tekjumegin en gjaldamegin án þess að

auka byrðar þeirra sem minna mega sín. En ástæða er til að minna á að örlitlar breytingar á forsendum geta raskað dæminu um milljónir króna og milljarða.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir sem ég flutti við 2. umr. til meðnefndarmanna minna og aðstoðarfólks nefndarinnar um leið og ég minni á það, sem vitur maður sagði, að jörðin er breið og barmafull af brauði og jafn réttur til brauðsins á að vera markmið okkar allra.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 404 sem flutt er af forsetum Alþingis o.fl. við 4. gr. um Alþingi. Gert er ráð fyrir að þar komi nýr liður er orðist: Hönnunarkostnaður vegna nýbyggingar Alþingis að upphæð 12 millj. kr.

Hér er um að ræða mál sem varðar húsakost Alþingis. Hv. alþm. er málið kunnugt. Samt sem áður þykir mér rétt að rifja nú upp sumt af því helsta sem málið varðar jafnframt því sem gerð verður grein fyrir brtt. þessari.

Á hinum langa ferli Alþingis fer ekki miklum sögum af húsakosti þingsins. Alþingi hið forna hafði ekki alþingishús til umráða svo sem við höfum í dag. Þess er þó að geta að laust fyrir árið 1020 sendi Ólafur helgi Noregskonungur að gjöf við í kirkju á Þingvöllum. Þessi kirkja var kölluð þingmannakirkja. Frá þessu segir Snorri Sturluson í Heimskringlu um 1230.

Um miðja 18. öld er fyrst reist hús til þinghalds, hið svokallaða lögréttuhús á Þingvöllum. Það var hins vegar að falli komið undir aldamótin 1800 og þá var Alþingi flutt frá Þingvöllum til Reykjavíkur árið 1799.

Þegar til Reykjavíkur kom átti Alþingi ekki í eigið hús að venda. Tvö þing voru háð í Hólavallaskóla og eftir endurreisn Alþingis er það til húsa í Lærða skólanum. Hélt svo fram þar til Alþingi flutti í það hús sem við nú erum í árið 1881.

Alþingishúsið var sérhannað og byggt með þarfir þingsins í huga. Húsið var byggt af mikilli rausn, myndarskap og framsýni og sniðið mjög við vöxt fyrir þarfir þingsins. Framan af var því hægt að nýta húsið fyrir fleiri stofnanir en Alþingi. Fyrr á tíð voru þar Þjóðminjasafn, Landsbókasafn, Háskóli Íslands, skrifstofur ríkisstjóra og síðan forseta Íslands. Þessar stofnanir voru ekki allar samtímis til húsa í Alþingishúsinu, en samt þykir okkur í dag furðulegt hvernig þessi margvíslega starfsemi hefur getað rúmast í Alþingishúsinu og nær óskiljanlegt hvernig hægt hefur verið að rúma starfsemi Háskóla Íslands þar frá stofnun hans 1911 fram til 1940.

Nú er öldin önnur. Umsvif Alþingis hafa stórlega aukist, ekki síst eftir lýðveldisstofnunina, bæði á þann veg að þingtíminn hefur lengst mikið og þingmönnum fjölgað mikið. Jafnframt hefur þótt nauðsyn bera til að bæta vinnuaðstöðu þingmanna með skrifstofuherbergjum þeim til handa. Þessu fylgja stóraukin störf hjá skrifstofu Alþingis, hjá útgáfu Alþingistíðinda og hjá öðrum starfsþáttum þingsins. Þetta leiddi til þess að Alþingishúsið var fyrir mörgum árum allt of lítið fyrir starfsemi þingsins.

Smám saman hefur verið bætt úr þessu með því að Alþingi hefur fengið til nota hús í næsta nágrenni. Þessi hús eru nú fimm að tölu, en ófullnægjandi. Er það hvort tveggja að þessi hús eru ekki hönnuð fyrir þá starfsemi sem þar fer nú fram né nægilega stór til að mæta nútímakröfum um slíka starfsemi. Jafnframt er nú búið við mikil þrengsli í sjálfu Alþingishúsinu. Allt er þetta þingmönnum mætavel kunnugt.

Það var því ekki að ófyrirsynju að Alþingi samþykkti árið 1981 ályktun er varðar húsakost þingsins. Var það gert í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins. Það var bæði viðeigandi og tímabær þál. sem samstaða var um.

Til að mæta vanda Alþingis var um tvo kosti að velja, annars vegar að reisa nýtt Alþingishús, hins vegar að efna til framkvæmda sem gerðu mögulegt að nota núverandi Alþingishús til frambúðar. Síðari kosturinn var valinn. Í þál. var mælt svo fyrir að efnt skyldi til samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar fyrir starfsemi þingsins. Skyldi samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis verði áfram í núverandi þinghúsi, svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Snemma árs 1985 var hafinn undirbúningur að því að koma fram vilja Alþingis í málinu. Fengin var aðstoð Arkitektafélags Íslands við framkvæmd á samkeppni nýbyggingarinnar. Dómnefnd var skipuð sjö mönnum.

Dómnefndin vann að undirbúningi og gerð keppnislýsingar í samráði við þingflokkana. Þannig voru drög að keppnislýsingu, útboðsskýringum og verkefnislýsingu send þingflokkunum til umsagnar þar sem skýrt var frá öllu fyrirkomulagi og kröfum sem dómnefndin hugðist gera í sambandi við lausn verkefnisins. Auk þess höfðu forsetar þingsins fundi með formönnum þingflokkanna til kynningar og skýringa eftir því sem gerð keppnislýsingar miðaði áfram. Frá þingflokkum fékk dómnefndin ýmsar ábendingar.

Í keppnislýsingu var gert ráð fyrir nýbyggingu sem mætti reisa í tveim áföngum ef hentugra þætti, en ekkert til fyrirstöðu að allt húsið yrði byggt samtímis.

Annar hluti þessarar nýbyggingar var ætlaður fyrir þá starfsemi sem segja má að ætti að vera í sama húsi og þingsalirnir eru en rúmast þar ekki nú. Þessi hluti rúmar því aðstöðu fyrir þingnefndir, þingflokka, skrifstofu Alþingis, bókasafn, skjalasafn og mötuneyti. Einnig var gert ráð fyrir sérhönnuðu húsrými fyrir ræðuritun, tölvuvinnslu og sjónvarpsupptöku. Enn fremur var ætluð aðstaða fyrir útgáfu Alþingistíðinda og dreifingu þeirra og aðgreiðslu til almennings. Þá var einnig um að ræða húsrými fyrir húsvörslu, heilsurækt, póstafgreiðslu o.fl.

Hinn hluti nýbyggingarinnar var ætlaður fyrir

skrifstofur þm. ásamt tilheyrandi forrýmum og fundarherbergjum.

Með tilliti til fyrirhugaðra nota var nýbyggingunni ætlað að vera sem næst Alþingishúsinu. Þó var lögð áhersla á að nálægð húsanna yrði ekki til lýta fyrir útlit Alþingishússins svo að stíll þessi nyti sín eftir sem áður. Þess vegna var gert ráð fyrir að nýbyggingin væri tengd Alþingishúsinu með neðanjarðargöngum.

Þá þurfti að gæta þess við staðsetningu nýbyggingarinnar að möguleikar yrðu fyrir hendi ef rétt þætti í framtíðinni að reisa nýtt Alþingishús á lóðarspildum þeim sem Alþingi hefur yfir að ráða á svæði því sem markast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og tjörninni. Er þá haft í huga að nýtt Alþingishús gæti verið staðsett á suðurhluta lóðarspildunnar. Af þessum ástæðum var gert ráð fyrir að annar hluti nýbyggingarinnar yrði látinn standa við Kirkjustræti vestanvert við Alþingishúsið, en hinn hlutinn með skrifstofum þingmanna við Tjarnargötu.

Þegar nýbyggingin yrði tengd við Alþingishúsið er að því stefnt að gerðar verði nokkrar breytingar á innra fyrirkomulagi þinghússins. Hugmyndin er að herbergjaskipan og frágangur innanhúss verði færður sem næst upphaflegri gerð, en það verkefni var ekki hluti af samkeppni þeirri sem fram fór. Sömuleiðis er nú unnið að breytingum á innanstokksmunum þingsalanna beggja svo að rými þar megi verða til frambúðar. Er gert ráð fyrir að þeirri framkvæmd verði lokið snemma á næsta ári.

Samkeppnin um nýbyggingu Alþingis var auglýst 24. febr. 1986. Skilafrestur var til 12. júní. Í samkeppni þessari bárust dómnefndinni 25 tillögur. Það var álit dómnefndar að tillögurnar sem komið höfðu í þessari samkeppni væru almennt í háum gæðaflokki, höfundarnir hafi lagt sig fram um verk sitt og framsetning þeirra almennt verið sérlega góð og skýr.

Með tilliti til þess að um er að ræða byggingu í kjarna miðborgarinnar og í nágrenni friðaðra bygginga lagði dómnefndin megináherslu á aðlögun að umhverfinu og tengsl við Alþingishúsið, auk tillits til sveigjanleika og hagkvæmnissjónarmiða. Þá hafði dómnefndin í huga að látlaus virðuleiki hið ytra og innra hæfði þeim hluta hússins þar sem fram færi starfsemi sem ætti heima í þinghúsinu sjálfu ef rými hefði leyft, en hinn hluti hússins, ætlaður skrifstofum þingmanna, svaraði frekar til venjulegs skrifstofuhúsnæðis.

Eftir ítarlega meðferð og athugun á tillögum samþykkti dómnefndin einróma að veita þrenn verðlaun, 1., 2. og 3. verðlaun. Auk þess samþykkti dómnefndin einróma kaup á fimm tillögum.

1. verðlaun hlaut ungur arkitekt, Sigurður Einarsson. Í umsögn dómnefndar um þessa tillögu segir m.a. þetta:

„Byggingin fellur vel að Alþingishúsinu og húsalínu Kirkjustrætis. Glerturninn, sem varðar innganginn, styður virðuleik Alþingishússins á áþekkan hátt og turn Dómkirkjunnar. Aðkoma að húsinu er í samræmi við þau markmið sem höfundur gefur sér og inngangur er einkar vel gerður. Yfirsýn innanhúss er mjög góð, svo og staðsetning hinna ýmsu deilda.“

Afhending verðlauna fór fram í Listasafni Háskóla Íslands í Odda 13. ágúst s.l. þegar opnuð var jafnframt sýning fyrir almenning á tillögunum öllum, 25 að tölu, sem borist höfðu.

Eftir að Alþingi kom saman nú í haust var hafist handa að kynna þingmönnum nánar fyrstu verðlauna teikninguna. Var málið rætt á sameiginlegum fundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna og þá var tillagan útskýrð og farið yfir teikninguna á sérfundum með þingmönnum hvers þingflokks fyrir sig. Var það gert af arkitektum þeim sem sæti höfðu átt í dómnefndinni.

Í framhaldi af þessari meðferð málsins hafa forsetar þingsins að höfðu samráði við formenn þingflokka komið sér saman um að leggja fram brtt. þá við fjárlagafrv. sem hér er mælt fyrir. Auk forsetanna þriggja og fyrri varaforseta Sþ. eru flm. að till. þessari formenn þingflokka Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. og eru flm. því frá öllum þingflokkum nema Samtökum um kvennalista.

Samkvæmt till. er gert ráð fyrir 12 millj. kr. vegna hönnunarkostnaðar á næsta ári. Er þessi upphæð um helmingur þess sem áætlað er að heildarkostnaður vegna hönnunar nýbyggingarinnar muni nema og er þá gert ráð fyrir að hönnunin muni taka um tvö ár. Mikils er um vert að alþm. eigi greiðan aðgang með að koma á framfæri hugmyndum sínum og tillögum meðan á hönnun nýbyggingarinnar stendur. Þess vegna er gert ráð fyrir að forsetar þingsins og formenn þingflokka á hverjum tíma hafi umsjón með verkinu með aðstoð húsameistara ríkisins. Það er höfuðatriði að samstaða megi verða framvegis sem hingað til um þetta mál (**EKJ:** Það er engin samstaða.) sem varðar svo mjög stöðu og starf Alþingis.

Það hefur komið fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 7. landsk. þm., að Kvennalistinn er andvígur þessari brtt. Hv. þm. tók fram að sá listi hefði ekki staðið að þáltill. 1981 þegar alger samstaða var um þetta mál. Það var von og verður ekki fært Kvennalistanum til áfellis þar sem Kvennalistinn var þá ekki á þingi. En það er að sjálfsögðu miður að Samtök um kvennalista skuli finna ástæðu til þess að rjúfa samstöðuna um þetta mál og það því fremur þar sem sú afstaða er ekki byggð á traustari grunni en fram kom í ræðu hv. 7. landsk. þm. áðan.

Ég ætla ekki að fara að ræða nú um tillögu þá sem hlaut 1. verðlaun, en það var einróma samþykkt af þeim mönnum sem falið var að dæma um þessi mál. Auðvitað geta alltaf verið einhverjar mismunandi skoðanir um atriði sem varða m.a. smekk manna og það hlýtur að vera í þessu tilfelli eins og öðrum hliðstæðum tilfellum og höfum við mörg dæmi um slíkt.

Hv. 7. landsk. þm. vitnaði í tvo greinarhöfunda og

það mátti skilja það svo að það væri til stuðnings þeirri fullyrðingu að ekki væri tekið nægilegt tillit til umhverfisins og skipulagsins á þeirri lóðaspildu sem Alþingi hefur yfir að ráða og næsta nágrenni. Það geta alltaf verið skiptar skoðanir um þetta atriði. En eins og ég tók fram hér fyrr í ræðu minni var þetta eitt af höfuðatriðunum sem dómnefndin lagði áherslu á. Og fyrst hv. 7. landsk. þm. er að vitna í skrif um þessar tillögur og láta í það skína að það sé misboðið skipulagi borgarinnar og því umhverfi sem Alþingishúsið er í hefði mátt benda hv. þm. á grein sem ekki ómerkari maður skrifaði en forstöðumaður Borgarskipulagsins í Reykjavík sem hefur fyrir hönd borgarinnar mest um þau mál að segja og átti raunar sæti í dómnefndinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hina óvæntu ræðu hv. 7. landsk. þm. að því er varðar nýbyggingu Alþingis, en ég vænti þess að þeir flokkar, sem lögðu grundvöllinn að þeirri málsmeðferð sem fylgt hefur verið og stóðu að þáltill. frá 1981, komi málinu í höfn hvað sem líður afstöðu Samtaka um kvennalista.

Frsm. samvn. menntm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Svo sem venja er hittust menntamálanefndir beggja deilda og ræddu um hvaða háttur skyldi hafður á um heiðurslaun listamanna að þessu sinni. Hittist nefndin á þrem fundum og varð sú niðurstaðan að tveir listamenn skyldu bætast í hóp þeirra sem fyrir væru, Árni Kristjánsson píanóleikari og Jón úr Vör skáld.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa listamenn. Árni Kristjánsson er einn af brautryðjendum tónlistar hér á landi, framúrskarandi píanóleikari og átti vísan frama erlendis, en kaus að koma heim og starfa hér, mikill menningarmaður í lífi og starfi.

Jón úr Vör varð þjóðkunnur í einni svipan þegar ljóðabók hans, „Þorpið", kom út og hygg ég að hann hafi skipað sér þann sess meðal íslenskra skálda að bókmenntasagan verði ekki rakin án þess að hans sé minnst. Hann er hógvær túlkandi og alþýðufólk, fólkið í þorpinu er honum kært yrkisefni og myndir hans þaðan mjög lifandi og skýrar.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Við leggjum til að listamannalaun hækki úr 275 þús. kr. í 330 þús. kr. eða um 20%. Flm. þessarar brtt. eru allir nefndarmenn menntamálanefnda beggja deilda. Ég veit ekki hvort þessu þskj. hefur verið útbýtt, en ég hef afhent það og það hefur verið skráð.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja nokkur orð um fjárlagafrv. almennt, en síðan fjalla um nál. frá samvn. samgm. að beiðni formanns þeirrar nefndar, hv. 3. þm. Norðurl. e., sem þurfti að víkja af þingfundi í dag.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa þm. þeir sem sæti eiga í fjvn. varið nær öllum vinnutíma sínum í að fjalla um fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það er því ekki úr vegi að fara um það örfáum orðum á lokasprettinum. Það verður þó engin allsherjarúttekt eða yfirlit heldur aðeins vikið að nokkrum þáttum þess.

Ekkert er nýtt undir sólinni og sagan endurtekur sig. Líkt er því farið um frv. til fjárlaga. Meðferð þess er keimlík frá ári til árs, vinnubrögðin svipuð. Það eru aðeins tölurnar sem eiga bágt með að standa í stað. Þær leita yfirleitt upp á við til hækkunar. Það er svo miklu auðveldara að bæta við en draga frá þegar áhugaverð viðfangsefni laða og lokka eins og fagrir fjallatindar og frómar og einlægar óskir um fjárframlög berast að úr öllum áttum.

Þó má segja um sjálft fjárlagafrv. að það fer batnandi að allri gerð og veitir margs konar fróðlegar og gagnlegar upplýsingar ef vel er lesið. Höfundar þess kunna vel til verka og geta jafnvel á grundvelli þekkingar og tækni skyggnst svolítið inn í framtíðina og spáð eða sagt fyrir um óorðna hluti þegar best lætur með ýmsum fyrirvörum.

Fjárlagafrv. það sem nú verður senn að lögum er barn síns tíma ef svo má segja. Það einkennist um margt af almennu efnahagsástandi í landinu, en miklu skiptir að við meðferð þess sé vel á málum haldið. Það speglar og endurspeglar ýmsar myndir úr mannlífinu, afstöðu til óhófs eða sparnaðar, og ríkisfjármálin eru og verða veigamikill þáttur í því að viðhalda efnahagslegu jafnvægi í landinu ef rétt er á haldið.

Á þessu ári verður varla annað sagt en þjóðin hafi búið við góðæri. Það hefur aflast vel og selst vel á erlendum mörkuðum. Það stefnir í viðskiptajöfnuð við útlönd. Hagvöxtur fer fram úr öllum vonum og spádómum. Verðbólgan fer minnkandi og nálgast nú óðfluga eins stafs tölu. Atvinna næg um allt land og allar hlöður bænda fullar af grænum heyjum eftir gott og hagstætt sumar. Landsmenn ættu því að hafa nóg að bíta og brenna um þessar mundir og ekki ætti mönnum að verða skotaskuld úr því að setja saman þokkaleg fjárlög undir svona kringumstæðum.

Það hefur þó reynst fullerfitt að þessu sinni. Til þess liggja ýmsar ástæður. Utan af landsbyggðinni berast daglega fréttir af viðskiptum manna við kvótareglur til sjós og lands. Reynslan af þeim viðskiptum er oft heldur nöpur fyrir menn sem hingað til hafa unnið hörðum höndum við að framleiða sem mest, hvattir til að afkasta sem mestu, stækka búin, auka ræktun o.s.frv. eða þá sækja sjóinn hvenær sem færi hefur gefist. Þeir fiska sem róa, hefur verið sagt, og fast þeir sóttu sjóinn og fleira í þeim dúr.

Ekki verður annars vart en allir hv. alþm. vilji leggja sig fram um að efla atvinnuvegina til lands og sjávar, vinna fyrir fólkið, eins og sagt er, hvar sem er á byggðu bóli, bæta aðstöðu manna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins, svo að notað sé orðalag sem alkunnugt er.

Hvaða meginsjónarmið hafa ráðið ferðinni við gerð og meðferð þessa fjárlagafrv.? Vonandi andi sparnaðar og hagsýni og þeirrar sjálfsögðu stefnu að

lækka skuldir þjóðarinnar við útlönd. Með þessar staðreyndir í huga ber að þakka það sem þokast hefur áleiðis, en minna jafnframt á það sem ógert er en aðkallandi öðru fremur.

Í grg. með frv. til fjárlaga segir m.a. að framlögum til framkvæmdaverkefna sé stillt í hóf. Framlög til skólamannvirkja, hafnargerða og sjúkrahúsa hækki þó nokkuð að raungildi frá því sem er í ár. Heldur hafa þessi framlög þó reynst ódrjúg í skiptingunni. Á Vesturlandi og víðar er nú svo komið að ríkið skuldar sveitarfélögum, stórum og smáum, svo mörgum milljónum skiptir í skólabyggingum svo að dæmi séu nefnd. Það er sagt að alþm. skipti skólabyggingarfé innan kjördæmanna. Svo er þó ekki í raun. Tillögurnar koma ofan frá. Samþykki menntmrn. þarf áður en framkvæmdir mega hefjast við ákveðna skólabyggingu og röðun framkvæmda miðast við hvar skólabyggingaþörf er brýnust, eins og segir í grunnskólalöggjöf. Hvað sem um þetta er að segja verður með einhverjum hætti að gera sérstakt átak til þess að grynnka verulega á skuldum ríkisins við sveitarfélögin á þessu sviði. Öll aðstaða til náms verður að vera sem jöfnust hvar sem er á landinu.

Um fé til hafnargerða er það að segja að heildarfjárhæðin er hærri en verið hefur tvö s.l. fjárlagaár, en það reyndist einnig ódrjúgt þegar til skipta kom af eðlilegum ástæðum. Þarna verður að bæta um betur, einkum að því er varðar fámennar byggðir þar sem allt veltur á sæmilegri fiskihöfn.

Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús eru dýrar framkvæmdir, en þar hafa framfarir orðið miklar víða um land á liðnum árum. Þetta er afskaplega mikilvægt því að góð aðstaða á þessu sviði veitir fólki svo mikla öryggiskennd og léttir mönnum áhyggjur og erfiði í daglegri lífsbaráttu.

Um samgöngumál verður aðallega fjallað á þingi eftir áramót. Þar er stefnan sú að halda sem fastast utan um tekjustofna þá sem veita eiga fé til vegagerðar. En þessa dagana getum við hugleitt hversu litlu við í raun og veru komum í verk á flugvöllum okkar um allt land fyrir það lítilræði sem ætlað er af fé til framkvæmda á flugvöllum á næsta ári.

Ég vík nánar á eftir að nál. um framlög til flóabáta og fjárveitingum sem veittar hafa verið í því tilliti, en ég sé ástæðu til að vekja athygli á því að það er venja að setja í fjárlagafrv. hvers árs þá heildarfjárhæð sem staðið hefur á fjárlögum viðkomandi árs í þessu skyni til þessara verkefna. Til flóabáta og vöruflutninga voru því settar 73,3 millj. í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, en í meðförum nefndarinnar hefur það aðeins hækkað í 74 millj. 10 þús. kr. Verður að teljast að þarna sé vel á málum haldið undir stjórn formanns samvn. samgm., hv. 3. þm. Norðurl. e.

Ég vil einnig geta þess að ég hef fengið fjölmörg bréf á liðnum vikum frá forráðamönnum sveitarfélaga hvarvetna um land, stórum og smáum, þar sem þau hafa kvartað yfir skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það má ekki minna vera en minnst sé á þetta atriði héðan úr ræðustól á hv. Alþingi.

Fátt væri auðveldara en að nefna marga fleiri málaflokka, t.d. á sviði atvinnumála, byggðamála og menningarmála, þar sem full þörf væri á ríflegri fjárveitingum en gert er ráð fyrir við þessa fjárlagagerð. Svo er t.d. um ferðamálin, ferðaþjónustuna, sem er vaxandi atvinnugrein og góð uppspretta gjaldeyrisöflunar með auðveldu móti. Að þeirri uppsprettulind er ekki nægilega hlúð í þessu frv. né heldur í frv. til lánsfjárlaga. Þá vantar og mikið á að ríkið ræki skyldur sínar að lögum í öðrum greinum, sbr. ýmis ákvæði í lánsfjárlögum ár eftir ár, t.d. að því er varðar Félagsheimilasjóð og ýmsa fleiri sjóði sem hafa skyldum að gegna við landsbyggðina. Nauðsyn brýtur lög og þetta kann að vera óhjákvæmilegt undir vissum aðstæðum, en má þó með engu móti verða að sljóum vana sem fylgt er árum saman án sérstakrar umhugsunar eða tilrauna til að brjóta málin til mergjar og finna ný úrræði til lausnar þeim á líðandi stund.

Það hefur oft verið sagt að hinar svokölluðu aukafjárveitingar sem tíðkast hafa séu óæskilegar og ætti raunar að afnema. Meðan svo horfir eins og hér hefur verið lýst er það engan veginn fært. Á hinn bóginn verður að teljast hagkvæmt og rétt að hafa sem oftast samband við a.m.k. formann fjvn. þegar um meiri háttar aukafjárveitingar er að ræða eða stefnumarkandi.

Eins og komið hefur fram við þessa umræðu hjá ýmsum ræðumönnum hafa kjarasamningar þeir sem gerðir voru á vinnumarkaði í þessum mánuði haft allvíðtæk áhrif á fjárlagagerðina milli 2. og 3. umr. um frv. og breytt niðurstöðutölum. Það er óumræðilega mikils virði fyrir þjóðina alla að svo víðtækir samningar skuli takast um hin viðkvæmustu hagsmunamál. Þess vegna verður að vona að breytingar þær sem verða á fjárlögum 1987 af þessum sökum verði öllum til góðs þegar á heildina er litið.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um nál. um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga frá samvn. samgm., en það álit er á þskj. 445. Um þessi mál fjalla ég, eins og ég gat um áðan, að beiðni formanns samvn. samgm. sem þurfti að víkja af þingfundi í dag.

Samvn. samgm., sem borið hefur þetta heiti frá öndverðu, er í raun og veru ekki annað en samgöngunefndir beggja þingdeilda sem vinna að þessu ákveðna verkefni í góðri samvinnu á hverju þingi. Þessi samvinnunefnd hefur að venju fjallað um þau erindi sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum við landið, svo sem um Faxaflóa, Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp og til Vestmannaeyja, til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera

samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þó að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgrn., og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu að góðu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ.e. flutninga á sjó og í lofti. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar sem styrks til landflutninga njóta hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Þó er í nokkrum tilfellum misbrestur á að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgrn. fyrir yfirstandandi ár.

Ég mun nú víkja að stærri bátunum í örfáum orðum. Það er yfirleitt, eins og gefur að skilja, mikið þjónustuhlutverk sem þessi samgöngutæki rækja, en síður en svo að um arðbær fyrirtæki eða gróðavænleg sé að ræða.

Ég vík þá fyrst að Akraborginni. Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 12,5 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 10 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann. Í lok september á þessu ári var halli á rekstrinum 7,3 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Skammtímaskuldir eru miklar og mikil vanskil við Ríkisábyrgðasjóð. Nefndin fjallaði um þessa stöðu og í nál. er birt skrá yfir stærstu skuldir útgerðarinnar. Nefndin fjallaði um þessa stöðu og kom fram að réttast væri að ríkið yfirtæki þær skuldir sem hvíla á Akraborg, en fyrirtækið fengi síðan ekki rekstrarstyrk.

Þá er næst Breiðafjarðarbáturinn Baldur. Í greinargerð rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu tíu mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey hafi orðið samtals 134. Báturinn flutti í þessum ferðum 5473 farþega og 1071 bifreið. Auk viðkomu í Flatey var sem áður komið við í Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum. Í sumaráætlun bátsins fór hann allt að sex ferðir í viku yfir Breiðafjörð, en á tímabilinu 1. október til 30. apríl hafa verið farnar að jafnaði tvær ferðir í viku. Með bréfi til fjmrn. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, dags. 17. sept. 1986, tilkynnir samgrn. að ákveðið hafi verið að hefja á næsta ári smíði nýrrar Breiðafjarðarferju og yrðu til þeirra framkvæmda veittar nauðsynlegar heimildir á lánsfjárlögum 1987. Áætlað er að ljúka við hönnun ferjunnar á yfirstandandi ári og fullgera útboðsgögn. Reiknað er með að verkið verði boðið út í byrjun næsta árs.

Fagranes gengur um Ísafjarðardjúp og aðra staði á Vestfjörðum. Eins og á undanförnum árum fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár. Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Framkvæmdastjóri bátsins gerir ráð fyrir 10% meðaltalshækkun gjaldaliða milli áranna 1986 og 1987 og gerir ráð fyrir 25% aukningu tekna, þar af vegna taxtahækkana 11%.

Þá er það Hríseyjarferjan sem heldur uppi reglubundnum ferðum milli Hríseyjar og lands. Með bréfi sveitarstjóra Hríseyjarhrepps til samvinnunefndar samgöngumála fylgir greinargott yfirlit um rekstur ferjunnar fyrstu tíu mánuði þessa árs. Þar kemur fram að tekjur ferjunnar námu 4,6 millj. kr., en rekstraraðili gerir ráð fyrir að þær verði í árslok um 300 þús. kr. lægri en ráð var fyrir gert. Ástæður þessa eru minni hækkanir á flutningatöxtum en áætlað var og fargjaldahækkanir sem ráðgerðar voru fyrr á árinu náðu ekki fram að ganga. Til reksturs á næsta ári sækir Hríseyjarhreppur um 1,9 millj. kr. í styrk. Enn fremur um 1,2 millj. kr. í stofnstyrk til lengingar ferjunnar á næsta ári.

Þá kemur næst Mjóafjarðarbátur. Þar er sótt um styrk vegna áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferðanna er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klukkustundir í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á vetrum. Þessi bátur er að sögn heimamanna eini möguleikinn til að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Þá kem ég næst að Herjólfi sem heldur uppi ferðum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Heildarútgjöld ársins 1985 urðu 90 millj. kr. og rekstrartekjur 58,8 millj. kr. Halli varð því að starfsemi fyrirtækisins sem nam 31,2 millj. kr., en árið 1984 var sá halli 22,7 millj. kr. Upp í þennan halla fékk fyrirtækið ríkisstyrk að fjárhæð 12,5 millj. kr. þannig að tapið fyrir fjármagnsliði var 18,7 millj. kr. á móti 12,8 millj. kr. árið 1984. Samkvæmt bréfi fyrirtækisins til nefndarinnar er áætlun þessi, sem send hefur verið fyrir næsta ár, sett fram í samræmi við forsendur fjárlaga. Gjöld hafa í heild hækkað um 15%, úr 84 millj. í 96,4 millj. kr., en gert er ráð fyrir að tekjur verði 7% hærri en á árinu 1986.

Þá eru það loks flutningar til Grímseyjar sem rétt er að fara um nokkrum orðum. Um síðustu áramót hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Það ár varð mikill halli á skipinu þrátt fyrir verulegan styrk. Það var sýnilegt að ekki var hægt að halda slíkum rekstri áfram. Á yfirstandandi

ári verður kostnaður við þessa flutninga 4 455 000 kr. sem er ekki nema ¼ af því sem hefði þurft að vera ef Drangur hefði fengið þann styrk sem hann hefði þurft til að halda uppi þessum áætlunarferðum. Samið var við Flugfélag Norðurlands um að flytja þungavörur til Grímseyjar og enn fremur hefur Skipaútgerð ríkisins flutt fisk frá eynni. Þrátt fyrir mjög slæm lendingarskilyrði hefur þetta gengið allvel, en þó hafa strandferðaskipin komið nokkuð oft að eynni án þess að geta lagst þar að bryggju. En því mjög brýnt að hafnaraðstaðan verði bætt. Með því að gera höfnina þannig úr garði að strandferðaskipin geti lagst þar að bryggju í flestum veðrum og miðað við að Flugfélag Norðurlands haldi uppi svipaðri þjónustu og s.l. ár má ætla að sæmilega verði séð fyrir samgöngum í Grímsey og það með ódýrari hætti en áður var. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessir flutningar muni kosta 5 660 000 kr.

Á liðnum nr. 53, óráðstafað, er 1,2 millj. kr. Það er gert til þess að stöðvist landflutningar til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, eins og gerðist nú í vetur, er búið að semja við Flugfélag Norðurlands um að taka að sér slíka flutninga og verður það greitt eftir reikningi sem um hefur verið rætt að skrifstofustjóri samgrn., Halldór Kristjánsson, annist. En slíkir reikningar yrðu líka bornir undir formenn samgn. beggja deilda Alþingis. Enn fremur er áætlað, ef til kæmi að flytja þyrfti vörur á aðra staði á landinu með flugvélum í neyðartilvikum, að hægt sé að taka það af þessum lið.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda er þar um smáar upphæðir að ræða. Þeir eru Dýrafjarðarbátur, Hnúksnesbátur og Mýrabátur.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingu til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Það er rétt að geta þess að stofnstyrkur til Drangs, sem var 10 millj. kr. á þessu ári, fellur nú niður.

Ég mun þá að venju víkja að brtt. þeirri sem samvn. samgm. hefur sett fram á þskj. 444 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 og renna yfir það þskj. með skjótum hætti:

Við 4. gr. 10-321 1.20 Flóabátar og vöruflutningar. Fyrir „73 300“ kemur: 74 010 kr. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið: Flóabátar og vöruflutningar, vöruflutningar á landi: Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis 80 þús. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi 80 þús. Til vetrarflutninga í Dalahéraði 160 þús. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 45 þús. Til mjólkurflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 172 þús. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi 80 þús. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi 60 þús. Til vetrarflutninga í Suðurfjarðahreppi 60 þús. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 75 þús. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand 126 þús. Snjóbifreið í Önundarfirði 115 þús. Snjóbifreið um Botnsheiði 98 þús., stofnstyrkur 500 þús. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga) 425 þús. Til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu 75 þús. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi 45 þús. Til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi 45 þús. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi 45 þús. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi 45 þús. Til vöruflutninga í Árneshreppi 290 þús. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi 144 þús., stofnstyrkur 500 þús. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi 45 þús. Snjóbifreið á Hólmavík 50 þús. Fellshreppur 45 þús. Óspakseyrarhreppur 45 þús. Skefilsstaðahreppur 75 þús. Snjóbifreið í Skagafirði 95 þús. Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppi 75 þús. Til vetrarsamgangna, Siglufjörður–Sauðárkrókur 250 þús. Til vetrarflutninga í Ólafsfirði 75 þús., stofnstyrkur 500 þús. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði 30 þús. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal 80 þús. Til snjóbifreiðar á Akureyri 60 þús. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi 43 þús. Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu 47 þús. Norðausturleið, Vopnafjörður–Húsavík 630 þús. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi 230 þús. Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker 73 þús. Snjóbifreið á Þórshöfn 63 þús. Til vetrarflutninga á Bakkafirði 127 þús. Til vetrarflutninga í Vopnafirði 127 þús. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra 144 þús. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi 45 þús. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal 44 þús. Til vetrarsamgangna á Jökuldal 73 þús., stofnstyrkur 150 þús. Til vetrarflutninga í Möðrudal 92 þús., stofnstyrkur 104 þús. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 40 þús. Snjóbifreið á Fjarðarheiði 506 þús. Snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal 600 þús., stofnstyrkur 575 þús. Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur 83 þús. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík 127 þús. Til vetrarflutninga Djúpivogur–Hornafjörður 175 þús., stofnstyrkur 150 þús. Svínafell í Nesjum 47 þús. Til vöruflutninga á Suðurlandi 450 þús. Óráðstafað 1 200 þús.

Flóabátar: Akraborg 11 millj. 500 þús. Baldur 10 millj. 235 þús., stofnstyrkur 1500 þús. Hnúksnesbátur 60 þús. Mýrabátur 15 þús. Fagranes 10 millj. 100 þús. Dýrafjarðarbátur 100 þús., stofnstyrkur 50 þús. Hríseyjarferja 1880 þús., stofnstyrkur 1200 þús. Mjóafjarðarbátur 1725 þús. Herjólfur 19 millj. 350 þús. Eyjafjörður– Grímsey 5 millj. 660 þús. Samtals 74 millj. 10 þús. kr.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við eftir aprílkosningarnar 1983 var mikil spenna ríkjandi í þjóðfélaginu, verðbólga vaxandi og samdráttur í þjóðarframleiðslu, einkum vegna minnkandi sjávarafla. Ríkisstjórnin tókst á við vandann af myndugleik og framkvæmdi hvort tveggja í senn að slá niður verðbólguna og skera niður án þess að til atvinnuleysis kæmi. Þetta kostaði miklar fórnir hjá almenningi og atvinnufyrirtækjum um skeið, en fólkið var með, sætti sig við þrengri kost í von um betri tíð og ríkisstjórnin sigldi í góðum byr.

Verulegt bakslag kom árið 1984 er efnahagslegt jafnvægi fór úr böndunum eftir vinnudeilur þannig að það seig á ógæfuhlið um sinn í þröngu efnahagsástandi. Seinni hluta árs 1985 og 1986 snerist þróunin við, afli jókst, viðskiptakjör erlendis urðu yfirleitt betri, en ýmsir einstaklingar svo og fyrirtæki sátu eftir með uppsafnaðan vanda, húsbyggjendur sem mikilvæg atvinnufyrirtæki í flestum greinum.

Ef þær aðgerðir sem þegar hafa verið gerðar í húsnæðismálum skila sér eins og til er ætlast og ekki dofnar viljinn að slípa af agnúana er ástæða til bjartsýni í þeim mikilvæga málaflokki.

Aðgerðir sem miða í þá átt að styrkja fjárhagsaðstöðu atvinnufyrirtækja með skuldbreytingum ásamt aukningu eigin fjár stuðla að meira öryggi og festu í öllum rekstri, tryggja atvinnu og bæta kjör fólksins þegar fram í sækir ef áframhaldandi tekst að halda verðbólgunni í skefjum. Þá og því aðeins verður verðbólgunni haldið í skefjum að það gagnkvæma traust sem ríkt hefur milli aðila vinnumarkaðarins haldist og ríkisstjórnin tryggi að þau atriði sem skipta sköpum gagnvart kaupmætti launa og rekstrargrundvelli atvinnuveganna haldist, svo sem gengi, skattar, tryggingar, svo og taxtar opinberra þjónustufyrirtækja o.fl., sé ákveðið í samræmi við grundvöll samninga og ekki sé hvikað frá þeim í framkvæmd.

Það er mikið fagnaðarefni að kjarasamningar frá því í febrúar stóðust með góðu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar og nýundirritaðir samningar nú í desember bregða vissulega birtu á veginn fram undan. Nýjustu fréttir af töxtum opinberra fyrirtækja lofa þó ekki nógu góðu.

Það sem einkennir þessi fjárlög er fyrst og fremst aðhald, jafnframt því sem reynt hefur verið að bæta nokkuð ýmsa framkvæmdaliði sem komnir voru niður fyrir lágmark. Höfuðmálið er að viðhalda þeim ávinningi sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna. Til að ná þessu markmiði verður m.a. að reka ríkissjóð með halla. Bæði febrúarsamningarnir og nú aftur samningarnir í desember kosta ríkissjóð mikið. Það var lengst af stefnumark Sjálfstfl. að reka hallalausan ríkisbúskap. Nú þegar atvinnuvegirnir og útflutningsframleiðslan eru meiri og fjölþættari en áður og lífskjörin betri og jafnari hefur það sjónarmið verið ofan á að ríkissjóður geti þurft að hlaupa undir bagga til að koma í veg fyrir of mikla röskun í atvinnulífinu svo og lífi fólks og útgjaldasveiflum.

Hallinn á fjárlögum nú í stað aukinnar skattlagningar er einfaldlega hafður til að veita einstaklingum og atvinnufyrirtækjum svigrúm til að lagfæra stöðu sína til að vera betur búin að takast á við vaxandi verkefni í framtíðinni.

Með lágu verðbólgustigi og hagsýnum rekstri er hægt að búast við að mikil fárfesting undanfarinna áratuga fari að skila þjóðinni betri kjörum. Þörf til nýbyggingar er vissulega fyrir hendi, en fjármagnsfrekur stofnkostnaður í ýmsum greinum er minni nú en áður þannig að svigrúm er til að minnka erlendar skuldir án þess að slaka á nauðsynlegri nýfjárfestingu.

Hér er átt við það að um sinn þarf ekki að virkja stórt. Allar stórar hitaveitur eru fullbyggðar þó eftir sé að takast á við fjárhagsvanda nokkurra þeirra. Fiskiskipastóllinn er nægilega stór, sumir segja um of, þannig að þar er fyrst og fremst um nauðsynlega endurnýjun að ræða. Í þessu sambandi má þó ekki gleyma að sum byggðarlög vantar aukið hráefni og verður að finna lausn á því þannig að hagkvæmur rekstur náist í vinnslu. Frystihús og fiskverkunarstöðvar um land allt teljast að stofni að mestu leyti fullbyggðar, en nauðsynlegt er að mæta nýjum markaðsmöguleikum með fullvinnslu á heimaslóð með viðbótarfjárfestingu en minni að vöxtum en áður.

Ekki má samt gleyma því að við erum aðeins á miðri leið að byggja okkur upp t.d. í skóla- og heilbrigðismálum, en í þessum efnum mætti líta til meiri hagsýni en stundum áður. Það er því ekki út í bláinn að við gætum lagt miklu meira fé í samgöngumál en undanfarið og þar með stækkað atvinnu- og markaðssvæði með greiðari og öruggum samgöngum. Þar með mundu leysast allt að því sjálfkrafa mörg þau mál sem teljast byggðavandi í dag, en auðvitað þarf að vaka vel yfir að veita ýmissi atvinnustarfsemi, sem hefur átt undir högg að sækja vegna fjarlægðar og einangrunar, nýja stoð í formi fjármagnsfyrirgreiðslu og annarrar nauðsynlegrar aðstoðar.

Við þetta allt ætti að skapast meira svigrúm til að mæta þeim geysilegu áföllum sem smám saman hafa verið að hvolfast yfir landbúnaðinn og í bili er reynt að laga með tvíeggjuðum sársaukafullum aðgerðum. Bættar samgöngur og stærri atvinnusvæði auðvelda dreifbýlisfólki að leita til fjölþættari starfa í öðrum greinum án þess að þurfa að brjóta allar brýr að baki og blómlegar sveitir leggist í eyði.

Herra forseti. Við afgreiðslu þessara fjárlaga er sem fyrr þröng staða og því margt sem ég og fleiri hefðu viljað sjá öðruvísi. Sífellt vex sá hluti þeirra sem fer til rekstrar, en minna hægt að verja til framkvæmda. Nú var þó þörf að snúa verulega við blaði. Koma hefði þurft meira til móts við samdrættinn á landsbyggðinni með ýmsum aðgerðum. Þar hefði vegið þungt stóraukið fé til samgöngumála. Gagnvart landbúnaðinum vantar fjármagn til að flytja birgðavandann sem fyrst úr landinu samfara nýrri markaðssókn erlendis og innanlands og nýta strax þann mikla markað sem fyrir er í landinu á Keflavíkurflugvelli. Niðurskurður á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þrengir stöðu sveitarfélaganna og skapar aukinn mismun í búsetu sem síst mátti við. Vissulega er gott ef hægt er að minnka erlendar lántökur með innlendum sparnaði, en verða ekki of margir um innlenda lánsfé með þeim afleiðingum að vextir og verðbólga fara upp? Það eru því vissulega hættuboðar fyrir stafni þrátt fyrir góðæri og aukinn hagvöxt.

Herra forseti. Þótt okkur greini á í ýmsu um leiðir

til lausnar er meginmálið að halda verðbólgunni í skefjum. Þar mega Alþingi og ríkisstjórn umfram allt ekki láta deigan síga.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki við 3. umr. fjárlaga að spjalla um þetta mál almennt, svo vel sem það hefur verið gert af talsmanni Alþb. og fulltrúa í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarssyni, og væri þó af ærnu að taka ef ætti að fara út í athugasemdir við gerðir meiri hl. í þessum efnum. Við heyrðum hjá hv. síðasta ræðumanni ýmis iðrunarmerki í orði, hv. þm. Eggert Haukdal, og það hefði verið betur að það hefði sést eitthvað á borði frá þessum stjórnarliðum, fulltrúum kjörnum á landsbyggðinni. Þegar við blasir hvernig skammtað er til undirstöðuþátta og framlaga til framkvæmda út um land láta þessir hv. stórnarþingmenn sér nægja, eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns og heyra má frá mörgum fleiri, að vísa til verðbólgunnar. Það er það sem ekki má hreyfast, en það er allt í lagi að byggðarlögin séu að fara í rúst. Það er allt í lagi þó það halli þannig undan landsbyggðinni eins og raun ber vitni. Það er ekki það sem ræður þeirra gjörðum og afstöðu heldur einhverjar goðsagnir frá ráðandi öflum, eins og hv. 1. þm. Suðurl., hæstv. fjmrh., um verðbólgu og almenn efnahagsmarkmið sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Það leggst heldur lítið fyrir þá fulltrúa landsbyggðarinnar sem standa að meirihlutaákvörðunum varðandi þetta frv. og ég kem hér að örfáum atriðum sem ég stend að brtt. við nú við 3. umr. í von um að fá fram þó ekki væri nema örlitla lagfæringu í brýnum efnum og ætla að víkja að þeim till., herra forseti, öðrum en endurfluttar eru og ég mælti fyrir við 2. umr. um frv.

Ég flyt á þskj. 345 brtt. ásamt hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan varðandi framkvæmdir á flugvöllum. Till. okkar er sú að veitt verði til byggingar nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum 50 millj. kr. framlag. Það er um ⅓ af því sem áætlað er að þessi framkvæmd kosti samkvæmt upplýsingum frá hæstv. samgrh. á þessu þingi. Ástandið í flugsamgöngum varðandi Austurland á að vera hv. alþm. kunnugt, stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum. Við flm. þessarar till. sjáum ekki hvernig í ósköpunum Alþingi ætlar að afgreiða fjárlög og fara í jólaleyfi án þess að sýna lit á að ráða bót á vanda heils landsfjórðungs í undirstöðuþáttum samgöngumála. Mér þætti vænt um ef það heyrðist í stjórnarsinnum af Austurlandi, eins og hæstv. ráðherrum og þm. sem hér sitja fyrir Austurland, um þetta efni, hvernig þeir hugsa sér að standa að afgreiðslu þessa máls án þess að lagfæring fáist varðandi þennan þátt mála.

Hér situr valinkunnur sómamaður, hv. varaþm. Tryggvi Gunnarsson, og ég veit að hann hefur áhyggjur af þessu máli og hlýtur að hafa það. Það væri óskandi að hann gæti haft áhrif á þá ráðherra sem skipa sæti sem þm. á Austurlandi, m.a. af hálfu Sjálfstfl., til þess að ráða hér bót á máli þannig að menn sjái eitthvað fram úr þeim vanda sem þarna er við að fást og hefur blasað við lengi.

Við fluttum, Alþýðubandalagsmenn, till. um hækkun á framlagi til flugmála, framlagi sem lækkar í krónutölu frá síðustu fjárlögum samkvæmt þeim till. sem nú liggja fyrir, og gerðum þá ráð fyrir 50 millj. kr. aukningu á framlagi til flugvallarframkvæmda. Við höfum með samþykki þingflokks okkar endurflutt þessa till., markaða Egilsstaðaflugvelli til nýrrar flugbrautar, nú við 3. umr. En auðvitað erum við ekki allt of bjartsýnir á að menn taki sig á í þessum efnum og því höfum við flutt till. til vara sem felur í sér að 5 millj. kr. verði veittar til endurbóta á Egilsstaðaflugvelli, þeirri flugbraut sem nú er notast við og er ófær dögum oftar núna um vetrartímann, á vorin og nánast á hvaða árstíma sem er, sem getur dregið til þess að þessi aðalflugvöllur á Austurlandi, miðsvæðis, verði ófær. Ég vænti þess að ef menn ekki treysta sér til að marka hér það spor að hefja framkvæmdir við nýja flugbraut, þar sem undirbúningi er lokið í öllum aðalatriðum, fallist menn a.m.k. á að verja þessari upphæð til að gera núverandi flugbraut færa í bili á meðan menn eru að safna í sig dug og vilja til að hefja þá framkvæmd sem til frambúðar horfir.

Ekki meira um það, herra forseti. Ég veit að það bjátar á í flugsamgöngum innanlands víðar en á Austurlandi en tel og held að því sé ekki á móti mælt að hvergi sé vandinn slíkur eins og í þeim landshluta.

Þá kem ég, herra forseti, að brtt. sem við flytjum, tveir þm. ásamt mér, hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan og hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon, á þskj. 424. Það eru tvær till. sem fluttar voru við 2. umr. fjárlaga en voru dregnar til baka. Önnur er um hækkun á framlagi til Náttúruverndarráðs til framkvæmda í þjóðgörðum um nær 2,5 millj. kr. Sú till. er hér endurflutt. Nauðsyn og rök fyrir þeim tillöguflutningi eru óbreytt. Þó að fjvn. leggi til 1 millj. kr. hækkun á framlagi til framkvæmda í þjóðgörðum var það upplýst af framsögumanni fjvn., hv. 1. þm. Norðurl. v., að það framlag væri eingöngu ætlað til skuldagreiðslu vegna liðinna ára. Ég tel því nauðsynlegt að fá fram hækkun umfram þessa 1 millj. kr., hækkun sem svarar til þess sem við leggjum hér til.

Þess er að geta, herra forseti, að Náttúruverndarráð býr við miklar þrengingar, ekki aðeins að því er varðar nauðsynlegar framkvæmdir á þeim svæðum sem Náttúruverndarráð ræður yfir, heldur í rekstrarfjármagni. Í erindi frá 17. nóv. 1986, sem fjvn. var sent um þetta efni, er það dregið fram með mjög skýrum hætti hvernig þrengt hefur verið að Náttúruverndarráði ár eftir ár í framlögum þannig að það er alveg ljóst að ráðið er ekki í stakk búið til að sinna lögbundnum skyldum sínum í sambandi við m.a. eftirlit með framkvæmdum og umsvifum og gæslu á þeim svæðum sem Náttúruverndarráði hefur verið falið að annast. Þetta er auðvitað óhæfa að svona skuli gengið fram ár eftir ár og auk þess áætlaðar sértekjur til ráðsins umfram það sem líkur eru til að takist að afla. Er það reyndar aðferð sem beitt hefur

verið með ósanngjörnum hætti gagnvart ýmsum aðilum sem sinna eiga brýnum lögboðnum verkefnum.

Önnur till. sem við endurflytjum er varðandi ferðamálaráð, sérmerkt Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum, 10 millj. kr. og liggur hún fyrir hér við 3. umr. til afgreiðslu.

Þriðja till. sem ég ætla að ræða nokkuð á sama þskj. varðar Námsgagnastofnun og er nýr liður, Námsefnisgerð vegna forskólanema, að upphæð 2,5 millj. kr. Námsgagnastofnun er ein af þeim opinberu stofnunum sem hefur verið falið mikilsvert hlutverk lögum samkvæmt en þar sem ríkisvaldið, og Alþingi, tekur við fjárlagaafgreiðslu lítið sem ekkert tillit til þeirra skyldna og kvaða sem á Námsgagnastofnun hafa verið lagðar.

Ég vil, herra forseti, til þess að spara hér tíma vitna til erindis sem fjvn. fékk í hendur 17. des., þ.e. í fyrradag, þar sem um er að ræða ályktun og bókun námsgagnastjórnar frá fundi hennar 16. des. 1986 sem send var ráðherrum og alþm. Með leyfi forseta segir þar:

„Með tilliti til þeirra fjárveitinga sem Námsgagnastofnun eru ætlaðar á næsta ári, 1987, að lokinni 2. fjárlagaumræðu ályktar stjórn Námsgagnastofnunar eftirfarandi:

1. Um áramótin 1984–85 var námsefnisgerð sú sem verið hafði á hendi skólarannsóknadeildar menntmrn. flutt til Námsgagnastofnunar að boði menntmrh. Stjórn stofnunarinnar var fyrir sitt leyti samþykk þessari ráðstöfun að því gefnu að fullt tillit yrði tekið til þess við fjárveitingar til stofnunarinnar. Sú hefur ekki orðið raunin. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 eins og það lítur út eftir 2. umr. eru ætlaðar ríflega 8 millj. kr. til námsefnisgerðar. Árið 1984, síðasta árið sem verkefni þetta var hjá skólarannsóknadeild, var varið til þessa verkefnis liðlega 17 millj. kr. framreiknað til núvirðis. Hér er því um meira en helmings lækkun að ræða.

2. Auk þess sem að framan greinir gengu í gildi á árinu 1985 ákvæði grunnskólalaga um skólaskyldu nemenda í 9. bekk sem fela í sér skyldu Námsgagnastofnunar að sjá þessum nemendum fyrir ókeypis námsgögnum. Heildarkostnaður Námsgagnastofnunar vegna þessa aldursflokks er áætlaður á árinu 1986 um 12 millj. kr. Hafi fjárveitingavaldið talið sig taka tillit til þessa við fjárveitingu fyrir árið 1986 er ljóst að lækkun til annarra verkefna hefur verið þeim mun meiri.

3. Eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt fyrir árið 1986 varð námsgagnastjórn að leggja til hliðar áætluð verkefni fyrir u.þ.b. 30 millj. kr. Í tillögum stofnunarinnar til fjárlaga fyrir árið 1986 voru þessi verkefni sett inn á áætlun á nýjan leik auk annarra brýnna verkefna. Svo virðist sem enn eigi að hafa tillögur Námsgagnastofnunar að engu.

4. Samkvæmt frv. til fjárlaga 1987 að lokinni 2. umr. eru Námsgagnastofnun ætlaðar 2494 kr. á hvern nemanda í skyldunámi, þeir eru nú 37 806, til útgáfu allra náms- og kennslugagna og annarrar þjónustu sem stofnuninni er ætlað að veita. Ef námsgögn handa forskólanemendum, 6 ára börnum, eru reiknuð með, þeir eru 4588, er þessi upphæð 2223 kr. eða sem nemur andvirði tveggja til þriggja barnabóka á almennum markaði. Námsgagnastofnun gerði tillögu um 4078 kr. á hvern nemanda og gerði þá ráð fyrir námsgögnum handa forskólanemum. Enda þótt stofnuninni sé samkvæmt lögum aðeins ætlað að sinna nemendum í skyldunámi, 1.–9. bekk, hefur reynst óhjákvæmilegt að gefa út námsgögn handa forskólanemum enda er kennslu haldið uppi fyrir næstum öll 6 ára börn í landinu.

5. Við núverandi aðstæður getur Námsgagnastofnun ekki fullnægt þörf skólanna fyrir námsgögn. Ef svo fer fram sem horfir verður enn meiri skortur á námsefni en nú er og gerð og útgáfa nýrra námsgagna stöðvast. Námsgagnastjórn heitir því á Alþingi að samþykkja verulega hækkun fjárveitinga til Námsgagnastofnunar í samræmi við tillögur hennar þegar frv. til fjárl. kemur til 3. umr.

Þessu er hér með komið á framfæri."

Undir þetta ritar Ásgeir Guðmundsson námsgagnastjóri.

Þetta er erindi námsgagnastjórnar frá í fyrradag og fjvn. hefur haft þetta erindi fyrir framan sig þegar hún gerði sínar tillögur um breytingar við 3. umr. fjárlaga í öllu góðærinu.

En hvernig endurspeglast vilji meiri hl. fjvn. í þessum efnum? Þannig í stuttu máli að ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu frá því sem fram hafði komið við 2. umr. fjárlaga til þessa brýna þáttar og segir það sitt um það hvernig þeir sem hér halda á málum hugsa til þeirra rösklega 40 000 nemenda að forskólanemendum meðtöldum sem stunda nám í skólum landsins og þeirra sem ætlað er að annast þar lögboðna kennslu.

Þetta eru kaldar kveðjur sem þessum stóra hópi þjóðfélagsþegna eru sendar og ég bendi á þær staðreyndir sem tíundaðar voru í erindi námsgagnastjórnar, stjórnar stofnunarinnar, að sú upphæð sem veitt er til hennar svarar ekki til nema sem nemur andvirði tveggja til þriggja barnabóka á nemanda. Af þessu hlýst gífurlegur aukakostnaður sem dreifist fyrst og fremst á sveitarfélögin í landinu og kemur hvergi fram. Auðvitað verður að leysa þetta í einhverju lágmarki. Hvernig er það gert, herra forseti? Kennararnir gera það með því að reyna að bjargast við ljósritun á kennslugögnum og fjölföldun sem kostar stórar upphæðir. Það kostar samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Námsgagnastofnun 100 000 kr. — ég endurtek, það kostar 100 000 kr. að ljósrita eitt blað, eitt einasta blað, fyrir hvern nemanda í grunnskólum landsins. Þessi kostnaður dreifist á sveitarfélögin, líklega 150 sveitarfélög, og kemur hvergi fram hér á Alþingi. Hér skýtur Alþingi sér undan að sinna lögboðnum framlögum til þátta sem það sjálft hefur ákveðið. Þetta er óhæfa.

Við gerum okkur það ljóst sem stöndum að þessum tillöguflutningi að þess er ekki að vænta að

mikil lagfæring fáist hér á við 3. umr. fjárlaga og því höfum við verið afar varfærnir í tillögugerð okkar og lagt til að tekið verði þó á þessum vanda með því að veita litlum 2,5 millj. kr. til námsefnisgerðar vegna forskólanema, þannig að það létti þá á þeim tilkostnaði sem til námsefnisgerðar er ætlaður og þegar hefur verið reiknað með framlögum til, þó að í allsendis ófullnægjandi mæli sé.

Ég tel, herra forseti, að ég hafi rökstutt þessa tillögu okkar nægilega, þannig að öllum hv. þm. megi vera ljóst hvað er að gerast í þessum efnum. Það ætti að vera létt verk fyrir meiri hluta hér á Alþingi að bæta ögn úr með því að víkja smáupphæð til námsefnisgerðar fyrir forskólanema.

Þá vil ég, herra forseti, víkja aðeins að tillögugerð sem uppi var höfð nú við undirbúning 3. umr. fjárl., milli umræðna, af hæstv. menntmrh. og Sjálfstfl., þar sem eru hugmyndir og hugsjónamál hæstv. menntmrh. og Sjálfstfl. í sambandi við tilfærslu á kostnaði til sveitarfélaganna varðandi skólaakstur, gæslu í heimavistum og kostnað við mötuneyti í heimavistum grunnskóla.

Ég minnti á það milli umræðna oftar en einu sinni að hæstv. menntmrh. hefur látið undir höfuð leggjast að svara fyrirspurnum um hugmyndir sínar, sem hann kastaði fram á miðju sumri og vöktu mikla athygli að endemum, í sambandi við það að færa stórar upphæðir varðandi þessa þætti yfir á sveitarfélögin í landinu án þess að nokkuð kæmi þar í staðinn. Því var eðlilegt að spurt væri. Og það var ekki aðeins um að ræða yfirfærslu kostnaðar heldur grófar aðdróttanir af hálfu viðkomandi hæstv. ráðh. gagnvart starfsmönnum fræðsluskrifstofa og yfirmönnum skólamála um meintar misfellur, ótilgreindar, af hálfu þessara aðila í sambandi við meðferð á opinberu fé. Óskað var eftir því að hæstv. ráðh. gæfi Alþingi skýrslu um það á hverju hann byggði sínar staðhæfingar og aðdróttanir í garð þessara starfsmanna. Hæstv. ráðh. hefur ekki séð ástæðu til þess þó að ég ítrekað hafi gengið eftir svörum og tveir mánuðir og vel það séu liðnir frá því að formlega var beðið um svar í þessum efnum hér á Alþingi. Hins vegar höfðust út úr ráðuneyti ráðherrans hugmyndir, mér sendar og til fjvn., milli umræðna varðandi þessa þætti. Það var ekki vegna þess að ráðherra vildi upplýsa Alþingi með formlegum hætti og svara fyrirspurn um þessi atriði heldur var það nú hugsjón hans áframhaldandi að troða þessu máli fram hér við 3. umr. fjárlaga og ná markmiðum sínum í þessum efnum og það munaði víst mjóu. (**TG:** Nú er orðið fáskipað hér.) Já, það er fáskipað en þeir eru nú gildir sem þó sitja, sýnist mér. (**TG:** Það hefur mér heyrst.) Ég held að það sé ómaksins vert, herra forseti, að festa aðeins í þingstíðindi þær hugmyndir sem ráðherrann hefur verið að viðra og féllu á jöfnu í þingflokki Framsfl., að okkur er tjáð, þegar málið var þar til umræðu og meðferðar þannig að litlu munaði og segir það nú sitt um festuna í hinum stjórnarflokknum að það hafi munað minnstu að ráðherrann næði markmiðum sínum a.m.k. að talsverðu leyti fram, þó að það liggi ekki fyrir í tillöguformi sem betur fer.

Með leyfi forseta: Í erindi sem mér barst 12. des. s.l. frá menntmrn. segir svo um rekstrarkostnað grunnskóla:

Samkvæmt meðfylgjandi hugmyndum er gert ráð fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaga í rekstrarkostnaði grunnskóla. Ljóst er að hluta þess kostnaðar má mæta með sparnaði og ýmiss konar hagræðingu. Eftir sem áður er nokkuð víst að tilkostnaður sveitarfélaga mun aukast frá því sem nú er. Sveitarfélög eru misvel í stakk búin til þess að mæta auknum kostnaði og er því lagt til að veitt verði sérstök fjárveiting, 10 millj. kr., til að styrkja þau sveitarfélög er verst standa. Gert er ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um úthlutun þessara styrkja. Þá er einnig gert ráð fyrir að reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla verði felld úr gildi og ný sett í staðinn. Breytingar á frumvarpi til fjárlaga samkvæmt meðfylgjandi gögnum eru sem hér segir:

Skólaakstur, samkvæmt frumvarpi 127 millj. 497 þús., samkvæmt hugmyndinni (þ.e. hugmynd ráðuneytisins) 60 millj. 629 þús. Og neðanmáls segir: Skólaakstur samkvæmt uppgjöri skólaárs 1985–1986. Þannig að tölurnar eru sem nemur því lægri samkvæmt hugmyndinni sem þarna er viðruð af ráðuneytinu.

Mötuneyti (það er á verðlagi í janúar 1986), samkvæmt frumvarpi 31 millj. 263 þús., samkvæmt hugmynd ráðuneytisins 21 millj. 853 þús.

Gæslan (það er einnig á verðlagi í janúar 1986) 15 millj. 450 þús., samkvæmt hugmynd ráðuneytis 11 millj. 483 þús.

Rekstrarstyrkir, samkvæmt hugmynd ráðuneytisins 10 millj.

Þarna áttu 10 millj. kr. að koma á móti til þess að jafna í einhverju þá byrði sem átti að leggja á sveitarfélögin samkvæmt hugmyndum Sjálfstfl. sem þykktum, hugmyndum sem reynt var að ýta fram hér við undirbúning 3. umr. fjárlaga.

Ég reiknaði út að tölurnar eins og þær liggja hér fyrir næmu um 70 millj. kr. en það eru gamlar tölur. Hæstv. ráðh. kom því á framfæri sjálfur úr þessum ræðustól í umræðu um þingsköp um daginn að í reynd væri um að ræða um 90 millj. kr., og hygg ég að það sé varlega áætlað, sem Sjálfstfl. ætlaði að ýta yfir á sveitarfélögin og var stöðvað næstum fyrir tilviljun í atkvæðagreiðslu hjá hinum stjórnarflokknum að því er hermt er, þar sem það féll á jöfnu að taka undir þessar hugmyndir, að vísu þó með einhverjum mildandi breytingum.

Þetta er sundurliðað nánar í því erindi sem mér barst frá ráðuneytinu, þessar kveðjur sem senda átti sveitarfélögum landsins frá Sjálfstfl. og meiri hluta ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi. Í niðurlagi þessa erindis segir svo, herra forseti:

„Samkvæmt framangreindu er gert ráð fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaga í rekstrarkostnaði grunnskóla. Ljóst er að hluta þess kostnaðar má mæta með sparnaði og ýmiss konar hagræðingu.

Eftir sem áður er nokkuð víst að tilkostnaður sveitarfélaga mun aukast frá því sem nú er. Sveitarfélög eru misvel í stakk búin til þess að mæta auknum kostnaði og er því gert ráð fyrir að veitt verði sérstök fjárveiting til að styrkja þau sveitarfélög er verst standa."

Þetta átti að verða aðferðin: Færa yfir á sveitarfélögin hátt í 100 millj. kr. og ætla 10 millj. kr. á móti til þess að milda þessa aðgerð, milda þessa blóðtöku úr úr sveitarsjóðunum, og eftir standa svo fullyrðingar og staðhæfingar ráðherrans og brigslyrði í garð starfsmanna sinna í sambandi við meðferð á opinberu fé sem hann enn hefur ekki fundið neinn stað fyrir og ekki haft fyrir að svara Alþingi hvað búi á bak við fullyrðingar hans. Það hefur svo oft verið gengið á eftir þessu máli að ég sé ekki einu sinni ástæðu til þess að kalla á viðkomandi hæstv. ráðh. Hann hefur þegar fengið orð í eyra frá sveitarfélögum í landinu í sambandi við þessar tillögur sínar og hugmyndir.

Það er sagt í sambandi við þetta mál, herra forseti, að menn eigi ekki endilega að vera að halda í það sem gamalt er og ekki að standa á óbreyttu kerfi. Ég get vel tekið undir það almennum orðum. Það er sjálfsagt að skoða hugmyndir um breytingar, m.a. á verkefnum ríkis og sveitarfélaga og tekjum ríkis og sveitarfélaga í sambandi við verkefnatilfærslu, en það hlýtur auðvitað að vera undirstöðuatriði í sambandi við allar slíkar breytingar að hlutur sveitarfélaganna sé ekki skertur frá því sem nú er í þeim samskiptum. Nógu erfiður er hann þegar orðinn. Hann þarf þvert á móti að bæta fjárhagslega í sambandi við þau verkefni sem sveitarfélögunum nú þegar er ætlað að annast, hvað þá ef á að fara að leggja ný verkefni á sveitarfélögin með ákvörðunum héðan frá Alþingi.

Starfandi eru tvær nefndir á vegum ráðherra, önnur á vegum hæstv. félmrh. en hin á vegum hæstv. fjmrh., sem eru að vinna að skoðun þessara mála. Sú nefnd sem félmrh. skipaði 12. sept. 1986 er að vinna að tillögum um breytingar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í skýrt afmörkuðum áföngum. En ofan í starf þeirrar nefndar, sem er á frumstigi þó að fyrir liggi drög varðandi hugmyndir hennar sem mér hafa borist í hendur, ætlar stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi og Sjálfstfl. sérstaklega að fara að troða byrðum á sveitarfélögin í landinu, verkefnum á sveitarfélögin í landinu, hátt í 100 millj. kr., mitt ofan í vinnu sem hafin er milli aðila væntanlega og með samþykki aðila til þess að endurskoða verkefnaskiptinguna milli ríkisins og sveitarfélaganna. Hæstv. fjmrh. skipaði, eins og ég gat um, aðra nefnd til að fjalla um þessa þætti varðandi tekjustofnana. Hvers konar vinnubrögð eru þetta af hálfu þeirra manna sem bera hér fram tillögur eins og hæstv. menntmrh. ofan í þá vinnu sem er í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar, að ætla að fara að velta yfir á sveitarfélögin verkefnum og byrðum með þeim hætti sem tillögur voru hér um og minnstu munaði að kæmu fram við 3. umr. fjárl. til afgreiðslu og ákvörðunar? Ljóst er að Sjálfstfl. í heild hafði skrifað upp á þessar tillögur ráðherra síns og Framsfl. að hálfu leyti. Það var nú ekki meiri fyrirstaðan þar en svo þó að eitthvað hafi átt að draga úr sárasta broddinum ef framsókn hefði átt að taka við þessum tillögum að sínu leyti.

Nei, þetta eru sannarlega dæmalaus vinnubrögð og þeim tengist síðan hvernig staðið er að málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem snertir afgreiðslu lánsfjárlaga hér á Alþingi sem liggja fyrir hv. deild, skerðing á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga upp á 300 millj. kr., eða á milli 300 og 400 millj. kr. hugsanlega. Það var farið að blanda þessu máli inn í og reyna að nota það sem verslunarvöru og þvingu á sveitarfélögin að taka við þessum hugsjónum Sjálfstfl. og tillögum menntmrh. Ef menn yrðu við því skyldi verða dregið svolítið úr skerðingunni á Jöfnunarsjóðnum. Þetta eru sannarlega fáheyrð vinnubrögð, fyrir nú utan það að þarna er verið að tengja saman mál sem eiga að vera óskyld í málsmeðferð og eru óskyld að eðli, annars vegar lögboðin útgjöld sem ríkið hefur tekið á sig skuldbindingar um gagnvart sveitarfélögunum og hins vegar lögboðnir tekjustofnar sveitarfélaganna, þar sem er Jöfnunarsjóðurinn, sem gengið er að með þeim hætti sem stjórnarmeirihlutinn stendur að hér á Alþingi. Það er ekki aðeins að staðið sé að framlögum til lífsnauðsynlegra framkvæmda vítt um land eins og raun ber vitni, heldur er einnig vegið að einingunum, sveitarfélögunum, með þeim hætti sem tillögur um skerðingu á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sýna. Þetta er uppskeran, þetta er veganestið sem stjórnarþingmennirnir, kosnir af fólkinu út um landið, koma með í kosningabaráttuna sem er fram undan. Það eru pinklar sem hæstv. fjmrh. hefur hlaðið á þá, eða hitt þó heldur, það veganesti. Ég hefði kosið mér eitthvað annað og betra ef ég væri í sporum þeirra þm. sem ætla að leita eftir áframhaldandi umboði hjá kjósendum úti um landið.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að það lægi fyrir hvaða hugmyndir og tillögur Sjálfstfl. ætlaði sér að knýja hér fram við 3. umr. og minnstu munaði að lægju hér fyrir fullbúnar í tillöguformi.

Að lokum, herra forseti, er eitt mál, ein afturganga sem ég hlýt að víkja aðeins að áður en ég lýk máli mínu, sem er að finna í tillögum meiri hl. fjvn. á þskj. 459 sem eru brtt. og nýir liðir við 6. gr. Þar er um að ræða tölul. 7, brtt. við 6. gr. um nýjan lið 5.27, heimild til fjmrh. að selja jarðirnar Rauðamýri í Nauteyrarhreppi og Streiti í Breiðdalshreppi. Sé ég að hæstv. fjmrh. kannast við málið þannig að þetta kann að hafa verið nefnt við hann á fyrri stigum og ekki kannske fæðingin orðin til í fjvn. en hæstv. ráðh. er nú vís að víkja eitthvað að því. (**ÞP:** Hann rekur minni til langrar ræðu sem um málið var flutt á síðasta þingi.) Já, það er ágætt og ætti hæstv. fjmrh. að fara yfir þá ræðu og þær voru fleiri en ein. Er hæstv. fjmrh. að meina þann sem hér stendur? (**ÞP:** Já.) Já, já. (Gripið fram í.) Það er vel að hann fari

yfir hana. Hún er ekki fullar tvær blaðsíður í þingtíðindum þannig að hæstv. ráðh. gæti áreiðanlega rennt yfir hana áður en ég lýk máli mínu ef hann aflaði sér þeirrar ræðu.

Ég mælti nokkur varnaðarorð í sambandi við þetta hugsjónamál ríkisstjórnarinnar því að öðru nafni er ekki hægt að nefna það þegar þessi afturganga er komin hér inn við 3. umr. fjárl. á lokastigi fjárlagaafgreiðslunnar, heimild til fjmrh. að selja jörðina Streiti í Breiðdalshreppi. Hver er nú saga þessa máls, herra forseti? Og hæstv. iðnrh.: Hver er nú saga þessa hugsjónamáls ríkisstjórnarinnar að afla heimildar fyrir fjmrh. til að selja Streiti í Breiðdalshreppi? Jú, það var flutt hér frv., þingmannafrumvarp, af hv. 4. þm. Austurl. og hv. 11. landsk. þm., Jóni Kristjánssyni og Agli Jónssyni, á síðasta þingi um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu og 1. gr. frv. og efni þar með var svohljóðandi, herra forseti:

„Ríkisstjórninni er heimilt að selja Magnúsi Þorleifssyni, nafnnr. 6293-5626, eyðijörðina Streiti í Breiðdalshreppi."

Síðan er vikið að ákvæðum jarðalaga sem skuli fylgt og undanskilið verði land vegna vegagerðar í landi jarðarinnar, svo og land undir vita á Streitishorni, þ.e. fyrir skipstjórana. Og í grg. þessa frv. segir, *með leyfi forseta*:

„Frv. þetta er flutt að beiðni Magnúsar Þorleifssonar" — Hvar skyldi hann nú búsettur? Mávanesi 21, Garðabæ. Kannast nokkur við götuna? Ég held að það séu ýmsir höfðingjar sem búa þarna í Mávanesinu. — „*að fengnum meðmælum* hreppsnefndar Breiðdalshrepps. Jörðin Streiti er nú í eyði og hyggst Magnús nýta hana fyrir æðarrækt, angórakanínur, garðrækt o.fl., en enginn fullnægjandi húsakostur fyrir heföbundinn búrekstur er þar nú fyrir hendi."

Þetta er upphaf grg. og meginrökstuðningur hv. flm. þessa frv. og fylgdi með erindi frá nefndum Garðbæingi, Magnúsi Þorleifssyni, erindi sem hann hafði sent hæstv. landbrh., þar sem hann segir m.a.:

„Móðir mín er fædd á Streiti og dvaldist þar til fullorðinsára."

Það lá fyrir að þó að fyrrv. hreppsnefnd Breiðdalshrepps, þar sem flestir eru nú fallnir frá úr hreppsnefndinni við síðustu sveitarstjórnarkosningar eða a.m.k. meiri hluti þeirra sem þar sat, hafði ekki mikinn áhuga á þessu máli og var áreiðanlega orðinn afhuga því áður en málinu lauk hér við lok síðasta þings því að þá var komin umsókn frá heimamönnum um að fá jörðina keypta. (**Fjmrh.:** Féllu þeir frá eða féllu þeir úr hreppsnefnd?) Þeir *féllu úr hreppsnefnd, hæstv. fjmrh. — Eins og menn* sjá var frv. sem þarna var flutt bundið við nefndan Magnús Þorleifsson í Garðabæ og ég held að það sé óhætt að fullyrða að ef mál þetta lægi fyrir með eðlilegum hætti til þinglegrar meðferðar í formi frv. mundu menn ekki fá þær undirtektir sem lagðar voru fram við meðferð málsins í fyrra, á síðasta þingi. Og eflaust er mönnum fullkunnugt um þetta sem standa að því að reyna að smokra þessu máli inn við 3. umr. fjárlaga. En þeir eru ekki af baki dottnir, sennilega í þeirri trú að þetta gleymdist hérna í jólaönnunum og auðvelt reyndist að ná fram þessu hugsjónamáli.

En hverjar voru lyktirnar á Alþingi síðast? Jú, það var alveg ljóst að það var enginn vilji hér á Alþingi til að veita þessa heimild á síðasta þingi og málið dagaði þar uppi. Frv. sérstaklega flutt um þetta efni dagaði uppi á þinginu í fyrra og það var þar hörð andstaða. Hún tengdist ekki mér. Ég beitti mér ekki í þessu máli nema lítið. Hún tengdist mér ekki sérstaklega þó að ég mælti þar varnaðarorð eins og fleiri er málið var síðast til umræðu í hv. Nd. þingsins. Það voru margir sem bentu á hversu óeðlilega þarna væri staðið að máli. Og ég endurtek það hér: Þetta er hrein óhæfa. Það er hrein óhæfa að ætla sér að taka upp mál sem kemst ekki í gegnum þingið með þinglegum hætti á síðasta þingi og smokra því inn í heimild í 6. gr. fjárlaga. Hvað segir t.d. hv. fjárveitingarnefndarmaður, 1. þm. Vesturl., við *vinnubrögðum af þessu tagi? Ætlar hv.* 1. þm. Vesturl. að standa að þessu máli til loka eftir að hafa hlýtt á mál mitt? Ég geri ráð fyrir að það hafi verið mönnum algerlega úr minni fallið, sómakærum mönnum í fjvn., hvernig þetta mál lá fyrir hér í *þinginu* við lok síðasta þings, enginn stuðningur við að málið fengi framgang í Nd. þingsins. Ég skora á menn að skoða hug sinn í þessu áður en þeir fara að knýja þetta fram með meiri hluta hér, það hugsjónamál ríkisstjórnarinnar að koma þessari jörð undan ríkinu í hendur Garðbæingi sem hefur sett fram hugmyndir um að taka þar upp ræktun á æðarfugli, angórakanínum, garðrækt og fleiru á sama tíma og fyrir liggur ósk heimamanna um að að nytja jörðina og fá hana til kaups. Það er svo mál út af fyrir sig hvort þörf er á því að selja jarðir þannig undan ríkinu þó að menn fái að nytja þær, en auðvitað hljóta menn að styðja að það sé heimafólkið sem hafi landið til nytja og rétt til að nytja það.

Það voru nokkrir hæstv. ráðherrar sem létu sig þetta mál varða hér á þinginu í fyrra. Hæstv. forsrh. bar af sér að vera nokkuð tengdur hagsmunalega þessari eignayfirfærslu, en hæstv. utanrrh. upplýsti að jörðin Streiti væri merk fyrir margra hluta sakir, ekki aðeins þaðan komnir góðar stofnar í fé heldur einnig í hrossum. Stóðhesturinn Blakkur 129 væri þaðan ættaður. Og það eru miklir áhugamenn um hrossarækt í stjórnarliðinu og reyndar í stjórnarandstöðunni líka. En hæstv. utanrrh. hafði þá hugmynd og hreyfði henni sérstaklega við mig að það yrði reistur veglegur minnisvarði þarna við veginn á *Streiti og sennilega ætlar hæstv. fjmrh.* að styðja hann í því hugsjónamáli um Blakk 129 sérstaklega ef hann fær heimild til þess að ráðskast með þessa jörð. (**EgJ:** Blakkur 129 er frá Árnanesi.) Blakkur 129 segir hv. 11. landsk. að sé frá Árnanesi og fer nú heldur að vandast þegar stangast á heimildirnar á hinum æðstu stöðum í stjórnarliðinu, milli hæstv.

utanrrh. og hv. 11. landsk. þm., en það er sjálfsagt að hann leiðrétti ættartölu nefnds stóðhests og komi henni réttilega á framfæri um leið og hann rökstyður hvers vegna hann er við 3. umr. fjárlaga að reyna að nauðga fram heimild varðandi frv. sem ekki fékk framgang á síðasta þingi en hann ætlar að hafa hér sem einhvern minnisvarða í sambandi við sína þingsetu, hv. 11. landsk. þm., ef ég ræð rétt í að hann hafi komið eitthvað nálægt þessu máli í fjvn.

Herra forseti. Þá hef ég vikið að þeim þáttum sem ég vildi koma hér að, mælt fyrir brtt. af minni hálfu þar sem ég er 1. flm. Ég á hlut að ýmsum öðrum brtt. til að freista þess að fá fram lagfæringar við 3. umr. á þessu stórkostlega gallaða frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga, en það munu aðrir víkja að þeim í umræðunni svo að ég ætla ekki að lengja frekar mál mitt. Ég hef mælt hér varnaðarorð einnig varðandi aðra liði sem ekki náðu fram að ganga góðu heilli. Nóg er nú samt.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á þskj. 460 og 461 hef ég leyft mér að flytja brtt. sem kveða á um í fyrsta lagi aukin framlög til aðgerða gegn fíkniefnum, en þá tillögu flytja þm. úr öllum flokkum, og í öðru lagi um framlög til aðgerða gegn skattsvikum. Ég mun, herra forseti, gera nánari grein fyrir þessum tillögum.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að nokkur umræða hefur orðið í þjóðfélaginu um skattsvik í kjölfar skýrslu sem lögð var fram á Alþingi 18. apríl s.l., en þar eru leiddar líkur að því að á árinu 1985 megi áætla að skattundandráttur hafi numið 6,5 milljörðum kr. S.l. miðvikudag urðu miklar umræður um þessa skýrrslu í hv. Nd. og skattsvik almennt í kjölfar þess að felldar voru tillögur um breytingu á tekjuskattslögum sem lúta að því að breyta ákvæðum skattalaga og loka ýmsum smugum sem bjóða upp á skattsvik í tekjuskattslögunum. Um var að ræða ýmsar tillögur sem voru í samræmi við ýmsar breytingar sem skattsvikanefndin lagði til í umræddri skýrslu um umfang skattsvika.

Ástæða er til að rifja þetta upp nú við 3. umr. fjárlaga þegar mælt er fyrir tillögu um fjármagn til aðgerða gegn skattsvikum, ekki síst í ljósi ýmissa ummæla sem fallið hafa hjá formönnum stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., um nauðsyn þess að herða á aðgerðum gegn skattsvikum í kjölfar skýrslunnar um skattsvik. Á þessu ári hefur til að mynda hæstv. forsrh. ítrekað sagt í fjölmiðlum að eitt af brýnustu verkefnunum sé að herða aðgerðir gegn skattsvikum og þau orð hefur hann oft á vörunum þegar rætt er um hallann á fjárlögunum, þar séu peningarnir til að brúa hallann. Í skattsvikarana þurfi að ná því að óverjandi sé að undandráttur frá skatti sé svo gífurlegur sem skýrsla þessi gefur til kynna. En hvað fylgdi þessu meira en orð hjá hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh.? Allar tillögur voru felldar við afgreiðslu tekjuskattslaga sem lúta að hertum aðgerðum gegn skattsvikum og spurningin er nú hvað verður við afgreiðslu fjárlaga. Ýmsar af tillögum skattsvikanefndarinnar, svo að dæmi sé tekið, kosta fjármagn ef þær eiga að skila árangri. Ég gríp niður í þrjár þeirra, með leyfi forseta, en í skýrslu nefndarinnar, sem lögð var fram á Alþingi hinn 18. apríl 1986, kemur m.a. fram að gera þurfi verulegt átak í menntunarmálum starfsfólks á skattstofum, endurvekja þurfi skattskólann, festa hann betur í sessi, komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknamanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsókna flókin og erfið framtöl, endurskoðuð verði ákvæði skattalaga um meðferð hlunnindagreiðslna.

Ég minni einnig á tillögu um aðgerðir gegn skattsvikum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1984, en þar koma fram ýmis atriði sem Alþingi áleit að grípa þyrfti á, atriði sem kostar fjármagn að hrinda í framkvæmd. Ég nefni að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem sérstaklega skal rannsaka skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir o.fl., að fjölga sérhæfðum starfsmönnum hjá embætti saksóknara og efla starfsemi Rannsóknarlögreglu ríkisins, að auka hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala, að fjölga sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknarstjóra og á skattstofum, að veita á fjárlögum nauðsynlegt fjármagn til að stórauka allt skattaeftirlit, m.a. til þess að a.m.k. 10% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri fái ítarlega skoðun árlega. Alþingi hefur sem sagt ályktað í þessu máli og falið framkvæmdavaldinu að framkvæma þessar tillögur. Til þess að hrinda þeim í framkvæmd þarf fjármagn sem margfalt mun skila sér aftur í ríkissjóð eins og dæmin sanna. Ég minni á í því sambandi að hæstv. fyrrv. fjmrh. tók á þessu máli í sinni embættistíð sem fjmrh. Hann setti á fót þá nefnd sem gerði skýrsluna um umfang skattsvika, en það verkefni var hæstv. fjmrh. falið með ályktun Alþingis frá maí 1984. Hæstv. fyrrv. fjmrh. lét heldur ekki við það sitja og byrjaði á að framkvæma þá ályktun sem einnig var samþykkt í maí 1984 um aðgerðir gegn skattsvikum. Hæstv. fyrrv. fjmrh. veitti til þess fjármagni að auka við mannafla hjá skatteftirliti og árangurinn lét ekki á sér standa eins og nú skal lýst:

Á árinu 1982 innheimtust vegna skattaeftirlits rannsóknadeildar ríkisskattstjóra 2,9 millj. kr., árið 1983 innheimtust 7,1 millj. kr., árið 1984 þrefaldaðist sú upphæð og fer í tæpar 22 millj. kr. en það var árið sem hæstv. fyrrv. fjmrh. byrjaði að framkvæma einn þátt í ályktun Alþingis um aðgerðir gegn skattsvikum, árið 1985 fjórfaldast sú upphæð og fer nú úr 22 millj. í 85 millj. og fyrstu fimm mánuði þessa árs hafa innheimst 85 millj. kr. eða sama upphæð og allt síðasta ár.

Hér er um að ræða um 17 millj. á hverjum mánuði og hefur skattaeftirlitið því skilað því inn að nú innheimtast 17 millj. á mánuði hverjum, en á öllu

árinu 1982 innheimtust einungis 2,9 millj. kr. Hér er fyrst og fremst fyrir að þakka hertu skattaeftirliti og að aukið fjármagn var lagt til skattaeftirlitsins. Sú till. sem ég hér mæli fyrir kveður á um að sérstakt átak verði nú gert í skattsvikamálum og 20 millj. kr. verði sérstaklega varið til hertra aðgerða gegn skattsvikum. Með þeirri upphæð tel ég að hægt væri að gera stórátak gegn skattsvikum. Þetta er ekki stór upphæð miðað við hvað mikið er í húfi. 17 millj. innheimtust á hverjum mánuði fyrri hluta þessa árs. Hér er gert ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi sem er nálægt því að vera sama upphæð og innheimtist á hverjum mánuði og hefur skilað sér vegna þess að byrjað var að framkvæma hertar aðgerðir gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis frá maí 1984.

Það er ekki vafi í mínum huga að sú upphæð mundi enn margfaldast og skila sér aftur í ríkissjóð ef Alþingi tæki þetta mál nú föstum tökum og veitti til þess nauðsynlegu fjármagni eins og hér er lagt til. Hér yrði fyrst og fremst um að ræða sparnaðartillögu, þær 20 millj. sem hér er lagt til að þegar í stað verði varið til aðgerða gegn skattsvikum þannig að verulegt átak sé nú hægt að gera til að vinna gegn skattsvikum, og það gæti á örskömmum tíma skilað sér margfalt aftur í ríkissjóð. Það er ekki fjarri lagi að álykta að þessar 20 millj. kr. gætu tífalt skilað sér aftur í ríkissjóð í lok ársins með þeim árangri að ríkissjóður fengi verulegt fjármagn jafnframt því sem stuðlað væri að jöfnun tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu. Ég skora á hv. alþm. að samþykkja þessa till. því að öruggt má telja að með því munu þeir bæta stöðu ríkissjóðs verulega jafnframt því sem þm. fylgdu eftir þeirri ályktun sem samþykkt var samhljóða á Alþingi í maí 1984.

Hin tillagan sem ég mæli fyrir kveður á um 5 millj. kr. framlag til aðgerða gegn fíkniefnum. Þessa till. flytja með mér hv. þm. Svavar Gestsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Ellert B. Schram og Guðrún Agnarsdóttir. Hér er einnig um sparnaðartillögu að ræða eins og tillagan um framlag til aðgerða gegn skattsvikum er.

Um fíkniefnavandann mætti hafa mörg orð. Neysla fíkniefna er orðið ógnvekjandi þjóðfélagslegt vandamál hér á landi eins og í öðrum löndum. Talið er að gífurleg aukning hafi orðið á fíkniefnaneyslu á undanförnum árum jafnframt því sem sterkari og hættulegri fíkniefni eru í umferð en áður var. Það er einnig ljóst að fíkniefnalögreglan og tollyfirvöld ná aðeins broti af þeim eiturefnum sem eru í umferð, en talað hefur verið um að aðeins náist 1–5% af fíkniefnum sem berast til landsins. Fjöldi fólks hér á landi hefur ánetjast fíkniefnum og eru það aðallega ungmenni sem orðið hafa fórnarlömb fíkniefnaneyslunnar. Afleiðingar fíkniefnaneyslunnar koma einnig fram í alvarlegum afbrotum og þjófnaði sem oft eru framin til að fjármagna neysluna. Reynsla nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu talar þar skýru máli um þá skelfilegu þróun sem orðið hefur á s.l. árum. Ofbeldi, misþyrmingar, rán og jafnvel manndráp hafa margfaldast sem rekja má beint til fíkniefnaneyslu. Gífurleg aukning hefur einnig orðið á fjölda þeirra sem vistaðir eru á sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum vegna notkunar fíkniefna.

Af þessu má ljóst vera að mikil ábyrgð hvílir á stjórnvöldum að sporna við þessu mikla vandamáli. Hér er ekki aðeins í húfi lífshamingja fjölda einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Afleiðingarnar eru einnig gífurleg útgjöld, m.a. á sviði heilbrigðis-, tryggingaog félagsmála, sem munu fara vaxandi verði ekkert að gert. Umfram allt er því mikilvægt að stjórnvöld hafi skilning á þessu máli og leggi fram það fjármagn sem þarf til að hefta eins og kostur er útbreiðslu og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Þó gagnrýna megi mjög ýmis framlög í þessum fjárlögum til ýmissa félagslegra verkefna og þá skerðingu sem á þeim hefur orðið er fátt sem jafnast á við það ég vil segja skammarlega litla fjármagn sem veitt er á fjárlögum til aðgerða gegn fíkniefnum, aðeins rúm 1 millj. kr. Það er lítil fyrirhyggja hjá stjórnvöldum í þessu máli. Skilningur stjórnvalda lýsir sér í 1 millj. kr. framlagi til aðgerða gegn fíkniefnum.

Það væri vissulega fróðlegt að bera þetta framlag, 1 millj. kr., saman við þau útgjöld sem ríkið hefur vegna þeirra sem ánetjast fíkniefnum. Hvað kostar t.d. að vista einn eiturlyfjasjúkling á meðferðarstofnun? Ætla má að það kosti 1 millj. kr. fyrir ríkissjóð að vista aðeins einn eiturlyfjasjúkling á stofnun í þrjá mánuði. Það kostar því það sama að vista einn eiturlyfjasjúkling á stofnun í þrjá mánuði og það framlag sem ríkissjóður ætlar til aðgerða gegn fíkniefnum á heilu ári. (**GJG:** Sagði þm. 1 millj. í þrjá mánuði?) Já. Þessa tölu hef ég fengið staðfesta hjá landlæknisembættinu þannig að ég geri ráð fyrir að hún sé alveg rétt.

Menn verða líka að hafa í huga að nauðsynin á að efla fíkniefnavarnir er nú enn meiri og knýjandi en áður með tilliti til hættu á útbreiðslu eyðni, en fíkniefnaneytendur eru stór áhættuhópur sem dreifir smiti af eyðni út fyrir stærstu áhættuhópana. Það er því ljóst að mikið er í húfi, enn meira en áður, að taka á þessu máli og gera stórátak í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn fíkniefnum.

Við 2. umr. fjárlaga var felld till. sem ég flutti ásamt hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur og Eiði Guðnasyni um þetta mál, till. sem hefði getað sparað ríkissjóði mikla fjármuni. Þess er nú enn freistað við 3. og síðustu umræðu fjárlaga að fá aukið fjármagn til að vinna gegn þessu vandamáli. Fimm þm. úr öllum flokkum flytja nú till. um að veittar verði 5 millj. til átaks gegn fíkniefnum til að forða Alþingi hreinlega frá þeirri skömm að afgreiða fjárlögin með 1 millj. kr. framlagi til aðgerða gegn fíkniefnum.

Í þessu sambandi vil ég minna á þál. sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983 um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Þessi tillaga var flutt af þm. úr öllum flokkum. Hún var lögð fram í desember 1983 og samþykkt nokkrum dögum síðar fyrir jólaleyfi þm. Með þeirri þál. og þeirri góðu samstöðu sem

náðist um það mál á Alþingi hefði mátt ætla að þm. væru ákveðnir að taka á þessu mikla máli.

Nefnd sem skipuð var í kjölfar þessarar ályktunar skilaði margvíslegum tillögum til úrbóta gegn fíkniefnum. Margar af þeim tillögum hafa ekki komist í framkvæmd vegna skorts á fjármagni.

Ég skora á þm. að sýna hug sinn í verki til þessa máls, sýna að þeir meintu að þeir vildu gera átak í þessu máli þegar þessi ályktun var samþykkt fyrir þremur árum á Alþingi. Ég skora á hv. þm. að samþykkja það framlag sem hér er lagt til af þm. úr öllum flokkum. Ég trúi því ekki að nokkur mæli því gegn að hér er um sparnaðartillögu að ræða. Þessar 5 millj. munu skila sér margfalt aftur því það eru ekki síst afleiðingar fíkniefnavandans sem munu auka verulega útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála á komandi árum verði ekkert að gert, að ekki sé talað um hrikalegar afleiðingar fíkniefnaneyslunnar fyrir fjölda einstaklinga, ekki síst ungmenni og fjölskyldur þeirra. Á það mun reyna við lokaafgreiðslu fjárlaga hvaða skilning stjórnvöld hafa á þessu máli og hvort stjórnvöld ætla að skjóta sér undan þeirri miklu ábyrgð sem á þeim hvílir að gera nú stórátak til að vinna gegn þessum vágesti.

Herra forseti. Ég mun nú snúa mér að málefnum fatlaðra og framlögum til þess málaflokks á þessum fjárlögum. Allt frá því að sérstakur sjóður var stofnaður til framkvæmda í þágu fatlaðra á árinu 1979 hafa orðið umræður við afgreiðslu fjárlaga um þá skerðingu sem sá sjóður hefur orðið að sæta. Fyrir skömmu leyfði ég mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur, Haraldi Ólafssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur að flytja fsp. til hæstv. fjmrh. um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra. Þeirri fsp. hefur fjmrh. enn ekki haft tækifæri til að svara. Ég vil því beina því til hæstv. fjmrh. nú við 3. umr. fjárlaga hvort hann hafi einhver svör við þeirri fsp. sem þar var fram borin. Þar var spurt um hver skerðingin hafi verið á framkvæmdafé sjóðsins frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986, einnig hve mikið af tekjum Erfðafjársjóðs hafi runnið til framkvæmda í þágu fatlaðra og loks hver hafi verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra á þessu ári.

Ég held að það sé nauðsynlegt að við hv. þm. áttum okkur á því að lögin um málefni fatlaðra taka til mjög stórs hóps í þjóðfélaginu eða allra þeirra sem á einhvern hátt eru andlega eða líkamlega fatlaðir. Ég geri ráð fyrir að hér sé um að ræða ekki minni hóp en 15–18 þús. manns. Hér er því um nálægt því jafnstóran hóp að ræða og aldraðir eru. Fatlaðir eiga allt undir því komið að Alþingi sýni málefnum þeirra skilning, en neyðarástand ríkir nú víða í vistunarmálum fatlaðra. Verkefni Framkvæmdasjóðsins eru gífurleg, en honum er ætlað að standa undir framkvæmdum vegna meðferðarheimila fatlaðra, sambýla, verndaðra vinnustaða, hjúkrunarheimila, hæfingar- og endurhæfingarstöðva, vistheimila eða sólarhringsstofnana, skóladagheimila, dagvistarstofnana, skammtímafósturheimila, leikfangasafna og sumardvalarheimila fatlaðra. Sjóðurinn þarf einnig til viðbótar þessum verkefnum að standa straum af sérkennslu og skólamálum fatlaðra sem löggjafar- og fjárveitingavaldinu ber skylda til að sinna samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. Vegna þessa hefur sjóðurinn orðið að láta nærri þriðjung af sínu framkvæmdafé renna til skólamála fatlaðra á hverju ári. Sjóðurinn hefur einnig orðið að bæta á sig viðhaldskostnaði á stofnunum fatlaðra og hefur verulegur hluti af framkvæmdafénu runnið til endurbóta og breytinga á eldra húsnæði án aukins vistrýmis. Skólamálin og viðhaldsframkvæmdir hafa því verið verulega þungur baggi á sjóðnum sem dregið hefur verulega úr uppbyggingu á annarri þjónustu fyrir fatlaða.

Í þessu sambandi vil ég nefna að um 160 manns eru nú á biðlistum svæðisstjórna fyrir sólarhringsvistun. Þörfin fyrir sambýli er líka gríðarleg, en alls geta 113 af 320 þeirra sem nú dvelja á sólarhringsstofnunum verið á sambýlum væru þau fyrir hendi, en sambýli eru mun ódýrari í rekstri en sólarhringsstofnanir. Samkvæmt því sem samtök fatlaðra hafa upplýst er húsnæðisvandi mikill. Hjá fötluðum eru nú á biðlista 390–400 fatlaðir sem ekki sjá neina lausn á sínum málum, og margir hafa verið á biðlista svo að árum skiptir.

Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram þegar enn á að skerða gífurlega fjármagn til sjóðsins. Ljóst er að hefði ríkissjóður staðið við lögboðin framlög til fatlaðra væri staða þeirra allt önnur bæði í húsnæðis- og atvinnumálum svo að dæmi séu nefnd. Ég nefni sem dæmi um þá miklu þörf sem er fyrir hendi að svæðisstjórn Reykjavíkur í málefnum fatlaðra, sem er ein af átta svæðisstjórnum málefna fatlaðra í landinu, þarf á að halda 110 millj. kr. á næsta ári til framkvæmda til að leysa úr brýnustu þörf, en það er nálægt því að vera allt framkvæmdafé sjóðsins. Samt er hér aðeins um að ræða beiðni frá einni svæðisstjórn af átta á landinu öllu.

Í þessu sambandi vil ég einnig nefna að svæðisstjórn Reykjavíkur hefur sent fjvn. og þm. Reykjavíkur bréf, bæði fyrir 2. umr. fjárlaga og aftur fyrir 3. umr. Þar er óskað eftir auknu framlagi til rekstrarkostnaðar frá því sem er á fjárlögum. Um var að ræða rekstrarkostnað vegna tveggja nýrra sambýla, framlag til að undirbúa framkvæmdir á vernduðum vinnustað á vegum Sjálfsbjargar í Reykjavík og ekki síst framlag til reksturs meðferðarheimilis fyrir fimm þroskahefta einstaklinga. Við 2. umr. fjárlaga var aðeins að litlum hluta komið til móts við þessar óskir, en veitt var fjármagn, 1,6 millj. kr., til leiguhúsnæðis fyrir sambýli. Ekki skal það vanmetið því að það leysti þörf nokkurra af þeim mikla fjölda sem nú er á biðlista í Reykjavík fyrir sambýli.

Eitt brýnasta forgangsverkefni þessarar svæðisstjórnar er að komið verði á fót meðferðarheimili fyrir þroskahefta einstaklinga með hegðunarvandkvæði. Hér er um að ræða fimm einstaklinga sem beðið hafa í mörg ár eftir slíku meðferðarheimili.

Aðstæður þessara einstaklinga eru mjög slæmar og heimili þeirra að sligast undan miklu álagi.

Svæðisstjórnin hafði við 2. umr. fjárlaga sótt um 4,5 millj. kr. til reksturs þessa meðferðarheimilis. Því var hafnað við 2. umr. fjárlaga. Nú við 3. umr. gerði svæðisstjórnin aftur tillögu og nú um að fá að hefja reksturinn frá 1. júlí n.k. Að auki var gerð tillaga um 540 þús. kr. framlag til reksturs sambýlis á vegum Styrktarfélags vangefinna. Fjvn. kemur til móts við þessar óskir með 1 millj. kr. framlagi nú við 3. umr. fjárlaga. Þótt þetta framlag nægi hvergi til að tryggja reksturinn frá 1. júlí fagna ég engu að síður þessu framlagi og í trausti þess að svæðisstjórnin njóti skilnings fjmrh. í framhaldi þessa máls og að rekstur meðferðarheimilisins og sambýlisins geti að fullu hafist á þessu ári mun ég ekki flytja brtt. að því er þennan þátt varðar.

Ég harma það að ósk Sjálfsbjargar um verndaðan vinnustað hefur ekki mætt skilningi meiri hl. fjvn. Hér er um verndaðan vinnustað að ræða sem félmrh. gaf starfsleyfi fyrir í maí 1985 en undirbúningur hefur ekki getað hafist þar sem hafnað hefur verið fjárveitingu til hans bæði á þessu ári og enn stefnir í að ekki verði hægt að hefja undirbúning að stofnun þessa verndaða vinnustaðar á næsta ári. Ég geri mér grein fyrir því að meiri hl. fjvn., eins og ráðherrar í ríkisstjórn, segir að ekki sé til meira til skiptanna og á því verði fatlaðir að hafa skilning eins og aðrir. Ég held þó, herra forseti, að hér sé fyrst og fremst um það að ræða hvað eigi að hafa forgang en ekki hvort meira sé til skiptanna. Ég get nefnt dæmi: Fyrir nokkrum dögum urðu hér miklar umræður um hert ákvæði í tekjuskattslögum til að sporna við því að forráðamenn fyrirtækja færðu einkaneyslu sína á fyrirtækin sem og um óhóflegan risnukostnað fyrirtækjanna.

Þessi mál snúa einnig að ríkisstofnunum og ráðuneytum, þar er ekki síður þörf á að setja hertar reglur um ýmiss konar bruðl sem þar á sér stað svo sem í risnu og ferðalögum. Hjá ríkisstofnunum og ráðuneytum hækkaði ferða- og risnukostnaðurinn langt umfram verðlagsbreytingar milli áranna 1983 og 1984 annars vegar og hins vegar á milli áranna 1984 og 1985 eða um rúmlega 152 millj. kr. umfram verðlag. Væri þessi upphæð nú til ráðstöfunar þyrfti ekki að skerða framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1987. Skerðingin samkvæmt fjárlögum fyrir næsta ár er 100 millj. kr. Ríkissjóður gæti skilað sjóðnum þessu fé og átt þó eftir um 52 millj. kr. Þetta hefði verið hægt þótt ríkisstofnanir og ráðuneyti hefðu ekki dregið saman seglin í risnu og ferðakostnaði en einungis verið gert að halda sig innan ramma verðlagsbreytinga. Ef gert er ráð fyrir því að ríkisstofnanir og ráðuneyti hefðu sætt sömu meðferð í þessu efni og framlög ríkissjóðs í Framkvæmdasjóð fatlaðra liti dæmið þannig út: Þau hefðu sem sagt fengið fyrirmæli um að í risnu og ferðakostnað á árinu 1984 og 1985 mætti einungis verja sömu krónutölu og á árinu 1983. Hefði slík skipan verið gefin hefði verið til ráðstöfunar nú á verðlagi 1. des. 1986 hvorki meira né minna en rúmar 480 millj. kr. Með þetta fjármagn til ráðstöfunar nú hefði ríkissjóður getað skilað fötluðum öllu því sem haldið hefur verið eftir af lögboðnum framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra allt frá árinu 1980, eða 360 millj. kr. og átt engu að síður eftir 120 millj. kr. til ráðstöfunar. Því tel ég, herra forseti, að þetta sé miklu frekar spurning um forgangsverkefni, á hvað ríkisstjórnir á hverjum tíma leggja áherslu heldur en það hvað er til skiptanna. Spurningin er t.d. í þessu máli: Á að verja fjármagni til að leysa ýmis vandamál hjá fötluðum eins og vistunarmál eða á að verja því í óhóflegan risnu- og ferðakostnað langt umfram verðlag eins og gert var á árunum 1984 og 1985?

Herra forseti. Í lokin vil ég lýsa stuðningi við tillögu sem flutt er á þskj. 423 af Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni, um aukin framlög til K-byggingar Landspítalans. Nái hún ekki fram að ganga er einsýnt að veruleg töf, eða um eitt ár, verður á því að hægt verði að taka K-bygginguna í notkun. Læknaráð Landspítalans hefur ritað heilbr.- og trmrh. og formönnum allra þingflokka bréf varðandi þetta mál. Þar kemur m.a. fram að verði ekki staðið við gefin fyrirheit um framkvæmdahraða muni það koma niður á mjög brýnu verkefni sem eru hópskoðanir kvenna til að fyrirbyggja brjóstakrabbamein.

Ég tel að K-byggingin sé meðal brýnustu verkefna á sviði heilbrigðismála. Ljóst er að Íslendingar eru orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum sínum í tækjabúnaði og allri aðstöðu til krabbameinslækninga. Nágrannaþjóðir okkar hafa til að mynda fyrir löngu tekið upp svonefndan línuhraðal sem er lífsnauðsynlegt tæki fyrir nútímageislalækningar. Upplýst hefur verið hér á Alþingi að fjölda sjúklinga hefur orðið að senda utan til krabbameinslækninga vegna aðstöðuleysis hérlendis. Einnig hefur komið fram að um helmingur eða ⅔ þeirra krabbameinssjúklinga sem fara í geislameðferð þurfa á að halda geislameðferð í línuhraðli sem ekki er hægt að taka í notkun fyrr en K-byggingin kemst í gagnið. Það er því ljóst að um er að ræða eitt allra brýnasta verkefnið á sviði heilbrigðismála sem á að hafa forgang. Því skora ég á þingmenn að sameinast um nauðsynlegt framlag til að hægt verði að halda uppi áætluðum framkvæmdahraða við K-bygginguna.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ætli hæstv. utanrrh. og hv. formaður fjvn. séu í húsinu? (**Forseti:** Forseti skal láta kanna hvort svo sé. Heldur fámennt hefur verið í þingsölum en það kann að vera að menn séu hér í afkimum og ég skal kanna það.) Ég þakka fyrir, ég vildi gjarnan eiga orðastað við þá báða. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um það að trúlega er hvorugur þessara aðila í húsinu sem stendur en það verður reynt að gera ráðstafanir til þess að nálgast þá

báða.) Herra forseti. Ef ekki er von til þess að þessir aðilar séu í næsta nágrenni þýðir sennilega lítið að senda eftir þeim því að þeir verða þá ekki komnir fyrr en ég er búin með ræðu mína. (**Forseti:** Það skal upplýst að hv. formaður fjvn. mun ekki langt undan en engu að síður tekur nokkurn tíma að ná til hans. En um hæstv. utanrrh. veit ég ekki.) Ég fer þá fram á, herra forseti, að fá að fresta ræðu minni fram yfir næsta ræðumann ef þess er kostur. (**Forseti:** Já, forseti skal verða við því. En hins vegar vill hann taka fram að gefnu tilefni að það væri vitanleg ágætt, þó að menn eigi að sinna þingskyldu sinni, að forseta væri kunnugt um það áður en hv. þm. hæfu mál sitt við hverja þeir vildu alveg sérstaklega tala. Þá væri hægt að gera auðveldari ráðstafanir til þess að nálgast þá. Forseti gæti betur sinnt þeirri skyldu sinni ef hann fengi vitneskju um það fyrir fram við hverja ræðumenn vildu eiga orðastað alveg sérstaklega. Ég skal verða við þessum tilmælum því að gnótt manna er á mælendaskrá ef þeir þurfa þá ekki að láta sækja aðra sem fjarstaddir eru. — Það er upplýst að hv. 11. þm. Reykv. hefur fengið hv. formann fjvn. í salinn og þarf ekki á fleiri viðmælendum að halda þannig að hún heldur nú áfram ræðu sinni.)

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað hafa fleiri viðmælendur en ég skal láta mér duga að eiga orðastað við hv. formann fjvn. í þetta sinn.

Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 464 um hækkun á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands úr þeim 24 millj. kr. sem er að finna í fjárlagafrv. í 92,7 millj. kr. Við 2. umr. þessa fjárlagafrv. lét ég þess getið að ég mundi bíða 3. umr. með að gera tillögu um framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands þar sem mér hafði verið tjáð að fjvn. mundi enga brtt. gera við framlög til þessarar stofnunar við 2. umr. heldur mundu málefni hennar bíða til þeirrar 3. Nú bregður svo við að í brtt. fjvn. við 3. umr. frv. er enga tillögu að finna um að hækka framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. En eins og allir hv. þm. sjá og vita jafngildir það framlag sem henni er ætlað í frv., eða 24 millj. kr., nánast því að leggja stofnunina niður. Engin hækkunartillaga á þessu framlagi er fram komin frá hv. fjvn. og hefur mér verið tjáð að ástæðan muni vera sú að nefndin hafi beint því til ríkisstjórnar og hæstv. utanrrh. hvað gera skyldi í þessum efnum en frá þessum aðilum hafi hins vegar engar tillögur komið um að auka þyrfti framlag til stofnunarinnar.

Í svari sínu við fsp. minni í Sþ. 25. nóv. s.l. tók hæstv. utanrrh. fram að hann hefði hug á að fá bætt úr þeim lágu framlögum sem stofnuninni eru ætluð í fjárlagafrv. og að hann mundi skrifa fjvn. bréf þess efnis. Var mér tjáð að ekkert slíkt bréf hefði borist til nefndarinnar né heldur að tillögur hefðu komið um aukin framlög af hálfu utanrrh. Nú hef ég hins vegar í höndunum bréf frá hæstv. utanrrh. til fjvn. sem er dagsett 13. nóv. s.l. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið leyfir sér hér með að óska atbeina hæstv. fjvn. til þess að eftirfarandi breytingar verði gerðar frá því sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1987."

Og liður tvö í þessu bréfi er, með leyfi forseta:

„Að fjárveiting á lið 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði hækkuð verulega frá því sem nú er í fjárlagafrv. í samræmi við einróma ályktun Alþingis í maí 1985."

Heft við þetta bréf, sem ég hef fengið, eru tillögur frá, að því er virðist, utanrrh. um framlag ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi. Þar er Þróunarsamvinnustofnun Íslands undir einum liðnum og tillaga gerð um hækkun úr 24 millj. í 229 millj. 840 þús., hvorki meira né minna.

Þessi tillaga er ekki sundurliðuð og er það tvímælalaust galli á henni því að þegar um 1000% hækkun er að ræða er það vitaskuld lágmarkskrafa að tillagan sé sundurliðuð og gerð grein fyrir því í hvað er ætlað að verja þessum fjármunum. Af þessu er samt ljóst að bæði bréf og tillaga hafa komið frá hæstv. utanrrh. um þetta mál og nú langar mig til að spyrja hv. formann fjvn., og það er ástæðan fyrir því að ég bað um að hann yrði kallaður í salinn, hvernig þessum málum víkur við. Fyrst tillaga hefur komið frá hæstv. utanrrh., hvers vegna hefur þá engin tillaga komið frá fjvn. um þetta mál? Ég vona að hv. formaður fjvn. geti upplýst mig um þetta á eftir.

Ég hefði gjarnan viljað fá hæstv. utanrrh. í salinn því ég hef líka fáeinar spurningar til hans varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi hefði ég viljað spyrja hann að því hvers vegna hann sundurliðaði ekki tillögu sína til fjvn. svo að fjvn. hefði tök á að glöggva sig á því til hvers fénu yrði varið ef það fengist. Einnig hefði ég viljað spyrja hæstv. utanrrh. að því hvers vegna hann hefur ekki fylgt þessu máli fastar eftir en raun ber vitni. Bréf hans er frá því 13. nóv. s.l., það er liðinn heill mánuður síðan það var skrifað og engar fregnir hafa borist af því að hæstv. utanrrh. hafi haft samband við fjvn. um þetta mál síðan. Samt hefur hæstv. utanrrh. ákaflega góðan grunn að standa á í þessu máli þar sem er ályktun Alþingis frá því í maí 1985 um stóraukin framlög til þróunaraðstoðar, þannig að ekki skorti hann rökin, ekki skorti hann grunninn til að fylgja þessu máli eftir.

Í öðru lagi hefði ég viljað spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann viti ástæðuna fyrir því að stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hefur í þetta sinn ekki gengið á fund fjvn. með tillögur sínar eins og venja er til. Þar skýtur nokkuð skökku við, ekki síst með tilliti til þess hversu lágri upphæð er varið til stofnunarinnar samkvæmt prentuðu fjárlagafrv.

Við þessu hefði ég viljað fá svör. Formaður fjvn. er viðstaddur og ég vonast eftir svörum hans hér á eftir en hæstv. utanrrh. er víðs fjarri og því verða hv. þm. að láta sér nægja getsakir einar um það sem ég spurði hann um.

Ég vona að hér sé ekki að sannast það sem ég vakti máls á í fyrirspurnatíma í Sþ. 25. nóv. s.l. að smám saman væri verið að gera Þróunarsamvinnustofnun Íslands óvirka og færa þróunarsamvinnu úr

hennar höndum með hinum lágu framlögum. 24 millj. kr. fjárveiting eins og frv. kveður á um mun gera stofnuninni fullkomlega ókleift að sinna verkefnum sínum á næsta ári svo að þessi spurning er í rauninni brennandi.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá því í maí 1985 um reglubundna aukningu á framlögum til þróunarsamvinnu hefði þessi málaflokkur átt að fá í sinn hlut hátt á þriðja hundrað millj. kr. Það er um 1000% hærri upphæð en í fjárlagafrv. stendur. Ályktun Alþingis er því enn þverbrotin, mér liggur við að segja að hún sé mölbrotin í þessu fjárlagafrv. og það er vitaskuld staðreynd sem er til lítils vegsauka fyrir hæstv. Alþingi. Mér er reyndar spurn: Hvernig getur Alþingi ætlast til þess að landsmenn taki mark á því og beri virðingu fyrir störfum þess á meðan það sjálft tekur ekki mark á og ber ekki virðingu fyrir ályktunum sínum? E.t.v. getur hæstv. forseti svarað mér einhverju þar um hér á eftir.

Til að bæta um betur og bjarga því sem bjargað verður hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur flutt brtt. þá sem er að finna á þskj. 464 þess efnis að framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækki úr 24 millj. kr. í 92,7 millj. kr. sem er algjört lágmark eigi stofnunin að geta sinnt verkefnum sínum.

Samkvæmt bréfi framkvæmdastjóra stofnunarinnar til stjórnar hennar sem er dags. 11. des. s.l. þarf stofnunin til sinna verka 229 millj. 640 þús. kr. á þessu ári ef vel ætti að vera. Rúmar 92 millj. eru því aðeins fyrir því nauðsynlegasta og ég vil að hv. þm. geri sér grein fyrir því. Samkvæmt þessari sundurliðun þarf stofnunin 5 millj. kr. í skrifstofu- og stjórnunarkostnað, hún þarf 7,8 millj. kr. til þess að standa við norræn samstarfsverkefni sem hún er þegar byrjuð á og hefur þegar skuldbundið sig til að halda áfram með, hún þarf 49,9 millj. kr. til að standa við verkefnið á Grænhöfðaeyjum sem er líka þegar hafið og bundið með skuldbindingum. Aðeins þetta þrennt gerir 62,7 millj. kr. Síðan er að finna í sundurliðun þessari verkefni á borð við aðstoð á vegum félagasamtaka, jarðhitaverkefni með þátttöku íslenskra verktaka, fiskveiðiaðstoð til uppbúnings fiskveiðisamstarfi, m.a. á Costa Rica, þróunarsamstarf Norðurlanda við níu ríki í sunnanverðri Afríku í samræmi við Harare-yfirlýsinguna, vinnuvernd í Kenýa sem er framhaldsaðstoð, mótun námsefnis og kennslutilhögun á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og síðan önnur verkefni ýmis. Þetta er upphæð upp á rúmar 170 millj. kr. sem er í þessum síðari liðum. Til viðbótar við þær 62,7 millj. kr., sem þarf til að framkvæma fyrstu þrjá liðina, hef ég því lagt til að veittar verði 30 millj. kr. til viðbótar til að mæta öllum hinum liðunum og er víst að þar er um enga ofrausn að ræða.

Ég heiti á hv. þm. að veita því atkvæði sitt að þessi stofnun fái 92,7 millj. kr. á þessum fjárlögum eins og tillagan á þskj. 464 kveður á um. Verði sú tillaga hins vegar felld hefur það endanlega sannast að Alþingi hefur engan hug á að standa við ályktun sína um þessi efni og metur hana einskis í reynd.

Herra forseti. Ég hefði einnig gjarnan viljað eiga orðastað við hæstv. menntmrh. í þessari umræðu um fjárlögin en á því mun ekki vera kostur þar sem menntmrh. er víðs fjarri.

Ég hefði viljað eiga orðastað við hæstv. menntmrh. um brtt. á þskj. 403 sem fjallar um 100% hækkun á framlagi til listrænnar starfsemi í landinu. Ég mælti fyrir þessari tillögu við 2. umr. fjárlaga. Þá var hæstv. menntmrh. einnig fjarverandi og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka framsögu mína fyrir þá hv. þm. sem hér eru viðstaddir, sem flestir voru einnig viðstaddir þá, en segi að ekki finnst mér ráðherrar verma þingbekki nú og virðast ekki hafa mikinn áhuga á þessum fjárlögum og undanskil ég þar vitaskuld hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Mig langar að lokum til að segja fáein orð um eina af mörgum brtt. fjvn. sem er að finna á þskj. 418. Það er tillaga nr. 3, a-liður, og er nýr liður merktur 02-201 1.04 í fjárlagafrv. Tillagan kveður á um að veita skuli 1 millj. kr. til rannsókna í kvennafræðum, öðru nafni kvennarannsókna, sem töluverð umræða varð um fyrir réttu ári síðan þegar fjárlög þessa árs voru til umræðu. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. reki minni til þeirrar umræðu. Ég fagna því innilega að hv. fjvn. skuli nú hafa léð þessum rannsóknum liðsinni sitt og ég tek það fram að í þetta sinn voru allar þingkonur sem sæti eiga á Alþingi Íslendinga tilbúnar til að styðja þetta málefni og gerðu það.

Tillaga sama efnis og tillaga fjvn. nú fékk ekki hlýjar móttökur í umræðum á hv. Alþingi um fjárlagafrv. þessa árs fyrir ári síðan og miðað við þau sjónarmið sem þá komu fram er tillaga fjvn. stórt skref fram á við. Þess vegna fagna ég henni sérstaklega og einnig vegna þess að hér er á ferðinni viðurkenning á kvennarannsóknum og kvennafræðum sem ekki hefur áður fengist. Það munar venjulega um minna í þessum efnum. Jafnframt er með tillögunni lagt til að veita fé til vísindarannsókna sem sívaxandi áhugi er fyrir og sem á undanförnum árum hafa sýnt sig að vera bæði frjóar og árangursríkar. Það kom m.a. fram á ráðstefnu um íslenskar kvennarannsóknir sem haldin var í Háskóla Íslands fyrir rúmu ári síðan og ljóst er að hér á landi er fyrir hendi kraftur, hæfni og vilji til stórra verka á þessum vettvangi.

Fjárveiting til þessara rannsókna er því líkleg til að skila ríkulegum arði þótt ekki sé hún í sjálfu sér ýkja stór í sniðum. Ein milljón er vitaskuld ekki mikið en þessir peningar skipta máli fyrir þær félitlu vísindakonur sem hlut eiga að máli. Fyrir þær gildir það sama og fyrir flesta aðra vísindamenn hér á landi sem rannsóknir vilja stunda að margt smátt gerir eitt stórt og að hver króna sem fæst til þessara hluta skiptir máli. Að auki er sérstök fjárveiting til rannsókna í kvennafræðum mikilsverð viðurkenning á þeim rannsóknum eins og ég gat um áðan og því hvatning og styrkur þeim vísindakonum sem í hlut eiga.

Eins og hv. þm. vita var baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla til náms bæði löng og ströng. Víst er að aðstæður kvenna til framhaldsnáms eru enn þann dag í dag í ófáum tilfellum lakari en pilta. Þó hefur mikið áunnist í þessum efnum á undanförnum árum og áratugum og árangurinn lætur ekki á sér standa. Sókn kvenna inn á svið grunnrannsókna í öllum helstu fræðigreinum er aðeins rökrétt framhald af almennt aukinni menntun kvenna og var vísast fyrirsjáanleg á sínum tíma. Það sem enginn sá hins vegar fyrir var að konurnar fluttu með sér annan skilning, aðra reynslu og aðra veruleikasýn inn í vísindin sem kallaði á nýja tegund rannsókna, ný viðfangsefni, endurmat og endurnýjun fræðigreinanna og nýja fræðigrein, kvennafræði, sem tekur í sjálfu sér til velflestra hefðbundinna fræðigreina.

Nú hefur þessi sproti skotið rótum í íslenskum jarðvegi og tillagan á þskj. 418 mun gera sitt til þess að búa honum lífvænlegt umhverfi.

Virðulegi forseti. Ég læt þá máli mínu lokið en ég vonast til þess að hv. formaður fjvn. sjái sér fært að svara þeim spurningum sem ég bar fram til hans áðan.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 11. þm. Reykv., tók að nokkru leyti af mér ómakið þannig að ég þarf ekki að hafa ýkja mörg orð. Ég ætla að ræða sérstaklega það málefni sem hún vék allítarlega að áðan, þ.e. fjárveitingar til þróunarsamvinnu. Ég vakti athygli á þessu máli við 2. umr. fjárlaga, flutti þá brtt. um hækkun á framlögum til Þróunarsamvinnustofnunar, en kallaði hana aftur til 3. umr. í trausti þess og í von um að hv. fjvn. væri að sinna því máli, væri að vinna að því. Reyndar hafði ég ástæðu til að ætla að svo væri því mér hafði verið tjáð að meðal annarra hefði hæstv. utanrrh. ætlað að eiga orðastað við nefndina um þetta tiltekna mál. Það urðu mér því mikil vonbrigði að sjá brtt. fjvn. koma fram án þess að gerð væri tillaga um að hækka þennan lið eða framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sérstaklega um eina einustu krónu.

Ég lagði fram fsp. til hæstv. utanrrh. fyrr í haust um stöðu þessara mála hér á Íslandi með samanburði við önnur lönd og einnig nokkuð aftur í tímann. Sá samanburður er dapurlegur, herra forseti. Það kemur í ljós að Ísland er í hópi OECD-ríkja yfirleitt í röðinni frá því að vera í 2. og niður í að vera í 6. eða 7. sæti í hópi þessara mestu velmegunarríkja heimsins undanfarin tíu ár. Við komumst á árinu 1982 í 2. sæti yfir mestu velmegunarríkin. Það stingur því óneitanlega í augun að við stöndum okkur ekki betur en skyldi á þessu sviði. Það kemur einnig fram í því svari að Ísland eitt aðildarríkja OECD tekur engan þátt í samstarfi þeirra ríkja um þróunarsamvinnu. Í huga mínum finn ég enga aðra skýringu en þá að framlag okkar sé okkur slíkt feimnismál að við höfum af þeim ástæðum kosið að vera ekki með í þessum hópi.

Ég hygg að það sé ljóst, virðulegi forseti, að ef fjárveitingar til þróunarsamvinnu verða með þeim hætti sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir sé það endanlega rothögg á þann vilja Alþingis að reyna í áföngum að auka framlög til þessara mála. Í svarinu segir hæstv. utanrrh. að það sé áætlað að framlag okkar til þessara mála verði að hlutfalli 0,062 af þjóðarframleiðslu. Nú er ljóst í ljósi nýjustu þjóðhagsspár að þetta hlutfall verður mun lægra á yfirstandandi ári og það er einnig ljóst að tölur í fjárlagafrv. duga ekki til að ná hlutfallinu 0,05 eins og sagt er í svarinu. Þetta hlutfall mun verða enn lægra, ef svo heldur sem horfir, bæði með efnahagsbatann og ef þær tölur sem eru í fjárlagafrv. verða samþykktar hér óbreyttar.

Slíkt er vægast sagt hörmulegt, herra forseti, og þegar við búum við og fyrir dyrum stendur eitt mesta góðæri allra tíma í íslandssögunni, ef svo má að orði komast, er sorglegt að sjá þetta framlag fara niður á við ár frá ári. Það er einhver dapurlegasti vitnisburður um siðferðisstig þessarar ríkisstjórnar sem ég get fundið mér og mun skömm hæstv. ríkisstjórnar lengi uppi á þessu sviði.

En hv. 11. þm. Reykv. hefur gert ágætlega grein fyrir þörfinni og ég þarf þar engu við að bæta. Ég hef að vísu á minni brtt. nokkru lægri tölu og má segja að það hefði þess vegna verið hægt að flytja 100 millj. eða 200 millj. kr. hærri tölur. Út af fyrir sig er þörfin ærin og verkefnin ótæmandi. En ég taldi ekki raunhæft að sýna hv. þm. öllu meiri hækkun í einu stökki en þetta þó að hún sé auðvitað allt of lítil. Ég tók einnig mið af því að þetta framlag mundi duga Þróunarsamvinnustofnun til að standa við fastbundin verkefni, a.m.k. með sæmilegu móti, og eins er hitt að ég tel það fyllilega koma til greina að aukning framlaga á þessu sviði renni ekki endilega öll til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég tel t.d. fyllilega koma til greina að ýmsar hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna fengju eitthvað af þeim framlögum og við Íslendingar með þeim hætti fælum þeim stofnunum að koma þeim til framkvæmda fyrir okkur. En svona virðist þetta ætla að fara, virðulegur forseti, nema meiri hlutinn sjái að sér og samþykki aðra hvora þá brtt. sem hér liggur fyrir við þennan lið.

Ég fagna því, herra forseti, að eftir þriggja ára barning er nú komið inn í brtt. fjvn. framlag til háskólakennslu á Akureyri. Ég hef við undanfarna fjárlagagerð flutt um það till. að merkja þessum lið nokkurt fé og hún hefur verið felld hér oftar en einu sinni. Ég flutti hana enn nú við 2. umr. en dró hana til baka og nú loksins hefur fjvn. sett inn í sínar till. framlag til þessa málaflokks sem reyndar er upp á krónu sama upphæð og brtt. mín við 2. umr. gekk út á eða 5 millj. kr. og fagna ég því ekki síður að okkur skuli bera svona vel saman í þessu efni.

Hv. 5. þm. Austurl. hefur vikið að tveimur fjárlagaliðum sem ég gerði einnig að umtalsefni við 2. umr., þar sem eru fjárveitingar til grunnskóla eða stuðnings- og sérkennslunnar sérstaklega og einnig

fjárveitingar til aksturs og kostnaðar vegna heimavistarhalds og mötuneyta. Og ég þarf litlu við það að bæta. Ég fagna því að tekið er með vissum hætti undir að þörf sé meiri fjárveitinga til að jafna út milli fræðsluumdæma í landinu og ég lít svo á að sá 5 millj. kr. liður, ef ég hef tekið rétt eftir, sem virðuleg fjvn. flytur í þessu skyni sé hugsaður fyrst og fremst til að bæta þeim fræðsluumdæmum upp sem rýrastan hlutinn hafa í þessum efnum. Úr því svo er fagna ég því. Ég tel mig ekki dómbæran á hversu langt þessi upphæð dregur, en ég fagna því í öllu falli að þarna er viss viðleitni til að bæta úr því óréttlæti sem tvímælalaust hefði annars átt sér stað í formi mismununar milli fræðsluumdæmanna.

Ég hef einnig flutt brtt. við fjárveitingar til yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð. Svo heitir sú nefnd innan kerfisins sem fer með meiri háttar nýframkvæmdir á vegum ríkisspítala, stundum skammstafað I-mál. Ég lýsti við 2. umr. þeim áhyggjum mínum að ef fjárveitingar til þessara framkvæmda yrðu eins og þær standa nú í fjárlagafrv. kæmi til neyðarástands á Landspítalanum. Ef það yrði borðleggjandi að uppbyggingu K-byggingarinnar yrði að fresta eða hún tefðist um einhver ár eða a.m.k. eitt ár til viðbótar þeim áætlunum sem nú er unnið út frá innan ríkisspítalanna kæmi nánast til neyðarástands í húsnæðismálum þar. Allar áætlanir stjórnarnefndar ríkisspítalanna um úrlausn í húsnæðismálum ríkisspítala og Landspítalasvæðisins sérstaklega ganga nánast út frá því að þessum áætlunum verði haldið, þ.e. að unnt sé að flytja inn í K-bygginguna sem fyrst, um næstu áramót eða á þar næsta ári, og kaupa og setja þar upp þau tæki, m.a. til krabbameinslækninga, sem hér er um að ræða. Ég hef því flutt brtt. um allverulega hækkun á þessu framlagi og ég hef miðað hana við að það framlag dygði til þess að unnt yrði að bjóða út og láta vinna þá verkáfanga í K-byggingu sem nægðu til að halda áætlun um framkvæmdahraða sem yfirstjórn mannvirkjagerðar og stjórnarnefnd ríkisspítalanna vinna út frá.

Nú er mér tjáð, og ég hef aflað mér upplýsinga um það, að virðuleg fjvn. hafi fallist á að flytja brtt. við 6. gr. fjárlaga þannig að inn komi heimildarákvæði til handa fjmrh. til að taka að láni fé til að ljúka þeim framkvæmdaáföngum sem hér er um að ræða þannig að línuhraðall og önnur slík tæki komist inn í K-bygginguna á tilsettum tíma. Ég vil því segja það enn fremur, virðulegur forseti, að ég fagna þessum sinnaskiptum virðulegrar fjvn. Ég mun treysta því að fjmrh. muni í framhaldi af þessu tryggja framgang framkvæmdaáætlana við K-byggingu með þeim hætti að áætlanir stjórnarnefndar og yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð raskist ekki og þar af leiðandi sé þetta mál í höfn sem slíkt. Ég mun því taka til athugunar, þegar ég hef séð brtt. fjvn. um þetta atriði, að kalla til baka brtt. mína um hækkun framlaga. Út af fyrir sig væri að sjálfsögðu æskilegra, herra forseti, að um væri að ræða hærri beina fjárveitingu, en miðað við aðstæður hljótum við að fagna því ef þessu verki miðar áfram þó að það kosti að einhverju leyti lántökur.

Að svo mæltu hef ég ekki mikið meira um þetta blessað fjárlagafrv. að segja nema hvað ég vil taka undir með hv. 5. þm. Austurl. að það er alger hneisa að hér skuli eiga að lauma inn á síðustu stundu við afgreiðslu fjárlaga heimild fyrir ríkisstjórn til að selja jörðina Streiti í Breiðdal. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla alveg sérstaklega þeim lymskulegu vinnubrögðum sem þar eru á ferðinni. (**Gripið fram í:** Og ósvífnu.) Og ósvífnu. Ég þakka þm. fyrir ábendinguma. Þau eru vissulega ósvífin. Í ljósi þess mikla skoðanaágreinings sem uppi var um þetta mál á síðasta þingi má hæstv. ríkisstjórn í raun kallast heppin ef menn fyllast ekki slíkri reiði við þessi vinnubrögð að þeir ræði fjárlög a.m.k. fram á nýár.

En hvað um það. Ég mótmæli hér þessari málsmeðferð. Eg fer fram á að þessi brtt. verði kölluð til baka þannig að ekki þurfi að standa hér stórdeilur um þetta mjög svo umdeilda atriði. Ég tel öll rök þeirra sem lögðust gegn þessu máli á s.l. vetri vera enn fyrir hendi. Það er því alveg ljóst að menn taka það óstinnt upp ef svona á að lauma þessu mikla hita- og deilumáli í gegnum þingið, hugsanlega í von um að þm. í önnum og hita dagsins yfirsæist hreinlega að þetta mál væri komið þarna inn með þessum hætti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mundi hæstv. heilbr.- og trmrh. vera í grenndinni einhvers staðar? (**Forseti:** Það skal verða athugað hvort svo er.) Það hefur nefnilega verið ákveðið núna rétt fyrir umræðuna að ríkið kaupi Borgarspítalann og það verður rætt í minni ræðu þannig að ég óska eftir því að hæstv. ráðh. verði ekki víðs fjarri þegar sú umræða fer fram ef ekki hamla veikindi eða annað sem verður auðvitað að taka gilt.

Ég ætla ekki í mörgum orðum að gera grein fyrir brtt. þeim sem ég er með við fjárlagafrv. Það er reyndar bara ein brtt. Hún er um það að veitt skuli verða til Neytendasamtakanna heilum 2 millj. kr. á næsta ári. Neytendasamtökin eru með tiltölulega öflugt starf. Munurinn á neytendastarfi hér og í öðrum löndum, t.d. Svíþjóð, er sá að þar eru ríkisstofnanir aðallega með neytendastarfið, en hér á landi hefur þetta verið á vegum félaganna. Ríkið hefur reynt að styðja við starfsemi Neytendasamtakanna með örlitlum fjárframlögum á undanförnum árum og þau fjárframlög hafa verið veitt í gegnum viðskrn. Stundum hafa Neytendasamtökin verið sjálfstæður fjárlagaliður, en það er ekki núna. Það er gert ráð fyrir að Neytendasamtökin fái einhverja upphæð undir liðnum Yfirstjórn í viðskrn. Mér finnst það í raun og veru lágmark að leyfa þessum samtökum að vera inni sem sérstökum fjárlagalið. Ég flyt sem sagt till. um að Neytendasamtökin fái á næsta ári litlar 2 millj. kr. Það er eina brtt. sem ég flyt við fjárlagafrv. sem slíkt.

Félagar mínir úr Alþb. hafa flutt till. aðallega um

tekjuöflun til fjárlaganna upp á 1½ til 2 milljarða kr., 1 milljarð 650 millj. kr. Það er gert til að sýna fram á að það er hægt að láta endana ná saman í ríkissjóði ef menn vilja og það er hægt að halda þannig á málum að ríkissjóður þurfi ekki að taka erlend lán í því góðæri sem nú blasir við. Það tel ég vera ákaflega stórt og þýðingarmikið atriði að ríkissjóður sé þannig rekinn með sæmilegum jöfnuði við þær aðstæður sem nú eru í efnahagskerfi okkar. Ég vil hins vegar taka fram að ég tel ekki að það séu möguleikar á því að skera niður ríkissjóðsútgjöld, einn, tveir, þrír, til einstakra stofnana í stórum stíl eins og hér hafa komið fram tillögur um. Ég tel sjálfsagt að menn setji sér hins vegar aðhald í yfirstjórnarútgjöldum ríkisins með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í till. Alþb. um að heimila fjmrh. að vinna sérstaklega að sparnaði í þessum þætti mála.

Ég vil hins vegar taka fram að ég hef hugsað mér í ræðu minni að fara nokkru nánar út í með hvaða hætti það gæti gerst að ríkissjóður væri rekinn nokkurn veginn á sléttu og ekki þyrfti að hirða stórkostleg erlend lán í rekstur ríkissjóðs. Ég hef aflað mér upplýsinga um álagningu á lögaðila í öllu landinu á árinu 1986. Þessar upplýsingar eru frá fjmrn., unnar fyrir fjmrn. af ríkisskattstjóra, dags. 25. nóv. 1986. Í þessu yfirliti kemur fram að samtals eru lögaðilar í landinu sem greiða skatta, eða telja fram öllu heldur 10 573. Þeir greiða í tekjuskatt, þessir aðilar, samkvæmt þessari áætlun 1 milljarð 271 millj. kr. og það eru 2850 lögaðilar sem greiða tekjuskatt, 2850 af 10 570. Það eru 27–28% sýnist mér sem greiða einhvern tekjuskatt af öllum lögaðilum í landinu.

Ef við skoðum eignarskattinn kemur í ljós að lögaðilar greiða um 330 millj. kr. og það eru aðeins um 4500 lögaðilar sem greiða þennan skatt, um 6000 lögaðilar eru eignarskattslausir. Það eru nokkurn veginn jafnmargir sem greiða eignarskattsauka eða 4500 greiðendur og þeir borga um 86 millj. kr. Þá kemur sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hann skilar á þessu ári 110 millj. kr. og það eru 855 lögaðilar sem greiða skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það er nú ekki meira. Meiri hluti þessara aðila er í Reykjavík, 493, en á landsbyggðinni er hér um að ræða fáa aðila í langflestum umdæmum eins og við er að búast.

Það er fróðlegt til samanburðar í þessu efni að skoða hvað þessi fyrirtæki borga í aðstöðugjald vegna þess að þá getur maður séð hver er heildarvelta þessara fyrirtækja. Niðurstaðan er sú að í aðstöðugjald er borgaður á þessu ári 1,3 milljarðar kr. og það eru um 6800 lögaðilar sem borga aðstöðugjald. Samkvæmt þessu má ætla að velta þessara aðila sé í kringum 80–90 milljarðar kr. og af 80–90 milljarða kr. veltu borga menn í tekjuskatt 1,2 milljarða kr. Þetta er ákaflega fróðlegt og athyglisvert. Og hvernig stendur á því að fyrirtækin sleppa þetta vel við skatta? Jú, það er út af frádráttarliðunum sem við höfum verið að tala um hér að undanförnu.

Ég hef í dag aflað mér upplýsinga um hverju þessir frádráttarliðir nema í varasjóð og fjárfestingarsjóð. Í varasjóð greiðir 561 fyrirtæki á þessu ári samtals um 180 millj. kr., en tillög í fjárfestingarsjóð greiða 257 fyrirtæki, samtals 716 millj. kr., þannig að frádrættir í fjárfestingarsjóði og varasjóði nema samtals á þessu ári 900 millj. kr. Ef það væri skattlagt mundi það skila í tekjur 450 millj. kr. Á næsta ári, miðað við þær forsendur sem fjárlög byggjast á, gæti hér verið um að ræða skatttekjur hjá ríkissjóði, aðeins af þessum tveimur liðum, upp á um 500 millj. kr.

Ég held að það sé rétt að minna á í þessu sambandi að það er skoðun fjölmargra efnahagssérfræðinga okkar að það sé yfirvofandi stórfelld þensla í efnahagskerfinu á næsta ári. Á fundi fjh.- og viðskn. neðri deildar í gærmorgun spurði ég að því: Hvað teljið þið rétt að gera til að koma í veg fyrir þessa þenslu á næsta ári? Og svarið var: Hækka beina skatta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki tiltækilegt né skynsamlegt við þær aðstæður sem nú eru uppi að hækka beina skatta einstaklinga. Ég tel þess vegna að þessi ábending þýði ekkert annað en að allir efnahagssérfræðingar segja: Hækkið þið skatta á fyrirtækjunum til að draga úr þenslu á næsta ári.

Það er rétt að benda á að sá halli sem nú er um að ræða á ríkissjóði upp á tæplega 3 milljarða kr. mun hafa í för með sér stórkostlegar hættur fyrir þær verðlagsspár sem fyrir liggja. Á fundum fjh.- og viðskn. Nd. í morgun og í gærmorgun spurðum við fulltrúa Seðlabanka, Þjóðhagsstofnunar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands að því: Teljið þið að verðlagsspár ársins 1987 standist? Teljið þið að það geti verið miðað við allar aðstæður nú að verðbólgan á næsta ári verði í eins stafs tölu eins og horfurnar eru núna? Fulltrúi Seðlabankans svaraði því til að það væru engar líkur á því að þetta stæðist. Samkvæmt spám Seðlabankans væri gert ráð fyrir að verðbólgutölurnar væru í kringum 11%. Síðan bættu þessir menn allir við: Það er alveg ljóst að þessi halli á ríkissjóði þýðir að forsendur kjarasamninganna sem voru gerðir núna um daginn eru að hrynja. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands sögðu sem svo í morgun: Það er ekki hægt að slá því föstu að hrunið eigi sér stað á nákvæmlega þessum tiltekna punkti í halla á ríkisfjármálum. En þeir sögðu: Þessar forsendur eru í stórkostlegri hættu, allar forsendur þeirra kjarasamninga sem voru gerðir hér fyrir fáeinum dögum. Ríkisstjórnin er þess vegna með slappleika í stýringu ríkisfjármála að hafna þeim kjarasamningum sem voru gerðir fyrir aðeins örfáum vikum þó svo að ráðherrarnir sendu bréf og bréf aftur til aðila vinnumarkaðarins og segðu: Við ætlum auðvitað að reyna að tryggja að verðlagsforsendur standist.

Í minnisblaði aðila vinnumarkaðarins um ástandið í efnahagsmálum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýjar lántökur samkvæmt þessu [þ.e. fjárlagafrv.] eru áætlaðar 1530 millj. kr. hærri en nemur

afborgunum af erlendum lánum. Því er nettó innstreymi af langtímalánsfé 1530 millj. Mikilvægt er að snúið verði við blaði í þessu efni og dregið úr lántökum sem nemur a.m.k. 1530 millj. kr. Fyrir því ætti að vera grundvöllur, ekki síst í ljósi þess að innlendur fjármagnsmarkaður er nú í mikilli sókn. Munar þar mikið um að lífeyrissjóðirnir eru að eflast verulega og er áætlað að þeir hafi til útlána rúmar 2800 millj. eftir að hafa notað 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Með nýskipan húsnæðislána dregur úr lánveitingum til sjóðfélaga og um leið þurfa sjóðirnir á traustri og hagkvæmri ávöxtun að halda á vettvangi atvinnulífsins. Auk þess hefur almennur peningalegur sparnaður aukist. Af þessum ástæðum gæti verið eðlilegt að erlendar lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga lækkuðu um 400 millj. kr. Eðlilegt væri að fjárfestingarlánasjóðirnir leituðu beint til lífeyrissjóða með sérstöku útboði skuldabréfa. Þetta gæti dregið úr erlendum lántökum sjóðanna um allt að 1130 millj. kr. Enn fremur er gengið út frá því að ríkissjóður taki ekki frekari erlend lán vegna A-hlutans þótt halli á ríkisrekstrinum verði meiri en áætlaður er samkvæmt fjárlagafrv. fyrir 1987.

Ýmsar aðgerðir í peningamálum geta verið nauðsynlegar til þess að takmarka erlendar lántökur og draga úr hættu á þenslu. Í því sambandi má nefna takmörkun á erlendum lántökum með ríkisábyrgð og ábyrgðum ríkisbanka, t.d. með því að setja á þessar ábyrgðir fyrir fram ákveðið þak."

Ríkisstjórnin svaraði þessu með bréfi dags. 6. des. s.l. Og áður en ég vík aðeins að bréfinu ætla ég að vitna aftur í skýrslu aðila vinnumarkaðarins um hinar efnahagslegu forsendur kjarasamninga, en þar segir:

„Eigi umsamin kjaraþróun að ganga eftir veltur á miklu að almennar efnahagslegar forsendur styðji og verki hvetjandi fyrir slíka þróun. Það sem hér skiptir mestu máli er að útflutningsgreinarnar afli þess gjaldeyris sem þjóðin eyðir, en hann verði ekki sóttur með lántökum erlendis. Með því geta útflutningsgreinarnar og þeir staðir sem þær eru staðsettar á laðað til sín starfsfólk, fjármagn og þjónustu á jafnréttisgrundvelli við aðrar atvinnugreinar og önnur byggðarlög. Því er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að innstreymi af erlendu lánsfé hafi áhrif á tekjumyndun í landinu. Slíkt kemur helst fram í verslunar-, þjónustu- og framkvæmdagreinum á höfuðborgarsvæðinu og ýtir undir misvægi í launa- og afkomuþróun á milli atvinnugreina, starfshópa og landshluta. Erlend skuldasöfnun grefur þannig undan þeim aðalmarkmiðum sem samningsaðilar hafa sett sér, um að hækka þá sem eru lægst launaðir og stíga skref í þá átt að rétta við það misgengi sem orðið hefur í launaþróun á milli landshluta og einstakra hópa.

Ríkisstjórnin hefur á valdi sínu að beita ýmsum aðgerðum til þess að stöðva innstreymi af erlendu lánsfé inn í landið. Þessar aðgerðir geta bæði miðast við að takmarka lántökuheimildir ýmissa aðila og að stjórn peningamála hvetji til minni notkunar á erlendu lánsfé."

Sem sagt: stöðvun á erlendum lántökum er forsenda þess að kjarasamningarnir geti tekist. Og hvað sagði ríkisstjórnin? Jú, jú, ríkisstjórnin sagði í bréfi sínu 6. des. 1986:

„Ríkisstjórnin ítrekar stefnu sína um lækkun erlendra skulda og mun leita allra leiða, m.a. með endurskoðun lánsfjáráætlunar, til að erlend lántaka verði ekki umfram afborganir á næsta ári, enda takist að beina lántökum fjárfestingarlánasjóða til lífeyrissjóðanna í ríkari mæli en ráð hefur verið fyrir gert."

Og herra forseti. Hver er svo niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir aukatekjur ríkissjóðs af góðærinu upp á 3800 millj. kr. eru auknar lántökur á næsta ári áætlaðar 1915 millj. kr. Það er því von að menn segi: Verðlagsforsendur kjarasamninga hér eru bersýnilega í stórfelldri hættu og það er ríkisstjórnin sem hafnar þessum kjarasamningum í raun. Stefna hennar stríðir gegn kjarasamningunum og forsendum þeirra og það er nauðsynlegt að hafa í huga nú þegar, aðeins tæpum hálfum mánuði eftir að þessir kjarasamningar hafa verið gerðir. Ég hygg að þess séu engin dæmi að ríkisstjórn hafi með þessum hætti komið fram gagnvart aðilum vinnumarkaðarins eftir samninga eins og þá sem gerðir voru fyrir fáeinum dögum sem menn hafa ekki gagnrýnt fyrir að þar væri um miklar launahækkanir að ræða heldur hafa menn gagnrýnt þá fyrir það að þar væri um of litlar launahækkanir að ræða. Í forsendunum er byggt á því að fylgt sé aðhaldsstefnu í verðlags- og peningamálum, en það er ekki gert. Í forsendunum er byggt á því að fylgt sé aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum, en það er ekki gert. Það blasir við að forsendur kjarasamninganna eru í verulegri hættu.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, því að ég mun tala við umræður um lánsfjárlög hér á eftir í Nd., að leyfa mér að víkja að öðrum þáttum og það eru þá sérstaklega fjárlögin og elli- og örorkulífeyrir. Skyldi hæstv. heilbrmrh. ekki vera á staðnum? **(Forseti:** Það skal tekið fram að í upphafi þessa fundar var tilkynnt að Ragnhildur Helgadóttir heilbrmrh. hefði fjarvistarleyfi. En það verður gerð tilraun til að ná sambandi við ráðherra ef svo skyldi vilja til að ráðherra gæti mætt. En ráðherrann hefur fjarvistarleyfi.) Já, það er nauðsynlegt að vita strax hvort það næst samband við ráðherrann. Hver gegnir fyrir hæstv. ráðherra? Hver sinnir heilbr.- og trmrn. í þinginu í fjarveru ráðherra? **(Forseti:** Það verður athugað um þessi atriði.)

Ég ætla þá að víkja að öðru, herra forseti, meðan ég hinkra eftir ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála. En ég hafði hugsað mér að koma á eftir að Borgarspítalanum og elli- og örorkulífeyrishækkuninni. Ég ætla aðeins að víkja að öðrum almennum atriðum og þó sérstaklega því sem er aðalatriðið í sambandi við þessi mál.

Alþb. hefur undanfarna daga lagt fram róttækar tillögur um kerfisbreytingar í skattamálum. Alþb. hefur undanfarna daga sýnt fram á hvernig hægt er að nálgast jöfnuð í ríkissjóði. Alþb. hefur hér síðustu daga sýnt fram á leiðir til að draga úr erlendum lántökum og við höfum sýnt fram á leið til að halda hér við eðlilegri félagslegri þjónustu. Það er nauðsynlegt að átta sig á að við afgreiðslu fjárlaga nú á árinu 1986 kemur glöggt fram að það eru alger skil á milli annars vegar Alþb. og hins vegar Sjálfstfl. í öllum málflutningi og tillögugerð í þessum sal. Ég tel reyndar að sumt af þeim tillögum Alþfl. sem kynntar hafa verið séu góðar og skynsamlegar tillögur miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Ég tel hins vegar að sumt af þeim tillögum sé með þeim hætti, einkum tillögurnar um að leggja niður ríkisstofnanir á færibandi, að þær séu ekki raunsæjar eins og þær eru settar fram. Andstæðurnar hafa þess vegna birst fyrst og fremst í okkar tillögum annars vegar og í tillögum Sjálfstfl. hins vegar. Hér er í rauninni ekki bara um það að ræða að tillögur eigi að metast gegn tillögum. Það er rétt að skoða verk gagnvart verki, skoða rekstur ríkissjóðs á þeim tíma þegar Alþb. fór með stjórn ríkisfjármála, skoða rekstur ríkissjóðs þegar Sjálfstfl. hefur farið með stjórn ríkisfjármála, skoða þróun félagslegra útgjalda þegar Alþb. hefur farið með stjórn ríkissjóðs, skoða þróun félagslegra útgjalda þegar íhaldið hefur farið með stjórn ríkissjóðs. Þar er um að ræða tvennt ólíkt, svart og hvítt svo að ég nefni eins skarpar andstæður og mögulegt er.

Lánsfjárlögin sem við afgreiddum hér í desember í fyrra gerðu ráð fyrir því að erlendar lántökur á þessu ári yrðu 3240 millj. kr., 3,2 milljarðar. Hver verða erlend lán á þessu ári? 5,9 milljarðar, hafa hækkað um 72,5% frá þeirri áætlun sem gerð var hér í desember í fyrra, og ég óttast að það sé nákvæmlega jafnlítið að marka lánsfjárlagafrv. og þar með eina meginforsendu fjárlagafrv. nú og í fyrra. Það er a.m.k. alveg ljóst að að því er varðar erlendar lántökur er engin fyrirstaða hjá núv. fjmrh. Hann er eins og sjálfvirk afgreiðsluvél í þeim efnum. Núv. fjmrh. hefur þrátt fyrir yfirlýsingar sínar um breytingar á ríkisfjármálakerfinu í rauninni sýnt ótrúlegt afrek í því að afsanna og hafna öllum yfirlýsingum Sjálfstfl. í ríkisfjármálum frá því fyrir síðustu kosningar.

Að því er varðar erlendar lántökur aukast þær í mesta góðæri síðustu áratuga. Að því er varðar skatta hefur ekkert verið gert til að laga skattakerfið í landinu. Það hefur ekkert verið gert annað en að framlengja hið almenna skattakerfi og talsmenn Sjálfstfl. hér síðustu daga hafa sagt: Þetta er gott skattakerfi. Það er alveg ástæðulaust að vera að breyta því mjög mikið. Sjálfstfl. hefur gagnrýnt það um áratuga skeið ef ríkissjóður er rekinn með halla. Matthías Mathiesen fyrrv. fjmrh. hafnaði í raun og veru þeirri kenningu með því að reka ríkissjóð með sjóðandi halla um árabil. Samt sem áður var látið í veðri vaka að Sjálfstfl. vildi jöfnuð í ríkisútgjöldum og ríkistekjum. Stefnan virtist vera sú, en formaður Sjálfstfl. og nýr fjmrh. hefur farið nákvæmlega eins að ráði sínu og sýnu verr í þessum efnum og er talin innan Sjálfstfl. þessa dagana ástæða til að hafa orð á því hér úti á Austurvelli þegar maður hittir sjálfstæðismenn sem enn þá þora að kannast við stjórnmálaskoðanir sínar að þeir séu farnir að sakna Alberts Guðmundssonar. Það er í rauninni einhver athyglisverðasta heimildin um fjármálaafrek hæstv. ráðh. Þorsteins Pálssonar sem ég hef heyrt úr munni sjálfstæðismanna síðustu dagana.

Við höfum varðandi afgreiðslu lánsfjárlaga sýnt fram á leið til að draga svo úr erlendum lántökum að þar verði ekki um að ræða aukningu heldur standist erlendar lántökur nákvæmlega á við afborganir. Þar er um að ræða tekjuöflun, sparnað og skattlagningu af ýmsu tagi þannig að erlend lán alls kæmust niður í 6300 millj. kr., en það er nokkurn veginn alveg sama talan og nemur afborgunum af erlendum lánum. Ef þessi leið okkar væri farin, að nýta góðærið til að bæta hina efnahagslegu stöðu, nýta góðærið til þess að árið 1987 yrði fyrsta árið um margra ára skeið þar sem ekki væri um að ræða krónuaukningu í erlendum lántökum, ef okkar tillögur væru samþykktar mundi það gerast. Það er hins vegar stefnt að því að þrátt fyrir góðærið verði aukning á erlendum skuldum og jafnframt verulegur halli á ríkissjóði.

Ég efast satt að segja um að nokkur fjmrh. í sögunni hafi lýst jafneindreginni uppgjöf og hruni sinnar eigin efnahagsstjórnar í jafnmiklu góðæri og hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson hefur gert. Ég bið þingheim um að nefna mér dæmi um fjmrh. sem í öðrum eins góðærum hefur skilað öðrum eins halla. Er einhver til í sögunni? Það þýðir ekki að nefna Matthías Mathiesen einu sinni í þeim efnum. Það dugir ekki til. Það þýðir ekki að nefna hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson í þeim efnum. Það dugir ekki til. Að sjálfsögðu dugir ekki að nefna Magnús Jónsson sem fór vel með ríkisfjármál að allra mati á sínum tíma. Það væri fróðlegt ef eitthvað af þm. Sjálfstfl., sem læðast hér með veggjum og skammast sín fyrir þennan ófögnuð, nefndi mér eitt dæmi um fjmrh. í sögu Sjálfstfl. sem skilaði öðru eins fjárlagafrv. í öðru eins góðæri og hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson er að gera.

Ég kann ekki sögu íhaldsins nákvæmlega. En það eru hér fróðir menn í salnum, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl., Guðmundur H. Garðarsson, sem hafa gegnt leiðtogahlutverki í forustustofnunum Sjálfstfl. um áratuga skeið. Þeir kunna sjálfsagt þessa sögu. Það væri fróðlegt að fá eitt dæmi um annan eins kappa í fjmrn. og hæstv. fjmrh. Þorstein Pálsson. (**EKJ:** Hann er sá besti.) Hann er sá versti já. (**EKJ:** Besti.) Ég held að þetta hafi verið mismæli. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er þekktur fyrir að vera kokhraustur, einkum þegar líður á, en ég held að hann hafi slegið sín persónulegu met í kvöld. Hins vegar er annað orð, sem rímar við „bestur“, sem hv. þm. hefur kannske verið efst í huga.

Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt, ef það er þannig að Sjálfstfl. er himinlifandi með þessa stjórn og menn telja þetta bestu fjármálastjórn sem um hafi verið að ræða og þetta eigi að vera svona, að menn komi og vitni um það. Þá er best að menn komi og vitni um að ríkissjóður eigi að vera með 3 milljarða kr. halla í mesta góðæri um áratuga skeið. Þá er best að Sjálfstfl. lýsi því yfir að stefna hans í ríkisfjármálum til þessa hafi verið vitlaus. Þá er best að það komi fram að Sjálfstfl. telji að eðlilegt sé að hér vaði allt á súðum í ríkisútgjöldum og erlendum lántökum á árinu 1987. Nei, þrátt fyrir kokhreysti þess ágæta manns Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem er andlegur faðir sumra í Sjálfstfl., þrátt fyrir að hann sé kokhraustur, dugir það ekki til að sannfæra mig nema hann komi hér upp og þá er ég reiðubúinn að hlýða á rök og taka tilsögn eins og kostur er. Ég efast hins vegar um að það dugi. En ég áskil mér allan rétt til að hlusta og vona að hv. þm. noti tækifærið því nóg er nóttin til að biðja um orðið, taka til máls um þá alvarlegu hluti sem ég hef hér verið að ræða.

Ég ætlaði mér, herra forseti, að víkja nokkuð að lífeyrismálunum í fjárlagafrv. og sölu Borgarspítalans. Ég held að ég víki næst að lífeyrismálunum þó að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé ekki kominn. Hæstv. fjmrh. á auðvitað að kunna þá lexíu og ég beini til hans af því tilefni nokkrum athugasemdum og spurningum. Ég hef nokkur talnagögn undir höndum sem ég óska eftir að ráðherrann setji á sig í sambandi við það sem ég ætla að spyrja um.

Aðalspurning mín er þessi: Hver verður hækkun elli- og örorkulífeyris og hvenær á hún að koma til framkvæmda? Síðan skoða ég tölur í fjárlagafrv. Samkvæmt upplýsingum hv. þm. Pálma Jónssonar, formanns fjvn., var talið að það væri 2% svigrúm til aukahækkunar lífeyris í fjárlagafrv. eins og það var. Mér telst svo til að það geri um 113 millj. kr. Síðan hefur hv. formaður fjvn. lýst því yfir að gert sé ráð fyrir að auki að hækka elli- og örorkulífeyri frá lífeyristryggingum almannatrygginga um 600 millj. kr. og síðan er gert ráð fyrir að báðar þessar tölur séu færðar upp á sömu forsendum og brtt. við fjárlögin, um 9,6%. Þá fæ ég þá útkomu að umfram verðlagsforsendur sé um að ræða í fjárlagafrv. núna til lífeyristrygginganna 782 millj. kr. Ég er að fara yfir þessar tölur, herra forseti, til að kanna hvort þetta er rétt eftir formanni fjvn. haft. Ég heyrði þetta á hlaupum, en ég reyndi að setja þessar tölur á mig. Ef þetta er rétt og ef þetta færi á allar lífeyristryggingar sýnist mér að þetta jafngildi 13,8% hækkun lífeyristrygginganna umfram almennar verðlagsbreytingar.

Nú er hægt að hugsa sér að þessi 782 millj. kr. hækkun komi fram á bótum lífeyristrygginganna með mismunandi hætti. Það má hugsa sér að tekjutryggingin hækki meira, grunnlífeyrir minna og það má hugsa sér að bætur og bótaflokkar hækki nokkuð mismunandi. Ef allt þetta fé væri tekið og það notað til að hækka elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu mundi það þýða um 18% hækkun á þessum liðum öllum, þ.e. á ellilífeyri og tekjutryggingu, örorkulífeyri og tekjutryggingu öryrkja, 18% hækkun þessara þátta lífeyristrygginganna umfram verðlagshækkanir og umfram almennar launahækkanir á næsta ári. Með þessu móti væru ellilífeyrir og tekjutrygging og heimilisuppbót einstaklings komin upp í kringum 20 þús. kr. á mánuði. Nú er í yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins gert ráð fyrir að almennar launahækkanir hafi áhrif á breytingar elli- og örorkulífeyris. Þó að hugmyndir um hækkun hafi ekki verið útfærðar í einstökum atriðum vil ég fá það upplýst við þessa umræðu hvaða aðalhugmyndir ríkisstjórnin er með í þessum efnum. Á að nota þetta svigrúm til að hækka allar lífeyrisbætur? Á að nota það til að hækka hluta lífeyrisbóta? Á að nota það til að hækka lífeyrisbætur almannatrygginga, elli- og örorkulífeyri mismunandi mikið? Og er það rétt, sem ég hér sagði áðan, er það rétt tala sem ég nefndi hér áðan, að hækkun bóta almannatrygginga umfram verðlagsforsendur að mati fjmrh. væri um 782 millj. kr.?

Þessar bætur eru þannig að ellilífeyririnn er 6453 kr. á mánuði, tekjutryggingin er 9454 kr. á mánuði og heimilisuppbótin er 2844 kr. á mánuði. Þessar bætur almannatrygginga hafa hreyfst í takt við breytingar á kauptöxtum og stundum hefur verkalýðshreyfingunni tekist í kjarasamningum að knýja fram aukahækkanir á tekjutryggingunni þegar kjarasamningar hafa verið undirritaðir. Það er þess vegna ljóst að ríkisstjórnin hefur haft verulegt aðhald í þessum málum frá verkalýðshreyfingunni og stjórnarandstöðunni og hefur þess vegna neyðst til að fylgja í meginatriðum breytingum kauptaxta að því er þessa liði varðar. Hins vegar er rétt að íhuga að laun opinberra starfsmanna hafa ekki á þessu ári hækkað aðeins um þá tölu sem hér er miðað við heldur nokkru meira. Það er skoðun Alþb. að við þær aðstæður sem launaskrið er jafnmikið og raun ber vitni um núna eigi að hækka bætur almannatrygginga sem næst því almenna launaskriði sem um er að ræða hjá opinberum starfsmönnum. Við teljum að við þessar aðstæður sé ekki hægt að miða aðeins við breytingar á kauptöxtum. Þegar kauptaxtarnir eru orðnir svona svínslega lágir er í rauninni ekki hægt að miða bætur almannatrygginganna við þá eina. Það verður að taka tillit til hinna miklu yfirborgana sem um er að ræða í þjóðfélaginu um þessar mundir, yfirborgana sem hafa farið vaxandi eftir að vísitölubætur á laun voru bannaðar fyrir fáeinum árum.

Það er merkilegt, herra forseti, að þó að það hafi legið fyrir um nokkurra sólarhringa skeið að það stæði til að hækka bætur almannatrygginga aðeins meira en nemur hinum almennu verðlagsforsendum skuli hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki hafa komið upplýsingunum til þingsins. Formaður fjvn. veit ekkert um hvað til stendur. Hvernig stendur á því að þetta er svo aftur og aftur þegar um er að ræða málefni einstakra ráðherra að menn koma upplýs-

ingum ekki frá sér? Það er þvælst með málin langtímum saman, gefin yfirlýsing eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði í Ed. fyrir nokkrum dögum: veruleg hækkun á bótum almannatrygginga, veruleg hækkun. Því var auðvitað slegið upp hér og þar: Veruleg hækkun á bótum almannatrygginga. En svo er ekkert svar um það hver þessi verulega hækkun er. Formaður tryggingaráðs, sem hér gengur í salinn og ætti að geta svarað þessu, hefur engar upplýsingar látið koma fram um þessi efni. Ég spyr af því að formaður tryggingaráðs er hér í salnum, hv. þm. Ólafur Einarsson: Hvaða hugmyndir eru uppi í sambandi við þessi mál? Hverju á að breyta þarna? Ríkisstjórnin hlýtur að vera búin að átta sig á þessu með skara af embættismönnum í vinnu í þessari stofnun og hinu ráðuneytinu. Eitthvað eru þeir að reikna, þessir menn. Ekki eru þeir allir farnir í jólafrí eða hvað. Vonandi eru þeir að vinna fyrir kaupinu sínu. Og hver er útkoman? Þetta er dæmi sem sæmilega glöggur maður, og þarf ekki að vera hagfræðingur til, getur reiknað á 3–4 tímum, hvað hægt er að gera miðað við það svigrúm sem ríkið telur sig hafa upp á þessi hundruð milljóna kr. sem ég var að reikna áðan. Hæstv. fjmrh. gæti reiknað þetta á hnjánum á sér hér í þinginu og farið yfir hlutina og menn gætu gengið frá þessu með tiltölulega einföldum hætti. En í staðinn er þvælst með þetta út og suður. Það er verið að reikna hér og reikna þar og senda minnismiða þangað og hingað og þvæla um þetta á ríkisstjórnarfundum. Svo koma ráðherrarnir í sjónvarpið og útvarpið og Moggann og segja: Þetta er nú í athugun og skoðun. Það verður veruleg hækkun. Og gamla fólkið bíður eftir því að einhver hækkun verði fyrir jólin, en það kemur ekki neitt.

Hver er niðurstaðan í sambandi við elli- og örorkulífeyrinn? Af hverju er ekki hægt að ganga frá þessu, herra forseti? Hvernig stendur eiginlega á því? Hvernig er með þetta starfsmannalið þarna í ráðuneytunum? Ég man eftir því að það var einn og einn maður sem kunni að reikna þarna í ráðuneytunum þegar ég var þar. Ég er ekki að segja að það hafi verið mjög útbreitt vandamál að menn væru sterkir á svellinu í þeim fræðum, en einn og einn maður var býsna góður í reikningi. Ég get ekki neitað því. Ég man t.d. eftir því að frambjóðandi Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra var ansi góður reikningsmaður. Ég tel að það sé út af fyrir sig fróðlegt að vita hvað menn eru þarna að bauka. Það er sagt að nákvæmnin hafi verið svo mikil einhvers staðar að menn hafi sagt að þyrfti að hækka á bilinu 3–26%. **(Gripið fram í:** Það var frambjóðandi Alþfl.) Það er ljótt. Það hafa menn lært í einhverjum hæpnum bókmenntum að reikna svona ónákvæmt, bókmenntum sem þeim hafa kannske verið handgengnar umfram aðrar áður fyrr.

En hvað sem því líður, í fullri alvöru, herra forseti, vil ég fá einhverjar slíkar tölur upp á borðið. Hvað er tekjutrygging mikil á næsta ári samkvæmt fjárlagaáætluninni? Það stendur hvergi í þessum plöggum. Er hún 2000 millj.? Ég held að hún sé um 2000 millj. Hvað er elli- og örorkulífeyririnn hár á næsta ári samkvæmt þessum plöggum? Það stendur hvergi í öllum þessum haug. Hvergi nokkurs staðar er hægt að sjá hvað tekjutrygging eða hvað grunnlífeyrir er hár. Mér sýnist að það sé eftir mínum athugunum 1930 millj. eða svo. En af hverju eru þessir hlutir ekki settir þannig fram að það sé hægt að átta sig á þeim, m.a. í ræðu formanns fjvn. hér í dag þar sem menn eru að velta fyrir sér tölum upp á þúsundir kr.? Ekkert slíkt, engar upplýsingar brúklegar í þessu efni liggja fyrir.

Ég óska eftir að fá upplýst hvaða hugmyndir eru um breytingar á bótum almannatrygginga. Það þýðir ekki að ljúka þessari umræðu án þess að þær upplýsingar liggi fyrir. Og þegar menn hafa efni á því að kaupa heilan spítala seinni partinn í dag er alveg augljóst að menn hljóta að hafa efni á því að taka aðeins á málum eins og þessu. Ef menn hafa embættismannahjörð til að reikna út hvað það kostar að kaupa einn spítala í viðbót fyrir ríkið á að vera hægt að reikna út eina hækkkun á bótum almannatrygginga. Það á ekki að vera ofverkið þeirra.

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þær tilraunir sem hann hefur gert til að ná í heilbr.- og trmrh. Þær hafa ekki borið árangur enn þá og þá næst líklega ekki í ráðherrann. Þá er að fá um það upplýsingar hver gegnir fyrir heilbrmrh. Það hlýtur einhver að gera það. **(Forseti:** Þess er að vænta, hv. þm., að hæstv. fjmrh. geti verið í forsvari fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. á þessum fundi eftir því sem efni standa til.) Já, ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að ég tek það út af fyrir sig gott og gilt ef menn eru fjarverandi af veikindaástæðum eða einhverju þvíumlíku. Það verður þá að hafa sinn gang. En slæmt er það þegar hæstv. heilbrmrh. skrifar undir bréf í dag. Ráðherrann hefur þó komist til þess, sem betur fer haft heilsu til að komast til einhverra embættisverka og skrifar undir bréf í dag um að kaupa Borgarspítalann. Það þarf nú heilsu til þess í valddreifingarflokknum mikla, Sjálfstfl., sem hefur breyst í ríkiseinokunarflokk par exellence. Einhver vænn frjálshyggjumaður sagði á fundi í Borgarspítalanum að Ragnhildur væri orðin sovétmegin við Svavar. Það er ljótasta samlíking sem er hægt að finna upp í Sjálfstfl. að vera sovétmegin við Svavar. Ræðumaðurinn sagði reyndar líka að ef einhver sjálfstæðismaður hefði verið í salnum áður en ráðherrann hóf ræðu sína væri örugglega enginn eftir nema ef vera skyldi ráðherra sjálfur.

Hér hefur það gerst að skrifað hefur verið bréf og það hljóðar svo:

„Forsrh., fjmrh., heilbr.- og trmrh.“ Það er hausinn. En þetta er ekki skrifað á haus stjórnarráðsins. Ætli það sé Valhöll eða borgarskrifstofurnar sem hafi samið þetta bréf? Það væri fróðlegt að fá það upplýst.

„Herra borgarstjóri, Davíð Oddsson.

Að undanförnu hafa verið til umfjöllunar á vegum ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurborgar að frumkvæði borgarinnar“ — Hafa verið til umræðu... Já, þetta er ekki nógu vel samið. Hér stendur: „hafa verið til umræðu hugsanleg yfirtaka“ — Það hefði átt að standa hefur verið til umræðu. Látum það vera. — „ríkissjóðs á eignarhluta borgarinnar í Borgarspítalanum umfram þau 15% sem lögboðin eru. Í tímaþröng undanfarinna daga hefur ekki verið unnt að ganga frá samkomulagi um þetta mál eða afla nauðsynlegra heimilda Alþingis“ — í tímaþröng undanfarinna daga. „Á hinn bóginn liggur fyrir vilji ríkisstjórnarinnar til þess að verða við þeirri málaleitan að ríkið taki yfir umræddan eignarhluta og hafa drög að samningi legið fyrir, enda leiði það til hagræðingar í rekstri spítalans.

Með bréfi þessu viljum við ítreka að það er fullur vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að reyna til þrautar þegar eftir áramót að ganga frá samningi um þetta mál við Reykjavíkurborg. Náist samkomulag mun nauðsynlegra lagaheimilda til þess að tryggja framgang þess aflað þegar eftir að Alþingi kemur saman á nýju ári.

Virðingarfyllst.
Steingrímur Hermannsson.
Þorsteinn Pálsson.
Ragnhildur Helgadóttir.“

Þríheilagt ráðherrabréf. Tveir ráðherrar Sjálfstfl. skipa sér þarna undir undirskrift formanns Framsfl. í þessu máli og fer einkar vel á því miðað við aðstæður.

Hvað er hér að gerast, herra forseti? Ákvörðun var tekin í ríkisstjórninni um að setja spítala á bein fjárlög. Okkar afstaða var sú að þessu ætti að fresta vegna óánægju í öllu sjúkrahúsakerfinu með þessa ákvörðun. Það ætti að fresta og ræða við menn og reyna að ná samningum en ekki keyra þetta mál fram með offorsi. Þegar ákvörðun er tekin um að setja spítalann á bein fjárlög heimtar Davíð Oddsson borgarstjóri að ríkið kaupi Borgarspítalann. Hæstv. heilbr.- og trmrh. heldur samkvæmt ummælum hennar hér á dögunum að Davíð Oddsson sé Reykjavík og Reykvíkingar. En það er misskilningur eins og kunnugt er. Reykvíkingar höfðu aldrei samþykkt sölu Borgarspítalans. Þvert á móti má segja, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson sýndi fram á hér um daginn, að Reykvíkingar hafi í borgarstjórnarkosningunum 1982 hafnað því að selja Borgarspítalann. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti ekki sölu Borgarspítalans. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur samþykkti ekki sölu Borgarspítalans. Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkur samþykkti ekki sölu Borgarspítalans. Sala þessarar stofnunar í hendur ríkisins var hvergi samþykkt og ekki einu sinni í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík svo nefnd sé alveg sérstök valdastofnun í þessu samfélagi. Starfsmenn spítalans mótmæltu. En hæstv. heilbrmrh. lét borgarstjórann setja sig upp við vegg af því að hún hélt að Davíð Oddsson væri Reykjavík og Reykvíkingar. Hæstv. heilbrmrh. hóf viðræður við borgarstjórann í Reykjavík um þessi mál og einhverra hluta vegna neyddist ráðherrann til að fallast á þetta atriði þó að okkur hafi verið sagt síðustu sólarhringana að menn væru búnir að gefast upp á þessu, þetta reyndi um of á þolrifin í Sjálfstfl., hér væri verið að ganga gegn yfirlýstri stefnu flokksins, ekki aðeins að því er varðar ríkisrekstur og rekstur annarra aðila heldur líka að því er það varðar að Sjálfstfl. hefur litið á Borgarspítalann um árabil sem sitt aðalstolt. Man einhver hér annar en ég eftir bláu bókunum með litmyndunum af Borgarspítalanum, forsíðurnar af Borgarspítalanum þar sem sagt var: Þetta lét Sjálfstfl. byggja, myndir úr salarkynnum Borgarspítalans þar sem sagt var: Þetta lét Sjálfstfl. byggja, myndir af sjúklingum sem fengu þjónustu hjá Borgarspítalanum: Þessa þjónustu fær þetta fólk af því að Sjálfstfl. er svo góður? Sjálfstfl. hreykti sér af Borgarspítalanum í hverjum einustu kosningum frá 1953 þegar framkvæmdir hófust þar. Og þetta sjúkrahús, sem Sjálfstfl. var búinn að gera að tákni fyrir sig, tákni fyrir sjálfstæði Reykjavíkur andspænis ríkinu skulum við segja, er selt. Burt með það!

Þetta er kúvending sem er svo yfirgengileg hjá þessum flokki að það tekur engu tali og sérstaklega þegar þess er gætt að í kosningunum 1982 sagði Framsfl. í kosningaslagorðum: X-B, seljið Borgarspítalann. Það birtust auglýsingar í blöðunum: X-B, seljum Borgarspítalann, sem Davíð Oddsson, þáv. frambjóðandi Sjálfstfl. í Reykjavík, gerði satt að segja undaðslegt grín að í þeirri kosningabaráttu. Ég hygg að Davíð Oddsson, frambjóðandi Sjálfstfl. í Reykjavík, hafi sjaldan komið á vinnustaðafundi í þessu byggðarlagi á þeim tíma án þess að gera grín að Framsfl. í leiðinni fyrir það að hann vildi selja Borgarspítalann og tókst það vel, ágætlega fyndinn í þeim efnum, góðgrínisti. En það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann. Sá sem harðast beitti sér og lét kosningarnar 1982 snúast um að framsókn væri vitlaus í sambandi við þessi mál, hún ætlaði að selja þennan borgarspítala, gengur nú fram fyrir skjöldu að framkvæma stefnu Framsfl. að selja Borgarspítalann. Mér er sagt að það hafi runnið tvær grímur á marga framsóknarmenn þegar þeir sáu að þetta átti að verða að veruleika. Mér er sagt að ýmsir mætir framsóknarmenn telji að hér sé um að ræða afar hæpna gjörð þó það sé ekki nema vegna þess, herra forseti, að þegar búið er að selja Borgarspítalann, þegar Reykjavíkurborg er búin að fá peninga fyrir Borgarspítalanum, þá koma hin sveitarfélögin á eftir og segja: Við viljum líka selja, við viljum selja þetta sjúkrahús á Sauðárkróki, Akranesi, Keflavík eða hvar þau nú eru. Við viljum fá pening líka eins og Reykjavík. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að rekstur sjúkrahúsa á vegum sveitarfélaganna í landinu verði lagður niður og hann verði að öllu leyti bæði í rekstri og eigu ríkisins. Og þetta skref er Sjálfstfl. að stíga. Hvar er þá allt talið um byggðastefnu og valddreifingu? Hvar er þá allt talið um að efla sjálfstæði sveitarfélaganna í

landinu? Það er bersýnilegt að það er eins í þessu og í skattamálunum. Það er ekkert að marka það sem þessir menn segja. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Það er ekki orð að marka þá. Þeir brjóta niður sínar eigin kosningayfirlýsingar aftur og aftur, þetta lið. Ja, þvílíkt!

Svo kemur bréf við 3. umr. fjárlaga, herra forseti. Það er nánast tilviljun að þannig stendur á að þetta bréf berst í hendur þm. núna í kvöldmatarhléinu þegar umræðunni hefði alveg eins getað verið lokið. Meðan 3. umr. fjárlaga stendur yfir er verið að skrifa undir bréf af þessu tagi og þar segir: „Í tímaþröng undanfarna daga hefur ekki verið unnt að ganga frá samkomulagi um þetta mál eða afla nauðsynlegra heimilda Alþingis." Ja, forseti vor nefnir iðulega virðinguna fyrir Alþingi, en hvar er nú sú virðing sem þessi heilaga ráðherrahjörð, þessi heilaga ráðherraþrenning sýnir Alþingi með því að skrifa undir þetta bréf í skjóli skammdegisins án þess að leggja málið fyrir þingið? Hér eru tillögur um að kaupa jörð hér, byggja hús þar, selja hús o.s.frv. en þegar um er að ræða spítala upp á hundruð milljóna er málið ekki lagt fyrir Alþingi. Alþingi er sýnd sú mikla virðing, herra forseti, að það er farið á bak við þingið af þessum ráðherrum með því að ganga frá þessum pappír sömu klukkutímana og verið er að ræða um fjárlög 3. umr. (**GHelg:** Það var farið á bak við ríkisstjórnina.)

Ég sé að hér er staddur í salnum hæstv. félmrh. Ég vænti þess að hann upplýsi í umræðunum á eftir hvort hann vissi um þetta. Vissu formenn þingflokka stjórnarliðsins um þetta? Vissi hv. þm. Páll Pétursson um þetta ef hann má mál mitt heyra? Hvar er hann? Vissi formaður tryggingaráðs, formaður þingflokks Sjálfstfl., um þetta? Eða var ætlunin að fela málið? Var ætlunin að fara á bak við þingið og láta engan vita af þessu? Ég spyr hv. þm. Pál Pétursson og ég spyr hv. þm. Ólaf G. Einarsson: Var þetta bréf samþykkt í þingflokkum Framsfl. og Sjálfstfl.? (**PP:** Nei.) Það er minni hluti þingsins á bak við þennan pappír. Það þýðir að hann er ekki pappírsins virði. Og ég bið hv. þm. Ólaf G. Einarsson að svara sömu spurningu: Var þessi pappír samþykktur í þingflokki Sjálfstfl.? (**ÓE:** Ég á bara eftir að gá.) Hv. þm. kýs að ræða málið nokkuð og ég fagna því. Ég skil vel að hann treysti sér ekki til að segja já eða nei í þessari stöðu.

Auðvitað hefði verið eðlilegt af þessum ráðherrum og fjmrh. sjálfum, sem er að flytja fjárlagafrv., að setja heimildarákvæði í 6. gr. og segja: Fjmrh. er heimilt að ræða um kaup á þessum spítala á árinu 1987. Auðvitað hefði það verið eðlilegt. Hér stendur: „Það er heimilt að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju. Það er heimilt að falla frá innheimtu á skuldabréfi útgefnu af sportbátafélaginu Snarfara" og ég veit ekki hvað og hvað, semja við Skallagrím og semja við þennan og semja við hinn, lögreglustöð og allt hvað eina. En þetta er ekki nefnt hérna. Auðvitað hefði verið eðlilegt og þinglegt að taka þetta mál inn sömu klukkutímana og við erum að ræða um þessi mál. Er verið að flýta fyrir störfum Alþingis kannske með þessum vinnubrögðum hæstv. fjmrh.? Vildi hann endilega fá málið svona upp? Vildu menn kannske koma í veg fyrir að hér færi fram umræða um málið? Ætli það ekki. Ætli stjórnarliðið hafi ekki óttast að umræða færi fram hér um málið. Ætli Sjálfstfl. kjósi ekki helst að myrkur skammdegisins liggi yfir þessu máli. Ja, þvílíkt!

Svo segir í þessu einstaka bréfi hvort sem það er samið á borgarskrifstofunum eða í Valhöll: „Á hinn bóginn liggur fyrir vilji ríkisstjórnarinnar til þess að verða við þeirri málaleitan að ríkið taki yfir umræddan eignarhluta og hafa drög að samningi legið fyrir." Og þá kemur næsta spurning, herra forseti: Hafa drög að samningi verið lögð fyrir þingflokk Framsfl.? Hafa drög að samningi verið lögð fyrir þingflokk Sjálfstfl.? Ég krefst þess, herra forseti, að fjmrh. sýni þinginu þennan samning við þessa umræðu, þessi samningsdrög. Það er ólíðandi að fjmrh. komi fram við þingið með þeirri lítilsvirðingu sem kemur fram í þessum pappír. Það er lágmark að hann sýni þinginu þann sóma að verða við þeirri kröfu að drög að samningnum verði sýnd hér þannig að hann liggi fyrir því hann er búinn að skuldbinda ríkið í þessu efni um fjármuni. Það er ljóst.

Síðan stendur enn í þessu bréfi: „Með bréfi þessu viljum við ítreka að það er fullur vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að reyna til þrautar þegar eftir áramót að ganga frá samningi um þetta mál við Reykjavíkurborg. Náist samkomulag mun nauðsynlegra lagaheimilda til þess að tryggja framgang þess aflað þegar eftir að Alþingi kemur saman á nýju ári."

Já, það er gott að þessi ríkisstjórn ætlar að reyna eitthvað til þrautar. En það er þá það sem á að reyna til þrautar að ganga frá þessu. En ráðherrarnir þrír, tríóið, jólatríó ríkisstjórnarinnar, hefur haft 10–15 daga til að vinna í þessu máli. Af hverju gat jólatríóið ekki komið með þetta mál með eðlilegum hætti inn á dagskrá þingsins? Af hverju var það ekki gert?

Ég tel, herra forseti, að hér hafi þinginu verið sýnd lítilsvirðing. En það er hægt að bæta úr. Í þeim efnum eru tvær leiðir: Önnur er sú að þessi hópur, þrenningin, komi með tillögu hér og láti reyna á hvort hún verður samþykkt eða að tríóið komi með tillöguna og hún verði felld sem er miklu líklegra. Fyrir stjórnarandstöðuna og þá sem eru gagnrýnir á þetta mál er leikur einn að láta reyna á málið. Það er hægt að flytja tillögu um að fjmrh. hafi ekki heimild á árinu 1987 til að kaupa Borgarspítalann. Það er líka hægt að flytja tillögu um að hann hafi heimild og láta fella hana. Ef hann hefur ekki döngun í sér sjálfur til að flytja hér sínar eigin tillögur getur vel verið að einhverjir gerðu það fyrir hann til þess að það kæmi í ljós hvort embættisverk þessa ráðherra nú í skammdeginu eigi þingmeirihluta sem ber að draga í efa eftir yfirlýsingar formanns þingflokks Framsfl. áðan. Flest bendir reyndar til þess að ef

hæstv. ráðh. flytti málið hér yrði samþykkt á hann vantraust í því formi að þessum embættisgjörningi hans yrði hafnað. Þannig liggur það fyrir. Það er *kannske nauðsynlegt fyrir Sjálfstfl. að athuga sinn* gang áður en lengra er haldið, sitjandi uppi með slíkan formann sem reynir þannig á þolrifin í þingræðinu að hann af ósvífni gengur jafnlangt og hér hefur verið lýst. **(Menntmrh.:** Hafðu nú ekki áhyggjur *af annarra flokka formönnum.)* Ég held að hæstv. menntmrh. hefði átt að vera hér í dag til að hlýða á umræður um menntamál og þykir mér vænt um að hæstv. ráðh. skuli hafa komið í salinn svo að það sé hægt að taka á þeim málum síðar, en nóg er nóttin.

Ég hygg að það sé ljóst að Reykvíkingar eru á móti sölu á Borgarspítalanum. Ég er sannfærður um það. Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík mundi t.d. leggjast gegn sölu á Borgarspítalanum ef fram færi um það allsherjaratkvæðagreiðsla í bænum. Hvað halda hv. þm. að margir Reykvíkingar styddu sölu á Borgarspítalanum? Ætli það séu 52% eins og íhaldið hefur stundum haft hér? Nei. Ætli það séu ekki svona 5%. Ég skora á forustumenn Sjálfstfl. í Reykjavík, eins og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, að beita sér fyrir því að það fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla í Reykjavík um málið, leggja það hlutlaust fyrir og fá Reykvíkinga til að segja skoðun sína á þessu. Ætli kæmi ekki í ljós að Davíð Oddsson hefði svona 5% Reykvíkinga á bak við sig í besta falli.

Nei, herra forseti. Hér er um að ræða svo alvarlegt mál að það er óhjákvæmilegt að það verði tekið hér til ítarlegrar umræðu við afgreiðslu fjárlaga. Það er engin ástæða til að líða ráðherrunum að ganga frá þessu máli með þeim hætti sem þeir hafa gert. Það er meiningin að ljúka þingstörfum á morgun, hefur verið meiningin að gera það, og það eiga að vera allar aðstæður til þess ef svör manna verða skýr eins og tilefni er til við þær aðstæður sem nú eru uppi. Við munum ganga eftir svörum í þessu máli, skýrum og heiðarlegum svörum, og við munum leggja á það áherslu að Alþingi afgreiði þetta *mál með eðlilegum hætti.* Og við höfnum þeim myrkraverkum sem jólatríó ríkisstjórnarinnar hefur verið að vinna síðustu daga.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér sýnist að þessi afgreiðsla og umræða um fjárlögin sé að þróast með býsna sérkennilegum hætti. Af hálfu Alþfl. hefur verið gerð grein fyrir ýmsum brtt. og því hvert við teljum að nú stefni með rekstur ríkissjóðs og með ríkisfjármálin. Það stefnir í geigvænlegan halla á fjárlögunum. Það stefnir í að hér verði afgreidd meiri þenslufjárlög en nokkurn óraði fyrir. Það stefnir í að stefnt sé í hættu þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið. Það stefnir í að stefnt sé í hættu því jafnvægi sem menn hafa sagst vilja ná. Svo mætti lengi telja.

Það virðist augljóst að ríkisstjórnin er búin að missa tökin og það er margt sem staðfestir það, ekki aðeins bendir til þess heldur staðfestir það. Ég sé t.d. ekki betur en það hafi gerst núna á síðustu klukkustund eða svo að fram er komin brtt. við fjárlögin frá þremur þm. Sjálfstfl. Þetta er mjög óvenjulegt, leyfi ég mér að segja, á síðasta stigi, að fáeinir þm. annars stjórnarflokksins flytji brtt. við frv. síns ráðherra og frv. síns fjárveitinganefndarformanns. Þeir hljóta að hafa ríkar ástæður fyrir því að flytja þessa till. Ég hvet hv. þm. þess vegna til þess að kynna sér hvað hér er á seyði. Ég mun a.m.k. gera það. Það er greinilegt að það er verulegt ósamkomulag í stjórnarliðinu um fjárlagaafgreiðsluna á þessum lokastundum hennar og raunar mætti segja að allt væri upp í loft.

Auðvitað gæti maður haldið lengi áfram og gert margar athugasemdir við þetta fjárlagafrv. Ég ætla aðeins að lýsa að nýju óánægju minni með hvernig fjvn. fjallaði um fjárveitingar til grunnskóla og skólabygginga, eftir að ráðherrar menntamála og fjármála höfðu gert samning við Akranesbæ á s.l. vori um fjárveitingar þar til skólamála sem heitið var að skyldi ekki koma niður á öðrum fjárveitingum til kjördæmisins en gerir það samt óneitanlega og mjög rækilega. Ég lýsi eindreginni óánægju með hvernig að þessu máli var staðið. Þegar þm. Vesturlands fengu þessi mál í sínar hendur svo sem venja er nokkrum klukkustundum áður en gengið er frá prentun þessara tillagna var ljóst að það varð engu breytt, engu haggað og ekki við neitt ráðið.

Menn hafa í þessum umræðum gert grein fyrir ýmsum tillögum, einstökum tillögum til breytinga á fjárlögunum. Menn hafa fjallað um ýmis gæluverkefni sem svo mætti stundum kalla, misjafnlega mikilvæg og merkileg. Hér sé ég að í tillögum fjvn. hefur gengið aftur draugur sem var á ferli í fyrra og kallaður var „kvennarannsóknir" og er nú kominn *með velþóknunarstimpil* fjvn. Ég hygg að fæstum þm. sé ljóst hvað þarna er um að ræða vegna þess að sá pólitíski misskilningur sem kallar sig Kvennalista hefur fengið þessu máli framgengt í fjvn. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar, án þess að kannske sé farið út í samanburð við einstök önnur verkefni, að þessum peningum mætti verja með miklu skynsamlegri hætti til ýmissa annarra menningarmála sem þá kæmu báðum kynjum, konum og körlum, að gagni en ekki taka upp till. sem felur í sér kynjamisrétti. Þykir mér miður að fjvn. skuli hafa látið ginnast til að gera þetta mál að sínu.

Hér eru líka ýmsar tillögur á ferli þar sem mætti kannske segja að sumir þm. hefðu einhverra persónulegra hagsmuna að gæta. Slíkt finnst mér yfirleitt ákaflega óviðfelldið og óviðeigandi. En það verður hver einstakur þm. að gera þau mál upp við sína samvisku, sé hún fyrir hendi. (Gripið fram í.) Ég hygg, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, að þeir skilji sem eiga að skilja.

Hér hefur verið rætt um sölu Borgarspítalans og hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., gerði það mál mjög ítarlega að umtalsefni. Hann gerði að *umtalsefni þetta mál sem svo mjög hefur borið á*

góma í fréttum og fjölmiðlum að undanförnu og sagði þá m.a. að engu væri líkara en borgarstjórinn í Reykjavík héldi að hann væri Reykvíkingar og hann væri Reykjavík. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. vegna þess að í viðtali í sjónvarpinu þegar borgarstjórinn í Reykjavík var spurður um þetta mál gerði hann grein fyrir nefndarskipan til að fjalla um þetta og þegar hann var að skýra frá því hvernig nefndin væri skipuð sagði borgarstjórinn í Reykjavík: Ja, það eru þessir frá ríkinu og svo er einn frá mér. Það var ekki einn frá Reykjavíkurborg. Það er einn frá mér, sagði Davíð Oddsson borgarstjóri.

Mig langar að minnast á það bréf sem hér hefur verið birt og sagt hefur verið frá í fréttum og gert var að umtalsefni áðan. Þar kemur fram að drög að samningi hafi legið fyrir og það sé fullur vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að reyna til þrautar að ganga frá samningi um þetta mál, þ.e. kaupin á Borgarspítalanum, við Reykjavíkurborg á næsta ári, eftir áramót. Náist samkomulag, mun nauðsynlegra lagaheimilda til þess að tryggja framgang þess aflað þegar eftir að Alþingi kemur saman á nýju ári, segir með leyfi forseta í þessu bréfi. Ég held að þetta sé ekki nóg. Ég held að í fjárlagafrv. sem nú er verið að fjalla um þurfi tvímælalaust að vera heimild fyrir ríkisstjórnina ef hún ætlar sér að gera þetta. Ég er þessari sölu andvígur og ég held að ef ríkisstjórnin ætlar að standa við þá yfirlýsingu sem gefin er í þessu bréfi verði hún að leita sér heimildar Alþingis. Ég held að það sé alveg ótvírætt og sé raunar ekkert því til fyrirstöðu að fjvn. eða fjmrh. óski eftir að þetta ákvæði verði tekið inn á 6. gr. fjárlaga, heimildagreinina, áður en þetta mál gengur til endanlegrar afgreiðslu. Ég held að allt annað sé óþinglegt og óeðlilegt. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist ekki afla sér þessarar heimildar frá Alþingi áður en fjárlög verða samþykkt. Ég held að það sé óhjákvæmilegt. Þá kemur þingviljinn að sjálfsögðu fram í þessu máli.

Herra forseti. Ég flutti brtt., svo að ég snúi að öðru máli, við 2. umr. fjárlagafrv. sem ég dró til baka til 3. umr. og hefur verið endurprentuð á þskj. 475 varðandi í fyrsta lagi tekjur Póst- og símamálastofnunar vegna þjónustu við ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunina, og vegna þeirrar skattlagningar sem ætlað var að leggja á Póst og síma, 200 millj., en nú sé ég mér til mikillar ánægju að hvort tveggja hefur verið tekið upp í tillögur fjvn. þannig að fallið hefur verið frá þessari skattheimtu og Pósti og síma skilað réttum tekjum vegna þessarar þjónustu. Því, herra forseti, dreg ég til baka brtt. á þskj. 475.

En það er annað í þessu fjárlagafrv. Það er gjarnan svo að við þessa umræðu gera menn einstök atriði að sérstöku umtalsefni. Í brtt. meiri hl. fjvn. við 6. gr., þ.e. liður 5.27, hefur verið sett inn till. um að selja jarðirnar Rauðamýri í Nauteyrarhreppi og Streiti í Breiðdalshreppi. Hér er farið inn á nýjar brautir og ég bendi hæstv. fjmrh. á það að ég held að þetta séu varhugaverðar brautir og ég held að þetta sé óæskileg leið. Þetta er breyting frá þeirri venju, sem ríkt hefur hér á Alþingi um langt skeið, að þegar ríkisjarðir hafa verið seldar hafa verið flutt um það sérstök frv. Þannig var með sölu jarðarinnar Streitis í fyrra. En þannig var líka, hæstv. fjmrh., að það frv. náði ekki fram að ganga. Það varð ekki útrætt á Alþingi. Þm. til skýringar og upprifjunar er ætlunin að selja þessa jörð manni sem er búsettur á Reykjavíkursvæðinu sem þykist ætla að stunda þar einhvers konar garðrækt og telur sig hafa einhver tengsl við þessa jörð. Ég gæti með sama hætti sagt að ég hefði tengsl við þessa jörð vegna þess að sumarlangt dvaldist ég sem snúningapiltur á næsta bæ. Ég hygg að það séu viðlíka sterk tengsl og þessi heiðursmaður í Garðabænum hefur, sem ætlar að kaupa þessa jörð til garðræktar og hygg ég að ýmsar jarðir séu betur til þess fallnar en Streiti á Austfjörðum — og hlær nú hæstv. menntmrh. sem þekkir þarna til staðhátta.

Frv. um sölu þessarar jarðar í fyrra varð ekki útrætt á Alþingi. Um það voru miklar deilur sem eðlilegt var, og ég hygg, hæstv. fjmrh., að ef á að halda þessari Streitissölu til streitu nú muni þm. þurfa að tala töluvert mikið um þetta mál sem ekki varð útrætt á sínum tíma. Ég get alveg lofað hæstv. fjmrh. því að menn munu þurfa að segja eitt og annað um þessa jarðarsölu þegar þar að kemur. Í fyrsta lagi vegna þess að mjög margir þm. eru andvígir sölu þessarar jarðar á þeim forsendum sem lagt var fyrir þingið í fyrra. Í öðru lagi vegna þess að það er óæskilegt og óþingleg leið að lauma þessu inn í 6. gr. á síðustu stundu, kannske, ég fullyrði ekkert um það, í trausti þess að í asanum og látunum hér fari þetta hreinlega fram hjá mönnum eins og ýmislegt óneitanlega gerir þegar hér er verið að afgreiða mál á síðustu stundu.

Ég á ýmislegt ósagt í sambandi við þessa jarðarsölu og ég mun láta verða af því að segja þau orð þó seint verði í kvöld eða nótt. Mér er ekkert að vanbúnaði með það, ég veit raunar að svo er um fleiri þm. Mér finnast þetta óheiðarleg vinnubrögð, mér finnast óæskileg vinnubrögð að afleggja þann sið að flytja sérstök frv. um sölu einstakra jarða úr eigu ríkisins. Hér er um prinsipmál að ræða sem ég tel skipta ákaflega miklu. Hér eru að vísu heimildir um að selja alls konar fasteignir, hús. Svo hefur lengi verið. Það er ekkert við það að athuga. Þetta er annars eðlis. Ég skora á hæstv. fjmrh. að íhuga hvort ekki er hægt að draga þetta til baka og flytja síðan sérstök frumvörp um sölu þessara jarða eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Mér finnst þetta satt best að segja jaðra við ósvífni gagnvart þinginu, en geri mér jafnframt grein fyrir því að þessi till. er örugglega ekki runnin undan rifjum hæstv. fjmrh. Hún er einhvers staðar allt annars staðar að komin.

Þá var önnur tillaga hér, herra forseti, sem mig langar til að gera að sérstöku umtalsefni. Hún er á þskj. 404 og hefur forseti Sþ. þegar mælt fyrir henni í þessum umræðum. Það er till. um fjárframlag vegna hönnunarkostnaðar nýbyggingar Alþingis. Þessi tillaga er auðvitað flutt í beinu og eðlilegu framhaldi af

þeirri þáltill. framhaldi sem Alþingi samþykkti 21. maí 1981 um að láta fara fram samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbyggingar fyrir starfsemi þingsins á svæðinu fyrir vestan þinghúsið. Það væri óeðlilegt ef ekki væri framfylgt þessum vilja þingsins. Það er búið að efna til þessarar samkeppni, það er búið að veita verðlaun vegna þessarar samkeppni og því er það eðlilegt framhald vilja Alþingis að þarna verði hannað skrifstofuhús. Hvers vegna? Vegna þess að vinnuaðstaðan í þessu húsi og húsum þingsins er óviðunandi. Hún er óviðunandi fyrir starfsfólk þingsins, hún er að ýmsu leyti óviðunandi fyrir þingmenn og hún er að öðru leyti óviðunandi fyrir almenning sem á erindi að sækja í þinghúsið eins og sjálfsagt er og eðlilegt. Þarna eru komnar þrjár ástæður. Ég skal fara nokkrum orðum nánar um þetta, raunar m.a. vegna þess að ég var að ræða í hliðarherbergi um þessi mál við ýmsa hv. þm. og mér kom afstaða þeirra mikið á óvart.

Í fyrsta lagi eigum við að huga að þeirri aðstöðu sem skjalavörður Alþingis býr við hér í næsta herbergi þar sem þingskjalabunkarnir þurfa að liggja á gólfinu. Ég orðaði þetta við einn hv. þm. og hann sagði: Er þetta ekki bara fínt? En þetta er ekkert fínt. Eigum við að líta á aðstöðuna sem er í eldhúsinu þar sem er það starfslið sem sinnir matar- og kaffiþörfum þings, gesta og gangandi? Sú aðstaða er óviðunandi. Eigum við að líta á aðstöðuna sem er uppi á loftinu fyrir ljósritun þingsins, þessa eins konar prentsmiðju þingsins sem mikið mæðir á? Eigum við að líta á aðstöðuna uppi á hanabjálkanum þar sem starfsmönnum hefur einnig verið holað niður? — Ég skal segja ykkur það, hv. þm., að ef Vinnueftirlitið skoðaði þessa aðstöðu, sem búin er starfsfólki hér, er ég ansi hræddur um að einhverju yrði kannske lokað. Þetta er gersamlega óviðunandi.

Ég nefni sem dæmi skrifstofuhúsnæði úti í Skjaldbreið þar sem góður vatnshalli er víða á gólfum og vel það. Mér hefur verið bent á, að það hús kunni að mega flokkast sem eldgildra. Ég fullyrði ekkert um það. Ég hef ekki skoðað það með tilliti til þess og skortir kannske þá sérþekkingu sem til þarf.

Það voru stórhuga menn sem reistu þetta hús fyrir rúmum 100 árum. Sú bygging sem nú er verið að tala um fyrir starfsemi Alþingis, þannig að hún geti farið fram með eðlilegum hætti og með sóma og virðingu, er smáræði miðað við það átak sem bygging þessa húss og þeirra stórhuga manna sem stóðu að því var.

Það getur vel verið um þá leið sem Kvennalistinn hefur valið sér í þessu máli, að sumum þyki hún líkleg til vinsælda hjá almenningi, þ.e. að vilja virðingu þingsins sem minnsta, starfsaðstöðu þingsins og starfsfólksins sem lakasta og lélegasta. Það getur vel verið að menn haldi að þeir geti aflað sér einhverrar virðingar hjá almenningi, vinsælda eða atkvæða út á svona afstöðu. Þeir um það. Ég hef miklar efasemdir um það vegna þess að ég held að íslenskur almenningur vilji að þessari stofnun sé sýndur fullur sómi og að henni vel búið.

Jóhannes Borgarbóndi reisti fimm hæða hótel á einu ári hér við hliðina. Við erum að tala um að byggja hús sem er kannske eitthvað örlítið stærra í tveimur áföngum. Við eigum að byggja þetta hús í einum áfanga og við eigum að byggja það á skömmum tíma og við eigum að gera þinginu kleift að veita almenningi, kjósendum, borgurum þessa lands góða þjónustu. Við eigum að búa vel að starfsfólki þingsins og það á að búa vel að starfsaðstöðu þingmanna. Það getur vel verið að hv. þm. Kvennalistans og einhverjum öðrum þyki það næsta ómerkilegt að þm. skuli tala svona, en ég er þeirrar skoðunar að þm. eigi að hafa góða starfsaðstöðu og geta rækt sín verk vel. Það er „billegt" að reyna að slá sér upp á því að leggjast gegn tillögu sem í rauninni snýst um virðingu og starfsaðstöðu löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það er bæði billegt og ómerkilegt, leyfi ég mér að segja. Ég held að það sé ekki leiðin til að afla sér vinsælda hjá kjósendum, en það verður hver að hafa sína aðferð í því efni.

Eitt smáatriði hefur verið gert að sérstöku umtalsefni og menn hneykslast á því, sjálfsagt þær Kvennalistakonur líka og eru þær ekki minnst hneykslunargjarnastar þingmanna, að það skuli vera gert ráð fyrir aðstöðu til heilsuræktar í þessu nýja húsi. Ég bendi á að velflest stór fyrirtæki, sem byggja yfir starfsemi sína núna, gera ráð fyrir slíkri aðstöðu fyrir starfsfólkið, og að það geti jafnvel farið í bað. Það þykir kannske til mikils mælst. Ég man að ég orðaði það einhvern tíma fyrir fáeinum árum að það væri ekki verra ef slík aðstaða væri fyrir hendi hér að menn gætu farið í steypibað þegar menn eru hér nánast allan sólarhringinn kannske. Það þótti svo fráleitt að ég var spurður: Heyrðu, getur þú ekki farið í bað heima hjá þér? Þetta lýsir grundvallarmisskilningi á nútímalegum viðhorfum til vinnu, til starfsaðstöðu og til aðstöðu fyrir þingið. Þeir hugsuðu stórt sem byggðu þetta hús, voru stórhuga menn. En mér finnst það vera hugarfar lítilla sanda og sæva þegar menn leggjast gegn því að Alþingi sé búin viðunandi starfsaðstaða og halda sig vera að slá sig til riddara í augum kjósenda.

Herra forseti. Ég hef orðið nokkru langorðari um þetta en kannske var ætlunin. Ég mun ekki að þessu sinni flytja öllu lengra mál. En ef það er svo að þm. heykjast á því að veita fé til hönnunar nýrrar skrifstofubyggingar fyrir Alþingi, fyrir starfsfólk þess og fyrir þingið og sem þjónustu við kjósendur og borgara þessa lands þannig að bærilega sé að þessari stofnun búið er það pólitískur heigulsháttur og ekkert annað.

Ég ætla ekki að þessu sinni að hafa fleiri orð, ég veit að það eru margir á mælendaskrá, en ég áskil mér allan rétt til að koma aftur í ræðustól og gera þá að sérstöku umtalsefni þá jarðarsölu sem ég vék að áðan og varð ekki útrædd á þingi í fyrra og hlýtur þess vegna að þurfa að takast til umræðu að nýju, sérstaklega í ljósi þess hvaða vinnubrögðum er nú beitt við að koma málinu áfram.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum sem beint hefur verið til mín í þessari umræðu, fyrst vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. í tilefni af því bréfi sem forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmrh. skrifuðu í dag vegna þeirra samningaumleitana sem fram hafa farið um skamma hríð milli hlutaðeigandi ráðuneyta og Reykjavíkurborgar um hugsanlega yfirtöku ríkissjóðs á Borgarspítalanum, þ.e. á þeim hluta sem er umfram þau 15% sem sveitarfélög greiða í slíkum stofnunum miðað við núverandi lagaákvæði. Bréf þetta felur í sér viljayfirlýsingu til þess að reyna til þrautar að ná samningum um þetta efni. Það hafa engir samningar verið gerðir. Í viðræðum hafa verið gerð drög að samningum, en frá þeim hefur ekki verið gengið vegna þess að samningum er einfaldlega ekki lokið og það er það sem kemur fram í þessu bréfi. Á hinn bóginn er það vilji að reyna til þrautar að ljúka þeim samningum.

Það er víðs fjarri að það sé ætlunin að fara á bak við Alþingi í þessu efni nema síður sé því það er mjög skýrt tekið fram í þessu bréfi að náist samningar verði leitað heimildar Alþingis til að ganga frá þeim samningum. Það er fullkomlega eðlilegt að leggja málið á þann veg fyrir Alþingi. Enginn samningur af þessu tagi tekur gildi fyrr en Alþingi hefur veitt þá heimild. **(GHelg:** En af hverju er ekki heimildarinnar leitað fyrst?) Málið liggur þannig mjög skýrt og glöggt fyrir að það er ekki verið að fara fram hjá Alþingi. Málið verður lagt fyrir þingið ef hlutaðeigandi ráðuneyti og Reykjavíkurborg ná samkomulagi og slíkur samningur mundi ekki taka gildi fyrr en Alþingi hefði samþykkt hann. Þetta kemur skýrt fram í þessu efni. Bréfið skuldbindur ekki ríkissjóð á einn eða annan hátt en er viljayfirlýsing um að freista þess að ljúka samningum um þetta efni ef efnisaðstæður svo leyfa. Þetta vildi ég að kæmi fram. Það er líka rétt að árétta að í þeim umræðum sem þegar hafa farið fram um þetta efni hefur komið skýrt fram að það er ekki ætlunin að neinar greiðslur komi á árinu 1987 og þess vegna ekki þörf á að blanda þessum viðræðum inn í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987.

Hv. 3. þm. Reykv. varpaði einnig fram spurningum varðandi elli- og örorkulífeyri og þær hækkanir sem á honum verða og hann innti eftir því hvort rétt væri að í fjárlagafrv. hefði verið gert ráð fyrir að ellilífeyrir hækkaði um 2% umfram almennar verðlagsbreytingar. Það er rétt og það er jafnframt rétt að það er ætlunin að elli- og örorkulífeyrir taki almennum verðlagsbreytingum á næsta ári og þar að auki er ráð fyrir því gert í þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram að örorkulífeyrir hækki um 600 millj. kr. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um með hvaða hætti þessi sérstaka hækkun kemur til framkvæmda. Það er ljóst að þeir kjarasamningar sem nýlega voru gerðir eru mjög sérstakir, einkanlega að því leyti að það var fyrst og fremst verið að semja um kjarabætur til þeirra sem lægst hafa launin í þjóðfélaginu og ekki hafa notið launaskriðs á undanförnum misserum. Að því leyti hlýtur það að kalla á sérstaka skoðun nú hvernig hækkun á elli- og örorkulífeyri kemur til framkvæmda í framhaldi af þessum samningi. Það verður tæpast gert með jafneinfaldri aðferð og venja er þegar kjarasamningar hafa verið gerðir á annan hátt en nú fyrir fáum vikum. Ég vænti þess að það taki ekki ýkja langan tíma að glöggva sig á hvernig framkvæmdin verður á þessu, en þær ákvarðanir liggja ekki fyrir eins og sakir standa. En ég geri auðvitað ráð fyrir því að sú sérstaka hækkun sem hér um ræðir komi elli- og örorkulífeyrisþegum til góða frá og með sama tíma og þeir launþegar sem sérstaklega nutu niðurstöðu síðustu kjarasamninga fengu sína réttarbót.

Hv. 2. landsk. þm. vék einnig að Framkvæmdasjóði fatlaðra í nokkrum atriðum og varpaði fram fsp. sem bornar höfðu verið fram með heföbundnum hætti en eins og hv. þm. tók fram hafði ekki gefist tóm til að svara. Fsp. var í þremur liðum og laut að því í fyrsta lagi hve mikil skerðing hefði orðið að raungildi á lögboðnum framlögum til í fyrsta lagi Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983 og í öðru lagi Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1986. Því er til að svara að framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra var skv. fjárlögum 10,6 millj. 1980, 20,1 millj. 1981, 28,1 millj. 1982 og 40 millj. 1983. Skerðing á verðlagi 1. nóv. 1986 var 41,8 millj. 1980, 19,5 millj. 1981, 31,1 millj. 1982 og 47,5 millj. 1985.

Að því er varðar spurninguna um skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra hafa verið uppi mismunandi sjónarmið um túlkun í því efni, en í lögunum segir svo:

„Ríkissjóður skal árlega næstu fimm ár leggja sjóðnum til a.m.k. jafnvirði 55 millj. kr. miðað við 1. jan. 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins."

Ágreiningur stendur sem sagt um hvort miða eigi vísitöluuppfærsluna við 1. jan. 1983 eða gildistöku laganna 1. jan. 1984. Sé við það miðað að vísitöluálagið komi frá 1. jan. 1983 er heildarskerðingin samkvæmt þeim upplýsingum sem hér liggja fyrir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun 274 millj. kr., en sé miðað við gildistöku laganna 1. jan. 1984 er skerðingin 72 millj. kr.

Þá er spurt að því hverjar hafi verið tekjur af erfðafjárskatti frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986 að raungildi. Á verðlagi 1. nóv. 1986 eru þessar tölur sem hér segir: Árið 1980 53,3 millj., árið 1981 82 millj., árið 1982 101,2 millj., árið 1983 77,8 millj., árið 1984 79,2 millj., árið 1985 87,1 millj. og árið 1986 er áætlað að talan sé 71 millj.

Í þriðja lagi var spurt að því hver hafi verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986. Þar er um að ræða Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra og Erfðafjársjóð á árunum 1980–1983 og Framkvæmdasjóð fatlaðra frá 1984. Miðað við verðlag 1. nóv. 1986 eru

þessar tölur sem hér segir: 1980 92,3 millj., 1981 145,6 millj., 1982 135,6 millj., 1983 117,9 millj., 1984 103,3 millj., 1985 91,7 millj. og 1986 93 millj. eða samtals 779,4 millj. Því er svo við að bæta að til viðbótar kemur svo sú fjárhæð sem nú er áætlað að verja á árinu 1987 eða um 130 millj. sem er áþekk upphæð að raungildi og 1982.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Hér hafa farið fram langar umræður um fjármál ríkisins og margt verið sagt um þau. Hið háa Alþingi hefur setið og skipt tekjum ríkisins til þarflegra mála og fram hefur komið að niðurstaða fjárlaga er áætlaður halli ríkissjóðs um 2800 millj.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem aðrir hafa hér sagt, ég er lítt gefin fyrir það, en vek athygli á því að samkvæmt fréttum fjölmiðla í kvöld eru ekki miklar líkur á að hagur landsmanna batni.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, með tilliti til þess að hér er um síðasta þingfund að ræða, að lesa frétt sem birtist í báðum sjónvarpsstöðvum í kvöld og ég les fréttina eins og hún birtist í ríkissjónvarpinu:

„Hæstiréttur hefur sýknað Björn Pálsson lögfræðing af ákæru um að okra á Hermanni Björgvinssyni seinni hluta árs 1984 þar sem Seðlabankinn auglýsti ekki leyfilega hámarksvexti. Hins vegar var hann sakfelldur fyrir að okra á einu láni til Hermanns á árinu 1984. Þetta mál hefur víðtæk áhrif á framgang okurmálsins eins og Hallur Hallsson segir okkur frá“ — og síðan tekur Hallur Hallsson við:

„Með dómi Hæstaréttar hefur okurmálið tekið nýja stefnu og ljóst virðist að málið er að mestum hluta fallið um sjálft sig og væntanlega verða felldar niður ákærur á hendur þeim 123 konum og körlum sem sakaðir eru um að okra á Hermanni á árinu 1985 þegar lánastarfsemi hans var með hvað blómlegustum hætti. Og hið sama virðist liggja á borðinu um málið á hendur Hermanni Björgvinssyni. Lánastarfsemi hans á árinu 1985 og frá ágúst 1984 til áramóta teljist ekki varða við lög þar sem Seðlabankinn uppfyllti ekki þá lagaskyldu sína að auglýsa hæstu leyfilega vexti.“ — Ég vek athygli hv. þm. á að ég er að lesa hæstaréttardóm.

„En snúum okkur að máli Björns Pálssonar. Hann er sakfelldur í Hæstarétti og dæmdur til greiðslu 60 þús. kr. sektar fyrir eitt lán, fyrir að hafa lánað Hermanni 300 þús. kr. í júlí 1984 og tekið sér 80% ársvexti eða 14 750 kr. En Björn lánaði Hermanni mest á árinu 1985, alls 24 lán. Fyrir það var hann dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 1400 þús. kr. sekt, en hluti hennar var skilorðsbundinn og því reiknað með að raunveruleg sekt yrði 400 þús. kr. Þessi dómur er úr gildi felldur. Í þess stað er Björn dæmdur í 60 þús. kr. sekt fyrir aðeins eitt lán. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu sakadómara að sýkna Björn af ákærum um okur á tímabilinu ágúst 1984 til desember sama ár. Raunar kom til álita hjá sakadómara að sýkna Björn af að okra á árinu 1985, en taldi þó að þrátt fyrir annmarka á auglýsingum Seðlabankans bæri að sakfella Björn fyrir okur á árinu 1985.

Allt um það, þá er víst að mesta púðrið er úr málinu, ef svo má að orði komast, því Seðlabankinn uppfyllti ekki lagaskyldur sínar um að auglýsa hámarksvexti. Það má benda á að samkvæmt ákæru á Hermann yfir höfði sér allt að 518 millj. kr. sekt fyrir okur. Víst er að sú tala mun lækka gífurlega því lánastarfsemi hans var blómlegust á árinu 1985. Og einnig er víst að þeim fækkar verulega sem mega búast við að verða sakfelldir í þessu umtalaða okurmáli.“

518 millj. kr. sekt á hendur einum manni væri þó nokkrum sinnum skerðingar á Framkvæmdasjóði fatlaðra, hæstv. fjmrh.

Hvers vegna er ég að tala um þetta í umræðum um fjárlög? Það er vegna þess að Seðlabanki Íslands leikur ekki hvað þýðingarminnst hlutverk í fjármálum þjóðarinnar, enda hljóðar 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.“

Hvað er hér um að ræða? Seðlabanki Íslands, æðsta peningastofnun þjóðarinnar, hefur ekki sinnt lagaskyldu sinni. Hvað þýðir það, hv. alþm.? Stofnunin er óstarfhæf. Í lögum um Seðlabanka Íslands segir í 29. gr., með leyfi forseta:

„Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur ráðherra vikið honum úr starfi fyrirvaralaust án launa.“

Og hvað var það sem ég leyfði mér að halda fram að bankastjórar Seðlabankans hafi svikist um í starfi? Það er að fara að 3. gr. laga um Seðlabanka. Þar segir í f-lið: [Hlutverk Seðlabankans er] „að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum.“

Síðan liggur það fyrir að tekjur landsmanna, arðurinn af vinnu landsmanna liggur í hundraða milljóna króna tali í vösum svindlaranna sem ekki er hægt að draga til ábyrgðar og ná þessum peningum aftur vegna þess að Seðlabanki Íslands brást lagaskyldu sinni. Ég spyr bankaráð Seðlabankans sem Alþingi Íslendinga hefur kjörið. Einn hv. þm. á þar sæti, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra bankamála: Hvernig hyggst hann bregðast við þessu? Fyrir nokkrum árum eða nánar tiltekið 20. júní 1985 fékk ég svar hæstv. ráðherra bankamála við fsp. minni sem hljóðaði svo, með leyfi forseta, og var tilkomin vegna þess að ég gerði athugasemdir við að bankar innheimtu misháa vexti af skuldabréfum. Í svari ráðherra kemur fram eftirfarandi:

Ég spurði: Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?

Svarið við því var m.a. á þessa leið og ég mun ekki þreyta þingið á að lesa það allt. Hér var um skriflegt

svar að ræða. En hæstv. ráðh. svaraði því til í lok svarsins:

„Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið svo og að framangreindar auglýstar ákvarðanir um vexti gilda bæði utan og innan innlánsstofnana, en um þessi atriði hefur vart verið ágreiningur, verður að telja að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessu efni en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars."

Nú liggur fyrir að þetta svar er einskis virði. Um það hefur fallið dómur í Hæstarétti. Það liggur því alveg ljóst fyrir að þeir menn sem æðstum embættum gegna við stjórnun fjármála í landinu hafa brugðist skyldu sinni. Og ég endurtek: Hundruð milljóna króna liggja á víð og dreif um þjóðfélagið og það er ekki hægt að ná þeim aftur vegna þess að Seðlabankinn er sá seki. Það var hann sem brást skyldu sinni.

Ég spyr: Er ekki hjákátlegt að eyða dögum í að pexa um hvort einhver þjóðþrifafyrirtæki fái 1 millj., 5 millj., 10 millj. til að geta stundað þann rekstur sem þar er rekinn í þágu þegna þjóðfélagsins á meðan spekúlantar fá að leika lausum hala í þjóðfélaginu undir verndarvæng Seðlabanka Íslands sem er á ábyrgð ríkissjóðs?

Ég hlaut, herra forseti, að vekja athygli á þessu máli og krefjast þess að nú þegar verði brugðist við þessu máli og það áður en þingheimur fer í þinghlé. Við getum hvorki treyst bankaráði, bankastjórn né bankastjórum Seðlabankans fyrir fjármálum þjóðarinnar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Skal þetta nægja um það mál.

Ég sagði áðan að ég hygðist ekki endurtaka það sem áður hefur verið sagt hér og flokksfélagar mínir hafa vikið að. Ég hygg ég hafi heyrt mest af þeim umræðum, en þó ekki allt og hafi enginn minnst á atriði varðandi Ríkisútvarpið vil ég vekja athygli á því hér. Ríkisútvarpið fer fram á hækkun afnotagjalda. Og af hverju er það? Jú, það stendur í Morgunblaðinu í dag í viðtali við Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra. Hann talar um að það hafi orðið mikill samdráttur í auglýsingum hjá sífjölgandi fjölmiðlum sem berjast um auglýsingarnar. Hann segir:

„Sjónvarpið hefur hins vegar haldið sínu nokkurn veginn og hefur Stöð 2 ekki haft veruleg áhrif þar á auglýsingasviðinu. Við lækkuðum auglýsingaverð á Rás 1 um 12,5% nú fyrir skömmu til að halda í við samkeppnina, en á móti verðum við að hækka afnotagjöldin."

Hvað þýðir þetta? Til viðbótar við að viðskiptavinir auglýsenda greiða að sjálfsögðu kostnaðinn af öllum þeirra auglýsingum eiga þeir nú að bæta við sig þeim kostnaði sem hlýst af því að stöðvarnar eru orðnar fleiri og fleiri og þeir verða að lækka auglýsingatekjur sínar. Finnst mönnum þetta sanngjarnt og er þetta í samræmi við önnur verðlagsákvæði og loforð um stöðugt verðlag sem nýafstaðnir kjarasamningar fela í sér? Ég spyr hv. þingheim hvort þetta geti talist eðlilegt.

Ég ætla ekki að bæta miklu við um kjör ellilífeyrisþega og aldraða í þessu þjóðfélagi, fatlaðra. Á meðan lágmark er talið að hægt sé hugsanlega að draga fram lífið á 26 500 kr. er það talið ónauðsynleg upphæð fyrir námsmenn. Þeir geti lifað af langtum lægri upphæð og þeirra börn. Þó nær hún 20 þús. kr. rúmum. En öryrkjunum og ellilífeyrisþegunum nægi 15–16 þús. kr. til að lifa af á mánuði. Þegar þetta mál kom upp spurði ég skrifstofur verkalýðssamtakanna hvernig bæri að skilja kjarasamningana þar sem öll þekkjum við ákvæði almannatryggingalaga um að þegar dagvinnulaun hækki í almennri verkamannavinnu skuli bætur almannatrygginga hækka. Og svarið var ofureinfalt og vitað frá byrjun: Það urðu ekki hækkanir í almennri daglaunavinnu. Lægstu launin voru einungis hækkuð svo að lagalega séð er ekki hægt að krefja hæstv. fjmrh. um að tryggingabætur fylgi þessari hækkun lægstu launa. Sem sagt: verkalýðshreyfingin samdi um að elli- og örorkulífeyrisþegar skyldu ekki fá lægstu laun né heldur námsmenn.

Ég ætla ekki að taka fleiri dæmi af þeirri revíu sem hér fer fram. Þetta er nefnilega löngu orðinn farsi. Við erum að fárast í smámunum á meðan allt aðrir aðilar í þjóðfélaginu leika sér með fé landsmanna. Það er óvera sem við erum að fást við. Og fari hv. þm. heim í þingleyfi í fullvissu um að þeir stjórni þessu þjóðfélagi verð ég að gefa þeim í jólagjöf að segja: Það er alrangt. Það gera allt aðrir.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Fyrr í þessari umræðu í kvöld var ég hikandi við að biðja um orðið, vildi sem sé ekki tefja umræður eða þingstörf með mínum örfáu orðum. Nú sýnist mér komin af stað sú orðaelfur að ekki muni muna um smásprænu mína í því efni.

Nú er illt í efni, herra forseti. Nú vantar manninn sem ég ætla að svara, en ég ætla ekki að gera neina rekistefnu út af því. (**GJG:** Talaðu bara við hann á eftir.)

Fyrr í þessari umræðu í kvöld vék hv. 5. þm. Austurl. nokkuð að mér í ræðu sinni. Það kann að hafa verið af því að ég mun hafa verið einn í þingsalnum ásamt hæstv. forseta þannig að ég lá vel til höggsins eins og smámenni forðum sem Þorgeir Hávarsson skipti fljótt við. Ekki get ég þó sagt að hv. þm. hafi talað til mín með neikvæðum hætti, öðru nær. Lyftist ég allur í sæti mínu, sem ég sit þó allfast, við orð hv. þm.

Eftir því sem mér skildist taldi hv. þm. víst að ef ég vildi beita mér af mínum alkunna krafti gæti ég byggt upp flugvöllinn á Egilsstöðum einn og óstuddur. (**GJG:** Fyrir eigið fé.) Ég vildi gjarnan að svo væri, hv. 7. þm. Reykv. Hv. þm. veit vel og betur en ég hvernig unnið er að þessum málum í hv. fjvn. En ég minni hv. þm. á að ekki er langt síðan hann sat í ríkisstjórn sem ráðherra og það með miklu meira afl en hann telur mig hafa nú. Hvað dvaldi orminn langa þá?

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 482 brtt. við brtt. fjvn. sem er á þskj. 459 og meðflm. mínir eru þeir hv. þm. Halldór Blöndal og Valdimar Indriðason. Þessi brtt. er við 7. lið á þskj. 459 og till. er á þá leið að liður 5.25 orðist þannig: Að selja dýpkunarskipið Hák og verja andvirðinu til kaupa á tækjum fyrir Hafnamálastofnun.

Breytingin er í því fólgin að burt falla í fyrsta lagi orðin „að undangengnu mati". Það felur það sem sagt í sér að ég tel eðlilegra að skipið verði einfaldlega auglýst þannig að í það verði gert tilboð, en það verði ekki selt að undangengnu einhverju mati.

Í öðru lagi legg ég til að niður falli orðin „að fengnu samþykki fjvn." Það þýðir m.ö.o. að ég vil ekki framselja einhverri þingnefnd framkvæmdarvaldið, jafnvel ekki fjvn. svo merkileg nefnd sem það nú er. Ég tel óeðlilegt með öllu að ef Alþingi heimilar sölu á einhverjum ríkiseignum sé salan á eftir háð samþykki þingnefndar. Þess vegna vil ég að þessi orð falli brott.

Í þriðja lagi legg ég til að í stað þess að andvirðinu verði varið til kaupa á dýpkunartækjum fyrir Hafnamálastofnun verði andvirðinu varið til kaupa á tækjum fyrir Hafnamálastofnun. Ég sé enga ástæðu til að binda í þessari heimild að þetta þurfi endilega að vera dýpkunartæki.

Þetta eru efnisatriði brtt. og ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð.

Hv. þm. Svavar Gestsson beindi í sinni ræðu til mín tveimur fsp. Í fyrsta lagi beindi hann til mín fsp. um hvaða hugmyndir væru uppi um hækkun tryggingabóta í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum. Þessari spurningu beindi hann víst til mín þar sem ég er formaður tryggingaráðs. Hv. þm. veit ósköp vel að það er ekki hlutverk tryggingaráðs eða formanns tryggingaráðs að ákveða upphæð tryggingabóta eða að fjalla eitthvað sérstaklega um breytingar á þeim. Þetta veit auðvitað fyrrv. heilbr.- og trmrh. mætavel og hann hefur áreiðanlega ekki framselt það vald sitt meðan hann var ráðherra til Stefáns Jónssonar, formanns tryggingaráðs í tíð hv. þm. Svavars Gestssonar sem heilbr.- og trmrh. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir þeim hugmyndum sem uppi eru varðandi breytingu á tryggingabótum og ég hef ekki fleiri orð um það.

Þá beindi hv. þm. til mín einnig þeirri spurningu hvort bréf það sem hæstv. ráðherrar, forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmrh., rituðu borgarstjóra í dag hefði verið samþykkt í þingflokki sjálfstæðismanna áður en það var sent borgarstjóra. Svar mitt er nei. Bréfið var ekki kynnt þingflokknum áður en það var sent. Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á því, sem hefur reyndar verið þegar gert, að í þessu bréfi er aðeins greint frá þessum vilja ríkisstjórnarinnar að reynt verði til þrautar, eins og segir í bréfinu, þegar eftir áramót að ganga frá samningi um þetta mál við Reykjavíkurborg. M.ö.o.: samkomulag hefur ekki náðst enn þá með aðilum. Náist það samkomulag á Alþingi eftir að fjalla um og samþykkja nauðsynlegar lagabreytingar. Mér sýnist þess vegna óþarfi að eyða tíma þingsins nú í umræðu um þetta mál. Hún mun eiga sér stað á næsta ári þegar og ef nefnt samkomulag næst. Ég vil hins vegar af þessu tilefni upplýsa að þingflokkur sjálfstæðismanna gaf hinn 10. des. s.l. fjmrh. og heilbr.- og trmrh. ákveðið umboð til að leysa þetta mál þannig að kaupin gangi eftir, en jafnframt skyldi gefin yfirlýsing um hvernig sjálfstæði spítalans verði tryggt. Þessi yfirlýsing liggur ekki fyrir enn þá. Kaupin hafa ekki gengið fram og nefndir ráðherrar hafa ekki lokið sinni umfjöllun um málið samkvæmt því umboði sem þingflokkur sjálfstæðismanna gaf þeim. Þetta vildi ég að kæmi fram að gefnu tilefni.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 481 er brtt. frá fjvn. við 4. gr. Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Fyrir „24 millj." kemur: 30 millj. Þessi hækkun, sem er 25% hækkun fjárframlaga til þessarar stofnunar, er kynnt í þessari till. og það hefur komið fram að í fjárlagafrv. var ekki hækkunartillaga frá því sem er í gildandi fjárlögum.

Hér var við umræðu fyrir kvöldmat varpað til mín fsp. varðandi þetta mál frá hv. 11. þm. Reykv. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Spurningarnar voru sumar þess eðlis að hv. þm. reyndi sjálfur að svara þeim í ræðu sinni. Til að mynda spurði hv. þm. hvort bréf hefði komið til fjvn. frá hæstv. utanrrh. um þetta mál og hv. þm. upplýsti jafnharðan að það hefði komið. Það var að sjálfsögðu úr lausu lofti gripið, sem hún hafði heyrt, því að ekkert slíkt bréf hafði borist nefndinni. Enn fremur var spurt hvort hæstv. utanrrh. hefði haft samband við nefndina. Ég get upplýst að hæstv. ráðh. hafði samband við mig sem formann nefndarinnar varðandi þetta mál og við höfðum rætt það nokkrum sinnum, en það hafði legið fyrir að innan ríkisstjórnar hafði verið um það rætt að þetta mál yrði tekið fyrir á þann máta að leitað yrði eftir samkomulagi í málinu.

Nú höfðu mér ekki borist sem formanni nefndarinnar nein orð um slíkt samkomulag og ég leitaði eftir því fyrr í dag eða morgun hvort það væri komið á og þá varð að ráði að ég mundi flytja fyrir hönd fjvn., ef nefndin féllist á það, þá tillögu við þennan lið fjárlagafrv. sem hér er gerður að umtalsefni. Það varð niðurstaða nefndarmanna, sem ég náði í á þeirri stundu, að fjárhæðin yrði, eins og hér segir, hækkuð um 6 millj. kr.

Ég vænti þess að það sé enginn misskilningur í því að það kemur iðulega fyrir að þrátt fyrir að einhver tiltekinn hæstv. ráðh. sendi bréf til fjvn. og hafi samband við nefndina og formann hennar er það ekki nærri því alltaf sem orðið er við slíkum óskum og er margföld reynsla fyrir slíku. Það er því ekkert sérstakt þó að hér hafi þetta mál ekki komið fram í gögnum sem hefði verið ákjósanlegra að hefðu legið fyrir á eðlilegum tíma. En ég tel að ég hafi sagt það um málið sem þarf til þess að þetta sé upplýst. Ég tel

að ekki þurfi að hafa fleiri orð um það.

Hér var hv. þm. Ólafur G. Einarsson að mæla fyrir brtt. við eina af brtt. fjvn. varðandi 6. gr. Það er liðurinn þar sem leitað er heimildar Alþingis til að selja dýpkunarskipið Hák. Ég tel ekki um mikið stórmál að ræða, en það orðalag sem var í tillögu fjvn. byggist á samkomulagi sem hafði orðið innan nefndarinnar og að höfðu samráði við hæstv. samgrh. Ég vænti þess að það orðalag hafi ekki þurft að fara svo mjög fyrir brjóst á hv. þm. að það gæti ekki þar með gengið. Fjvn. hefur ekki neina hneigð til að vilja taka að sér framkvæmdarvaldið í landinu og taka framkvæmdarvaldið af ráðherrum. Það eru þó mörg dæmi þess að tiltekin heimildarákvæði í fjárlögum eru bundin því skilyrði að annað tveggja sé haft samráð við fjvn. eða til þurfi að koma samþykki fjvn. Þetta er stundum gert til þess að hin pólitísku öfl á Alþingi hafi möguleika til að fylgjast með framkvæmd tiltekinna mála og koma þar sínum sjónarmiðum að, jafnvel láta þau ráða úrslitum.

Ég skal ekki gera þetta mál frekar að umtalsefni, en fyrir slíku eru mörg fordæmi og ég get talið þau upp ýmis hver ef á þarf að halda. Ég lít svo til að það samkomulag sem gert var innan fjvn. um þetta mál og eins og ég sagði að höfðu samráði við hæstv. samgrh. sé þess efnis að hv. Alþingi ætti að geta á það fallist.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég er búinn að sitja nokkur þing og allan þann tíma sem ég hef setið hér hef ég verið stuðningsmaður ríkisstjórna og hér um bil undantekningarlaust stutt brtt. meiri hl. Ég gerði það einnig um daginn við 2. umr., en nú sé ég ástæðu til að gera athugasemdir við nokkra liði í tillögum hv. fjvn. sem hún kemur fram með við 3. umr. Kannske hefur verið kastað til höndunum um ákveðna þætti því hugsanlega er komin nokkur þreyta í nefndarmenn.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir þessa stofnun og okkur sem störfum hér að standa ákveðinn vörð um þingræðið og við eigum að hafa í heiðri þinglegar venjur, ekki síst við fjármunaráðstafanir eða eignaráðstafanir þjóðarinnar. Það eru ákveðnar venjur sem gilda t.d. um jarðasölu. Sala jarðarinnar Streitis var til umræðu á síðasta þingi ef ég man rétt. Það var flutt sem sérstakt þingmál sem sjálfsagt var og eftir þinglegum venjum. Það náði ekki fram að ganga og urðu um það allnokkrar umræður. Hér finnst mér þetta mál koma bakdyramegin að okkur. Það kemur sem liður á heimildagrein. Og ég er ekkert hissa þó einhverjir þm. hrökkvi við. Ég hef enga skoðun á því hvort rétt sé að selja Streiti eða ekki, en ég hef skoðun á því að það sé ekki rétt staðið að heimild til sölu með þessum hætti. Ég tel að rétt væri að áhugamenn um sölu Streitis í Breiðdal beittu sér fyrir því að bera fram frv. um sölu sem fengi þinglega meðferð. Hér er ekki rétt farið að með því að setja málið á heimildagrein. Reyndar er önnur jörð í sömu kippu og gildir náttúrlega það sama um hana.

Öll svona tilvik hafa ákveðið fordæmisgildi. Fordæmisgildi getur skapast af ákveðnum brtt. Nú langar mig til að lesa í brtt. meiri hl. lið 9.11 sem hljóðar svo að það sé heimilt að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán sem kann að verða tekið á árinu 1987 vegna byggingar sjúkrahússins á Ísafirði til búnaðar- og tækjakaupa í þeim tilgangi að flýta fyrir því að legudeild spítalans verði tekin í notkun og starfsemi hætt í gamla sjúkrahúsinu. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið á fjárlögum 1988–1990.

Hvað eru menn að gera hér? Þeir eru að heimila forráðamönnum sjúkrahússins á Ísafirði að slá lán sem er loforð fyrir frá Alþingi að ríkissjóður endurgreiði á árunum 1988–1990. Hér eru menn heldur betur að skapa fordæmi. Nú hef ég ekki kynnt mér nákvæmlega hvað þessi upphæð er há, hve marga tugi milljóna hér er verið að tala um. **(SvG:** Það er engin upphæð í tillögunni.) Það er engin upphæð í tillögunni. Það er laukrétt hjá hv. 3. þm. Reykv. En með þessu fordæmi hef ég komið auga á leiðina til að gera höfn á Blönduósi. Það er einmitt svona sem við eigum að fara að við næstu fjárlagagerð. **(GHelg:** Það er ekki hægt að gera höfn á Blönduósi.) Mig undrar ekki á lögfræðiþekkingu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, vinkonu minnar, en verkfræðiþekkingu hennar dreg ég mjög í efa. **(GHelg:** Ég hef gert staðarathugun.) Hv. þm. hefur ósköp lítið vit á hafnargerð. En ég mun benda Blönduósingum á þessa heimildagrein ef hún kemur til með að standa svo í þessum fjárlögum.

Ég tel að það sé mjög varasamt að standa svona gáleysislega að hlutunum. Ég held að þetta sé allt of rúm heimild og það sé röng stefna að veita svona heimildir og gefa forráðamönnum sveitarfélaga eða þeim sem standa í verklegum framkvæmdum svona mikið svigrúm. Hér er beinlínis verið að skrifa undir óútfyllta ávísun. Svona held ég að ekki eigi að standa að hlutunum.

Ég vil taka fram að mér þykir brtt. hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og fleiri þm. um sölu dýpkunarskipsins Háks skynsamlegri en tillaga nefndarinnar. Ég vil láta koma fram að það er fyrirvari um stuðning nokkurra þm. Framsfl. við þessa brtt. Það eru margir af þm. Framsfl. sem telja að óheppilegt sé að farga þessu skipi úr eigu ríkisins og það sé betur komið í almannaeign en í einkaeign með tilliti til þarfa hafna víðs vegar um land.

Hér hafa orðið nokkrar umræður, herra forseti, um hugsanlega yfirtöku ríkisins á Borgarspítalanum vegna bréfs sem lesið var hér úr ræðustóli og lesið í sjónvarpi, dags. 19. des. 1986, til borgarstjórans í Reykjavík, hr. Davíðs Oddssonar. Ég get svarað spurningu hv. 3. þm. Reykv. á þá leið að þetta bréf var ekki borið undir þingflokk framsóknarmanna og þaðan af síður samþykkt í þingflokki framsóknarmanna. Það kemur reyndar fram í bréfinu. „Í tímaþröng undanfarna daga hefur ekki verið unnt að ganga frá samkomulagi um þetta mál eða afla nauðsynlegra heimilda Alþingis.“ Tímaþröngin var

svo mikil, eins og bent hefur verið á, að það hefur ekki verið hugað nákvæmlega að orðalagi bréfsins og ekki heldur bréfsefninu. Þetta er heldur snautlegt bréfsefni. Í höfðinu stendur hins vegar: „Forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmrn.“ Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. að halda að þetta bréf sé undirskrifað af hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er ekki undirritað af henni. Í hausnum stendur bara: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Og heilbr.- og trmrn. hefur verið óskrifandi þegar neðar kom á blaðið. Þetta bréf er augsýnilega búið til í mikilli tímaþröng og ekki vannst þá tími til að sýna það heldur í þingflokki framsóknarmanna hvað þá að okkur gæfist tækifæri til að samþykkja það. En það gerir ekki mjög mikið til því að þegar maður les þetta bréf er ekki ástæða til að gera mikið veður út af þessu plaggi. Og hvað stendur í þessu bréfi? Það er ekki verið að tala um sölu Borgarspítalans eins og verið var að gera fyrir nokkrum dögum. Það er verið að tala um hugsanlega yfirtöku ríkissjóðs á eignarhluta borgarinnar í Borgarspítalanum umfram þau 15% sem lögboðin eru. Ég átta mig ekki á því. Ég held að ríkið eigi ekki að taka þessi lögboðnu 15%. Ég hugsa að þau eigi bara að vera kyrr hjá borginni. En við framsóknarmenn töluðum fyrir næstsíðustu borgarstjórnarkosningar um yfirtöku á rekstri spítalans og um það höfum við reyndar verið að tala, ekki að yfirtaka eignirnar. Það getur vel verið að Davíð vilji gefa þessar eignir eða forráðamenn Reykjavíkurborgar vilji gefa þær og þá finnst mér ástæða til að hugleiða hvort við tökum við þeim, enda hljóðar bréfið þar um. Síðar segir í bréfinu, herra forseti:

„Á hinn bóginn liggur fyrir vilji ríkisstjórnarinnar til þess að verða við þeirri málaleitan að ríkið taki yfir umræddan eignarhluta“ — Þetta er skrýtilega orðað. — „og hafa drög að samningi legið fyrir, enda leiði það til hagræðingar í rekstri spítalans.“

Þarna er komið að kjarna málsins, herra forseti. Forsenda fyrir þessari hagræðingu er samrekstur Landspítalans og Borgarspítalans. Ákveðin verkaskipting á milli spítalanna, þróun á ákveðinni verkaskiptingu gæti orðið til þess að báðir spítalarnir og deildaskipting þeirra á milli gæti orðið til þess að þarna yrði bætt heilbrigðisþjónusta í landinu. Forsenda fyrir því er samhæfð stjórn, samræmd stjórn þessara tveggja heilbrigðisstofnana og markmiðið bætt þjónusta við sjúklingana. Það gleymist alltaf. Hvorki Borgarspítalinn né aðrir spítalar eru byggðir fyrir borgarstjórann í Reykjavík, Davíð Oddsson, fjmrh. Þorstein Pálsson, hæstv. heilbrmrh. Ragnhildi Helgadóttur né heldur hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson né heldur lækna eða hjúkrunarfólk. Spítalarnir eru byggðir fyrir sjúklingana. (**Gripið fram í:** Sumir slasa sig meira en aðrir.) Það kann að vera. Þeir eru nefnilega góðir fyrir þá sem meiða sig. En það sem gleymist í allri þessari umræðu eru hagsmunir sjúklinganna. Það eru hagsmunir þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda. Það er það sem við eigum að hugsa um og hafa fyrst og fremst í huga.

Hér er sagt „að reyna til þrautar þegar eftir áramót að ganga frá samningi um þetta mál við Reykjavíkurborg“ og vitna ég enn til bréfsins. Auðvitað verður reynt til þrautar á þessum gefnu samrekstrarforsendum sem ég hef getið um.

Síðan segir í niðurlagi bréfsins að nauðsynlegra lagaheimilda verði aflað. Þingflokkur framsóknarmanna mun meta þetta mál þegar þar að kemur, eða ef þar að kemur, sem ég satt að segja er ekki að fullyrða á þessari stundu vegna þess að það hefur komið í ljós og ég á reyndar ekki von á því að þetta komi til alvarlegrar athugunar eftir að í ljós hefur komið hin gífurlega andstaða starfsfólks og lækna Borgarspítalans við þessum samrekstrarhugmyndum sem er alger forsenda þess að það sé nokkurt vit í að fara út í þetta fyrirtæki.

Það myndarlegasta við bréfið og það eina sem ég geri verulega veður út af eru undirskriftirnar. Mér finnst forsrh. skrifa miklu myndarlegar nafnið sitt en fjmrh. En efnið er ekkert mikið. Það er ekki mikið sagt í þessu bréfi. Ég met það bara eins og dúsu upp í borgarstjórann í Reykjavík, Davíð Oddsson, til þess að hafa uppi í sér um jólin. Auðvitað fer Borgarspítalinn á föst fjárlög.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Framþróun mála á þessu þingi er svo hröð að það bætast umræðuefni við með hverri stundinni sem líður og hallinn á ríkissjóði eykst um hundruð þúsunda, milljóna, jafnvel milljarða frá degi til dags þannig að þinghald er orðið mjög dýrt þessa síðustu daga ef gjaldmælir væri settur á það.

Ég mæli fyrir nokkrum brtt. við 3. umr. fjárlaga, en að öðru leyti hefur hv. þm. Kristín Halldórsdóttir mælt fyrir hönd Kvennalistans um það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og tek ég undir mál hennar en hirði ekki um almenna umræðu en vel mér bæði brtt. og nokkur önnur umræðuefni sem komið hafa upp. Ég vil byrja á því að mæla fyrir brtt. á þskj. 462 sem fluttar eru af þingkonum Kvennalistans.

Í fyrsta lagi er um að ræða till. til hækkunar á framlagi til Háskóla Íslands, en þessi till. var einnig flutt við 2. umr. fjárlaga og mælti ég ítarlega fyrir henni þá. Mig langar að vitna í þessu sambandi í Morgunblaðið í dag vegna þess að tillaga okkar fjallar um byggingarvanda Háskóla Íslands. Þar stendur í viðtali við prófessor Ragnar Ingimarsson sem er formaður starfsnefndar háskólaráðs vegna nýbygginga á vegum Háskólans:

„Í ágúst“, segir hann, „árið 1984 skilaði þróunarnefnd skipuð af háskólaráði skýrslu sinni um stöðu Háskólans, væntanlega þróun og greiningu á þeim vandamálum sem við blöstu. Var niðurstaða hennar m.a. sú að húsnæði Háskólans dygði engan veginn til að taka við fyrirsjáanlegum nemendafjölda á sómasamlegan hátt“, sagði Ragnar. „Að vísu hefur ein ný bygging verið tekin í notkun síðan sú skýrsla sá dagsins ljós, Oddi, sem ætlað hefur verið kennslu í hugvísindagreinum. Með tilkomu Odda vænkaðist hagur nokkurra greina, en því er samt þannig farið

að fjöldi annarra kennslugreina býr við kröpp kjör. Einsýnt að þessi mikli húsnæðisvandi verði ekki leystur nema með þeim byggingarframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru, en til þess þarf auðvitað fjárveitingu."

En hefur Happdrætti Háskólans ekki verið ætlað það hlutverk að fjármagna byggingarkostnað Háskólans? „Jú, það er rétt að Háskólahappdrættið hefur þetta hlutverk með höndum, en það má hins vegar ekki gleyma því að fjármunir happdrættisins standa undir kostnaði af viðhaldi þeirra bygginga sem fyrir eru, þær eru nú rúmlega 20 talsins, svo og tækjakaupum vegna kennslu svo að nokkuð sé nefnt. Það er alveg greinilegt að eigi Háskólinn að geta sinnt hlutverki sínu sem skyldi í nútíð og framtíð þarf að koma til veruleg fjárveiting til nýbygginga.

Árið 1979", og ég bið hv. fjárveitinganefndarmenn ef þeir skyldu einhverjir vera hér að hlusta vel, „samþykkti fjvn. áætlun til nokkurra ára þar sem gert var ráð fyrir að ríkisvaldið legði til töluverða fjármuni á móti því sem kæmi frá Háskólahappdrættinu. Þessar fjárveitingar komu sér mjög vel, en nú er svo komið að ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þessa mjög svo brýna verkefnis. Menn verða að átta sig á að til að Háskóli Íslands geti mætt þeim auknu kröfum sem gera verður til hans sem æðstu mennta- og vísindastofnunar þjóðarinnar verður að leggja til fjármagn til nýbygginga og gera starfsaðstöðu þannig úr garði að þar sé hægt að takast á við verkefni sem við hæfi eru."

Svo mörg voru þau orð. Sú upphæð sem Háskólanum er ætluð hefur hækkað aðeins síðan við 2. umr., en framlag til fasteignaviðhalds hefur hækkað um 10 millj. kr., úr 15 millj. í 25 millj., og framlag til byggingarframkvæmda einungis um 4 millj. kr., úr 75 í 79 millj. Forráðamenn Háskólans báðu um 150 millj. til byggingarframkvæmda. Þó að framlagið til viðhalds hinna mörgu og dreifðu fasteigna sem tilheyra Háskólanum hafi hækkað dálítið er þó hækkunin til byggingarframkvæmda nánast grátbrosleg. Þær 75 millj. sem þegar standa á fjárlögum undir þessum lið koma allar frá sjálfsaflafé Háskólans, þ.e. frá happdrættisfé Háskólans. Það gera reyndar líka þær 15 millj. sem áður stóðu undir liðnum Viðhald fasteigna. Það er beinlínis sorglegt að ekki skuli ríkja meiri skilningur á málefnum Háskólans meðal stjórnvalda og sýnir þessi ógæfulega ráðstöfun hve allt tal þeirra um framtíðarkosti fólgna í hugviti og hátækni fyrir þetta þjóðfélag er raunar marklítið hjal sem bara virðist tískusveifla í stjórnmálaþrasinu. Menn sem hefðu framtíðina í huga en ekki bara næsta horn mundu fjárfesta í menntun og rannsóknum fyrir þessa þjóð. Ekki mun ég orðlengja réttlætingar eða röksemdir fyrir þessari fullyrðingu, en vísa til máls míns við 2. umr.

En það er ekki öll nótt úti enn í fjárlagagerð og því munum við freista þess að peningastjórninni verði hughvarf og endurflytjum fyrri brtt. þar sem við leggjum til að framlag til viðhalds fasteigna verði 40 millj. kr. og framlag til byggingarframkvæmda og tækjakaupa verði 150 millj. kr. Bið ég hv. fjárveitinganefndarmenn að endurskoða hug sinn um þetta mál og þingheim allan að sýna því skilning.

Í öðru lagi er um að ræða brtt. vegna Rannsóknasjóðs sem einnig var flutt við 2. umr. Þá var reyndar felld tillaga um hækkun framlags í sjóðinn upp í 150 millj., en honum höfðu einungis verið ætlaðar 50 millj. kr. þriðja árið í röð án þess að hækka í krónutölu milli ára eins og gera má lágmarkskröfu um. Eftir meðferð fjvn. milli 2. og 3. umr. hefur framlag til sjóðsins verið hækkað um 10 millj. kr. og er það einungis til að uppfylla lágmarkskröfur eins og ég áður sagði og það minnsta sem stjórnvöld gátu verið þekkt fyrir að gera. Það má þakka fyrir að þau fundu til sóma síns í þessum efnum. Okkur finnst þó ekki nærri nóg að gert og flytjum því enn brtt. þar sem við leggjum til að hækkun verði á framlagi í sjóðinn upp í 100 millj. kr.

Í þriðja lagi er um að ræða brtt. vegna framlags til Námsgagnastofnunar, nánar tiltekið námsefnisgerð. Við leggjum til að í stað áætlaðs framlags, 8 millj. og 86 þús. kr., komi 17 millj. Með leyfi forseta vil ég vitna í erindisbréf Ásgeirs Guðmundssonar námsgagnastjóra sem hann sendi vegna vanda stofnunarinnar og dags. er 17. des. s.l.

„Á fundi sínum þann 16. des. 1986 samþykkti námsgagnastjórn eftirfarandi bókun og námsgagnastjóra var falið að koma henni á framfæri við ráðherra menntamála og fjármála og alþm.:

Með tilliti til þeirra fjárveitinga sem Námsgagnastofnun eru ætlaðar á næsta ári, 1987, að lokinni 2. fjárlagaumræðu ályktar stjórn Námsgagnastofnunar eftirfarandi:

1. Um áramótin 1984/1985 var námsefnisgerð sú sem verið hafði á hendi skólarannsóknadeildar menntmrn. flutt til Námsgagnastofnunar að boði menntmrh. Stjórn stofnunarinnar var fyrir sitt leyti samþykk þessari ráðstöfun að því gefnu að fullt tillit yrði tekið til þess við fjárveitingar til stofnunarinnar. Sú hefur ekki orðið raunin. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1987 eins og það lítur út eftir 2. umr. eru ætlaðar ríflega 8 millj. kr. til námsefnisgerðar. Árið 1984, síðasta árið sem verkefni þetta var hjá skólarannsóknadeild, var varið til þessa verkefnis liðlega 17 millj. kr. framreiknað til núvirðis. Hér er því um meira en helmingslækkun að ræða.

2. Auk þess sem að framan greinir gengu í gildi á árinu 1985 ákvæði grunnskólalaga um skólaskyldu nemenda í 9. bekk sem fela í sér skyldu Námsgagnastofnunar að sjá þessum nemendum fyrir ókeypis námsgögnum. Heildarkostnaður Námsgagnastofnunar vegna þessa aldursflokks er áætlaður á árinu 1986 um 12 millj. kr. Hafi fjárveitingavaldið talið sig taka tillit til þessa við fjárveitingu fyrir árið 1986 er ljóst að lækkun til annarra verkefna hefur verið þeim mun meiri.

3. Eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt fyrir árið 1986 varð námsgagnastjórn að leggja til hliðar áætluð verkefni fyrir um það bil 30 millj. kr. Í tillögum stofnunarinnar til fjárlaga fyrir árið 1987

voru þessi verkefni sett inn á áætlun á nýjan leik auk annarra brýnna verkefna. Svo virðist sem enn eigi að hafa tillögur Námsgagnastofnunar að engu.

4. Skv. frv. til fjárlaga 1987 að lokinni 2. umr. eru Námsgagnastofnun ætlaðar 2494 kr. á hvern nemanda í skyldunámi, þeir eru nú 37 608, til útgáfu allra náms- og kennslugagna og annarrar þjónustu sem stofnuninni er ætlað að veita. Ef námsgögn handa forskólanemendum, sex ára börnum, eru reiknuð með, þeir eru 4588, er þessi upphæð 2223 kr. eða sem nemdur andvirði tveggja til þriggja barnabóka á almennum markaði. Námsgagnastofnun gerði tillögu um 4078 kr. á hvern nemanda og gerði þá ráð fyrir námsgögnum handa forskólanemum. Enda þótt stofnuninni sé samkvæmt lögum aðeins ætlað að sinna nemendum í skyldunámi 1.–9. bekkjar hefur reynst óhjákvæmilegt að gefa út námsgögn handa forskólanemum, enda er kennslu haldið uppi fyrir næstum öll sex ára börn í landinu.

5. Við núverandi aðstæður getur Námsgagnastofnun ekki fullnægt þörf skólanna fyrir námsgögn. Ef svo fer fram sem horfir verður enn meiri skortur á námsefni en nú er og gerð og útgáfa nýrra námsgagna stöðvast. Námsgagnastjórn heitir því á Alþingi að samþykkja verulega hækkun fjárveitinga til Námsgagnastofnunar í samræmi við tillögur hennar þegar frv. til fjárlaga kemur til 3. umr.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst.
Ásgeir Guðmundsson,
námsgagnastjóri."

Við Kvennalistakonur höfum beitt okkur fyrir málefnum Námsgagnastofnunarinnar frá því að við komum hingað á Alþingi. Við höfum talið það grundvallaratriði að tryggja góða menntun barnanna okkar allra. Hluti af slíkri viðleitni er að búa vel að námsefnisgerð. Í Námsgagnastofnun hefur lengi verið unnið afar mikilvægt og þarft starf af alúð og hugsjón. Það hefur ekki verið í hámælum haft, en verið afar vel metið og þegið af kennurum. Þetta starf hefur alltaf verið unnið af litlum efnum, en er nú afar naumt skammtað í þetta sinn.

Af metnaði fyrir börnin, sem eiga að erfa þetta land og feta út í framtíð mikilla breytinga í atvinnuháttum, breytinga sem krefjast menntunar í veganesti, gerum við tillögu um að framlag til námsefnisgerðar hækki úr rúmum 8 millj. í 17 millj. Ég vona að hv. fjárveitinganefndarmenn beri gæfu til að sinna þessari till. svo og aðrir alþm. að styðja hana.

Í fjórða lagi mæli ég fyrir brtt. um hækkað framlag til hópleitar að brjóstakrabbameini, en Alþingi samþykkti einmitt á árinu 1984 þál. um að hefja slíka leit sem fyrst. Í framhaldi af þeirri samþykkt, fyrirætlunum heilbrigðisyfirvalda og Krabbameinsfélagsins í þeim efnum á nú að hefjast handa við hópleit að brjóstakrabbameini hjá reykvískum konum á næsta ári. Því hefur nýr liður verið tekinn inn á fjárlög undir Heilbrigðismálum, liður 1.30 sem nefnist Brjóstakrabbamein og ætlaðar eru 5 millj. kr. Áætlaður byrjunarkostnaður þessara þörfu framkvæmda var þó um 7 millj. kr. og þýðir þessi niðurskurður að færri konur verða skoðaðar en ætlað var. Til að þessi hópleit komist af stað eins og ráð var fyrir gert leggjum við til að framlag til hennar hækki um 2 millj. kr., úr 5 í 7 millj. Vona ég að hv. fjárveitinganefndarmenn sýni þessu máli velvilja svo og alþm. allir.

Ég er enn fremur meðflm. að brtt. á þskj. 461 sem Jóhanna Sigurðardóttir hv. 2. landsk. þm. hefur þegar mælt fyrir. Þessi till. miðar að því að hækka framlag til aðgerða gegn fíkniefnum úr 1 millj. 95 þús. kr. í 5 millj. Á s.l. ári fluttum við þingkonur Kvennalistans brtt. við fjárlög þar sem við fórum fram á aukið framlag til að fjölga stöðugildum hjá fíkniefnalögreglu sem þá var hart keyrð vegna mikillar aukavinnu og var ofhlaðin verkefnum. Þeirri brýnu nauðsyn að beita sér að langtímaverkefnum gat hún ekki sinnt vegna fámennis og aðstöðuleysis. Þessi till. var felld, en síðan fékk þó rannsóknadeildin nokkra úrlausn þessa vanda með auknum stöðugildum. Verkefni á þessum vettvangi eru þó óþrjótandi, eins og kom fram í máli hv. 2. landsk. þm., og þarf t.d. að koma á virkri fræðslu meðal eldri barna, unglinga og foreldra þeirra um vímuefni og afleiðingar af neyslu þeirra. Mun ekki veita af 5 millj. kr. í þennan málaflokk. Ég skora því á hv. fjárveitinganefndarmenn að sýna þessu máli skilning og þm. alla.

Enn fremur flyt ég brtt. ásamt Svavari Gestssyni á þskj. 474 um 6 millj. kr. framlag til mælinga á stöðugleika fiskiskipa samkvæmt ákvörðun siglingamálastjóra, en það er nýr liður, 10-485 við 4. gr. Þessi till. varðar eitt af þeim atriðum sem fram komu í tillögum frá öryggismálanefnd sjómanna til samgrh. í október 1984, en þar segir í 6. lið, með leyfi forseta:

„Stöðugleiki allra eldri skipa verði mældur svo og þeirra nýrri hafi umtalsverðar breytingar verið gerðar á þeim á byggingartímanum eða síðar. Prófanir skal gera á þyngd veiðarfærabúnaðar og settar reglur um frágang afla í lest og á þilfari, svo sem um skelfisk og afla sem landað er daglega."

Ég átti sæti í öryggismálanefnd sjómanna og kynntist því þar, sem flestir þm. vita eflaust, að eitt af mörgum atriðum sem valda slysum á sjó er að stöðugleiki skipa er ekki eins og skipstjórnendur halda, enda hefur hann oft ekki verið mældur, einkum eftir að breytingar hafa verið gerðar á skipum. Í framhaldi af þessum tillögum öryggismálanefndar sjómanna skipaði hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason nefnd í janúar 1985 til að gera tillögur um framkvæmd þessarar tillögu öryggismálanefndarinnar auk nokkurra annarra tillagna hennar. Þessi nefnd lagði til eftirfarandi:

1. Árin 1987 og 1988 fari fram athugun á stöðugleika allra þeirra þilfarsfiskiskipa stærri en 12 brúttólesta en minni en 100 brúttólesta sem ekki hafa þegar fullkomin stöðugleikagögn og fullnægja kröfum. Kröfu um stöðugleikaathugun þessara skipa verði fullnægt með auglýsingu. Þetta eru athuganir

sem Siglingamálastofnun mun þurfa að sinna og til þess er fjárkrafan gerð sem við flytjum á brtt.

2. Þegar í stað verði hafist handa um að auka fræðslu til sjómanna um undirstöðuatriði stöðugleika með útgáfu fræðslubæklings um stöðugleika og hleðslu fiskiskipa og lögð aukin áhersla á kynningu fræðslumyndar um sama efni.

3. Komið verði á fót endurmenntunarnámskeiði í undirstöðuatriðum stöðugleika skipa hliðstætt því sem nú er kennt á réttindanámskeiðum fyrir undanþágumenn. Námskeið þetta verði haldið í öllum landshlutum á næsta ári.

Í lokatillögu nefndarinnar segir reyndar um þetta mál, í 10. lið þar sem lögð er áhersla á menntunarþáttinn, með leyfi forseta: Gefin verði út kennslubók um stöðugleika skipa. Bókin verði þannig gerð að hún henti í sjómannaskólum og í námi sem veitir yfirmönnum áfangaréttindi.

Aðrar brtt., sem þingflokkur Kvennalista flytur við þessa umræðu, hafa þegar verið fluttar og fyrir þeim hefur verið mælt af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og ég mun því ekki orðlengja þær frekar.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég fagna því að nú skuli veitt 1 millj. kr. framlag til rannsókna í kvennafræðum. Er það sannarlega löngu tímabært og verður örugglega bæði vel þegið og vel nýtt. Rannsóknir kvenna hafa ekki verið áberandi né í hávegum hafðar, en í ljós kom á fjölsóttri ráðstefnu, sem haldin var í hugvísindahúsinu Odda s.l. haust, að þær voru bæði margvíslegar, merkar og mjög þróttmiklar.

Sú reynsla sem konur færa að rannsóknum og hið ólíka sjónarhorn sem þeim gefst í ljósi þessarar reynslu opna oft nýjar víddir í mörgum fræðigreinum. Slíkri opnun fylgir gjarnan urmull nýrra hugmynda og mikill sköpunarkraftur sem verður einmitt þegar ólík en jafngild sjónarhorn mætast. Það lýsir af nýjum degi þegar sú framsýni finnst hér á þingi að veita fé til kvennafræða eins og hér hefur verið gert og hlýtur að verða framhald á því.

Herra forseti. Ég get ekki látið máli mínu lokið án þess að minna á þá fsp. sem hv. 2. landsk. þm. bar fram til hæstv. fjmrh. Sú fsp. er reyndar borin fram af þm. allra flokka, eins og hún gat um, og sprottin af áhyggjum þeirra sem sinna hinum fötluðu, áhyggjum yfir því að svo fjölmörgum brýnum þörfum þeirra er ekki sinnt, þörfum sem mæða á umönnunaraðilum fatlaðra og mest á hinum fötluðu sjálfum.

Svar hæstv. fjmrh. við fsp. okkar þm. um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra staðfesti fullyrðingar forráðamanna fatlaðra um vítaverða skerðingu á framlögum til þeirra. Ég hlýt að harma þennan skort á siðmenningu í þjóðfélagi okkar því að löngum hefur mælikvarði á siðmenningarstig þjóðfélaga miðast við hvernig þjóðin býr að þeim sem minna mega sín. Ég hlýt líka að mótmæla kröftuglega fyrir hönd Kvennalistans að ekki skuli hafa verið felld niður skerðingarákvæði á Framkvæmdasjóð fatlaðra í lánsfjárlögum eftir 3. umr. í Ed.

Ýmis samtök fatlaðra, sem reyndar eru bæði stór og fjölbreyttur hópur fólks með ólíkar þarfir og fötlun, hafa beitt sér fyrir því að kynna alþm. málstað sinn á undanförnum vikum. Jafnframt héldu þau fund fyrir utan þinghúsið fyrir stuttu þannig að tilvera þeirra og um leið þarfir mættu verða þingmönnum augljósari.

Það er erfitt með lýðræðið hve torveldar boðleiðir það á við að leita réttar síns og hve hávær skilaboðin þurfa að verða nú til að þau megi heyrast í glamri og annríki stjórnmála hversdagsins. Eitthvað hefur þessi fyrirhöfn hinna fötluðu þó dugað því að framlag til þeirra hækkaði nokkuð eftir þessar aðgerðir. Þó er þar hvergi nærri nóg að gert og vísa ég til þess sem áður kom fram í máli hv. 2. landsk. þm. um þau sambýli, verndaða vinnustaði, meðferðarheimili og önnur forgangsverkefni sem brýnust eru. Þessi erindi hafa reyndar borist þm. öllum þannig að þeir ættu að vita af þeim. Eins og þm. sagði og Kvennalistakonur hafa margoft bent á er hægt að breyta forgangsröð verkefna þeirra sem fjármögnuð eru til þess að gefa svigrúm til framkvæmda fyrir t.d. þann hóp manna sem er fatlaður í þessu þjóðfélagi.

Ég ætla að svara nokkrum orðum því sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vesturl. Hann hefur trúlega ekki hlustað á mál hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. En af gefnu tilefni vil ég taka fram að við Kvennalistaþingkonur erum ekki á móti því að bæta starfsaðstöðu þingmanna né heldur starfsfólks þingsins. Langt í frá. Þetta þykir okkur sannarlega eftirsóknarvert og löngu tímabært verkefni. Jafnframt erum við fjarskalega hrifnar af nútímalegum vinnubrögðum og allri hagræðingu. Hins vegar berum við líka virðingu fyrir því sem gott er úr gamalli tíð og reynslu, t.d. fyrir svip gamla miðbæjarins.

Ég hygg að hv. 5. þm. Vesturl. hafi ekki hlustað nógu vel og kannske alls ekki á mál hv. 7. landsk. þm. þar sem hún lýsti rökum þeim sem liggja til grundvallar afstöðu okkar. Hún vitnaði í því sambandi til blaðagreina um þetta mál. Önnur greinin var eftir þjóðminjavörð og hin eftir borgarminjavörð. Báðar lýstu andstöðu við þessa hugmynd eins og hún liggur fyrir. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir lýsti fyrst og fremst yfir áhyggjum vegna þessarar ákveðnu byggingar sem gengur þvert á húsfriðunar- og húsverndunarsjónarmið. Jafnframt lýsti hún yfir áhyggjum og fullum skilningi á húsnæðisvanda Alþingis sem er vissulega mikill og þungbær, einkum fyrir starfsfólk en líka fyrir þingmenn, en hún taldi að hægt væri að leysa hann með öðrum hætti.

Við Kvennalistakonur erum þeirrar skoðunar að alþm. hafi ekki efni á að hundsa álit þess fólks sem ég vitnaði til áðan, sem byggt er á víðtækri þekkingu og reynslu. Mistök í þessum efnum verða ekki aftur tekin. Og ég ítreka að við teljum að húsnæðisvanda Alþingis megi leysa á annan hátt. Að öðru leyti vísa ég á bug fullyrðingum og ásökunum hv. þm. Eiðs Guðnasonar.

Frá því ég setti mig á mælendaskrá fyrr í dag hefur komið frétt í fjölmiðlum og einnig hafa þm. borist bréf um að til standi a.m.k. viðræður ef ekki beinlínis sala Borgarspítalans til ríkisins eftir áramótin. Af þessu tilefni vil ég minnast á nokkur atriði.

Í Morgunblaðinu í dag skrifar borgarstjóri grein sem kallast „Framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð fari saman í Borgarspítalanum." Þar segir, með leyfi forseta: „Í frv. því til fjárlaga sem nú er komið á lokastig meðferðar á Alþingi er gert ráð fyrir því að Borgarspítalinn verði tekinn á fjárlög. Er þetta ítrekuð stefna ríkisvaldsins. Fjárlagafrv. gerir jafnframt ráð fyrir því að fjárveiting til spítalans verði á næsta ári sem næst sama fjárhæð og rekstrarkostnaður verður í ár. *Fjárlagaupphæðin er því sýnilega* vanreiknuð um 170–220 millj. kr. miðað við óbreyttan rekstur. Að óbreyttu hlýtur að koma til þess að draga þarf verulega úr rekstri spítalans, loka deildum og minnka alla þjónustu eða borgarsjóður situr uppi með hallann óbættan, á það í besta falli undir velvilja ríkisvaldsins hverju sinni hvort hallinn fæst bættur að hluta. Ganga fulltrúa borgarsjóðs með betlistaf til ríkisvaldsins er ekki hlutskipti sem *ég vil ætla honum.*"

Hér virðist í máli borgarstjórans vera aðalatriðið hvernig borgarsjóður stendur, ekki velferð þeirra sem njóta þjónustu Borgarspítalans, sem eru að mestum hluta, um 75%, Reykvíkingar, né heldur þeirra sem starfa við Borgarspítalann heldur fyrst og fremst ástand borgarsjóðs og það svigrúm sem hann hefur. Þetta er að sumu leyti vel skiljanlegt. Flestir forráðamenn sjóða vilja hafa svigrúm til framkvæmda og fé í sínum sjóði. En það eru fæstir sjóðir sem ná því. Mér finnst borgarstjóri setja ástand borgarsjóðs í fyrirrúm fyrir velferð þeirra sem njóta þjónustu á Borgarspítala. Það eru peningasjónarmið sem ráða þarna umfram þau sjónarmið sem hljóta að þurfa að ráða í rekstri spítala fyrst og fremst.

Hann segir að borgarsjóður sitji uppi með hallann óbættan. Það eru nýjar fréttir vegna þess að ég hef talið að allir þeir sem reka spítala á daggjaldakerfi, *eins og Borgarspítalinn hefur verið rekinn, fái sín* daggjöld greidd þó einhver dráttur geti orðið á. Það þýðir í raun að borgarsjóður þarf að taka lán þangað til hann fær þessi daggjöld greidd hjá ríkinu. Það kemur fram í máli borgarstjóra efi um það hvort hallinn fæst bættur að hluta. Ég mundi vilja spyrja hvern þann ráðherra sem kýs að svara mér og er viðstaddur, t.d. hæstv. fjmrh. Er hann í húsinu, herra forseti? (**Forseti:** Hann er áreiðanlega í húsinu.) Eða hæstv. heilbrmrh. ef hún er í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. heilbrmrh. hefur fjarvistarleyfi eins og var tilkynnt í upphafi fundar og hefur síðan verið tilkynnt á fundinum.) Já, ég mundi gjarnan vilja bera þá spurningu fram við hæstv. fjmrh. hvort það sé í raun tilfellið að daggjaldaspítalar fái ekki endurgreiðslu á daggjöldum frá ríkinu eins og virðist vera gefið í skyn í máli borgarstjóra.

Í lok greinar sinnar finnst mér borgarstjóri afsegja sér Borgarspítalanum og rekstri hans hvort sem hann verður keyptur af ríkinu eða ekki. Þetta finnst mér mikill ábyrgðarhluti því að hér stendur, með leyfi forseta: „Ef af samningum um yfirtöku ríkisins á rekstri Borgarspítalans verður ekki og með því að spítalinn verður settur á fjárlög tekur ríkissjóður *alfarið við fjárhagslegum rekstri hans.* Eðlileg og óhjákvæmileg viðbrögð borgarinnar verða að Borgarspítalinn stofnar til eigin bankaviðskipta og fjárlagaframlög ríkisins verða lögð inn á reikning spítalans sem annast síðan sjálfur og í eigin nafni launagreiðslur og öll innkaup á rekstrarvörum, tækjum og búnaði. Stjórnendur spítalans verða að reka hann innan þess ramma sem fjárlög ákveða, en geta alls ekki vænst þess að borgarsjóður leggi fram rekstrarfé svo sem verið hefur."

Geta menn hlaupist undan eignarábyrgð á þennan hátt og neitað að reka þá eign sem þeir hafa enn ekki selt? Ég skil það ekki. Þetta vildi ég líka spyrja hæstv. fjmrh. um ef hann er í húsinu. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að gera hæstv. fjmrh. viðvart.) Já. Ég hef í raun lokið máli mínu, herra forseti, og hef ekki fleira um þetta að segja þó margt mætti um það segja, en það hefur verið reifað *ítarlega hér í kvöld. Hvað mundi herra forseti* ráðleggja mér, að bíða eftir hæstv. fjmrh. eða að endurflytja spurningar mínar? (**Forseti:** Forseti mundi ráðleggja hv. ræðumanni að doka aðeins við.) Já, því ekki vil ég tefja störf þingsins. (**Forseti:** Ráðherra er kominn.)

Ég vildi leggja tvær spurningar fyrir hæstv. fjmrh. vegna þeirra frétta sem komið hafa í fjölmiðlum í kvöld og ég missti reyndar af vegna þess að ég hafði öðrum hnöppum að hneppa, sömuleiðis vegna bréfs sem þm. barst frá forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmrh. og vegna greinar sem borgarstjóri skrifar í Morgunblaðið í dag um að framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð fari saman í Borgarspítalanum. Spurningarnar eru tvær.

Í fyrsta lagi: Það kemur fram í máli borgarstjórans að Borgarspítalinn verði tekinn á fjárlög sem sé ítrekuð stefna ríkisvaldsins. „Fjárlagafrv. gerir jafn*framt ráð fyrir því að fjárveiting til spítalans verði á* næsta ári sem næst sama fjárhæð og rekstrarkostnaður verður í ár. Fjárlagaupphæðin er því sýnilega vanreiknuð um 170–220 millj. kr. miðað við óbreyttan rekstur. Að óbreyttu hlýtur að koma til þess að draga þarf verulega úr rekstri spítalans, loka deildum og minnka alla þjónustu eða borgarsjóður situr uppi með hallann óbættan, á það í besta falli undir velvilja ríkisvaldsins hverju sinni hvort hallinn fæst bættur að hluta. Ganga fulltrúa borgarsjóðs með betlistaf til ríkisvaldsins er ekki hlutskipti sem ég vil ætla honum."

Ég hafði tekið fram í máli mínu að mér fyndist ofuráhersla lögð á velferð borgarsjóðs og ég hefði haldið, e.t.v. ranglega, að þeir spítalar sem væru reknir á daggjaldakerfi fengju endurgjald af hálfu ríkissjóðs þó e.t.v. væri um einhverja töf að ræða áður en það endurgjald væri greitt. Hér talar

borgarstjóri um hvort hallinn fengist bættur að hluta, eins og þessi daggjaldarekstur væri ekki greiddur aftur. Er það tilfellið að borgarsjóður fái ekki þessi daggjöld greidd nema e.t.v. að hluta?

Í öðru lagi: Í lok greinar sinnar finnst mér borgarstjóri afsegja sér allri ábyrgð af rekstri spítalans hvort sem ríkið kaupir hann eða ekki því hann segir þar, og ég vitna aftur með leyfi forseta: „Ef af samningum um yfirtöku ríkisins á rekstri Borgarspítalans verður ekki“ — og mér finnst þetta hljóma eins og hótun — „og með því að spítalinn verður settur á fjárlög tekur ríkissjóður alfarið við fjárhagslegum rekstri hans. Eðlileg og óhjákvæmileg viðbrögð borgarinnar verða að Borgarspítalinn stofnar til eigin bankaviðskipta og fjárlagaframlög ríkisins verða lögð inn á reikning spítalans sem annast síðan sjálfur og í eigin nafni launagreiðslur og öll innkaup á rekstrarvörum, tækjum og búnaði. Stjórnendur spítalans verða að reka hann innan þess ramma sem fjárlög ákveða, en geta alls ekki vænst þess að borgarsjóður leggi fram rekstrarfé svo sem verið hefur.“

Ég legg þann skilning í þessi orð að borgarstjóri sé að afsegja sér spítalanum og með því finnst mér hann vera að hlaupast undan ákveðinni ábyrgð sem borgin hlýtur þó að verða að taka á meðan enginn hefur keypt. Er þetta réttur skilningur hjá mér, hæstv. fjmrh.?

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það að sjúkrahús fara á bein fjárlög breytir í engu rekstrar- eða þjónustuumfangi þeirra og það á ekki að breyta heldur um aðstöðu þeirra sveitarfélaga sem reka sjúkrahús á beinum fjárlögum. Í núverandi kerfi eru sum sjúkrahús fjármögnuð með beinum framlögum af fjárlögum, en önnur af svokölluðu daggjaldakerfi. Það eru greidd daggjöld vegna kostnaðar og síðan halladaggjöld samkvæmt ákveðnum reglum ef kostnaður vegna viðurkennds rekstrarumfangs fer fram úr því sem daggjöldin sjálf hafa mælt fyrir um. Við teljum eðlilegt að hafa sömu reglur um greiðslu á kostnaði vegna sjúkrahúsanna þannig að það sé hægt að slá sömu mælistiku á þennan kostnað og þurfi ekki að beita tveimur mismunandi tommustokkum eftir því hvort sjúkrahús er á beinum fjárlögum eða daggjöldum.

Það er svo, eftir því sem ég best veit, að flest sjúkrahús á vegum sveitarfélaga, eða að ég hygg öll utan Borgarspítalinn, eru rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar þannig að reikningum þeirra er ekki blandað saman við reikninga viðkomandi sveitarfélaga. Þessu hefur hins vegar verið á annan veg varið í Reykjavík þar sem rekstur Borgarspítalans hefur verið hluti af reikningum borgarsjóðs og hluti af borgarsjóðnum sjálfum, en annars staðar hefur verið um að ræða sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Ég hygg að það sé það sem borgarstjóri hafi átt við í þeim tilvitnuðu ummælum sem hér voru lesin af hv. 3. landsk. þm. sem hér talaði á undan. Ég lít ekki svo á að sú breytta skipan hafi nein áhrif á ábyrgð Reykjavíkurborgar sem stjórnanda spítalans frekar en varðar ábyrgð annarra sveitarfélaga sem hafa sjálfstætt reikningshald um spítalana. Halladaggjöld eru greidd, þegar halli verður á rekstri sjúkrahúsanna, eftir ákveðnum reglum. Þau hafa verið skert ef teknar hafa verið ákvarðanir sem fara fram úr viðurkenndu rekstrarumfangi eða launaákvarðanir hafa verið teknar umfram það sem almennar launabreytingar segja til um. Þegar um er að ræða bein framlög er farið með það eins og önnur bein framlög ríkisins að þau eru miðuð við viðurkennt umfang rekstrar og þjónustu. Verði almennar verðlagsbreytingar hefur reglan verið sú að það er bætt með aukafjárveitingum hvort sem um er að ræða kostnað við laun eða aðra þætti. Auðvitað verður sama skipan áfram í því efni þannig að rekstri þessara sjúkrahúsa er ekki á neinn hátt stefnt í hættu. Því aðeins að stjórnendur þeirra fari umfram viðurkennt umfang í rekstri og þjónustu getur komið til erfiðleika í þessu efni.

Ég vænti þess að þetta svari fsp. hv. þm. Það liggur sem sagt fyrir að hér er miðað við ákveðið umfang í rekstri og þjónustu. Það er reynt að áætla fyrir því eins nákvæmlega og unnt er. Fari kostnaður við þetta viðurkennda umfang fram úr áætlun er það bætt eftir á eins og um annan rekstur ríkisins. Niðurstaðan er einfaldlega sú að með þessu móti gefst ríkisvaldinu, bæði heilbrigðisyfirvöldum og fjármálayfirvöldum, betra tækifæri til þess að fylgjast með rekstrinum og hafa aðhald að honum, en það er á engan hátt verið að skerða hvorki þjónustu né rekstrarlegt umfang. Þetta er meginniðurstaða þessarar breytingar.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af ummælum hv. formanns fjvn. áðan, að það hefði verið haft samráð við mig um orðalag á sölu dýpkunarskips, er það rétt að mér var sýnt orðalagið og ég gerði athugasemd við það. Ég tel enga ástæðu til þess, þó eigi að selja eldgamlan pramma og ef hann verður seldur, að það þurfi að kalla saman tíu manna nefnd til að ákvarða það eða leggja blessun sína yfir það. Sömuleiðis gerði ég líka þá athugasemd að andvirðið renni til kaupa á tækjum fyrir Hafnamálastofnun. Það liggur ekkert fyrir að það verði keypt dýpkunarskip og ef þarna yrði um einhverja peninga að ræða mega þeir gjarnan fara til nauðsynlegustu áhaldakaupa, ekki ætti að binda það á þennan veg. Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég felli mig miklu betur við orðalagið í till. Ólafs G. Einarssonar o.fl.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., spurðist fyrir um mál sem kannske er ekki beint í tengslum við fjárlögin. Það er í sambandi við Seðlabankann. Ég heyrði þennan dóm í kvöld og maður verður að sofa á þeim dómi eina nótt eða tvær, en ég get fullvissað hv. þm. um að ég mun ræða þessi mál ítarlega við bankastjórn Seðlabankans. Hins vegar er það ekkert nýtt með þessa

auglýsingu um vexti, að hún hafi ekki komið. Hún kom ekki fram á sínum tíma. Það er engin ný frétt. Og það kom svar þá frá Seðlabankanum. Á þessari stundu vil ég ekki ræða þetta neitt frekar.

Tveir þm. Austfirðinga hafa flutt brtt. um hækkun til flugvallar á Egilsstöðum. Ég sá það í blaði frá öðrum flm. þessarar till. að hann er mjög óánægður með fjárveitingar til flugmála. Það geta fleiri verið það. En hann vildi koma því öllu á mig, þeim skiptingum. Þannig vill til að það er nokkurs konar stjórn í Flugmálastjórn sem heitir flugráð. Það fjallar um tillögur sem flugmálastjórnin gerir og þær tillögur koma síðan til ráðuneytisins. Þær fóru óbreyttar til fjvn. Þetta er ekki burðug upphæð og mundi lítt duga ef hún ætti að fara í einn flugvöll á landinu þó enginn annar fengi. Hins vegar hefur verið unnið mjög ítarlega að nýrri flugmálaáætlun. Þar hafa margir ágætir menn lagt hönd á plóginn. Sú áætlun hefur verið kynnt, fyrst á blaðamannafundi og síðar á stuttri ráðstefnu sem boðið var til sveitarstjórnarmönnum, flugrekstraraðilum og samgöngunefndum þingsins, og þar voru þessi mál vel rædd og hlustað á athugasemdir manna við þá tillögugerð alla. Það er unnið að því nú að leggja fram þetta sem áætlun og síðan og um leið að fara í nýja tekjuöflun til flugvalla.

Því er ekki að neita að á þessum fundi kom fram strax hörð gagnrýni á flugrekstraraðila. Þeir eigi ekki að borga heldur einhver annar. Þarna á að taka úr, eins og menn segja gjarnan þegar þeir vilja fá mikið en ekkert láta á móti, sameiginlegum sjóði landsmanna. Við höfum heyrt hvernig hann stendur núna við afgreiðslu fjárlaga. Ef hugur á að fylgja máli verður að afla fjár til þeirra hluta.

Það hefur verið talað um Sauðárkrók, að þar ætti að byggja varaflugvöll. Það komu fram athugasemdir fyrir nokkru um að það væri eiginlega ógjörningur að byggja þar flugvöll því þetta væri svo mikið varpland fyrir hettumáv, en nú hefur Náttúruverndarráð ályktað að það mótmæli algjörlega byggingu flugvallar þar því þarna sé dýrmætt andavarp. Ég veit ekki hvaða fuglategund verður næst fyrir valinu þegar næsta ráð eða stjórn fjallar um land undir varaflugvöll. Áður var sjálfsagt alls staðar að útbía allt, en núna má helst ekki hreyfa sig á nokkurn hátt.

Hinu er ekki að neita að aðkallandi framkvæmd í flugmálum er bygging flugvallar á Egilsstöðum, sú framkvæmd sem er mest aðkallandi vegna þess hvernig völlurinn er búinn, og þar er ekki um að ræða annað en byggingu nýs vallar. Sá undirbúningur hefur tekið langan tíma og það kom þegar fram í áfangaskýrslu svonefndrar flugmálanefndar.

Ég verð því að segja að það er ekki rúm innan þessara fjárlaga að samþykkja byrjunarframkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll og þessi undirbúningur verður að eiga sér stað og sömuleiðis að Alþingi fjalli um þær tillögur sem verða hér fram lagðar í næsta mánuði og þá tel ég að þessi mál verði þar ofarlega á baugi.

Af því að einn hv. þm. kom áðan inn á till. vegna sjúkrahússins á Ísafirði ætla ég að minna hv. alþm. á að þetta sjúkrahús er búið að vera tólf ár í byggingu og það er búið að flytja ákveðna starfsemi yfir í nýja húsið, en sjúklingarnir eru allir eftir í gamla húsinu og því hefur ekki verið haldið við allan þennan tíma og heilbrigðisyfirvöld eru að loka því í vor. Það er hvorki hægt að vera þar sjúklingur eða starfsmaður eins og ástandið er. Það er búið að verulegu leyti að innrétta legudeildir og eldhús sjúkrahússins, en það sem vantar er að það hafa ekki fengist leyfi til að panta áhöld, bæði fyrir skurðstofu og önnur læknisáhöld sem þar þarf og allt í eldhús. Við afgreiðslu fjárlaga er ekkert tekið þar inn svo það er sjáanlegt að ef ekkert væri að gert mundi leggjast niður sjúkrahúsrekstur þarna, en hann hefur verið samfleytt á þessum stað öll árin á þessari öld og held ég þrjú eða fjögur ár í lok síðustu þannig að við hefðum farið 90 ár aftur í tímann ef ekkert væri að gert. Undarlegt er að það skuli heyrast raddir og það á Alþingi Íslendinga sem telja að við svo búið megi una. Ég tel það ekki vera og þó að það sé í mínum gamla heimastað get ég líka litið til þess ef ástand væri jafnömurlegt annars staðar og ég þurfti oft til þess að líta á þeim árum sem ég var heilbr.- og trmrh. Mér finnst því ekki vera neitt sérstakt óhóf í því að reyna að bjarga þessu með þeim hætti og líka spara ríkissjóði peninga. Ég hygg að það kosti ekki minna en 5 millj. (**GHelg:** Það mætti spara hrossasirkusinn.) að kynda tvö hús í staðinn fyrir eitt og flytja sjúklingana á röntgendeildina frá morgni til kvölds í sjúkrabíl og fleira og fleira sem þarna má upp telja, fyrir utan að það er ekki hægt að bjóða sjúku fólki þá aðstöðu sem þarna er. Ég þori að fullyrða, því ég hef komið á öll sjúkrahús á landinu, að það er hvergi neitt í námunda annars staðar við það ástand sem er á Ísafirði. Það er því fullkomin ástæða til að greiða með þessum hætti fyrir því að þessi tæki séu pöntuð og þessi nýja legudeild taki til starfa helst síðast á næsta ári svo framarlega sem tæki verða komin. Þetta vildi ég að hér kæmi fram og hvað sem líður baráttumálum okkar fyrir okkar kjördæmi hygg ég að ég hefði aldrei getað við unað og mundi ekki við una ef það hefði verið traðkað á þessu máli því að ég hefði ekki þolað frekar en ýmsir aðrir að sjá þau herlegheit sem maður sér á gamla sjúkrahúsinu þar sem þetta ríka samfélag ætlar sjúkum að vera enn þá eitt árið í viðbót.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það lá við að manni vöknaði um augun við ræðu hæstv. samgrh. vegna umhyggju hans fyrir málefnum sjúkrahússins á Ísafirði og umhyggju hans fyrir sjúklingum sem þar liggja þangað til manni varð allt í einu hugsað til þess að það er varla á þessu ári fyrst sem hann hefur orðið var við það. Eins og hann sagði hefur tekið tólf ár að byggja þennan spítala og hæstv. samgrh. hefur nokkuð komið við ríkisstjórnir undanfarinna ára þannig að manni finnst að hann hefði haft tækifæri

til þess áður að knýja á um framgang þessara mála. Ekki skal ég efast um að aðstæðum á spítalanum á Ísafirði er rétt lýst. Það þekki ég reyndar sjálfur líka með eigin augum. Aftur á móti sér maður ekki að þetta geti verið sú óskaplega upphæð sem þarna um ræðir að það hefði ekki mátt taka þetta einfaldlega inn á fjárlög eins og aðra spítala en ekki ganga frá þessu með opinni ábyrgð eins og gert er hér og ávísun á tilviljunina nánast því að hver segir það að komandi ríkisstjórnir séu endilega reiðubúnar að endurgreiða þau lán sem tekin verða hugsanlega á þessa einföldu ábyrgð. Þó skulum við vona það.

Það hefur snjóað yfir mann í dag alls kyns tillögum og fréttum og ég vildi gjarnan, herra forseti, ef mögulegt væri spyrja hæstv. fjmrh. einnar eða tveggja spurninga og gefa honum tækifæri til að hugleiða svör við þeim á meðan ég annars geng frá mínu máli hér. Að vísu hefur eitt af þessum málum, sem ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh., þegar komið að nokkru inn í umræður en mér fundust svör hæstv. ráðh. vera loðin og ekki algjörlega af þeim að ráða hvert hann raunverulega stefndi í því máli sem þar um gat.

Þar var um að ræða þær bætur almannatrygginga sem gert er ráð fyrir í brtt. við fjárlög að hækki og að sögn fjmrh. er þetta til samræmis við þær launahækkanir sem nýverið er samið um. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi hækkun er vanáætluð og held að hún skili ekki tryggingaþegum, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþegum, hækkun til jafns við þá hækkun sem láglaunahóparnir fengu og þá er ég að vísa í raun til 79. gr. laga um almannatryggingar, sem hv. 10. landsk. þm. kom að í máli sínu, og veit reyndar að það er ekki algjörlega lagaleg skylda sem bindur ríkisstjórnina í þessu máli en samt sem áður hefur hún valið þá leið að hækka bæturnar til samræmis við þessar umsömdu launahækkanir og þess vegna vildi maður gjarnan fá svör við því hvort þessar hækkanir skila þeim árangri sem til er ætlast. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er núna í viðtali við Ríkisútvarpið, en það má ætla að hann komi á hverri stundu.)

Fyrsta spurning mín til hæstv. fjmrh. er: Telur hann að sú hækkun sem nú er ráðgerð á bótum tryggingaþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, sé ekki vanáætluð? Vegna þess að hæstv. heilbrmrh. er ekki í þinginu og hefur ekki verið hér í kvöld og mér er sagt að ekki sé von á hæstv. utanrrh. hingað vildi ég í öðru lagi fá að heyra úr munni hæstv. fjmrh. hvort heilbr.- og trmrh. er samþykkur þeirri upphæð sem fjmrh. gerir ráð fyrir í þessari hækkun til tryggingabótanna og hvort hæstv. ráðh. telur að þessi hækkun sé algjörlega til jafns við þá hækkun sem láglaunahóparnir fengu núna í síðustu samningum.

Í öðru lagi kannske minni háttar spurning: Á þskj. 459 eru brtt. við frv. til fjárlaga frá meiri hl. fjvn. Þar er brtt. við 6. gr., nýr liður 3.35. Þar er lagt til að fella niður vexti og viðurlög vegna ógreiddra opinberra gjalda Arnarflugs hf. til þess tíma er gengið hefur verið frá samkomulagi um endurgreiðslu þessara gjalda samkvæmt 2. gr. laga nr. 53 1986, 3. tölul., um málefni Arnarflugs hf. „Heimilt skal jafnframt að breyta í lán skattskuld félagsins frá gildistöku fyrrgreindra laga fram til þess tíma að ríkisábyrgð er afgreidd." Ég bið hæstv. ráðh. ef það er ekki til of mikils mælst að þýða þessa setningu að einhverju leyti á mælt mál og þá þannig að fram kæmi hvaða upphæðir er þarna um að ræða.

Eins vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. þeirrar samviskuspurningar hvort það hafi virkilega ekki verið rætt enn þá í þessari ríkisstjórn að losa ríkið við rekstur þess guðsvolaða fyrirtækis sem Skipaútgerð ríkisins er. Þegar ég kom fyrst á þing fyrir þremur árum var framlag ríkissjóðs til þessa fyrirtækis um 50 millj. og fór upp í 80 millj. minnir mig. Á næsta ári var framlagið 100 millj. og fór í guð veit hvað. Núna er framlagið 143 millj. og á eftir að fara í guð veit hvað.

Um þetta segir í athugasemdum með frv. til fjárlaga: „Síðustu fimm árin hefur orðið mikil endurnýjun á skipakosti fyrirtækisins auk þess sem ný vöruskemma var byggð við Reykjavíkurhöfn og tekin í notkun í október 1982. Þessar fjárfestingar voru að mestu fjármagnaðar með erlendum lántökum. Á undanförnum árum hefur greiðslubyrði fyrirtækisins af lánum verið mjög þung og hefur ríkisframlagið að mestu gengið til að mæta henni. Forsendur frv. fela í sér að rúmlega 83% ríkisframlagsins fari til að mæta afborgunum og vöxtum af lánum samanborið við um 77% í ár."

Segjum sem svo að ríkið vildi halda úti þessum rekstri. Þá skil ég ekki hvers vegna menn telja nauðsynlegt að halda úti þessum miklu fjárfestingum, a.m.k. þeim sem framkvæmdar voru við Reykjavíkurhöfn, þar sem örugglega væri hægt að kaupa þá þjónustu, þ.e. bæði löndunar-, umskipunar- og geymsluþjónustu sem þar fer fram, af Eimskipafélaginu inni í Sundahöfn og nýta þar hafnaraðstæðurnar betur en gert er í dag.

Við vitum að þessar fjárfestingar eru ekki bara vegna vöruskemmunnar heldur er um að ræða líka þá miklu endurnýjun sem talað er um á skipakosti fyrirtækisins sem greinilegt er að fyrirtækið á ekki nokkra möguleika nokkurn tímann að standa undir því að framlagið frá ríkissjóði til þessa fyrirtækis fer sífellt hækkandi. Nú veit ég að þetta eru síðustu fjárlög sem hæstv. fjmrh. fjallar um a.m.k. í bili, en hvers vegna hafa menn ekki hugsað til þess að leggja þetta fyrirtæki niður, selja það eins og kallað er stundum þegar mikið ber við, og eiga þá þessa peninga til góða sem eytt er á hverju ári í þetta fyrirtæki? Ég segi „eytt" vegna þess að tilfellið er að það er hægt að sanna það, að vísu kannske í lengra máli en ég nenni að fara út í, að þetta fyrirtæki stendur öðrum miklu hagstæðari flutningum hreinlega fyrir þrifum. Þessi þjónusta er alls ekki góð þó að reynt hafi verið að bæta hana. Hún er bæði stopul og óáreiðanleg. Og þau framlög sem hér er verið að eyða úr ríkissjóði í þetta fyrirtæki vantar hreinlega í

vegakerfi landsins þar sem mætti bæta flutningsþjónustuna enn betur en hefur verið gert og kannske koma öllum þeim byggðarlögum, sem enn þann dag í dag eru nánast úr vegatengslum við menninguna stóran hluta ársins, í það samband við umhverfið að þessara flutninga væri hreint og beint alls ekki þörf, a.m.k. ekki að meira ráði en það að þeim mætti þjóna af öðrum aðilum.

Í kvöld fréttum við að verið væri að ganga frá sölu Borgarspítalans enn eina ferðina. Hv. formaður þingflokks Framsfl. hefur reyndar gert bréfi því sem forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmrh. sendu borgarstjóranum í Reykjavík, Davíð Oddssyni, í dag nokkuð rækileg skil og gaf því reyndar þá einkunn að bréfið væri mjög í samræmi við pappírinn sem það var vélritað á. Það væri lítið og ómerkilegt. Þ.e. hann vildi halda því fram að í þessu bréfi væri nánast ekkert sagt. Það kann vel að vera að það sé rétt. Að vísu stendur ekkert annað hér en að með þessu bréfi viljum við, svo ég leyfi mér að vitna í bréfið með leyfi hæstv. forseta, „ítreka að það er fullur vilji og ásetningur ríkisstjórnarinnar að reyna til þrautar þegar eftir áramót að ganga frá samningi um þetta mál við Reykjavíkurborg. Náist samkomulag mun nauðsynlegra lagaheimilda til þess að tryggja framgang þess aflað þegar eftir að Alþingi kemur saman á nýju ári."

Þetta er í orði kveðnu a.m.k. ekkert annað en vingjarnleg viljayfirlýsing af hálfu yfirvalda ríkisins til yfirvalda Reykjavíkurborgar og hugsa þau þá kannske til þess þessa stundina að þau standa í samningum við títt nefndan borgarstjóra um að hann reyni að halda aftur af stofnunum þessarar borgar við hækkun á gjaldskrám og gæti hugsast að það yrðu þar einhvers konar hagsmunaleg viðskipti, að þar kæmi greiði fyrir greiða. En ekki skal ég fara að gera því allt of mikið skóna. Við skulum sjá hvað upp úr þessum samningum kemur. En eitt er víst að borgarstjórinn í Reykjavík túlkar þetta bréf þannig að hann sé sama sem búinn að selja spítalann. Það kom glögglega fram bæði við umræðu um fjárlög borgarinnar í dag og í þeim fréttum þar sem borgarstjórinn var inntur eftir þessu bréfi.

Nú fór þetta mál þannig af stað að borgarstjórinn í Reykjavík mótmælti því að spítalinn yrði settur á föst fjárlög. Og hvers vegna gerði hann það? Jú, undanfari þeirra atburða er sá að mánudaginn 8. des. hélt stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar fund og samþykkti eftirfarandi ályktun sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar ítrekar mótmæli sín við áformum um að flytja Borgarspítalann á föst fjárlög og vísar til bókana stjórnarinnar frá 12. sept. og 24. okt. s.l. sem samþykktar voru samhljóða. Stjórnin heitir á ráðherra og alþingismenn að virða þau sjónarmið sem þar koma fram. Ef Borgarspítalinn verður settur á föst fjárlög hefur það í för með sér verulega fjárhagslega áhættu fyrir borgarsjóð. Í fjárlagafrv. fyrir 1987 er t.d. gert ráð fyrir fjármagni til reksturs Borgarspítalans sem ekki dugir til reksturs allt árið." — Sem ekki dugir til reksturs. Þetta voru, eins og kemur fram í þessari ályktun, aðilar stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar búnir að bóka tvívegis, bæði þann 12. sept. og þann 24. okt., og í bókuninni 24. okt. segir m.a.:

„Þær upphæðir, er greinir í fjárlagafrv., geta engan veginn staðið undir eðlilegum rekstrarkostnaði Borgarspítalans, sbr. ákvæði almannatryggingalaga um greiðslu reksturskostnaðar sjúkrahúsa. Það er því alveg ljóst að ef þessar fyrirætlanir ná fram að ganga þýðir það verulegan niðurskurð á þjónustu Borgarspítalans og fjárhagsleg áhætta Reykjavíkurborgar eykst að sama skapi. Tölur fjárlagafrv. næsta ár eru lægri en áætluð rekstrarniðurstaða ársins 1986 og aðeins u.þ.b. 12% hærri en niðurstöður rekstrarreiknings 1985 þrátt fyrir aukningu á starfsemi spítalans. Af þessu er augljóst að tölur frv. eru óraunhæfar og þessum áformum harðlega mótmælt."

Nú er það svo að þegar borgarstjórinn í Reykjavík mótmælir því að spítalinn sé settur á föst fjárlög segir hann nánast í sömu mund að ef af því verði vilji hann ekki taka þá áhættu sem þeim rekstri verði samfara og krafðist þess að ríkið yfirtæki spítalann, keypti spítalann. Svona í framhjáhlaupi má hugleiða að viðhorf borgarstjórans í Reykjavík til borgaranna í Reykjavík koma hér fram óneitanlega með dálítið undarlegum hætti. Borgarstjóranum í Reykjavík þóknast ekki að reka þennan spítala ef hann ekki getur gengið í ríkissjóð að rekstrartekjum að vild, eins og maður gæti sagt. Ef hann er settur á föst fjárlög nennir hann ekki að reka þennan spítala og hann segir að honum sé alveg sama hvernig þjónustu þessa spítala er háttað þó að því sé spáð af þeim mönnum sem gleggst vita að hún muni örugglega dragast saman ef spítalinn verður ríkisspítali. Aðalatriðið er að losna við þessa áhættu, eins og hann kallar.

Nú er komið í ljós að í brtt. á þskj. 418 frá fjvn. segir í 31. lið við 4. gr.: Borgarspítalinn í Reykjavík, almennur rekstur. Fyrir „1 milljarð 297 millj. 251 þús." kemur: 1 milljarður 319 millj. 251 þús." Í brtt. á þskj. 458 við frv. til fjárlaga frá fjvn. eru þessar hækkanir, sem þarna er gert ráð fyrir, sundurliðaðar og eru þá bæði til almenns rekstrar, viðhaldsverkefna og stofnkostnaðar.

Ég fæ ekki betur séð en að meginröksemd borgarstjórans í Reykjavík fyrir því að vilja losa sig við spítalann sé hér með fallin og krafan um kaup ríkisins á spítalanum þar með ekki lengur réttlætanleg, en af fréttum kvöldsins í kvöld að dæma virðist borgarstjóranum í Reykjavík enn þá vera mjög umhugað um að losna við spítalann og skiptir hann þá engu þó að Reykvíkingar verði með þeirri gerð að borga þennan spítala að stórum hluta í annað sinn því að Reykvíkingar eru náttúrlega skattborgarar þessa lands eins og aðrir og í miklum meiri hluta og taka þess vegna drýgri þátt sem heild í því að greiða verð þessa spítala en aðrir skattþegnar.

Nú held ég, herra forseti, að það verði að rifja

upp fyrir mönnum hvað hefur verið sagt um þessar fyrirætlanir af hinum ýmsu aðilum sem þetta mál snertir. Mánudaginn 1. des. s.l. lögðu fulltrúar starfsmanna í stjórn sjúkrastofnana t.d. fram eftirfarandi bókun og ég les þá bókun, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúar starfsmanna í stjórn sjúkrastofnana mótmæla harðlega öllum ráðagerðum um sölu Borgarspítalans. Þeir hvetja borgarstjórn Reykjavíkur til eindreginnar andstöðu gegn söluáformum og að öllum ráðum verði beitt til að tryggja áframhaldandi eignarhald og rekstur Reykjavíkurborgar á spítalanum til heilla fyrir íbúa Reykjavíkur. Jafnframt eru þingmenn Reykjavíkur beðnir að standa vörð um spítalann og að tryggja rekstur hans sem eign Reykvíkinga."

Í Dagblaðinu þann 10. des. s.l. skrifar dálkahöfundur eftirfarandi:

„Það segir sína sögu að fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík hefur óskað eftir fundi með borgarstjóranum og formanni Sjálfstfl. sem er jafnframt fjmrh." — Bragð er að þá barnið finnur.

„Fulltrúaráðið hefur hingað til ekki haft önnur afskipti af Davíð borgarstjóra heldur en að klappa fyrir honum á fundum, kjósa hann í kosningum og hlæja að bröndurunum hans. Og af því að fulltrúaráðið var búið að hlæja sig máttlaust að framsóknarbrandaranum um sölu Borgarspítalans getur það reynst erfitt fyrir þetta sama fulltrúaráð að rétta svo upp hendurnar með spítalasölunni áður en hláturkrampinn er liðinn hjá.

Nú verður að segja eins og er að Davíð borgarstjóri hefur verið nokkuð farsæll í fasteignakaupum sínum. Hann hefur keypt Ísbjörninn fyrir lítið og hann fékk Nesjavelli nánast gefins. Um daginn keypti hann svo Völundarhúsin við Skúlagötu fyrir spottprís og um sama leyti gaf hann Íslenska bókmenntafélaginu og vinum sínum í fasteignabransanum myndarlega lóð við Lækjargötu. Fleira „smotterí" hefur borgarstjórinn eflaust keypt sem ekki er orð á gerandi, enda kemur borgarbúum það yfirleitt ekki við þótt borgarstjórinn kaupi húseignir og fyrirtæki þegar illa stendur á hjá kjósendum flokksins. Í staðinn fyrir að kaupa atkvæði eins og sumir lítilþægir pólitíkusar gera kaupir borgarstjórinn fasteignir. Og þannig er hægt að tryggja sér atkvæðin hjá fyrrverandi eigendum með því að skera þá niður úr snörunni þegar allt er að fara á hausinn. Maður var jafnvel hálfhissa á því hvers vegna borgin keypti ekki Hafskip á sínum tíma eða Olís um daginn. En illar tungur segja að þeir Hafskipsmenn hafi ekki verið nægilega vel ættaðir og hjá Olís hafi ekkert verið til sölu nema skuldirnar. Borgin kaupir ekki skuldir af illa ættuðu fólki.

Það er eins í fasteignabransanum og öðrum viðskiptum að það er ekki bara hægt að kaupa, menn verða líka að selja. Þess vegna er það nú á dagskrá að selja Borgarspítalann, enda mun borgin ekki ráða yfir neinni annarri byggingu sem er jafnstór og dýr og spítalinn né heldur er hægt að selja jafnmarga hausa í einu." — Til innskots vil ég nefna að ég tel að þetta sé alls ekki með öllu rétt. Reykjavíkurborg á aðrar og miklu, miklu stærri eignir sem hún gæti auðveldlega losað sig við eftir sama módeli og hér er verið að ræða um.

Stærsti eignaraðili Landsvirkjunar t.d. er Reykjavíkurborg og ég fæ ekki séð að það skaðaði Reykvíkinga nokkuð þó að þeir seldu Landsvirkjun ríkinu. Kaupverðið yrði hátt, tekjur Reykjavíkurborgar miklar. Það mætti lækka útsvör Reykvíkinga heilmikið við þessa sölu við fyrstu sýn. Við stöndum reyndar aftur þarna frammi fyrir sama vanda og ég lýsti áðan í sambandi við Borgarspítalann að Reykvíkingar eru nálægt því að vera helmingur þjóðarinnar, þ.e. höfuðborgarsvæðisbúar, og þeir væru þar með að taka þátt í því að hluta til alla vega að borga Landsvirkjun upp á nýtt þannig að það er hætt við því að útsvarslækkunin yrði ekki eins mikil og tölurnar í þessu söludæmi gæfu til kynna því að viðskipti af þessu tagi eru einfaldlega ekki rökrétt. Og ég held að seint næðust þeir samningar að hin kjördæmin sjö keyptu Landsvirkjunarhlutann eða hlutinn af Reykjavík.

Nú segir þessi dálkahöfundur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef þetta mál er skoðað pólitískt er þessi hugmynd alls ekki svo vitlaus", þ.e. að selja Borgarspítalann. „Líflíkur sjúklinga fram yfir næstu kosningar hljóta að vera miklum mun minni heldur en hjá heilbrigðu fólki utan sjúkrahúsanna og þess vegna gerir það minna til þó nokkur hundruð sjúklingar séu seldir á einu bretti. Þannig er framsóknarbrandarinn að verða að veruleika hvort sem það verður ríkissjóður eða starfsmenn spítalans sem kaupa af Davíð. Næst ætti borgarstjórinn að selja skólana til kennaranna. Svo getur hann selt strætisvagnana til farþeganna og Félagsmálastofnunina geta einstæðar mæður keypt eftir áramótin. Hvað eru menn eiginlega að kvarta?"

Um vilja framsóknarmanna í Reykjavík hefur verið spurt og greinilega kemur fram að það eru ekki margir hér á hv. Alþingi sem lesa flokksmálgagn framsóknarmanna, Tímann, en þar kemur þann 6. des. á þessu ári fram skoðun framsóknarmanna á þessu máli. Þeir segja:

„Rekstur Borgarspítalans er þungur baggi á borgarsjóði. Halli á rekstri spítalans sem af er þessu ári er 150 millj. umfram greiðsluáætlun."

Auðvitað er þetta rakið bull því að Reykjavíkurborg greiðir alls ekki þennan halla heldur er það greitt úr ríkissjóði með vöxtum. En áfram segja framsóknarmenn:

„Það er ekki sanngjarnt að eitt sveitarfélag þó fjölmennt sé taki á sig að fjármagna stórfelldan halla á Borgarspítalanum þar sem Reykvíkingar standa að sínum hluta til jafns við aðra landsmenn undir öðrum spítalarekstri í landinu."

Auðvitað gildir það sama um alla landsmenn og segir þetta okkur ekkert annað en það að framsóknarmönnum gengur oft mjög erfiðlega að hugsa

rökrétt.

Þessi umræða hefur farið æðimikið á skjön að því leyti að menn tala um ríkið og borgina eins og einhvers konar sjálfseignarfyrirtæki án aðildar þeirra tugþúsunda manna sem bera þessi stóru fyrirtæki uppi og eru hinn eiginlegi rekstraraðili.

Ólafur Örn Arnarson yfirlæknir á Landakotsspítala skrifar grein í Morgunblaðið föstudaginn 5. des. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík hefur hingað til ekki getað treyst á algera forsjá ríkisins í þessum efnum," og er hann þá að tala um heilbrigðismál, „ekki síst með tilliti til kjördæmaskipunar landsins og áhrifaleysis höfuðborgarinnar á löggjafann. Því má segja að frá fjárhagslegu skammtímasjónarmiði gæti verið réttlætanlegt að draga saman seglin á þessu sviði, en að öllu öðru leyti er mikil áhætta fólgin í þessari ákvörðun fyrir borgarbúa."

Sami maður bendir á, eins og reyndar nokkrir aðrir hafa gert, þann hugtakarugling sem ég minntist á áðan. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður fyrr var tryggingarhugtakið alls ráðandi á þessu sviði. Menn borguðu iðgjöld til sjúkrasamlaga og síðar almannatrygginga og þetta þótti góð fyrirhyggja. Á tíma vinstri stjórnarinnar 1972 var þessu breytt og nú skyldi greitt fyrir þjónustuna beint úr ríkissjóði. Síðan hafa menn ruglað hlutunum dálítið og segja að ríkið borgi þetta allt og því sé öll heilbrigðisþjónustan í raun ríkisrekin þó rekstrarfyrirkomulagið sé með ýmsu móti. Þetta er álíka og segja að öll réttingaverkstæði á landinu séu rekin af tryggingafélögunum vegna þess að bifreiðatryggingarnar borgi kostnað við viðgerðirnar eða að öll verktakafyrirtæki sem vinna að vegaframkvæmdum séu rekin af ríkinu vegna þess að fjárframlögin koma af fjárlögum. Ég vil líta svo á", segir þessi greinarhöfundur og ég er honum algerlega sammála, „að ýmsar stofnanir og einstaklingar sem vinna í heilbrigðiskerfinu séu nokkurs konar verktakar sem fá greitt fyrir sína þjónustu eftir samningi úr okkar sameiginlega tryggingasjóði. Þess vegna er fráleitt að halda því fram að ríkið þurfi sjálft að reka alla þjónustuna."

Þetta er hárrétt. Spítali, alveg sama hvaða spítali er, er þjónustustofnun. Þar er veitt ákveðin þjónusta. Hún kostar ákveðið. Verðið á þessari þjónustu verður til í samningum milli þeirra aðila sem annars vegar bera ábyrgð á fjárveitingunum og hins vegar bera ábyrgð á rekstrinum. Það er sama hvort það heitir daggjöld eða fjárlög. Það verða alltaf að fara saman raunhæfar áætlanir um rekstur og raunhæf framlög úr þeim sjóðum sem þessa þjónustu borga. — Ég þykist nokkuð viss um að það verði að teljast fyllilega eðlilegt þó að menn dragi ýsur bæði undir þessum ræðuhöldum og líka vegna þess að nú er aðeins farið að örla fyrir næsta morgni.

Herra forseti. Á fundi þann 10. des. s.l., hlutirnir ganga nú hratt fyrir sig, komu saman læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og borgarar á fund í Gamla bíói við Ingólfsstræti til að mótmæla sölu-áformum um Borgarspítalann. Í lok þessa fundar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Almennur borgarafundur haldinn í Íslensku óperunni 10. des. 1986 ályktar eftirfarandi:

Fundurinn mótmælir harðlega þeirri aðför að íslensku heilbrigðisþjónustunni sem felst í tilraunum til þess að selja Borgarspítalann og steypa honum saman við ríkisspítalana og mynda þannig eitt stórt miðstýrt heilbrigðisbákn sem ekki mun ná því markmiði að auka hagræðingu í rekstri né bæta þjónustu við sjúklinga. Fundurinn skorar á heilbrigðisyfirvöld að tryggja sjálfstæði Borgarspítalans í framtíðinni til að tryggja borgarbúum og landsmönnum öðrum áframhaldandi góða heilbrigðisþjónustu sem fyrr."

Sama dag ályktaði Læknafélag Íslands og stjórn Læknafélags Reykjavíkur. Í ályktun stjórnar Læknafélags Íslands segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á liðnum árum hafa sjúkrahús landsins barist í bökkum fjárhagslega og búið við umtalsverðan rekstrarvanda. Augljóst er að fjárlagafrv., ef samþykkt verður, eykur þann vanda á næsta ári og leiðir óhjákvæmilega til niðurskurðar á starfsemi sjúkrahúsanna og þá væntanlega einnig til lakari þjónustu. Mótleikur ríkisvaldsins fólginn í aukinni miðstýringu sjúkrahúsanna er blekking sem breytir engu. Stjórn Læknafélags Íslands ítelur einnig þann leikaraskap að gera Borgarspítalann að söluvöru svo og það sjónarspil að láta að því liggja að sú lausn ein leysi aðsteðjandi rekstrarvanda."

Nú er líka komið í ljós, hæstv. forseti, eins og ég gat um hér áðan, að þessi röksemd fyrir sölu spítalans er fallin þannig að það hljóta að liggja einhverjar aðrar og þá annarlegri hvatir fyrir því að hæstv. borgarstjóri vill selja hann.

Enn fremur segir í þessari ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Læknafélags Íslands er þess fullviss að landsmenn óska ekki eftir niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni og er þar með talin þjónusta sjúkrahúsanna."

Það þarf kannske ekki mikla skarpskyggni til að taka undir þessi orð því að auðvitað gera allir sér ljóst að heilbrigði sitt eiga þeir að mjög miklu leyti undir krónum og aurum. Í ályktun stjórnar Læknafélags Reykjavíkur er lýst yfir andstöðu við fyrirhugaða sölu á Borgarspítalanum og mótmælt að meiri háttar stefnumarkandi ráðstafanir séu gerðar án þess að leitað sé álits lækknanna og annarra starfsmanna spítalans. Í þessari ályktun segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, að ekki hafi verið sýnt fram á að þessi ráðstöfun leiði til aukinnar þjónustu við borgarbúa og aðra landsmenn eða leiði til sparnaðar í rekstri spítalans. Þar að auki sé sala spítalans skref í átt til aukinnar miðstýringar á sama tíma og aðrar þjóðir eru að stefna að valddreifingu í spítalarekstri. Að auki sé hætt við að sameining Borgarspítala og Landspítala dragi úr faglegu aðhaldi og heilbrigðum metnaði milli stofnana.

Ég gæti, hæstv. forseti, þulið nánast endalaust

upp orð þeirra mörgu manna sem mótmælt hafa sölu Borgarspítalans. Ég fullvissa hæstv. forseta um að ég er bara meira og minna að grípa niður í örfá sýnishorn þeirra ummæla sem fram hafa komið um þetta mál. Í Dagblaðinu þann 6. des. s.l. er grein sem rituð er af Kristni Guðmundssyni, yfirlækni heila- og taugaskurðdeildar Borgarspítala Reykjavíkur, sem er sú eina sinnar tegundar hér á landi og tiltölulega nýtilkomin. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú skal selja Borgarspítalann vegna þess að hann fer á föst fjárlög. Þar með ætla borgaryfirvöld að afsala sér forustuhlutverki sínu. Hér er um mikla stefnubreytingu að ræða sem borgarbúar ættu að íhuga nánar áður en af verður. Starfsfólk spítalans sér ekki nauðsyn þessarar sölu. Það hefur farið fram á að fá að taka að sér reksturinn. Vísast er þó að spítalinn verður gerður að einhvers konar ríkisstofnun, annaðhvort sjálfstæðri eða undir stjórn ríkisspítalanna. Yfirtaka ríkisins á rekstri spítalans, ef af verður, er illa undirbúin. Enn veit enginn hvað við tekur. Það er ekki vitað um neinar ákveðnar hugmyndir eða ákvarðanir um hvað gera eigi. Ekkert hefur verið rætt við stjórn spítalans eða yfirlækna um þetta mál og ekki heldur hinna spítalanna. Það mætti segja mér að forráðamönnum þeirra þyki þetta ekki lítið vandamál. Ef af samruna Borgarspítalans og Landspítalans yrði tæki það mörg ár. Það er ekki hægt að flytja fólk og deildir til að vild."

Ég vil skjóta hér inn í, hæstv. forseti, að það sem þessi yfirlæknir er hér með að segja er það að eitt er það að borga Borgarspítalann, þ.e. kaupa Borgarspítalann. Hitt er það að greiða allan þann kostnað sem af því verður að sameina þessi fyrirtæki stjórnunarlega.

„Vafasamt er", segir áfram með leyfi hæstv. forseta, „að af því yrði mikill sparnaður. Hér er um að ræða stórar stofnanir þar sem vinnur fjöldi fólks. Fara þarf varlega ef ekki á að gera meiri skaða en gagn. Auðvitað getur viss hagræðing verið til bóta, en til þess þarf fyrst og fremst trausta og ákveðna stjórn heilbrigðisyfirvalda sem væri gerkunnug heilbrigðismálum og hefði fullt traust heilbrigðisstétta. Okkur finnst hugur borgarstjóra í garð spítalans ekki góður", segir þessi greinarhöfundur. „Það kom fram í sölu Hafnarbúða þrátt fyrir mótmæli, sölu spítalans sjálfs, ummæli hans í tilefni af svokallaðri „svartri skýrslu" sem birtist fyrir nokkru og nú síðast ummæli hans um lóð spítalans. Þá fannst okkur heldur ekki góður hugur ríkisins sem ætlar að svelta spítalann á fjárlögum næsta árs svo að skiptir hundruðum milljóna."

Einnig, herra forseti, held ég að ekki væri úr vegi að lesa úr leiðara næstútbreiddasta blaðs landsins, skrifuðum fimmtudaginn 11. des. af ritstjóra þess, Jónasi Kristjánssyni. Þessi leiðari ber fyrirsögnina „Óhóflegt sjálfstraust" og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilraun Davíðs Oddssonar til að selja ríkinu Borgarspítalann felur í sér ýmis mistök. Önnur af tveimur þeirra alvarlegustu er að vanmeta almenna andstöðu reykvíska flokksbræðra sinna gegn útþenslu ríkisbáknsins. Sú andstaða hefur skýrt komið fram í vikunni.

Margir stuðningsmenn Sjálfstfl. spyrja hvers vegna borgarstjóri þeirra hafi skipt um skoðun frá því í kosningunum og tekið upp á sína arma kosningamál Framsfl. sem hann gerði þá grín að. Fólk telur Davíð ekki sjálfum sér samkvæman.

Hin stóru mistökin eru ekki síður alvarleg. Þau eru að klúðra málinu svo að það nái tæpast fram að ganga. Kjósendur Davíðs taka nefnilega í mesta lagi einn hlut fram yfir hugsjónina „gegn ríkisrekstri", það er að forustumönnum þeirra takist sæmilega að ná sínu fram. Svo virðist sem borgarstjórinn hafi verið svo fullur sjálfstrausts að hann hélt að hann gæti upp á sitt eindæmi selt Borgarspítalann án þess að tala við kóng eða prest, hann þyrfti ekki samþykki borgarstjórnar og enn síður samráð við fjölmennt starfslið sjúkrahússins. Sennilega hefur Davíð miklast af því hve auðvelt honum hefur reynst hingað til að taka mikilvægar ákvarðanir á borð við að afhenda fasteignasölu lóð í miðbænum og kaupa lóðir og lönd af gömlum vinum flokksins. Loksins fór svo að hann kunni sér ekki hóf. Þá hefur hann ofmetið getu ráðherra til að kaupa Víðishúsið og mjólkurstöðvar fram hjá fjárlögum og án nokkurra heimilda. Það fór líka svo að fyrirhuguð kaup á Borgarspítala fóru um mark hins mögulega að mati hluta þingflokksins sem mótmælti á kvöldfundi. Davíð situr nú uppi með að hafa meira eða minna í kyrrþey reynt að framkvæma stefnu Framsfl. án þess að flokksbræður hans í ríkisstjórn geti leyft sér að kaupa. Hann er ekki lengur sá kraftaverkamaður er nær öllu fram sem hugurinn girnist.

Þingmenn Framsfl. hafa af eðlilegum ástæðum tekið vel í söluna og vitnað til þess að upprunalega hafi hún verið kosningamál reykvíska framsóknarmanna", en það má reyndar benda á að fram kom í máli hv. þingflokksformanns Framsfl., 2. þm. Norðurl. v., í kvöld að framsóknarmenn hafa ekki minnsta áhuga á að kaupa Borgarspítalann, en þeir gætu vel þegið að fá hann gefins og það finnst manni þó öllu skynsamlegri afstaða hjá þeim sem gæta fjárhirslu ríkisins. „Hins vegar hafa þingmenn Sjálfstfl. fundið hina eindregnu óánægju sinna manna. Margt má læra af þessu. Eitt er að skyndisókn gengur ekki nema hún sé framkvæmd af sama hraða og kaupin á Olísbréfunum. Ef þau hefðu tekið meira en helgi hefðu þau verið stöðvuð alveg eins og Davíð hefur nú verið stöðvaður af því að hann var of seinn. Annað er að ekki er gulltryggt að einræðisaðferðir nái alltaf árangri þótt þær takist nokkrum sinnum. Jafnvel borgarstjórar og ráðherrar verða að sæta því að völd þeirra eru ekki fullkomin. Svo getur farið að hefðbundnar lýðræðisleiðir séu gagnlegri.

Flestir sem um Borgarspítalamálið hafa fjallað eru sammála um að Davíð hafi staðið of geyst að málum, enn fremur að málið sé komið í slíkt óefni að affarasælast sé að fresta framkvæmdinni um eitt ár

meðan allir málsaðilar séu að ná áttum í því. Um viðskipti með spítala á að gilda hin sama regla og ætti líka að gilda í viðskiptum með Víðishús og mjólkurstöðvar, lóðir í Skuggahverfi og lönd í Grafningi, að heppilegast er að gefa sér tíma til að fara eftir lögum, reglugerðum og ekki síst almennum siðvenjum. Sagt er að allt vald spilli og alræðisvald gerspilli. Við höfum hins vegar séð dæmi um að það getur ruglað valdhafann og valdshyggjumanninn í ríminu" — og getur maður ekki annað en tekið undir með ritstjóranum að rækilega hefur valdið spillt og ruglað borgarstjórann okkar í Reykjavík í ríminu.

Þessi mál eiga sér auðvitað hliðstæður í margs konar öðrum fyrirhuguðum ríkisrekstri og gæti ég tekið ýmis dæmi, en læt það vera í bili. Það kann vel að vera að þessi umræða teygist eitthvað lengur og þá er gott að geta bent mönnum á, sem ekki vilja ná áttum, aðrar hliðstæður í þessu máli.

Menn geta þó í lokin spurt að því ef af þessum kaupum verður eða þessari sölu, ef menn bera saman hug ríkisins til hinna ýmsu málaflokka sem við höfum núna um að fjalla: Hvernig halda menn að ríkissjóður muni standa að fjárveitingum til Borgarspítalans þegar hann þarf ofan á reksturinn líka að standa undir kaupverðinu? Ef við horfum á hliðstæður eins og t.d. Þjóðleikhúsið sem ekki nær endum saman vegna þess að það þarf að greiða viðhald hússins sem reksturinn fer fram í af rekstrartekjum og húsið er að grotna niður og hrynja nánast saman yfir starfsemina vegna þess að auðvitað stendur rekstur þessarar stofnunar ekki með nokkru móti undir viðhaldi hússins.

Það er ekkert ósvipað með Ríkisútvarpið. Það fékk eyrnamerktar tekjur á fjárlögum til að standa undir fjárfestingum. Þessar tekjur áttu að renna í sérstakan fjárfestingarsjóð og komu rekstri Ríkisútvarpsins ekki nokkurn skapaðan hlut við. Yfirdráttur manna í þessum sjóði núna vegna framkvæmda er um 70 millj. Þær tekjur sem Ríkisútvarpið átti von á á þessu ári voru svipuð upphæð, en reyndin hefur orðið sú að innflutningur á þeim tækjum sem Ríkisútvarpið fær gjöld af hefur orðið svo miklu meiri en menn áætluðu að tekjurnar verða helmingi meiri. En það á líka að nægja um alla eilífð því að það eina sem ríkissjóður ætlar að láta af hendi er það framlag sem hann er ekki búinn að gera skil á enn þann dag í dag, þ.e. framlag þessa árs, en Ríkisútvarpið á ekki að fá neitt á fjárlögum næsta árs af þessum innheimtu gjöldum sem þýðir að nú verða þeir að fara að taka þá peninga úr rekstri sem þarf til að ljúka þeim bráðnauðsynlegu framkvæmdum sem eftir eru við það hús sem þeir eru að byggja hversu skynsamlegt sem mönnum finnst það hús vera. En á mælikvarða skynseminnar hlýtur þó að vera enn þá óskynsamlegra en hitt að láta það hús standa ónotað.

Þess vegna segi ég: Hvernig halda menn að þjónusta Borgarspítalans verði miðað við þetta hugarfar í fjárveitingum? Fyrst ákveða menn upphæðina sem til þessa spítala á að fara og síðan draga menn þar frá þann hluta kaupverðsins sem þeir eru að greiða á hverju ári og spítalinn verður síðan að bjargast með það sem út af stendur.

En hvers væntir maður í raun og veru? Það má kannske segja eitthvað um væntingar manns um orð sem töluð eru af skynsemi. Þá er ég ekki að segja, hæstv. forseti, að sú skynsemi komi af mínum munni fram. Ég hef verið hér að vitna í ýmsa aðila sem talað hafa um málefni Borgarspítalans af mikilli þekkingu og yfirsýn og allir, ég segi allir því að enn þá hef ég ekki heyrt nokkurn mann mæla með sölu þessa spítala, ekki nema ef vera skyldi eina fulltrúa Framsfl. í borgarstjórn, en þó var það ekki nema með hálfum hug að því er virtist.

En hvers vegna skyldi maður halda að stjórnvöld hlustuðu á gagnrýni og tækju tillit til hennar? Nú vitum við t.d. að hér hefur í dag verið mælt fyrir brtt. við fjárlög. Þessar brtt. eru að vísu fyrst komnar fram við 3. umr. Það hefur þegar verið fjallað um þær í ræðum í dag þannig að ég skal ekki hafa um þær langt mál, herra forseti, og mun því bráðlega fara að ljúka máli mínu. En ástæðan fyrir því að þessar tillögur eru ekki komnar fram fyrr er afskaplega einföld því að vinnubrögðin við fjárlagagerðina hafa verið með þeim hætti að það var ekki hægt að setja fram raunhæfar brtt. við fjárlög fyrr en við þessa 3. og síðustu umr. Þangað til höfðu menn ekki á neinu að taka. Þessar tillögur eru ekkert loft. Þær eru frekar einfaldar en mjög áhrifaríkar. Ég undirstrika að þær eru mjög áhrifaríkar því að við höfum heyrt að halli á fjárlögum er núna áætlaður, eins og ríkisstjórn leggur þau fram eða fjmrh., tæplega 3 milljarðar. En ef menn tækju þá gagnrýni sem fram kemur í till. Alþýðuflokksmanna alvarlega og samþykktu þær við afgreiðslu fjárlaga í dag er um þann möguleika að ræða að lækka þennan halla um rúmlega 2 milljarða. 1 milljarður af þessari lækkun hallans, tæplega 1,5 milljarðar, er fenginn með auknum tekjum sem nánast aðallega og eingöngu eru teknar af fyrirtækjum sem vel hafa sloppið undanfarin ár frá því að standa undir samneyslunni með einstaklingum þessa lands og með gjaldalækkun upp á hálfan milljarð. Ekki einasta yrði hallinn ekki nema 650 millj. að þessum tillögum samþykktum heldur yrði lánsfjárþörf ríkisins ekki nema 800 millj. kr. í stað 1700 millj. kr. í erlendum lánum, þ.e. hún lækkaði um 900 millj. kr. Þar með værum við búin að samþykkja fjárlög með mjög skaplegum halla, halla þó, en sá halli er uppsafnaður á vissan hátt á síðustu þrem árum og erfitt að bjarga því öllu við á einum degi, en með því að samþykkja þessar tillögur væri meiri hluti Alþingis að sýna vilja sinn í verki við að standa við gefin fyrirheit um kjarasamninga og verðbólgu og berjast gegn þenslutilhneigingu í þjóðarbúskapnum.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að tala í nokkuð löngu máli um atriði sem snerta e.t.v. ekki beint það frv. sem hér liggur fyrir því ekki hefur verið enn þá lögð fram nein tillaga til heimildar fyrir ríkisstjórn-

ina að kaupa Borgarspítalann, en ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að vara við þessum kaupum á þessum stað og þessari stundu er einfaldlega sú að ég vil reyna af fremsta megni ef mögulegt væri að fyrirbyggja að við stöndum frammi fyrir orðnum hlut í byrjun næsta árs og þá verði aðalröksemdin fyrir samþykkt á heimildum til ríkisins um kaup á þessum spítala sú að búið væri að framkvæma það og Alþingi ætti ekki neinna kosta völ annarra en ljá sitt samþykki, gefa sinn stimpil á gerðir manna einhvers staðar úti í bæ. Það, herra forseti, eru að verða allt of algeng vinnubrögð í löggjöf hér á þingi og fyllilega tel ég tilefni til að vara menn við því að láta slíkt henda oftar en orðið er.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræða þessi dregst nú nokkuð á langinn og enn þá eru þrír á mælendaskrá og nokkuð áliðið. Þetta væri ekki umtalsvert nema vegna þess að það er gert ráð fyrir deildafundum í báðum deildum þegar að loknum þessum fundi. Það er vegna þess að það hefur verið gert ráð fyrir að geta gert þinghlé á morgun. Í gær áttu forsetar þingsins fund með formönnum þingflokka um þinghaldið í dag og á morgun og niðurstaða þess fundar varð sú að það verður að líta svo á að það sé samkomulag milli þingflokkanna að hægt verði að gera þinghlé á morgun. Með tiliti til þessa vill forseti mælast til að ræðumenn stilli máli sínu nú í hóf.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með tilliti til orða virðulegs forseta áðan vil ég í fyrsta lagi segja að það er ugglaust rétt hermt að samkomulag liggi í megindráttum fyrir um afgreiðslu mála og tilhögun fundahalds þannig að því megi ljúka á þeim tíma sem ætlað hefur verið, en það er einnig rétt að hafa í huga að ýmislegt hefur borið við undir og í þessari umræðu í dag sem hefur gert það að verkum að hún hefur teygst nokkuð á langinn. Ég held að við verðum að reyna í anda þess samkomulags að sameinast um að greiða þá úr þeim óvæntu uppákomum sem hér hafa orðið. Svo að ég skýri hvað ég á við, þá eru það m.a. brtt. sem hér hafa komið fram og nýjar upplýsingar um mál undir umræðunni og kalla auðvitað á að þær séu ræddar nokkuð. Það er óhjákvæmilegt. Tilefni mitt í þennan virðulega ræðustól er einmitt slíkar brtt. og ummæli í sambandi við þær sem ég sé mér ekki fært annað, virðulegur forseti, en gera lítillega að umtalsefni. En ég skal að sjálfsögðu hafa orð virðulegs forseta í huga og reyna að stytta mál mitt eftir föngum.

Í fyrsta lagi eru brtt., reyndar tvær, á þskj. 459 frá meiri hl. fjvn. og síðan á þskj. 482 frá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Halldóri Blöndal og Valdimar Indriðasyni. Ég verð að segja eins og er að báðar þessar tillögur koma mér nokkuð á óvart. Í fyrsta lagi er þarna verið að setja inn heimildarákvæði í 6. gr. af hálfu meiri hl. fjvn. til að selja dýpkunarskipið Hák að undangengnu mati o.s.frv., en síðan koma þrír hv. þm. stjórnarliðsins og flytja brtt. við brtt. meiri hl. Hér er nokkuð óvenjulega, hygg ég, að verki staðið, herra forseti, þegar hv. stjórnarliðar við 3. umr. fjárlaga koma málum sínum ekki betur saman en svo að meiri hl. fjvn. flytur eina brtt. og þrír hv. þm. úr stjórnarliðinu flytja aðra við sömu grein. Það vill einfaldlega þannig til, herra forseti, að ég er í meginatriðum andvígur þessum brtt. báðum og ég sé mér ekki annað fært eftir að þær eru komnar fram og hafa verið gerðar hér að umtalsefni en skýra nokkuð afstöðu mína til þess.

Ég er á móti því að Hafnamálastofnun eða ríkið selji síðasta tæki sitt ti dýpkunarframkvæmda. Ég er á móti því í grundvallaratriðum og ég er enn meira á móti því að staðið verði að því með þeim hætti sem hér eru fluttar tillögur um. Ég get sætt mig við út af fyrir sig að væri skipið selt væri um það samið og frá því gengið að annað tæki hliðstæðrar gerðar kæmi í landið í staðinn. Það liggur fyrir að það vantar í landið dýpkunarskip, ekki endilega sanddæluskip heldur fremur gröfuskip eða gröfupramma, sem gæti sinnt því verkefni að dýpka fastan botn. Ég hef lagt fram fsp. á Alþingi til virðulegs samgrh., einmitt á þessu þingi, um áform hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum og það kom fram að ekki er á döfinni að kaupa slíkt tæki. Nú á þvert á móti að fara að selja úr eigu ríkisins síðasta tækið sem getur sinnt svona verkefnum. Ég er algerlega andvígur því nema það liggi þá fyrir, eins og ég áður sagði, af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að annað tæki komi í staðinn. Ég tel reyndar að Hafnamálastofnun þurfi að eiga tvö skip, annað til dælingar og hitt til að dýpka fastan botn. Það væri síðan út af fyrir sig nóg að sanddæluskipið gæti annað að einhverju leyti þeim verkefnum sem fyrir liggja í sanddælingu og aðrir aðilar gætu séð um afganginn, en þá hefði Hafnamálastofnun samanburð, hún ætti sitt tæki og væri ekki algerlega ofurseld öðrum aðilum að vinna þessi verk. Ég bendi hæstv. samgrh. á það, sem talaði hér áðan og studdi þessar áætlanir, að það kynni að verða þröngt í búi hjá ýmsum smáfuglum ef ríkið á ekkert tæki til að fara á milli og vinna erfiðustu og óhagkvæmustu verkefnin. Hver á að taka að sér sanddælingu upp á nokkur þúsund rúmmetra í hinum litlu höfnum hringinn í kringum landið? Hvaða einkaaðili gerir það á hagkvæmnisgrundvelli? Það er ekki hægt, það liggur fyrir, þannig að annaðhvort er verið að ofurselja minnstu hafnirnar því að gera þetta með mjög óhagkvæmum hætti eða þá að verið er að taka á ríkið mikið óhagræði. Ég hefði talið að það ætti að endurnýja dæluskipið Hák og kaupa annað og nýtískulegra skip, ekki endilega ýkja stórt, það mætti vera tiltölulega lítið, svipað skip og Hornfirðingar notast við í sinni höfn, og síðan þarf að fá til landsins með einhverju móti dýpkunarskip sem getur dýpkað fastan botn. Það liggur fyrir að framkvæmdir í fjöldamörgum höfnum í landinu eru stopp vegna þess að ekkert tæki er til til að sinna þessu verkefni. Ég gæti nefnt ekki færri en þrjár eða fjórar úr Norðurlandi eystra einu saman. Hæstv. ríkisstjórn hefur haft allan þennan tíma án þess að

gera nokkuð í þeim efnum.

Það liggur einnig fyrir í svari frá sjálfum hæstv. samgrh. á Alþingi á þessum þingvetri að það er margra ára verkefni fram undan í landinu fyrir svona skip. Þegar kemur að því að fjárveitingar verða með eðlilegum hætti, sem vonandi verður þegar skipt verður um ríkisstjórn og önnur betri kemur í staðinn fyrir þessa, verður auðvitað farið í það verk að koma ástandinu í höfnum landsins aftur í skikkanlegt horf og til þess þarf tæki þannig að ég leggst algerlega gegn þeim hugmyndum að selja skipið með þessum hætti. Ég hefði þó frekar sætt mig við að það yrði gert ef andvirðið væri skilyrðislaust merkt þessu verkefni, þ.e. andvirðið rynni til þess að kaupa nýtt tæki til dýpkunar eða legðist í sjóð til að mæta því verkefni þó síðar yrði.

Hitt er svo annað mál að fyrri hluti brtt. hv. þm. Ólafs G. Einarssonar o.fl. er að sínu leytinu hugnanlegri að þar er gert ráð fyrir því að skipið verði selt almennri sölu á opnum markaði en ekki metið upp og afhent einhverjum sérstökum vildarvinum eins og manni býður í grun að eigi að gerast miðað við brtt. meiri hl. fjvn.

Herra forseti. Ég taldi mér því miður ekki annað fært en gera þessar athugasemdir m.a. vegna alllangra ræðuhalda hv. stjórnarsinna um þetta tiltekna atriði þar sem þeir mæltu á víxl fyrir brtt. sínum hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. formaður fjvn.

Ég fagna þó í litlu sé sinnaskiptum hv. meiri hl. fjvn. um að auka lítillega framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, en ég verð að segja, virðulegur forseti, að minna mátti það ekki vera og auðvitað er þessi aukning langt frá því nægjanleg, en það er sjálfsagt að meta það vel er gert þó í litlu sé. Rausn hv. fjvn. var ekki meiri en svo að henni þóknaðist að hækka þennan lið um 6 millj. kr. í öllu góðærinu og dregur þá lítið úr skömminni þó eitthvað sé.

Hér hefur nokkuð verið rætt um sölu Borgarspítalans, herra forseti, og að gefnu tilefni. Ég hef sagt það einhvern tíma áður þegar þessi mál hefur borið á góma á undanförnum sólarhringum að ég ætla ekki út af fyrir sig að blanda mér mikið í þær deilur. Mér finnst það í sjálfu sér fyrst og fremst vera mál Reykvíkinga og þm. þeirra við ríkisvaldið hvort þeir eiga þennan spítala og reka hann eða hafa það með einhverju öðru móti. Auðvitað geta heilbrigðisyfirvöld og Alþingi haft vissa stefnu í því með hvaða hætti þátttaka sveitarfélaganna í spítalarekstri er og í því tilliti má segja að Reykjavík eigi ekkert að hafa aðra stöðu en önnur sveitarfélög og það er þannig að þau eru þátttakendur að rekstri sjúkrahúsanna í stærstu sveitarfélögunum og taka einnig á sig ábyrgð á stjórnun þeirra, sbr. sjúkrahúsin á Akureyri, Ísafirði og víðar, þar sem sérstakar nefndir með aðild viðkomandi sveitarfélaga sjá um stjórnun stofnananna. Ég tel eðlilegast að það sé þá með svipuðum hætti í Reykjavík. Verði hins vegar þessi spítali seldur er óhjákvæmilegt að það fordæmisgildi komi til skoðunar í framhaldinu.

Í öðru lagi snýst þetta hins vegar um samræmingu sérhæfðrar spítalaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og í landinu og þar kannske snýr málið nokkuð öðruvísi við. Það er þannig að vissar tegundir heilbrigðisþjónustu eru svo sérhæfðar að í litlu landi eins og á Íslandi er ekki skynsamlegt að reka þær á fleiri en einum stað. Ég fullyrði að viss dæmi megi finna þess að tækjakaup og starfsemi á höfuðborgarsvæðinu séu ekki eins skynsamleg og gæti verið ef betri samræming væri á milli sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er mín sannfæring, það litla sem ég þykist vita um þessi mál. Ég vil því segja að það er mín skoðun að með vissri samræmingu mætti koma á meiri hagkvæmni í rekstri hinnar sérhæfðu spítalaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og það væri ávinningur að því, bæði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og þó ekki síður fyrir landsmenn alla sem sækja sérhæfðustu þjónustuna hingað á höfuðborgarsvæðið, að betri samræming væri á milli stofnananna á höfuðborgarsvæðinu. Þannig mætti held ég ná betri árangri að vissu leyti en nú er.

Hitt er svo annað mál að sú fjölbreytta starfsemi sem er innan veggja Borgarspítalans á í sjálfu sér ekkert sérstakt erindi öll eins og hún leggur sig undir rekstur ríkisspítalanna eða undir hatt ríkisins sem slíks. Ég held að það væri því miklu skynsamlegra að fresta þessari ákvörðun og skoða hvort það ætti að skipta þessari starfsemi eitthvað meira upp og auka sérhæfingu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og þannig mætti ná meiri árangri.

Að síðustu vil ég segja um þetta að eins og staðið hefur verið að þessu máli, eins og því hefur verið forklúðrað af hálfu hæstv. ráðh. og borgarstjórans í Reykjavík, sem að þessu hafa unnið undanfarna sólarhringa, er í raun og veru búið að gera þessa samræmingu marklausa, það er búið að gera ómögulegt að vinna að þessu með skikkanlegum hætti. Við skulum bara setja okkur augnablik í spor þeirra manna sem ættu að taka að sér það verkefni, ef af þessum kaupum yrði, í því andrúmslofti sem búið er að skapa um þau, að reyna að koma á einhverju samstarfi eða samræmingu þarna á milli. Ég segi: Það er nánast ógerlegt eins og búið er að forklúðra þessu máli. Það er nánast ógerlegt vegna þess andrúmslofts sem búið er að skapa. Er óhjákvæmilegt að fordæma þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð.

Ég ætlaði svo, af því að samgrh. heiðrar okkur nú nánast einn hæstv. ráðherra, að víkja örlítið að framlögum til flugmála. Af því að hæstv. samgrh. gaf sér tíma fyrr í kvöld til að ræða þau nokkuð ítarlega hlýtur mér að leyfast, virðulegur forseti, að gera það einnig í örfáum orðum.

Hann var nánast svo óheppinn, leyfi ég mér að segja, að nefna nýútkomna skýrslu og nýútkomið álit flugmálanefndar þar sem væri myndarlega hrint úr vör og væri sett fram mikil áætlun um uppbyggingu í flugmálum. Þetta var allt rétt og satt hjá hæstv. ráðh., en ég segi: Hann var óheppinn, hæstv.

ráðh., að nefna þessa áætlun vegna þess að þar er einmitt talað um að til þess að það sé hægt að vinna þetta verkefni á ekki skemmri tíma en tíu árum þurfi yfir 200 millj. kr. fjárveitingu á hverju einasta ári í þetta verk. Þannig verður ekki sagt að það sé myndarlega hrint úr vör. Þegar verið er að undirbúa fjárlög sömu dagana og hæstv. ráðh. býður til ráðstefnu og veislu í framhaldinu af tilefni útkomu skýrslunnar eru fjárveitingar til flugmála ekki betri en raun ber vitni. Enn óheppilegra er þetta allt saman ef menn hlusta svo á fréttir sömu sólarhringa og heyra af því að flugvellir á Egilsstöðum, á Hornafirði, á Siglufirði, á Ísafirði eru meira og minna ófærir sömu daga sólarhringum saman vegna aurbleytu. Þá verður þetta allneyðarlegt, virðulegur forseti, og heppilegri tíma hefði hæstv. ráðh. getað valið sér, að ég hygg, til að kynna niðurstöðu skýrslunnar og bjóða til veislu í framhaldi af því.

Ég vil eindregið hvetja til þess að hv. alþm. skoði hug sinn um það hvort ekki sé hægt að sjá af einhverjum milljónatugum í viðbót til að leggja af stað með uppbyggingu flugbrautar á Egilsstöðum sem ég tel tvímælalaust vera forgangsverkefni númer eitt í flugsamgöngum á Íslandi. Ég tel það nánast hneyksli og móðgun við Austfirðingafjórðung ef fjárlögin verða afgreidd án þess að ætluð sé ein einasta króna til flugvallarins á Egilsstöðum eins og ástandið hefur verið þar undanfarnar vikur.

Það væri gaman, virðulegur forseti, að eiga svo smáorðastað við hæstv. samgrh. um hettumávavarp og andavarp og fleira tilheyrandi nálægt Sauðárkróksflugvelli sem hann vék að nokkrum gáfulegum orðum. Ég verð að segja alveg eins og er að eiginlega undrar mann að heyra jafnháttsettan mann í stjórnkerfinu og virðulegan samgrh. tala af slíkri gamansemi, ég segi ekki léttúð, um hluti eins og starfssvið Náttúruverndarráðs. Það sem hér er á ferðinni er auðvitað það að þarna er friðland. Þarna er löngu yfirlýst friðland á allstóru svæði, á votlendissvæði sunnan við Sauðárkróksflugvöll, friðland í fyrsta verndunarflokki og hefur lengi verið. Og það liggur alveg fyrir hverjar fuglategundir helstar verpa þarna, m.a. nokkrar sjaldgæfar andategundir. Það er þetta friðland sem Náttúruverndarráð vill vernda, enda ber því lögbundin skylda til. Það er hreinlega í landslögum að Náttúruverndarráð á að sjá um verndun friðlýstra svæða. Þetta ætti hæstv. samgrh. að kynna sér áður en hann talar af slíkri gamansemi um þessi mál.

Það sem flugráð hefur lagst gegn er ekki uppbygging varaflugvallar við Sauðárkrók út af fyrir sig. Náttúruverndarráð hefur einmitt bent á að það sé hægt að byggja a.m.k. 2300 metra langa flugbraut þar sem núverandi flugvöllur er og það dugar okkur Íslendingum fyrir okkar þarfir, en þeir hafa hins vegar lagst gegn mikilli lengingu flugbrautarinnar til suðurs inn á þetta friðlýsta svæði. Þegar talað er um allt að 1000 metra lengingu til suðurs með tilheyrandi breidd á flugbraut og öryggissvæðum til viðbótar er ljóst að mikið landsvæði færi undir malbik og möl sem nú er friðlýst svæði í háum verndarflokki. Náttúruverndarráð er einfaldlega að standa í stykki sínu, sinna lögbundinni skyldu sinni, hæstv. samgrh., þegar það bendir á þessa staðreynd. Það er reyndar ekki upp á Náttúruverndarráð að klaga heldur flugráð og aðra slíka aðila, m.a. samgrn., sem hafa verið að bollaleggja þarna alls konar framkvæmdir án þess að hafa nokkurt samráð eða leita álits Náttúruverndarráðs. Það er hið eina ámælisverða í þessu efni.

Nú fer ég senn að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. Ég ætlaði aðeins að minnast í lokin á litla brtt. sem flutt er af virðulegum forseta Sþ. og varðar hönnunarframkvæmdir til nýbyggingar á Alþingislóðinni í Reykjavík. Ég hef hugsað mér að styðja þessa till. virðulegs forseta og vegna þeirra umræðna og þeirra ummæla sem ýmsir hv. þm. hafa haft um þetta atriði vil ég fara um það nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi tel ég að það sé nauðsynlegt að bæta vinnuaðstöðu Alþingis. Hún er ekki nógu góð. Hún er hvorki nógu góð fyrir þm. sjálfa og þaðan af síður er hún samboðin því ágæta starfsfólki sem Alþingi hefur á að skipa. Ég tek undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar þar um. Það er okkur hv. alþm., sem setjum m.a. lög um vinnuvernd, ekki til sóma hvernig búið er að starfsfólki okkar hér. Við mættum minnast þess að stundum ætlumst við til þess og raunar krefjumst þess að okkar starfsfólk vinni vinnudag sem naumast þekkist annars staðar í landinu, m.a. á stundum eins og þessum, virðulegur forseti, þegar við þurfum að halda uppi fundum nánast sólarhringunum saman. Þá vinnur okkar fólk við aðstæður sem eru langt í frá að fullnægja settum reglum um aðbúnað og hollustuhætti og vinnuaðstöðu yfirleitt.

Ég tel að Alþingi Íslendinga verði í miðborg Reykjavíkur um ókomin ár, a.m.k. áratugi. Ég er reyndar í hópi þeirra þm. sem hafa stundum bollalagt rómantíska drauma um að færa Alþingi til, jafnvel á hinn forna þingstað, en það er í raun og veru ekki ákvörðun um það eða annað sem við værum að taka með því að bæta úr húsnæðisvanda Alþingis eins og hann er í dag. Húsnæðisvandræði Alþingis eru staðreynd og það þýðir ekki að berja hausnum þar við steininn. Starfsemi Alþingis hefur breitt úr sér hér um lóðina og er nú í mörgum húsum, ég kann ekki einu sinni að telja þau, á dreifðu svæði umhverfis þessa byggingu. Það er ekki mjög hentugt fyrirkomulag. Ef það verður ekki ráðist í að bæta úr þessu með byggingu eða einhvers konar úrlausn, sem felur í sér sæmilega varanlega úrlausn um nokkra áratugi, heldur þessi þróun ugglaust áfram. Við dreifum úr okkur um enn fleiri staði í miðbæ Reykjavíkur. Er það endilega skynsamlegt að kaupa upp lóðir og hús á dýrasta byggingarstað landsins og þenja starfsemina út um víðan völl í staðinn fyrir að selja frekar þessar eignir og koma starfsemi Alþingis fyrir á einni vel skipulagðri lóð sem ekki tekur allt of mikið pláss?

Ég flutti um það allítarlega ræðu þegar rædd voru

ný lög til þingskapa Alþingis á sínum tíma að það þyrfti að gera verulega bragarbót hvað varðaði starfsaðstöðu og starfsskilyrði Alþingis. Ég lýsti þar m.a. þeirri skoðun minni að það ætti að auka verulega við starfslið Alþingis, það ætti að koma á föstum riturum hjá þingnefndum og einstakir þm. ættu að fá aðstoðarfólk. Þetta þarf ekki að vera útgjaldaaukning fyrir ríkið, virðulegur forseti, heldur þvert á móti. Þetta gæti þýtt að sú þensla sem er í ráðuneytum og öðrum ríkisstofnunum gæti stöðvast og í staðinn yrði Alþingi betur í stakk búið til að sinna sínum verkum. — Og af því að hv. formaður utanrmn. situr í þingsalnum og hristir við og við hausinn án þess að því fylgi nokkur hljóð að þessu sinni (**EKJ:** Ég var að tala við Salome.) vil ég spyrja hv. þm.: Telur hann t.d. að það sé búið að utanrmn. Alþingis eins og maklegt væri? (**EKJ:** Já.) Þú telur það? (**EKJ:** Já.) Hv. formaður utanrmn. sér t.d. ekki ástæðu til þess að utanrmn. hafi á sínum vegum einhverja sérhæfða starfsmenn eða geti kallað slíka til, hafi t.d. ritara til að sinna verkefnum milli funda o.s.frv. (**EKJ:** Við höfum það úr utanrrn.) Já, þarna er svarið komið. Svona vilja menn hafa þetta. Það á að skaffa okkur vitneskjuna, það á að mata okkur, það á að matreiða ofan í okkur frv. o.s.frv. úr ráðuneytununum. Það er hlutverk löggjafarsamkomunnar að þiggja þaðan. Er það reisnin sem hv. formaður vill hafa yfir starfsemi Alþingis?

Ég held að virðing Alþingis sé ekki síst í hættu vegna þess að þm. eru spéhræddir og þeir hafa ekki þorað að gera við sjálfa sig og þingið eins og vert er og skylt er til þess að þessi stofnun geti starfað á sjálfstæðan hátt, lagt sitt sjálfstæða mat á hlutina og unnið sjálf að löggjöf eins og henni ber. Ég þekki ekki eitt einasta stjfrv. sem ekki er þannig til komið að það kemur einhverja boðleið utan úr bæ, ofan úr ráðuneytum eða utan úr kerfinu, úr einhverri stofnun eða annars staðar að. Og hvað gerist svo þegar þessi mál koma til umfjöllunar nefnda? Þau tilfelli sem ég þekki eru yfirleitt þannig að það er kallað í höfunda frv. úr ráðuneytinu eða úr viðkomandi stofnun. Þannig er hið faglega mat löggjafarsamkomunnar á málinu. Það er náð í höfundana úti í bæ og það er rætt við þá um málið. Svona á þetta ekki að vera á löggjafarsamkomu. Þar sem ég þekki til í öðrum þjóðþingum þá er þessu allt öðruvísi varið. Þingnefndirnar hafa ritara og starfsmenn. Þær hafa afl til að skoða málin sjálfstætt og til þess að þetta sé hægt þurfa menn bæði húsnæði, aðstöðu og fjárveitingar.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé ekki síst störfum Alþingis nauðsynlegt að það verði bætt úr húsnæðisástandinu. Og ég er ekki spéhræddur við að tala fyrir þessari byggingu þó að ég sé þm. af landsbyggðinni og heyri oft gagnrýni á að í Reykjavík sé nú verið að byggja þetta og hitt og hér sé hitt og þetta að hlaðast upp. Það er að vísu rétt, en úr því að Alþingi Íslendinga hefur horft á Seðlabankann byggja fyrir milljarð og Ríkisútvarpið fyrir meira o.s.frv. ætlar það þá ekki að þora að byggja yfir sig sjálft? (**EKJ:** Er það til eftirbreytni?) Það er ekki endilega til eftirbreytni, en ég held að ástæðan hefði þá verið meiri til að stöðva ýmislegt annað en þessa byggingu. Ég mun þora að standa frammi fyrir kjósendum mínum, hv. formaður utanrmrn., hv. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem enn þá er, og svara því hvers vegna ég er tilbúinn til að standa að því að byggja enn eina stóra byggingu í Reykjavík. Það er vegna þess að Alþingi Íslendinga er í Reykjavík, það eru ekki uppi tillögur um að flytja það annað á næstunni og hér þurfa þar af leiðandi húsnæði hús þess að vera og aðstaða til að sinna störfum sínum með sæmilegum hætti. Ég held að það sé enginn vandi fyrir þá hv. alþm. sem greiða þessari till. atkvæði að rökstyðja það og standa á því að þessi bygging sé fyllilega jafnþörf og reyndar miklu þarfari en margt annað sem verið er að gera í hinu opinbera kerfi. Ég hef ekki orðið var við það t.d. að menn hafi gagnrýnt útþenslu ráðuneytanna. Þau eru meira og minna að leggja undir sig heil hús hér í bænum. Ég er ekki viss um nema hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætti að skoða áform sjútvrn. í sínum húsnæðismálum á næstunni o.s.frv. Ég held að þörfin sé fyllilega jafnmikil og meiri hér en víða annars staðar að taka á húsnæðismálum og ég er þeirrar skoðunar reyndar að það eigi að byggja þessa byggingu alla í einu og gera það á skömmum tíma vegna þess rasks sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér að opna upp byggingarlóð í miðbænum. Það hlýtur líka að felast í því viss hagkvæmni að gera þetta þá með engri hálfvelgju ef menn fara í það á annað borð.

En að lokum, herra forseti, vil ég taka fram að það er skilningur minn að með því að styðja till. virðulegs forseta og fleiri sé ég ekki endilega að styðja í óbreyttu formi þá verðlaunatillögu sem hlaut 1. verðlaun í samkeppninni sem var s.l. vor. Það er ekki meining mín. Ég styð þessa till. í þeim skilningi að það sé meiningin að taka allar verðlaunatillögurnar og hanna hér hús þar sem ýmsar breytingar kæmu til greina, jafnvel eitthvað minni bygging en verðlaunatillagan er, og þannig gefist sem sagt tóm til að marka stefnuna um endanlega gerð hússins. Þá treysti ég því að niðurstaðan verði að lokum skynsamleg.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það mál sem hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., fjallaði um undir lok ræðu sinnar er sannarlega þess virði að því sé gefinn nokkur gaumur hér og ég verð að segja að frammíkall hv. 4. þm. Norðurl. v. (**EKJ:** Ræðumaður ávarpaði mig.) kom mér svolítið á óvart og hans svar, í rauninni ekki frammíkallið, heldur svarið, efni svarsins, að hann skyldi ekki hafa meiri metnað fyrir hönd þeirrar mikilvægu nefndar sem hann svo ágætlega veitir forstöðu að halda því fram að það væri fínt og í himnalagi að þessi nefnd hefði ritara úr utanrrn. Ekki efast ég um að sá ritari er starfi sínu vaxinn og allt gott um það, en fyrir hönd þingsins og

nefnda þingsins eigum við og verðum að hafa meiri metnað um sjálfstæði þingnefnda. Ég verð að segja að þetta svar hv. 4. þm. Norðurl. v. kom mér verulega á óvart.

Það er um margt nauðsynlegt að bæta starfsaðstöðu á Alþingi. Ég fullyrði að á engum jafnfjölmennum vinnustað og Alþingi er, væri unað við þá aðstöðu sem hér er fyrir hendi til matseldar og matargerðar. Ég fullyrði að á engum vinnustað yrði slíkt þolað. Ég spurði í fyrra forstöðumann stórs fyrirtækis sem kom í þinghúsið um hádegisbil: Hversu lengi mundu þínir menn una svona aðbúð? Hann sagði: Hálfan dag. (**GJG:** Fram að mat.) Einmitt, fram að mat, ekki fram að kaffi. Og hann svaraði þessu án umhugsunar. Ég tala nú ekki um þá aðstöðu sem því starfsfólki sem vinnur í þessari litlu eldhúskompu hér niðri er boðin. Það er afstaða út af fyrir sig að vera ánægður með þetta eins og þm. Kvennalistans og fleiri, en ég lýsi bara andstöðu við þá afstöðu. (**GJG:** Og andstöðu við Kvennalistann í heild.) Þetta voru ekki mín orð reyndar, en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kemst oft ákaflega vel að orði og hnyttilega.

En hafa menn skoðað hvernig búið er að fyrrverandi yfirskjalaverði þingsins uppi á hanabjálkunum? Hafa menn skoðað það? Hefur hv. 4. þm. Norðurl. v. komið þar upp? (**EKJ:** Já.) Já, og honum finnst það væntanlega allt til fyrirmyndar og mjög gott. (**EKJ:** Herbergið er skemmtilegt en það er slæmur stigi.) Það er gott að vera lítillátur og ganga ekki langt í kröfugerð, en mér finnst það satt að segja sorglegt þegar menn hvorki hafa metnað fyrir hönd þessarar elstu stofnunar okkar þjóðar né skilning á því að hér þurfi að bæta vinnuaðstöðu. Það þykir mér slæmt. Og ég hygg að ein ástæða þess að ýmsir þm. hafa snúist gegn þessari nýbyggingu sé t.d. sú er fulltrúar úr dómnefndinni héldu fundi með þingflokkum og voru þeir fundir ákaflega misjafnlega sóttir. Þar gafst mönnum kostur á að heyra ýmsar skýringar og útlistanir á þessari byggingu, hvernig hún er hugsuð, hvernig framhaldið er hugsað og ýmislegt fleira. Ég viðurkenni hispurslaust að ég hafði vissulega ýmsar efasemdir eftir að hafa skoðað þessar teikningar, en eftir að hafa hlustað á skýringar og athugasemdir og fengið svör við þeim spurningum sumum hverjum sem vöknuðu í mínum huga við að skoða þetta varð mér margt ljósara en áður hafði verið og þess vegna styð ég þessa tillögu og mér finnst mikils um vert að það geri sem flestir vegna þess að við eigum að hafa hugrekki og manndóm í okkur til að skapa hér viðunandi starfsskilyrði fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Ég hef enga trú á því að þm. slái sér upp í augum kjósenda með því að leggjast gegn þessari tillögu. Ég hef ekki nokkra trú á því. Ég tek undir með síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Norðurl. e.: Ég skal standa fyrir þessu máli frammi fyrir hverjum sem er og hvenær sem er og verja það. Til þess hef ég fullkomna sannfæringu.

Það er svo aftur annað mál hvort menn vilja fara að byggja þinghús einhvers staðar annars staðar hér í bænum. Það er bara ekki til umræðu. Alþingi er búið að móta stefnu í því. Það verður þá að taka það mál upp aftur og kann vilja þingsins í því. Ég held að hann sé ekkert breyttur. En það er að fara undan í flæmingi og skjóta sér undan því að taka afstöðu til málsins. Það getur vel verið að sú tíð komi að menn sameinist um að flytja Alþingi til Þingvalla. Það getur vel verið og ég er ekkert að segja að það sé fráleit hugmynd þegar kominn er þangað góður vegur og hægt að fara þessa leið á stuttum tíma. Mér finnst að það geti vel komið til greina einhvern tímann í framtíðinni. En fyrirsjáanlega verður Alþingi enn um sinn í þessu húsi og þess vegna verður að gera hér bragarbót, ekki bara vegna þingmanna, ekki síður vegna starfsfólksins, og vegna þeirrar þjónustu sem þessi stofnun á að veita.

Ég gæti auðvitað, herra forseti, haldið töluvert lengi áfram að tala um þetta mál, en ég fullyrði aftur og enn að ýmsar aðstæður hér, sem starfsmönnum er boðið upp á, eru ekki þess eðlis að Vinnueftirlit eða aðrir opinberir aðilar, sem eiga að fylgjast með slíkum stöðum og sjá um að þar sé allt í samræmi við settar reglur, mundu hrópa húrra fyrir eða blessa. Það er ég alveg sannfærður um og þetta vitum við öll. Og svo hafa menn á móti því að úr þessu sé bætt. Það er einkennileg afstaða.

Annað mál var til umræðu áðan. Það voru framlög til flugmála og framkvæmdir á flugvöllum. Nú hefur verið dreift hér þskj. 483 sem er ný skipting á framkvæmdafé til flugvalla. Það var verið að dreifa þessu skjali áðan. Þegar unnið er við þær aðstæður sem hér eru er auðvitað óhjákvæmilegt að gerist ýmiss konar mistök. Mér sýnist að það muni hafa gerst hér og að þetta þskj. sé í rauninni leiðrétting. Það skyldi þó ekki vera ef vinnuaðstæður væru betri hér í þinghúsinu og starfslið hefði betri aðstöðu og þm. þá líka að við gætum komið í veg fyrir svona mistök. Ekki yrði ég hissa á því.

Ég gerði að sérstöku umtalsefni áðan þá heimild sem er að finna í brtt. frá meiri hl. fjvn., lið 5.27, um jarðasölu. Raunar er það nú svo í þessu plaggi líka, í asanum hér og aðbúnaðinum, að ég sé ekki betur en að orðið hafi einhver mistök líka. Nei, það mun vera á öðru þskj., það er búið að laga þetta. Það var fyrr í þessu að sama greinin var tvítekin með örlítið breyttu orðalagi. Það er búið að laga það hér, enda er þetta skjal ekki endurprentað upp heldur er það endurprentað á ný sem þýðir líklega að það er þriðja útgáfan. Af hverju verða svona mistök? Þau verða vegna þess að hér er slök starfsaðstaða m.a. Og svo er fólk hér að hafa á móti að úr sé bætt!

En ég ætlaði að víkja að þessari heimildargrein sem fjallar um sölu jarðanna Rauðamýrar í Nauteyrarhreppi og Streitis í Breiðdalshreppi. Ég vil gjarnan bera fram nokkrar spurningar varðandi þetta sem hæstv. fjmrh. kannske svarar á eftir og þeir aðrir sem ég beini spurningum til.

1. Ég held að það sé þingvenja, kannske þó ekki alveg án undantekninga og þær undantekningar

gætu hafa læðst inn á síðustu stundu þegar verið var að afgreiða þessi mál með hraði að næturlagi undir lok þinghlés, en ég hygg að það sé nær undantekningarlaust að þegar selja á jarðir úr ríkiseign séu um það sett sérstök lög. Ég vildi gjarnan fá svar við því hvort þetta er ekki réttur skilningur.

2. Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins segir í 40. gr., með leyfi forseta: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“ Ég hygg að það sé skilningur fræðimanna og liggi fyrir skjalfestur að lagaheimild þýði hér sérstök lög, ekki ein setning í fjárlagafrv. Ég hygg að þetta sé skilningur fræðimanna og þess vegna held ég að sú aðgerð að selja fasteignir, selja jarðir úr eigu ríkisins með því að lauma því inn í fjárlagafrv. með þeim hætti sem nú er gert gangi á svig við stjórnarskrána. Ég óska eftir að fá að heyra hvað t.d. hæstv. fjmrh. hefur um þetta að segja. (**JBH:** Veit hann eitthvað um það?) Ég veit það ekki, en ég hefði áhuga á því að heyra hans skoðun á þessu máli. A.m.k. væri fróðlegt að fá að heyra t.d. hvað ríkislögmaður segir um þetta mál vegna þess að hér er mjög óvenjulega að farið.

Frv. um sölu annarrar þessarar jarðar var lagt fram á þingi í fyrra og mætti þá mjög verulegri andstöðu og hlaut raunar ekki afgreiðslu. Nú spyr ég þá sem fluttu þetta frv. í fyrra hvers vegna þeir ekki fóru þá leið að flytja það að nýju. Flm. voru, ef ég man rétt, hv. þm. Jón Kristjánsson og Egill Jónsson. Hvers vegna er þessi leið farin? Þegar lögð eru fram lagafrv. um sölu jarða er það föst regla að það er leitað umsagnar viðkomandi hreppsnefndar um hver sé skoðun hennar á þessari jarðarsölu. Hér verður það ekki gert. Þannig er að málum staðið. Hver er afstaða hreppsnefndar Breiðdalshrepps til þessarar jarðarsölu? Ég vil gjarnan fá að vita það og ég hygg að það vilji fleiri þm. fá að vita það og það muni kannske ráða einhverju um þeirra afstöðu til málsins. Það liggur ekkert fyrir. Ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð hér þegar þessari grein er laumað inn í till. meiri hl. fjvn. á síðustu stundu. Og ég spyr: Hvað býr hér að baki?

Það hefur vissulega verið ánægjulegt að heyra að það eru ýmsir fleiri þm. úr stjórnarliðinu líka sem taka undir að þetta beri að afgreiða með sérstökum lögum. Það er mín skoðun að ef menn vilja flytja frv., ef menn vilja selja þessar jarðir eigi um það að flytja sérstök lagafrv. þegar Alþingi kemur saman að loknu jólaleyfi. Þá reynir á þingviljann í málinu. Þá er hægt að leita umsagna viðkomandi hreppsnefnda eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Og þá er hægt að láta þetta mál fá þinglega afgreiðslu. Fyrir mitt leyti get ég sagt það hér og nú: Ég mun ekki hafa uppi nokkra tilburði með einum eða neinum hætti til að tefja slík mál. Það er eðlilegt að þingviljinn fái að koma fram, málið fái umfjöllun í nefnd en þetta sé ekki afgreitt með þeim óviðurkvæmilega hætti sem nú á að gera. Hér búa einhver einkennileg sjónarmið að baki sem ekki hafa komið fram. Andstaða mín við þetta mál byggist eingöngu á því að hér er óþinglega að málinu staðið. Það er gengið þvert á þingvenjur. Það er ekkert vitað um afstöðu heimamanna til þessa máls. Þetta eru ósvífin vinnubrögð af hálfu meiri hl. fjvn. og þeim vil ég ekki una. Þetta mál á að fá þinglega meðferð þannig að ráðrúm gefist til að fjalla um það í nefnd, kanna afstöðu heimamanna. Hér er í rauninni verið að fara á bak við þm. því greinilega var ætlunin að láta þetta renna hér ljúflega í gegn án þess helst að nokkur maður eftir tæki.

Ég gerði að umtalsefni í kvöld aðra brtt. sem þrír hv. þm. Sjálfstfl. flytja. Ég vek athygli á því hversu óvenjulegt er að þrír þm. úr flokki hæstv. fjmrh. og flokki formanns fjvn. taki sig til á síðustu stundu og flytji brtt. við fjárlagafrv. síns ráðherra, sinnar ríkisstjórnar og síns formanns. Ég sagði að þetta væri óvenjulegt og ég hygg að þetta sé einsdæmi. Ég óskaði eftir því að í umræðunum kæmu fram skýringar á þessum tillöguflutningi og þær hafa komið. Munurinn á þessum till. er að fjvn. leggur til að þetta verði selt samkvæmt mati. Vissulega vaknar þá grunur um að menn séu þegar með einhverjar ráðstafanir í hyggju um það hver eigi að kaupa og á hvaða verði. Það vakna grunsemdir um það. Ég er ekki að segja að svo sé, langt í frá. En ég mun greiða till. á þskj. 482 atkvæði vegna þess að þó um það megi deila að selja þetta skip má líka deila um nauðsyn þess að ríkið reki svona skip þegar mörg slík eru þegar til í landinu sem geta annast þessi verkefni. En ég er andvígur því orðalagi, sem er á till. meiri hl. fjvn., að selja þetta samkvæmt mati. Auðvitað á að selja eigur ríkisins í svona tilvikum þeim sem býður best verð. Það er ósköp einfalt mál. (**TG:** Þeir verða að geta borgað.) Ég geri ráð fyrir því að þeir sem gera sig líklega til að kaupa þetta skip muni þá vera borgunarmenn fyrir því sem upp er sett. (**TG:** Ég ætla ekki að trufla.) Þetta var engin truflun, hv. þm. Þetta var ágætis ábending. Þess vegna mun ég greiða atkvæði með till. þeirra hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, Halldórs Blöndals og Valdimars Indriðasonar.

En ég vek enn athygli á því að hér er um einsdæmi að ræða, að þm. úr flokki fjmrh., einsdæmi að ég hygg, aldrei skyldi maður fullyrða of mikið, flytji brtt. af þessu tagi við lokaumfjöllun fjárlaganna.

Ég mælist til þess við hæstv. fjmrh. að hann, til að greiða fyrir afgreiðslu mála, beiti sér fyrir því að ákvæðið um sölu ríkisjarðanna verði tekið út úr heimildagreininni og þess í stað flutt frv. um málið að loknu þinghléi. Það er enginn að andmæla því að þetta mál komi hér fram og fái þinglega meðferð heldur er hér verið að mótmæla þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem viðhöfð eru og sem óneitanlega gefa til kynna að hér kunni e.t.v. að vera einhverjir annarlegir hagsmunir eða annarleg sjónarmið sem ráða vegna þess að annars hefði verið borið fram frv. með eðlilegum hætti.

Ég mun ekki á þessu stigi, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð, en ég vil eindregið hvetja hv. þm., ef því verður haldið til streitu að láta þessi jarðakaupaákvæði í heimildargreininni koma til atkvæða, til að greiða atkvæði gegn þeim vegna þess að ég tel að hér sé um gerræðisleg vinnubrögð að ræða, hér sé um óþingleg, óvenjuleg og óeðlileg vinnubrögð að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 483, sem var of seint fram komin, samþ. með 45 shlj. atkv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér í kvöld hefur farið fram ítarleg umræða um fjárlög fyrir árið 1987. Þeim sem hafa setið hér þetta kjörtímabil finnst sjálfsagt einhverjum að þessi umræða hafi tekið langan tíma, en ég hygg að fyrir fáeinum árum hafi fjárlagaumræða oft staðið þó nokkuð inn í nóttina og þess vegna í rauninni ekkert óeðlilegt við það þó að fari talsverður tími í þessa umræðu. Það sem er hins vegar sérkennilegt við þessa umræðu er eitt og annað sem hefur komið upp í kvöld. Ég hygg að þess séu ekki mörg dæmi að formaður þingflokks stjórnarliðsins telji sig knúinn til að standa upp við 3. umr. fjárlaga til að mótmæla till. formanns fjvn. Ég man ekki eftir því að það hafi gerst þau ár sem ég þekki hér til. Og hv. þm. Páll Pétursson, sem aldrei hefur setið á þingi nema vera stuðningsmaður ríkisstjórna, eins og hann sagði sjálfur, og væri kominn tími til að hann kæmist einhvern tíma í annað hlutverk, (**Gripið fram í:** Það kemur að því.) greindi frá því að hann hefði aldrei á sínum 15–20 árum hér í þinginu lagst gegn till. meiri hl. fjvn. fyrr en nú. (**TG:** Dekurbarn.) Spurningin er hver er dekurbarn í þessu máli, hv. þm. Þetta er mjög óvenjulegt. Ég hélt að það væri venjan að þegar fjárlagatill. eru lagðar fyrir væru þær bornar uppi af þingliði stjórnarflokkanna, en það er ekki í þessu tilfelli. Svo virðist sem þinglið stjórnarflokkanna hafi ekki fjallað um till. nema hv. þm. Páll Pétursson hafi fundið hjá sér alveg sérstaka knýjandi innri þörf til að vera á móti formanni fjvn.

Hins vegar verð ég að segja að þær athugasemdir sem hv. þm. Páll Pétursson var með voru að mínu mati allar eðlilegar. Í fyrsta lagi finnst mér að það sé algerlega fráleitt að gera tilraun til að selja jarðir bakdyramegin, eins og hér er gerð tillaga um, eftir að þingið hafði ekki fengist til þess að afgreiða frv. til laga um sölu á jörðinni Streiti í Breiðdal sem ég kann nú orðið að nefna svo. Um þessa jörð fóru fram ítarlegar umræður í fyrra, landgæði jarðarinnar og kosti og sögu hennar allt aftur í sögu Þorsteins Síðu-Hallssonar, og það var rakið rækilega í ræðu hv. 5. þm. Austurl. hvernig jörð þessi hefði verið nefnd í hinum ýmsu handritum að Landnámu. Samkvæmt upplýsingum hans, sem eru mikilvægt innlegg í málið, var jörðin nefnd Stræti í þremur handritum Landnámu, en Streiti í Hauksbók. Þá komu einnig fram fróðlegar upplýsingar um sauðfjárstofn sem átti uppruna sinn á þessari jörð út af ánni Mosu, sem þrjóskaðist við að deyja þó bóndinn gerði ítrekaðar tilraunir til að henda henni í sjóinn, og það komu einnig fram athyglisverðar upplýsingar um stóðhestinn Blakk 129 sem ku hafa verið fæddur á þessari jörð, Streiti, gengið seinna undir nafninu Árnanes-Blakkur og orðið heimsfrægur stóðhestur upp frá því. Hafa komið fram hugmyndir um að það sé vel við hæfi að reisa þessum mikla stóðhesti minnisvarða á jörðinni Streiti og ég teldi eðlilegt að meiri hluti fjvn. yrði viðstaddur þegar minnisvarðinn verður afhjúpaður og ég teldi að það væri fullsæmilegt að hv. þm. Egill Jónsson fengi að draga duluna af minnisvarðanum. (**TG:** Ég mundi gera hv. þm. að landbrh.) Ja, það er nokkuð seint séð, hugsa ég, en þó er aldrei að vita.

Ég held að það sé í rauninni alveg fráleitt að gera tilraun til þess að selja eignir ríkisins eins og hér er ætlunin að gera og ég skora á meiri hluta fjvn., ég skora á stjórnarliðið að draga þessa till. til baka og leggja einfaldlega fram frv. eftir áramótin þannig að málið geti fengið þinglega meðferð.

Ég tel, eins og hv. þm. Páll Pétursson, að mál af þessu tagi, ef það fer hér í gegn svona, geti haft hættulegt fordæmisgildi og Alþingi á ekki að gera sér leik að því að setja fordæmi með þessum hætti, að reyna að knýja í gegnum þingið á heimildagrein fjárlaga mál sem ekki hefur fengið þinglega meðferð eftir að hafa verið flutt í frumvarpsformi á síðasta þingi.

Það er einnig mjög athyglisvert í öðru lagi, sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi í kvöld, hvernig orðuð er ábyrgðarheimildin vegna sjúkrahússins á Ísafirði. Hún er opin og takmarkalaus eins og till. lítur út. Það er mjög sérkennilegt. Það er í fyrsta lagi sérkennilegt að taka sjúkrahús inn á lánsfjárheimild. Ég hygg að fyrir því séu ekki mörg dæmi, en þó einhver. En hitt held ég að sé algert einsdæmi að taka sjúkrahús inn á lánsfjárheimild án þess að tilgreina þá upphæð sem á að afla í lánsfé. Samkvæmt greininni eins og hún er orðuð er unnt fyrir heimamenn að krækja í lán af hvaða upphæð svo að segja sem er sem þarf til verkefnisins og að ríkið verði að greiða þær upphæðir á árunum 1988 og 1989. Ég held að það sé mjög hæpið að þetta þing geti bundið næstu þing með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Það er algengt að fjvn. gefur yfirlýsingar til nokkurra ára varðandi einstök verkefni, en ég hygg að hitt sé sjaldgæft, ef um það eru nokkur dæmi, að á heimildagrein sé reynt að binda komandi þing með þessum hætti.

Í þriðja lagi er það athyglisvert hvernig umræðan hefur verið um sölu á ákveðnu skipi þar sem stjórnarliðar virðast skiptast í marga hópa. Hér tala menn mikið um að það sé óeðlilegt að fjvn. fjalli um mál af þessu tagi eftir að tilboð hefur verið gert í viðkomandi skip. Fyrir því eru mýmörg dæmi að fjvn. hafi tekið á málum af þessum toga. Ég sé fyrir mitt leyti ekkert óeðlilegt við það.

En ég er að nefna þessi mál hér, herra forseti, vegna þess að þau sýna hvað fjárlagaafgreiðsla núverandi ríkisstjórnar er sérkennileg, hvað hún er veikburða, hvað stjórnarliðið er illa samstillt og taugaveiklað. Þegar það liggur fyrir að tekjuauki ríkissjóðs á næsta ári er 3,8 milljarðar kr. kemur út að hallinn er 2,8 milljarðar kr.

Ég hygg að það séu fá dæmi um annað eins. Ég bað fyrr í umræðunni hv. þm. um að nefna mér einn fjmrh. sem hefði staðið verr að stjórn ríkissjóðs en Þorsteinn Pálsson í sögunni. Ég bað um það. Það hefur enginn getað nefnt nokkur dæmi um annan eins halla á ríkissjóði í öðru eins góðæri. Þess eru engin dæmi.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að því máli sem ég gerði aðallega að umræðuefni hér í kvöld og það er hugsanleg kaup ríkisins á Borgarspítalanum. Formenn þingflokka stjórnarflokkanna hafa lýst því yfir að bréf þetta, sem ég las upp í kvöld, var ekki samþykkt í þingflokkum stjórnarliðsins. Páll Pétursson taldi að hér væri um heldur snautlegt plagg að ræða, sagði að Framsfl. hefði alltaf verið þeirrar skoðunar að ríkið ætti að yfirtaka rekstur Borgarspítalans, en það væri ekki þar með sagt að ríkið ætti að yfirtaka eignarhald Borgarspítalans. Þetta er einkar framsóknarlegur málflutningur. Eins og kunnugt er var það stefna Framsfl. fyrir nokkrum árum að selja Borgarspítalann. Nú er hins vegar verið að skapa sér sérstöðu og skilja á milli rekstrar og eignarhalds á því húsi sem Borgarspítalinn hefur yfir að ráða. Og hv. þm. Páll Pétursson lagði á það höfuðáherslu: Samrekstur skal vera, samrekstur. Það er skilyrði Framsfl. að það verði samrekstur á Borgarspítalanum og öðrum sjúkrahúsum í Reykjavík sem ríkið er með. (**GJG:** Hvað er samrekstur.) Hann útskýrði það ekki nánar, en ég get nokkurn veginn getið mér til um til hvers þessi orðaleikur er farinn af stað. Framsókn ætlar að segja: Við viljum samrekstur. Það er okkar skilyrði. En Sjálfstfl. ætlar aftur á móti að segja: Við samþykkjum sölu á spítalanum eða kaup til ríkisins, en við viljum sjálfstæði spítalans. Næstu vikurnar verður togstreita á milli flokkanna með viðtölum í blöðum og fjölmiðlum. Einn segir sjálfstæði, annar segir samrekstur. Niðurstaðan verður sjálfstæði í samrekstri eða samrekstur í sjálfstæði, eftir því hvernig menn vilja orða það. Niðurstaðan verður sú að framsókn segir: Já, það er vissulega samrekstur, vissulega samrekstur. Það á m.a. að vera sameiginleg sjúklingaskráning á lyflæknisdeildunum og handlæknisdeildunum og hvað það nú er. En Sjálfstfl. segir: Já, en það er samt sjálfstæði. Það er samt sjálfstæði. Svona ætla þeir að þvo sér hvor með sínum hætti og það er bersýnilega niðurstaðan að það á að kaupa spítalann. Ríkið á að yfirtaka spítalann, borgin ætlar að losa sig við spítalann. Þeir þm. Sjálfstfl. sem sitja enn með spurningarmerki í augunum yfir þessu máli mega vita að niðurstaðan verður þessi. En næstu daga og vikur verður eitthvert nudd, framsókn segir þetta og íhaldið segir hitt, og það endar nokkurn veginn í þessum punkti. Það er bersýnilegt. Miðað við það hefði verið heiðarlegra að setja þetta mál inn á heimildagrein fjárlaganna í staðinn fyrir að gera tilraun til að fara á bak við þingið, eins og hér hefur verið gert. Það er óheiðarlegt gagnvart þinginu að mínu mati af þessu tríói ríkisstjórnarinnar, fjármála, forsætis og heilbrigðis, að gera tilraun til að fara á bak við Alþingi Íslendinga með þessum hætti. Það er ekki mikil virðing við Alþingi sem fram kemur í því að reyna að læðast með veggjum í skammdeginu með þetta bréf sem er samið annaðhvort á borgarskrifstofunum eða í Valhöll.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. steig í stólinn líka. Og hann sagði: Þingflokkur Sjálfstfl. gaf 10. des. fjmrh. og heilbrmrh. umboð til að leysa þetta mál þannig að kaupin gangi eftir. Það hefði verið samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. að ríkið kaupi spítalann með því skilyrði að sjálfstæði spítalans verði tryggt. Þetta var yfirlýsing formanns þingflokks Sjálfstfl., að leysa þetta mál þannig að kaupin gangi eftir. Ég skrifaði þetta niður eftir hv. þm. Þannig liggur það mál a.m.k. eftir að ég hlýddi á ræðu hv. 9. landsk. þm. Ólafs G. Einarssonar og óska ég eftir að hann verði kallaður hingað í salinn vegna þess að það skiptir mig máli að ég fari rétt með og hvort ég hef tekið rangt eftir eða ekki því þetta skiptir máli í sambandi við meðferð þessa máls.

Meðan ég hinkra eftir honum hef ég aflað mér um það upplýsinga að enginn ráðherra Sjálfstfl., utan þeirra tveggja sem undir plaggið skrifa, vissi um að frá málinu hefði verið gengið í dag. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstjórninni með þessum hætti. Málið hefur ekki verið rætt í þingflokkum stjórnarliðsins að heldur. Það sem ég vil inna hv. þm. Ólaf G. Einarsson eftir er þetta: Í kvöld sagðist hv. þm. Ólafi G. Einarssyni svo frá að þingflokkur Sjálfstfl. hafi 10. des. veitt fjmrh. og heilbr.- og trmrh. umboð til að leysa þetta mál þannig að kaupin gangi eftir með því skilyrði að sjálfstæði spítalans verði tryggt. Ég túlkaði þetta þannig að kaupin hafi verið samþykkt, enda verði sjálfstæði spítalans tryggt. Ef þetta er misskilningur hjá mér óska ég eftir því að hv. 9. landsk. þm. leiðrétti þann misskilning. (**JBH:** Þetta er enginn misskilningur.) Þar kemur sá sem hefur fylgst glöggt með þessum umræðum frá upphafi og þarf nú væntanlega ekki frekari vitna við, en þó þætti mér ekki lakara að hv. þm. Ólafur G. Einarsson svaraði því ég veit ekki til þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson svari fyrir þingflokk Sjálfstfl., a.m.k. ekki enn þá hvað sem síðar kann að verða. (**Gripið fram í:** Ekki enn.)

Ég vil, herra forseti, ítreka mótmæli mín við yfirtöku ríkisins á Borgarspítalanum. Ég mótmæli því vegna þess að ég tel að Reykjavíkurborg sem höfuðstaður landsins eigi að hafa þann lágmarksmetnað að reka sjúkrahús af þessu tagi í höfuðborginni. Ég segi þetta líka vegna þess að ég tel að tilvera Borgarspítalans ýti undir heilbrigðan faglegan metnað í heilbrigðisstofnunum sem hætta væri á að liði

undir lok ef þetta væri allt saman hneppt í eina heild. Þetta er mín skoðun og hefur alltaf verið frá því ég fór að setja mig inn í heilbrigðismál. Það var þess vegna sem starfsmenn Borgarspítalans töluðu um að Ragnhildur væri sovétmegin við Svavar. Þeim fannst að sú ríkiseinokunarstefna sem hún mælti fyrir væri ekki í samræmi við þá stefnu sem Sjálfstfl. hafði boðað. Ég rifjaði upp fyrr í kvöld hvernig bláu bækurnar voru sem við fengum heim til okkar í Reykjavík forðum, bláu bækurnar með Borgarspítalanum á forsíðunni, bláu bækurnar með myndum af salarkynnum Borgarspítalans og hamingjusömum sjúklingum á Borgarspítalanum sem höfðu hlotið lækningu meina sinna af því að íhaldið í Reykjavík hafði verið svo almennilegt að byggja spítala. Þetta var stoltið og táknið. Nú er niðurstaðan þessi sem er ástæða til þess að óska Sjálfstfl. til hamingju með: Það á að þjóðnýta þetta stolt, þjóðnýta forsíðumyndir bláu bókarinnar til áratuga. Þvílík reisn yfir þessu liði eða hitt þó heldur, herra forseti!

Frsm. meiri hl. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 483 hefur verið dreift brtt. frá fjvn. um framkvæmdir á flugvöllum. Ég hlýt að biðja velvirðingar á því að enda þótt þessi fjárlagaliður hafi verið rétt afgreiddur við 2. umr. með 69 millj. og 400 þús. kr. eru verulegar skekkjur í sundurliðun á þessum lið miðað við það sem afgreitt var í fjvn., en afgreiðsla fjvn. á þessum lið var mjög í samræmi við tillögur sem samþykktar voru í flugráði. Ég tel að eðlilegast sé að leiðrétta þessa skekkju með því að afgreiða að nýju þessa sundurliðun eins og hún var afgreidd í fjvn., en það er rétt sem hér kom fram hjá einum ræðumanni að í miklum önnum og kannske stundum helst til þröngum aðbúnaði starfsmanna þingsins geta slíkar skekkjur komið fram. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta efni fleiri orð.

Hér hefur verið rætt nokkuð mikið um t.a.m. eitt atriði í 6. gr. í brtt. fjvn., þ.e. hvað snertir sölu jarðanna Streitis í Breiðdal og Rauðamýri í Ísafjarðarsýslu. Hv. þm. Eiður Guðnason spurðist fyrir um hvort það væri ekki venja að sett væru sérstök lög um sölu jarða og hvort það væri heimilt að selja slíkar fasteignir án þess að um það væru sett sérstök lög. Nú hef ég ekki skoðað það sérstaklega hvað lagafyrirmæli segja um þetta efni. Ég tek þó undir að það er meginregla hér á hv. Alþingi, hefur verið það þann tíma sem ég hef hér setið, að um jarðasölu séu sett sérstök lög. Eigi að síður eru allmörg fordæmi fyrir því að slíkar jarðasölur séu heimilaðar á 6. gr. fjárlaga. Þannig er það t.a.m. í fjárlögum yfirstandandi árs og í fleiri fjárlögum sem ég hef athugað.

Ég vil láta það jafnframt koma fram að ég veit ekki til þess að nokkur annarleg sjónarmið liggi að baki því að þessar till. eru fram bornar við þessa umræðu. Ég held að það megi að fullu segja að það sé tilefnislaust hjá hv. þm. að segja að hér sé um ósvífin vinnubrögð að ræða. Hitt er svo annað mál að skoðanir geta verið skiptar um hvort hér sé eðlilega að verki staðið eða hvort það eigi að halda strangt í þá reglu að allar fasteignir ríkisins skuli því aðeins seldar að um það séu sett sérstök lög.

Ég leyfi mér að vitna til þess að í fjárlögum þessa árs er á 6. gr. t.a.m. heimild til að selja jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit, hluta jarðarinnar Leitis í Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu og jörðina Kotmúla í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru enn fremur slíkar heimildir. Þar er heimild til að selja jörðina Kilá í Áshreppi, þar er einnig heimild til að selja jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit og þar er heimild til að selja jörðina Leiti í Mýrahreppi og ganga þá þessar heimildir sumpart aftur í fjárlögum þessa árs.

Þessar heimildir eiga sér eldri fordæmi og ég ætla ekki að þreyta þingheim með löngum lestri á slíkum atriðum, en ég rifja upp að í fjárlögum fyrir 1980, sem samþykkt voru að ég ætla fyrir árslok 1979 og væntanlega á þeirri tíð sem hv. þm. Eiður Guðnason var formaður fjvn., er heimild til að selja prestssetursjörðina Stað í Súgandafirði og verja andvirðinu með tilteknum hætti. (**Gripið fram í:** Hver er ættaður þaðan?) Einhverja höfum við alþm. hugmynd um það og má vera að þetta fordæmi sé svo gott einmitt þess vegna. En því rek ég þetta hér, án þess að ég sé að stofna til nokkurra deilna um þetta mál, að sýna fram á að fordæmi eru í fjárlögum um efni af þessu tagi þannig að við töldum í meiri hl. fjvn. ekki meinbugi á að taka þessi mál inn úr því þess var óskað.

Ef hv. alþm. eru svo fastir í formum að vilja loka fyrir þessa aðferð til að selja fasteignir í eigu ríkisins væri vafalaust hægt að taka þá reglu upp og synja um heimildir til sölu á fasteignum án þess að um það séu sett sérstök lög.

Því má svo bæta við að í fjárlögum eru alla jafna heimildir til sölu ýmissa fasteigna sem ekki eru bújarðir og miklu fleiri — og hafa verið í mjög langan tíma — slíkar heimildagreinar en eru um sölu bújarða.

Ég ætla að þessar skýringar nægi til þess að sýna fram á að þarna eru ærin fordæmi. Hlýtur þá að liggja í augum uppi að þetta eru ekki alveg sérstök mál. Ég vænti að hv. þm. Eiður Guðnason, sem talaði áðan, taki til greina þau orð mín sem formanns nefndarinnar að ég a.m.k. veit ekki til þess að nein annarleg sjónarmið liggi að baki því að þessar greinar eru settar fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 468, 470, 474, 475, 477, 481 og 482, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 36 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umræðu, en þau ánægjulegu tíðindi

gerðust nú þegar líða tók á þennan fund að þá var í fyrsta skipti hér í þingsölunum farið að tala um byggingu húss á vegum Alþingis. Það hefur ekki verið nefnt hér mér vitanlega síðan 1981 þegar till. var samþykkt um að efna til athugunar á því máli. (**JBH:** Talaðu hærra.) Ég sagði að það hefði ekki eitt orð verið mælt í þessum sal né í þingsölum Alþingis yfirleitt um byggingu húss á vegum Alþingis fyrr en í kvöld eða í dag þegar okkur er tilkynnt — að vísu kom till. í gær — að forsetar Alþingis og formenn þingflokka hafi ákveðið hvernig að málum skuli staðið án þess að bera það undir þm. og „diskútera" það í þessum sölum. Það mál eitt út af fyrir sig er nægileg ástæða til þess að flm. till. ættu að draga *hana til baka eða við þm. ættum að fella hana á* morgun, till. um að fara að hanna ákveðið hús sem aldrei hefur verið ákveðið að byggja. Við höfum aldrei fengið tækifæri til að segja skoðun okkar á því einu sinni hvort það hús ætti að byggja eða byggja ekki. Þetta eru auðvitað óhæf vinnubrögð og ég hygg og veit að enginn forsetanna né flokksformannanna hefur umboð síns flokks til að flytja till. Þeir gera það þess vegna annaðhvort sem einstaklingar eða í mætti þeim sem þeir hafa sótt til flokkanna án þess að þeir hafi umboð til að halda málinu lengra áfram.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Þetta eru óhæf vinnubrögð. Það hljóta allir að sjá. Auðvitað á sameinað Alþingi að ræða um það hér í þessum sal, og við gerum það náttúrlega ekki úr þessu fyrr en eftir áramótin, hvaða hugmyndir við höfum um stærð og gerð byggingar. Þegar við höfum komist að niðurstöðu um það með atkvæðagreiðslu, með ágreiningi, það er ekkert athugavert við það, það er gleðilegt að það skuli vera ágreiningur og áhugi um málefni Alþingis, þegar við höfum komist að samkomulagi eða afgreitt í atkvæðagreiðslu hvers lags hús skuli byggja í megindráttum, hve stórt og hvar það skuli vera, þá á að taka ákvörðun um hönnun, fyrr ekki. Það er ekki hægt að hanna mörg hús í senn. Í megindráttum verðum við að vita hvaða hús það er sem við viljum að Alþingi byggi.

Það er varla hægt að nefna það að einn hv. þm. og góður drengur, hv. þm. Eiður Guðnason, skuli tala um pólitíska heigulshátt ef ég hef aðra skoðun en hann á því hvernig leysa eigi húsnæðismál Alþingis sem vissulega eru fyrir hendi. Ég hef margar hugmyndir um þær. Það er hægt að kaupa Oddfellow t.d., kannske á morgun. Það er hægt að fá eina hæð í símahúsinu og leysa þessi mál strax. Það væri líka hægt að hugsa sér Tillögu 2 hér og byggja fyrsta húsið af þeim þrem sem eru engar ófreskjur, það er það minnsta, og það er næst Alþingishúsinu og leysa mjög vel öll vandamál skrifstofuhússins með þessu eina húsi. Fyrir minn smekk þyrfti að vísu svolítið að breyta útlitinu á því húsi, en það væri ekki neitt sem nokkur maður gæti sett út á.

Ég hygg að við eigum að fresta þessu máli. Ég hygg að það væri heppilegast að forsetar Alþingis og formenn þingflokka dragi þessa till. sína til baka, gæfu þm. tækifæri til þess í janúar og febrúar að ræða þessi mál og gæfu nýju þingi tækifæri til að taka ákvörðunina. Það er ekki hægt að ganga þannig fram. Það er óvirðing við Alþingi af hálfu forseta og þingflokksformanna að ætla Alþingi að samþykkja till. án þess að ræða hana. Það er óvirðingin við Alþingi. Virðing Alþingis felst heldur ekki í stórhýsum heldur í hófsemi. Ég hef metnað fyrir hönd Alþingis, ekki minni en nokkur þeirra sem hér hafa verið að beina spurningum að mér rétt eins og ég væri einhver fjandmaður Alþingis. Ég afbýð mér allan þann málflutning.

Það er alveg rétt að mér er heitt í hamsi vegna þess að hér er verið að fremja ósvinnu. Þetta hús, sem á að fara að byggja þarna, verður auðvitað *aldrei byggt, það er með þeim hætti.* Það er slíkur ofmetnaður í því að það sæmir ekki þjóð eins og Íslendingum að ofmetnast með þessum hætti. Það var flóttamaður sem gekk hér með góðum Íslendingi sem við öll þekkjum. Hann spurði: Hvaða hús er þetta? Þetta er þinghúsið okkar. Hann sagði, þessi útlendingur, þessi flóttamaður: Þetta hlýtur að vera hamingjusöm þjóð sem hefur svona lítið þinghús.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar ég hlýddi á hv. 4. þm. Norðurl. v. fór það svo að mér komu í hug orð sem er að finna í ævisögu Tryggva Gunnarssonar þar sem greint er frá undirtektum við þá ákvörðun Alþingis 1879 að byggja Alþingishús. Þar segir:

„Var sem fyrr Norðlingur fullur fjandskapar og fann hugmyndinni allt til foráttu. Ekki verður þess nú vart að hann fyndi sérstakan hljómgrunn."

Svo voru þau orð. Og mér komu þessi orð í huga því að ég ætla ekki að óreyndu að orð hv. 4. þm. Norðurl. v., *sem hann viðhafði hér áðan, finni* hljómgrunn í hópi alþm.

Ég ætla ekki að fara að elta ólar við upphrópanir og stóryrði hv. þm. svo sem að till. á þskj. 404 og hugmyndin um nýbyggingu fyrir Alþingi sé ófreskja og óvirðing við Alþingi. Nei, ég ætla ekki að fara að elta ólar við slíkt. Ég ætla ekki heldur að fara að elta ólar við fjarstæðukenndar fullyrðingar eins og þær að forsetar og formenn þingflokka hafi ekkert umboð haft til að fjalla um þessi mál. Ég vísa til þess sem ég sagði hér fyrr á fundi um þau efni hvar þetta mál átti upptök sín, hvar það var rætt og hvernig algjör samstaða var um málið á Alþingi 1981 þegar ályktun var gerð um málið. Ég vil í örfáum orðum leggja áherslu á vissa þætti.

Með ályktuninni frá 1981 var bundinn endi á langvinnar umræður um staðsetningu Alþingishúss um næstu framtíð. Skiptar skoðanir höfðu verið um hvort nota ætti sama Alþingishúsið eða byggja nýtt og þá voru skiptar skoðanir um hvar ætti að byggja nýtt Alþingishús. Ályktunin frá 1981 kvað á um að nota skyldi sama Alþingishúsið til frambúðar. Með því var bundinn endi á óvissu og stefnuleysi sem var óviðunandi fyrir stöðu og starfsemi Alþingis.

Forsenda fyrir því að hægt væri til frambúðar að nota sama Alþingishúsið var sú að koma upp

nýbyggingu fyrir þá starfsemi sem heima á í þinghúsi, en rúmast ekki í hinu gamla Alþingishúsi. Þess vegna ákvað Alþingi 1981 að efnt skyldi til samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar fyrir starfsemi þingsins.

Þessar mikilvægu ákvarðanir Alþingis 1981 voru teknar í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins.

Forsetum Alþingis var falið að koma í framkvæmd vilja Alþingis samkvæmt ályktuninni frá 1981. Það er beint tekið fram. Í grg. með þáltill. segir:

„Samkeppnin og úrvinnsla gagna úr henni mun taka 3–5 ár. Kemur því varla til byggingarframkvæmda fyrir Alþingi fyrr en 1985 til 1990 og þá eftir fjárhagsaðstæðum og frekari ákvörðunum þingsins. En ekki er ráð nema í tíma sé tekið", sagði þar.

Forsetar þingsins hafa unnið að verkefni því sem þeim var falið með ályktuninni frá 1981. Þeir hafa unnið að málinu í samstarfi við formenn þingflokkanna og í samráði við flokkana. Nú er komið að þeirri úrvinnslu gagna sem gert var ráð fyrir og þess vegna er nú gerð tillaga um fjárveitingu til að hanna nýbygginguna. Um sjálfar byggingarframkvæmdirnar fer eftir fjárhagsaðstæðum og frekari ákvörðunum Alþingis.

Í þessu máli hefur verið talað um peningahliðina og það hefur gætt áhrifa af gagnrýni á Alþingi. Gagnrýni á Alþingi getur verið réttmæt og raunar nauðsynleg. Alþingi er hollt að hafa strangt aðhald og það leiðir af eðli okkar þjóðskipulags. En gjalda verður varhug við því sem beint er að Alþingi fyrir misskilning eða af annarlegum hvötum.

Það er ósjaldan að Alþingi og þm. sé ámælt fyrir óráðsíu og bruðl á almannafé í eigin þágu. Það er ekki nema af hinu góða að vakað sé yfir þingi og alþm. í þessu efni. Hins vegar ber sumt af þessu tagi keim af smjaðri fyrir ímynduðu almenningsáliti.

Mest er um vert að alþm. sjálfir haldi vöku sinni og geri það eitt sem fær samrýmst stöðu og virðingu Alþingis. Og þá má ekki gleymast að það er heldur ekki af því góða að halda Alþingi í fjársvelti svo að hinu mikilvæga hlutverki þess verði ekki gegnt svo sem þjóðarhagur krefst.

Þetta vandamál er ekki nýtt fyrir Alþingi og alþm. Þrem árum eftir endurreisn Alþingis sagði Jón Sigurðsson forseti á þessa leið:

„Ég skal að vísu á engan hátt mótmæla, að nákvæmlega sé litið eftir reikningum þingmanna og kostnaði öllum til þingsins, en ég vildi samt óska landsins vegna, að ekki væri síður litið eftir, hvað þingið áorkar, því þó dýrmætt sé féð og gott að halda í það fyrir þá, sem það eiga, þá mundi þó mega telja mörgum skynsömum manni trú um, að þau gæði væru til, sem varðaði land og lýð og sem vert væri að láta út fyrir nokkur fiskvirði."

Þannig hljómuðu þau orð. Og það er mín skoðun, og ég vænti þess að þingheimur geti verið mér sammála um það, að þessi orð Jóns Sigurðssonar eru eins í gildi í dag og þau voru á sínum tíma. Þau verða alltaf í gildi fyrir okkur alþm., hverjir sem alþm. eru og hvenær sem er.

Ég ætla, hv. þm., ekki að fara að ræða verðlaunatillögu þá sem dómnefnd var einróma sammála um og nú er gert ráð fyrir að verði lögð til grundvallar við hönnun nýbyggingar fyrir Alþingi. En það sem skeð hefur er það sem hefur verið framkvæmt nákvæmlega eftir fyrirmælum Alþingis. Og auðvitað ætlaðist Alþingi til þess að hér væri um raunverulegar aðgerðir að ræða, ekki bara samkeppni út í loftið, þýðingarlaus, heldur að á henni væri hægt að byggja hönnun nýs húsnæðis fyrir Alþingi. Og það er það sem ætlunin er að gera.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr á þessum fundi að það er mjög þýðingarmikið fyrir hönnunarverkið að alþm. allir og hver og einn geti komið á framfæri hugmyndum sínum um nýbygginguna. Við teljum að það verði svo best gert að forsetar Alþingis og formenn þingflokkanna hafi umsjón með þessu verki, hverjir svo sem forsetar og formenn þingflokka kunna að vera.

Ég skal láta vera mín síðustu orð nú þessi: Ég vænti þess að við berum gæfu til að sýna sem mesta samstöðu í þessu máli og ráða til lykta því sem okkur var gert að gera með þál. frá 1981. Það bíður svo frekari umræðna og ákvarðana hvenær hafist verður handa um framkvæmdir. En það vil ég segja að það er mikil þörf á því að það verði sem fyrst. Og auðvitað lá það til grundvallar þeirri ályktun sem gerð var 1981. Það er líka þess að minnast að það var nokkuð stolt í ályktuninni frá 1981 vegna þess að með henni vildu alþm. minnast þess Grettisátaks sem gert var við byggingu þess húss þar sem við nú sitjum. Og minnumst þess að 1879 var ákveðið að veita 100 þús. kr. í þessa byggingu. Þá voru fjárlögin 400 þús. kr. Ég ætla þegar menn hafa þetta í huga, þá mikli menn það ekki fyrir sér að verja nú nokkurri upphæð í teikningar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er vert að þakka hv. 5. þm. landsk. þm. fyrir að vekja með tali sínu upp umræðu um þetta mál. Ég vil ekki tefja störf þingsins en ég nenni þó ekki að sitja undir þeim ásökunum og aðdróttunum sem hv. þm. hefur haft í frammi um afstöðu og skoðanir Kvennalistans. Honum væri nær að hlusta betur á mál okkar. En kannske heyrir hann ekki þó hann hlusti. Aldrei hafa þingkonur Kvennalistans lýst andstöðu við það að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks og þingmanna á Alþingi. Hitt er annað mál að við höfum um það aðra skoðun en hann hvernig beri að leysa þau mál. Það tók ég skýrt fram í tali mínu áðan og það kom einnig fram í tali hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, 7. landsk. þm. Afstaða okkar mótast af þeim rökum sem ég taldi upp í máli mínu áðan og hefur ekkert með vinsældaveiðar að gera. Ekki veit ég af hverju hv. þm. dettur það í hug nema það væri hans eigin hjarta nær um þessar mundir. Við höfum aldrei lýst neinni sérstakri andstöðu við hreinlætisaðstöðu þingmanna í þessu húsi eða neinu öðru. Og ég frábið mér, líkt og hv. 4. þm. Norðurl. v., aðdróttanir um að þingkonur

Kvennalistans beri virðingu Alþingis ekki fyrir brjósti líkt og aðrir þm.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hafði hér eftir mér að umboð það sem þingflokkur sjálfstæðismanna gaf hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. þann 10. des. s.l. hefði falið í sér að þeir skyldu leysa málið varðandi kaup á Borgarspítalanum þannig að kaupin gangi eftir með því skilyrði að sjálfstjórn spítalans verði tryggð, eins og hv. þm. hafði eftir mér. Ég sagði hins vegar í ræðu minni fyrr í kvöld að í umboðinu hefði falist að jafnframt verði gefin yfirlýsing um hvernig sjálfstæði spítalans verði tryggt. Á þessu er verulegur munur og nóg um það.

Það væri vissulega freistandi að ræða nokkuð um byggingu þess húss sem hér hefur verið gert að umtalsefni, húss fyrir Alþingi, en ég skal reyna að stilla mig, enda nokkuð liðið á nóttu og hæstv. forseti sameinaðs Alþingis hefur svarað þeim sem hér hafa talað gegn till. okkar. En það er út af fyrir sig að þeir hv. alþm. sem hafa verulega kynnt sér málið kunni að vera á móti því. Um það er ekkert að segja. En þeir sem lítið hafa kynnt sér það og eru á móti því ættu ekki að tala eins og þeir gera.

Ég skil t.d. ekki í hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni þegar hann segir að þetta sé í fyrsta skipti sem þetta *mál sé rætt í þingsölum. Af hverju segja menn* svona? Bygging húss fyrir Alþingi hefur verið hér til umræðu um áraraðir. (**JBH:** Hvaða tillaga?) Ég man satt að segja ekki hvenær það kom fyrst til umræðu í þinginu frá því ég kom á þing. (**JBH:** Hvar er tillagan?) Hvaða tillaga? (**JBH:** Um byggingu Alþingishúss?) Svo segja menn, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð, að það hafi aldrei verið ákveðið að byggja þetta hús. Það er alveg rétt. Við erum ekkert að ræða um að byggja einmitt það hús sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni. Það hefur enginn samþykkt að byggja það hús. En menn tala eins og við séum að fara að byggja ef við samþykkjum þessar 12 millj. sem farið er fram á til hönnunar hússins. Af hverju í ósköpunum tala menn svona? Þetta er að tala gegn betri vitund.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð segir líka að við sem erum flm. þessarar till., og á þá vafalaust við okkur sem erum í þingflokki sjálfstæðismanna, höfum ekkert umboð, við höfum ekkert umboð til að vera flm. þessarar till. Við báðum ekkert þingflokkinn allan um að styðja till. Það gerðum við ekki. Og enginn ætti að vita það betur en hv. þm. Eyjólfur Konráð að enginn þm. Sjálfstfl. er stöðvaður í því að vera flm. að till. þótt þingflokkurinn allur væri andvígur málinu. Ég efast um að nokkur annar þm. Sjálfstfl. en Eyjólfur Konráð Jónsson hafi oftar flutt till. sem þingflokkurinn er á móti. En það hefur enginn stöðvað hann. Hann hefur auðvitað ekki flutt till. í umboði þingflokksins eða talað fyrir hans hönd. Við höfum ekkert látið í það skína að við værum að því. Af hverju talar þá hv. þm. svona? Af hverju er hann að gera því skóna að við séum að tala í umboði þingflokksins?

Svo ætlar hv. þm. að leysa þetta mál með því bara að kaupa Oddfellowhúsið á morgun. Svona einfalt er það. (**Gripið fram í:** Það líst mér vel á.) Ja, það væri kannske rétt að kanna það áður en Alþingi ákveður að kaupa Oddfellowhúsið hvort það er til sölu. Það kannske þarf ekki. Ég veit að hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur flutt hér till. um að breyta Útvarpshúsinu í smáíbúðir og selja jafnvel Hótel Sögu þó ríkið eigi það ekki, ekki það hús. Það er kannske hægt að leysa þetta svona. Það má vel vera.

Já, svo má fá eina hæð í húsi Pósts og síma líka á morgun. Það eru að vísu hægari heimatökin þar en að kaupa Oddfellowhúsið því að það er þó eitthvað í tengslum við ríkið. (**SvG:** Hver var að benda á slysadeildina?) Það er ekki afgreitt mál, hv. þm. Ég hélt ég væri búinn að lýsa því yfir að það er óafgreitt mál.

Svo er talað um að það sé óvirðing við Alþingi að flytja þessa till. Ef eitthvað er óvirðing við Alþingi er það að halda því fram að þetta þinghús og aðstaðan sem allir sem hér starfa búa við sé *fullnægjandi fyrir þessa virðulegustu stofnun þjóðar*innar. Ég hef boðið þeim þm. Sjálfstfl. sem telja að það þurfi ekkert að gera í málefnum húsnæðis Alþingis að ganga um húsnæði Alþingis og skoða hver aðstaða starfsfólks þingsins er, alveg að slepptri aðstöðu þingmanna, við skulum láta hana mæta afgangi. En að nokkur opinber stofnun leyfi sér að bjóða starfsmönnum sínum upp á þá aðstöðu sem hér er það er alveg útilokað mál og þekkist hvergi hjá því opinbera nema hjá Alþingi. Og þessu mæla einstaka þm. bót og vilja hafa þetta svona, kaupa kannske einhverja kofa í viðbót, sem við höfum verið að gera á undanförnum árum, og gera jafnvel upp með ærnum kostnaði. Muna menn eftir skýrslunni sem var send þm. þegar endurbyggt hafði verið húsið Vonarstræti 12? Það er ágætt hús, fallegt hús, að hluta til verndað. Og það er verndað svo vel að þegar það var endurbyggt var passað upp á það að það mátti ekki hafa tvöfalt gler í því og það mátti náttúrlega ekki hljóðeinangra veggina. Það er í lagi á efstu hæðinni vegna þess að Alþb. hefur hana alla þannig að menn geta talað upphátt þar, en ekki á öðrum hæðum. Vilja menn halda þessu áfram? Vilja menn það virkilega? Það er verið að endurbyggja hérna eina hæð í einum kofa hérna í næsta nágrenni við Alþingi. Það er búið að taka á leigu. Menn vita það kannske ekki. Það er búið að taka á leigu eina hæð, ég man nú ekki hvað það heitir, Kirkjuhvoll líklega, einn kofann í viðbót, eitt hrófatildrið í viðbót til að bæta úr brýnustu húsnæðisþörf þingsins. Þetta vilja menn. Þessu vilja menn halda áfram. *Menn eru víst að gæta virðingar Alþingis með því að* halda þessu áfram undir forustu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Ja, drottinn minn dýri!

Ég verð að segja að mér finnst einhvern veginn að þeir sem hæst tala gegn þessum byggingaráformum séu þeir sem minnst hafa kynnt sér starfsaðstöðu þeirra sem vinna hér við Alþingi og þá á ég ekki

bara við þingmennina. Sumir búa svo vel að vísu að þeir þurfa ekkert til Alþingis að leita með skrifstofur. Þeir hafa þær hérna í næsta nágrenni. Ég nefni þar engin nöfn, ekki einu sinni fyrsta stafinn.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Það er ágætt hjá hv. forseta Sþ. og þingflokksformanni Sjálfstfl. að taka nú til að ræða kl. þrjú um nótt og ég vil allt að því segja halda uppi málþófi um þessa till. sína um byggingu þessa hrófatildurs út við Austurvöll, í Kirkjustræti.

Ég get upplýst hér að það er mikil andstaða í þingflokki Sjálfstfl. gegn þessari till., en hún var engu að síður lögð fram. Það á ekki að koma neinum á óvart, og allra síst formanni þingflokks, hv. þm. Ólafi Einarssyni, að menn séu á móti þessu og mæli á móti því. Það er sjálfsagt að halda uppi umræðum um þetta mál á þessum tíma sólarhrings. Það er líka ágætt hjá honum að halda því fram að þeir tali hæst sem enga þekkingu hafa á málinu. (**Gripið fram í:** Var það ekki?) Það var boðið upp á skoðun, ég man ekki nákvæmlega, kl. 10 eða 11 á mánudagsmorgni einn dag í sumar þegar flestir þm. voru út um hvippinn og hvappinn og þeir sem ekki höfðu þá tækifæri til þess að koma eru dæmdir menn sem ekki höfðu áhuga á málinu og nenntu ekki einu sinni að skoða málið. Mér finnst líka harla einkennilegt ef þessi glerhöll upp á milljarð eða svo er eina lausnin. Mér finnst þetta ljótt hús að auki og skoðaði það á teikningum og módelum eftir minni bestu vitund. Auk þess hef ég fengið fagmenn til að segja mér til, aðra fagmenn en þessa fjóra eða fimm sem hv. nefnd hefur haft tal af.

Við getum haldið þessum umræðum áfram lengi. Það er allt í lagi með það. Mér finnst það líka fyrir neðan allar hellur ef menn halda því fram að aðstaða starfsfólks batni ekki nema þessi milljarðahöll verði byggð, engin leið sé að bæta aðstöðu starfsfólks á annan hátt. Það tel ég fyrir neðan virðingu hv. þm. að taka þannig til orða.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð skrýtin og það er von að mér blöskri. Ég hélt í alvöru talað að það væri verið að tala um fjárlög hér, en svo er allt í einu komin einhver glerhöll. (Gripið fram í.) Er sjónvarpið hér á ferðinni, já? Það er slæmt að ég skyldi ekki hitta á það.

En hér hefur verið rætt um að byggja Alþingishús á einu bretti. Ég bið: guð almáttugur hjálpi ykkur öllum saman. Ég get það ekki. Það er alveg útilokað. Ég ber alla virðingu fyrir þessari mestu stofnun Íslands, en ég efa að það hafi nokkurn tímann ráðið betur ráðum en þegar himinninn einn var yfir þingmanni (**JBH:** Heyr, heyr.) sem talaði fyrir margt löngu. Ég heyri að sumir kannast við söguna. Og það fer vel að einhver skuli enn vita nokkuð til síns heima. Mér finnst einhvern veginn að þið séuð komnir löngu úr sambandi við — ja, himininn a.m.k. Þið eruð svo jarðbundnir, en samt vantar ykkur jarðsamband. Og það er það versta af öllu! Ja, þið megið hlæja allir saman. Það fór svo illa að ég gaf ekki kost á mér í prófkjör vegna þess að mér líkaði ekki samkundan. Nú, það brosa menn í öllum áttum. En hvað um það.

Ég ætlaði ekki, herra forseti, að gera þetta að hlægimáli sem þið voruð að tala um, skaupi. Það er langt í frá og þó ekki svo mjög langt. En þó verð ég samt að telja það hálfgert skaup þegar komið er fram með þessa till. — Og nú sé ég að þingflokksformaður vill segja mér að þegja. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) — þegar menn hyggjast byggja Alþingishús á einu bretti. (**ÓE:** Við erum ekki að því.) Nei, nú skulum við tala betur saman seinna. En hvað um það. Þegar menn eru með fjárlög sem eru á hvínandi kúpunni gengur ekki svona hugsunargangur. Hann bara gengur ekki. Þið sjáið það sjálf. Og það er um margt rétt sem stjórnarandstæðingar hafa sagt hérna. Við skulum lofa þeim að njóta alls sannmælis. Meira að segja hv. 3. þm. Reykv. Hann er málsnjallastur manna hér á Alþingi. Hann er það. Þið hafið ekki roð við honum. Þetta er bara sannleikur. — Nei, þú þarft ekki að miklast af því. Það er svo langt í frá. Það má vel vera að ég skammi þig hreinlega á eftir. Þú skalt passa þig á þessu öllu saman.

Nei, við skulum passa okkur á þessu, sjálfstæðismenn. Ég held að við séum að fara í hreinan voða. Ég heyri að það eru tveir sjálfstæðismenn sem tala fyrir þessari glerhöll sem ég er ekki þar með að segja að sé alveg rétt til orða tekið. (**ÓE:** Hefur þú séð teikninguna?) Já, ég hef séð hana. Og ég sé að hún yfirgnæfir þetta þorp sem einu sinni var. En þið eruð komnir svo langt frá þorpinu. Þið eruð ekki þorparar lengur! Það er nú gallinn á ykkur. Þið eruð ekki þorparar.

Herra formaður. Ég er með hreinan skandal hérna. Það þýðir ekki neitt! Jæja, en ef ég þekki formanninn rétt gaf hann mér ekki nokkra ádrepu með þessu augnatilliti. En ég veit ekki hvort ég á að nenna að tefja umræðuna lengur. Mér sýnist að hún sé komin í ónýtt efni, eins og sagt var í gamla daga. Þið eruð hættir að tala um það sem í raun og veru á að tala um í alvöru. Þetta er bara bull og rugl! En þetta Alþingishúsmál líst mér illa á, mjög illa. Ég held að þið ættuð að fara ykkur hægt í því.

En það skulu verða lokaorð mín að þetta er búið að þvælast fyrir ykkur í nokkur ár og þið eruð búnir að kaupa hús hringinn í kringum Alþingishúsið á þeim forsendum að þið séuð að bæta aðstöðu fólksins í kringum ykkur sjálfa. Guð minn almáttugur! Það situr hérna niðri á sama stað. Þið hafið ekkert gert fyrir það. Þetta er nákvæmlega sama og þegar verið er að tala um að hækka láglaunahópana. Þeir sitja alltaf eftir. Og þið megið skammast ykkar!

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það er með hálfum huga að ég blanda mér í innanhúsátök í þingflokki Sjálfstfl., en þó finnst mér að þessi umræða gefi jafnvel tilefni til

umhugsunar um hvort það ætti hugsanlega að setja einhver ákvæði í lög um hámarksstærð þingflokka því það er alveg greinilegt að jafnstór þingflokkur og þingflokkur Sjálfstfl. er er ekki fær um að fylgjast með því sem fram gengur hér á þingi — eða hvar hafa menn verið sem eru að ræða um þetta mál og segja: Við höfum ekki fengið tækifæri til að segja álit okkar á því hvort byggja eigi hús eður ei, og segja: Við eigum að komast að samkomulagi um stærð og gerð hússins? Vita þessir menn ekki að fyrir einu og hálfu ári lá fyrir öllum þingflokkum á þingi húsrýmisáætlun gerð af húsameistara ríkisins á vegum samkeppnisnefndarinnar sem valin var? Þessi húsrýmisáætlun tilgreindi hvert einasta rými og hvern einasta fermetra í þessu húsi og þingflokkarnir fengu allir tækifæri til að fjalla um hana og þingflokkarnir fengu allir tækifæri til þess að gagnrýna hana og setja fram hugmyndir um það sem á vantaði eða betur mætti fara. Sumir þingflokkar gerðu það, aðrir ekki. Enginn maður hafði þá nokkurn áhuga á að standa upp hér á þingi og gagnrýna að þessi húsrýmisáætlun lægi fyrir þingflokkum vegna þess að til stóð að halda samkeppni og menn vissu að framhaldið yrði að niðurstaða samkeppninnar yrði grundvöllur að hönnun og sú hönnun yrði grundvöllur að ákvörðun um byggingu.

Það er annaðhvort af því að menn hafa ekki fylgst með eða af því að menn vita ekki betur að menn geta komið hér og haldið því fram að alþm. hafi ekki fengið tækifæri til að segja álit sitt og hafi ekki fengið tækifæri til að hugleiða hvort þeir væru sammála eða ekki um stærð og gerð hússins að þeir koma hér og segja slíkt. Þeir fengu það á árinu 1984 og fram á árið 1985 og höfðu allar aðstæður til að gagnrýna þá þau störf og þá vinnu sem þá var í gangi.

Þegar forsetar Alþingis og samkeppnisnefndin gengu út frá því í áframhaldandi störfum sínum að það væri samkomulag um það sem væri verið hér að gera er það ekki bara eðlilegt. Það er sjálfsagt vegna þess að enginn sem hafði aðstæður til að fjalla um þetta mál, 60 þingmenn, fann þá nokkurt tilefni til að gagnrýna að þessi vinna væri í gangi á grundvelli þessara stærða og þessara rýma sem búið var að gera tillögu um og sýna mönnum og gefa mönnum tækifæri til að fjalla um og setja fram sína gagnrýni.

Þess vegna, herra forseti, get ég ekki annað en komið hér í ræðustól, einfaldlega til að rifja upp fyrir mönnum að þeir eru með þegjandi samþykki sínu, aðgerðarleysi eða áhugaleysi búnir að samþykkja það sem þegar hefur verið gert.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þetta þinghúsmál að sinni. Ég greiði atkvæði um það eins og aðrir í fyrramálið og hef mínar efasemdir um það mál. En ég kvaddi mér hljóðs vegna yfirlýsingar hv. 9. landsk. þm. Ólafs G. Einarssonar vegna Borgarspítalamálsins og ég þakka honum fyrir að hann skyldi skýra sitt mál aðeins nánar hér. Það liggur fyrir að mínu mati að þetta mál hefur fengið hér í kvöld þýðingarmikla umræðu og það er ljóst að málið verður lagt fyrir þingið þegar það kemur saman aftur. Ég óttast hins vegar, herra forseti, af löngu fenginni reynslu að þá hafi þeir handjárnað hvorn annan, hv. þm. Páll Pétursson og Ólafur G. Einarsson, og sameinast í hinum sjálfstæða samrekstri Framsfl. og Sjálfstfl.

Frsm. 2. minni hl. fjvn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Mig grunaði ekki þegar ég hóf andóf við till. um 12 millj. kr. framlag til hönnunar nýrrar byggingar hér í grenndinni fyrr í dag að þar með væri kveikt í púðurtunnu í þingflokki Sjálfstfl., en þar sem mér heyrðust sumir hérna varla vita á hvaða till. allt þetta byggðist ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana. Hún hljóðar svo:

„Í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins ályktar Alþingi að fela forsetum þingsins að gangast fyrir samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbyggingar fyrir starfsemi þingsins á svæði sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni. Verði samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis skuli áfram vera í núverandi þinghúsi, svo og í byggingum í næsta nágrenni þess. Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin öflun forsendna fyrir gerð útboðsgagna í samráði við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld.“ — Þessi till. var samþykkt vorið 1981.

Forsetar hafa unnið það verk sem þeim var falið, sagði hæstv. forseti Sþ. áðan. En hvað var þeim falið skv. ályktuninni? Þeim var falið að gangast fyrir samkeppni um hús, en þeim var ekki falið að ljúka málinu og láta byggja húsið. Ég lít ekki svo á. Rétta leiðin hefði verið að ræða þetta mál samkvæmt till. í sameinuðu þingi um byggingu eftir niðurstöðu þessarar samkeppni.

Það má vel vera að við þm. hefðum átt að koma athugasemdum og gagnrýni ákveðnar á framfæri á fyrri stigum, en a.m.k. sú sem hér stendur áttaði sig ekki á því að málið væri komið á slíkt flug, enda er aldeilis ómögulegt að skilja samþykkt Alþingis frá 1981 svo. Mér heyrist menn eiga ýmislegt ósagt um þetta mál og tel að best færi á því að taka það á dagskrá í betra næði.

Umræðu (atkvgr.) frestað.

EFRI DEILD

27. fundur, laugardaginn 20. des., kl. 3.10 árdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er e.t.v. rétt að taka það fram af því að hér stendur nú yfir fundur á heldur óvenjulegum tíma,

sem þarf væntanlega ekki að hafa mörg orð um og allir hv. þdm. vita ástæðuna fyrir, að það er ekki gert ráð fyrir að fram fari atkvæðagreiðslur á þessum fundi heldur verði einungis reynt að ljúka umræðum sem fram þurfa að fara um þessi dagskrármál sem fyrir liggja en síðan verði atkvæðagreiðslum frestað.

Verður nú tekið fyrir þriðja málið á dagskránni, tekjuskattur og eignarskattur, 158. mál.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi fá að vita þau skynsemisrök sem mæla með því að taka frekar þetta mál á dagskrá heldur en það sem er efst á dagskránni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna fsp. hv. þm., sem hér hefur kvatt sér hljóðs um dagskrá, þá má svara því til að það sé oftast matsatriði hver séu skynsemisrök, en rökin fyrir því að taka þetta mál á undan voru þau að það tæki e.t.v. nokkuð styttri tíma að ljúka umræðu um þetta mál heldur en fyrsta dagskrármálið en þetta mál þarf vissulega nauðsynlega að komast áfram og hitt einnig. En þetta voru rökin.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Eftir mínum kokkabókum mun nú vera kominn 20. des. en samkvæmt þeirri dagskrá sem hér hefur verið dreift erum við boðaðir til fundar 19. des. Ég vil spyrja virðulegan forseta hvort það sé samkvæmt þingsköpum að fara eftir dagskrá sem hljóðar upp á annan dag og þann dag sem liðinn er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Má forseti biðja hv. þm. að endurtaka athugasemdina þar sem hann missti af henni?

Skúli Alexandersson:

Ég var að benda hæstv. forseta og þingdeildarmönnum á það að ég tel að það muni vera kominn annar dagur en sá sem getið er á dagskrá þess fundar sem nú hefur verið settur og hvort það falli heim við þingsköp að boða til fundar daginn eftir að sú dagskrá hefur verið stíluð sem fundurinn á að vera haldinn eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ekki undrar forseta þessi athugasemd, en á í raun og veru kannske ekki auðvelt með að svara því hvort þetta er brot á þingsköpum eða ekki. Forseti hefur sjálfur hugleitt þetta og aðeins undirbúið sig undir það og þar sem fram hafa komið athugasemdir þá mun forseti nú slíta þessum fundi og taka málin út af dagskrá, setja síðan nýjan fund samkvæmt dagskrá sem verður útbýtt.

EFRI DEILD

28. fundur, laugardaginn 20. des., að loknum 27. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 374, n. 437, 433 og 440, brtt. 435.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstvirtur forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað mál þetta. Meiri hl. er samþykkur áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. og vísar til þess. Þar sem málið er margrætt þykir ástæðulaust að leggja fram ítarlegt nál. Meiri hl. leggur því til að málið verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Mál þetta er mjög einfalt í sniðum. Það er verið að lögfesta hvernig haga beri þeim 300 millj. kr. afslætti á skattgreiðslum eða léttingu á hátekjusköttum. Um það geta menn auðvitað deilt hvort það séu nákvæmlega réttu tillögurnar sem fram eru lagðar og meiri hlutinn styður en hins vegar skilst mér að í Nd. hafi umræðurnar allmikið snúist almennt um skattamál. Ég ætla ekki að upphefja neinar slíkar umræður heldur halda mér við efni þessa frv. sem við leggjum til að samþykkt verði.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 433 og eins og þar kemur fram þá legg ég til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef flutt á þskj. 435.

Áður en ég geri grein fyrir þessum brtt. vil ég segja örfá orð um þetta skattalagafrumvarp. Í því felst nokkur stefnubreyting frá því sem verið hefur að því leytinu til að í þessu frv. er betur gert við þá sem eru fyrir ofan meðallag í tekjum heldur en verið hefur undanfarin ár, þar sem skattprósentan í efsta þrepi er í raun lækkuð, og er það liður í skattalækkunaraformum hæstv. ríkisstjórnar. Á móti kemur að ekkert er í þessu frv. gert fyrir þá tekjulægstu, þá sem enga skatta greiða vegna þess að þeir hafa svo lágar tekjur. Að mínu viti hefði átt að mæta þessum hóp með því t.d. að greiða út ónýttan persónuafslátt eða þá að hækka barnabætur í stórum stíl til að koma á móti því sem gert er fyrir þá tekjuhæstu í þessu frv.

Í þessu frv. er verið að fletja skattstigann út. Þrepin eru færð nær hvert öðru og þetta er alls ekki slæmt ef um leið er tekið á öllum þeim frádráttarliðum sem er að finna í þeim frumskógi sem skattalögin okkar eru. Það er hins vegar ekki gert og því missir þessi aðgerð í rauninni marks.

Nú hefur hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn Íslands ákveðið að lækka skattbyrði um sem næst 300 millj. kr. á næsta ári, á kosningaári, og af þessu tilefni eru þær breytingar sem er að finna í þessu skattalagafrv.

Þessar breytingar hefur nú þurft að endurskoða í meðferð þingsins á þessu máli vegna þess hve viðmiðunarforsendur þeirra hafa breyst. Góðærið eykst sífellt þannig að meðaltekjubreyting sem áætluð var um 15% milli áranna 1986 og 1987 hefur nú hækkað, fyrst í 18,5% og síðan í 20% sem hún er áætluð nú. Því hafa orðið breytingar á þessu frv. á leið þess í gegnum þingið og gerðar á því breytingar til þess að þessar hugmyndir um skattalækkanir stæðust en frv. óbreytt hefði hins vegar orðið til að auka skattbyrði í góðærinu. Þetta vekur spurningar um það hvort hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér að lækka skattprósentuna ef tekjubreytingar verða meiri en ráð var fyrir gert í síðustu áætlun. — Virðulegi forseti, ætli hæstv. fjmrh. sé viðstaddur? (**Forseti:** Hann mun vera hér á næstu grösum. Ég skal láta kalla á hann.) Nú sé ég að hæstv. fjmrh. gengur í salinn. Mig langar að beina til hans einni spurningu.

Ég var að ræða það að þetta frv. hefur tekið nokkrum breytingum í meðferð þingsins — og hæstv. ráðh. til upplýsingar þá erum við hér að ræða frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt — og skattprósentan verið hækkuð í samræmi við nýjar áætlanir um tekjubreytingar milli ára. Spurningin sem mig langar til að beina til hæstv. fjmrh. er sú hvort hann hafi hugsað sér að lækka skattprósentuna ef tekjubreytingar verða meiri en nú er gert ráð fyrir á milli áranna 1986 og 1987 eða hefur hann hugsað sér að innheimta þann aukaskatt sem annars kæmi í hlut ríkissjóðs?

Þeim 300 millj. sem ríkissjóður er að afsala sér með þessu frv. í skattheimtu á síðan að dreifa eftir þeim reglum sem frv. kveður á um á milli manna. Í Nd. lögðu þingkonur Kvennalistans fram brtt. við þetta frv. og þær brtt. hef ég nú endurflutt á þskj. 435. Þær fela í sér aðra dreifingu á þessum 300 millj. kr. en gert er ráð fyrir í frv. hæstv. fjmrh.

Í fyrsta lið till. er um að ræða 2. tölul. b-liðs 30. gr. og þar er gert ráð fyrir að hann falli brott. Sá liður fjallar um undanþágu vegna arðs af hlutabréfum. Brtt. þýðir því einfaldlega að arður af hlutabréfum yrði skattlagður til fulls og væri þar með afnumið það óréttlæti að hluti þjóðarinnar hefur nú möguleika á að njóta verulega mikilla skattfrjálsra tekna. Við höfum gert tilraun til þess að fá það nokkuð nákvæmlega uppgefið hvað þetta mundi hafa mikinn tekjuauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Það er nokkrum erfiðleikum bundið að fá þetta nákvæmlega útreiknað en gróflega áætlað gætu það verið 15–20 millj. kr. Hérna er í rauninni á ferðinni eitt af þeim fjölmörgu dæmum um þær undanþágur sem sjálfsagt er að afnema þótt að sinni séu ekki gerðar fleiri tillögur í þeim dúr.

Annar liður þessara brtt. felur það í sér að hækkun skattþrepa verði í samræmi við tekjubreytingu á milli ára en ekki umfram það. Enn fremur að skattprósentan í efsta þrepi skattstigans lækki ekki frá því sem nú er.

Í þriðja lið legg ég svo til að barnabætur hækki um 42% í stað 15% eins og hefði orðið ef miðað hefði verið við tekjubreytingu á milli ára. Í frv. er lagt til að þær hækki um 20%, þ.e. 5% umfram það sem hefði verið eðlilegt miðað við tekjubreytingu. Ef þessar till. fást samþykktar verða barnabætur sem sagt hækkaðar um 42% og yrðu þá með fyrsta barni 15 500 kr. á ári í stað 12 600 kr. samkvæmt frv. og 23 200 kr. með hverju barni umfram eitt í stað 18 910 samkvæmt frv. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra verða þá 30 000 kr. með hverju barni í staðinn fyrir 25 300 kr. og bætur með börnum yngri en 7 ára í lok tekjuársins 15 500 kr. í stað 12 600 kr. eins og frv. gerir ráð fyrir.

Í fjórða lið þessara brtt. er svo gerð till. um breytingu á 6. gr. frv. um sérstakan barnabótaauka og næmi hann óskertur samkvæmt þessari till. 31 000 kr. í stað 25 250 kr. samkvæmt frv.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þessar till. breyta ekki heildardæminu. Það er ekki innifalin í þessu breyting á tekjum ríkissjóðs. Lækkun tekjuskattstekna ríkissjóðs verður eftir sem áður 300 millj. kr. Þetta er aðeins spurning um hverjum sú lækkun á að nýtast og á hvern hátt. Það er þarna í raun og veru aðeins um tilfærslur að ræða.

Þó ég hafi þannig einungis gert till. til breytinga innan þess ramma sem frv. fjmrh. setur hef ég þá skoðun að gera þurfi grundvallarbreytingar á skattkerfinu í heild og tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs. Þar eru meðtalin endurskoðun og breytingar á tekjuskatti. Jafnframt tel ég afar brýnt að komið verði sem fyrst á staðgreiðslukerfi skatta enda hafa þingkonur Kvennalistans lagt fram þáltill. um það efni í tvígang á þessu kjörtímabili. En meðan róttækar breytingar hafa enn ekki verið gerðar á skattkerfinu þá tel ég nauðsynlegt að nota slíkar tilfærslur eins og brtt. mínar kveða á um, slíkar tilfærslur á fjármagni sem þar eru á ferðinni til að styðja þá sem mest þurfa á því að halda, þá sem eru með börn á framfæri og þá sem lægst laun hafa.

Það má segja sem svo að ekki muni mikið um tilfærslur á þeirri skiptimynt sem hafa má frá þeim einstaklingum sem tekjuskatt greiða. Tekjuskattar fyrirtækja á Íslandi eru mjög lágir og njóta fyrirtæki ýmissa frádráttarliða til skattalækkunar sem einstaklingar geta ekki nýtt sér. Þaðan er því hægt að færa talsvert fé til að létta skattbyrði einstaklinganna og ég styð fram komnar hugmyndir um þau efni hér á hæstv. Alþingi.

Þær breytingar sem ég hef hér nefnt hljóta að vera hluti af heildarendurskoðun tekjuskattskerfisins og hæstv. fjmrh. hefur margsagt að verið sé að vinna að slíkri endurskoðun. — Virðulegi forseti, ætli hæstv. fjmrh. sé hér enn nærri? (**Forseti:** Það er sjálfsagt að athuga það hvort hæstv. fjmrh. er hér á næstu grösum.)

Ég hef hér verið að ræða um þær breytingar sem gera þarf á tekjuskattskerfi ríkisins og þá heildarendurskoðun á þessu kerfi sem fjmrh. hefur ítrekað að verið sé að vinna að. Ég vil því að lokum inna hæstv. fjmrh. eftir því hvað þeirri vinnu líður og út

frá hvaða hugmyndum sé unnið. Heyrst hefur að hæstv. fjmrh. sé hrifinn af þeim aðferðum sem Bandaríkjamenn hafa tekið upp við álagningu tekjuskatts, þ.e. lækkun skattprósentu og afnám frádráttarliða og því vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því hvort og þá hvaða frádráttarliði hann geti hugsað sér að afnema. Getur ráðherrann t.d. hugsað sér að afnema frádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem settur var á í tíð þessarar ríkisstjórnar? Áherslur þessa frv. og tengdra frv. benda ekki til þess og þess vegna bíð ég eftir að heyra hvaða hugmyndir hæstv. fjmrh. hefur í þessum efnum.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég held að það þjóni ekki neinum tilgangi að vera að halda hér ítarlegar ræður að þessu sinni þar sem svo langt er liðið á nótt. Ég hef líka oft áður gert grein fyrir sjónarmiðum okkar Alþýðubandalagsmanna í skattamálum og meginmarkmiðum og vísa m.a. til þess sem ég sagði við 1. umr. málsins.

Á þskj. 440 flyt ég allnokkrar brtt. við tekjuskattslögin og frv. sem ríkisstjórnin flytur. Fyrstu tvær till. eru miðaðar við það að fella niður ýmsa frádráttarliði í gildandi skattalögum sem helst verða til þess að gera greiðslur rekstraraðila í ríkissjóð smávaxnar. Þó er d-liðurinn í 2. gr. þess eðlis að hann gæti komið í staðinn fyrir þann frádrátt sem nú er í gildi vegna fjárfestinga því að samkvæmt honum mundi fyrirtækjum vera heimilt að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækja. Þetta er að sjálfsögðu miklu smávaxnari frádráttarheimild en sú sem fyrir er en gæti kannske komið að raunverulegu gagni í einstaka tilviki þegar þannig stendur á. Í 3. tölul. er um að ræða lækkun á afskriftarheimildum. Í 4. tölul. er um að ræða að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja verði ekki talin til rekstrarkostnaðar og risna ekki heldur.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. úr því að svo stendur á eins og raun ber vitni og vísa til nál. á þskj. 440.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 466 frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Eins mæli ég hér fyrir brtt. á þskj. 484 sem verið var að útbýta. Bæði nál. og brtt. eru samhljóða nál. og brtt. sem mælt var fyrir í Nd. og þess vegna er ekki ástæða til þess að orðlengja mikið um þær. Ég ætla í mjög stuttu máli að fjalla aðeins um þetta frv., nánast í símskeytastíl.

Framsögumaður meiri hl. nefndarinnar talaði um að þetta frv. væri einfalt í sniðum og einfalt mál. Vissulega má það til sanns vegar færa því að hér er í raun og veru bara um uppfærslur á einstökum töluliðum að ræða. En eins mætti líka segja að þetta frv. væri næsta einfeldningslegt vegna þess að með flutningi þess felst í raun og veru nokkurs konar samþykkt á þeim ágöllum og götum sem komin eru á okkar skattkerfi og með flutningi þess horfa menn algjörlega fram hjá ýmsum þeim atriðum sem jafnvel flm. sjálfir hafa verið að gera athugasemdir við að undanförnu og á undanförnum árum.

Menn horfa fram hjá rangindum álagningar, sem m.a. kemur fram í því að fólk með mjög venjulegar tekjur, og þá er ég hér að vitna til þeirra upplýsinga sem fram komu á þskj. 466 um dreifingu mánaðartekna hjá opinberum starfsmönnum, en þetta er niðurstaða sem þar kemur fram úr könnun á tekjum þeirra, að fólk með mjög venjulegar meðaltekjur borgar mjög stóran hluta af umframtekjum sínum, umfram annars vegar 42 þús. kr. og svo hins vegar 73 þús. kr., í skatta. Eins og segir þar í þskj.: Venjulegt fullfrískt vinnandi fólk lendir að stórum hluta í þessum efstu skattþrepum og greiðir þannig 40 eða 50% af jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Hér er einungis tekið dæmi af einstaklingum en það er auðvitað hliðstætt fyrir hjón því tekjur hjóna eru skattlagðar sitt í hvoru lagi.

Af þeim sökum er flutt sú brtt. sem hér er á þskj. 484 og fjallar hún einungis um þann einfalda hlut að lækka jaðarprósentur skattþrepanna um 4% og reyna þannig að draga úr þessum mjög svo slæmu áhrifum þessarar álagningar eins og hún fer fram í dag og fyrirhugað er að láta hana fara fram á næsta ári.

Hins vegar vil ég líka í þessari umræðu benda á að menn hafa enn eina ferðina kinokað sér við að taka á skattsvikamálunum, en 18. apríl í vor var lögð fyrir þingið viðamikil skýrsla um skattsvik á Íslandi þar sem í fyrsta sinn er virkilega rannsakað og skoðað hvert umfang skattsvika er. Það verður að viðurkennast að jafnvel þeim, sem þekkingu þóttust hafa á þessum málum og þóttust geta gert sér grein fyrir því hvert ástand þeirra væri, þeim m.a.s. brá þegar þeir sáu þessa skýrslu. Og það er ekki hægt annað en lýsa furðu sinni á því að fjmrh. skuli ekki hafa séð sóma sinn í því að taka á þessu máli því að ekki getur hann borið því fyrir sig að hann hafi ekki haft tímann. Eins og ég minntist á í byrjun kom þessi skýrsla út 18. apríl í vor, var mikið rædd á þingi í vor, og síðan höfðu menn allt sumarið til þess að kanna hug sinn um það hvernig ætti að bregaðst við þeim staðreyndum sem fram koma í þessari skýrslu. En ekkert er gert. Ég tel að í því felist einfaldlega það að hér séu ráðamenn, og þá á ég við ráðamenn í stjórnarflokkunum, að samþykkja skattsvikin og náttúru þeirra með því að gera ekki neitt til þess að reyna að draga úr þeim, en með því hefði auðvitað mátt færa ríkissjóði miklar tekjur.

Einnig vil ég í lok míns máls, frú forseti, benda á brtt. Alþýðuflokksþingmanna við frv. til fjárlaga þar sem lagt er til að skera niður um 70% skattaívilnanir fyrirtækja viðvíkjandi ýmsum frádráttarliðum, þ.e. fyrningum, afskriftum og skattfrjálsum framlögum í fjárfestingarsjóði, og hækka neikvæðar viðmiðunartekjur einstaklinga í sjálfstæðum atvinnurekstri sem núna eru um 18 þús. kr. taldar á mánuði, hækka þær

um 50%, og skerða ökutækjastyrki sem nema nú að því ætlað er um milljarði. Að þessum tillögum samþykktum mætti lækka tekjuskatt einstaklinga um ca. 420 millj. kr., þ.e. það mætti nota tekjuskattinn til þess sem ætlast var til í upphafi, til tekjujöfnunar.

Frú forseti. Ég á náttúrlega ekki von á því frekar en fyrri daginn að neitt af þessum tillögum verði samþykkt, en það er þó hlutverk stjórnarandstöðunnar og verður það alltaf, hverjir sem í stjórnarandstöðu eru, að koma fram gagnrýni sinni á stjórnvöld hverju sinni með málflutningi og tillöguflutningi. Það sem maður vonast til að einhvern tíma gerist, þó það gerist ekki í dag eða á morgun, er að upp komi sú staða hér á Alþingi að stjórnvöld hlusti á stjórnarandstöðuna og hugsanlega, í þeim tilvikum þar sem mikið á ríður, taki gagnrýni og tillögur stjórnarandstöðunnar alvarlega og skoði þær sem möguleika til lausnar á þeim vandamálum sem menn standa frammi fyrir hverju sinni.

Ég endurtek það sem ég reyndar orðaði í umræðu um fjárlög hér fyrr í dag að ég tel það mikinn ábyrgðarhlut hjá stjórnarþingmönnum að hafna tillögum sem draga úr halla ríkissjóðs um 2 milljarða. Ég fullyrði enn og aftur að þessar tillögur eru raunhæfar og raunsæjar og alls ekki flóknar og ég tel að til þess verði horft í framtíðinni hvaða menn það voru sem höfnuðu því að draga með jafnstórfenglegum hætti úr halla ríkissjóðs eins og fram kemur í þessum tillögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352, n. 431 og 434, brtt. 402, 439.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég hafði byrjað ræðu mína hér í gærkvöldi og skýrt frá því hvernig að málinu hefði verið staðið, bæði í umræðu í hv. Nd., svo og í sjútvn. þessarar hv. deildar, og hafði bent á að það lægi ljóst fyrir að hér væri allt of hratt unnið og ekki hefði unnist neinn tími til þess að skoða þetta mál sem skyldi.

Það liggur náttúrlega ljóst fyrir að þetta frv. verður afgreitt sem lög héðan úr deildinni, sjálfsagt á morgun. Mér datt þess vegna í hug hvort við gætum ekki verið enn þá duglegri í þessari hv. deild — nú hefur verið lagt fram hér í hv. deild frv. um fiskmarkað — hvort við ættum nú bara ekki að taka okkur til hér í hv. deild og koma þessu máli með hraði í gegnum deildina svo að þetta mál verði samþykkt sem lög héðan frá Alþingi áður en við förum í jólafrí.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt einmitt í tengslum við það mál sem við erum að ræða hér og þá umræðu sem er í þjóðfélaginu um það að gefa fiskverð frjálst. Það væri alls ekki meiri tilætlun gagnvart hv. Alþingi að klára þetta mál hér í nótt og á morgun í báðum deildum og ganga frá því að í byrjun janúar sé hægt að stofna fiskmarkað til þess að tilætlun þeirra laga, sem hér er verið að leggja til að samþykkt verði, og hið frjálsa fiskverð, sem rætt er um að eigi að taka gildi 1. jan., geti notið sín. Það væri ekki meiri tilætlun við hv. Alþingi en sú tilætlun að við göngum frá því að leggja niður opinbert ferskfiskmat. Deildin gæti hér í nótt afgreitt málið með afbrigðum án þess að vísa því til nefndar og boðið Nd. upp á að ganga frá málinu í fyrramálið þannig að útvegsmenn og sjómenn gætu notið þess réttar að selja sinn afla á frjálsum fiskmarkaði hér í Reykjavík í upphafi vertíðar. Það er alls ekki meiri tilætlun en af þinginu er heimtuð í sambandi við þetta mál.

Það er reyndar svolítið skrýtið að hæstv. sjútvrh. telji sig þurfa að leggja fram þetta fiskmarkaðsfrv. nú á allra síðustu klukkutímum þinghaldsins. Það eru svolítið skrýtin vinnubrögð hjá hæstv. sjútvrh., bæði gagnvart því máli og því máli sem við ræðum hér, að vera með þetta allt á síðustu stundu. Ég hef haft fréttir af því að fiskmarkaðsfrv. mun vera tilbúið fyrir nokkru síðan. En af annarlegum ástæðum hefur ekki verið talin ástæða til þess að leggja það hér fram fyrr en í dag. (Gripið fram í.) Hv. 6. landsk. þm. bendir á að það muni hafa legið einhvers staðar hjá framsóknarmönnum. Ég hélt að þeir gerðu sér ekki neitt sérstaklega far um að liggja á sérstökum málum, varla málum sinna eigin ráðherra. En vera má að svo sé.

Það verður sjálfsagt ekki farið að taka fyrir frv. um frjálsan fiskmarkað þó æskilegt væri. Fyrst og fremst ber því að huga að því frv. sem hér er til umræðu.

Eins og ég nefndi hér í ræðu minni í fyrradag og hv. þm. muna eftir, þá var samþykktur heilmikill lagabálkur um Fiskmat ríkisins hér á vordögum 1984. Það fyrirheit var gefið að verið væri að breyta lögum um það fyrirtæki á þann veg að það yrði miklu skilvirkara eftir en áður, það yrði ódýrara í rekstri og ýmsir fleiri kostir áttu að fylgja þeim breytingum sem þá voru samþykktar. En kannske var aðalbreytingin þó fólgin í því að ferskfiskmatið átti að verða miklu virkara, ferskfiskmatið sem verið er að leggja til með því frv. sem hér er til umræðu að leggja niður. Þannig hefur þessi tilætlun hæstv. sjútvrh. og hv. stuðningsmanna hans við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþingi 1984 farið fyrir bí. En það er ekki vegna þess að það hafi ekki verið gerðir ýmsir hlutir til þess að reyna að standa við þetta fyrirheit? Jú, jú, það voru gerðir ýmsir hlutir, m.a. mun hafa verið sett á stofn ansi mikið tölvuapparat hjá Fiskmatinu. Gaman væri nú að sjá hæstv. sjútvrh. hér í deildinni svo hægt væri að leggja fyrir hann eina og eina spurningu. (**Gripið fram í:** Hann er í atkvæðagreiðslu.) Ja, það liggur ekkert sérstak-

lega á. Við erum ekki það mikið að flýta okkur. (**Gripið fram í:** Nei, nei, það liggur ekkert á.) Nei, það liggur ekkert á.

Meðan við bíðum eftir ráðherra skal ég aðeins lofa mönnum að heyra um ýmsa þá þætti sem Ríkismatið hafði á prjónunum í sambandi við það að styrkja ferskfiskmatið. Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þm. geri sér aðeins grein fyrir því hversu rösklega hefur verið unnið að því á undanförnum árum, eða síðan lagabreytingin var gerð 1984, að styrkja þessa grein Ríkismatsins. Ég held því að rétt sé að ég lesi hér ávarpsorð fiskmatsstjóra, Halldórs Árnasonar, í blaði sem Fiskmatið gaf út, hóf útgáfu á m.a. til þess að leggja áherslu á og gefa upplýsingar um það hvernig ferskfiskmatið væri framkvæmt hjá stofnuninni og hvernig stofnunin er að búa sig í stakk til að vinna að þessu verkefni. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þessi ávarpsorð fiskmatsstjóra.

Fyrirsögnin er „Aukin gæði og bætt meðferð afla." Og svo kemur sjálft ávarpið:

„Með þessu fréttabréfi er hafinn nýr þáttur í starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Það sem eftir er vetrarvertíðar munu koma út átta fréttabréf með yfirskriftinni „Aukin gæði og bætt meðferð afla." Þau koma út á þriðjudögum með upplýsingum um gæðamat frá laugardegi til föstudags. Með því að koma fram með nýjar upplýsingar vill Ríkismatið beina athygli þeirra sem við sjávarútveg starfa að þeim mikilvæga þætti sjávarútvegs sem góð meðferð afla er og stuðla að auknum gæðum hans. Áður birti Ríkismatið samantekt á gæðamati vertíðarinnar 2–3 mánuðum eftir að henni lauk. Nú er verið að tölvuvæða starfsemi stofnunarinnar til að öll gagnavinnsla verði fljótvirkari." — Sem innskot vil ég undirstrika þetta, að þarna nefnir fiskmatsstjóri að verið sé að tölvuvæða stofnunina til þess að gagnavinnslan verði virkari og það sé auðveldara að koma upplýsingum til viðskiptamanna stofnunarinnar. Og áfram held ég, virðulegi forseti, með ávarpsorð fiskmatsstjóra:

„Hvergi er til á einum stað jafnmikið af gögnum um gæði íslensks sjávarafla og hjá Ríkismatinu. Úr þessum gögnum má vinna upplýsingar um mikilvæga þætti sjávarútvegs. Samkvæmt lögum skal Ríkismat sjávarafurða taka sýni af, meta og skrá gæði afla úr hverri veiðiferð. Á grundvelli þessara gagna er hægt að vinna upplýsingar um breytingu á gæðum landaðs afla frá degi til dags eftir verstöðvum og veiðiskipum." — Hérna hefði ég nú reyndar þurft að spyrja virðulegan og hæstv. sjútvrh. um það hvað yrði gert við öll þessi gögn. (**VI:** Hann kemur strax og atkvæðagreiðslu er lokið.) Já. Þá er nú ekki annað að gera en bíða með spurninguna en halda áfram með lesturinn:

„Nú er verið að efla starfsemi Ríkismatsins til þess að það geti fljótt veitt staðgóðar upplýsingar um hvernig staðið er að nýtingu okkar mikilvægustu auðlinda. Í þessu sambandi skal haft í huga að verðmæti auðlindarinnar ræðst af því verði sem við fáum fyrir afurðirnar. Verð á mörkuðum ákvarðast hins vegar að verulegum hluta af gæðunum. Þess vegna þurfum við ætíð að hafa sem gleggstar upplýsingar um gæði sjávarafla og afurða." — Hér hefði ég náttúrlega þurft að spyrja ráðherra um hvernig skuli staðið að geymslu þessara upplýsinga líka. Áfram heldur fiskmatsstjóri:

„Í hugum margra er hlutverk Ferskfiskmatsins eingöngu það að meta afla í gæðaflokka svo ákvarða megi hvaða verð skuli greiða fyrir hann. M.ö.o. að það sé hluti af verðlagningarkerfi sjávarútvegsins. En Ferskfiskmatið hefur annað og ekki síður mikilvægt hlutverk sem ætlunin er að varpa ljósi á með útgáfu þessara fréttabréfa. Þess vegna er ákveðið að safna upplýsingum um gæði þess afla sem á land berst og koma þeim á framfæri við aðila sjávarútvegsins." — Kannske þetta sé markmiðið, virðulegi forseti, sem er orðið dautt og ógilt þó að það hafi verið svona mikilsvert fyrir rúmu ári síðan. Og svo er feitletrað:

„Upplýsingar um gæði afla eru forsenda fyrir ákvörðunum um gæðamál og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna." — Vera má, virðulegi forseti, að þetta séu rök sem séu nú úr sér gengin. Og áfram segir fiskmatsstjóri:

„Ferskfiskmatið er oft gagnrýnt fyrir það að það sé ekki samræmi í matinu milli verstöðva og það sé á ýmsan hátt ekki nógu áreiðanlegt. Við sem störfum hjá Ríkismati sjávarafurða gerum okkur fulla grein fyrir að þessi fréttabréf munu kalla fram slíka gagnrýni. En við teljum nauðsynlegt að fá hana upp á yfirborðið." — Virðulegi forseti. Skyldi þessi gagnrýni hafa komist upp á yfirborðið? Ef svo er ekki, er þá ekki þörf á að halda þessu fréttabréfi áfram og leita að og ná þessu markmiði? (**Gripið fram í:** Ertu ekki sammála þessu?) Jú, jú, alveg sammála þessu.

„Að hluta til er eðlilegt að mönnum sýnist sitt hvað um framkvæmd ferskfiskmatsins því að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Að því marki sem gagnrýnin beinist að þáttum sem betur mega fara í starfi Ferskfiskmatsins munum við reyna að bregðast sem skjótast við og bæta þar um. Með góðum vilja og samstarfi allra sem tengjast Ferskfiskmatinu er það trú okkar að fréttabréfið muni leiða til mun áreiðanlegra mats.

Oft heyrist sagt að Ferskfiskmatið verðfelli afla þegar hann lendir í lægri gæðaflokka. Þá er gjarnan sagt að matið sé gott þegar matið lendir í háum gæðaflokki. Nauðsynlegt er að hafa í huga að Ferskfiskmatið er eingöngu til þess að segja til um hvert ástand fisksins er. Hafi verðmæti fisksins rýrnað er það vegna þeirrar meðferðar sem hann hefur hlotið áður en hann kom í matið. Það eina mat er gott sem sýnir raunverulegt ástand fisksins. Mat þar sem fiskur lendir í hæsta gæðaflokki, þegar í raun er um lélegan fisk að ræða, er slæmt mat. Það sama gildir ef góður fiskur lendir í lágan gæðaflokk." — Gæti nú verið, virðulegi forseti, að menn hafi komist fyrir það sem hér er verið að lýsa vegna

útgáfu þessa bréfs eða að menn hafi von um og trú á því að hinir nýju aðilar, sem eiga að taka á sig þetta mat, leysi þetta betur en gert hefur verið? En enn heldur fiskmatsstjóri áfram:

„Þar sem hér er um frumraun að ræða í útgáfu svo nýrra upplýsinga um ferkfiskmat reyndist nauðsynlegt að takmarka umfang verkefnisins svo að það yrði viðráðanlegt. Því eru hér eingöngu birtar upplýsingar um ...“ — (**VI:** Eigum við ekki að hvíla okkur aðeins?) Það getur nú verið kominn dálítill svefngalsi í mannskapinn þannig að það getur verið að ýmsir hlutir verði til þess að menn verði svona heldur léttari í tóni en efni standa til í sambandi við umræðu þessa máls. En það verður bara að hafa það. Við verðum að búa við það að vera hér á áliðinni nóttu að ræða þessi mál, þannig að ýmsir skemmtilegir hlutir koma vonandi upp og er allt í lagi með það. Þá held ég áfram lestrinum:

„Heildarniðurstöður um aflamagn og gæðamat í einstökum verstöðvum eru birtar en ekki upplýsingar um einstaka báta. Hins vegar er stefnt að því að ...“ — (Gripið fram í.) Já, ætli það sé nú ekki rétt að haldið sé áfram lestrinum, en ég er hér að lesa úr ávarpsorðum Halldórs Árnasonar fiskmatsstjóra í 1. tölublaði Fréttabréfs Ríkismats sjávarafurða þar sem fiskmatsstjóri bendir á tilgang bréfsins og verkefni Ríkismatsins. Áður en ég beini spurningu minni til ráðherra held ég að sé rétt að ég klári að lesa þessa grein til enda þar sem ég hljóp yfir þá þætti sem ég ætlaði að spyrja ráðherrann sérstaklega um. Ég var þar kominn sem segir svo: „Hins vegar er stefnt að því að frá og með öðru fréttabréfi fái hver einstakur bátur töflu með upplýsingum um mat á sínum afla þannig að áhöfnin geti borið það saman við heildarniðurstöður.“ — Nú mundi ég vilja spyrja ráðherra (**VI:** Það er búið að hringja í hann aftur.) Nú, er búið að hringja í hann aftur. Þá reynum við að komast áfram með þetta.

„Viðmiðun varðandi verðmæti afla er fengin með því að nota lágmarksverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins eins og þau eru í tilkynningu ráðsins nr. 5/1986. Hvorki er tekið tillit til greiðslna til sjóða sjávarútvegsins né kostnaðarhlutdeildar. Að lokinni vertíð mun Ríkismatið gefa út 9. fréttabréfið“ — þau voru númeruð öll fyrir fram — „þar sem niðurstöður verða dregnar saman og mat lagt á árangurinn. Til að meta árangurinn munum við fylgjast með hversu mikið verður fjallað um gæði og meðferð afla á grundvelli upplýsinga frá Ríkismatinu. Við teljum það góðan árangur ef þessum málum verður sýnd aukin athygli. Einnig verður fylgst með því hvort merkja megi bætta meðferð afla eftir því sem líður á vertíðina. Ekki síst munum við telja það árangur ef Ríkismatinu tekst að ávinna sér traust þeirra sem við sjávarútveg starfa.“

Það er greinilegt út frá því frv. sem við erum að fjalla um hér að ekki hefur nú tekist að vinna traustið. En í fyrri hluta þessara ávarpsorða segir fiskmatsstjóri að innan fiskmats Ríkismatsins sé safnað saman upplýsingum sem hvergi séu til annars staðar og safnist ekki annars staðar en hjá Ríkismatinu, og hann leggur áherslu á að til þess að hægt sé að stjórna og skipuleggja fiskveiðar og nýta þær auðlindir sem við eigum í fiskistofnunum, þá sé það höfuðatriði að hafa þessi gögn og vinna út frá þeim. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvernig eigi að halda þessari gagnasöfnun áfram eftir að Ríkismatið hefur verið lagt niður og hvort einhver von sé til þess að þeir aðilar sem eiga og munu taka þetta að sér, þ.e. seljendur og kaupendur, geti skilað slíkum upplýsingum til opinberra aðila.

Það segir hér í þessu ávarpi fiskmatsstjóra: „Upplýsingar um gæði afla eru forsenda fyrir ákvörðun um gæðamál og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna.“ Er ráðherra sammála þessari skoðun fiskmatsstjóra og er þetta ekki *jafnt í gildi í dag eins og* það var í fyrra?

Eins og kom fram í þessu, þá var ekki aðeins að verið væri að gefa út svokallað fréttabréf, sem ég held að hafi að mörgu leyti verið mjög gott, heldur hafa ýmsir hlutir aðrir verið að gerast hjá Ríkismatinu og í 7. tölublaðinu eru gefnar upplýsingar um það að enn hafi Ríkismatið sótt á og endurbætt aðstöðu sína. Þar er sagt frá því að Ríkismatið hafi nú fengið Easylink og Ríkismatið hafi tengst Fishnet. (Gripið fram í.) Fishnet, já og Easylink. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. — hann er að greiða atkvæði núna — hvort þessir tveir þættir séu áfram nauðsynlegir fyrir matið og hvort þessu hafi ekki tengst einhver ákveðinn kostnaður og einhver fjárfesting *og hvort hún komi matinu áfram að gagni.* Og til viðbótar vil ég einnig spyrja ráðherra um það sem kom fram í ávarpi fiskmatsstjóra, að þessi stofnun hafi verið tölvuvædd, að mjög fullkomin tölvuvæðing hafi átt sér stað til þess að sinna ferskfiskmatinu. *Hvað verður um þessa tölvuvæðingu og að hvaða* gagni kemur þessi tölvuvæðing? Má kannske segja um þetta verkefni, sem hrint var af stað í sambandi við útgáfu fréttabréfsins og uppbyggingu tölvuvinnslunnar, að það hafi mistekist? Að svarið við því felist raunverulega í þessu frv. sem við erum hér að fjalla um? Að vegna þess að það sem farið var út í, tilætlunin með lagabreytingunni 1984 um að herða og byggja betur upp ferskfiskmatið, hafi alveg mistekist, sé þessarar lendingar leitað?

Ég mun ekki lengja ræðu mína að sinni öllu meira. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hæstv. ráðh. nefndi það í ræðu sinni við 1. umr. að kostnaður við Fiskmatið hefði verið undir áætluðum kostnaði samkvæmt fjárlögum. Ekki ætla ég að bera á móti því. En ég held að það segi okkur óskaplega lítið um það hvers lags fjármálastjórn hafi verið hjá fyrirtækinu. Það er ekki aðeins vegna þess að fyrirtækið er allt, allt annað fyrirtæki en það var 1984. Það er líka vegna þess að eftir lagabreytinguna 1984 fór Fiskmatið að taka greiðslur fyrir ákveðna þætti sinnar starfsemi þannig að það stóð að hluta undir rekstrarkostnaði sínum. Það segir okkur sáralítið hvort einhver afgangur er af *þeim gjöldum* sem áætluð voru til fyrirtækisins í gegnum fjárlög.

Ég ætla ekki að fara að halda því fram að þetta fyrirtæki, Fiskmatið, hafi verið rekið eitthvað illa og fjármálastjórnin hafi ekki verið þar góð, en ég ætla ekki heldur að taka undir það að þar hafi hlutirnir verið á einhvern betri veg en áður. Frekar held ég að þar megi telja ýmsa hluti, kostnaðarlega séð, eins og kom hér fram við 1. umr., að vissu leyti vafasama, fjölgun yfirmanna og annað eftir því sem þar var bent á. Það bendir ýmislegt til þess að á síðustu fjórum árum hafi fyrirtækinu ekki verið stjórnað sérstaklega vel. Það er nú svo að frá 1904, en þá minnir mig að Fiskmat ríkisins hafi verið stofnsett, og til 1984 eru fimm forstjórar yfir fyrirtækinu. En frá 1984 hafa verið ráðnir að fyrirtækinu þrír forstjórar og einn mun hafa verið þá fyrir, reyndar talinn í hinni tölunni, Jóhann Guðmundsson var líkast til við það að fara frá fyrirtækinu þegar lögin voru samþykkt, en þá eru það Einar Jóhannsson, Jónas Bjarnason og nú Halldór Árnason. Það er a.m.k. oft viss ábending um að ekki sé allt í lagi með útgerð skips ef mjög oft þarf að skipta um skipstjóra á því. Eins er það viss ábending um að þarna hafi ekki verið stjórnað með sérstakri festu, að forstjóraskipti hafi verið svona ör. Og á hinn veginn að þarna hafi verið einhver sérstök stjórnun fyrst bæta þurfti við í toppstjórnunina eins og fram kom við 1. umr.

Til viðbótar skal ég aðeins benda á einn þátt í lögunum, um það að þegar þarf að grípa til yfirmats og búið er að leggja Ferskfiskmatið niður hjá Ríkismatinu og Ríkismatið verður fyrst og fremst yfirmatsaðili, þá skulu þeir greiða þann kostnað, kostnað yfirmatsins, sem óska eftir yfirmatinu. Mér finnst þetta vera, ef ég má orða það svo, ansi mikill „lapsus" í lögunum að ef sjómenn óska eftir yfirmati — og svo kemur kannske í ljós að þeir hafi verið að óska eftir yfirmati sem síðan verður þeim hagstætt — að þeir eigi að borga kostnaðinn af því. Ég tel að lögin ættu frekar að gera ráð fyrir því að þeir sem yfirmatið úrskurðar vanhæfa ættu að greiða það.

Það gefur náttúrlega auga leið að yfirmat hlýtur alltaf að kosta þó nokkurn pening, ekki síst ef sækja þarf yfirmatsmenn kannske langar leiðir, sem getur orðið vegna þess að yfirmatsmenn eru aðeins á einum stað í stóru héraði. T.d. ef við tökum lítinn róður af netabát, ef sjómenn verða óánægðir með það samkomulag sem kaupandi og seljandi hafa orðið ásáttir um, útgerðarmaður og fiskkaupandi, þá held ég að sjómenn vænta þurfi að vænta ansi mikillar breytingar á því mati til þess að þeir fari að hætta á það að leggja í fyrirframvitaðan kostnað vegna yfirmats. Það er sjálfsagt erfitt að breyta þessu núna en ég vil minna hv. þm. á þennan þátt. Ég held að það sé nauðsynlegt, ef þetta frv. verður að lögum, að þetta atriði verði tekið upp um leið og við komum saman aftur hér eftir jólafrí og þessum þætti laganna breytt, ja, ég segi ekki endilega á þann veg sem ég hef verið að stinga upp á, en alls ekki að þeir sem óska eftir yfirmati þurfi endilega að vera ábyrgir fyrir greiðslunni fyrir það. (Gripið fram í.) Nei, nei, það eru þeir sem óska eftir yfirmatinu sem eiga að greiða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða miklu lengri tíma deildarinnar að sinni til umræðu um þetta en ég undirstrika það sem ég hef sagt hér áður. Ég tel að við höfum haft allt of lítinn tíma til að ræða þetta mál hér og að nauðsynlegt væri, eins og ég nefndi í fyrri hluta ræðu minnar, að við hefðum getað sent þetta frv. til umsagnar vítt um landið og heyrt afstöðu manna, bæði sjómanna, útvegsmanna og fiskkaupenda til þess, láta ekki nægja að topparnir í kerfinu hér í Reykjavík segi til um það hvernig þessir hlutir skuli vera. En um það þýðir sjálfsagt ekki að deila. Hér er greinilega meiri hluti fyrir því að þetta frv. verði samþykkt. En ég óttast það að reynslan af þessu, a.m.k. í upphafi, verði sú að hér hafi verið allt of hratt unnið og enginn undirbúningur hafi farið fram fyrir þá sem eiga að taka við þessu verkefni.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Það væri út af fyrir sig ástæða til þess að byrja að tala um það hvernig þetta vesalings frv. hefur velkst hér um í erfiðleikum í þinginu til þess að vera rætt nú um hánótt að fáum viðstöddum og engan veginn til fullnustu. Það var einkennilegt fannst mér á fimmtudagskvöldið þegar umræða um frv. var byrjuð eftir starfslítinn dag þessarar hv. deildar að þm. urðu skyndilega svo afskaplega þreyttir að ekki var nokkur leið að halda áfram fundi eftir kvöldmat.

Ég vil segja það til að byrja með að þetta mál hefur haft hér afskaplega skamman aðdraganda og er að ýmsu leyti ófullburða. Ég hef þó talið að það sé ekki nokkur leið annað en að samþykkja það. Ég viðurkenni að það er vissulega mikið verk óunnið og að því leyti get ég tekið undir að sú till. sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason o.fl. munu mæla fyrir hér á eftir eigi fullan rétt á sér, en því miður er erfitt að styðja hana þar sem málið væri þá óhjákvæmilega steindautt.

Það er ýmislegt sem ég hafði ætlað mér að gera athugasemdir við af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég veit þó ekki hvort ég geri það. Hins vegar getur að sjálfsögðu verið að eitthvað komi upp í hugann við 3. umr., ekki síst ef einhverjar umræður verða þá. Þó get ég ekki komist hjá því að víkja að nokkrum atriðum sem komið hafa fram í umræðunum og þá væri freistandi að byrja á því sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði, að enginn hefði búist við því að sjá frv. um breytingu á lögum um Ríkismat sjávarafurða koma svo fljótt hingað aftur.

Ég býst við að þetta sé rétt hjá hv. þm. Hins vegar vil ég leyfa mér að vitna í þingræðu sem ég, þá varaþm., flutti við 1. umr. þessa máls í Nd. haustið 1983, með leyfi forseta:

„En ég veit og viðurkenni það að í atvinnugreininni eru nú ekki forsendur, menn eru ekki tilbúnir til að taka upp þessa starfshætti." — Og þá var vitnað til þess að ferskfiskmat yrði lagt niður. — „Það bíður síns tíma og ég er sannfærður um að það

verður endurskoðað síðar."

Það var sem sagt misskilningur hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni að ég hefði verið höfundur eða meðhöfundur að þessum tillögum. Svo var ekki. Það var skipuð nefnd af þáv. sjútvrh. 1979 sem skilaði áliti til eftirmanns þess ráðherra, sem nú er hæstv. sjútvrh., haustið 1980. Þar var lagt til, hv. þm. Skúli Alexandersson, þar var lagt til í tillögum þeirrar nefndar sem ég veitti forstöðu að Ferskfiskmat yrði lagt niður og öll ríkisafskipti af fiskmati stórlega dregin saman. Ég bið hv. þm. að taka eftir þessu.

Það var þessi nefnd, sem var lögð niður af núverandi hæstv. forsrh., sem ekki fékk sínu máli framgengt heldur önnur, sem núv. hæstv. sjútvrh. tók í arf frá fyrirrennara sínum haustið 1983 eða skilaði áliti haustið 1983 og það nál. varð síðan lítið breytt að lögum. Þar var ekki, illu heilli, gert ráð fyrir afnámi skyldumats á ferskum fiski þó að ýmsar aðrar breytingar í þeim lögum væru til batnaðar.

Eins og hér hefur margoft komið fram í umræðum þá minnkaði mannahald og umsvif Ríkismats sjávarafurða alls ekki og það fór svo að mjög magnaðar deilur upphófust strax veturinn eftir og hafa staðið linnulítið síðan.

Það hefur verið rifjað upp hér að samþykktir allra hagsmunaaðila sjávarútvegs frá síðustu mánuðum hafa snúist um þessi mál og flestir, ég segi flestir, hafa orðið sammála um það að ferskfiskmat á vegum ríkisins megi leggjast af alfarið þó að sumir, eða hluti sjómanna, í Sjómannasambandi Íslands, vilji ekki að stofnunin sem slík hverfi alveg.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera orð hæstv. ráðh. um góða fjármálastjórn að umtalsefni. Ég tek hana með fyrirvara meðan ég hef engar sérstakar sannanir fyrir því aðrar en lægri útgjöld. Það fer auðvitað eftir tekjum og umsvifum hvort lægri útgjöld bera vott um góða fjármálastjórn. En hitt er miklu áhugaverðara að allir hagsmunaaðilar vilja nú taka saman höndum og taka málið að sér og geta það að mestu leyti eins og ég vil reyna að rekja hér.

Ég lít svo á að þetta frv. sem hér liggur fyrir sé aðeins stutt skref í þá átt að leggja Ríkismat sjávarafurða alfarið niður. Ég er þar sennilega á svipaðri skoðun og fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna og fleiri sem hv. sjútvn. þessarar deildar ræddi við s.l. fimmtudag. Það er mín sannfæring að það komi að því að svo verði gert, þ.e. að ríkismat á ferskum fiski verði alfarið lagt niður. En ég segi það að ég er ekki á móti þessu stutta skrefi, þessu hænufeti sem nú er tekið. Ég tel þetta skinnsprettu í stað þess holskurðar sem fram þyrfti að fara á þeirri stofnun sem nú er rekin og kallast Ríkismat sjávarafurða. Því má við bæta að ef þeir samningar sem nú standa yfir um frjálst verð á fiski, fiskmarkaði og þess háttar, verða að veruleika þá stendur auðvitað ferskfiskmat eftir sem nátttröll í kerfinu.

Ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vænti að verði nú á morgun, um hádegi eða eftirmiðdag, þá býst ég við því að eins og sýnt hefur verið fram á og rætt var í umræðum hv. sjútvn. þessarar deildar þá verði það í mörgum tilfellum sömu mennirnir sem sjá um matið á ferska fiskinum en eru nú á launum hjá kaupendum og seljendum, báðum eða öðrum hvorum. En hitt kemur undarlega fyrir sjónir, eins og kom fram hér við 1. umr., að skrifstofuhald Ríkismats sjávarafurða virðist eiga að haldast að mestu óbreytt.

Það var nefnt hér við 1. umr. og hafa ekki fengist við því svör að ég held enn þá að kontóristarnir við Nóatún eiga að halda áfram fullri vinnu og yfirvinnu eins og ekkert hafi í skorist. Það var reyndar dregið fram hér við 1. umr. að nýjustu yfirmenn Ríkismats sjávarafurða hefðu betri reynslu í ýmsum öðrum sökum en mati á ferskum fiski, en á það skal ég ekki leggja neinn dóm.

Ég held að það sé nauðsynlegt vegna orða sem hér komu fram, sérstaklega við umræðu í hv. Nd., að fara nokkrum orðum um fiskmat og eftirlit í Kanada eins og það er nú. Um það hef ég að vísu þykkar skýrslur og gæti vitnað í þær og lesið en ég skal reyna að fara að stytta mál mitt mjög þar sem nú er liðið á nótt. Aðalatriði ferskfiskmats þar eru eftirfarandi:

Ferskfiskmat í Kanada er ekki skylda enn þá. Það var ætlunin að svo yrði en það hefur af ýmsum orsökum ekki orðið, m.a. af pólitískum ástæðum. Ferskfiskmat þar er núna sjálfviljugt en stærstu fyrirtækin, National Sea Products og Fishery Products, nota sjálfstætt fiskmatskerfi sem er svipað og það punktakerfi sem hér var reynt veturinn 1984. Þessi fyrirtæki greiða sínum kaupendum verð eftir þessu kerfi en önnur fyrirtæki nota kerfið aðeins til viðmiðunar. Starfsmenn fiskvinnslustöðva framkvæma ferskfiskmatið, en þeir þurfa að hafa próf frá fiskvinnsluskóla, College of Fisheries and Navigation. Hið opinbera sá til þess á sínum tíma að punktakerfið varð til en það framkvæmir ekki sjálft matið og það mun ekki gera það þótt það verði skylda sem enginn veit um enn þá. Verði ágreiningur um ferskfiskmat er unnt að kalla til opinbera yfirmatsmenn sem skera úr deilum.

Varðandi annað fiskmat í Kanada er það að segja að eftirlit með búnaði fiskvinnslustöðva er reglulegt. Framleiðsluleyfi eru gefin út af ráðuneyti eða sérstakri ráðuneytisdeild. Þessi stofnun hefur miklu víðtækari verkefni en Ríkismatið íslenska og gæti þess vegna verið eins konar Vinnueftirlit eða Hollustuvernd ríkisins hér.

Afurðaeftirlitið er þannig framkvæmt að opinberir eftirlitsmenn skoða reglulega en fyrirvaralaust allar afurðir fiskvinnslustöðva með tilliti til lágmarkskrafna, þ.e. varan má ekki verða úldin, ekki heilsuspillandi og ekki upplituð svo áberandi sé. Eftirlitsmennirnir eiga sem sagt aðeins að tryggja það að kanadískar fiskafurðir uppfylli lágmarksskilyrði til útflutnings, en framleiðendur og seljendur eiga það við kaupendur um önnur gæði vörunnar. Hugmyndafræði starfsins er mjög skýr. Hreinar mælingar á efnum og gerlum eru látnar oft og tíðum skera úr. Eiginlegt vörumat er ekki orðin staðreynd

enn þá í Kanada, en það ríkir um það mikill ágreiningur. Það veit enginn hvort það verður nokkurn tíma framkvæmt af hinu opinbera en það er það ekki nú. Spurningin um það hvað sé gott, betra eða best er algerlega á snærum fyrirtækjanna sjálfra, þ.e. sjálf gæðaflokkunin.

Þessi stutta lýsing sem ég hef hér lesið er að miklu leyti samin upp úr viðtali sem var haft við dr. Botta, sem nú vinnur á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem gestur, vísindamaður sem gestur frá Kanada og starfaði í kanadíska fiskmatinu um tíma.

Bent hefur verið á að það þurfi að verða til einhver aðili sem fiskkaupendur og -seljendur geta skotið deilumálum til, a.m.k. til úrskurðar. Þetta er sennilega rétt og væntanlega m.a. það sem þing Sjómannasambands Íslands átti við með samþykkt sinni. En það þarf ekki að vera til heil stofnun sem bíður eftir því að upp komi deilumál eða ágreiningur um fiskmat. Það þarf heldur ekki að vera til stofnun til þess að stimpla útflutningsvottorð um gæðamat sem starfsmenn sölusamtakanna hafa þegar framkvæmt.

Menn hafa talað um þá hættu að eftirlit sölusamtakanna veiktist ef ekki væri til eitthvað sem þeir kalla óháð ríkismat. Með síðustu breytingum á fiskmatslögunum og með þeim lögum sem nú gilda er gert ráð fyrir því að framleiðendur og samtök þeirra beri ábyrgð á gæðunum. Þeir borga brúsann hvort sem er ef tjón hlýst af lélegum gæðum og það þýðir ekkert að skjóta sér á bak við Ríkismatið. Það hefur aldrei viðurkennt mistök sín hvort sem er. Það hefur aldrei borgað fyrir mistök sem þó hafa greinilega orðið í þessu starfi.

Ég tel að það þurfi einnig að stíga þetta skref til fulls. Ábyrgðin verður að vera þeirra sem framleiða vöruna, ekki einhvers ríkisbákns sem allir leika sér að og plata og benda svo á sökudólg fyrir eigin afbrot. Það er eitt í Ríkismatinu sem kallast hreinlætis- og búnaðareftirlit. Ég álít að það sé til nóg af eftirlitsstofnunum í þjóðfélaginu þó ekki sé haldið úti sérstakri stofnun til þess arna.

Ég held sem sagt að það sé tiltölulega auðvelt að leggja Ríkismat sjávarafurða niður og ... (**SkA:** En Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins?) Ég get svarað hv. þm. því að ég er mjög hlynntur því að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði lögð niður og gerð að sjálfstæðri stofnun nákvæmlega eins og verkfræðiskrifstofa og starfi á eigin ábyrgð og ég er sannfærður um að það gengi miklu betur, þar yrði miklu skilvirkari starfsemi heldur en nú er. Um það hef ég ásamt forstjóra þeirrar stofnunar unnið tillögur sem að vísu eru ekki til umræðu hér en ég væri mjög fús að ræða hvenær sem er.

Ég get sagt það að ef ég væri ekki svona dyggur og trúr stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar þá hefði ég sennilega lagt fram frv. sem gengi alla leið, stigi skrefið til fulls og legði Ríkismat sjávarafurða alfarið af. Það frv. gæti hljóðað eitthvað á þessa leið:

1. gr.: Öllum sem flytja út unnar sjávarafurðir er skylt að framvísa við útflutning vottorði um gæðamat sem sé í samræmi við kröfur kaupenda vörunnar og þess lands sem varan á að fara til. Vottorðið sé undirritað af manni sem til þess hefur hlotið viðurkenningu frá sjávarútvegs- eða viðskiptaráðuneytinu og ber ábyrgð á gæðamatinu. Ráðuneytið getur falið öðrum aðilum að ganga úr skugga um hæfni matsmanna hvenær sem er og enn fremur gengið úr skugga um það fyrirvaralaust að gæðamat sé framkvæmt í samræmi við útgefið vottorð.

2. gr.: Hráefni til fiskvinnslu skal vera ferskt, laust við hvers konar mengun og aðskotahluti og ekki hafa aflagast í meðferð. Kaupendur og seljendur að óunnu sjávarfangi semja um verð þess í samræmi við gæði — og taki menn eftir því, þetta er nákvæmlega það sem menn eru að berjast um nú í Verðlagsráði — en verði ekki samkomulag má skjóta ágreiningi til úrskurðar sjútvrn. sem kveður til yfirmatsmenn. Deiluaðilar greiða að jöfnu allan kostnað af yfirmatinu.

3. gr.: Skipaskoðun ríkisins gengur úr skugga um að lestar og búnaður fiskiskipa standist þær kröfur sem gerðar eru og Hollustuvernd eða Vinnueftirlit ríkisins eða hvort tveggja hefur eftirlit með hreinlæti og búnaði í fiskvinnslustöðvum.

4. gr.: Lög þessi öðlast gildi einhverja ákveðna dagsetningu og jafnframt falla önnur lög úr gildi um Ríkismat sjávarafurða og þá þarf að taka fram að um réttarstöðu starfsmanna Ríkismats sjávarafurða fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Meira held ég að þurfi ekki í raun og veru að segja um þetta mál.

Ég á von á því að þessum málum verði komið fyrir á þennan hátt áður en mjög langt um líður. Það kann að taka eitt eða tvö þing í viðbót. Við rifjuðum það upp, þó sérstaklega hv. 4. þm. Vesturl., hann rifjaði það rækilega upp, að það hefðu ekki liðið nema 2 ½ ár frá því að síðustu fiskmatslögum var breytt. Í tilefni af orðum hans fletti ég í gegnum nærri 50 ára sögu fiskmats á Íslandi og að jafnaði á sex ára fresti hefur lögum um fiskmat verið breytt, en nú er orðið ansi stutt síðan.

Ég hjó eftir því að hv. 4. þm. Vesturl. vitnaði hér í fréttabréf Ríkismats. Það hafði ég reyndar hugsað mér að vitna í líka og lesa nokkra kafla. (**SkA:** Vill ekki þm. lofa mér að ljósrita tillöguna að lögunum sínum?) Ég vil benda hv. þm. á það að þessi ræða mun væntanlega birtast í þingtíðindum og jafnvel þó letrið sé smátt má lesa það þar. Enn fremur vil ég benda hv. þm. á það að þessi till. var skrifuð sem drög og á að sjálfsögðu eftir hina hátæknilegu fínpússun sem hið virðulega Alþingi krefst eins og við höfum séð svo glögg dæmi um í kvöld og nótt. En þar höfum við líka séð að svo getur skýrum skjöplast sem öðrum.

Ég ætlaði að lesa hér upp úr þessu fréttabréfi svo sem eins og heila blaðsíðu um það til hvers ferskfiskmatið er. Ég held ég láti það nú vera. Menn geta dundað sér sjálfir við það. Hins vegar langar mig til að lesa úr því bréfi nokkur skilgreiningaratriði sem

hér eru sett mjög skýrt fram og ég skil ekki hvers vegna breyst hafa svo mjög síðan, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Tilgangur Ferskfiskmatsins er:

Að stuðla að sem bestri meðferð afla í veiðarfærum og um borð í fiskiskipum og í landi.

Að afla sem áreiðanlegastra upplýsinga um ástand þess hráefnis sem að landi berst og meðferð þess í landi.

Að veita upplýsingar um ástand afla sem er forsenda fyrir ákvörðun um gæðamál.

Að veita kaupendum og seljendum upplýsingar um ástand þeirrar vöru sem verið er að versla með. Þær upplýsingar eru lagðar til grundvallar við verðlagningu hennar."

Nú er ég alls ekki sammála þessu en hins vegar þykir mér það nokkuð skrýtið og bera einkennilega að ef höfundar þessa frv., sem hér liggur fyrir, hafa varpað þessum markmiðum öllum fyrir róða á aðeins nokkrum mánuðum, þ.e. frá því að þetta fréttabréf kom út.

Ég reikna með því að tækifæri gefist til frekari umræðu um málið eftir nokkra klukkutíma við 3. umr. og læt þessu lokið í bili.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa hérna mjög langt mál. Ég ætla bara að segja þetta til þess að hv. þm. viti það því að nú er klukkan rétt að verða 5 og orðið nokkuð áliðið, allavega að mér finnst.

Ég vil byrja á því að fagna þeirri umræðu sem nú hefur breyst ansi mikið á ekki lengri tíma en tveimur árum, að menn skuli vera að tala núna í alvöru um frjálst fiskverð og fiskmarkaði og það jafnvel hv. þm. sem sögðu 1984, og ég leyfi mér að vitna, með leyfi forseta, í ræðu þar sem hv. þm. Björn Dagbjartsson sagði:

„Flestir hafa fyrir löngu gert sér ljóst að erlendar fyrirmyndir svo sem uppboðskerfi og fiskmarkaðir henta ekki íslenskum aðstæðum. Öll íslenska þjóðin lifir á því sem hægt er að fá fyrir fiskafurðir og þess vegna verður verðlagning að vera sem allra næst réttu lagi, en ekki háð duttlungum óábyrgra spekúlanta."

Þetta var sagt þegar ég lagði fram frv. til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins. En því ber að fagna að það tekur ekki mjög langan tíma að skipta um skoðun og sjá að skynsamlegt er að gefa fiskverð frjálst því þessar staðhæfingar eru alrangar. Og til þess að fiskverð geti verið frjálst þarf að afnema þessar lagagreinar varðandi Ríkismat sjávarafurða.

Ég gerði vinnubrögð að umtalsefni nú við 1. umr. þessa máls, hvað þetta mál er seint lagt fyrir þingið og ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það, en það finnst mér vera til lítillar fyrirmyndar fyrir hæstv. Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að þm. þurfi ekki að halda mjög langa ræðu þrátt fyrir þessi tilmæli mín eða þessa tilvitnun hjá mér, en ég get ekki orða bundist.

Aðeins áfram um frjálst fiskverð því að auðvitað blandast það inn í þessa umræðu. Þess vegna erum við að samþykkja Ríkismatið að það sé hægt, ef samkomulag næst í Verðlagsráði, að framfylgja frjálsu fiskverði eftir áramótin og grundvöllur fyrir því líka að samþykkja það frv. sem nú hefur verið lagt fyrir þingið varðandi fiskmarkaði, þ.e. að það sé ekki skylda að Ríkismatið sjái um ferskfiskmat. En það voru fleiri þm. með efasemdir varðandi frjálst fiskverð og hv. þm. Valdimar Indriðason (**Gripið fram í:** *Já, minnstu á hann aðeins.*) hafði auðvitað mikinn fyrirvara á því á þeim tíma, enda var það 1983 og það eru nú heil þrjú ár síðan það var. Ég held ég vitni ekki í ummælin. Hv. þm. geta lesið það í þingtíðindum þannig að það er ástæðulaust að vitna mjög mikið í það.

En í 22 ár hefur yfirnefnd Verðlagsráðsins í flestum tilfellum ráðið fiskverði hér á landi og ég held að það sé tími til kominn að hagsmunaaðilar takist á um þetta án hjálpar ríkisvaldsins. Þess vegna ætla ég að stuðla að því eins og hægt er að þetta frv. verði að lögum og lengja ekki þessar umræður, minnug þess að það er hægt að drepa mál á tíma hér eins og selafrv. forðum daga. Tvívegis í þessari hv. deild hefur það dáið á tíma. Ég held að það verði reynt, allavega skildi ég hv. þm. Björn Dagbjartsson þannig þegar hann sagði að það væri hægt að nota tímann við 3. umr. þessa máls. Nú skilst mér, virðulegi forseti, að 3. umr. verði ekki fyrr en í fyrramálið og fundir verði ekki í þessari hv. deild fyrr en hálfellefu í fyrramálið þannig að það yrði náttúrlega mjög auðvelt að fella málið á tíma nema við ætlum þá að lengja þinghaldið. Mér þætti vænt um ef hv. þm. vildi upplýsa það því mér finnst svona skemmtilegra fyrir fram að vita hvort það á að ljúka þingstörfum hér á morgun eða mánudag. Það fer alltaf svolítið í mig ef einstaka þm. ætla að ráða þingstörfum en það sé ekki bundið þeirra skoðunum á viðkomandi frumvörpum.

Það kom fram á fundi þar sem sjútvn. fékk viðmælendur að það yrði engin breyting í raun. Þeir menn, sem núna sjá um ferskfiskmatið, mundu aðeins færast til á launaskrá, yfir á laun hjá fiskvinnslunni. Þetta kom fram hjá fiskvinnslumönnum. Síðan kom fram hjá öðrum að þeir töldu ekki þörf á nema tveim yfirmatsmönnum, en þeir verða tíu, vegna þess að ágreiningsmál yrðu ekki mjög mörg eða mikil. Og það kom einnig fram að þar sem þeir yrðu að greiða kostnaðinn sem bæðu um yfirmat, þá mundi draga mjög úr að þetta yrði notað, þannig að ég held að það sé fljótræði að samþykkja þessi lög án þess að samþykkja brtt. sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason mun mæla fyrir hér á eftir, að skipuð yrði nefnd til þess að endurskoða alla starfsemi Ríkismatsins. Sú nefnd gæti auðvitað athugað það hvort ekki mætti skera þar niður ansi marga toppa, en það hefur verið gagnrýnt að yfirmönnum hafi fjölgað á meðan undirmönnum hafi fækkað. Það eru því mjög mörg atriði í þessum málum sem liggja enn óskoðuð fyrir.

Hæstv. ráðh. gæti jafnvel útskýrt fyrir sitt leyti hvernig hann sér þetta yfirmat eiga sér stað í dag, hvort þarna verður um tíu eða tvo menn að ræða. Mér fannst ansi mikið bera á milli manna sem sátu þó frá sömu hagsmunaaðilunum á sama fundinum eða höfðu svipaða hagsmuni. Annars vegar sagði fulltrúinn frá Ríkismatinu að það þyrftu að vera tíu en frá saltfiskverkendum, ef ég man rétt, að það þyrfti ekki nema tvo.

Ég endurtek aðeins að mér finnst það þurfa að koma hér skýrt fram hvort þetta mál á eftir að lengja umræðuna. Ef svo er þá tel ég að það sé alveg óhætt að samþykkja þá brtt. sem hér liggur fyrir því að m.a. er vandamál að samþykkja þá till. þótt skynsamleg sé vegna þess að málið er þá aftur farið í Nd. Mér finnst að ef við eigum að hafa hér samkomulag um gang þingstarfa þá þurfi að liggja nokkuð skýrt fyrir vilji þm. til þess að málin séu afgreidd og hvernig, og ekki síst stjórnarsinna í þessu tilfelli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki á sér setið að láta það koma fram að hann er nú farinn að hafa svolitlar áhyggjur af hvað orðið er áliðið nætur eða morguns. Það eru enn tveir á mælendaskrá en ég held samt sem áður að við freistum þess að halda aðeins áfram. Það gerir kannske minna til með hv. þm., en ástæða er til að hafa áhyggjur af starfsfólki sem hér verður að sitja í húsinu svo að ef þm. geta stillt máli sínu í hóf, þá væri það mjög æskilegt að geta lokið þessari umræðu kannske á næsta hálftíma. Þetta eru aðeins vinsamleg tilmæli forseta.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum hæstv. forseta vil ég segja að það er greinilegt að hér er ekki reiknað með þeim vinnutíma sem samninganefndarmenn þurfa að leggja á sig í erfiðum samningaumleitunum um kjaramál, og hún hafi reiknað með því að ég mundi tala a.m.k. í 8 tíma, en það er nú ekki meiningin. Ég mun tala innan við það.

Það frv. sem hér liggur fyrir er gott frv. Ég hygg að þar sé á ferðinni mörkun tímamóta sem leiði okkur til móts við þann nýja tíma sem blasir við okkur í dag. Ég geri mér grein fyrir því að það eru margir andvígir því að leggja niður Ríkismatið en þeir eru miklu fleiri sem eru með því að gera það.

Ég tel mig þekkja nokkuð til sjómennsku og sjómanna og hef haft undanfarna sólarhringa gott samband við sjómenn um þessa hluti. Þeir sem ég hef haft samband við eru allir sammála því að leggja þetta mat niður. Allir eru þeirrar skoðunar að Ríkismat sjávarafurða sé yfirleitt af því vonda og vilja breyta til.

Það kemur fram í nál. hv. þm. Skúla Alexanderssonar að ekki hafi gefist tími til þess að ræða við fulltrúa sjómannasamtakanna um þetta mál. Ég mótmæli þessu harðlega. Í Ed., hverri deild ég er í, reyndum við hvað eftir annað að fá þá til viðræðu um þetta mál. En þeir sem óskað var eftir til viðræðu um málið gáfu sér ekki tíma til þess að spjalla við okkur. (**Gripið fram í:** Ég tók það mjög rækilega fram í ræðu minni en þetta er aftur á móti Nd. sem ég er að tala um.) Það má vel vera að svo hafi verið. En ég þekki nú dálítið til sjómannasamtakanna og ég veit að það var tími til þess að koma til að ræða við sjútvn. og ég furða mig á því að fulltrúar sjómannasamtakanna skuli ekki hafa komið til viðræðu. Ég furða mig á því. Og ég verð að segja það alveg eins og er að með tilliti til alls í sambandi við þetta frv. tel ég þetta eitt af þeim atriðum sem snerta sjómenn hvað mest. Ef fulltrúar sjómannasamtakanna hafa ekki tíma til þess að gera þetta þá er eitthvað að. Ég veit að í Nd. hugsuðu þeir ekki eins mikið um þetta og við í Ed., en það að beita því fyrir sig að fulltrúar sjómannasamtakanna hafi ekki getað komið vegna tímaskorts eða einhvers slíks, ég tek ekki mark á því. Það er eitthvað annað sem þar er að baki. Ég vil að þetta komi fram.

Auðvitað hef ég ákveðnar áhyggjur af því hvernig þetta hefur verið framkvæmt allt saman í sambandi við Ferskfiskmatið. Maður spyr sig ákveðinna spurninga, ég hef gert það líka á nefndarfundum, en þrátt fyrir það að ég hafi ekki fengið fullnægjandi svör þaðan, þá er ég tilbúinn til að taka þessa áhættu sem þarna er á ferðinni gagnvart sjómönnum vegna þess að við erum að ganga til móts við nýja tíma varðandi öll þessi mál. Framtíðin er allt önnur en hún var. Ég veit að formaður sjómannasamtakanna, Sjómannasambands Íslands, hefur þau tilmæli frá meiri hluta samninganefndar sjómanna að styðja það að þetta mat verði lagt niður. Það er vegna þess að menn vilja taka þessa áhættu. Menn vita það líka að matið er ónýtt og tákn gamalla tíma, þess tíma sem e.t.v. á ekki eftir að koma aftur og vonandi ekki. En ég vona líka að samfara þessari breytingu leysi menn betur sín deilumál en áður.

Ég man eftir því og vil geta þess að sporin hræða á þann veg að ef deilur koma upp þá verða smávandamál meiri en góðu hófi gegnir. Ég vænti þess að það leysist og þess vegna sé ástæða til að gera þessa tilraun. En ef þessi tilraun gefst ekki vel, þá er hægt að kippa þessu til baka, fara aftur í sama horf eða svipað horf, þannig að Ríkismatið geti leyst það sem á vantar.

Þáttur í minni tortryggni birtist í tillögu sem við Alþýðuflokksmenn höfum flutt hér í deildinni. Það lýtur ekki endilega að því hvort matið verður lagt niður eða ekki heldur því hvernig að þessu verður staðið. Ég óttast það að þar með sé aðeins um það að ræða að honum Jóni verði sagt upp en séra Jón fái að vera áfram. Þetta verði áfram svona einhvers konar félagsmálastofnun Framsfl. án þess að nokkuð verði að gert. Þessi hugsun kom fram í síðustu umræðu. Það er alveg á hreinu að ég met það þegar menn taka þátt í félagsmálastörfum að menn séu ákveðnir í því að fylgja sínu fram. En það vekur nokkra tortryggni hversu einlitt lið er þarna og hversu vel er haldið utan um það sem slíkt. (**Sjútvrh.:** Hefur þm. skrá yfir það?) Ja, ég hef ekki

nákvæma skrá yfir það en ég býst við að flokksstjórn Framsfl. hafi mjög góða skrá yfir það og ég óska eftir að fá hana frá hæstv. ráðh., því að hann mun vera innanbúðar þar.

Brtt. okkar Alþýðuflokksmanna er svohljóðandi:

„Alþingi kýs á fyrsta fundi Sþ. eftir samþykkt þessara laga sjö manna nefnd til þess að endurskipuleggja starfsemi Ríkismats sjávarafurða með hliðsjón af breyttu hlutverki þess og með það að markmiði að rekstur verði sem hagkvæmastur og yfirstjórn sem einföldust og ódýrust.

Nefndin skal skila skýrslu um tillögur sínar og framkvæmd þeirra til sjávarútvegsnefnda Alþingis fyrir 1. mars 1987, svo og brtt. við lög um Ríkismat sjávarafurða ef nefndin telur þeirra þörf."

Þetta er okkar tillaga og ég hef fundið það í umræðum hér að menn eru mjög samþykkir þessari till. Það sem menn leggjast gegn í þessari till. er það að þeir telja of lítinn tíma til þess að afgreiða hana vegna þess að jólaleyfi er fram undan og ef hún verður samþykkt þurfi hún að fara til Nd. og þar með verði málið dautt eins og kallað er á þingmáli. En ég er ósammála. Ef þetta væri stjfrv., þá væru ekki nokkur vandkvæði á þessu, þá mundu menn vakta það eða fara í þann farveg að samþykkja þetta kúgaðir af sínum flokkum eins og svo oft hefur komið fyrir. Þá vísa ég til þess að bestu menn hér hafa látið hafa sig í það að leggjast gegn fötluðu fólki með því að greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem eru því til styrktar. Ég vil mælast til þess að þessi till. verði samþykkt vegna þess að þetta kemur til með að verða þeirri hugsun til góða sem þessu frv. fylgir.

Ég ætla ekki að vera langorður. Ég segi bara það að ég vænti þess að menn samþykki þetta frv., þetta er gott frv. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það starf sem hann hefur unnið í þessu sem mörgum öðrum góðum störfum. En ég held að hann Jón Jónsson, sem lendir í því að vera sagt upp núna, muni spyrja að því af hverju séra Jón þurfi ekki líka að víkja. Og ég spyr að því líka. Af hverju þarf hann ekki að víkja? Af hverju ekki að skera upp allt kerfið? Af hverju ekki að segja öllu apparatinu upp og taka því tak? Af hverju þurfa allir topparnir að vera þarna þrátt fyrir það að verkefni falli að mestu leyti niður? Ég spyr og kannske verður því svarað einhvern tímann.

Ég vænti þess að þessi till. verði samþykkt og ég held, þrátt fyrir það að hún verði samþykkt, að það verði hægt að fá hana í gegnum Nd. því svo margir velviljaðir menn hafa mælt þessari till. bót.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegur forseti. Það var beint hér til mín mjög ákveðnum spurningum áðan og ég get ekki komist hjá því að svara þeim. Hvort ég ætli að lengja þetta þinghald eða ekki? Þar spyr sá þm. úr þeim flokki sem hélt uppi málþófi klukkutímum saman í nótt og kvöld með formann þingflokks í fararbroddi. Þessi sami formaður þingflokks þingmannsins mælti harðlega gegn því að haldið yrði áfram umræðu hér snemma á fimmtudagskvöldi. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Ég áskil mér rétt til þess að taka til máls við 3. umr. Mér dettur ekki í hug að afsala mér þeim rétti. Það væri nánast hlálegt að fara að afsala sér rétti að taka til máls við 3. umr. Og ég vísa því alfarið á bug að ég megi ekki tala svona eins og í hálftíma um mál sem hér hefur verið í allt of stuttan tíma og ég tel að sé mjög mikilvægt.

Ég sé að hv. þingflokksformaður Alþfl. er genginn í salinn. Ég rifjaði það aðeins upp (**EG:** Ég heyrði það, hv. þm.) að hann hefði mælt gegn því mjög harðlega að hér yrði haldið áfram fundi á fimmtudagskvöld. (**EG:** Það er bara alrangt.) Við sjáum það í þingtíðindum.

Svo spurði hv. 8. landsk. þm. að því hvort ég hefði breytt skoðun minni varðandi fiskmarkaði. Fiskmarkaðir voru ekki til umræðu. Um það munum við ræða síðar. Ég er alveg óviss um það hvort fiskmarkaðir eiga rétt á sér og alls ekki á öllu Íslandi. Ég sé ekki að þeir eigi rétt á sér nema á nokkrum stöðum.

Um frjálst fiskverð hef ég líka miklar spurningar. Ég efast ekki um að þeir, sem nú eru að vinna að því máli, hafi hugsað það mál djúpt, en ég skil ekki enn hvernig þeir ætla að koma því við, hvernig þeir ætla að slíta sambandi milli kaupenda og seljenda þegar helmingurinn af seljendunum er sami maðurinn.

Á sínum tíma fluttu þm. Bandalags jafnaðarmanna tillögur um að leggja niður oddamann Verðlagsráðs og yfirnefnd Verðlagsráðs stundum. Yfirnefnd Verðlagsráðs var á sínum tíma, í því kerfi sem þá gilti og gildir reyndar enn, nauðsynlegur hlekkur, liður til þess að skera úr deilumálum sem hlutu að koma upp. Og það hafa því betur á því tímabili sem Verðlagsráð hefur starfað oftar en ekki tekist samningar og um það eru til gögn.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta núna. En ég endurtek það að ég afsala mér ekki rétti til að taka til máls við 3. umr.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekkert að blanda mér í þessa umræðu hér nú, kl. 20 mínútur gengin í 6 að morgni. Ég ætlaði hins vegar að segja fáein orð kannske við 3. umr. þessa máls, seinna á þessum degi. En þau ummæli sem hv. þm. Björn Dagbjartsson viðhafði hér áðan gera það að verkum að ég verð að segja hér örfáar setningar.

Í fyrsta lagi eru það hrein ósannindi að ég hafi beitt mér gegn því að hér yrði fundur í fyrrakvöld, á fimmtudagskvöldið. Ég benti á að það væri ekki nauðsynlegt að halda fund. En að ég hafi lagst gegn því að hér yrði fundur eru hrein ósannindi.

Og í öðru lagi þegar hv. þm. segir að ég hafi haldið uppi málþófi í Sþ. hér í kvöld, þá held ég í fyrsta lagi að hann viti ekki hvað málþóf er. Ég flutti tvær ræður og ég talaði ekki mjög lengi og bið engan afsökunar á því. Hafi verið um eitthvert málþóf að ræða ætti hann kannske að skoða hjá sínum flokksbræðrum í þessum umræðum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það hafi neinu málþófi verið beitt í Sþ. í

kvöld. Það voru málefnalegar og efnislegar umræður þar allan tímann og mér þykir þetta ekki mjög merkilegur málflutningur.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Þar sem síðasti ræðumaður sagði að á þessu árabili hafi samkomulag verið oftast í Verðlagsráði varðandi fiskverð (**BD:** Oftar en ekki.) oftar en ekki, já, þá vil ég bara upplýsa að á árunum 1961–1982 voru teknar 273 ákvarðanir um fiskverð hjá yfirnefnd, 65 sinnum án atkvæðis oddamanns. Það er ekki oftar en ekki í mínum huga. (**BD:** Yfirnefnd.) Yfirnefnd. (**BD:** Já, það er annað mál. Í Verðlagsráði sagðirðu.)

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég skal reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint, sérstaklega af hv. 4. þm. Vesturl.

Í fyrsta lagi spurði hann um upplýsingaöflun til opinberra aðila eftir að Ferskfiskmatið hefur verið lagt niður. Það gefur auga leið að það verður ekki eins auðvelt og áður var. Hitt er svo annað mál að auðvitað mun Ríkismatið leitast við að fylgjast með gæðum afla, gæðum afurða. Með hvaða hætti það verður nákvæmlega gert hef ég ekki aðstöðu til að svara á þessari stundu.

Í öðru lagi varðandi aðild að Fishnet, sem er upplýsingamiðlun, þá er þar um lítinn kostnað að ræða og hvort Ríkismatið verður áfram aðili að því get ég heldur ekki sagt á þessari stundu.

Um tölvuvæðinguna er það að segja að að sjálfsögðu mun hún koma áfram að verulegu gagni, en þessi breyting mun leiða til nýrrar tilhögunar að því er það varðar eins og annað. Hins vegar er tölvuvæðing nauðsynleg hverri stofnun og það hefur verið reynt að halda þeim fjárfestingum í algjöru lágmarki.

Það var einnig spurt um yfirmatsmenn, hvort þeir ættu að vera tveir eða tíu. Ég held að það gefi auga leið að það er engin leið að hafa þá tvo. Ef veita á þá þjónustu í öllum landshlutum að það sé hægt að kalla til yfirmats, þá hygg ég nú að ekki veiti af að hafa tíu menn í því. En auðvitað verður reynslan að skera úr um það.

Að því er varðar aðra starfsmenn, þá hef ég þegar sagt að það fer fram frekari endurskipulagning á stofnuninni. Fólki verður fækkað. Það er ekki rétt að þar hafi verið fjölgað svokölluðum toppum. Það er ekki rétt. En að sjálfsögðu verður starfsemi þess fólks sem þarna verður eftir endurskoðuð og það fer fram frekari fækkun í stofnuninni, það liggur alveg fyrir, en hins vegar hefur ekki enn verið gengið frá henni.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leggja áherslu á það að menn samþykki þá till. sem við Alþýðuflokksmenn höfum borið hér fram um það að gerð verði sérstök athugun á starfsmannahaldi Ríkismatsins og að ekki verði aðeins stefnt að því að segja lægstlaunaða fólkinu upp störfum heldur líka toppunum, því fólki sem er yfir þessu mati. Mér sýnist að stefnan sé sú að allt yfirfólkið eigi að halda sínum störfum en hinir eigi að fara. Þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra sé ég ástæðu til að fylgjast með þessu og að sjávarútvegsnefndarmenn fái að fylgjast með því hvernig það verður gert. Ég legg á það sérstaka áherslu.

Síðan minni ég á það að ég tel að sú breyting sem nú mun eiga sér stað sé af því góða og við Alþýðuflokksmenn styðjum hana. Þeir sem mæla gegn henni eru með ákveðnar efasemdir sem ég tel mjög af því illa — að menn séu hræddir við breytingar. Þeir sem mæla gegn þessu eru fulltrúar forneskjunnar sem ég sætti mig ekki við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

30. fundur, laugardaginn 20. des., kl. 3.18 árdegis.

Forseti tók öll dagskrármál af dagskrá.

NEÐRI DEILD

31. fundur, laugardaginn 20. des., að loknum 30. fundi.

Lánsfjárlög 1987, 2. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 396, n. 367, 472 og 476, brtt. 441, 480.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþykkt með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem birt er á þskj. 467. Þar segir að nefndin hafi rætt málið á fundum sínum. Á fund nefndarinnar komu eftirtaldir aðilar til viðræðna: Magnús Pétursson og Gunnar Hall frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Bolli Þór Bollason og Maríanna Jónasdóttir frá Þjóðhagsstofnun, Bjarni Bragi Jónsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Hrafn Magnússon og Pétur Blöndal, fulltrúar lífeyrissjóðanna, Hilmar Þórisson og Katrín Atladóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Bragi Hannesson og Gísli Benediktsson frá Iðnlánasjóði, Svavar Ármannsson og Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði, Guðmundur Malmquist frá Byggðastofnun, Birgir Þorgilsson

frá Ferðamálaráði, Ólafur Davíðsson og Gunnlaugur Sigmundsson frá Þróunarfélaginu, Pétur Sigurðsson alþm. frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Ásmundur Stefánsson og Björn Björnsson frá ASÍ og Vilhjálmur Egilsson frá VSÍ.

Gestir nefndarinnar svöruðu spurningum nefndarmanna greiðlega og greindu frá skoðunum sínum um málið.

Nefndin vill árétta að framlagið skv. 22. gr. eigi að renna til Ferðamálaráðs. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. en mun flytja við 3. umr. lánsfjárlaga breytingartillögur í samræmi við afgreiðslu fjárlaga.

Undir þetta ritar meiri hl. nefndarinnar, þ.e. Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson og Halldór Blöndal.

Ég hefði gjarnan viljað mæla fyrir öðruvísi lánsfjárlögum. Það er ýmislegt sem má að þessum lögum finna. Það eru bjartsýnar áætlanir um innlenda lánsfjáröflun. Það gæti reynst torvelt að afla innanlands þess fjár sem áætlað er og gæti það enda haft þau áhrif að vextir hækkuðu óhóflega en vaxtasprenging er ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og þess vegna verður að treysta því að Seðlabankinn grípi inn í lögum samkvæmt.

Í 4. gr. seðlabankalaganna mælir fyrir um að peningamálastefna Seðlabankans verði í sem nánustu samræmi við stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Erlendar skuldir þjóðarinnar eru of miklar. Þess vegna væri skynsamlegra að afla hinu opinbera meiri tekna innanlands með skattheimtu. Samstaða hefur ekki myndast í stjórnarflokkunum um aukna skattheimtu og þess vegna afgreiðum við nú fjárlög með halla, allt of miklum halla og lánsfjárlög sem eru í hærri kantinum.

Ég tel að ekki geti gengið svo til lengdar að meiru sé eytt en aflað og ekki munum við framsóknarmenn skorast undan því að gera okkar til þess að ríkistekjur verði auknar svo sem þarf, hvort heldur sem er með því að leggja skatta á stóreignir ellegar með öðrum hætti.

Ef við ætlum að lifa farsællega hér í þessu góða landi þá verðum við að koma ríkisfjármálunum í lag.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 472 er nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987. Ég ætla nú að fara yfir nál.

Lánsfjárlög voru afgreidd samhliða fjárlögum á síðasta þingi. Í lögunum var gert ráð fyrir erlendum og innlendum lántökum sem hér segir:

Erlend lántaka 3240 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir því að á þessu ári verði erlendar lántökur ekki 3240 millj. kr. heldur 5590 millj. kr.

Það eru því allar líkur til þess samkvæmt nýjustu tölum embættismanna fjmrh., sem ég fékk í gær, að erlendar lántökur fari á árinu 72,5% fram úr lánsfjárlögum þessa árs.

Nú er enn gert ráð fyrir því skv. 1. gr. þessa frv. að fjármálaráðherra fái heimild til þess að taka erlend lán allt að 1700 millj. kr. Með því móti aukast erlendar lántökur á komandi ári, alls um nærri 2000 millj. kr. umfram afborganir. Auðvelt ætti að vera að draga úr erlendum lántökum og er hér bent á leiðir til þess að fella algjörlega niður erlendar lántökur ríkisins á næsta ári:

Erlend lán til flugstöðvarbyggingarinnar nema alls 500 millj. kr., erlend lán til Þróunarfélagsins nema 100 millj. kr., til Landsvirkjunar 400 millj. kr., auk þess sem taka á erlent lán til rekstrar ríkissjóðs. Þetta eru stærstu liðirnir. Hluta af þessari lánsfjárþörf má leysa með því að knýja bankana til aukinna lána til verkefna ríkisins. Hluta má leysa með því að spara í útgjöldum ríkisins, til yfirstjórnar þess. Hluta má spara með því að hækka beina skatta á fyrirtæki og stóreignamenn. Hefur Alþb. hér á Alþingi undanfarna daga í umræðum um skattamál og ríkisfjármál sýnt fram á leiðir til þess að auka þannig svigrúm ríkisins um verulegar fjárhæðir sem hefðu dugað til þess að draga mjög úr erlendum lántökum.

Ljóst er hins vegar, herra forseti, að ríkisstjórnarliðið hafnar öllum brtt. og því er tilgangslaust að okkar mati að flytja brtt. við frv. þetta umfram það sem þegar hefur verið gert. Mun ég greiða atkvæði gegn skerðingarákvæðum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóði og Framkvæmdasjóði fatlaðra en ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um frv. þetta að öðru leyti. Margt bendir líka til að frv. í heild sé markleysa. Samanber það sem áður kemur fram um hækkun erlendra lána á þessu ári um 72,5% frá ráðgerðum lántökum samkvæmt lánsfjárlögum þessa árs.

Samkvæmt lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að skerða Atvinnuleysistryggingasjóð um 42 millj. kr. Það hefur aldrei áður verið gert og hefur undirritaður mótmælt þessari skerðingu harðlega, m.a. á fundum nefndarinnar svo og hér úr þessum ræðustól. Á fund fjh.- og viðskn. í gærmorgun kom Pétur Sigurðsson f.h. Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ásmundur Stefánsson f.h. Alþýðusambands Íslands og gerðu þeir þetta mál að sérstöku umtalsefni. Mótmæltu þeir báðir skerðingu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég hef átt viðræður við forustumenn stjórnarliðsins um þetta atriði í dag. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef enn þá virðist mér að þeir ætli að halda fast við það að Atvinnuleysistryggingasjóður verði skertur á árinu 1987. Ég tel að hér sé um að ræða fáheyrða ósvífni, m.a. gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu og þeim aðilum sem hafa forræði Atvinnuleysistryggingasjóðs með höndum.

Þetta hefur áður verið reynt. Embættismenn hafa áður gert tilraunir til þess að koma þessu ákvæði inn á hina almennu skerðingarkafla lánsfjárlaganna. Núverandi ríkisstjórn er fyrsta ríkisstjórnin og þetta þing fyrsta þingið sem mundi samþykkja skerðingu á framlögum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það væri í

fyrsta sinn frá því að sá sjóður var stofnaður árið 1955 og ég trúi því ekki enn að menn eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson eða aðrir sem tengst hafa starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, þó úr stjórnarliðinu séu, geti staðið að því að skerða þennan sjóð. Þar er gengið svo nærri ýmsum grundvallarsjónarmiðum verkalýðssamtakanna að ég trúi því ekki, þrátt fyrir margt sem á undan er gengið, að þessir menn treysti sér til að skerða sjóðinn með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Hagsýslan heldur því fram að þessi skerðingartala sé óhjákvæmileg vegna þess að það sé ágreiningur um það hvernig á að reikna út framlögin í Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er rangt. Það er enginn ágreiningur um það. Það er skýrt í lögum að það á að taka fé til Atvinnuleysistryggingasjóðs miðað við tiltekinn taxta og miðað við vinnuviknafjölda. Greiddur er ¼ af sérstöku gjaldi í sjóðinn. Tvöföld sú upphæð kemur síðan úr ríkissjóði og jafnhá upphæð kemur síðan frá sveitarfélögunum.

Ég held að það væri æskilegt ef stjórnarliðið á þessari nóttu treysti sér til að brjóta nú odd af oflæti sínu einu sinni, hlusta einu sinni á það sem verið er að segja og strika út tillöguna um skerðingu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég skora á stjórnarþingmenn að halda þannig á málinu.

Í nál. minu er farið yfir ýmsa fleiri sjóði eins og Ferðamálasjóð og þar er einnig rætt um lán vegna aðbúnaðar á vinnustöðum sem veitt hafa verið á undanförnum árum samkvæmt lögum um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nú á í fyrsta sinn frá því að þau lög voru sett að fella niður allar lánaheimildir í þessu skyni, þannig að það er vegið að verkalýðshreyfingunni sérstaklega í þessu frv. bæði með ákvæðinu um Atvinnuleysistryggingasjóð og þessu ákvæði um aðbúnað á vinnustöðum.

Í frv. er sérstök aðför að sveitarfélögunum sem rædd hefur verið hér í þessum sal í dag í umræðum um fjárlög fyrir árið 1987 og mun ég ekki endurtaka það. Í þeim áætlunum er gert ráð fyrir því að skera Jöfnunarsjóð sveitarfélaga niður um 340 millj. kr. Það eru 200 millj. kr., hin gamla skerðing sem verið hefur frá því að þessi stjórn tók við og núv. félmrh. var forgöngumaður um, og það eru 140 millj. í viðbótarskerðingu. Aldrei hefur í rauninni verið saumað eins að sveitarfélögunum og gert er af núverandi ríkisstjórn með þessum hætti. Og það er athyglisvert að á sama tíma og menn eru að setja niður samráðsnefndir, viðræður við sveitarfélögin o.s.frv., skuli menn þrátt fyrir þetta ganga svona að sveitarfélögunum og þrátt fyrir allt talið um sjálfstæði sveitarfélaganna kemur í ljós í þessu máli eins og fleirum að það er markleysa.

Við umræður í fjh.- og viðskn. Nd. kom fram að aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að allar verðlagsforsendur kjarasamninganna eru í hættu vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Þar kom einnig fram að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar telja að hækka ætti skatta, beina skatta, við þær aðstæður sem fram undan eru en undirritaður hefur flutt fjölda tillagna um hækkun skatta á fyrirtæki á Alþingi á síðustu dögum.

Ég vil sérstaklega gagnrýna í þessu frv. loðnar og óskýrar heimildir til fjmrh., m.a. varðandi fjárhagsvanda hitaveitnanna. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að búist er við verulegri vaxtahækkun á næsta ári í kjölfar þess mikla halla sem ríkissjóður er með. Fulltrúar Seðlabankans töldu að áætlanir Þjóðhagsstofnunar um verðlagsþróun á næsta ári væru of lágar. Aðalhagfræðingur Seðlabankans nefndi þar tölur um verðbólgu á næsta ári sem eru langt fyrir ofan tölur Þjóðhagsstofnunar. Verulegar áhyggjur komu fram hjá fulltrúum Seðlabankans vegna hinna nýju fjármögnunarfyrirtækja.

Í nefndinni kom fram að byggingarsjóðina vantar mörg hundruð milljóna króna á næsta ári til þess að ná saman endum.

Að lokum skal hér bent á leiðir til þess að koma í veg fyrir að erlendar lántökur aukist á næsta ári:

1. Sjálfsagt er að auka hlut bankakerfisins í verðbréfakaupum til að fjármagna lánsfjáráætlun. Þar má ná aukalega 300–400 millj. kr.

2. Sjálfsagt er, og efnahagslega skynsamlegt að mati Þjóðhagsstofnunar, að auka skatta á fyrirtæki. Alþb. hefur flutt till. um þetta efni sem geta skilað a.m.k. 2000 millj. kr.

3. Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fela fjmrh. að stuðla að sparnaði í yfirstjórn ríkisins og ríkisstofnana. Er ekki ofverkið hans að ná þar saman 300 millj. kr. sem er langt innan við 1% af öllum ríkisútgjöldum.

4. Sjálfsagt er að draga úr erlendum lántökuheimildum einkaaðila við ríkjandi aðstæður en þær nema alls á næsta ári samkvæmt áætlunum 4,1 milljarði kr.

Með þessu móti er auðvelt að koma erlendum lántökum niður í 6300 millj. kr. þannig að afborganir og lán standist á; og niðurstaða: Erlend lán aukist ekki um eina krónu á næsta ári.

Þetta liggur fyrir, herra forseti, að er unnt. Viljann, hinn pólitíska vilja til að veita alvarlega forustu í ríkisfjármálum vantar því miður á þessu þingi.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Till. meiri hlutans, till. ríkisstjórnarflokkanna um fjárlög og lánsfjárlög gera ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn með nærfellt 3 milljarða kr. halla og að þjóðarbúið í heild eins og það birtist í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun taki ný löng erlend lán upp á 8,2 milljarða kr. á árinu 1987. Það þýðir að ný erlend lán fara nær 2 milljörðum kr. fram úr afborgunum af eldri lánum. Þetta er geigvænleg þróun í einhverju því mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið.

Ef við hins vegar lítum til baka þá sjáum við að í upphaflegu frv. til lánsfjárlaga var gert ráð fyrir að nettólántökur samtals erlendis yrðu 1,5 milljarðar kr. Það var þetta sem menn höfðu fyrir framan sig

þegar gengið var til seinustu kjarasamninga. Og einmitt við þá kjarasamninga settu aðilar vinnumarkaðarins fram þá eindregnu ósk að úr þessum halla yrði dregið og honum yrði nánast eytt og þannig ekki aukið á erlendar skuldir þjóðarbúsins á næsta ári og sköpuð þau þensluáhrif sem af innstreymi erlends fjármagns mundi leiða. Þetta var talin ein af undirstöðum kjarasamninganna. Þessi málaleitan var borin til ríkisstjórnarinnar sem undirstöðuþáttur kjarasamninga. Ríkisstjórnin tók þessu vel. En hverjar eru svo efndirnar? Efndirnar eru að auka enn á erlendar lántökur frá því sem hafði verið fyrirhugað í upphaflegum lánsfjárlögum. Ekki að draga úr þeim, ekki að eyða þessum 1,5 milljörðum króna eins og hafði verið heitið þegar gengið var til kjarasamninga, heldur að auka þær upp í næstum 2 milljarða.

Ábendingu verkalýðshreyfingarinnar um það að nýta mætti að einhverju leyti fjármagn lífeyrissjóðanna, eitthvað á annan milljarð króna, til þess að eyða þessum halla á ríkisbúskapnum, þeim halla sem sneri að erlendri skuldasöfnun, hvernig var henni tekið? Jú, ábendingunni var þannig tekið að samkvæmt fyrirliggjandi áformum ríkisstjórnarflokkanna eiga byrðarnar sem lífeyrissjóðirnir eiga að taka á sig að vera meira en tvöfalt meiri en aðilar vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir þegar þeir komu með málaleitan sína til ríkisstjórnarinnar. Á þriðja milljarð hefur verið bætt við sem ætlast er til að lífeyrissjóðirnir veiti til hins opinbera og sjóðakerfisins.

Með þessum áformum er niðurstöðum kjarasamninganna og markmiðum um lága verðbólgu á næsta ári stefnt í mjög mikla hættu. Að þeim sé stefnt í mjög mikla hættu eru akkúrat þau orð sem fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands notuðu á fundi fjh.- og viðskn. í morgun og þeim var greinilega brugðið. Þeir orðuðu það svo að skilyrðin fyrir því að þeir skynsamlegu samningar, sem hafa verið gerðir, gætu haldist væru einkum tvö:

Í fyrsta lagi að verðbólga yrði lág þannig að freisting atvinnufyrirtækja til þess að velta af sér út í verðlagið launahækkunum eða slíku væri ekki mikil. Og í annan stað að ekki yrði með neinum hætti hvatt til launaskriðs. En hvatning til launaskriðs á sér venjulega stað í þenslu og orsök þenslu er innstreymi fjármagns, erlends fjármagns. Þess vegna var líka óskin borin fram um að þjóðarbúið yrði rekið nánast í jafnvægi.

Sú þensla sem stafar af því að auka erlendar lántökur er auðvitað hættulegust fyrir útflutningsatvinnuvegina, hættulegust fyrir sjávarútveginn. Ef sú þensla birtist í launaskriði einhvers staðar í þjóðfélaginu lendir hún fyrr eða síðar á sjávarútveginum og þá er markmiðið um fast gengi hrunið. Þetta eru hættumerkin. Þetta er það sem aðilar vinnumarkaðarins eru að tala um þegar þeir segja að markmiðum kjarasamninganna sé stefnt í mikla hættu ef hér sé haldið fram sem horfir.

Við í Alþfl. teljum hins vegar nauðsynlegt og mikilvægt að treysta undirstöður kjarasamninganna og fyrirætlanir um hjaðnandi verðbólgu. Við teljum að þetta sé meginmarkmið. Við erum sammála aðilum vinnumarkaðarins um það í fyrsta lagi að hlaða ekki enn frekar á þjóðina erlendum skuldum og í öðru lagi og ekki síður að það verði að hamla gegn þenslu með því að reka þjóðarbúið hallalaust.

Það er sannarlega mikið í húfi. Það er svo mikið í húfi að það er skylda þingsins að taka á þessu verkefni. Þetta má ekki svo fram ganga að undirstöður kjarasamninganna séu skertar og verðbólgumarkmiðum sé stefnt í voða. Ég vara ríkisstjórnina og þá flokka sem hana styðja alvarlega við að halda við áform sín í þessum efnum.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að það eru engar léttar eða sársaukalausar leiðir til í aðhaldsaðgerðum af því tagi sem nauðsynlegar eru. Það sem nauðsynlega þarf að gerast getur ekki gerst öðruvísi en annars vegar með niðurskurði frá þeim áformum sem uppi eru og hins vegar með tekjuöflun. En það er of mikið í húfi til þess að menn geti leyft sér að flýja frá þessu verkefni eins og afstaða meiri hlutans gefur til kynna að gera eigi. Menn mega ekki láta vaða á súðum og menn mega ekki láta kosningaár villa fyrir sér þannig að menn fáist ekki til þess að stjórna þjóðarbúinu eins og því í heild er best og þannig að þau markmið náist sem að er stefnt og eru okkur mikilvæg. Við höfum áður fengið að þola verðbólgusprengingar hér á landi.

Það er við þessar aðstæður sem við Alþýðuflokksmenn nú flytjum brtt. annars vegar við frv. til fjárlaga, brtt. sem miða að því að draga úr rekstrarhalla ríkissjóðs um nærfellt 2 milljarða kr., og jafnframt flyt ég fyrir hönd Alþfl. till. um breytingar á frv. til lánsfjárlaga sem eiga að geta tryggt jöfnuð í rekstri þjóðarbúsins.

Ef við skoðum þessar till. í heild þá fela þær í sér aukna tekjuöflun til ríkissjóðs, aukna skatta um 1650 millj. kr. sem verða að berast að mestu leyti af atvinnuvegunum. Það er augljóst að hjá atvinnuvegunum, í áformum þeirra liggur mesta hættan á þenslu, mesta hættan á þrýstingi sem gæti orðið til þess að hér yrði verðbólgusprenging vegna launaskriðs. Þegar af þeirri ástæðu er eðlilegt og rétt að skattbyrðin lendi fyrst og fremst þar. Í annan stað fela þessar till. í sér niðurskurð á útgjaldaáformum í ríkisbúskapnum um 500 millj. kr. Þetta mundi bæta stöðu ríkissjóðs, draga úr halla ríkissjóðs um 2150 millj. kr.

Till. að því er lánsfjárlögin varðar fela það þó í sér að erlend lántaka ríkissjóðs er lækkuð um 900 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í meirihlutaáliti, þ.e. úr 1700 millj. kr. niður í 800 millj. kr.

Í annan stað fela þær í sér að lífeyrissjóðunum er ekki gert að fjármagna neinn halla hjá ríkissjóði, en í till. meiri hlutans er lífeyrissjóðunum ætlað að mæta 1300 millj. kr. af halla ríkissjóðs.

Í þeim till. okkar Alþýðuflokksmanna sem ég flyt hér fyrir hönd flokksins er í þriðja lagi að lántökur

ríkissjóðs innanlands munu lækka um 1300 millj. kr. frá áformum meiri hlutans eða í 3150 millj. kr.

Í fjórða lagi að erlendar lántökur lánastofnana og sjóða eru einungis 650 millj. kr. en ekki nærfellt 1600 millj. kr. eins og ríkisstjórnin áformar.

Áform lánastofnana og sjóðakerfis í heildarlántökum eru í fimmta lagi lækkuð um nálægt 400 millj. kr. en að öðru leyti er það svigrúm sem fæst á innlendum lánamarkaði þegar ríkissjóður hirðir það ekki í halla sinn nýtt til þess að mæta þörfum sjóðanna.

Í sjötta lagi eru verðbréfakaup lífeyrissjóða um 800 millj. kr. lægri en samkvæmt till. stjórnarliðsins, um 800 millj. kr. lægri í þessum till. okkar Alþýðuflokksmanna.

Í samræmi við þetta þarf engin erlend lán til Byggðastofnunar, Iðnþróunarsjóðs eða Iðnlánasjóðs og þess vegna falla brott 6. og 8. og 9. gr. í frv. til lánsfjárlaga sem fjalla einmitt um erlenda lánsfjáröflun til þessara þriggja sjóða og stofnana.

Heildarniðurstaðan samkvæmt tillögum okkar Alþýðuflokksmanna er þá sú í erlendum lántökum að opinberir aðilar taka 1325 millj. kr. minna í erlend lán en nemur afborgunum af eldri lánum; og í annan stað að erlendar lántökur þjóðarbúsins í heild eins og þær birtast í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun verða 6400 millj. kr., en afborganir eru taldar verða 6300 millj. kr. þannig að nánast er um jöfnuð að ræða þar eð nettólántaka samkvæmt þessum till. okkar er einungis 100 millj. kr.

Brtt. í samræmi við það sem ég hef hér rakið birtast á sérstöku þskj. 480. Þær eru mjög einfaldar, einungis í fjórum liðum, og taka til þess að 6., 8. og 9. gr. falli brott og að lántökuheimildir ríkissjóðs verði lækkaðar eins og ég hef hér lýst. Nánara yfirlit yfir lántökur skv. þessum till. eru á fylgiskjali með nál.

Ýmsir kunna að segja að hér sé hart fram gengið í till. Alþfl. En sannleikurinn er hins vegar sá að till. stjórnarliða eru aðhaldslausar og bera bragð af kosningaplaggi þar sem menn treysta sér ekki til þess að neita því sem neita þarf, en láta þjóðarhag lönd og leið, skrifa víxil á framtíðina og láta sig undirstöðu kjarasamninga og verðbólguframvindu á næsta ári litlu varða.

Við í Alþfl. teljum að þetta viðhorf sé bæði rangt og hættulegt og till. okkar miða að því að ná jafnvægi og treysta undirstöður kjarasamninga og stefna að hjaðnandi verðbólgu. Það er meginmarkmiðið og það má ekki gleymast.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ævinlega fyllist ég andúð og vonbrigðum þegar ég verð vitni að slíkum vinnubrögðum og hér eru viðhöfð á síðustu dögum þingsins fyrir jól. Hér eru á nokkrum sólarhringum teknar ákvarðanir um ráðstöfun þess fjár sem Íslendingar hafa aflað. Reyndar eru hér einnig og ekki síður teknar ákvarðanir um stórfelldar og vaxandi erlendar lántökur sem ríkisstjórnin ætlar að ráðstafa fyrir hönd landsmanna til fjárfestinga og eyðslu þrátt fyrir marggefin loforð og yfirlýsingar um hið gagnstæða og þrátt fyrir yfirlýstan vilja þjóðarinnar í skoðanakönnunum um vilja til að minnka erlendar lántökur. Aðeins tveir sólarhringar gefast t.d. hér í Nd. til að gaumgæfa flóknar samverkandi tölur og talnarunur sem tekið hafa stöðugum breytingum undanfarna daga og milli umræðna vegna breyttra forsendna. Nýgerðir kjarasamningar og sívaxandi góðæri og sívaxandi halli á ríkissjóði krefjast endurskoðunar talnanna en þm. eiga að leggja nótt við dag þessa tvo daga, setja sig inn í dæmið og taka síðan stóru ákvarðanirnar, ég mundi segja í raun oft af talsverðum vanefnum þó að tölur séu ótt og títt matreiddar fyrir þá af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar, svo og fulltrúum ýmissa peningastofnana, sjóða og annarra stofnana. Sú tímaþröng sem þessi stóru og afdrifaríku mál lenda í eða eru reyndar sett í og þau vinnubrögð sem af þeim leiða eru hreinlega ósæmileg. Hve margir landsmenn vita í raun hvernig staðið er að þeim stóru ákvörðunum um fjárafla þeirra sem móta efnahagslíf þjóðarinnar? Ætli þeim mundi ekki mörgum blöskra ef þeir ættu kost á að fylgjast með háttalaginu?

Margir hafa haft á orði að þessi fjárlög sem hér hafa verið til umræðu, svo og lánsfjárlög, séu marklaus plögg. Og hafa sumir haft á orði að þeir nenntu varla að ræða þau eða gera brtt. við þau. Ég mun þó hafa um þau nokkur orð, þar sem ég á áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. en skila þar ekki nál.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða að ríkissjóður verði rekinn með halla sem næst 3 milljörðum kr., og hefur hann vaxið ört á undanförnum dögum og þinghaldið því orðið dýrara með hverjum deginum. Þrátt fyrir óvanalegt góðæri eru erlendar lántökur auknar svo um munar eða upp í 8,2 milljarða kr. þannig að ný lán verða um 2 milljörðum hærri en afborganir af eldri lánum eru þegar.

Fram kom á fundum fjh.- og viðskn. að fulltrúar VSÍ og ASÍ voru sammála um það að þessar erlendu skuldir stefndu nýgerðum kjarasamningum í hættu og töldu að stjórnvöld hefðu lofað því að draga úr þessum skuldum, minnka þær niður í ekki neitt nánast. Orðrétt var sagt: „Hver erlend króna sem kemur inn í landið kemur í bakið á samningunum og veldur þenslu.“ Sömuleiðis töldu þessir samningsaðilar að verðlagshorfur á árinu 1987 væru orðnar mjög veikar þegar halli ríkissjóðs hefði aukist svo mjög og samningunum væri beinlínis stefnt í hættu ef afgreiðsla fjárlaga yrði á þann hátt sem horfði.

Auk erlendrar lántöku er svo áætlað að taka að láni allt að 85% af svonefndu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þessi aukna byrði sem lífeyrissjóðunum er ætlað að taka til að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs er um tvöfalt meiri en ætlast var til í fyrstu, og er ástæða til að hafa áhyggjur af hag lífeyrissjóðanna og reyndar einnig af hag ríkissjóðs sjálfs því þegar farið er að reka ríkissjóð fyrir lífeyri fólksins í landinu þá er ástandið orðið slæmt. Margir óttast að

þessar auknu innlendu lántökur geti leitt til ískyggilegrar vaxtahækkunar sem síðan reki enn frekar til erlendrar lántöku.

Þessi fjárlög og lánsfjárlög sem hér liggja fyrir eru þensluhvetjandi og þau bjóða jafnframt eftirkomendum okkar upp á enn einn víxilinn til að greiða.

Nú er komið fram yfir óttu og ekki ástæða til að lengja mál úr hófi. Þó eru nokkur atriði enn sem ég vil nefna. Erfitt er að horfa upp á ranga forgangsröð í byggingarframkvæmdum og er æ erfiðara að stöðva þær, eftir því sem þær byggjast upp. Má sem dæmi nefna Flugstöðina sem við lýstum andstöðu við allt frá fyrstu byrjun og er nú senn fullgerð og áætlað er að taka 520 millj. kr. að láni til að fullgera hana. Þetta hefur okkur ævinlega þótt óþörf bygging og reyndar margar aðrar sem hefðu átt að rísa fyrr eða þá öllu heldur að byggingarfé hennar hefði mátt nota á annan hátt.

Ég lýsi mikilli óánægju með það hvernig farið er með Framkvæmdasjóð fatlaðra, eins og ég hef áður minnst á hér í kvöld þegar ég mælti fyrir brtt. við fjárlög, en hann er skertur eina ferðina enn. Sömuleiðis Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem líka er skertur en á þó að fjármagna skólaakstur í dreifbýli. Atvinnuleysistryggingasjóð á að skerða um 42 millj. kr. en hann hefur aldrei áður verið skertur eins og kom fram hér áðan. Fulltrúi sjóðsins og forseti ASÍ mótmæltu báðir þessari skerðingu og sama mun Kvennalistinn gera. Það er mikil forsmán hvernig farið er með Ríkisútvarpið, og er nú allt að koma fram í þeim efnum sem Kvennalistaþingkonur spáðu fyrir við umræður um útvarpslög fyrr á þessu þingtímabili bæði við umræður um stjórnarfrv. og eins um frv. Kvennalistans. Við mótmælum harðlega þeirri skerðingu á tekjuöflun Ríkisútvarpsins sem hér er verið að gera. Sama er að segja um Ferðamálaráð og reyndar öll framlög til ferðamála. Afstaða ríkisstjórnarinnar og fyrirhyggjuleysi í þessum efnum, þar sem um er að ræða vaxandi atvinnugrein, er ekki bara afleit, hún er illskiljanleg þegar litið er til þess hversu arðbær þessi atvinnugrein er.

Ástæða væri að minnast á Lánasjóð ísl. námsmanna, en hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur þegar gert það ítarlega í máli sínu er hún mælti fyrir brtt. við 3. umr. fjárlaga svo ég mun ekki ítreka það frekar.

Það er undarlegt að mitt í þeirri kreppu sem hitaveitur og raforkukaupendur eiga í um þessar mundir skuli skattgreiðendum öllum ekki ætlað að greiða sitt. Auðvitað eiga stórkaupendur raforku að greiða sinn skatt eins og aðrir og á ég þar við fyrirtækið Alusuisse. Um 500 millj. eiga nú að fara í Blöndu en samt er a.m.k. 5 ára forði af umframorku í kerfinu og enginn stórkaupandi raforku í augsýn. Óhóflegar virkjunarframkvæmdir vegna stóriðju hafa valdið mestu um skuldastöðu íslenska þjóðarbúsins en þessar framkvæmdir hafa þó enn ekki skilað þeim arði sem vonir stóðu til. Í stað þess að læra af fenginni reynslu skal enn haldið áfram á sömu braut.

Það eru þrjár leiðir færar til að eiga við þann gífurlega halla á fjárlögum sem við blasir: Aukin skattheimta, frekari niðurskurður á útgjöldum ríkisins og svo auknar lántökur innanlands og utan með þeim þensluhvetjandi áhrifum sem þær hafa. Það er augljóst að þriðja leiðin hefur verið valin og hún verður áfram notuð til að mæta rekstrarhallanum. Fyrstu leiðinni hefur verið hafnað að mestu, og þeirri seinni beitt af handahófi.

Það er ljóst að þetta eru kosningaársfjárlög og ólánsfjárlög, og munum við hvorug styðja. Það þarf ákveðnari, hugrakkari og mannúðlegri fjárlagagerð en hér er lögð fram. Þessi ríkisstjórn hefur ekki sýnt sig færa um að sýna slíka efnahagsstjórn. Þess vegna er líka mál að linni og sér stjórnarskráin til þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 480,1 felld með 18:9 atkv.
1. gr. samþ. með 19:8 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 20:7 atkv.
Brtt. 480,2 felld með 20:4 atkv.
6. gr. samþ. með 21:4 atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 480,3 felld með 21:4 atkv.
8. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 480,4 felld með 20:4 atkv.
9. gr. samþ. með 21:3 atkv.
10.–17. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Athugasemd mín lýtur að því að hér er enn þá gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái á næsta ári 100 millj. kr., en það höfðu komið fram yfirlýsingar um það að ríkisstjórnin ætlaði af rausn sinni að hækka þá tölu í 130 millj. kr. Hv. formaður fjh.- og viðskn. hefur upplýst mig um að brtt. verði af hálfu meiri hl. nefndarinnar flutt við 3. umr. málsins. En það sem sagt lá ekki fyrir nú, þannig að ef þessi tala hefði verið samþykkt þá hefði í raun og veru verið hafnað þeirri ákvörðun um hækkun sem hæstv. fjmrh. hafði gefið yfirlýsingu um.

Brtt. 441,1 felld með 20:6 atkv.
18. gr. samþ. með 20:7 atkv.
19.–25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 441,2 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, GE, GJG, GA, JS, JBH, KJóh, KH.

nei: PP, PJ, GHG, StG, SV, StH, TG, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, ÓE, ÓÞÞ, IG.

EBS greiddi ekki atkvæði.

10 þm. (RH, BÍG, GSig, GeirG, GHelg, HG, KP, KSK, MB, MÁM) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Hér er flutt till. um að fella niður skerðingu á Atvinnuleysistryggingasjóði. Verði till. mín samþykkt þá sleppur þetta þing við þá smán að vera fyrsta þingið frá því Atvinnuleysistryggingasjóður varð til 1955 sem ræðst að þessum sjóði verkalýðshreyfingarinnar. Ég segi já.

26. gr. samþ. með 20:7 atkv.
27. gr. samþ. með 23:6 atkv.
28. gr. samþ. með 19:6 atkv.

Tryggvi Gunnarsson:
Herra forseti. Það liggur við að mér ofbjóði svona samkvæmi. Ég vænti þess að alþm. viti hvað þeir eru að gera og ég vænti þess líka að hæstv. forseti kynni greinarnar betur en hann gerir. Ég er ekki að vanda um við hæstv. forseta en það má vera að sumir séu svo heimskir í salnum (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Nei, það eru engir. Ég bið afsökunar.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Það hefur nú verið venja forseta að kynna nokkuð rækilega allar brtt. sem fram koma en kannske síður einstakar greinar, það er rétt, en forseti heldur hér gamalli venju um það hvernig einstakar greinar eru bornar upp.

29.–40. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

32. fundur, laugardaginn 20. des., að loknum 30. fundi.

Lánsfjárlög 1987, 3. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 396, brtt. 485.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Svo sem getið var um í nál. meiri hl., þá leggjum við fram brtt. hér við 3. umr.
Það er í fyrsta lagi við 18. gr., að í stað 100 millj. komi 130 millj. Þetta er breyting á Framkvæmdasjóði fatlaðra.
Við 26. gr. Í stað 428 millj. komi 465. Þetta er hækkun á Atvinnuleysistryggingasjóði.
Og við 28. gr. Í stað 722,5 millj. komi 820 millj. Þetta er hækkun á Jöfnunarsjóði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 485,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 485,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 485,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál (heildarlög). — Þskj. 377 (sbr. 120).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 487).

Álagning tímabundinna skatta og gjalda 1987, 3. umr.

Stjfrv., 88. mál. — Þskj. 88.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 488).

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (hámark frádráttar). — Þskj. 348.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. Það ber nauðsyn til að vekja á því athygli að samþykkt þessa frv. dregur úr tekjum ríkissjóðs. En það kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að hann hefur af því nokkrar áhyggjur að þær séu ekki nægilega miklar. Ég sé litla nauðsyn bera til að samþykkja þetta frv. og tel með öllu áhættulaust að fella það.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):
Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá gerir ráð fyrir því að hækka frádráttarheimildir fyrirtækja í fjárfestingarsjóð um 31% frá árinu 1986 til ársins 1987.
Á þessu ári er frádráttur í fjárfestingarsjóð 700

millj. kr. og 30% hækkun á þeirri tölu eru 210 millj. kr. og skattur í ríkissjóð af þeirri tölu eru 105 millj. kr. Hér er till. um að lækka skatttekjur ríkisins á árinu 1987 um 105 millj. kr.

Tilefnið er vafalaust hin góða afkoma ríkissjóðs á árinu 1987 sem hv. þm. Pálmi Jónsson og Guðmundur Bjarnason mega vera ákaflega stoltir af. Tilefnið er örugglega hin rausnarlegu framlög til verklegra framkvæmda í Norðurl. e., Norðurl. v. og á Suðurlandi. Tilefnið er örugglega það að félagslegar framkvæmdir eru geysimiklar á næsta ári og engin þörf á því að bæta við einni einustu krónu og sérstaklega er brýnt að mati stjórnarsinna að halda við svo sem kostur er öllum mögulegum skattsvikasmugum í kerfinu þannig að það sé nú alveg öruggt mál að það sé ekki stoppað upp í eina einustu smugu. Það er ástæða til þess að óska stjórnarliðinu til hamingju með þetta frv. og þessa glæsilegu frammistöðu.

Svo kemur hv. þm. Páll Pétursson hér upp í nótt og segir: Staðan er þannig að ég hefði nú viljað sjá ríkissjóð með minni halla. En það er er eins og venja er með Framsfl. Framsfl. segir þetta stundum en í næstu ræðu allt annað og reyndar hefur enginn náð annarri eins fullkomnun í þessu og formaður Framsfl., sem er bæði með og á móti máli í sömu setningunni aftur og aftur. Það er nokkuð til í því, hv. þm., að ég var uppalinn þar um skeið og hv. þm. Páll Pétursson hefur á því vissa skýringu sem ég get ekki fallist á.

Hér er sem sagt um að ræða enn einn þáttinn í stefnu ríkisstjórnarinnar að hygla fyrirtækjunum, fjölga skattsvikasmugum og það er á kostnað almennings, kostnað þeirra sem eiga að njóta hinnar félagslegu þjónustu. En einkum og sér í lagi hlýtur þetta að vera auðvelt mál fyrir leiðtoga Framsfl. á Vestfjörðum sem núna hefur tekið við því sæti af núv. hæstv. forsrh. og er ekki vafi á því að upphefð hans er slík að það má gera ráð fyrir því að hann leysi hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson af þegar næst verður kjörinn forsrh. fyrir Framsfl. í þeim flokki.

Herra forseti. Hér er á ferðinni hluti af þeim alvarlegu staðreyndum sem við höfum verið að afgreiða síðustu sólarhringa, stórkostlegur halli á ríkissjóði, stórkostlegar erlendar lántökur sem stofna verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Þetta er eins og kórónan á því sköpunarverki sem liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn síðustu dagana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

29. fundur, laugardaginn 20. des., 10.30 árdegis.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 451.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. *vísað til* 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1987, ein umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 486 (sbr. 396).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstvirtur forseti. Eins og að líkum lætur hafa þingdeildarmenn ekki haft tækifæri fyrr en nú til að skoða þær breytingar sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. Mér sýnast þær að vísu vera skýrar. Þær eru þrjár, þ.e. í fyrsta lagi að varðandi málefni fatlaðra hækki upphæðin sem til þeirra er varið úr 100 millj. kr. í 130, að skerðing til Atvinnuleysistryggingasjóðs minnki og hið sama er að segja um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Engu að síður hygg ég að það sé a.m.k. sjálfsögð kurteisi að halda skyndifund í hv. fjh.- og viðskn. áður en áliti er skilað. Ég hygg að það muni ekki taka nema fimm mínútur eða svo, en það má líka gerast seinna á fundinum ef forseti vill koma að öðrum málum fyrst.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 374, n. 437, 433 og 440, brtt. 435, 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 440,1 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 435,1 felld með 12:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 440,2 felld með 12:4 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 440,3 felld með 12:3 atkv.
Brtt. 484,a felld með 12:6 atkv.
Brtt. 435,2 felld með 12:3 atkv.
Brtt. 484,b felld með 12:5 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 440,6 felld með 12:3 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 440,4 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 435,3 felld með 11:3 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 440,5 felld með 11:3 atkv.
Brtt. 435,4 felld með 11:3 atkv.
6.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 440,7 felld með 11:3 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352, n. 431 og 434, brtt. 402 og 439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 439 felld með 12:4 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 402 felld með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, 2. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða o.fl.). — Þskj. 286, n. 432.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli. Nefndin ræddi frv. og kallaði til viðræðna Björk Bjarkadóttur, formann fangavarðafélagsins, og Indriða H. Þorlákssson frá fjmrn. sem sá um samningagerð við fangaverði.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt en Ragnar Arnalds skrifar undir álit nefndarinnar með fyrirvara.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. þetta með fyrirvara. Sá fyrirvari byggist fyrst og fremst á því að ég hef litla sannfæringu fyrir því að þessi lagabreyting sé nauðsyn. Fangaverðir hafa hingað til aldrei farið í verkfall og hafa aldrei óskað eftir því að gera verkfall. Það liggur í hlutarins eðli að innan BSRB verður að gera ýmsar undanþágur varðandi öryggisgæslu þegar verkfall er háð og fangaverðir eru í þeim hópi sem allir sjá að hljóta að vera undanþegnir. Þetta hefur allt gengið fyrir sig með eðlilegum hætti fram að þessu og aldrei verið ágreiningur, hvorki við fangaverði né við forustumenn BSRB að svo skyldi vera. Af þeirri ástæðu verður ekki séð í fljótu bragði að nein nauðsyn hafi verið til að gera þessa lagabreytingu. Manni virðist í fljótu bragði að það væri þá eðlilegra að breyting af þessu tagi væri gerð í tengslum við einhverja meiri háttar breytingu aðra sem gerð væri á kjarasamningalögum.

En sem sagt, ég skrifa undir nál. með fyrirvara vegna þess að ég sé ekki að nein nauður hafi rekið til að gera þessa breytingu og á margan hátt er óeðlilegt að fara að undanþiggja með svona formlegum hætti margar stéttir frá samningsrétti. En þar sem þetta er gert í fullu samráði við fangaverði, þá hef ég ekki ástæðu til að standa í vegi fyrir þessari breytingu og mun því greiða frv. atkvæði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Listamannalaun, 2. umr.

Frv., 259. mál. — Þskj. 341, n. 438.

Frsm. menntmn. (Haraldur Ólafsson):

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um listamannalaun er flutt af menntmn. hv. Nd. og fjallar um það að nokkuð breytt skipan verði tekin varðandi úthlutun listamannalauna, þ.e. að hinn svokallaði neðri flokkur verði felldur niður algjörlega og í öðru lagi að lagt er til að listamannalaun samkvæmt lögum þessum rýri ekki rétt aldraðra listamanna til tekjutryggingar almannatrygginga sem telja verður réttlætismál.

Menntmn. hefur fjallað um þetta mál og leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

EFRI DEILD

30. fundur, laugardaginn 20. des., að loknum 29. fundi.

Lánsfjárlög 1987, frh. einnar umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 486 (sbr. 396).

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur komið saman til fundar og skoðað frv. eins og það kemur breytt frá hv. Nd. Það fór eins og mig grunaði að þessar brtt. væru einfaldar í sniðum.

Í fyrsta lagi er framlag til fatlaðra hækkað úr 100 millj. kr. í 130 eins og okkur var kunnugt um að stóð til og í annan stað er framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkað um 37 millj. kr. sem er verðlagsuppfærsla og sömuleiðis er um verðlagsuppfærslu að ræða þar sem framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 98 millj. kr.

Nefndin í heild mælir með því að þessar tillögur verði samþykktar.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Við lok þessarar umræðu um lánsfjárlög hlýt ég að minna enn einu sinni á þá meðferð sem er á Framkvæmdasjóði fatlaðra í þessum lánsfjárlögum, og reyndar í fjárlögum núna, þessum reiðhallarfjárlögum eins og þau hafa verið kölluð svo snyrtilega og réttilega. Ég hlýt að harma þessi málalok. (Gripið fram í). Hvað segir hæstv. ráðh.? Nei, *ég held að það sé nú ekki, ég held að* þetta sé akkúrat fyrir hæstv. ráðh. og aðra slíka sem ætla að njóta þess úr því að þeir leggja svo mikla ofuráherslu á að þessi reiðhöll komist upp.

En varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra þá er hér um tvö atriði að ræða eins og ég hef bent á áður. Í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. í nótt um skerðingu á þessum sjóði þar sem hann rakti þær háu upphæðir sem hafa farið fram hjá sjóðnum samkvæmt þrengstu skilgreiningu núna á síðustu árum, þá hefði ég nú talið að ekki hefði verið ofrausn þó að skerðingin hefði verið felld niður með öllu á næsta ári samkvæmt skilgreiningu ráðuneytisins sjálfs. Til þess hefði þurft litlar 20 millj. kr.

Hitt þykir mér miklu alvarlegra, seinni mgr. 19. gr. um að niður falli óuppgerðar markaðar tekjur vegna ársins 1985 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skv. 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, en það eru tekjur af erfðafjárskatti.

Það er búið að skila aftur af þeirri 41 millj. kr. sem oftekin var í ríkissjóð 22 millj. kr. En það virðist alveg útilokað að hægt sé að skila þessu öllu aftur. Ég var að vona til síðustu stundar að það a.m.k. yrði leiðrétt. Þegar hæstv. fjmrh. reiðir fram upplýsingar, eins og hann gerði í nótt við umræður um fjárlög, um skerðingu þessa sjóðs þegar upplýst er hvernig aðrar upphæðir fara langar leiðir fram úr öllu sem skynsamlegt er og verið er að verja fé til ýmissa heimskulegra framkvæmda og ég ætla ekki að fara að nefna reiðhöllina aftur. Það má nefna margar reiðhallir í þessu frv., flugstöðvar og annað þvíumlíkt þar sem menn svífa áfram á vængjum nægra peninga og (**Iðnrh.:** Ímyndunaraflinu.) — já, vafalaust svífur hæstv. ráðh. líka á ímyndunaraflinu, ég efast ekki um að hann gerir það stundum. En hann hefur þó a.m.k. haft þá sérstöðu varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra, úr því að hann er að grípa hér fram í þá er best að hann njóti þess sannmælis, að hann hefur viljað skila aftur eins miklu og mögulegt hefur verið af *því sem oftekið hefur verið í ríkissjóð* af erfðafjárskattinum. Við það hefur hann reynt að standa meðan hann hafði þar ráð. En eins og sagt var í gær, af fjmrh. sem hafa fengist við þessi mál þá mun þessi síðasti vera verstur, verstur þeirra allra. Og hvað varðar þennan lið sérstaklega, þá undrar mig að hæstv. iðnrh. skuli ekki hafa beitt sínum mannúðaráhrifum á hæstv. fjmrh. til þess að knýja hann til að leiðrétta svo augljósan hlut sem þennan.

Það væri hægt að halda langa ræðu um skerðingu þessa sjóðs í gegnum árin og hvaða áhrif það hefur haft og hvaða áhrif það mun hafa á næstu árum alveg sérstaklega. Þróunin er þegar farin að hægja mjög á sér og á eftir að gera það í enn ríkari mæli vegna þeirrar skerðingar sem nú er ár eftir ár. Það ber hins vegar að þakka að menn hafa þó haft nokkurn árangur, fatlaðir sjálfir, af að koma hér saman og vekja athygli á sínum málstað því ég hygg að það hefði lítið þýtt fyrir okkur að flytja brtt. hér í þingsölum ef samtök fatlaðra hefðu ekki tekið sig sjálf til, hótað því að fara í sérframboð ef engin leiðrétting fengist, þannig að m.a.s. hinn stóri flokkur, Sjálfstfl., var farinn að nötra í innviðum sínum og leiðrétti þó þetta sem gert hefur verið, en gat ekki með nokkru móti farið út í það, sem hefði verið mannlegast og eðlilegast, að leiðrétta þetta að fullu. Það hefði kostað ríkissjóð um 40 millj. kr. en skilað í það minnsta 5–6 sambýlum í vistunarneyð fatlaðra á næsta ári.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka undir það sem Helgi Seljan var að segja. Það liggur fyrir till. um það að verja allhárri fjárhæð til reiðhallar hér í Reykjavík, sem er knúið fram af stjórnarsinnum á sama tíma og fátæku fólki, fólki sem á bágt, fötluðu fólki er neitað um eðlilegar fjárveitingar. Ég lýsi andstyggð minni á þeim mönnum sem láta hafa sig í það að greiða því atkvæði í *samanburði við það sem ég var að segja* áðan, mönnum sem greiða því atkvæði að það rísi reiðhöll í Reykjavík.

Það er hægt að nefna mörg dæmi um neyðina sem ríkir hjá fötluðu fólki hér í Reykjavík og um allt landið. Ég ætti kannske að nefna það en ég geri það ekki á þessari stundu. En ég vil nefna nöfn þeirra manna sem hafa greitt því atkvæði að fatlað fólk fái ekki þær umbætur sem lofað var og heitið: Jón Helgason, Albert Guðmundsson, Jón Kristjánsson, ég sleppi Haraldi í von um að hann hafi döngun í sér til þess að greiða öðruvísi atkvæði en honum er sagt annars staðar, Eyjólfur Konráð Jónsson, Björn

Dagbjartsson, (**Forseti:** Nú vill forseti gjarnan biðja hv. þm. að sleppa slíkum atkvæðaupptalningum í ræðu sinni en halda sig frekar við efnislega þáttinn.) jú, þetta eru allt efnisatriði og það hlýtur að snerta samvisku manna, það sem er að ske nú.

Ég ætla að hætta þessari upptalningu vegna þess að ég held að þeir sem á eftir eru muni sjá að sér, en þetta er meira mál en nokkurn grunar. Það er meira mál að greiða svona atkvæði, það er meira mál að leggjast gegn fötluðu fólki en nokkurn grunar, á sama tíma og menn ætla í sportmennsku og vitleysu að verja fjármunum til reiðhallar í Reykjavík.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja á því athygli, sem auðvitað er augljóst, að tillagan, sem hér liggur fyrir, er til hækkunar á framlagi en ekki lækkunar.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að vekja athygli á því í framhaldi af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði að í gustukaskyni hafa þeir hækkað framlagið um 30 millj. sem er langtum of lágt miðað við það sem þarf og langt frá því sem lögin segja. Guð hjálpi ykkur þegar þið farið að sofa í kvöld.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 486).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 158. mál (skattstigi og frádráttarliðir). — Þskj. 374.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 492).

Ríkismat sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál (mat á ferskum fiski). — Þskj. 352.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það mætti auðvitað, eins og hér hefur þegar verið gert, setja á mjög langar ræður um þetta mál sem er umdeilt. Ég ætla þó ekki að gera það. Ég ætla hins vegar að lýsa vissum efasemdum um þessa stofnun og harma að brtt. okkar Alþýðuflokksmanna um endurskoðun á skipulagi og yfirstjórn hennar skyldi ekki hafa verið samþykkt við 2. umr. málsins. Ég held að það sé í eðli sínu rangt að byrja breytingar á svona stofnunum með því að endurskipuleggja þær neðan frá svo að segja, þ.e. að segja upp starfsmönnunum víðs vegar út um land en láta toppinn eiga sig, og satt best að segja er ég sannfærður um að það er mjög margt athugavert við stjórn þessarar stofnunar. Það er ekki einleikið hversu margar athugasemdir manni hafa borist frá þeim sem þarna vinna um það hvernig yfirmenn stofnunarinnar standa að rekstri hennar og kannske líka stunda vinnu sína. Án þess að ég hafi haft neina aðstöðu til að ganga úr skugga um sannleiksgildi þeirra orða og legg engan dóm á það held ég að mjög nauðsynlegt sé að endurskoða rækilega alla stjórn þessarar stofnunar. Ég held hins vegar að það sé út af fyrir sig rétt að gera þá tilraun sem þessi breyting gerir ráð fyrir og tel ekki ástæðu til að standa gegn því.

Það var vissulega fróðlegt hér í nótt á sjötta tímanum að heyra mjög langar og ítarlegar ræður um hvernig þessi mál eru í öðrum löndum t.d., en ég leyfi mér að hafa efasemdir um að það hafi verið réttur staður og stund til þeirrar fræðslu. Ég held að þetta mál sé ekki þess eðlis eða þannig vaxið að það sé nothæft til að stöðva eða draga þingstörf á langinn og spilla því samkomulagi sem þegar er fyrir hendi að mínu mati um það.

En ég harma að till. okkar skuli ekki hafa náð fram að ganga og menn borið gæfu til að samþykkja hana því örugglega er ýmislegt og það heldur fleira en færra við stjórnun þessarar stofnunar að athuga.

Frsm. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Það nálgast nú sú stund að þetta frv. um niðurfellingu ferskfiskmats á vegum Ríkismats sjávarafurða verði samþykkt og við stöndum frammi fyrir því að það liggi ekki fyrir neitt skipulag til þess að fylgjast með ferskum fiski og þeim afla sem berst að landi, hvorki við vinnslu né frá skipum. Ég held að hér verði stigið ansi alvarlegt spor og það hefði verið, eins og ég lagði til, nauðsynlegt í sambandi við samþykkt þessara laga að gefa ákveðinn umþóttunartíma og að það hafi verið mjög misráðið að samþykkja ekki brtt. mína um að þessi lög taki ekki gildi fyrr en 1. júní. Þá hefði verið tími til að undirbúa nýja aðferð, nýtt skipulag til þess að fylgjast með ferskum fiski. Eins og ég hef sagt áður munu engar deilur vera í hv. deild um að það sé rétt að leggja ferskfiskmat Ríkismatsins niður, en til þess að það sé hægt að gera þarf eitthvað að taka við. Eins og hv. 6. landsk. þm. segir: Jafnvel þó að þetta verði samþykkt er ýmislegt annað eftir að gera í

sambandi við Ríkismatið og því er breytt svo mikið með þessum lögum að það er sjálfsagt að fylgja frv. eftir og athuga rekstur þess fyrirtækis og skipuleggja hann allan upp á nýtt. En því hefur verið hafnað af hv. þm. Brtt. báðar, sem fluttar hafa verið hér í deildinni, um lagfæringar á þessu frv. og vissa stefnubreytingu út frá frv. og til að tryggja að þessi mál verði öll í betri höndum í framtíðinni í stað þess að þeim sé kastað út í óvissu, hafa verið felldar af hv. stjórnarliðum. Ég mun því við lokaafgreiðslu þessa máls greiða atkvæði gegn frv., tel að það sé alls ekki tímabært að samþykkja það nema það liggi fyrir hvað á að taka við.

Mest er ég hissa á hv. 5. þm. Norðurl. e. Birni Dagbjartssyni að hann skuli standa að þessum breytingum miðað við það sem hann hefur sagt og miðað við það sem hann hefur unnið að þessum *málum áður. Hann var, hvað sem hann segir,* höfundur og undirbúningsaðili við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um Ríkismat sjávarafurða vorið 1984. Hvort sem hann viðurkennir það eða ekki verður ekki borið á móti því að hann geiddi atkvæði með öllum breytingum sem gerðar voru á frv. þá. (**BD:** Ég var ekki á þingi, hv. þm. Ég var ekki á þingi þá, vorið 1984.) (**Iðnrh.:** Þú áttir að vera á þingi.) (**BD:** Ég er varamaður haustið 1983 til 1984.) (**Forseti:** Við skulum ekki hafa samtal í salnum heldur nota ræðustólinn.) Ég skal viðurkenna að þarna sagði ég heldur mikið. Það er rétt, sem þm. segir, að hann var ekki kominn inn á þing 1984. En sama er. Hans tillögur voru að meginhluta til undirstaða þeirra breytinga sem lagðar voru til og samþykktar á hv. þingi þá.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson segir að það sem verið sé að gera hér sé ekki nema skinnspretta í stað holskurðar og með því að leggja niður ferskfiskmatið sé aðeins um smávægilega breytingu að ræða í sambandi við Ríkismatið. Ég held að þetta sé ekki rétt. Það er verið að taka meginhluta af starfsemi Ríkismatsins og leggja hana niður. Það er verið að segja upp 43 starfsmönnum Ríkismatsins og Ríkismatið verður, eftir að búið er að leggja ferskfiskmatið niður, fyrst og fremst úttektarstofnun, eins og komið hefur fram. (Gripið fram í.) Jú, jú, það er svo annað mál hvernig sú úttektarstofnun verður byggð upp.

Tillögur um það sem hv. þm. Björn Dagbjartsson benti á að gæti komið í staðinn fyrir það ríkismat sem enn er eftir las hann hér upp, vildi þó ekki lofa mér að sjá þær til þess að ég gæti fengið þær og ljósritað þær, sagði reyndar að þetta væru frumtillögur, en eftir orðanna hljóðan í þeim var lítil breyting á því að halda áfram ríkismatinu. Það var aðeins verið að færa það til sjútvrn. beint. Það yrði einhver deildarstjóri í sjútvrn. sem sæi um þetta í staðinn fyrir að það væri yfirfiskmatsstjóri. Hann taldi upp næstum því öll þau verkefni sem nú verða eftir hjá Ríkismatinu, yfirmat á ýmsa vegu sem við *viðurkennum öll að þurfi að vera til staðar. Vera má* að það verði heppileg breyting að gera ráðuneytin að enn þá stærri stofnun en þau eru, setja undir þau ýmis framkvæmdaatriði eins og þessi. En ég held að það muni ekki bæta mikið úr skák jafnvel þó að þarna verði ráðherraskipti eftir fjóra mánuði. Og við þurfum að hafa ríkismat, úttektarmat og eftirlitsmat og mat sem við getum við vissar aðstæður látið sinna ákveðnum verkefnum sem upp koma á hverjum tíma.

Í sambandi við þessar breytingar sagði líka hv. þm., og fleiri hafa fullyrt það í ræðustól, að með þessari breytingu, sem hér er lögð til, muni ekki verða mikil breyting á kjörum þeirra manna sem hafa sinnt þessum störfum. Hv. þm. Björn Dagbjartsson sagði að sömu menn og voru hjá Ríkismatinu muni fara til þeirra aðila sem taka við þessu verkefni. Ég held að það sé alveg fráleitt að halda slíku fram. Það liggur ekki fyrir að einn eða neinn *hafi ákveðið að framkvæma matið á þann máta* sem gert hefur verið hingað til. Ég á eftir að sjá að 20–30 útvegsmenn á hverju svæði komi sér saman um að ráða einhvern sérstakan mann, sem hefur verið á vegum Ríkismats sjávarafurða hingað til, til að sinna einhverjum ótilgreindum verkefnum sem enginn veit hver eiga að vera. Það liggur hvergi fyrir hvað á að taka við af þeirri stofnun og þeim mönnum sem hafa verið ráðnir frá Ríkismatinu til þessara verka. (**KSG:** Það mætti kannske skoða það betur.) Það er svo annað mál og gæti verið að ég kæmi að því seinna. En að við getum sagt að það verði engin breyting nema það verði bara nýir aðilar sem stjórna þessu er fráleitt. Það liggur ekkert fyrir um eitt eða neitt samkomulag í neinni höfn á landinu um hvernig eigi að framkvæma þetta.

Það hafa verið deilur uppi um hvernig sú rækja er sem komið hefur að landi. Stundum hefur hún verið talin ansi gömul. Ég er alls ekki viss um að rækjuverksmiðjur og rækjubátaútgerðarmenn komi sér saman um að ráða ýmsa þá eftirlitsmenn, sem hafa verið í deilum við þessa aðila á undanförnum mánuðum, til að sinna þessu starfi. Það er hrollvekjandi að hugsa til þess að ef það geti ekki gengið upp á næstu mánuðum, það náist ekki neitt samkomulag um hvernig á að fylgjast t.d. með ferskri rækju, megum við búast við því að næsta sumar og á komandi vertíð verði svipaðri rækju og lýsingar hafa heyrst á, á þann veg að hún hafi verið allt að því óvinnsluhæf og kannske meira en það, landað vítt og breitt um landið án þess að nokkurt eftirlit verði með því. Það eru mestar líkur fyrir því að þannig verði þetta. Það er engin tilætlun í lögunum um að það verði á einn eða neinn máta gengið frá því hvernig þessir hlutir skuli vera. Svo er því haldið fram hér í ræðustól af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar að þetta verði allt eins og þetta verði allt í lagi. Svarið sem við fengum frá hagsmunaaðilum sem mættu á fund sjútvn. var fyrst og fremst það þegar var verið að spyrja þá hvað tæki við, hvernig verður þetta framkvæmt: Þetta verður allt í lagi. (**KSG:** Þeir eru kaldir.) Ja, þeir eru dálítið kaldir og þeir eru kaldir sem greiða slíkum lögum

atkvæði án þess að vita nokkuð um hvað á að taka við og hvernig á að fylgjast með þessari auðlind okkar.

Það kom einnig fram í umræðunum að talað hefði verið um að það væri nóg að hafa tvo yfirmatsmenn til að sinna þessu verkefni. Vera má að þetta hafi aðeins verið nefnt í viðræðum okkar í sjútvn. við hagsmunaaðila og þar hafi það komið upp sem tillaga frá einum eða tveimur þeirra sem við okkur ræddu. Segjum það, og trúlegt er það, að ef úr því yrði yrði annar þeirra staðsettur á Akureyri, höfuðborg Norðurlands, og hinn staðsettur í Reykjavík, höfuðborg landsins alls. Svo kæmi það vandamál upp að það þyrfti að leita yfirmats á Ísafirði. Það er stundum þannig. Við vitum að stundum hefur hv. þm. Karvel Pálmason verið veðurtepptur vestur á Ísafirði og stundum hafa liðið nokkuð margir dagar þannig að hv. þm. Karvel Pálmason hefur alls ekki komist vestur. Ætli það gæti ekki verið eins? Ég nefni þetta vegna þess að hv. þm. sýnir okkur þann heiður að vera hér í deildinni og fylgjast með þessari umræðu. Ég nefni þetta til að benda á hve fjarstæðukennt það er sem hefur verið nefnt í sambandi við þetta, hve fjarstæðukennt þetta getur verið. Ef yfirmatið á að virka á einhvern máta verður að vera þarna hópur manna. Hvort þeir verða tíu eða tólf eða jafnvel fleiri breytir ekki miklu, en þeir verða að vera til staðar. En til hvers? Til þess að bíða eftir því að einhver komi og kvarti, hafa skrifstofu og góða þjónustu í kringum sig og gott tæki til að ferðast á. Þessir menn verða að vera tilbúnir að fara á milli staða og bíða eftir því að einhver kvarti. Er það nú efnileg uppákoma! Vera kannske með tíu eða tólf menn staðsetta hingað og þangað um landið og verkefnið er að bíða eftir því að það verði einhvers staðar ósamkomulag í ferskfiskmati á landinu.

Það sem þarf að gera er að koma í veg fyrir svona uppbyggingu og afskræmingu. Þessir yfirmatsmenn hefðu bókstaflega verið óþarfir því að það átti að nota tímann til miðs árs til að undirbúa og skapa umgjörð um hvað koma skyldi og hvernig það skyldi unnið til þess að við værum laus við svona uppbyggingu, laus við svona toppauppákomu sem eiga bara að sinna því verkefni að sitja í stól og bíða eftir því að einhver hringi og kvarti.

Hv. 8. landsk. þm. benti á það í umræðunum í morgun að það væri gaman að sjá hvað hv. stjórnarliðar, og hún nefndi til hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Vesturl., ættu þægilegt með að skipta um skoðun. Þeir hefðu í umræðum um frv. þm. um verðlagsráð sjávarafurða lýst á ýmsan máta öllum þeim vandkvæðum sem mundu hljótast af frelsinu, það væru ljótu vandkvæðin. En það er í þessum málum eins og fleiru að þm. virðast hafa einhvern sérstakan eiginleika til þess, við getum nefnt það núna af því að það nálgast jól, að vera eins og krakkar að dansa í kringum jólatré. Og hvert er jólatréð? Það er hæstv. sjútvrh. Ef sjútvrh. nefnir að eitthvað skuli gert á þennan eða hinn mátann, jafnvel þó það fari þvert á skoðanir hv. þm., eru þeir tilbúnir að dansa í kringum hann hvort sem þeir hafa lýst í annan tíma að þetta hafi verið röng skoðun. Þetta frv. er eitt dæmið og annað dæmið er að ég vænti þess að þessir þm. hafi breytt svo rækilega um skoðun að þeir séu tilbúnir t.d. þegar við förum að ræða um markaðinn að standa að þeirri uppbyggingu og styðja frjálst fiskverð. Ég er næstum því viss um að ráðherra muni hafa þá skoðun. Þá er þetta allt í lagi. Þá geta þeir haldið áfram að dansa í kringum hann. (**Iðnrh.:** Þetta er mikið alvörumál.) Já, þetta er mikið alvörumál, hæstv. ráðherra. Ég undirstrika að þetta er alvörumál og ég er nærri því viss um að hæstv. iðnrh. hefði aldrei tekið sig til og lagt til að breyta einhverju í sambandi við iðnrekstur á Íslandi á þann máta sem verið er að leggja til hér án þess að málið væri að einhverju leyti undirbúið. (**Iðnrh.:** Ómögulegt að segja.) Það er ég nærri því alveg öruggur um. Hæstv. ráðh. hefði aldrei gert það. Og þess vegna er þetta alvörumál sem verið er að gera hér.

Ég nefndi í gær að það hefði verið unnið mjög ákveðið eftir þeirri lagabreytingu sem gerð var á vordögum 1984 og það hefði verið gert ýmislegt hjá Ríkismatinu til að standa við þá lagabreytingu sem samþykkt var og var m.a. og aðallega til að efla ferskfiskeftirlitið. Það var raunverulega ferskfiskeftirlitið eitt sem var orðið eftirlitsþáttur hjá matinu. Og ég nefndi í gær að ágæt stofnun, Ríkismatið, hefði komið sér upp tölvukerfi og ýmsu öðru til að sinna þessu verkefni sínu. Ég spurði hæstv. ráðh. hvað mundi verða af tölvukerfinu og einnig svokölluðu „Fishnet"-kerfi sem matið hafði komist í samband við. Ráðherrann svaraði því að tölvukerfið mundi að einhverju leyti þjóna stofnuninni áfram og það má vel vera, en ég hef samt grun um að tölvukerfið hafi fyrst og fremst verið byggt upp til að sinna ferskfiskmatinu eða það hafi verið stór þáttur í því. Það verkefni liggur þá úti. En til þess að hv. þm. viti hverjir voru hinir þættirnir sem ég var að nefna að stofnunin hafi verið að koma sér upp ætla ég að lofa hv. þm. að heyra hvernig þetta „Fishnet" er og annað, sem ráðherra svaraði mér ekkert um, Easylink, sem ég var að nefna í sambandi við það. Ég held að það sé nauðsynlegt að þm. viti að þessi stofnun hefur verið vakandi og verið að koma sér upp ýmsu til að geta sinnt því hlutverki sem hv. þm. fólu henni sérstaklega að sinna vel með lagabreytingunni 1984.

Með leyfi forseta ætla ég að leyfa þingdeildarmönnum að heyra í fyrsta lagi kafla úr fréttabréfi Fiskmatsins um hvað Easylink er. Nú kemur það. Ég ætla að lesa upp útlistingu á því nauðsynlega kerfi sem stofnunin kom sér upp. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr fréttabréfi Ríkismats sjávarafurða. „Ríkismatið fær Easylink" er fyrirsögn:

„Ríkismat sjávarafurða hefur nýverið gerst áskrifandi að tölvutelexþjónustu Easylink í Bretlandi." Þetta var gert til að vera hæfari til að sinna ferskfiskmatinu, hv. þm. „Á þann hátt getur stofnunin sent skeyti til allra telexnotenda í heiminum

eða sett skilaboð í pósthólf Easylink í Bretlandi til þeirra notenda pósthólfsins sem Ríkismatið vill ná til."

Það var mjög nauðsynlegt að koma þessu upp, virðulegi forseti. Og meira: „Með einu skeyti getur stofnunin komið upplýsingum eða fyrirspurnum á framfæri við alla notendur pósthólfsins því að þeir fá skilaboðin um leið og þeir senda skeytið sjálfir inn í pósthólfið eða kanna þar hvort einhver skeyti séu þar inni ætluð þeim." Þetta er mjög vel upp byggt. — Og svo áfram: „Erlendir notendur Easylink komast flestir í samband við miðstöðina í Bretlandi með innanlandssambandi, en notendur Easylink á Íslandi verða hins vegar að síma út til Bretlands og sendingarkostnaður því nokkuð dýrari hér en annars staðar þekkist." En það hefur ekki skipt máli vegna þess að ráðherra hefur upplýst okkur um að þarna hafi verið sérstaklega góð fjármálastjórn og verið passað vel upp á peningana. — Og áfram: „Á móti kemur hins vegar að notendum Easylink hér á landi býðst mjög fullkominn hugbúnaður þar sem þeir geta undirbúið og gengið frá skeyti sínu að fullu þannig að sendingin tekur mjög skamman tíma og kostnaður því í lágmarki." Fyrir öllu hefur verið sérstaklega vel hugsað.

Til hvers skyldi sá þáttur, sem hefur átt að sinna ferskfiskmatinu, vera notaður þegar búið er að leggja niður ferskfiskmatið? Ég veit að jafnhámenntaður maður og hv. 4. þm. Norðurl. e. þekkir þetta vel og hann getur kannske útskýrt hér á eftir hvað þetta tengist uppbyggingu ferskfiskmatsins og hvað liggur úti eftir að búið er að leggja ferskfiskmatið niður.

Þetta var um Easylink, en svo kemur Fishnet. Fyrirsögnin er: „Ríkismatið tengist Fishnet." Og svo kemur:

„Vaxandi þáttur í starfsemi Ríkismatsins er hvers kyns öflun upplýsinga um ferskfisk og ferskfiskmat og miðlun á upplýsingum í því sambandi." Vaxandi starfsemi í fyrra og nú leggja þeir, sem voru að byggja þessa vaxandi starfsemi upp, til að þetta verði allt saman lagt niður. Það er eðlilegt að hv. þm. Björn Dagbjartsson og aðrir góðir stjórnarsinnar dansi og syngi jólasöngvana sína í kringum jólatréð og segi hallelúja út frá þessari uppbyggingu allri saman. Það er ósköp eðlilegt þegar menn leggja sig fram í því að byggja vel upp og hafa ákveðið fyrir fram að þetta skuli nýtast vel.

Og áfram: „Fréttabréf Ríkismatsins er liður í þessari viðleitni og aukin tölvuvæðing stofnunarinnar stendur fyrir dyrum í því augnamiði að gera hana hæfari til að sinna þessu hlutverki." — Undirstrikað: „Til að sinna ferskfiskhlutverkinu er tölvuvæðingin aukin og stækkuð." Ja, það er markviss stjórnun á þessu, virðulegi forseti.

Áfram segir: „Ríkismat sjávarafurða er nú til að mynda orðið áskrifandi að Fishnet, gagnabanka sem einnig er með bækistöðvar á Bretlandi og geymir hann upplýsingar um landanir afla í mörgum helstu fiskihöfnum í Bretlandi, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi, Frakklandi, Danmörku og Svíþjóð." Það mátti ekki minna. Það verður víst að hafa samband við þetta allt saman. „Með því að vera í sambandi við Fishnet fást upplýsingar samdægurs um landaðan afla, samsetningu hans eftir tegundum og aflamagn, svo og markaðsverð á einstökum tegundum. Á þennan hátt getur Ríkismatið fylgst með fiskmarkaðnum erlendis, verðsveiflum, framboði og eftirspurn á hverjum tíma, en þessar upplýsingar er síðan unnt að bera saman við verðaðstæður hér heima fyrir á hverjum tíma."

Þarna kemur upp punktur sem kannske er ekki alveg verið að leggja niður, en það væri gaman að spyrja hæstv. ráðh. hvort þessi þáttur, um það að fylgjast með verðlagningu á erlendum mörkuðum, verði lagður niður um leið og ferskfiskmatsþátturinn verður lagður niður hjá ríkinu. (**KSG:** Það er til nógur mannskapur í það.) Hv. 6. landsk. þm. hefur grun um að stofnunin muni hafa nógan mannskap til þess að sinna því. Það er búið að setja upp þetta fína kerfi þannig að það er möguleiki fyrir stofnunina að gera það. En hv. 5. þm. Norðurl. e. mundi sjálfsagt vilja frekar að þetta yrði bara inni í ráðuneytinu.

Og áfram með Fishnet: „Notkun Fishnet-gagnabankans er enn á byrjunarstigi innan Ríkismatsins, en ljóst er að frá honum má fá mjög veigamiklar upplýsingar fyrir útgerðaraðila hér á landi er varða markaðsaðstæður erlendis, hvort skynsamlegra geti verið fyrir þá að landa heima eða sigla með aflann." Og þetta var aðeins á byrjunarstigi á vordögum í fyrra. Hvernig skyldi þetta standa núna? Er verið að halda áfram að byggja þetta kerfi upp og á það að sinna þessu verkefni? Ég held að það væri gaman að heyra það frá hæstv. ráðh. hvort þetta verkefni er líka dottið upp fyrir.

„Upplýsingar um uppboðsverð í helstu höfnum erlendis liggja fyrir aðeins hálfri klukkustund eftir sölu og unnt er að fá allar helstu upplýsingar gefnar upp, t.d. með grafískum hætti" — Hugsið ykkur það nú bara. Með grafískum hætti er hægt að fá upplýsingarnar. – „og jafnvel um væntanlegar landanir sem getur komið sér vel því að reynslan hefur sýnt að mjög miklar og hraðar verðsveiflur geta verið á þessum helstu fiskmörkuðum erlendis."

Ég held að það væri nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um hvort þessu verkefni, upplýsingaþætti Fishnet og Ríkismats sjávarafurða, verði haldið áfram og hvort þetta kerfi verður byggt upp, sem hér er sagt að sé aðeins á byrjunarstigi, og hvort Ríkismat sjávarafurða verður í framtíðinni upplýsingabanki sem hver og einn aðili við útgerð á Íslandi getur leitað til og fengið svona upplýsingar, meira að segja með grafískum hætti eins og hér er talað um.

Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið meira þó að það sé mjög alvarlegt mál sem hér er verið að ræða. Það kemur í huga minn þegar hæstv. iðnrh. kemur hér inn. Hann undirstrikaði að þetta væri alvarlegt mál í frammígripi áðan. (**Iðnrh.:** Ég benti ræðumanni á það vegna þess að hann var skellihlæjandi í ræðustólnum.) Ja, það er oft gott þegar verið

er að ræða um alvarleg mál að menn missi sig ekki niður í sorg og súr þannig að menn geti rætt þessi mál af fullri einurð og ekki með því að berja sig einhvern veginn niður. Menn þurfa frekar að geta tekið á ýmsum vandamálum á léttan hátt en að vera með einhvern bölmóð.

Ég endurtek að ég hefði talið að það hefði verið besta lausnin og raunverulega eina lausnin á þessu máli eins og nú stendur að gildistöku þessara laga hefði verið frestað til 1. júní og áður en þessi lög hefðu verið samþykkt hefði verið búið að ganga frá því hvernig fiskverð verður ákveðið og búið að ganga frá því hvort hér verður settur upp markaður eða ekki þannig að þessir hlutir allir eða sérstaklega markaðurinn og þetta ferskfiskmat hefðu getað fylgst að. Mér sýnist að það sem verið er að gera nú í hv. deild sé á þann veg að það sé verið að byrja á öfugum enda í sambandi við breytingar við sjávarútveginn. Það átti að byrja á að samþykkja hér fiskmarkað, koma af stað tilraunafiskmarkaði og við áttum að sjá hvað kæmi út úr viðræðum hagsmunaaðila í sambandi við fiskverð og tengja þetta allt saman ákvarðanatöku um hvort ferskfiskmatið skyldi lagt niður eða ekki.

Það stefnir greinilega að því að þetta verði ekki á þann máta. Þess vegna mun ég nú við lokaafgreiðslu þessa máls greiða atkvæði gegn frv., en það er ekki vegna þess að ég sé á móti efni þess í eðli sínu heldur vegna þess að það liggur ekki fyrir hvað á að taka við þegar frv. hefur verið samþykkt.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hef áhyggjur af því að jafnfrjálslyndur maður og Skúli Alexandersson skuli greiða atkvæði gegn þessu frv. Ég hef áhyggjur af því vegna þess að ég veit að allir hagsmunaaðilar og sjómenn meðtaldir eru samþykkir því að þetta frv. verði að veruleika og tel að hann sé að vaða í villu.

Það er annað sem mér finnst áhyggjuefni, sem hlýtur að snerta innstu taugar sjálfstæðismanna eins og þeir kalla sig, að með því að greiða atkvæði gegn minni tillögu, sem ég flutti við 2. umr., voru þeir að segja eins og svo oft áður: Báknið skal kyrrt. Þeir segja í kosningabaráttu: Báknið burt. En þegar á herðir segja þeir: Báknið kyrrt. Þar ætla þeir að verða og verða það áfram. En ég ítreka að ég held að það sé mjög miður ef eins vandaður maður og hv. þm. Skúli Alexandersson ætlar að verða fulltrúi forneskjunnar hér í hv. þingdeild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 493).

Fangelsi og vinnuhæli, 3. umr.

Stjfrv., 252. mál (verkfall fangavarða). — Þskj. 286.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 494).

Listamannalaun, 3. umr.

Frv. 259. mál. — Þskj. 431.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 495).

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 451, n. 489.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Breytingin varðar 2. mgr. 23. gr. laganna. Það er um það að ræða að aldursmörk eru hækkuð úr 17 í 18 ár. Þess skal getið að kostnaðarauki vegna ákvæða frv. hefði orðið á árinu 1985 400 þús. kr.

Það er alger samstaða um þetta mál. Heilbr.- og trn. leggur því eindregið til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

31. fundur, laugardaginn 20. des.,
að loknum 30. fundi.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Frv. JS o.fl., 14. mál (greiðslur með börnum). — Þskj. 451.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 496).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Komið er að lokum síðasta fundar þessarar hv. deildar fyrir jólahlé. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf sem hefur greitt fyrir störfum í deildinni og hefur ekki síst reynt á það nú hin síðustu dægur. Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka þeim ánægjulegt samstarf og fyrirgreiðslu alla sem unnin er við erfiðar aðstæður og hefur ekki síst reynt á það hin síðustu dægur. Þeim hv. þingdeildarmönnum sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingdeildarmanna vil ég þakka hlý orð og góðar óskir okkur til handa og fjölskyldum okkar frá forseta þessarar hv. deildar. Ég vil einnig fyrir hönd okkar allra þakka forseta mjög góða samvinnu í hvívetna og röggsama og ekki síður réttláta fundarstjórn á þessum annríkisdögum sem hér hafa verið að undanförnu — og nóttum ætti nú raunar að segja líka. Við færum forseta og fjölskyldu hennar okkar bestu jóla- og nýársóskir og ég læt í ljós þá von að við megum öll hittast hér heil á nýju ári. Ég tek undir óskir og þakkir forseta til skrifstofustjóra og starfsmanna þingsins fyrir gott samstarf og mjög vel unnin störf á þessu hausti og sérstaklega síðustu daga. Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að staðfesta þessar óskir og þakkir til forseta deildarinnar með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingdeildarmanna og alls starfsfólks Alþingis og segi þessum fundi slitið.

NEÐRI DEILD

33. fundur, 20. des.,
kl. 12.30 árdegis.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 229. mál. — Þskj. 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, StG, StH, TG, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, IG.

nei: GeirG, GE, GA, GHelg, HG, JS, KP, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG.

SV greiddi ekki atkvæði.

6 þm. (GJG, JBH, KJóh, BÍG, EBS, GSig) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 497).

Þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Það verður ekki fleira gert á þessum fundi. Þetta er auk þess síðasti fundur sem haldinn verður hér í hv. þingdeild nú fyrir jólahlé. Af því tilefni vil ég leyfa mér að þakka hv. þingdeildarmönnum gott samstarf það sem af er þingtímanum. Ég þakka varaforsetum og skrifurum mikilsverða aðstoð við mig hér við fundarstjórn. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins þakka ég vel unnin störf. Hv. þingdeildarmönnum og starfsfólki Alþingis óska ég gleðilegra jóla, farsæls nýárs og ég vona að við hittumst öll heil þegar Alþingi tekur að nýju til starfa nú að loknu jólahléi í janúarmánuði.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingdeildarmanna þakka virðulegum forseta hlý orð og góðar óskir í

okkar garð. Ég vil þakka honum alúðlega og réttláta fundarstjórn það sem af er þessu þingi sem og endranær. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla, árs og friðar og við væntum þess að hitta hann heilan á nýju ári.

Skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu vil ég fyrir okkar hönd þakka þolinmæði, lipurt og gott samstarf, ekki síst á þessum síðustu annasömu dögum þingsins. Þeim óska ég öllum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og friðar. Ég vil svo biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum og taka undir þessi orð mín. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir vinsamlegar óskir í minn garð og míns fólks og ég endurtek þakkir mínar og heillaóskir til þingdeildarmanna og starfsfólksins og endurtek að ég vona að við hittumst hér öll heil og hress að loknu þinghléi í janúarmánuði.

Þá er þessum fundi slitið.

SAMEINAÐ ÞING

36. fundur, laugardaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1986 að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal alþm. (A),
Baldur Óskarsson viðskiptafræðinemi (B),
Lárus Finnbogason viðskiptafræðingur (A).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð að viðhafðri hlutfallskosningu skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Páll Pétursson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Eiður Guðnason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Haraldur Ólafsson (A).

Varamenn:
Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Árni Johnsen (A),
Stefán Benediktsson (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Guðmundur Bjarnason (A).

Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára frá 1. jan. 1987 til 31. des. 1989 að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 6. gr. laga nr. 102 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason alþm. (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir alþm. (B),
Haraldur Ólafsson alþm. (A),
Árni Johnsen alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson fyrrv. ráðherra (B).

Kosning stjórnar Fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1987 til 31. des. 1989 að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 1. gr. laga nr. 89 1947.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Már Elísson forstjóri (A),
Kristján Jónsson stýrimaður (B),
Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
dr. Alda Möller matvælafræðingur (B).

Varamenn:
Björn Dagbjartsson alþm. (A),
Ólafur Karvel Pálmason fiskifræðingur (B),
Bogi Þórðarson fulltrúi (A),
Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri (A),
Sigurður Gunnarsson sjómaður (B).

Kosning átta manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára frá 18. mars 1987 til jafnlengdar 1993 að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 2. gr. laga nr. 3 1963, um landsdóm.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólína Ragnarsdóttir húsfrú (A),
Jóhannes Stefánsson fyrrv. framkvæmdastjóri (B),
Halla Aðalsteinsdóttir húsfrú (A),
Reynir Zoëga gjaldkeri (A),
Hrafnkell Ásgeirsson hrl. (B),
Andrés Ólafsson fyrrv. sóknarprestur (A),
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir lögfræðingur (A),
Helgi Ívarsson bóndi (A).

Varamenn:
Hörður Pálsson bakarameistari (A),
Svava Jakobsdóttir rithöfundur (B),
Már Pétursson hæstaréttardómari (A),
Jónas H. Traustason forstjóri (A),
Hörður Zóphaníasson skólastjóri (B),
Ármann Þórðarson verslunarmaður (A),
Knútur Jónsson skrifstofustjóri (A),
Ólöf Benediktsdóttir kennari (A).

Frestun á fundum Alþingis, síðari umr.

Stjtill., 270. mál. — Þskj. 406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 497).

Fjárlög 1987, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 326, n. 445 (samvn. samgm.) og 469, brtt. 345, 346, 403, 404, 405, 418, 419, 420, 423, 424, 425, 426, 427, 428, 436, 444, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 464, 465, 468, 470, 474, 475, 477, 481, 482 og 483.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 468.I felld með 42:13 atkv.
Brtt. 468.II–IV kom ekki til atkv.
Brtt. 470,1–3a felld með 37:18 atkv.
Brtt. 470,3b felld með 46:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, SJS, SvG, GeirG, GA, HS, HG, KH.

nei: KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StB, StG, SV, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BD, DA, EH, EgJ, EG, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GE, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, KolJ, ÞK.

ÓÞÞ, GJG greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (BÍG, GSig) fjarstaddir.
Brtt. 420 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 427 samþ. með 50:8 atkv.
Brtt. 404 samþ. með 36:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GE, GJG, GHelg, HÁ, HS, IG, JHelg, JK, KSG, KJóh, KolJ, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SkA, StB, StG, SV, StH, SJS, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, DA, EG, EBS, FrS, ÞK.

nei: GeirG, GA, HBl, HG, JS, JBH, KP, KH, MB, GHG, SDK, SvG, BD, EH, EgJ, EKJ.

GGS, HÓ, KSK, PJ, RH, FÞ greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (BÍG, GSig) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að leysa húsnæðisvanda Alþingis. Ég tel jafnframt æskilegt að þinghúsið sé hér á þessum stað. Verðlaunahugmyndina líst mér vel á þó að ljóst sé að útlitsbreytinga sé þörf til samræmis við umhverfið. Þingmenn hafa nú það húsnæði sem þyldi nokkurra ára bið eftir nýju húsi svo að önnur þarfari verkefni mættu hafa forgang, en aðstaða starfsfólks Alþingis er óviðunandi og vart samkvæmt skilyrðum Vinnueftirlitsins og háir það vissulega starfsemi Alþingis allri. Það ræður því að ég segi já.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Þannig stendur á að Alþingi er nauðsyn að auka húsakost sinn og bæta almenna starfsaðstöðu sína. Og eins og nú horfir er aðeins um tvær leiðir að ræða til lausnar í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi er það að flytja starfsemina burt úr miðbæ Reykjavíkur, leggja núverandi þinghús niður

sem aðsetur Alþingis og reisa Alþingishús á nýjum stað þar sem rýmra yrði um þingið og starfsemi þess. Núverandi þinghús mætti þá sem best nýta sem dómhús Hæstaréttar. Þessari hugmynd hefur verið hafnað.

Hin leiðin er sú að hafa heimkynni Alþingis áfram í núverandi þinghúsi, þ.e. að þingstaður Alþingis skuli vera áfram í miðborg Reykjavíkur. Alþingi hefur ótvírætt ákveðið að svo skuli vera. Af því leiðir að Alþingi er neytt til þess að byggja skrifstofuhús á lóðum sínum í grennd við Alþingishúsið. Það eitt er rökrétt framhald af ákvörðun Alþingis frá 1981 um að Alþingi skuli vera áfram í miðborg Reykjavíkur. Allt annað er rökleysa.

Í þessu máli er þriðja leiðin ekki til eins og atvikakeðjan ber með sér.

Ég var þeirrar skoðunar á sinni tíð að Alþingi ætti að flytja úr miðborg Reykjavíkur og koma húsi yfir starfsemi sína annars staðar. Sú skoðun hafði ekki og hefur ekki haft nægan hljómgrunn. Þar sem þriðja leiðin er ekki til í þessu máli hlýt ég að segja já við þessari tillögu.

Þau grófu ummæli sem sumir hv. þm. hafa látið falla um verðlaunateikningu Sigurðar Einarssonar arkitekts leiði ég hjá mér að ræða nú, en lýsi þó yfir furðu minni á sumu því sem um það hefur verið sagt. Ég segi já.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Húsnæðisvandi Alþingis er mikill, sérstaklega með tilliti til starfsfólks, og hann þarf að leysa. En Kvennalistinn telur að þann vanda megi og eigi að leysa á farsælli hátt en hér er stefnt að, þ.e. með byggingu stórhýsis á þessum viðkvæma stað. Þessar 12 millj., sem hér er um að ræða, eru aðeins hluti af þeim kostnaði sem áætlaður er við hönnun þessa húss. Ég sé ekkert vit í því að kasta milljónum og væntanlega tugum milljóna í hönnun húss sem mikil andstaða er gegn bæði utan þings sem innan og bæði meðal almennings og sérfróðra. Ég segi nei.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vitna í síðustu orð ræðu minnar í upphafi þessa sólarhrings. (**ÓÞÞ:** Hver voru þau aftur?) Það man ég ekkert um, en ég vitna í þau. Þau munu vera í þingtíðindum. Í trausti þess að menn taki nótís af þeim orðum segi ég já.

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Ég skil ekki þessa till. svo að með samþykkt hennar sé verið að leggja blessun yfir þá tillögu sem hér vann til 1. verðlauna í hugmyndasamkeppni um nýtt húsnæði fyrir Alþingi, enda kom mjög skýrt fram í umræðum í nótt að tilgangur till. væri ekki sá eftir því sem tillögumenn upplýstu þingheim um. Ég skil þessa till. hins vegar svo að hér sé verið að stíga mikilvægt skref í þá átt að leysa húsnæðisvanda Alþingis, sem er mjög brýnt mál, og ég held að alþm. eigi ekki að vera feimnir við að halda uppi virðingu Alþingis með þeim hætti og þess vegna segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Samkvæmt till. þessari er gert ráð fyrir að hefja hönnun húss sem aldrei hefur verið samþykkt að byggja. Málið hefur aldrei verið rætt á Alþingi, aðeins kynnt í þingflokkum. Þar að auki er fásinna að byggja hér hús af þessari stærð, gerð og útliti sem engin þörf er á vegna starfa Alþingis og verður vonandi aldrei byggt. Ég segi nei.

Brtt. 418,1 samþ. með 52 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Frá því að brtt. sú, sem nú er á þskj. 423,II, var fyrst flutt við 2. umr. og síðan 3. umr. hafa þau tíðindi gerst að hv. fjvn. hefur flutt aðra brtt. efnislega samhljóða með sömu upphæð til að undirbúa og hefja háskólakennslu á Akureyri. Á uppsetningunni er hins vegar nokkur munur. Ég kalla því brtt. mína til baka og styð brtt. frá hv. fjvn. sem er efnislega samhljóða.

Brtt. 423,II tekin aftur.
Brtt. 418,2–3.a samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 462,1.a felld með 37:11 atkv.
Brtt. 405,a tekin aftur.
Brtt. 418,3.b samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 462,1.b felld með 36:8 atkv.
Brtt. 405,b felld með 29:15 atkv.
Brtt. 418,4–6 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 462,2 felld með 33:12 atkv.
Brtt. 418,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 462,3 felld með 35:20 atkv.
Brtt. 424,3 felld með 33:18 atkv.
Brtt. 418,8–9 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 346 tekin aftur.
Brtt. 418,10 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 423,IV felld með 38:14 atkv.
Brtt. 463,1 felld með 34:17 atkv.
Brtt. 424,1 felld með 38:15 atkv.
Brtt. 418,11 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 470,4 felld með 34:17 atkv.
Brtt. 403 felld með 36:12 atkv.
Brtt. 470,5 felld með 36:17 atkv.
Brtt. 477 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 418,12–15 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 464 felld með 37:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HG, JS, KSG, KJóh, KolJ, KH, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, GE, GJG, GA, GHelg.

nei: HÁ, HBl, HÓ, IG, JBH, JHelg, JK, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, ÞK.

KP, ÓÞÞ, GeirG greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (BÍG, EG, GSig) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Hv. utanrmn. flutti till. um þróunarmál. Ég greiddi þeirri till. ekki atkvæði, en mig undrar að heyra viðhorf í nafnakalli margra þeirra sem þá till. studdu. Ég greiði ekki atkvæði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:
Herra forseti. Fyrir hálfu öðru ári samþykkti Alþingi einróma að stórauka framlög til þróunarsamvinnu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands þarf til sinna verka á næsta ári 229 millj. kr. Till. fjvn. um 30 millj. kr. framlag til stofnunarinnar gengur þvert á ályktun Alþingis og þar að auki er útilokað að stofnunin geti mætt skuldbindingum sínum með þessum 30 millj. kr. Til þess þarf að lágmarki það fé sem þessi till. kveður á um og þess vegna og í samræmi við ályktun Alþingis segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Herra forseti. Allt til lokaafgreiðslu hv. fjvn. í gærkvöld var reynt á það til hins ýtrasta að fá nefndina til að hækka þá upphæð sem hún hafði lagt til og í frv. var. Það tókst því miður ekki að fá nema 6 millj. kr. hækkun. Ég hefði verið reiðubúinn fyrir mína parta að gera samkomulag um eitthvað lægri upphæð en þá sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir leggur til. Ég er að gera mér vonir um að leiðir finnist til að hækka framlög ríkisins með öðrum leiðum en fjárlögum úr þeim 30 millj. sem nú er lagt til, en ég segi nei við þessari till.

Brtt. 423,I felld með 31:16 atkv.
Brtt. 481 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 418,16–21 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 418,22.a samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 418,22.b samþ. með 32:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, SV, StH, SJS, SvG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, GE, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, ÞK.

nei: GHG, RA, SDK, TG, BD, EG, EBS, GeirG, GA, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH.

KSK, MB, SalÞ, StB, GJG, HG greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (RH, SkA, BÍG, GSig) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Tryggvi Gunnarsson:
Herra forseti. Þetta er leiðinlegur póstur, að segja að þetta séu ýmis verkefni, og ég segi nei.

Guðrún Helgadóttir:
Herra forseti. Í fyrsta lagi tel ég að þegar séu í byggingu nógu mörg mannvirki í þessu landi sem ólokið er svo að þessum peningum væri betur varið til að ljúka einhverju af þeim. (**ÓÞÞ:** En ef svo væri nú ekki?).

Í öðru lagi hafa þm. orðið að ganga bónarveg til fjvn. til að biðja um 2 millj., 3 millj. í sambýli fyrir fatlaða. Meðan ekki er unnt að verða við slíkum beiðnum eins og þarf tel ég af og frá að verja fé í þetta nýja mannvirki. Ég segi nei.

Karl Steinar Guðnason:
Virðulegi forseti. Á meðan stjórnarliðið leggst gegn hækkuðum fjárveitingum til fatlaðra, okkar minnstu bræðra, er ég andvígur því að byggja reiðhöll í Reykjavík. Því segi ég nei.

Karvel Pálmason:
Herra forseti. Með þeirri till. sem hér er flutt um 2 millj. kr. framlag til reiðhallar hér í Reykjavík og 1 millj. kr. framlag til stóðhestahúss lýsir hæstv. ríkisstjórn hugarfari sínu og trúlega meiri hluti Alþingis. Ég er á móti slíku hugarfari og segi nei.

Brtt. 470,6 felld með 37:15 atkv.
Brtt. 418,23–24 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 461 felld með 26:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, ÓÞÞ, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, EBS.

nei: GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, StH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, ÞK.

KSK, GHG, RH, SalÞ, SV, TG, BD, DA, EH greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (GSig, BÍG) fjarstaddir.
10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Helgi Seljan:
Herra forseti. Ef svo fer sem horfir að þessi till. verði felld er það þinghneyksli í sömu andrá og menn eru að sóa peningum, eins og þeir voru að gera núna áðan, í reiðhöll og stóðhestastöð. Ég hlýt að segja já við þessari till.

Karl Steinar Guðnason:
Virðulegi forseti. Það er upplýst að eiturlyfjasjúklingur á sjúkrahúsi í þrjá mánuði kostar ríkið 1 millj. Það eru staðfestar upplýsingar sem ég hef fengið. Hér er um mikla sparnaðartillögu að ræða. Þess vegna segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Reiðskóli og stóðhestastöð stuðla að heilbrigðara lífi Íslendinga. Og það hef ég reynt að reiðhæfileikar alþm. mega alls ekki vera minni. Þessi till. stuðlar einnig að heilbrigðara lífi Íslendinga. Ég segi já.

Stefán Benediktsson:
Herra forseti. Ég á erfitt með að viðurkenna að áhugi þm. á skepnuhaldi á Íslandi sé meiri en á mannahaldi. Ég fæ ekki séð að það sé of í lagt að

leggja andvirði fjósbygginganna á Stóra-Ármóti og tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum í það að reyna að bjarga ungu fólki frá því að ánetjast fíkniefnum og þess vegna segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þau vekja óneitanlega athygli nei-in hjá hv. stjórnarþm. við ýmsum brtt. eins og þessari. Þar er ekki um stóra fjármuni að ræða. Við þá fjárlagagerð sem hér er senn að ljúka, þar sem sullað hefur verið saman fjárlögum með milljarðahalla og vinnubrögðin verið þeim hætti að til endema hlýtur að teljast vekur það óneitanlega athygli þegar allt í einu kemur upp smámunasemi af því tagi að hv. stjórnarþm. treysta sér ekki til að samþykkja tæplega 4 millj. kr. hækkun til varnaraðgerða gegn fíkniefnavá. Þeir eru reyndar fleiri athyglisverðir, liðirnir, samanlagt upp á nokkra tugi milljarða kr., til ýmissa velferðarmála sem hv. stjórnarliðar ætla að fella. Það undrar mig á sama tíma og t.d. eina raunhæfa forvarnaraðgerðin sem verið hefur í gangi á vegum Rauða krossins er við það að stöðvast vegna peningaskorts. Það er rekstur neyðarathvarfs fyrir unglinga á vegum Rauða kross Íslands. Þessi atkvæðagreiðsla, ef hún fer svo sem horfir að þessi raunhækkun verði felld, er hneyksli eins og ástandið er í þessum efnum og til háborinnar skammar þegar verið er að afgreiða fjárlög með þeim hætti sem hér er gert. Ég segi já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með skírskotun til þess fólks sem líður fyrir fíkniefnavandann hér, bæði einstaklinga og aðstandenda, því miður ekki aðeins hundruðum heldur þúsundum saman, ekki með skírskotun til þess fyrst og fremst að með þessum aðgerðum sé verið að spara heldur með skírskotun til mannlegra tilfinninga og mannlegrar reisnar, sem Alþingi á að reyna að stuðla að með ákvörðunum sínum, með skírskotun til þess, herra forseti, og einskis annars segi ég já.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Fyrir þá sem hafa á einhvern hátt kynnst þessum vanda er augljóst að þessi upphæð er ekki nógu há. En í trausti þess að hæstv. fjmrh. sjái til þess að það strandi ekki á framlögum úr ríkissjóði, verði þörf fyrir hærri upphæð en þá sem hv. fjvn. leggur til, segi ég nei.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér sýnist að það stefni í að þessi till. kunni að verða felld. En hvernig sem það verður og hversu mörg atkvæðin verða held ég að sú ákvörðun sem hér er verið að taka núna muni vekja þjóðarathygli. Hér er um að ræða einn mesta vágest vorra tíma, eiturlyfjavandann, sem hefur þegar borist hingað og á því miður örugglega enn eftir að berast hingað í ríkara mæli. Ég tek undir með þeim þm. sem hér hafa notað sterk orð um afstöðu þeirra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sem leggjast gegn þessari till. Það er meiri háttar hneyksli verði þessi till. felld og það mun vekja þjóðarathygli og er Alþingi Íslendinga til lítils sóma. Ég segi já.

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Við skulum ekki hafa uppi flimtingar í sambandi við afgreiðslu á þessari till. Vaxandi fíkniefnaneysla á Íslandi er ein mesta ef ekki langstærsta óhamingja sem yfir nútímann gengur. Það undrar mig að stjórnarliðar skuli láta binda hendur sínar í þessu máli og það hryggir mig ef þessi till. verður felld. Ég skrifaði upp á hana með glöðu geði og ég styð hana heils hugar. Ég segi já.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég skil vel þær umræður sem fara fram undir liðnum atkvæðaskýring, en ég tel ástæðu til að hér komi fram að víða annars staðar í þessu fjárlagafrv. eru liðir sem eru tengdir þessum málum. Ég nefni unglingageðdeild sem nú er opnuð fyrst og fremst vegna þessa vanda. Fjöldi meðferðarstofnana verður opnaður út af þessum vanda með miklu meiri tilkostnaði en hér er verið að tala um. Ég tel að það sé ekki hægt að gera allt í einu og það sé engin skömm að því að fella þessa till. og segi nei.

Brtt. 418,25–29 samþ. með 53 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni brtt., sem var flutt við 2. umr. og er svo endurflutt hér á þskj. 423,III, um að hækka fjárveitingar til yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð. Til að skýra það nánar fyrir hv. þm. er þar á ferðinni K-bygging, sem svo hefur verið nefnd, fyrir krabbameinslækningar og fleiri tegundir lækninga á Landspítalalóð.

Sú fjárveiting sem stendur í fjárlagafrv. og engin till. um hækkun hefur komið við frá hv. fjvn. er alls ónóg til að halda þeim framkvæmdahraða sem gengið er út frá í áætlunum stjórnarnefndar ríkisspítala og yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð til að taka megi á móti svonefndum línuhraðli og fleiri tækjum tengdum honum á tilsettum tíma, setja þau upp og hefja starfsemi í byggingunni eins og gert hefur verið ráð fyrir.

En nú hefur á síðustu stundu orðið sú breyting á að hv. meiri hl. fjvn. hefur flutt á þskj. 459 brtt. um heimildarákvæði í 6. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Fjármálaráðherra er heimilt í samráði við fjvn. að taka lán ef þörf krefur til að ljúka þeim byggingaráfanga sem nauðsynlegur er til að taka á móti línuhraðli í K-byggingu Landspítalans á umsömdum tíma.“ Þó að það væri vissulega æskilegra, herra forseti, að unnt væri að hafa fjárveitinguna hærri, fara ekki inn á þá óæskilegu braut að taka lán til framkvæmdarinnar verður ekki hægt að gera allt í einu, eins og einn hv. ræðumaður komst að orði svo smekklega áðan, og í trausti þess að af þessu verði og heimildarákvæði þetta verði nýtt dreg ég til baka

brtt. mína á þskj. 423 og mun styðja brtt. meiri hl. fjvn.

Brtt. 423,III tekin aftur.
Brtt. 418,30–32 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 462,4 felld með 36:16 atkv.
Brtt. 418,33 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 428 felld með 32:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GeirG.

nei: GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, KSK, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB.

MB, ÓÞÞ, StH, ÁJ, ÞK greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (BÍG, GSig) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Um langt árabil hefur verið veitt á fjárlögum ríkisins fjárveiting til þessa þáttar í sjúkra- og neyðarflugi. Nú er gerð tillaga um að fella slíkt niður. Þetta er svo mikið byggðamál fyrir hinar dreifðu byggðir að það er vansæmd að mínu viti fyrir Alþingi að skera á og neita um liðsinni í þessum efnum. Ég segi já.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Sjúkraflug er að meginhluta greitt af almannatryggingum og þau fyrirtæki sem annast sjúkraflug hafa þar tryggan tekjustofn þess vegna. Þær fjárhæðir, sem hafa verið litlar á fjárlögum, sem skipt hefur verið á milli einstakra flugfélaga í þessu skyni eða einkaaðila, hafa verið þannig að þær hafa jafnvel runnið til fyrirtækja sem hafa haft mjög góða afkomu og erfitt að greina á milli hvaða aðilar skyldu fá þetta fé og hverjir ekki. Það hefur þess vegna orðið niðurstaða í meiri hl. nefndarinnar að réttast væri að fella þennan lið niður. Ég segi nei.

Brtt. 418,34 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 436 tekin aftur.
Brtt. 418,35 samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 460 felld með 35:16 atkv.
Brtt. 418,36 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 426 samþ. með 29:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, DA, EG, GeirG, GB, GJG, GHelg, HÁ, HÓ, HS, HG, IG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG.

nei: VI, ÞP, AG, ÁJ, BD, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GGS, HBl, KolJ, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, PJ, GHG, RH, SalÞ, TG, ÞK.

EH, GE, GA, SDK greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (BÍG, GSig, StB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er mikil mismunun sem á sér stað í sambandi við þennan fjárveitingalið þar sem tvö stærstu dagblöð landsins, Morgunblaðið og Dagblaðið, njóta einskis af þessum lið. Sá misskilningur hefur komið hér fram á Alþingi að svo sé, en mér er t.d. kunnugt um að hið opinbera hefur ekki s.l. ár keypt eitt einasta Morgunblað af þessum lið sem hér er um að ræða. (**SvG:** Af hvaða lið var það þá keypt?) Það er um að ræða styrk til blaða og kaup á ákveðnum blöðum og það á ekkert slíkt sér stað til þessara tveggja blaða. Það er mér kunnugt um. Það er því ljóst að flestar stofnanir landsins njóta ekki þessarar þjónustu eins og þær ættu að gera, þar með talin sjúkrahús. Auðvitað ætti þessi þjónusta að vera til staðar eins og útvarp og sjónvarp í þessum stofnunum, bæði til afþreyingar og upplýsingar. Það væri nær að gera úttekt á þessari þörf og sinna henni án þess að merkja nauðsynleg vörukaup sem styrk við framleiðendur. Ég segi því nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þar sem þessi liður felur í sér stuðning við lýðræðislega umræðu í landinu og er þess vegna gegn skoðanaeinokun íhaldsblaðanna segi ég já.

Brtt. 425 samþ. með 37:18 atkv.
Brtt. 418,37 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 444 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 418,38 samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 345 felld með felld með 37:17 atkv.
Brtt. 345 (til vara) felld með 33:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, TG, EG, GeirG, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KolJ, KH.

nei: KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, ÞK.

7 þm. (BÍG, BD, EBS, GSig, GE, GGS, KJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er um að tefla samgöngur við heilan landshluta. Það er með fádæmum að Alþingi skuli standa þannig að málum að tryggja ekki að hægt sé að halda uppi flugsamgöngum í lágmarki a.m.k. Ég harma þessa niðurstöðu og segi já.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það liggja fyrir yfirlýsingar um að flugmálaáætlun verði lögð fram á þessu þingi. Þar mun verða fjallað um tekjustofna til þeirra verkefna sem áætlunin tekur til. Samgrh. hefur lýst því yfir að uppbygging Egilsstaðaflugvallar verði forgangsverkefni og tillögur flugmálanefndar gera ráð fyrir því. Ég tel að uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar eigi að

leysa í samhengi við uppbyggingu í flugmálum í landinu og tel þá till. sem hér um ræðir ekki vera málinu til framdráttar. Því segi ég nei.

Brtt. 483 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 474,II felld með 35:15 atkv.
Brtt. 463,2 felld með 34:9 atkv.
Brtt. 424,2 felld með 34:10 atkv.
Brtt. 418,39–41 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 474,I felld með 32:15 atkv.
Brtt. 418,42–43 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 458 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 465.1–3 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 465.4–5 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 463,3 tekin aftur.
Brtt. 475 tekin aftur.
Brtt. 419 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 459,1–6 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 482 felld með 23:17 atkv.
Brtt. 459 (tölul. 5.25) felld með 21:17 atkv.

Svavar Gestsson:

Það er óskað eftir að síðari hluti liðarins, orðin „og Streiti í Breiðdalshreppi", verði borinn upp sérstaklega.

Brtt. 459 (tölul. 5.27, fyrri hl.) samþ. með 29:10 atkv.

Brtt. 459 (tölul. 5.27, síðari hl.) felld með 27:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, DA, EgJ, EKJ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, KSK, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, GHG, RH, SalÞ, StH, TG, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ.

nei: EH, EG, EBS, FÞ, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KSG, KP, KolJ, KH, MB, RA, SDK, SkA, StB, StG, SV, SJS, SvG, VI.

PP, ÞK greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (GSig, GGS, KJóh, BÍG) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Frv. til l. um sölu jarðarinnar Streitis í Breiðdalshreppi var borið upp og flutt á Alþingi í fyrra. Um það varð mikill ágreiningur og málið dagaði uppi. Venjan hefur verið sú þegar seldar hafa verið ríkisjarðir, þó það sé ekki algerlega undantekningarlaust að vísu, að um það hafa verið borin upp sérstök lagafrumvörp sem fengið hafa eðlilega þinglega meðferð. Hér er brugðið út frá þessari reglu. Þessu ákvæði er laumað inn í heimildagrein fjárlaga. Þetta eru fullkomlega óeðlileg vinnubrögð. Ég lýsi andstöðu við þau. Ég tel að þegar jarðir eru seldar úr ríkiseigu eigi að gera það með flutningi sérstakra lagafrv. svo sem þingvenja hefur verið. Ég segi því nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi jörð á Austurlandi ætlar að verða nokkuð fræg í þingsögunni. Í fyrra er stöðvað frv. í þinginu um heimild til ríkisstjórnarinnar um að selja jörðina. Ósk lá fyrir frá aðkomumanni um að kaupa hana. Á meðan málið lá fyrir þinginu var fram komin ósk frá heimamönnum um kaup á jörðinni. Heiti jarðarinnar, Streiti, er talið dregið af sögninni að strita og streitast við og það má til sanns vegar færa að hér streitist meiri hlutinn á Alþingi og áhrifamiklir menn í fjvn. að troða þessu máli fram á óþinglegan hátt. Ég tel þetta óhæfu, alveg sérstaklega eins og að málinu var staðið, að ætla að fara að heimila sölu e.t.v. til aðkomumanna á þessari jörð á sama tíma og heimamenn hafa óskað eftir að nytja hana. Ég segi því nei.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi jörð ætlar að verða nokkuð fræg í þingsögunni eins og hv. 5. þm. Austurl. tók fram. Ég lít svo á að ef verður af sölu jarðarinnar verði hún boðin til sölu þeim sem hana vilja kaupa og komi allir aðilar þar til greina. Þar sem hreppsnefnd, jarðanefnd og þeir aðilar sem um málið fjalla samþykktu söluna á sínum tíma segi ég já.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það má segja með sanni að menn streitist hér við að koma í veg fyrir sölu þessarar jarðar. Fordæmi er fyrir því að jarðir og jarðapartar hafi verið seld úr eigu ríkisins með heimild í 6. gr. fjárlaga. Frv. um sölu þessarar jarðar dagaði uppi á síðasta þingi eftir að hafa verið samþykkt í hv. Ed. Umsagnir þeirra sem leitað var til um sölu jarðarinnar voru jákvæðar. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér liggja fyrir tillögur að sölu á tveimur jörðum. Sú fyrri hefur verið samþykkt og þar hlýtur salan að verða til ábúenda vegna þess að þeir hafa forkaupsrétt. Verði samþykkt sala á seinni jörðinni hefur sú stóra breyting orðið á frá því í fyrra að nú hefur sveitarstjórnin forkaupsréttinn. Þá var búið að leita eftir því að hún afsalaði sér forkaupsréttinum gagnvart einum aðila án þess að nokkrir aðrir hefðu möguleika á að leita eftir því áður við sveitarstjórnina hvort þeir hefðu áhuga á að kaupa jörðina. Ég tel ekki rétt að streitast meir við í þessu máli, en treysti sveitarstjórninni á viðkomandi stað til að taka þá ákvörðun sem hún telur rétta og segi því já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér virðist kannske vera um smámál að ræða í augum einhverra, en hér er um að ræða grundvallaratriði. Þjóðin, ríkið, á þessa tilteknu jörð. Það er gerð tilraun til að koma því í gegnum þingið í fyrra og tekst ekki. Þeir sem eru kappsamastir um að selja þessa eign þjóðarinnar smygla þessari grein inn á heimildargrein fjárlaga. Hér er óeðlilega að ég segi ekki ómerkilega að verki staðið, herra forseti, auk þess sem málið hefur

hættulegt fordæmisgildi. Ég segi þess vegna nei við þessari tillögu.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Þetta er orðið furðulegt mál. Hingað kemur hv. 3. þm. Reykv. og talar um að það sé verið að smygla inn máli, sem hér hafi verið rætt áður á Alþingi, í fyrsta skipti sem mál kemur aftur á dagskrá Alþingis. Þetta liggur nú fyrir í opinberu plaggi þannig að það er ekki verið að smygla neinu eða leyna. (**SvG:** Eru þetta umræður, herra forseti?) Ég er að gera grein fyrir mínu atkvæði. — Síðan kemur hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og talar um aðkomumann. Það eru á hverjum degi mál á dagskrá, má segja, sem tala um flutning utan af landi. (**Forseti:** Ráðherrann er beðinn að fara ekki út í umræður.) Þegar menn flytja til annarra landshluta er talað um þá sem koma að sem óhreina og að eigi að útiloka þá frá búsetu. Ég segi já.

Brtt. 459, svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 470,7 tekin aftur.

Brtt. 470,8 felld með 36:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GA, GHelg, HS, HG, JS, JBH, KP, KolJ, KH, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, GeirG.

nei: HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, ÞK.

GE, KSG, EG greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (GGS, KJóh, BÍG, GSig) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Það er langt frá því að ég treysti fjmrh. til að nota þessa heimild, en vil þó benda á að við erum að tala um upphæð sem samsvarar þriðjungi fjárlagahallans sem ráðgerður er á næsta ári og segi því já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með tilliti til þess, herra forseti, að þess er að vænta að við losnum við núv. fjmrh. um mitt ár og við fáum nýjan fjmrh. segi ég já.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Ef það væri, herra forseti, vilji hv. flm. og Alþingis að auka sparnað á þessum liðum hefði verið rétt að tilgreina í hverju hann er fólginn. Ég sé ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði með sýndarmennskutillögum um þetta efni og segi því nei.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Þar sem það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan og jafnvel ekki stjórnarliðið getur skaffað betri fjmrh. en þann sem við höfum segi ég nei.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er augljóst að fjmrh. hefur ekki aðeins heimild heldur skyldu til að stunda sparnað í ríkisrekstrinum og draga þar úr útgjöldum. Svona tillögur hafa margoft verið fluttar við afgreiðslu fjárlaga og ég hygg að þær hafi sjaldnast skilað nokkrum árangri eða mjög litlum. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á það að hæstv. ráðh. sé heimilt að gæta sparnaðar í rekstri ríkisins. Það kann að virka hálfhjákátlegt að segja nei við slíkri tillögu, en þar sem þetta er í mínum huga meira til að sýnast en til þess að láta á reyna dettur mér heldur ekki í hug að fara að greiða atkvæði með tillögunni og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 34:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TG, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, JHelg, JK, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, ÞK.

nei: SJS, EG, GE, JS, JBH, KSG, KP, KolJ, StB.

SvG, EBS, GJG, GA, GHelg, HS, HG, KH, RA, SDK, SkA greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (BÍG, GSig, GeirG, GGS, IG, KJóh) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða verstu fjárlög sem afgreidd hafa verið með halla upp á 2,8 milljarða í verulegum hagvexti, mesta hagvexti um áratuga skeið. Ég tel að þessi fjárlög og niðurstaða þeirra feli í sér uppgjöf núv. fjmrh. við að hafa stjórn á fjármálum ríkisins, auknar erlendar lántökur og stórfelldur halli. Ég get að sjálfsögðu ekki stutt fjárlög af þessu tagi, herra forseti, og greiði ekki atkvæði.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þau fjárlög sem nú er verið að afgreiða og þegar afgreidd lánsfjárlög gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með nær 3 milljarða kr. halla árið 1987 og þjóðarbúið í heild taki á næsta ári erlend löng lán að upphæð 8,2 milljarða kr. Ný lán verða þá nærfellt 2 milljörðum kr. hærri en afborganir eldri lána. Þetta er geigvænleg þróun í mesta góðæri sem íslenska þjóðin hefur lifað og um leið eru svikin þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf verkalýðshreyfingunni um að binda endi á hallarekstur þjóðarbúsins á næsta ári. Brtt. Alþfl. við fjárlög og lánsfjárlög hafa verið felldar. Þessar brtt. miðuðu að hjaðnandi verðbólgu og því að ná jafnvægi og treysta undirstöðu nýgerðra kjarasamninga. Tillögur verkalýðshreyfingarinnar og Alþfl. byggðu á sömu forsendum. Við teljum að hér sé um hættulega

þróun að ræða og ríkisstjórnin hafi í raun misst öll tök á ríkisfjármálum og þróun efnahagsmála. Þess vegna greiða þm. Alþfl., andstætt venju stjórnarandstöðunnar að sitja hjá við lokaafgreiðslu fjárlaga, atkvæði gegn samþykkt fjárlagafrv., en lýsa sig jafnframt reiðubúna til að standa að afgreiðslu nauðsynlegra greiðsluheimilda og annarra heimilda svo ríkissjóður geti starfað svo eðlilega sem unnt er uns ný og endurskoðuð og skynsamlegri fjárlög hafa verið samþykkt. Ég segi nei.

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Ég hef tekið þátt í afgreiðslu á þessu frv. og greitt atkvæði með eða móti ýmsum brtt. eftir atvikum, en nú þegar kemur að afgreiðslu fjárlaganna sem slíkra, sem sýna rekstrarhalla upp á tæpa 3 milljarða, treysti ég mér ekki til að greiða atkvæði með slíku frv. en vil heldur ekki fara að greiða atkvæði á móti því og greiði ekki atkvæði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef allt síðan sumarið 1978 haldið því fram að ógerlegt mundi reynast að ráða niðurlögum verðbólgunnar öðruvísi en að ríkið yrði í því þátttakandi, þ.e. að ríkissjóður yrði rekinn með einhverjum halla um eitt eða tvö eða jafnvel þrjú ár. Það hefur verið gert nú með opnum augum. Það var gengið til móts við verkalýðinn á s.l. vetri. Það komust á heiðarlegir og sanngjarnir kjarasamningar. Þetta er gert að nýju nú með halla. En það eru innlendar lántökur og við skulum reyna að fara að gera okkur grein fyrir að við greiðum engum öðrum það fé en þjóðinni sjálfri. Þess vegna eru þetta bestu fjárlög sem um langt skeið hafa verið afgreidd hér, langbestu. Þau hafa ráðið niðurlögum verðbólgunnar og nú er bjart fram undan, bæði fyrir launþega, atvinnulíf og þjóðina alla. Ég segi því já með mikilli ánægju.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Það er rétt að taka strax fram að ég viðurkenni þann ákaflega mikla vanda sem er í fyrsta lagi almennt að afgreiða fjárlög. Þar er aldrei hægt að gera alla ánægða og þar verður alltaf ágreiningur um. Svo er einnig nú. Ég verð hins vegar að segja: Það setur að mér býsna mikinn beyg við þann mikla halla í því góðæri þar sem áætlaður er 2,8 milljarða halli á fjárlögunum. Ég óttast að hann verði meiri og ég óttast að með þessum fjárlögum og öðru missi ríkisstjórnin tök á verðbólgunni. Ég vil ekki vera hér með nein brigslyrði um eitt eða neitt, en ég vil vera laus við að hafa samþykkt þessi fjárlög eða tekið á mínar herðar ábyrgð á þessum fjárlögum og greiði því ekki atkvæði.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það er lítil reisn yfir Alþfl. að vilja vera í forustu fyrir verkalýðssamtökunum þar sem gerð er krafa til þess að ríkissjóður taki þátt í lausn vandans en þora svo ekki að takast á við vandamálið þegar það kemur til kasta Alþingis að afgreiða fjárlög. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 499).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er að ljúka miklu annríki sem hv. þm. og starfslið Alþingis hafa staðið í undanfarin dægur. Og með því að þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir þingfrestun vegna jólanna vil ég þakka hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis fyrir mjög ánægjulegt samstarf á því ári sem senn lýkur.

Ég flyt öllum hv. alþm. óskir um gleðileg jól og gott og farsælt nýtt ár og ég færi enn fremur skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess að við hittumst öll heil á næsta ári þegar Alþingi tekur til starfa á ný.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum líka fyrir sanngjarna fundarstjórn og ágæta forustu um þingstörfin nú sem endranær. Ég óska honum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og vil leyfa mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á komandi ári að jólaleyfi loknu.

Ég bið hv. alþm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnari Arnalds fyrir hlý orð í minn garð og hv. alþm. fyrir að taka undir hans orð. Ég ítreka óskir mínar til þingheims og starfsliðs Alþingis um gleðileg jól og gott og farsælt nýtt ár.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 109. löggjafarþings, frá 19. des. 1986 eða síðar ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 19. jan. 1987.

Gert í Reykjavík, 17. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson."

Með tilvísun til þess umboðs sem mér er þannig veitt og til samþykktar Alþingis lýsi ég því hér með

yfir að fundum þessa Alþingis, 109. löggjafarþings, er hér með frestað. Alþingi mun verða kvatt saman að nýju eigi síðar en 19. jan. n.k.

Ég vil nota tækifærið og óska öllum hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis svo og Íslendingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

SAMEINAÐ ÞING

37. fundur, þriðjudaginn 13. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í samþykkt Alþingis um frestun funda var ákveðið að fundir Alþingis hæfust að nýju ekki síðar en 19. janúar. Í samræmi við það var gefið út forsetabréf 7. janúar og þm. sent boð um fundi þann 19. Á þessu hefur síðan orðið breyting þannig að þann 12. janúar s.l. var gefið út nýtt svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 13. janúar 1987, kl. 14.00.

Gert í Reykjavík, 12. janúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis vil ég óska gleðilegs árs og þakka liðnu árin. Ég býð þm. velkomna til starfa og lýsi þeirri von minni að störf okkar megi verða landi og þjóð til blessunar.

Forseti (Helgi Seljan):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þm. Jafnframt vil ég óska hæstv. forsrh., öllum alþm. svo og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og flyt þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Ég býð alla velkomna til starfa á nýju ári. Samkvæmt forsetabréfi, sem forsrh. hefur hér flutt, er fundur settur í sameinuðu Alþingi.

Minning Kjartans J. Jóhannssonar.

Forseti (Helgi Seljan):

Kjartan J. Jóhannsson læknir og fyrrv. alþm. andaðist í sjúkrahúsi í Reykjavík miðvikudaginn 7. janúar tæplega áttræður að aldri. Kjartan J. Jóhannsson var fæddur 19. apríl 1907. Foreldrar hans voru hjónin Jóhann Ármann úrsmiður Jónasson bónda í Drangshlíð undir Eyjafjöllum Kjartanssonar og Ólöf Jónsdóttir bónda á Álftanesi á Mýrum Oddssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1925 og læknisfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1931. Síðar á árinu 1931 var hann fimm mánuði við framhaldsnám í sjúkrahúsi í Nürnberg í Þýskalandi. Á starfsferli sínum eftir það fór hann margar náms- og kynnisferðir til sjúkrahúsa erlendis og kynnti sér í flestum ferðum einkum handlækningar og svæfingar en einnig barnaverndar- og áfengismál. Árið 1978 var hann viðurkenndur sérfræðingur í heimilislækningum.

Á árunum 1931–1932 gegndi hann um stundarsakir héraðslæknisstörfum í Seyðisfjarðarhéraði, Blönduóshéraði og loks í Stykkishólmshéraði. Haustið 1932 settist hann að á Ísafirði sem starfandi læknir og var jafnframt aðstoðarlæknir við sjúkrahúsið þar og staðgengill héraðs- og sjúkrahúslæknis í fjarvistum hans. Sjúkrahúslæknir var hann 1942–1946 og nokkra mánuði á árinu 1954 meðan beðið var eftir nýjum sjúkrahúslækni.

Vorið 1963 var hann skipaður héraðslæknir í Kópavogshéraði en lét af því embætti í febrúar 1978 fyrir aldurs sakir. Eftir það var hann yfirlæknir Sjúkrahótels Rauða kross Íslands í Reykjavík.

Kjartan J. Jóhannsson lagði víða lið í félagsmálum og framkvæmdum á starfsárum sínum á Ísafirði og síðar hér syðra. Hann var formaður nefndar sem sá um byggingu sundhallar á Ísafirði 1944–45, formaður Skíðafélags Ísafjarðar, í stjórn Skógræktarfélags Ísafjarðar, formaður Læknafélags Vestfjarða og Ísafjarðardeildar Rauða krossins og síðar í stjórn Rauða kross Íslands. Hann var í stjórn útgerðarfélaga og rækjuverksmiðju á Ísafirði. Í bæjarstjórn Ísafjarðar átti hann sæti 1950–1958. Umdæmisstjóri Rotary-klúbbanna á Íslandi var hann 1951–1952. Á Alþingi átti hann fyrst sæti í nóvember og desember 1946 sem landskjörinn varaþm. Sjálfstfl. Alþm. Ísafjarðarkjördæmis var hann 1953–1959 og Vestfjarðakjördæmis 1959–1963, sat á tólf þingum alls.

Í tryggingaráði átti hann sæti 1953–1971 og í áfengisvarnaráði frá stofnun þess 1954 til 1978. Árið 1954 var hann kjörinn í milliþinganefnd í heilbrigðismálum, en var leystur frá störfum í nefndinni að eigin ósk. Sama ár var hann kosinn í nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs var hann 1956–1963. Í maí 1959 var hann kjörinn í milliþinganefnd til að athuga á hvern hátt unnt væri að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína og árið 1966 í nefnd til að stjórna framkvæmd breytingar frá vinstri til hægri umferðar. Formaður Geðverndarfélags Íslands var hann 1966–1975 og formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda 1971–1974 og síðar heiðursfélagi þess.

Kjartan J. Jóhannsson lauk læknisfræðiprófi tæplega hálfþrítugur og starfaði við lækningar og líknarmál ævilangt upp frá því. Í þeim störfum sínum ávann hann sér hylli á heimaslóðum sínum með ljúfmennsku, samviskusemi og ósérhlífni. Hann var ötull starfsmaður, vel íþróttum búinn, viðbragðsfljótur og félagslyndur. Vegna þessara og annarra mannkosta hlóðust á hann margvísleg störf á öðrum sviðum. Á Alþingi sinnti hann mest heilbrigðismálum og framfaramálum kjördæmis síns. Mörg áranna á þingi átti hann sæti í fjvn. og var formaður hennar á tveimur síðustu þingunum. Hann átti frumkvæði að

lögum um bann við hnefaleikum sem voru samþykkt árið 1956. Hann bar fram á Alþingi till. um hægri umferð og átti síðar þátt í farsælli framkvæmd laga um það efni. Hann var tillögugóður og samstarfsfús og lauk miklu ævistarfi á löngum ferli.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Kjartans J. Jóhannssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

NEÐRI DEILD

34. fundur, þriðjudaginn 13. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég býð hv. þingdeildarmenn velkomna til starfa að afloknu jólahléi og óska þeim og þingdeildinni allri allra heilla á því ári sem nú er að hefjast, því starfstímabili sem er að hefjast hér í þingdeildinni.

Stöðvun verkfalls á fiskiskipum og farskipum, 1. umr.

Stjfrv., 275. mál. — Þskj. 500.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 23 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.

Ríkisstjórnin ákvað að kveðja þing saman fyrr en ráð var fyrir gert til þess að Alþingi mætti fjalla um þetta mál. Fyrir því lágu ýmsar ástæður. Fyrr hafa slíkar deilur verið leystar með bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin kaus ekki að gera nú.

Í fyrsta lagi er að nefna að skammt er þar til þing átti að koma saman, 19. þ.m. Í öðru lagi eru forsendur fyrir flutningi þessa frv. ekki út af fyrir sig kjaradeilan sjálf eða að hún hafi staðið lengi, heldur það mjög alvarlega ástand sem ríkisstjórnin telur að skapast hafi á erlendum mörkuðum. Með því að kveðja þing saman fá auk þess deiluaðilar tækifæri til þess að gera grein fyrir sínum málum í þingnefnd og sömuleiðis þingnefndir tækifæri til að ganga úr skugga um að þær forsendur, sem ég nefndi og mun rekja nánar hér á eftir, séu réttar.

Um síðustu áramót hófst verkfall sjómanna á fiskiskipaflotanum. Jafnframt hefur Sjómannafélag Reykjavíkur beitt ótímabundinni vinnustöðvun fyrir félagsmenn sína á farskipum frá 6. janúar s.l. Deiluaðilar hafa setið að samningum síðan og hafa samningsfundir í deilu fiskimanna verið langir og miklir, en að mati ríkissáttasemjara hefur slitnað upp úr þeim og gerðist það aðfaranótt mánudagsins 12. þessa mánaðar. Sömuleiðis hefur sáttasemjari tjáð ríkisstjórninni að hann sjái ekki líkur til þess að leysa megi deilu Sjómannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands með áframhaldandi vinnu á næstu dögum eða jafnvel vikum.

Ríkisstjórnin hefur ítrekað tekið fram að hún kýs ekki að hafa afskipti af vinnudeilum og telur það vera í raun hinn versta kost og eingöngu að til þess eigi að grípa ef um mjög mikla þjóðarhagsmuni er að ræða. Ríkisstjórnin hafði því ekki afskipti af þessari vinnudeilu fyrr en að ósk sáttasemjara fimmtudaginn í síðustu viku. Þá hafði myndast alvarlegur hnútur, ef ég má kalla það svo, í viðræðum sáttasemjara við sjómenn og útvegsmenn. Togarinn Hafþór var við veiðar eins og menn þekkja og neitaði að sigla til lands. Sáttasemjari óskaði þá eftir því að ríkisstjórnin leitaði eftir samkomulagi um að skipið kæmi til lands. Því kallaði sjútvrh. útberðarmenn skipsins á sinn fund og lagði fram þá eindregnu ósk frá ríkisstjórninni að orðið yrði við þessum tilmælum og var það gert.

Á þeim tíma fól ríkisstjórnin sjútvrh. og samgrh. að fylgjast með gangi málsins og gera ríkisstjórninni grein fyrir því hvernig horfði. Eftir að skipið sigldi til lands hófust fundir að nýju og vonir voru við það bundnar að leysa mætti þessa deilu á næstu dögum. Því miður brást það. Eftir að sáttasemjari tilkynnti þeim ráðherrum sem fylgdust með málum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar s.l. sunnudag að ekki horfði til samkomulags í deilunni óskuðu ráðherrar eftir því að fá tækifæri til að ræða við deiluaðila og var það gert síðla sunnudags. Þar kom greinilega fram að ekki var líklegt að samkomulag næðist á næstu dögum. Farið var fram á það við samningsaðila að þeir semdu um frjálsan kjaradóm eða gerðardóm og verkfallinu yrði þannig skotið á frest eða aflýst. Á þetta reyndi síðan á fundum hjá sáttasemjara á sunnudagskvöldið. Ekki náðist heldur samkomulag um frjálsan gerðardóm og slitnaði upp úr viðræðum, eins og ég sagði fyrr, aðfaranótt mánudagsins 12. þ.m. Ég hef áður rakið að í gær slitnaði svo jafnframt upp úr viðræðum á vegum sáttasemjara við deiluaðila í deilu Sjómannafélags Reykjavíkur.

Ég sagði í upphafi míns máls að meginástæðan fyrir því að ríkisstjórnin flytur þetta frv. er ekki deilan sem slík heldur hið alvarlega ástand sem myndast hefur á fiskmörkuðum okkar Íslendinga, fyrst og fremst í Bandaríkjunum. Ég hef aflað mér upplýsinga um stöðu fiskbirgða og þykir mér rétt að lesa þær.

Birgðir af bolfiski hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 5. janúar s.l. voru aðeins 1300 tonn sem samsvarar fjögurra daga framleiðslu. Birgðir af bolfiski hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna voru í árslok 1985 hins vegar til samanburðar 9400 tonn eða um sjö vikna framleiðsla, en í árslok 1984 voru birgðir um 20 þús. tonn eða sem samsvarar um þrettán vikna framleiðslu. Svipaða sögu er að segja

hjá sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga. Þar voru birgðir af bolfiski 1986 aðeins um 1400 tonn eða sem jafngildir átta daga framleiðslu. Til samanburðar má þess geta að í árslok 1985 voru þær 7400 tonn og samsvarar það um átta vikna framleiðslu. Í byrjun ársins 1986, á fyrstu þremur vikum þess árs, var framleiðsla Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 2900 tonn og á þeim sömu þremur vikum var framleiðsla í frystihúsum Sambands ísl. samvinnufélaga um 1500 tonn. Í Bandaríkjunum sérstaklega eru nánast engar birgðir og upplýsa fulltrúar bæði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga að heita megi að það sem til landsins kemur nú og er verið að landa þar sé afgreitt beint til kaupenda úr skipum. Seljendur þar hafa fyrir nokkru tekið upp skömmtun sem ekki síst felst í því að afgreiða ekki fisk til þeirra aðila sem ekki eru fastir viðskiptavinir söluaðilanna í Bandaríkjunum. Þeir hafa lagt áherslu á m.ö.o. að fullnægja þeim samningum sem þeir hafa gert við stærstu viðskiptaaðilana þar, en hafa tjáð ríkisstjórninni að mjög fljótlega komi að því að þeir geti ekki heldur fullnægt þeim samningum. Hins vegar eru fram undan í Bandaríkjunum þeir tímar að sala á fiski er mikil og flestir kaupendur ganga nú til samninga til að tryggja sér fisk fyrir þann tíma og því ljóst að ef svo fer að fiskframleiðendur geta ekki orðið við þeim óskum hljóti þessir aðilar annaðhvort að snúa sér annað eða draga mjög úr sölu á fiski á hinum almenna smásölumarkaði.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að stjórnvöld töldu nauðsynlegt að verkfalli þessu lyki. Um saltfisk og saltfiskmarkaðina er svipaða sögu að segja. Þar eru engar birgðir. Þó má segja að þar sé ástand ekki eins alvarlegt á þessari stundu. Þess má þó geta að á s.l. ári var framleiðsla á þremur fyrstu vikum ársins um 1500 tonn. Jafnframt er nú búið að skipta þeim kvóta sem fluttur verður inn til Spánar og samningar um hlutdeild okkar Íslendinga af því magni standa yfir og því ákaflega mikilvægt að hafa þær upplýsingar. En eins og ég sagði áðan: Það er fyrst og fremst mjög alvarlegt ástand á Bandaríkjamarkaði og erfitt ástand á öðrum mörkuðum í sambandi við freðfisk sem ráða því að ríkisstjórnin valdi þann kostinn að leggja fram þetta frv.

Þótt ég ætli ekki að gerast dómari í þeirri deilu sem stendur á milli sjómanna og útvegsmanna eða á milli Sjómannafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda þeirra þykir mér rétt að fara lauslega yfir upplýsingar sem Þjóðhagsstofnun hefur veitt í þessu sambandi og fjalla um þær breytingar sem gerðar hafa verið á kjörum fyrst og fremst sjómanna og haft hafa að sjálfsögðu áhrif á afkomu útvegsins á undanförnum árum.

Með bráðabirgðalögum nr. 55 frá 27. maí 1983 var fellt niður sérstakt olíugjald sem nam 7% af fiskverði og gekk utan skipta til útgerðar. Jafnframt var felld niður sérstök niðurgreiðsla á olíuverði til fiskiskipa, einnig utan skipta. Þetta tvennt var metið sem 15,8% af fiskverði. Í staðinn var tekinn upp sérstakur kostnaðarhluti útgerðar sem nam 29% af fiskverði. Með þessari breytingu lækkaði hlutfall skiptaverðs af heildarverði afla sem landað er innanlands eins og það er skilgreint í dag úr 76,5% í 71,5%.

Í ágúst 1984 var með bráðabirgðalögum ákveðin 3% greiðsla úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs til útgerðar utan skipta. Við þetta lækkaði hlutfall skiptaverðs enn frekar, niður í 69,5% af heildarverði. Þetta hlutfall var 71% í árslok 1986 samkvæmt kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. Hafði þá hækkað lítillega í þeim samningum.

Með kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna í mars 1985 og aðgerðum ríkisstjórnar í kjölfar þeirra voru ákveðnar ýmsar kjarabætur til sjómanna. Það má nefna í fyrsta lagi hækkun á fastakaupi, kauptryggingu o.fl., aukin lífeyrisréttindi, fæðispeninga, fiskimannafrádrátt o.s.frv. Lauslega áætlað af Þjóðhagsstofnun nema þessar breytingar um 7–8% til hækkunar á heildarlaunum sjómanna. Þjóðhagsstofnun metur jafnframt að á mælikvarða hlutfalls skiptaverðs af heildarverði hafi þessi kjarabót svarað til 7 prósentustiga lauslega áætlað.

Olíukostnaður útgerðar nam tæplega 20% af tekjum á árinu 1982. Á því ári var 11% tap á rekstri útgerðar. Samkvæmt síðustu áætlunum um áramótin 1986–1987 er olíukostnaður metinn 8% tekna. Hreinn hagnaður er á sama tíma metinn um 9% og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa fiskverðshækkunar frá 1. janúar s.l.

Ég hef einnig undir höndum útreikninga Þjóðhagsstofnunar á afkomu útgerðar og fiskvinnslu sem ég mun ekki fara ítarlega út í hér en þingnefndir munu að sjálfsögðu fá til skoðunar. Þar kemur fram að afkoma útgerðarinnar er góð og betri en hún hefur verið um langan aldur. Nokkur munur er á afkomu skipanna, en miðað við 6% ávöxtun er hann alls staðar jákvæður nema hjá togurum sem eru skráðir 1977 eða síðar. Þar er hann lítillega neikvæður. Því verður því ekki neitað að afkoma útgerðarinnar hefur batnað stórlega og útgerðinni þannig skapast möguleiki til að rétta töluvert sinn hag og greiða þær miklu skuldir sem á henni hafa hvílt.

Sömuleiðis er ég hér með yfirlit yfir afkomu frystingar og söltunar, bæði fyrir samninga og eftir. Í fiskverðssamningum 1. jan. náðist allsherjarsamkomulag eins og mönnum er kunnugt og ég held að sé óhætt að fullyrða að til að ná því hafi fiskvinnslan teygt sig nokkuð langt. Þó skiptar skoðanir og mismunandi ánægja muni vera með þá fiskverðshækkun, sérstaklega hvernig hún skiptist á stærð þorsks, held ég að því verði ekki neitað að heildarhækkunin er töluverður baggi á fiskvinnsluna, en heildarsamkomulag náðist í þeirri von að það stuðlaði að samkomulagi í deilu sjómanna og útvegsmanna. Eftir fiskverðshækkunina 1. jan. telur Þjóðhagsstofnun að afkoma fiskvinnslunnar sé neikvæð. Miðað við 6% vexti í ársgreiðslu er afkoman talin

vera neikvæð um 1,7% þegar yfir heildina er litið, saltfiskur þó jákvæður um 2,1% en frystingin neikvæð um 3,2%.

Einnig hefur Þjóðhagsstofnun áætlað meðaltekjur fiskimanna 1980–1986 sem sú nefnd sem fær málið til meðferðar getur, ef hún óskar, litið á. Sem betur fer hafa tekjur sjómanna aukist mjög á þessu tímabili og reyndar hækkað í hlutfalli við verkamenn og karlmenn almennt í landinu en þó, samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir fyrir 1986, eru þær á árinu 1986 ívið lægri en 1985. Samkvæmt þessari áætlun var hlutfall annarra en yfirmanna og verkamanna 1985 1,68 miðað við 1,46 1980 og 1,65 1986. En ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að rekja það mál nánar.

Um deilu Sjómannafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda er það að segja að þar, eins og ég sagði fyrr, slitnaði upp úr í gær og telur sáttasemjari þar bera svo mikið á milli að engar líkur séu til að það mál leysist á næstunni. Að sjálfsögðu er til lítils að framleiða fisk ef ekki er unnt að koma honum á markað og þar sem forsenda ríkisstjórnar fyrir flutningi þessa frv. er markaðsmálin var fallist á þá tillögu samgrh. að ef slitnaði upp úr áður en frv. þetta yrði lagt fram á Alþingi yrði jafnframt gert ráð fyrir kjaradómi í þeirri deilu. Vitanlega má færa rök fyrir því að það mál gæti beðið eitthvað lengur, en eins og ég sagði fyrr er það mat þeirra aðila sem best þekkja að þar séu horfur á samkomulagi jafnvel verri.

Rétt er að nefna að 30. apríl 1986 hóf Sjómannafélag Reykjavíkur vinnustöðvun vegna félagsmanna á farskipum. Þá reyndust sáttatillögur einnig árangurslausar og varð það til þess að sett voru brbl. 9. maí þar sem kveðið var á um að Hæstiréttur tilnefndi þrjá menn í gerðardóm. Sá gerðardómur kvað upp sinn úrskurð 9. ágúst s.l. og gildir samkvæmt ákvæðum brbl. til 30. des. s.l. Sjómannafélag Reykjavíkur sagði gerðardómnum upp 16. des. miðað við 31. des. 1986 og hóf vinnustöðvun að nýju 6. jan. Kröfu sína lagði félagið fram síðdegis 5. jan. Til þess var ætlast að sá tími, sem var frá setningu brbl. og þar til lögin rynnu út, yrði notaður til þess að leita samkomulags um ýmis atriði sem um er deilt á milli Sjómannafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda, en því miður tókst ekki samkomulag og hygg ég að tilraun til þess hafi verið minni en æskilegt hefði verið.

Ég tel þá rétt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um frv. og einstakar greinar þess.

I. kafli frv. fjallar um stöðvun verkfalls á fiskiskipum. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í sérstakan kjaradóm sem ákveði fyrir 1. mars 1987 kaup og kjör áhafna á íslenskum fiskiskipum. Rétt þótti að veita kjaradómi þennan tíma m.a. með tilliti til þess að sá tími er að sjálfsögðu opinn fyrir deiluaðila til að ræða áfram um deilu sína. Ef þeir ná samkomulagi í þessu máli fyrir þann tíma er að sjálfsögðu engin þörf á sérstökum kjaradómi og fellur þá úrskurður hans niður og væri mjög æskilegt ef það mætti takast.

Í 2. gr. frv. eru forsendur kjaradómsins settar fram og áskilið að Kjaradómur skal hafa hliðsjón af þremur atriðum sem þar eru nefnd. Það er í fyrsta lagi þeim atriðum sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli sjómanna og útvegsmanna. Sem betur fer eru mörg slík atriði, þótt léttar vegi en hlutaskiptin og gámaflutningarnir, sem tekist hefur að ná samkomulagi um.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að síðast gildandi kjarasamningar sjómanna á fiskiskipum og launa- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum frá því samningar sjómanna á fiskiskipum voru síðast gerðir og þar til dómur gengur verði höfð jafnframt til hliðsjónar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Kjaradómur hafi til hliðsjónar sjónarmið sem á sáttastigi málsins hafa komið fram frá aðilum um breytingu á því hvernig skiptaverðmæti sjávaraflans skuli ákvarðast og öðrum atriðum er máli skipta í því sambandi eins og nánar er komið að í athugasemdum við þessa grein í frv. Deilan stendur fyrst og fremst um skiptahlut og er til þess vísað í þessum lið.

Þá er í 3. gr. ákvæði sem losar um ákvæði laga nr. 24 7. maí 1986 þar sem hlutaskipti eru ákveðin í lögum. Með þessari grein er það opnað þannig að hvort sem það verður kjaradómur eða frjálsir samningar aðila sem að niðurstöðu komast um hlutaskiptin þarf ekki það mál að koma að nýju til ákvörðunar Alþingis. Þetta er sem sagt, ef þessi lög verða samþykkt, opið.

Í II. kafla frv. er fjallað um stöðvun verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum. Þar er gert ráð fyrir sérstökum kjaradómi skipuðum af Hæstarétti á sama máta. Aðrar greinar eru í samræmi við það sem tíðkast hefur í slíkum deilum.

Í sameiginlegum ákvæðum er rétt að vekja athygli á því að í 8. gr. er gert ráð fyrir að niðurstaða kjaradómsins gildi fyrir aðila frá 1. jan. 1987 en ekki frá því að lögin taka gildi. Er þetta gert með tilliti til þess að allmargir sjómenn hafa verið á sjó þann tíma sem liðinn er frá áramótum og þótti því rétt að þeir nytu þeirra kjara sem ákveðin verða.

Þá er rétt að vekja athygli á að gert er ráð fyrir að ákvæði um bann við verkföllum og verkbönnum gildi til 30. júní 1987, en hins vegar sé kjaradómur uppsegjanlegur frá 30. maí 1987 af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Þetta er m.a. gert með tilliti til þess að fiskverð á að ákveða 1. júní 1987 og eru þar tímamót að þessu leyti. Sömuleiðis taldi ríkisstjórnin ekki rétt að binda þetta í lögum lengur en rúmlega þetta kjörtímabil, en veita þó tíma til þess að ný ríkisstjórn yrði mynduð áður en til slíkrar deilu kemur að nýju ef sú verður niðurstaðan sem við skulum vona að verði reyndar ekki.

Eins og ég hef tekið fram, herra forseti, er megintilgangur þessa frv. ekki að kveða upp dóm

um hver skuli vera kjör sjómanna heldur að vernda hagsmuni okkar erlendis og markaðsstöðu. Með því er jafnframt verið að vernda hagsmuni sjávarútvegsins og þar með þjóðarbúsins í heild. Kjaradómi er falið að kveða upp dóm um kjör fram til 30. júní n.k., en að því tímabili loknu verða sjómenn og útvegsmenn að hafa komið sér saman um skipan kjaramála eða a.m.k. er það ákaflega æskilegt.

Ástæða er til að lýsa yfir vonbrigðum með að samningar skuli ekki þegar hafa tekist. Vil ég eindregið lýsa þeirri von minni að þannig verði staðið að þessum málum, bæði á vegum sjómanna og útvegsmanna, að þegar verði leitað samkomulags þannig að ekki þurfi að koma til stöðvunar á ný í þessari ákaflega mikilvægu atvinnugrein hins íslenska þjóðarbús.

Öllum er ljóst að íslenskir sjómenn þurfa að búa við góð kjör. Á sjóinn þurfa að fást hinir færustu menn. Á engan annan máta í raun getur sjávarútvegurinn sinnt því mikilvæga hlutverki sem honum er falið. Langvarandi verkföll í sjávarútvegi þjóna hins vegar seint nokkrum tilgangi og eru á sama máta sem sjávarútvegurinn er mikilvægur fyrir íslenskt þjóðarbú skaðlegri en flest önnur stöðvun í atvinnurekstri fyrir þjóðarbúið sem heild.

Það eru þessi sjónarmið í örfáum orðum sem hafa ráðið þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja þetta frv. en leggja það þó fyrir Alþingi þannig að umræða geti orðið um þessi sjónarmið.

Herra forseti. Það kann að vera nokkuð vafasamt fyrir hvaða nefnd þetta mál á að fara. Að hluta fer það venjulega fyrir sjútvn., að hluta fyrir samgn., gæti einnig farið fyrir félmn. sem fjallar um kjaradeilur. En niðurstaða eftir fundi sem ráðherrar hafa átt með fulltrúum stjórnarandstöðunnar er að rétt sé að vísa málinu til sjútvn. Það eru hagsmunir útflutningsaðila í sjávarútvegi og þar með sjávarútvegsins í heild sem ráða því að frv. er flutt.

Ég legg áherslu á að nefndirnar í báðum deildum vinni saman því að það er æskilegt að hraða svona máli eins og kostur er og ég vil einnig leggja áherslu á að til verði kvaddir þeir aðilar sem málinu tengjast, bæði deiluaðilar og sömuleiðis fulltrúar útflutningsaðila. Ég vil taka fram að eftir að ríkisstjórninni þótti sýnt að hún yrði að hafa slík afskipti af málinu hef ég kvatt alla þessa fulltrúa á minn fund og reyndar suma tvisvar og gert þeim grein fyrir þessu máli, afhent þeim frv. og gert þeim grein fyrir því að þeir mættu búast við að verða kvaddir á fund þingnefnda. Ég vil því, forseti, gera það að tillögu minni að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi verið eðlilegt að kalla saman þing til að fjalla um stöðuna í þessari sjómannadeilu, eðlilegra en að setja brbl. eins og hæstv. forsrh. kvaðst ella mundu hafa gert. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að taka hér fram að ég tel eðlilegt að þingið fjalli um þetta mál með myndugum hætti. Hér hefur verið spurt um það af fjölmiðlum undanfarna sólarhringa: Stendur til að tefja málið? Hér er í rauninni lögð fram spurning sem felur í sér að það er engu líkara en menn líti á Alþingi og stjórnarandstöðuna þar með eins og sjálfvirka hakkavél, þegar ríkisstjórninni dettur eitthvert gott ráð í hug eigi stjórnarandstaðan að hlaupa til og gegna og tala lítið og tala stutt, ekki leggja fram efnisatriði málsins, eyða sem minnstum tíma í nefndavinnu og afgreiða þetta í snatri. Þannig ganga hlutirnir ekki fyrir sig. Auðvitað verður hv. Alþingi að taka sér þann tíma sem eðlilegur er í þetta mál.

Það er hins vegar alveg ljóst að eftir að frv. af þessu tagi er komið fram er það ekki til neins fyrir nokkurn aðila, hvorki í stjórn né stjórnarandstöðu, að tefja mál af þessu tagi. Framlagning málsins ein sér af hálfu ríkisstjórnar með sterkan þingmeirihluta, eins og sú ríkisstjórn hefur sem hér situr enn, stöðvar í rauninni allar sáttaumleitanir, þýðir það að málið verður afgreitt með þeim hætti sem ríkisstjórnin leggur til og þess vegna er auðvitað ekki til neins að hafa uppi tilraunir til að tefja málið af hálfu nokkurs aðila, enda kannast ég ekki við að það hafi verið gert, a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili, af hálfu Alþb.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að menn geri sér ljóst að mál af þessu tagi verður að ræða hér ítarlega vegna þess að þetta er eini málflutningurinn sem fram fer fyrir þeim dómstóli sem hér er verið að gera tillögu um. Deiluaðilar verða ekki kallaðir fyrir dóminn. Eini málflutningurinn sem fram fer í þessu máli er sá málflutningur sem fram fer hér á hv. Alþingi Íslendinga. Þess vegna verður auðvitað að fara ítarlega yfir málið hérna, draga fram efnisatriði til þess að þau komi sem gleggst fram fyrir kjaradóminn sjálfan.

Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir, virðulegi forseti, f.h. Alþb. að Alþb. er á móti þessu frv. Við erum það fyrst og fremst af eftirfarandi ástæðum:

Við teljum í fyrsta lagi að samningar hafi í raun og veru verið í miðjum klíðum og ég er sannfærður um það, eftir að hafa rætt við fulltrúa beggja deiluaðila, að það hefði verið unnt að leysa málið með samkomulagi. Ríkisstjórnin kaus hins vegar að hóta lögum þegar aðeins örfáir klukkutímar voru liðnir frá því að síðasta tilboð sjómannasamtakanna var lagt fram. Síðasta tilboð sjómannasamtakanna var lagt fram á sunnudagskvöld kl. 11. Því tilboði var hafnað kl. 23 mínútur yfir 11, fundi var slitið kl. hálfeitt. Ríkisstjórnin ákvað um morguninn milli kl. 8 og 9 að þing skyldi kallað saman til að setja lög á sjómenn. Hér er gripið inn í þessa deilu með algerlega óvenjulegum hætti og það er rangt, sem hæstv. forsrh. segir, að núv. ríkisstjórn telji það neyðarúrræði að grípa inn í deilur með lögum. Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar. Þetta er sjöunda vinnudeilan sem þessi ríkisstjórn ætlar sér að stöðva með lögum á þessu kjörtímabili. Aldrei hefur nokkur ríkisstjórn gengið jafnlangt í að svipta

launafólk verkfallsrétti með lögum og gert er af þessari ríkisstjórn.

Önnur ástæðan fyrir því að við erum andvíg þessu frv. er sú að við teljum að það hefði átt að reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi milli sjómanna og útvegsmanna um að tengja saman olíuverð og skiptaprósentu eins og sjómenn höfðu gert tillögu um. Það er í rauninni alveg kostulegt að hæstv. forsrh., þegar hann mælir fyrir þessu frv. hér, skuli ekki hafa gert grein fyrir því að það sögulegasta við deiluna var að sjómenn opnuðu fyrir svo að segja sjálfvirka tengingu á milli olíuverðs á alþjóðamarkaði og skiptaprósentunnar. Það hefur aldrei áður komið til tals af hálfu sjómannasamtakanna að taka þetta upp með þessum hætti. Ég held að það hefði verið skynsamlegt frá langtímahagsmunum séð fyrir ríkisstjórnina að reyna að ná samningum úr því að sjómannasamtökin voru tilbúin til að ræða málið á þessum grundvelli. Og í rauninni var ekki óravegur á milli aðila þegar ákveðið var af ríkisstjórninni að slíta viðræðunum. Það slitnaði ekki upp úr viðræðunum. Það var ákveðið af ríkisstjórn Íslands að slíta þessum kjarasamningaviðræðum.

Þriðja ástæðan til þess að við erum andvíg þessu frv., virðulegi forseti, er sú að við teljum að þau rök sem flutt eru varðandi birgðastöðuna hafi í rauninni legið mjög lengi fyrir, um misseraskeið, og hafi ekki komið upp vegna sjómannadeilunnar sem slíkrar. Birgðir af freðfiski hafa minnkað um 3000 tonn á mánuði í september, október og nóvember s.l. Það er þess vegna alveg ljóst og búið að vera ljóst um margra mánaða skeið hver vandi var fram undan í þessu efni og ef ríkisstjórnin var sjálfri sér samkvæm og hafði þessar áhyggjur átti hún að ræða við deiluaðila um þetta alvarlega mál fyrir áramót. En það gerir hún ekki. Hún snertir ekki á málinu í rauninni fyrr en á fimmtudag og það er ákveðið að slíta deilunni á sunnudegi.

Fjórða ástæðan til þess að Alþb. er á móti þessu frv. er sú að við teljum að með því sé verið að ómerkja verkfallsréttinn í landinu, gera lögin um stéttarfélög og vinnudeilur að pappírsgagni. Þetta er í sjöunda sinn sem reynt er að stöðva kjaradeilu með lögum. Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar í raun og í verki að koma í veg fyrir frjálsa samninga. Og það var í rauninni kostulegt að hlýða á hæstv. forsrh. áðan: Fyrst staðan er þannig að það verður að taka á sjómannadeilunni er best í leiðinni að hengja farmennina aftan í skútuna líka.

Hæstv. forsrh. lét þess hins vegar ógetið í málflutningi sínum áðan af hverju hann tók ekki með í kippunni fleiri hugsanlegar vinnudeilur sem kunna að vera í farvatninu á komandi vikum og mánuðum. Það er verið að ræða um kaup og kjör á vegum ýmissa verkalýðsfélaga í landinu. Það er ekki búið að ganga frá samningum á nærri öllum stöðum. Með nákvæmlega sömu rökum og þeim sem hæstv. forsrh. flutti í þessu máli er alveg hægt að hengja aftan í svo að segja hvert einasta verkalýðsfélag í landinu og segja: Þér er bannað að fara í verkfall fram yfir kosningar, því það er það sem stendur í þessu frv., til þess að næsta ríkisstjórn sé örugglega búin að koma sér í stólana áður en það þarf að fara að takast á við vinnudeilur. Frv. er flutt af slíkri fyrirhyggju að það má segja að forsendur þess nái út yfir gröf og dauða, þ.e. þeirrar stjórnar sem situr enn í landinu.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja að nokkrum meginþáttum þessa máls eftir að hafa gert grein fyrir okkar niðurstöðu og aðalástæðum hennar.

Um hvað snerust þessar viðræður fyrst og fremst? Þær snerust um skiptaverðið og breytingu skiptaverðs. Það var grundvallaratriðið. Hvað lá fyrir í þeim efnum? Jú, þegar þessi ríkisstjórn tók við lækkaði hún skiptahlutfallið úr 76,5% í 71,5 að mati Þjóðhagsstofnunar. Það lá einnig fyrir að á þessum tíma var olíukostnaður mjög hár. Olíukostnaður útgerðarinnar nam tæplega 20% af tekjum 1982. Á því ári var 11% tap á útgerðinni í landinu. Samkvæmt síðustu áætlunum Þjóðhagsstofnunar, sem ég hef undir höndum, er olíukostnaðurinn nú metinn 8% af tekjum, en hreinn hagnaður fiskveiðanna er hins vegar metinn á 9% eftir fiskverðsákvörðun eða í kringum 1000 millj. kr. Hér er um verulega breytingu að ræða og er eðlilegt að sjómenn krefjist þess að skiptaprósentan sjálf breytist þeim í vil þegar útgerðaraðstæður breytast í grundvallaratriðum eins og orðið hefur á síðustu misserum.

Og hvernig var staðan í sjómannadeilunni í þessu efni? Var það þannig að menn hefðu ekki hreyft sig um spönn eða hvað? Staðan var þannig að kl. 23 á sunnudagskvöld lagði Sjómannasamband Íslands fram tillögur um að skiptahlutfallið yrði 79%. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að hlutfallið yrði óbreytt þegar verð olíu væri á bilinu 121–145 dollarar tonnið. Í þessum tillögum Sjómannasambandsins var síðan boðið upp á að það yrði breyting á skiptahlutfallinu um 1% fyrir hverja 12 dollara sem verðið hreyfðist um á olíunni. En Sjómannasambandið sagði líka: Við miðum við það samt sem áður að skiptahlutfallið verði aldrei lægra en 70% og aldrei hærra en 84%. Þessi tala, 84%, er básúnuð út um allt og sagt: Þetta er óbilgirni, þetta er frekja. En hvað þýðir þetta í raun? Til að skiptin yrðu 84% samkvæmt tillögu Sjómannasambands Íslands yrði olíuverð að fara niður í 60 dollara tonnið, en olíuverð í birgðum hérlendis í dag er 132 dollarar tonnið og hefur í raun og veru aldrei farið niður fyrir 100 dollara tonnið. Færi hins vegar svo að olíuverð lækkaði í 100 dollara tonnið þýddi það að skiptahlutfallið færi upp í 81%. Þetta er sú kröfufrekja sem verið er að saka sjómannasamtökin um í þessu efni. Það er kannske rétt að skjóta því hér inn í, herra forseti, að í tillögu sjómanna um 79% hlutfallið var gengið út frá því að útgerðin væri áfram með 5% hagnað. Það var ekki verið að ganga nær mönnum en það í kröfum sjómanna á samningastigi málsins þegar ríkisstjórn Íslands ákvað að slíta samningaviðræðunum.

Ef það hins vegar gerðist, miðað við þá reiknireglu sem sett var fram af Sjómannasambandinu, að olíuverðið hækki í 253 dollara tonnið, sem er um 10 dollurum lægra en var síðast skráð í mars á s.l. ári, yrði skiptahlutfallið 70%. Þetta var í rauninni síðasta tilboð sjómanna. Skömmu áður eða 5. janúar hafði Landssamband ísl. útvegsmanna gert tilboð um 73% skiptahlutfall. Það gerði ráð fyrir óbreyttu hlutfalli á verðbilinu 110–140 dollarar á tonnið og síðan hreyfingu upp á 1% fyrir hverja 12 dollara. Í tillögum Landssambands ísl. útvegsmanna var það aðalgallinn á málinu að þar var ekki gert ráð fyrir neinum botni, neinu gólfi, þannig að færi olíuverð t.d. upp í 253 dollara tonnið, sbr. dæmi sjómanna hér á undan, hefði skiptaprósentan lækkað í 64% eftir formúlu Landssambands ísl. útvegsmanna, sem sagt lægri prósenta en nokkru sinni fyrr. Það var algerlega útilokað fyrir sjómannasamtökin að fallast á að engin takmörkun væri sett í þessu efni. Ef við hins vegar gerðum ráð fyrir að olíuverðið hækki upp í það sem það var hæst eða 337 dollara tonnið hefði skiptaprósentan lækkað niður í 57%. Það er vonlaust verk, útilokað og fráleitt að ætlast til þess af sjómannasamtökunum að þau gangist inn á formúlu sem gæti þýtt sjálfkrafa lækkun á þeirra hlut niður fyrir 60 af hundraði.

Nú er því haldið fram af talsmönnum útgerðarinnar og það heyrist jafnvel stundum í umræðum stjórnmálamanna hér: Ef skiptaprósentan yrði með þessum hætti 84%, hvað þá? Þá spyr ég á móti: Hvað þarf olíuverðið að lækka mikið til þess að prósentan yrði 84% til sjómannanna? Svarið er: Þá þarf olíuverðið að lækka niður fyrir núll. Hinar miklu áhyggjur Landssambands ísl. útvegsmanna, les: Kristján Ragnarsson, herra forseti, hinar miklu áhyggjur Kristjáns Ragnarssonar í þessu efni um hina ósvífnu hugmynd um 84% skipti byggðust á því að olían hefði ekki kostað neitt og raunar borgað með henni 12 dollara tonnið ef þetta er tekið mjög nákvæmlega. Ég hygg að það sé ekki hægt, jafnvel þó við séum bjartsýnir og hæstv. ríkisstjórn og þjóðin öll búi við prýðilegt góðæri, að gera ráð fyrir að OPEC-ríkin sendi okkur tékka upp á 12 dollara með hverju tonni af gasolíu sem við flytjum inn í landið, jafnvel þó að Rússarnir ættu í hlut.

Olíuverð í birgðum hér á landi núna, hvert er það? Það er 132 dollarar tonnið. Verðlagning á gasolíu eins og sakir standa er 121 dollari tonnið. Síðasta verðskráning á olíu 7. janúar s.l. í Rotterdam var 163,5 dollarar tonnið. Ef það verð yrði að veruleika þýðir það í raun að tilboð útvegsmanna er ekki upp á 73% heldur upp á 71% og það þýðir í raun að tilboð sjómanna er ekki upp á 79% heldur upp á 77,5% þannig að þetta er hið raunverulega tilboð sjómanna sömu daga og verið er að ræða um málin og sömu daga og þessi verðskráning liggur fyrir í Rotterdam. Hverjar eru horfur með olíuverð? Það eru horfur á því núna að olíuverð fari hækkandi. Það er margt sem veldur, m.a. hinir miklu fimbulkuldar í Evrópu. Hins vegar er ljóst að olíujöfnunarreikningur gasolíu er jákvæður um 20 millj. kr. og það er ólíklegt að það þurfi að flytja inn eða selja olíu miðað við það verð sem nú er skráð í Rotterdam eða mikið hærra verð. Þess vegna finnst mér líklegast að þau verðbil sem sjómenn og útvegsmenn gerðu tillögu um og ráð fyrir mundu í rauninni þýða að verðið yrði nokkurn veginn óbreytt á þeim tíma sem menn eru hér að tala um.

Niðurstaðan af umræðunum um skiptin er því þessi: 79%, 73%, 6% í skiptum. Það eru 300 millj. kr. sem ber á milli.

Í öðru lagi: Verðbil sjómanna var 121–145 dollarar, en útvegsmanna 110–140 dollarar. Það þýðir að sjómenn vilja fyrr fá að njóta enn frekari lækkunar á olíu en útgerðarmenn vilja heimila. En, eins og ég sagði áðan, telja verður ólíklegt að verð á olíu fari niður fyrir þau mörk sem sjómenn setja, þ.e. niður fyrir 121 dollara á tonnið.

Í þriðja lagi: Sjómenn gera ráð fyrir að skiptaprósentan geti aldrei farið niður fyrir 70%, aldrei upp fyrir 84%. Þetta er auðvitað stóra ágreiningsmálið, að það séu settar inn takmarkanir í þessum efnum. Þess vegna er ekki hægt, eins og fjölmiðlar og hæstv. forsrh. hafa gert, að tala um 6% muninn sem einangrað fyrirbrigði.

Ég held hins vegar að stóra grundvallaratriðið í þessu máli öllu sé að fyrir liggur viðurkenning á því af hálfu sjómannasamtakanna að það á að vega olíukostnaðinn á móti skiptaprósentunni. Sjómenn skilja í sínu tilboði útgerðina eftir með hagnaði upp á 5% og enginn hefur sagt — enginn fulltrúi sjómanna hefur sagt nokkurs staðar — að þetta tilboð að kvöldi sunnudagsins s.l. hafi verið úrslitakrafa af hálfu sjómanna. Þetta var tilboð sem var sett fram í samningaviðræðum í trausti þess að menn ætluðu að fara að semja. Menn vissu ekki að ríkisstjórnin ætlaði sér að slíta samningaviðræðum með því að gera tillögu um lagasetningu eins og hér er á dagskrá.

Í frv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því í grg. að kjaradómur taki tillit til tveggja atriða sem fram komu í samningaumræðunum, þ.e. í fyrsta lagi tillagna útvegsmanna um gámafiskinn og í öðru lagi tillagna sem fram komu um olíukostnaðinn. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að láta kjaradóminn fjalla um önnur atriði og af hverju eingöngu eru nefnd í grg. ríkisstjórnarinnar þau atriði úr viðræðunum sem koma sjómönnun illa. Það er ekkert annað nefnt í grg. stjfrv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil rekja örfá atriði sem voru í umræðu en LÍÚ vildi ekki ljúka umræðum um í von um að lög yrðu sett áður en til niðurstöðu kæmi.

Í fyrsta lagi hafði verið rætt ítarlega um kjör á frystitogurum. Þegar kom að niðurstöðu í því máli flýði fulltrúi frystitogaraeigenda af fundi í Karphúsi. Þó það sé að jafnaði læst flýði hann af fundi þrátt fyrir mótmæli sjómanna og sáttasemjara ríkisins. Það reyndist ekki unnt að ljúka því máli, en það var mjög langt komið í þessu efni.

Í öðru lagi hafði verið rætt ítarlega um kjör á rækjuskipum sem frysta afla um borð. Viðræður voru í fullum gangi. LÍÚ stöðvaði þær viðræður líka.

Í þriðja lagi hafði verið rætt um starfsaldursálag og uppsagnarfrest.

Í fjórða lagi hafði verið rætt um fæðisgreiðslur. Rætt hafði verið um ýmis atriði sem jafnvel hefur þegar náðst samkomulag um við Alþýðusamband Vestfjarða. Það eru ein tíu atriði, sem höfðu verið rædd á fundunum með sjómönnum síðustu daga, sem ástæða er til að spyrja hvort verða tekin með í meðferð kjaradómsins eða hvað. Og það er nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari vegna þess að í grg. ríkisstjórnarinnar með þessu frv. er ekkert þessara atriða, aðeins tillagan um gámana og hugmyndin um tengingu olíuverðs og skiptaprósentu. Spurning mín er: Á ekkert tillit að taka til þess sem kom fram frá sjómönnum sjálfum?

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja aðeins að meginrökum hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. birgðastöðunni.

Birgðir af freðfiski fyrir tveimur árum voru um 30 000 tonn. Birgðir í árslok 1985 voru hins vegar 17 000 tonn, fóru minnkandi niður í 10–11 000 tonn vorið 1986, jukust síðan í 15 000 tonn þegar kom fram á sumarið, en hafa, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, minnkað um 3000 á mánuði frá því í september s.l.

Vissulega er það alvarleg staða sem upp er komin. En kom hún upp núna? Varð hún til einmitt núna þegar sjómenn boðuðu verkfall? Varð hún kannske til núna um helgina? Frétti ríkisstjórnin ekki af þessari birgðastöðu fyrr en á sunnudaginn eða hvað? Auðvitað er ljóst að birgðastaðan hefur verið að þróast með þessum hætti um tveggja missera skeið. Og hvað hefur verið að gerast? Hvar er fiskurinn? Það hefur fiskast eins og kunnugt er. Hvar er hann? Birgðaminnkunin, sem hefur átt sér stað á tveimur misserum, er í gámunum. Og ríkisstjórnin þurfti auðvitað ekkert annað en að lesa miða frá Þjóðhagsstofnun eða Fiskifélagi eða öðrum slíkum aðilum til að átta sig á því hvað var að gerast. Hins vegar er það mjög heppilegt frá sjónarmiði ríkisstjórnarinnar að vekja sérstaklega athygli á þessum vanda núna þegar sjómannadeilan stendur yfir. Hæstv. forsrh. sagði: Það er ekki kjaradeilan sem við erum fyrst og fremst að hugsa um. Nei, nei, nei, það er ekki kjaradeilan. Nei, nei, nei, það er ekki kjaradeilan. Það er birgðastaðan. Það var þess vegna sem hv. þm. Pétur Sigurðsson lagði til að þetta mál færi til utanrmn. Það væru fyrst og utanríkisviðskipti sem hér væru í húfi. En ástæðan til þess að menn fá þetta flog núna er sú að það stendur yfir sjómannaverkfall og það þarf að negla sjómennina. Og það þarf að hræra þjóðina til meðaumkunar með afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli, til stuðnings við ríkisstjórnina í þessu máli. Það er það sem er að gerast. Hér er verið að nota sér birgðaþróun sem hefur verið að ganga yfir um margra mánaða skeið til þess að ná pólitískri stöðu fyrir ríkisstjórnina til að svipta sjómenn í landinu verkfallsréttinum. Þetta er ómerkilegur pólitískur loddaraleikur sem hér er uppi. Það er kjarni þessa máls.

Ríkisstjórnin átti auðvitað, ef hún hafði þessar áhyggjur af málinu, að taka á því mikið fyrr. En hún kýs að nota sér sjómannadeiluna til að ná viðspyrnu í þessu máli. Það hefur ekki verið bent á það síðustu dagana að á árinu 1986 er um að ræða tvöföldun á gámafiski, úr 10 000 tonnum af minni togurum í 20 000 tonn árið 1986. Þetta segir sína sögu. Og það segir líka kannske sína sögu að við þessar aðstæður gerir LÍÚ tillögu um að gámafiskurinn verði enn þá hagstæðari fyrir útgerðina en hann hefur áður verið.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að hér eru menn í rauninni að reyna að finna sér rök til að stoppa kjaradeilu. Það er ekki utanríkisviðskiptapólitískur vandi sem hér er um að ræða fyrst og fremst. Hér er um þann vanda að ræða að maður heitir Kristján Ragnarsson sem hefur ráðið sjávarútvegsmálum, hvort sem það eru viðskiptamál, kjaramál sjómanna eða kvótakerfi, á undanförnum árum. Ríkisstjórnin gerir að vísu ekki tillögu um að þessi maður verði einn sá kjaradómur sem Hæstiréttur skipar, en það færi í rauninni vel á því miðað við forsögu málsins að í kjaradómi verði Kristján Ragnarsson, Kristján Ragnarsson og Kristján Ragnarsson.

Hér hef ég í ræðu minni nokkuð vikið að því að ríkisstjórn hafi aftur og aftur gripið til þess að stöðva vinnudeilur með lögum. Og það hefur verið bent á að til slíks hafi iðulega komið áður, ríkisstjórnin hafi gripið til þess að leysa kjaradeilur með lögum. Árið 1979 stóðu menn t.d. frammi fyrir því að farskipaverkfall hafði staðið á annan mánuð og þá var ákveðið að grípa inn í þá deilu með lagasetningu. En lítum yfir nokkurra ára tímabil og athugum hvað þetta hefur oft gerst, hverjir hafa átt í hlut og hvaða ríkisstjórnir hafa setið að völdum. Ég vildi ekki leggja það á skrifstofu Alþingis að fara að fletta þingtíðindum mikið aftur fyrir árið 1973 eða aftur fyrir árið 1970 vegna þess að það var ekki aðstaða til þess að stunda eðlilegar sagnfræðirannsóknir í þessu máli vegna þess knappa tíma sem okkur er settur og hefði þó verið fróðlegt að fara yfir fleira, eins og þróun skiptaprósentunnar á undanförnum áratugum.

Árið 1973 voru sett lög um laun yfirmanna á botnvörpuskipum. 1975 voru sett lög um stöðvun verkfalla í Áburðarverksmiðjunni. 1976 voru sett bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna. 1979 voru sett bráðabirgðalög um kjör farmanna í júlí eftir verkfall á annan mánuð.

Á þessu sex ára tímabili finnast fjögur dæmi um að vinnudeilur séu stöðvaðar með lögum. Síðan kemur að ríkisstjórn hinna frjálsu kjarasamninga. Það er ríkisstjórnin sem Sjálfstfl. á hlut að og vill alltaf hafa frelsið sem mest, þetta óskaplega frelsi. Og hvernig hefur það nú verið? Hefur það ekki verið alveg „gasalega“ frjálst, eins og sagt var einu sinni, alveg með ólíkindum frjálst? Hvernig hefur

það verið, hv. þm. Pétur Sigurðsson, einn traustasti stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar fyrr og síðar?

Ríkisstjórnin hóf sinn feril á því að setja bráðabirgðalög 27. maí 1983 sem bönnuðu verkföll út það ár. Það eru engin dæmi til þess í sögu Íslands í nútímastjórnmálum að slíkt hafi verið gert. Þetta var ríkisstjórnin með flokkinn innbyrðis sem talaði um frjálsa kjarasamninga, frelsi, frelsi og aftur frelsi. Það mátti ekki semja í hálft ár. Það var bannað með bráðabirgðalögum, þingið ekki kallað saman til að ræða það mál einu sinni.

1984 setti þessi sama ríkisstjórn lög um að stöðva vinnudeilu hjá Flugleiðum. 1984, seint á því ári, kom hún aftur með annað frv. hingað inn í þingið. Í þetta skiptið var það ekki Flugleiðir heldur deila verkalýðsfélaga á Suðurlandi og sláturleyfishafa. Það var alveg knýjandi að mati ríkisstjórnarinnar að leysa það mál með lögum og það strax. Það stóð svo illa.

Tvenn lög á árinu 1984. 1985, hvað var það þá? Flugfreyjur. Vinnudeila þeirra stöðvuð með mjög umdeildum hætti hér á hv. Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Og 1986 gerist það tvisvar sinnum að sett eru lög til að stöðva vinnudeilur, fyrst mjólkurfræðingar snemma á árinu 1986 og síðan eru sett bráðabirgðalög vegna verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Þau lög voru lögð fram hér til staðfestingar í haust, giltu til 31. desember. Kaupliðum var sagt upp þegar menn voru lausir úr því helsi. Kröfur voru lagðar fram 5. janúar. Nú er komið fram í miðjan janúar og enn þá hafa ekki verið sett lög á farmenn. Þeir eru búnir sem sagt að vera í hálfan mánuð alveg lagalausir. En þá er bætt úr því og þeim eins og spyrt saman við sjómannadeiluna úr því að menn eru að þessu hvort eð er. Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, að ég tel að hér sé í rauninni komin stefna ríkisstjórnarinnar. Það eiga ekki að vera vinnudeilur í landinu. Það er leitað að rökum til að stöðva þær með lögum ef þær hefjast. Það er sama hvort það eru verkamenn í sláturhúsum eða flugfreyjur eða sjómenn á fiskiskipum eða farmenn, ríkisstjórnin leitar alltaf uppi einhver rök. Og núna í þessari kjaradeilu sjómanna finnur hún þessi rök, sem hafa legið í augum uppi fyrir þjóðina í tvö misseri, að það séu minnkandi birgðir af freðfiski í landinu.

Það er auðvitað stóralvarlegt, herra forseti, hvernig komið er á hinum almenna vinnumarkaði varðandi kaup og kjör að því er varðar stöðu verkalýðshreyfingarinnar eftir að ríkisstjórn hefur aftur og aftur komist upp með að stöðva vinnudeilur með þessum hætti. Það er alvarlegt frá mannréttindasjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar. En það er líka alvarlegt frá sjónarmiði þjóðfélagsins í heild og Alþingis Íslendinga sem setti lögin um stéttarfélög og vinnudeilur vegna þess að auðvitað eiga menn að alast upp við það hvar sem þeir eru í stéttarsamtökum eða samtökum atvinnurekenda að semja sig út úr deilum. Það er óhollt ef ekki beinlínis hættulegt ef staðan er þannig að menn gera ráð fyrir því í hvert skipti sem þeir hefja deilu að hún hljóti að verða leyst með lögum. Menn hljóta að sjá hvaða áhrif þetta hefur á stöðu atvinnurekenda. Við þessar aðstæður hreyfa þeir sig ekki. Í mesta gósenári sem útgerðin hefur haft um mjög langt skeið og 9% gróða samkvæmt tölum Þjóðhagsstofnunar fæst hún ekki til að hreyfa sig um spönn þegar sjómenn leggja fram tilboð um sjálfvirka tengingu milli olíuverðs og skiptaprósentu og segja: Samkvæmt okkar tilboði á hagnaður útgerðarinnar að geta verið 5%. Það er ekkert nema óbilgirni og stirfni sem veldur því að menn ná ekki saman í svona stöðu og þá það að menn treysti því að Kristján Ragnarsson hafi ekki einasta vald fyrir útgerðina í landinu „komplet" heldur líka fyrir Alþingi Íslendinga. Menn stóla á það. Við slíkar aðstæður kemur auðvitað ekkert út úr samningaviðræðum, herra forseti.

Á fundi sem haldinn var í miðstjórn Alþýðusambands Íslands núna áðan var fjallað um þessa deilu og ég les þessa ályktun Alþýðusambandsins upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir þeirri lagasetningu um kjör sjómanna sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið. Í kerfi frjálsra samninga er óhjákvæmilegt að til átaka geti komið í kjaradeilum. Þær deilur á að leysa á ábyrgð samningsaðila. Ef annar deiluaðili, eins og útgerðarmenn nú, getur með einstrengings- og þvergirðingshætti gert samningaviðræður að marklausum samtölum í trausti lagasetningar er samskiptum stefnt í hættu. Með því móti eru aðilar sviptir ábyrgð og samningsrétturinn verður nafnið tómt. Með endurtekinni lagasetningu má brjóta kerfi frjálsra kjarasamninga á bak aftur. Samningsréttinum er ógnað og því hljóta verkalýðssamtökin að mótmæla."

Ég hygg að það fari vel á því að þessi ríkisstjórn, sem hefur stöðvað kjaradeilur sjö sinnum með lögum, hafi þessa samþykkt á bakinu einmitt nú. Samningsrétturinn er orðinn nafnið tómt. Samningsréttinum er ógnað. Lagasetning aftur og aftur er að brjóta kerfi frjálsra samninga á bak aftur. Þetta skulu verða mín lokaorð, herra forseti, að sinni.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég vil aftur ítreka þá beiðni mína til hv. pallagesta að láta hrifningu sína í ljós með einhverjum öðrum hætti en klappi vegna þess að það er venja hér að slíkt klapp eigi sér ekki stað, hvorki í þingsalnum né á þingpöllum, og ég vænti þess að hv. pallagestir geymi hrifningu sína í hjarta sínu fremur en að láta hana í ljós með klappi.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Forsendurnar fyrir þessu lagafrv. fá ekki staðist. Rökstuðningurinn fyrir því að grípa til lagasetningar fær heldur ekki staðist. Þess vegna væri vænst að Alþingi tæki þetta mál út af dagskrá og vísaði því aftur til deiluaðila og sáttasemjara.

Hæstv. forsrh. rökstuddi þetta í rauninni hér áðan. Hann sagði nefnilega, hæstv. forsrh., að

tilraunir til samkomulags voru minni en æskilegt hefði verið og nefndi þá farmannadeiluna. En sannleikurinn er sá að þetta á við að því er báðar deilurnar varðar. Tilraunir til samkomulags hafa verið minni en æskilegt hefði verið.

Það hefur verið regla hjá Alþingi að grípa ekki inn í kjaradeilur með lagasetningu öðruvísi en fullreynt væri. Alþingi hefur aldrei gripið inn í kjaradeilur öðruvísi en fullreynt væri og aldrei við þær aðstæður að flm. frv. segði að tilraunir til samkomulags séu minni en æskilegt hefði verið. Það hafa verið forsendur fyrir því að menn gripu til lagasetningar.

Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir því að grípa til lagasetningar í þessu tilviki er tvíþættur. Annars vegar segja þeir að deiluaðilar hafi verið ásáttir um eða sammála um að frekari sáttaumleitanir væru að svo stöddu gagnslausar. Þetta er fyrri röksemdin fyrir lagasetningu. Það verður ekki séð af viðbrögðum deiluaðila að það sé tangur né tetur af sannleika í þessum rökstuðningi. Kristján Ragnarsson fulltrúi LÍÚ lætur hafa eftir sér að hann telji að þeir sem hafi stofnað til deilunnar eigi að setja hana niður og semja. Forustumenn sjómanna, bæði farmanna- og sjómannasambands, hafa mótmælt þeim tilraunum til lagasetningar sem hér eru uppi. Sjómenn hafa ítrekað látið það koma fram í fjölmiðlum undanfarið að það hafi alls ekki verið fullreynt af þeirra hálfu og þeir hafi verið að bera fram tillögur til samkomulags alveg fram á seinustu stundu. Mér er það stórlega til efs, herra forseti, að það hafi nokkurn tíma gerst áður að umræðum, samningaumleitunum væri slitið þremur klukkustundum eftir að annar aðilinn hefði borið fram sáttatilboð. Ég held að svo sé ekki og ég held að þetta sanni að forsendurnar og rökstuðningurinn fyrir þessu lagafrv. fær ekki staðist.

Önnur röksemd ríkisstjórnarinnar er sú að fiskbirgðir, afurðabirgðir sem til sölu eiga að fara, séu of litlar. En það hefur rækilega verið rakið að þar er ekki sjómönnum um að kenna, þar er ekki þessu verkfalli um að kenna. Sú staða var löngu komin upp án þess að ríkisstjórnin aðhefðist nokkurn skapaðan hlut. Því segi ég það, herra forseti: Hvorki þær forsendur sem menn hafa gefið sér til þess að grípa til lagasetningar í kjaradeilu fá staðist í þessu tilviki né heldur þær röksemdir sem á borð eru bornar fyrir þessum lögum. Hvorugt af því fær staðist. Og það var vissulega athyglisvert að forsrh. skyldi sjálfur verða til þess að staðfesta það hér í ræðu sinni.

Við Alþýðuflokksmenn erum algjörlega andvígir þessari lagasetningu og teljum að það væri sæmst fyrir Alþingi að taka málið út af dagskrá og vísa því aftur til deiluaðila og sáttasemjara.

Ég held að sannleikurinn í þessu máli sé sá að ríkisstjórnin hafi alls ekki viljað að deiluaðilar semdu. Ekki verður það sagt að samningaumleitanir hafi staðið svo lengi milli deiluaðila að það verði talið til sérstakra tíðinda hversu lengi það hafi verið. Hæstv. forsrh. upplýsti það nefnilega líka að það hefði verið á fimmtudaginn í síðustu viku sem ríkisstjórnin seint og um síðir rankaði við sér í þessu máli. Og hvað þýðir það? Það þýðir að samningaumleitanir stóðu í raun og sannleika í þrjá daga.

Að því er farmennina varðar þá er verkfall þeirra ekki nema viku gamalt, og tæplega það, fimm daga gamalt. Það hefur ekki verið til siðs að menn veifuðu lagasetningu á þriðja eða fimmta degi í samningaumleitunum eða verkföllum. Nei, ríkisstjórnin hefur greinilega ekki haft áhuga á því að það yrði samið. Ef hún hefði haft áhuga á því að það yrði samið, þá hefði hún lagt sig fram strax um áramótin um að sjá til þess að samningaumleitanir kæmust í gang, þá hefði hún ekki farið að veifa gerðardómi loksins þegar skrið var komið á samningaumleitanir. Það er nefnilega einkennileg tilviljun að þó að skrið væri komið á samningana þá fór allt skyndilega í baklás eftir að samningsaðilar voru kvaddir á fund ríkisstjórnarinnar.

Því er haldið hér fram að þetta mál sé vonlaust með öllu, bæði að því er varðar fiskimennina og að því er varðar farmennina af því að einhver hafi neitað einhverju. Er það reglan í samningaumleitunum að menn játist undir allt á stundinni? Á það að duga að einhver neiti einhverju til þess að lagasvipunni sé veifað? Má enginn skella hurð í neinum samningaumleitunum í neinu máli til þess að lagasvipan sé ekki höfð á lofti? Hér eru ný viðhorf uppi ef svo á að vera. Nei, ríkisstjórnin virðist hafa gripið fyrsta hálmstrá sem hún gat fundið til þess að veifa lagasvipunni, gerðardómi. Og það er ekki gott til afspurnar og það er afleitt að ríkisstjórnin skuli hafa komið málinu í þennan hnút. Með afskiptum sínum af þessu máli hefur ríkisstjórnin í fyrsta lagi sannað að hún hafi ekki áhuga á því að koma samningaumleitunum í gang og í annan stað að eftir að þær voru komnar á skrið brá hún í rauninni fæti fyrir samningaumleitanir og setti málið í hnút. Það voru fjölmörg atriði að leysast. Ég hef lista yfir ein 13 atriði sem voru á borðum samningamanna og það voru einungis tvö sem voru í rauninni gjörsamlega óleyst. En það er líka þó nokkur afrakstur eftir þriggja daga fundahöld eða rúmlega það. Það er þó nokkur afrakstur ef menn hafa leyst 11 mál af 13. En þessu á nú að fleygja út af borðinu.

Nei, herra forseti. Þetta var ekki óheyrilega langt verkfall. Samningaumleitanir höfðu ekki staðið í óheyrilega langan tíma, heldur einungis í fáeina daga, ég tala nú ekki um að því er farmennina varðar, þar sem menn höfðu varla tyllt sér niður og staðið upp aftur áður en lagasvipunni var veifað. Og það er auðvitað alveg sérstök orðsending frá þm. Sjálfstfl. til flokksbróður síns, sem er í formennsku fyrir Sjómannafélagi Reykjavíkur, um að hann skuli nú ekki vera að stússa í þessum samningaumleitunum því að þeir leysi þetta allt fyrir hann og ákveði með lögum. Já, forsrh. sagði að tilraunir til samkomulags hefðu verið minni en æskilegt hefði verið og það voru virkilega orð að sönnu.

Var þá ekkert svigrúm, geta menn spurt, var þá

ekkert svigrúm til þess að koma til móts við sjómenn í þessari deilu? Jú, það var vissulega svigrúm því að jafnvel þótt gengið hefði verið að öllum kröfum sjómanna — og það vita menn að í samningaumleitunum gerast hlutirnir ekki þannig — þá hefði verið verulegur hagnaður áfram af útgerðinni eða um 5%. Ríkisstjórnin sjálf hefur reyndar gefið út yfirlýsingu um að það sé nægt svigrúm. Hún var nefnilega með uppástungu um það hér fyrir fáeinum vikum að taka 400 millj. kr. af útgerðinni í olíugjald, í olíuskatt sem átti að renna í ríkissjóð. En það var ekki gert. Kröfur sjómanna nema ekki einu sinni þeim skatti sem ríkisstjórnin var að tala um að leggja á útgerðina, ekki einu sinni það, þannig að svigrúmið er fyrir hendi. Það er staðfest í útreikningum Þjóðhagsstofnunar, það er staðfest af ríkisstjórninni með stuðningi við tölur Þjóðhagsstofnunar og það er sérlega staðfest af ríkisstjórninni þegar hún hafði uppi áform um það einmitt að skattleggja útgerðina og kröfur sjómanna ná ekki einu sinni að hirða allt það sem ríkisstjórnin ætlaði sér í þessum efnum.

Höfðu ekki sjómenn eitthvað til síns máls, geta menn spurt í annan stað? Jú, það hafði áður verið lækkuð skiptaprósentan. Þegar illa áraði höfðu þeir virkilega tekið á sig þungar byrðar, orðið að taka á sig þungar byrðar. Þá hafði verið lækkuð skiptaprósentan, þá höfðu kjör þeirra verið rýrð og þá var því lýst yfir, t.d. af núverandi hæstv. forsrh. að vitaskuld fengju sjómenn þetta til baka þegar olíuverðið lækkaði. En það gengur eitthvað illa að efna það loforð. En þetta höfðu sjómenn vissulega til síns máls. Og hafa menn tekið eftir því að í gögnum Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að öll árin 1981, 1982 og 1983 voru sjómenn að dragast aftur úr verkamönnum í launum og yfirmenn á fiskiskipum reyndar eitt árið enn, nefnilega árið 1984, svo að það er ekki fyrr en á árunum 1983–84 sem aðeins fer að rétta úr kútnum. Og hvers vegna þá? Jú, vegna meiri aflabragða og þá um leið vegna meiri vinnu sjómannanna. Þeir urðu meira á sig að leggja. Já, olíukostnaðurinn var 20% af tekjum útgerðarinnar og tapið af útgerðinni var 11% þegar skiptaprósentan var lækkuð. En núna er olíukostnaðurinn kominn niður í 8% og hagnaðurinn af útgerðinni er í 9%. Það var bæði svigrúm og eins höfðu sjómenn mikið til síns máls.

En í þriðja lagi má spyrja: Var ekki til einhvers að vinna að það mætti takast að semja í þessari samningalotu? Jú, það var til mikils að vinna. Alþingi hefur með lögum brotist inn í þessi skiptakjör aftur og aftur. Útgerðarmenn og ýmsir stjórnmálamenn hafa oft talað um það að það væri nauðsynlegt að taka tillit til tilkostnaðar í útgerðinni og þá einkanlega til olíuverðs í kjörum sjómanna. Og hvað buðu sjómenn fram í þessum samningaumleitunum núna? Þeir buðu einmitt þetta fram. Þeir brutu „prinsipp“ sem þeir höfðu verið með, meginreglu sem þeir höfðu verið með allan undanfarinn áratug og sögðu við þjóðina, sögðu við útgerðarmennina, sögðu við ríkisstjórnina: Jú, við skulum taka tillit til olíuverðsins. Við skulum tengja skiptaprósentuna við olíuverð. Auðvitað hefur þetta kostað sjómenn verulegar umþenkingar og áhyggjur og sjálfsagt þó nokkuð miklar vangaveltur innan þeirra eigin raða. Þarna voru þeir að stíga verulega stórt skref. Maður hefði getað haldið að þetta skref yrði mikils metið. En svo er ekki. Það er í rauninni slegið á þessa framréttu hönd. En hérna var stórmál á ferðinni. Og það var auðvitað meginatriði að um svona mál, um svona grundvallaratriði, um svona prinsipp-ákvörðun færu fram frjálsir samningar en ekki lagaboð. En á þetta var ekki hlustað, á þessa hönd var slegið og málin voru sett í hnút. Ég fæ ekki annað lesið út úr þessu en ríkisstjórnin hafi þvælst fyrir málinu og hjálpað til við að koma því í hnút.

Síðan segir ríkisstjórnin í þessu lagafrv. sínu að það skuli miða við sjónarmið sem hafi komið fram um það hvernig skiptaverðmæti sjávarafla skuli ákvarðast. Það eru einu sjónarmiðin sem eru tekin fram í þessu lagafrv. Önnur sjónarmið eiga ekki upp á pallborðið. Hvað er átt við með þessu? Er meiningin að þvinga fram þessa grundvallarbreytingu, þessa breytingu á prinsipp-afstöðu sem sjómennirnir sögðust vera tilbúnir til að semja um? Er meiningin að þvinga hana fram með lagasetningu? Ég bara spyr. Ég veit að það koma ýmis sjónarmið fram þegar menn eru að semja. En það er sérkennilegt að taka það fram að einungis að því er varðar þetta eina atriði skuli sjónarmið höfð til hliðsjónar. En það er ekkert í þessu lagafrv. sem segir að það skuli taka tillit til þess hvað sjómennirnir lögðu á sig í skertum kjörum á árunum 1981–1984, ekkert um það að fá neitt til baka af því. Það er ekkert um það að við ákvörðun samkvæmt þessum gerðardómi skuli líta til þess hver hagur útgerðarinnar er eða hafa það í huga að hingað til hafa menn litið á þetta sem sameiginlegan pott sjómanna og útgerðarmanna og upp úr þeim potti kæmi mismikið eftir því hvernig áraði og þess vegna bæri að hafa hliðsjón af afkomu útgerðarinnar. Nei, ríkisstjórnin er tilbúin til þess að taka það inn í svona gerðardóm og lagasetningar að það skuli líta á afkomu útgerðarinnar þegar illa árar, en það má ekki líta á hana þegar vel árar. Þetta er, herra forseti, sannleikurinn í þessu máli.

Ég tel að það sé mjög alvarlegt mál þegar ákveðið er að grípa til lagasetningar í kjaradeilum og það eigi alls ekki að gera nema fullreynt sé og ég tel að Alþingi hafi yfirleitt fylgt þeirri reglu. Ég tel að Alþingi og ríkisstjórn hafi yfirleitt verið tilbúin til að þola þó nokkuð miklar þrengingar vegna verkfalla áður en gripið yrði til lagasetningar. Og ég er sannfærður um að það er algjört einsdæmi að menn fái ekki að tala saman í alvöru í meira en þrjá daga. Það er ekki góður vitnisburður um þá ríkisstjórn sem nú situr eða þá þm. sem ætla að styðja lagafrv. af þessu tagi að þeir skuli hafa farið svo gjörsamlega á tauginni að nú vilji þeir brjóta langa hefð að því er varðar afskipti með lögum og rjúka upp með svipuna fyrirvaralaust. Nei, herra forseti. Fyrir

þessu lagafrv. ríkisstjórnarinnar eru ekki þær forsendur sem Alþingi hefur gert kröfu til í sambandi við lagasetningu í kjaradeilum. Og sá rökstuðningur sem ríkisstjórnin setur fram stenst ekki heldur. Þess vegna ætti að taka þetta mál hér út af dagskrá og vísa því til deiluaðila og sáttasemjara á ný. Það væri sæmst að gera.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð hér við 1. umr. þessa máls til þess að lýsa afstöðu Kvennalistans. Við erum mótfallnar þessu frv. til laga um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.

Forsendur fyrir afstöðu okkar eru í fyrsta lagi að við teljum verkfallsréttinn heyra til grundvallarmannréttinda sem beri að virða og er óverjandi að beita löggjöf til þess að afnema hann.

Í öðru lagi teljum við það ekki hlutverk ríkisvaldsins að blanda sér í kjaradeilur á þann hátt að setja um þær löggjöf. Það er hættuleg tilhneiging sem virðist fara vaxandi að stjórnvöld hafa afskipti af kjaradeilum með slíkum hætti. Þetta leiðir til þess að samningsaðilar leggja sig ekki fram sem skyldi til að leysa mál sín sjálfir en treysta um of á að lagasetning muni taka af þeim ómakið. Má því segja að samningaviðræður fari ekki fram í fullri alvöru. Þessi tilhneiging hefur verið ríkjandi á undanförnum árum og tel ég hana mjög varhugaverða.

Það eru ævinlega taldar fram mikilvægar ástæður til að rökstyðja slíkt inngrip stjórnvalda, oft þjóðhagslega mikilvægar. Svo er einnig nú. Forsendurnar fyrir því að leggja þetta frv. fram eru t.d. þær að í landinu hafa verið undanfarna mánuði og eru nú þverrandi birgðir af frystum fiski. Reyndar hafa ekki á undanförnum árum verið svo litlar birgðir til við áramót eins og nú. Á sama tíma gætir mikillar eftirspurnar eftir fiski erlendis. Þessar ástæður eru taldar stefna mörkuðum okkar erlendis í hættu þannig að neysluvenjur útlendinga breytist og verði trauðlega endurheimtar, þ.e. þeir venjist af því að borða fisk. Þessir þjóðarhagsmunir eru þó sannarlega beinlínis atvinnuhagsmunir allra málsaðila, fiskimanna, útgerðarmanna og farmanna og þeim hlýtur að vera treystandi til þess að hafa þá ábyrgðartilfinningu að gæta að eigin atvinnuhagsmunum jafnt sem þjóðarhag. Og ég er fullviss um það að þeir þurfa ekki hjálp ríkisvaldsins eða alþm. til þess, enda hafa allir málsaðilar lýst yfir andúð sinni á lagasetningu og mótmæla afskiptum Alþingis af deilunni, nú síðast í dagblöðum í morgun. En þar lýsa Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, allir yfir því að þeir telji bæði óeðlilegt og óæskilegt að ríkisvaldið skuli með þessum hætti hafa tekið málin í sínar hendur.

Hvað varðar þær áhyggjur sem menn hafa af þverrandi birgðum frysts fisks bæði hér heima og erlendis, þá vil ég vekja athygli á því að málið er nú ekki svo einfalt að þetta verkfall eitt sér ráði úrslitum og ég vil vitna í orð Þórðar Sveinbjörnssonar í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta, en þar segir:

„Þórður Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Öldunnar, sagði að þegar verið væri að tala um fiskskort í vinnslunni og á erlendum mörkuðum virtust menn gleyma því að nánast öll skip sem nú væru að veiðum seldu aflann ferskan erlendis. Þar sem fiskvinnslan ætti í mörgum tilfellum hlut í þessum skipum fyndist sér það skjóta skökku við að kvarta undan fiskleysi en selja fiskinn síðan ferskan erlendis."

Hvað varðar framvindu í þessari deilu er ljóst að ríkisvaldið greip í taumana löngu áður en reyndi til fullnustu á þau tilboð sem málsaðilar höfðu til umfjöllunar. Og það tilboð sem áður var talað um hér sem sjómenn gerðu um skiptahlutfall og tengingu þess við olíuverð var merkur áfangi og reyndar mikil fórn sem ekki fékk verðskuldaða umfjöllun vegna íhlutunar ríkisstjórnarinnar. Samningaumleitanir höfðu aðeins staðið í stuttan tíma og þó nokkur árangur náðst þegar gripið var í taumana. Eins og ég sagði áðan tel ég ekki að ríkisstjórnin eða Alþingi eigi að fjalla um efnisatriði kjaradeilna eða samninga. Við erum ekki samningsaðilar. Það er hins vegar á ábyrgð samningsaðila að útkljá ágreining um efnisatriði. Hitt er víst að með því að grípa inn í atburðarásina á þann hátt sem gert hefur verið, þá firrir ríkisstjórnin útgerðarmenn þeirri skyldu að svara kröfum sjómanna af ábyrgð. Og mig langar enn að vitna, með leyfi forseta, í orð Guðjóns A. Kristjánssonar í Morgunblaðinu í dag þar sem segir:

„Sjómenn eru að verða ansi langþreyttir á lagasetningum Alþingis í kjaradeilum okkar við útgerðarmenn. Þegar við erum farnir að ná þrýstingi á útvegsmenn grípa stjórnvöld til þess að setja á okkur lög og eyðileggja þar með kjarabaráttuna fyrir okkur. Við höfum alltaf komið illa út úr lagasetningum Alþingis og það var augljóst að útvegsmenn treystu betur á ákvörðun Alþingis því þeir vildu ekki ræða við okkur þó við værum stöðugt að nálgast þá. Öllum tillögum var svarað neitandi og hætt að ræða mál sem voru komin á góðan rekspöl. Við teljum að útvegsmenn hafi beinlínis viljað að þetta færi svona," segir Guðjón A. Kristjánsson.

Ég tel ekki rétt að fara ítarlega út í efnisatriði málsins hér en mun eiga kost á því síðar að hlusta á málflutning samningsaðila á fundi sjútvn. Þó hygg ég að ekki muni það breyta í neinu afstöðu okkar í þessu máli og ég endurtek: Við erum mótfallnar þessu máli og leggjum til að það verði fellt.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ævinlega neyðarbrauð þegar ríkisstjórn þarf að grípa inn í samninga um kaup og kjör milli aðila atvinnulífsins. Að sjálfsögðu eiga aðilar sjálfir að semja sín í milli, semja um það

hvernig þeir skipta hlutum og bera síðan ábyrgð á því hvernig til hefur tekist. En sú staða getur alltaf komið upp að svo veigamiklir hagsmunir séu í húfi og svo mikið beri á milli samningsaðila að þjóðin öll beri skaða af nema handhafar ríkisvaldsins höggvi á hnútinn og löggjafanum síðan fengið málið til meðferðar. Þessi staða hefur oft komið upp, því miður vil ég segja, og allir stjórnmálaflokkar sem aðild hafa átt að ríkisstjórn hafa þurft að grípa til slíkra aðgerða.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því hér áðan hvernig gripið hefði verið til aðgerða í þessum efnum og taldi upp hversu oft það hefði verið. En hann gleymdi einu, sá hv. þm., þegar hann sat í ríkisstjórn þá var það hvorki meira né minna en 14 sinnum sem gripið var með falsaðri vísitölu inn í samninga aðila á vinnumarkaðinum. Ég endurtek: 14 sinnum, hann var að tala hér um töluna 7, það er tvisvar sinnum hærri tala en 7.

Það er á hinn bóginn nú sem Alþingi fjallar um slíkt mál og frv. þar að lútandi hér til umræðu. Með því að afar stutt er þangað til þing átti að koma saman eftir jólaleyfi og deilur sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og farmanna og kaupskipaútgerðar hins vegar komnar í hnút þótti ekki annað fært en að kalla þingið saman og leggja fyrir það hugmyndir til lausnar á málinu. Þessar hugmyndir er að finna í því frv. til laga um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum sem hér er til umræðu. Meginþættir þessa frv. eru annars vegar skipun tveggja gerðardóma, sérstakra kjaradóma, er fái það úrlausnarefni að skera úr um þau deiluefni sem borið hafa á milli deiluaðilanna, þ.e. einkum hlutaskiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti, og hins vegar að þeim verkföllum sem staðið hafa yfir frá því um áramót á fiskiskipaflotanum og frá því 6. jan. á kaupskipaflotanum verði aflétt.

Þessi vandamál sem hér er lagt til að leysa með ákveðnum hætti hafa leitt til röskunar atvinnulífsins og truflað flutninga til og frá landinu. Áframhaldandi verkföll mundu leiða til þess að fiskmörkuðum okkar yrði stefnt í voða. Þar með er hætta á því að grafið sé undan því góðæri sem við höfum notið að undanförnu. Birgðir sjávarafurða eru í lágmarki og það mundi valda óbætanlegu tjóni á viðskiptasamböndum okkar erlendis tækist ekki að standa við gerða samninga um afurðasölu. Slíkt yrði ekki á þann vanda bætandi sem t.d. Sölusamtökin hafa átt í á erlendri grundu með því að standa frammi fyrir því að þau hafa ekki haft nægjanlegt hráefni til þess að standa undir þörfum markaðarins. Ef nú hæfist langvarandi verkfall væri því mikil hætta á því, eins og segir í grg. með umræddu frv., að rýrt yrði það traust sem íslenskir útflytjendur hafa byggt upp á undanförnum árum og áratugum. Þetta eru í hnotskurn forsendur fyrir því að ríkisstjórnin hefur afráðið að grípa á vandanum með þeim hætti sem lagt er til í frv.

Það er síðan umhugsunarefni hvernig á því stendur að til slíkra aðgerða verður einatt að grípa þegar sjómenn og útgerðarmenn eiga í hlut á sama tíma og öðrum aðilum hefur reynst kleift að leysa deilumál án milligöngu ríkisvalds og má þá nefna nú síðast Verkamannafélagið Dagsbrún — og ég vil nota þetta tækifæri til þess að óska formanni þess, hv. 7. þm. Reykv. Guðmundi J. Guðmundssyni, til hamingju með það.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að friðsamleg lausn og samkomulag á hinum almenna vinnumarkaði hefur verið launþegum til hagsbóta fremur en átök og harðar aðgerðir sem síðan hefur orðið að leysa með afskiptum opinbera valdsins þegar allt hefur verið að sigla í strand. En þetta er spurningin sem snertir framtíðarskipti þessara aðila að þeirri deilu lokinni sem við nú þurfum með einhverjum hætti að leysa.

Á þessari stundu brennur það á okkur öllum að forða efnahagslífinu og undirstöðu allra annarra samninga á vinnumarkaðnum frá stórtjóni. Deiluaðilar hafa komið til viðræðna við ríkisstjórnina hvað eftir annað til umfjöllunar um lausn þessarar deilu, síðast í morgun þar sem enn var leitað eftir samkomulagsgrundvelli. Það er enginn misskilningur, eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, að þeir sem gerst þekkja til þessarar deilu telja að lausn hennar hafi ekki verið í sjónmáli.

En nú er málið til umræðu hér á Alþingi. Sjávarútvegsnefndir Alþingis fá þetta mál til meðferðar. Þar fá nefndarmenn tækifæri til þess að staðreyna stöðu mála með viðræðum við deiluaðila. Við skulum vona að nefndarmenn fái þær upplýsingar og þær fréttir inn á sína fundi að samningar hafi tekist og vandamálið sé þar með úr sögunni.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði það réttilega að það væri neyðarbrauð að þurfa að grípa inn í vinnudeilur og þekkir hann þetta af góðri raun eins og við mörg sem höfum setið á Alþingi í langan tíma. En að þessu sinni finnst mér nokkur flumbrugangur á ferðinni í sambandi við þetta frv. sem hér er flutt og við erum nú að ræða. Við fáum að sjá það fyrst hér í dag og fáum fyrst að vita um að þetta er á ferðinni frá okkar eigin samflokksmönnum, ráðherrunum, ja, ég síðast í gær, en það kom mér hins vegar ekkert á óvart vegna þess að samninganefndarmenn, bæði fyrir hönd farmanna og fiskimanna voru búnir að segja mér að það hafi legið í loftinu dögum saman í Karphúsinu að á ferðinni væri frv. sem mundi stöðva verkföll, bæði fiskimanna og farmanna. Það er eiginlega furðulegt hvað útgerðarmenn og fiskvinnslan í þessu landi virðast alltaf eiga greiða leið til þess að ná fram slíkum boðum og bönnum eins og fylgir þessu frv.

Það er auðvitað flumbrugangur að taka málið úr höndum sáttasemjara án þess að það skuli borin fram sáttatillaga. Ef sáttasemjari gefst upp á að leita og ná sáttum á milli manna þá hefði a.m.k. mátt reyna að setja sérstaka sáttanefnd í málið eins og ég

mun svo sannarlega beita mér fyrir í sjútvn. þegar málið kemur þangað, en ég á þar sæti, því ég tel að það sé ekkert einsýnt að ekki sé hægt að ná samkomulagi enn þá, t.d. í fiskimannasamningunum.

Það er auðvitað alveg út í hött eins og hér hefur verið bent á að það séu markaðir erlendis sem séu í hættu og til umhugsunar þau orð hæstv. forsrh. er hann vitnar í magntölur um áramót en gat þess ekki að það munu hafa verið núna á fyrstu dögum ársins og er kannske enn verið að losa tvö frystiskip vestur í Bandaríkjunum sem munu hafa sleikt upp nær allan þann freðfisk sem í landinu er til. Það er eins og hér kom réttilega fram áðan, það er ekki til fiskur fyrir þennan markað. Það er búið að fara á aðra markaði með þann fisk sem annars hefði farið vestur. Og ég efast um að nokkuð af þeim skipum sem nú eru á veiðum landi hér heima til vinnslu, ég geri ráð fyrir að þau sigli öll með sinn afla á Vestur-Evrópu.

Ég vík þessu því alveg til hliðar og ég ætla ekki að ræða efnislega hér um fiskimannasamningana eða stöðu þeirra þegar málið var tekið úr höndum samninganefndarmanna en ég get ekki varist því að minnast svolítið á þá staðreynd að farmenn, meðlimir í félagi mínu, félagi sem ég er búinn að vera meðlimur í yfir 40 ár og þar af hef ég gegnt trúnaðarstörfum í um 30 ár og hef verið ritari stjórnar í um aldarfjórðung og ég mun að sjálfsögðu ekki, það er gott fyrir hæstv. ríkisstjórn að vita það strax, að ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt þótt ekki væri nema út af því að ég ætla ekki að koma í bakið á félögum mínum í sambandi við þetta mál. Farmenn eru nefnilega að koma út úr bráðabirgðalögum, þeir eru að koma út úr bráðabirgðalögum og eru að reyna að ná samningum þegar þeim er hótað með þessu frv. lögum að nýju. Ég minnist þess, eins og hv. 3. þm. Reykv. benti réttilega á, að 1979 voru sett bráðabirgðalög um gerðardóm á farmenn. Ég kynntist því máli mæta vel vegna þess að ég flutti málið fyrir gerðardómi fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur. Þá áttu sæti í ríkisstjórn Alþb., Alþfl. og að sjálfsögðu Framsfl. Þá var kveðinn upp dómur af þessum gerðardómi og fylgdu nokkur skilyrði en þáv. ríkisstjórn eða þeir sem að henni stóðu sáu enga ástæðu til þess að fylgja þessum skilyrðum eftir og var þetta ein af langri runu svika sem hafa verið reidd að farmönnum.

Ég geri ráð fyrir því að fleiri þm. í liði stjórnarflokkanna séu sömu skoðunar og ég en það hefur ekki gefist neitt tækifæri til þess að bera saman bækur sínar, menn eru kallaðir til þings í dag og þeim er kynnt þetta frv. um leið og þeir ganga í salinn.

Ég skal því ekki hafa mörg orð um þetta við 1. umr. málsins. Eins og ég sagði þá á ég þess kost að ræða málið ítarlega við aðila í sjútvn. deildarinnar og væntanlega verður af því að nefndir beggja deilda vinni saman að lausn þessa máls. En vegna þeirra orða sem féllu hér fyrr í dag hjá einum ræðumanni vil ég aðeins undirstrika að það er út í hött að vera að bera tekjur sjómanna saman við aðra þegna þessa lands, einfaldlega vegna þess að þeirra vinnutímafórn, fjarvera, aðstaða við vinnu og hætta í starfi er allt önnur en allra annarra stétta í þjóðfélaginu, þannig að það er alveg út í hött að bera þetta saman. Ég bendi á það að með auknum tekjum á síðustu misserum hjá fiskimönnum fylgir að sjálfsögðu aukin vinna. Það hefur líka flutt miklar auknar tekjur ekki aðeins til útgerðarmanna heldur til þjóðarbúsins í heild.

Ég sem sagt lýsi því yfir, herra forseti, að ég mun ekki styðja þetta frv., ég mun hins vegar vinna í nefnd að því að reyna í fyrsta lagi að betrumbæta. Ég bendi m.a. á að það liggja hér á borðum þingmannatillögur frá öryggismálanefnd þingsins sem eru undirskrifaðar af níu þm., þar á meðal fimm þm. stjórnarliðsins, en þær tillögur fjalla sérstaklega um farmenn, þ.e. annars vegar um vinnurannsóknir á kaupskipum og hins vegar ákvæði um lágmarkshvíld og svo um viðurkenningu á alþjóðasamþykkt sem fjallar um menntun, þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna. Þessar þrjár tillögur fjalla beint um aðstöðu farmanna og reyndar fleiri sjómanna og ég held að það væri ráð fyrir sjútvn. þingsins, þegar málið verður tekið til meðferðar þar, að hafa þetta skjal í huga sem undirritað er af níu alþm., þar af fimm úr stuðningsliði stjórnarliðsins.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Í jafnmikilvægu máli og hér er til umræðu og undir þeim kringumstæðum sem þetta mál er fram borið væri ástæða til þess að hafa langt mál hér um. Ég skal eigi að síður ekki gera slíkt á þessu stigi máls. Hér hafa verið rakin atriði sem nauðsynlega þurftu fram að koma en mig langar eigi að síður til þess að segja örfá orð um málið nú við 1. umr.

Ég held að hv. alþm. hljóti að verða hugsað til þess hvað er að gerast í okkar landi, hvað hefur verið að gerast á undanförnum fjórum árum og raunar áður að því er varðar lagasetningu í kjaradeilum og bann við verkföllum. Eins og hér hefur komið fram áður hefur núverandi hæstv. ríkisstjórn líklega gengið lengst í þessum efnum. Aðrar ríkisstjórnir sem hér hafa setið eru að vísu ekkert undanþegnar, þær eru ekkert undanþegnar í þessum efnum, en ekki eins slæmar. Það var vikið að því hér áðan að núverandi hæstv. ríkisstjórn er sjö sinnum búin að hafa afskipti af kjaradeilum á sínum valdaferli.

Ég skal taka það fram strax fyrir mig, án þess að ég ætli að gera það neitt að sérstöku umræðuefni hér, að það er ýmislegt sem ég hef athugasemdir við að því er varðar þá deilu sem hér er um að ræða, bæði að því er varðar tímasetningu, að því er varðar ýmis tilvik í deilunni sjálfri, en ég skal ekki gera það að umræðuefni hér, enda engin ástæða til því að miklu alvarlegri hlutir hafa nú gerst með framlagningu þess frv. sem hér er nú til umræðu. Á það hefur

verið minnst áður, ég hygg að menn muni það, að kostnaðarhlutdeildinni var breytt með lögum frá Alþingi, til útgerðarinnar frá sjómönnum. Þetta var að vísu með, ja kannske þegjandi samkomulagi sjómanna á þeim tíma vegna slæmrar stöðu útgerðar og auðvitað höfðu menn ætlast til þess núna að þessu dæmi væri snúið við og að ríkisstjórnin væri í hasti að boða til þings í ljósi þess að snúa dæminu við með lagafrv., færa sjómönnum aftur það sem af þeim var tekið á sínum tíma með lögum frá Alþingi. Þetta hlýtur að vera ofarlega í hugum sjómanna þegar tillit er til þess tekið hvað útgerðin er betur stödd núna en verið hefur um langt árabil.

Menn hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar: Er þetta eðlilegur gangur mála? Á alltaf að fara þá braut að ef atvinnufyrirtækjum gengur illa þá eigi að ganga á annaðhvort sjómenn eða aðra launþega í landinu, hafa af þeim fé úr launaumslögunum, en ef viðkomandi atvinnugreinar ganga vel þá eigi ekkert að gera, þá megi engu breyta? Auðvitað hljóta allir hugsandi menn að spyrja sig slíkra spurninga þegar málum er nú svo komið að vinnudeilan er nánast hrifsuð úr höndum ríkissáttasemjara til þess að geta komið fram lagaboði hér á Alþingi með að banna verkföll. Ég hygg að engin dæmi muni finnast þess að vinnubrögð af því tagi sem hér er nú verið að ræða hafi áður gerst. Í mínum huga er þetta ekki bara slæmt fyrir þessa deilu, þetta er líka slæmt fyrir áframhaldið í samskiptum annars vegar þeirra sem selja sína vinnu og hins vegar þeirra sem kaupa hana, sem aðilar tala nú alltaf um sem aðila vinnumarkaðarins.

Það hvarflaði ekki annað að mér þegar ég heyrði fréttir í gær um að kveðja ætti Alþingi saman til fundar viku fyrr en gert hafði verið ráð fyrir að nú væri hæstv. ríkisstjórn að breyta til, færa í hendur sjómanna aftur það sem af þeim var tekið á sínum tíma með löggjöf. En það er nú ekki aldeilis. Það er nú ekki aldeilis að um slíkt sé að ræða nú. (**SvG:** Hvernig datt þér þetta í hug?) Já, hv. þm. Svavar Gestsson, mönnum dettur ýmislegt í hug. Og enginn er svo slæmur, hv. þm., að það sé ekki von um að hann geti batnað, enginn er svo slæmur. Og hvað sem segja má um hæstv. ríkisstjórnarráðherra vil ég vona a.m.k. að mönnum hafi ekki yfirsést í þessu tilviki algjörlega og séu til þess tilleiðanlegir að breyta hér um vinnubrögð.

Það er kannske tvennt í þessu máli sem mér finnst að menn þurfi virkilega að gefa gaum að. Það hefur verið svo um langt árabil að löggjafinn hefur yfirleitt gripið inn í eftir mismunandi langan tíma frá því að verkfallsátök hefjast. Það má því segja að hin síðari ár hafi menn verið uppaldir við það að það væri alltaf þriðji aðili sem kæmi til og hjyggi á hnútinn. Og ég tek undir með hv. þm. Svavari Geststsyni að þetta hefur í för með sér afar slæm uppeldisáhrif að því er varðar samskipti verkalýðshreyfingar, hvort sem um er að ræða sjómannasamtökin eða aðra, og hins vegar vinnuveitenda að geta í öllum tilvikum nánast gert ráð fyrir því að Alþingi grípi inn í og leysi mál. Hvort sem um er að ræða forustumenn innan vébanda þessara samtaka eða hinn almenna mann í þeim, þá á að ala fólk upp við það að það verði sjálft að axla byrðar af því sem það er að gera, taka ábyrgð, en ekki alltaf að geta gengið fram í þeirri von að aðrir leysi hnútana. Ég er sannfærður um það, tel mig nánast hafa vissu fyrir því, að sjómannasamtökin óska ekki eftir löggjöf. Sú ósk eða sú von hlýtur að hafa komið annars staðar frá á þessu stigi og í þessari deilu. Hvaðan skyldi slíkt hafa komið? (**Gripið fram í:** Frá Kristjáni Ragnarssyni.) Já, ekki þurfti ég að nefna það. Mönnum er þetta auðheyrilega ljóst fleirum en þeim sem hér stendur í ræðustól. Það er þetta sem er afskaplega slæmt að mínu viti, að menn geti alltaf gert ráð fyrir því að löggjafinn sé reiðubúinn til þess að leysa menn frá ábyrgð, ábyrgð sem þeir eiga sjálfir að bera.

Svona einfalt er nú málið eins og það snýr að mér og ég ætla ekki að fara að lengja mál mitt með talnaflóði sem hægt væri að gera hér að umræðuefni. Meginmálið í þessari deilu eins og svo mörgum deilum áður er það að hér eru menn að virða að vettugi að vinnuseljendur og vinnukaupendur geri frjálsa samninga sem frjálsir menn við samningsborðið. (**Gripið fram í:** Rétt.) Þetta er meginatriðið, burtséð frá öllum prósentum í kaupi eða öðru sem menn geta endalaust deilt um hver eigi að vera. Þetta er meginatriðið í því sem verður að breyta. Ef menn vilja endilega haga málum með þessum hætti væri nær fyrir þá sem ætla að styðja þetta frv. hér að leggja til að vinnulöggjafarfrumvarpið, vinnulögin væru afnumin. Það væri miklu nær fyrir þá sem stunda þá iðju nánast á þriggja eða fjögurra mánaða fresti hér í landi að banna verkföll með lögum þrátt fyrir þau lagaákvæði um stéttarfélög og vinnudeilur sem heimila þessum aðilum að knýja á um bætt kjör með verkfallsaðgerðum. Þetta er í mínum huga meginmálið sem hlýtur að snúa að öllum sem á annað borð hugsa um þessi mál í alvöru.

Menn hafa dregið hér inn í, kannske undir sumum tilfellum eðlilega, áhyggjur vegna markaðanna í Bandaríkjunum. Í mínum huga er nú svo komið að spurningin er e.t.v. frekar hvort Bandaríkjamarkaðurinn er þjóðinni sem heild til góðs eða hvort það er sölusamtökunum til góðs, hvort ekki þurfi að söðla um og afla markaða annars staðar en þar sem menn hafa hingað til talið að væri mesti gæðaflokkurinn í. En þetta skiptir ekki meginmáli. Meginmálið er viðhorf okkar sjálfra, lífsviðhorf til þess að fá að semja frjálsir við samningaborðið við viðsemjendur okkar, hverjir sem þeir eru á hvaða tíma.

Ég heyrði að hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að það væri einkennilegt að alltaf yrði að grípa til löggjafarákvarðana í viðskiptum sjómanna og útgerðarmanna, það yrði að gera það. Hver telur þetta mál í þeirri stöðu nú að það hafi verið ástæða fyrir löggjafann eða ríkisstjórnina að grípa inn í? Hér er nánast um að ræða hnýsni af hæstv. ríkisstjórn að vilja endilega láta halda þannig á málum að löggjafinn ætti að koma til. Hér hefur það verið rifjað upp

að það liðu þrír klukkutímar frá því að síðasta tilboð kom fram í þessum samningaumræðum þangað til ríkisstjórnin sagði: löggjöf, löggjöf, sagði það opinberlega en var búin að láta í það skína áður. Þetta eru engir mannasiðir að haga sér með þessum hætti. Þetta er brot á eðlilegum samskiptum manna í kjaradeilu. Menn geta deilt um kröfur í þessa eða hina áttina, hvaða aðili sem þar á hlut að máli, en þetta er brot á eðlilegum samskiptum manna í millum að því er varðar samskiptin um afraksturinn, þeirra sem eru að selja sína vinnu og hinna sem eru að kaupa hana.

Hæstv. forsrh. var hér að læða því inn, ja ég segi að læða, kannske er það rétt, að hæstv. ríkisstjórn hefði fallist á tillögu hæstv. samgrh. um það að taka nú farmennina með fyrst verið væri að þessu, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, að hengja þá í leiðinni, held ég að hv. þm. hafi orðað það, á þennan bás. Sem sagt, hv. þm. Sjálfstfl., þetta er að því er hæstv. forsrh. segir gert að tillögu sjálfstæðisþingmannsins, sjálfstæðisráðherrans, hæstv. samgrh. Þetta eru skeyti frá Framsfl. til þm. Sjálfstfl. í þessum efnum. En hver skyldi hafa komið með tillöguna að því er varðar fiskimennina, að það mál færi í gerðardóm? (**Gripið fram í:** Kristján Ragnarsson.) Ekki er nú svo langt gengið að sá maður sé kominn í hæstv. ríkisstjórn en trúlega á hann talsmenn þar. Ætli frv. sem við hér um ræðum, án þess að hæstv. forsrh. léti þess neitt getið, ætli það sé ekki frá hæstv. sjútvrh.? Ætli upptökin eigi sér ekki stað þar þó menn tali ekkert um það upphátt? Slíkt skyldi nú ekki vera? Slíkt skyldi nú ekki vera að fiskimenn og farmenn væru í þessu frv. leiddir saman af hæstv. samgrh. og hæstv. sjútvrh.?

Herra forseti. Ég held að ég hafi komið meginefni þess sem ég vildi segja á framfæri í þessari umræðu og það er í mínum huga svo alvarlegt að ég skora á hv. þm., burtséð frá pólitískum flokkadráttum eða pólitískum viðhorfum til stjórnmálaflokka, ég skora á hv. þm. að skoða þetta mál í ljósi þess sem hefur verið að gerast. (**GHelg:** Þeir þurfa þess ekki.) Ég efa það ekki að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur meðtekið þetta, hafi það ekki verið fyrir. (**GHelg:** Svo sannarlega.)

Mér var afhent hér frammi áðan ályktun frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem ég tel ástæðu til að koma hér inn í umræðuna því að ég a.m.k. lít svo á að ekki sé farið fram á stóra hluti í þessari ályktun. Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lesa þessa ályktun. Þetta er til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingishúsinu við Austurvöll, Reykjavík.

„Almennur fundur yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, haldinn í Borgartúni 18, Reykjavík, 13. jan. 1987, mótmælir fyrirhugaðri lagasetningu Alþingis um kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Jafnframt skorar fundurinn á Alþingi að skipa nú þegar þrjá alþm. í sáttanefnd til aðstoðar við lausn deilunnar. Deiluaðilum og sáttanefnd verði gefinn frestur út vikuna til þess að ljúka málinu með sátt."

Er til of mikils mælst að hæstv. ríkisstjórn brjóti nú odd af sínu oflæti að því er varðar samskipti við launþega í þessu landi með því að fara að þeim tilmælum sem hér eru fram borin? Eða er hæstv. ríkisstjórn svo mikið í mun að koma fram þessu frv. í takt við aðra löggjöf sem hún hefur beitt sér fyrir hér á Alþingi til þess nánast að klekkja á launafólki? Er mönnum virkilega svo mikið í mun að knýja þetta í gegnum þingið með offorsi? Og þegar ég tala um offors þá á ég við það að menn séu að gera þetta á einum eða tveimur sólarhringum hér með næturfundum og öðru. Er þetta þess virði að ganga svona gegn eðlilegum og réttsýnum sjónarmiðum launafólks í þessu landi?

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og ég skora á sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis að taka þetta upp í sína tillögu til þingsins. Það er ekki farið fram á annað en að gefinn verði frestur í eina viku til þess að menn fái tækifæri til að ná þessum endum saman sem ég er handviss um að er ekkert víðs fjarri að er hægt að ná saman ef eðlilegur tími gefst til. Vilja menn endilega standa í þessu? Hæstv. ríkisstjórn virðist vilja það. En er ekki ástæða til þess að ætla að öðrum hv. alþm. takist að koma viti fyrir hæstv. ráðherra í þessu efni?

Guðmundur Einarsson:

Virðulegi forseti. Það kom einhvers staðar fram í blöðum í dag að hæstv. forsrh. var að því spurður hvers vegna Alþingi hafi verið kallað saman nú til að ræða þetta mál. Hann svaraði því til að honum hefði þótt það að ýmsu leyti lýðræðislegra og þá ber oss líklega að þakka að fá að vera viðstaddir.

Það hafa nokkur atriði komið hér fram sem ég vildi gera að umræðuefni. Í fyrsta lagi um ábyrgð. Það er ljóst og það hafa ýmsir lýst því hérna með góðum rökum að líklega hefur engin ríkisstjórn unnið markvissara að því en þessi að gera allt sem heita frjálsir samningar algerlega marklaust. Það fara varla í gang þeir kjarasamningar nú orðið síðustu misseri að menn hafi það ekki nokkurn veginn á hreinu að annaðhvort verði þeim bjargað út úr klípum sem þeir kunna að koma sér í vegna þess hvernig kröfur eru settar fram eða vegna þess hvernig við kröfum er brugðist eða þeir verða stöðvaðir ef samningamálin þykja á einhvern hátt komin á það spor að það sé stjórnvöldum og þá ríkisstjórn vanþóknanlegt.

Við höfum séð um þetta ýmis dæmi og það er alveg ljóst hvernig þetta gerðist núna. Samningar höfðu ekki staðið nema í örfáa dagparta þegar því var lymskulega komið af stað að auðvitað yrði séð um að þetta færi ekkert úr böndum. Og hvernig gerðist það? Það kom fyrst með frétt frá sjútvrn. um að einhver hjá Long John Silver hefði að því er mig minnir hringt og sagt frá því að þeir hefðu þungar áhyggjur af þessu.

Hvað gerist síðan? Síðan sjáum við að það eru að því er virðist málefnalegar umræður um það í leiðurum Morgunblaðsins að auðvitað séu þarna

stórir hagsmunir í veði. Auðvitað eru stórir hagsmunir í veði. Það eru alltaf stórir hagsmunir í veði þegar verkföll eru eða eru yfirvofandi. Síðan verður alveg augljóst að þetta stóð alltaf til vegna þess að jafnvel þótt samningar hafi verið vel á veg komnir — og menn eru með tvo stóra bunka á borðum sínum, annar er bunkinn sem búið er að semja um, hinn er bunkinn með þeim málum sem voru til umræðu, — þá er gripið inn í.

Það er rangt, sem kemur fram í þessu þskj., að deiluaðilar hafi verið sammála um að ekki þyddi lengur að reyna að semja. Þetta er sett inn í þskj. sem nú hefur verið dreift. Hins vegar hefur það komið fram í okkar viðtölum við málsaðila að þeir telja þetta rangt. Fulltrúar Sjómannasambandsins telja a.m.k. að það sé rangt að ekki hafi verið hægt að leita samninga lengur, það sé rangt að málið hafi verið komið í hnút og telja auðsýnt að málið hafi verið í miðju kafi. Það voru kannske að fæðast samningar að þeirra mati. En auðvitað hafði þetta legið í loftinu dögum saman, sbr. það sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði áðan, og auðvitað var þetta flumbrugangur, ekki kannske flumbrugangur klaufans heldur flumbrugangur þess sem líður fólki það ekki að gera frjála samninga vegna þess að þeir gætu samið sig út fyrir einhvern rammann.

Auðvitað er það orðið svo að samningaumleitanir í þessu landi um kaup og kjör eru í langflestum tilfellum orðin markleysa. Eins og ég segi: Annaðhvort geta menn átt það víst að ef þeir koma sér í einhverja klípu með óbilgjörnum kröfum eða óbilgjarnri framkomu við samningaborðið verður þeim bjargað úr samningasnörunni eða að ef þeir eru komnir vel á veg með að gera samninga sem ríkisstjórnin teldi að gæti verið slæmt fordæmi, það gæti nefnilega verið slæmt fordæmi ef það kæmi í ljós að einhver í þessu landi gæti lifað, þá getur hún stöðvað samninga með lagainngripi. Þannig er samningsformið að þessu leyti orðið óvirkt. Auðvitað er verið að gera grín að þessu samningafyrirkomulagi. Auðvitað er verið að gera grín að verkfallsrétti. Og það er verið að gera grín að áratugabaráttu verkafólks fyrir að ná þessu vopni sem nú er álitið svo beitt að því er ekki treystandi fyrir að beita því.

Ég vildi síðan gera örlítið að umtalsefni þær röksemdir sem ég hef á minni stuttu þingsetu heyrt þegar menn eru að réttlæta þessar lagasetningar. Þar er hentistefna ráðandi. Fyrsta röksemdin er þjóðhagslegt mikilvægi. Auðvitað getur ríkisstjórn alltaf beitt þessari röksemd um þjóðhagslegt mikilvægi. Auðvitað er það alltaf þjóðhagslega mikilvægt og getur orðið þjóðhagslega sársaukafullt ef verkafólk beitir þessu vopni. En það er þess vegna sem verkafólk á það, til þess að geta sótt þennan rétt sinn. Lagin ríkisstjórn í röksemdafærslu, eins og þessi, getur alltaf beitt þessu um þjóðhagslega mikilvægið. Það komu nýlega fram upplýsingar um að myndbandaleigur í þessu landi velta líklega 700–1000 millj. kr. á ári. Ef afgreiðslufólk á myndbandaleigum ætlaði sér að gera verkfall yrði það stoppað með lögum. Auðvitað er þjóðhagslega mikilvægt að það velti 700–1000 millj. Þannig er hægt að beita rökum um þjóðhagslegt mikilvægi undir hvaða einustu kringumstæðum sem er, enda er augljóst að þeim er alltaf beitt. Við munum eftir flugfreyjuverkfallinu. Það var ekki lítið sem gekk á þá að koma lögum yfir flugfreyjur vegna þess að það var svo þjóðhagslega mikilvægt að fyrirtækið Flugleiðir gæti haldið áfram flugi sínu sem mér skilst nú vera tap á. Ég held að það hefði kannske verið miklu mikilvægara þjóðhagslega að fyrirtækið hætti rekstri á þeim tíma. En þjóðhagslegt mikilvægi eru röksemdir sem eru notaðar gegn verkföllum og notaðar til að stöðva þau.

Í öðru lagi er þetta nýjasta: markaðssjónarmið. Ég hef reyndar heyrt það áður vegna þess að þegar lög gegn verkföllum í samgöngugeiranum svokallaða hafa verið uppi hafa menn gjarnan beitt fyrir sig markaðssjónarmiðum. Fyrirtæki eins og Flugleiðir, sem eru í ferðamannabransanum, eru auðvitað að afla sér markaða, það er partur af því að vera fyrirtæki að afla sér markaða, og þá má ekki eyðileggja markaðina. Nú er þetta eitt meginsjónarmiðið, þetta er ein meginröksemdin fyrir því að banna þetta verkfall núna. Það eru markaðir fyrir frystan fisk. Þarna erum við komnir með þjóðhagslegt mikilvægi, við erum komnir með markaðssjónarmið. Síðan eru alkunn öryggissjónarmiðin sem sett eru upp þegar t.d. samgöngustéttir eins og flugfólk eða farmenn hafa vogað sér að fara í verkfall. Þá eru rökin sem eru notuð þau að það sé öryggi þjóðarinnar hættulegt að verkfallsvopninu sé beitt.

Þá hafa í þessari deilu heyrst fjórðu rökin og þau eru þau að hagsmunir þeirra sjómanna sem núna séu í verkfalli séu svo ólíkir. T.d. eru þá loðnusjómenn teknir sem dæmi og þar með segja menn: Hagsmunir þeirra sem eru í verkfalli eru svo ólíkir að það er ekki hægt að líða þeim að vera í verkfalli. Menn hafa líka sagt að áhrif þessa verkfalls komi svo ólíkt niður á mismunandi landshluta að þess vegna megi ekki líða þeim að vera í verkfalli. Þannig er reynt að etja mönnum saman innan stéttarinnar og það er líka reynt að etja mismunandi landshlutum saman gegn verkfallinu. Þannig verður það að þjóðhagslega mikilvægið og það að verkfallsvopni er beitt, að verkfallsvopnið bítur, er notað sem rök gegn því að beita því. Verkalýðshreyfingin fékk verkfallsvopn í hendurnar vegna þess að það bítur, vegna þess að það getur ógnað þjóðhagslegu mikilvægi, vegna þess að það getur ógnað mörkuðum, vegna þess að það getur ógnað öryggi, vegna þess að það getur gert ýmislegt. Það hefur alltaf verið ljóst. Þess vegna börðust menn í áratugi fyrir að fá þetta vopn. En núna koma menn hérna og segja: Það er ekki hægt að leyfa mönnum að hafa þetta vopn. Þetta er svo hættulegt. Þetta getur skaðað markaði. Þetta getur

gert hitt og þetta. Auðvitað er það ljóst, en þá eiga menn bara að semja.

Mér sýnist, herra forseti, að það sé komið að því að stjórnmálamenn, sérstaklega þeir sem eru í forsvari fyrir Sjálfstfl. og Framsfl., verði núna eftir stjórnarsetu sína að svara ákveðinni brennandi spurningu. Hún er þessi: Vilja þeir skilgreina verkföll eða verkalýðsbaráttu upp á nýtt? Eru þeir m.ö.o. að segja að það séu einhverjar þær kringumstæður núna í okkar samfélagi sem leyfi ekki að mönnum líðist að eiga svona beitt vopn? Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn svari þessum spurningum. Menn eiga að spyrja hvort þessi síendurtekna lagasetning sé vísbending um að menn vilji leita einhverra annarra aðferða í verkalýðsbaráttu til að gera út um kaup og kjör. Eru menn að undirbúa okkur undir að verkfallsréttur verði afnuminn og settur verði upp allsherjar lagadómstóll eða hvað meina menn? Vilja menn þá t.d. hreinlega taka sjómenn og farmenn út úr lögunum eða taka af þeim hinn venjulega verkfallsrétt og láta þá hafa takmarkaðan verkfallsrétt eins og hjúkrunarfólki og læknum er fenginn vegna þess að það geti orðið svo þjóðhagslega hættulegt ef þeir fara í verkfall? Heilbrigðisstéttir hafa takmarkaðan verkfallsrétt vegna þess að menn gera sér grein fyrir að það geti orðið hættulegt fyrir sjúklinga ef þær fara í verkfall. Nú virðist mér að það sé eiginlega komin upp sama staða. Ríkisstjórnin sé að biðja um að það sé skilgreindur upp á nýtt verkfallsréttur fyrir sjómenn og farmenn vegna þess að það sé þjóðhagslega hættulegt að þeir fari í verkfall. Mér sýnist að þessi röð síendurtekinna inngripa þessarar ríkisstjórnar í vinnudeilur krefji forsvarsmenn hennar til svars um það: Eru þeir að tala um að það þurfi að breyta lögunum um verkföll og vinnudeilur? Líða þeir ekki stéttum þessa lands að eiga þetta vopn?

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að gera grein fyrir þingmáli. Það er á þskj. 503 og er 275. mál Alþingis. Það heitir „Tillaga til rökstuddrar dagskrár í málinu: Frv. til l. um stöðvun verkfalls á fiskiskipum og verkfalls félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur á farskipum.“ Það er frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Guðmundi Einarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og Kjartani Jóhannssyni, þm. Alþfl. í Nd. Málið hljóðar svo, herra forseti:

„Þar sem samningaumleitanir í þessum kjaradeilum hafa aðeins staðið yfir í 3–5 daga, þar sem samkomulag hafði tekist eða var að takast um mörg deiluatriðanna, þar sem deiluaðilar eru ekki sammála um að fullreynt hafi verið í samningaumleitunum, þar sem forsrh. hefur viðurkennt í framsöguræðu sinni að tilraunir til samkomulags hafi verið minni en æskilegt hefði verið og þar sem takmarkaðar birgðir sjávarafurða eru löngu þekkt staðreynd og ekki sök eða á ábyrgð deiluaðila telur Alþingi að forsendur frv. og rökstuðningur fyrir því standist ekki, vísar því málinu frá (til samningsaðila og sáttasemjara) og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Seinasti ræðumaður, hv. 5. þm. Austurl. — eða er það misskilningur, hv. 4. landsk. þm., hann er ekki orðinn hv. 5. þm. Austurl. enn, gerði því skóna að ef starfsfólk á myndbandaleigunum, sem er auðvitað þjóðhagslega mjög hagkvæmur atvinnuvegur, færi í „stræk“ mundi ríkisstjórnin beita ofurvaldi lagasetningar á það fólk. Ég hef efasemdir um að þetta sé rétt mat. Það gæti nefnilega hugsast að hv. stjórnarliðar, þótt hugprúðir virðist vera, legðu ekki í að skapa það ástand sem yrði á Íslandi ef Dallas og Dynasty yrði nú loksins tekið út af markaðnum í löngu verkfalli. Það gæti legið við þjóðaruppreisn. Ég er ekki viss um að þeir séu svo kjarkaðir, en þeir telja samt sem áður, ganga upp í þeirri dul að því er virðist, að þeir hafi kjark og burði til að fara í sjómann við sjómannastéttina.

Þeir tala um þjóðhollustu og þjóðarhag og að sjálfsögðu gerum við ráð fyrir því að sjómenn mundu hlíta þessari lagasvipu. En hafa þeir hugsað næsta leik? Hafa þeir hugsað hvað síðan mundi gerast út frá þjóðarhag ef sjómenn ekki yndu þeim kjörum sem þeim væru þannig skömmtuð úr hnefa og afmunstruðu sig flestir hverjir af flotanum? Hvað yrði þá um birgðahaldið? Hvað yrði þá um þjóðarhaginn? Hvað yrði þá um góðærið sem þeir hafa skapað?

Þessi kjaradeila er út af fyrir sig ákaflega einföld. Það er ekki langt síðan, árið 1982, þegar olíukostnaðurinn vegna þreföldunar olíuverðs á alþjóðamörkuðum var að sliga útgerðina og þjóðarhag og bættist ofan á 11% taprekstur útgerðarinnar. Hvernig brugðust sjómenn við þá? Er ekki verið að saka þá um skort á þjóðhollustu? Minnast menn þess ekki enn að þeir gáfu eftir sinn hlut og endaði með því að hann var tekinn utan skipta? Hverjir voru það þá sem reiddu fram fé til að halda þjóðarskútunni á floti? Voru það ekki þeir menn sem nú eru sakaðir um skort á þjóðhollustu? Núna, þegar þjóðin í heild og útgerðin sérstaklega hefur notið verðhruns á olíu og hagur útgerðarinnar hefur af þeim sökum m.a. batnað mjög verulega og meðaltalsreikningar Þjóðhagsstofnunar sýna 9% hag, gerast sjómenn svo djarfir að minna menn á hvað þeir gerðu á sínum tíma og fara þess á leit í kjarasamningum að þeir fái í sinn hlut til baka eitthvað af því sem þeir á sínum tíma gáfu eftir og fara þó ekki fram á að fá það allt.

Hver er niðurstaðan síðan af rökstuðningi og forsendum þessa máls? Till. okkar um að vísa málinu frá er eins og samantekt á niðurstöðum þessarar umræðu. Hæstv. forsrh. viðurkenndi í framsöguræðu sinni og kvartaði undan því að tilraunir til samkomulags hefðu verið minni en æskilegt hefði mátt teljast. Það er m.a. með vísan til þess rökstuðnings forsrh. sjálfs sem við leggjum til að það verði tekið mark á þessum umkvörtunum hæstv. forsrh. og málinu vísað aftur þangað sem það á að vera, til samningsaðila og sáttasemjara.

Það er talað um að þessar samningaumleitanir

hafi staðið yfir of lengi. Það hefur verið sýnt fram á að þær eru rétt á byrjunarstigi. Þær hafa staðið yfir fáeina daga, 3–5 daga. Það er vísað til þess venjulega að deiluaðilar hafi gefist upp og séu sammála um að málið sé komið í þrot. Það er hreinlega ekki rétt. Það hafði tekist samkomulag og var að takast samkomulag um býsna mörg af þeim deiluatriðum sem á listanum voru. Eftir stóðu tvö veigamikil deilumál. Það sem í milli ber í verðmætum talið eru ekki stærstu upphæðir sem hér hafa verið nefndar í hv. þingsölum. Deiluaðilar eru m.ö.o. ekki sammála um að fullreynt hafi verið í samningaumleitunum.

Og svo lokaröksemdafærslurnar um þjóðarhag. Það er vísað til þess að birgðahald sé skuggalega lítið og það kom ágætlega fram og var rækilega rökstutt í máli hv. 3. þm. Reykv. þegar hann spurði: Eru þetta einhver ný tíðindi? Vissu menn þetta ekki fyrir? Hvað hafa menn vitað þetta lengi? Hvar er þessi fiskur sem á að vera í birgðahaldi SH og Sambandsins á Ameríkumarkað? Er hann ekki í gámum m.a.? Hefur það ekki verið kunnugt mjög lengi? Er það kannske sök sjómanna? Bera þeir ábyrgð á birgðahaldi útflutningshringanna? Á að gera þá ábyrga fyrir því? Væri ekki nær að spyrja: Hvað hefur ríkisstjórnin m.a. aðhafst? Ef hún telur þetta varða þjóðarhag, hvað hefur hún aðhafst, hvernig hefur hún beitt áhrifum sínum til að breyta þessu með aðgerðum í tæka tíð og tryggja þannig markaðsstöðu okkar á Bandaríkjamarkaði?

Þegar við drögum saman niðurstöður þessara umræðna fæ ég ekki betur séð en þær stefni allar að einni og sömu niðurstöðu. Það væri Alþingi til vansa ef menn hundsuðu þessar röksemdir, þessar niðurstöður, ef menn ekki brygðust við þeim á þann eina rökrétta máta að vísa málinu þangað sem það á heima, til deiluaðila og til sáttasemjara, vegna þess að þar var það á einhverjum vegi, og það er út í hött og styðst ekki við nein almenn rök að Alþingi grípi inn í með lagasetningu að svo stöddu.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður mikið, enda hefur ekkert komið fram í ræðum stjórnarandstæðinga sem vekur á nokkurn máta undrun mína. Þar var allt eins og ég gerði ráð fyrir. Stjórnarandstæðingar hafa ekki lýst stuðningi við þær aðgerðir sem hér er um að ræða og ég átti alls ekki von á því. Þeir hafa flutt hér ágætar ræður um mikilvægi sjómanna og rétt þeirra til betri kjara. Undir það get ég út af fyrir sig mjög vel tekið og væntanlega kemur það að lokum út úr því sem hér er um að ræða.

En þeir hafa gert lítið úr meginforsendum ríkisstjórnarinnar fyrir flutningi þessa máls, þ.e. birgðastöðunni í Bandaríkjunum. Ég átti heldur ekki von á því að þeir tækju þær röksemdir góðar og gildar. Ég geri hins vegar fastlega ráð fyrir því að ef veruleg vandræði hefðu hlotist af í Bandaríkjunum í sambandi við birgðastöðu og markaðshlutdeild okkar þar hefði verið deilt á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki gripið fram í. Reyndar kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni að ríkisstjórnin hefði fyrr mátt láta til sín taka í þeim málum.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að staða samninganna hefði alls ekki verið komin í þau þrot sem við höfum látið í veðri vaka. Ég vil geta þess í því sambandi, að þegar málið kom loks inn á borð ríkisstjórnarinnar í gær átti ég fund ásamt sjútvrh. og utanrrh. fyrir hönd samgrh. með deiluaðilum í sjómannaverkfallinu og annar slíkur fundur var haldinn fyrir hádegi í dag. Ekkert kom fram á þeim fundum sem gaf tilefni til bjartsýni um lausn á þessari deilu, því miður. Ég vil einnig láta það koma fram hér að á þeim fundum lögðum við áherslu á að við vonuðumst til þess að deiluaðilar ræddust við áfram meðan þetta mál er til meðferðar á hinu háa Alþingi og, ef það yrði samþykkt þar, þá jafnvel eftir það, því að það er svo sannarlega von okkar að þessi deila leysist án þess að til úrskurðar sérstaks kjaradóms þurfi að koma.

Hv. þm. hélt því fram að viðræðum hefði verið slitið að ósk ríkisstjórnarinnar. Þetta er alrangt. Þvert á móti hafa þeir ráðherrar sem með þetta mál hafa farið og einnig hef ég lýst þeirri skoðun við sáttasemjara að viðræðum bæri að halda áfram til þrautar og við mundum ekki grípa til lagasetningar fyrr en hann sjálfur teldi að vonlaust væri að halda málinu áfram, a.m.k. í bráð.

Ég lýsti því fyrr í framsögu minni að afskipti ríkisstjórnar af þessu máli urðu ekki fyrr en s.l. fimmtudag. Reyndar kom það fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar eða ég skildi hann svo að hann teldi að þau afskipti hefðu komið nokkuð seint. En það er ekki stefna þessarar ríkisstjórnar að hafa afskipti af kjaradeilu fyrr en í vandræði væri komið.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi ekkert nýtt hafa komið fram í því sem ég upplýsti um birgðastöðuna. Hann upplýsti að birgðastaða í Bandaríkjunum hefur farið versnandi frá því í nóvember. Það er hárrétt. Hún hefur gert það. Það eina sem ég sagði um það í raun var að birgðastaðan þar er nú orðin svo slæm, svo tæp, að ef menn vilja halda markaðshlutdeild okkar þar sterkri er teflt á tæpasta vaðið. Þetta er staðreyndin.

Það var miklu heiðarlegra sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni. Hann lýsti efasemdum um það hvort ætti að leggja áherslu á Bandaríkjamarkað. Það er spurning sem kannske er vert að Íslendingar velti fyrir sér, en ég tel að ákvörðun um það verði að takast á annan máta en að markaðshlutdeild okkar verði stórlega skert með vinnudeilu.

Það má vel vera að rétt sé fyrir okkur Íslendinga að selja fremur fisk á Evrópumarkaði og vitanlega er flutningur fisks þangað meginástæðan fyrir því að markaðshlutdeild okkar í Bandaríkjunum hefur minnkað upp á síðkastið. Við megum þó ekki gleyma því að Bandaríkjamarkaður hefur verið haldreipið í mörg ár í okkar fiskframleiðslu. A.m.k. er ég ekki tilbúinn að taka ábyrgð á því að glata því

haldreipi og þeim grundvelli með vinnudeilu og endurtek það sem ég sagði áðan: Það þarf að skoðast miklu skipulegar og betur áður en sú ákvörðun er tekin. Þetta er ómótmælanlega ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin flytur þetta mál hvernig markaðshlutdeild okkar í Bandaríkjunum er að mati ríkisstjórnarinnar eftir að rætt hefur verið ítarlega um það mál við söluaðila okkar í Bandaríkjunum. Þetta er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin ákvað að flytja þetta mál og kalla Alþingi saman fyrr en gert var ráð fyrir.

Um það hefur verið rætt hér að frjálsir samningar séu að verða nánast undantekning. Ég mótmæli því. Það er hárrétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ríkisstjórnin greip fram í þessi mál hinn 27. maí 1983 með brbl. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram að þá hafi verið mjög mikil nauðsyn til þess. Þá stefndi verðbólga í 130% eða meira og að sjálfsögðu er það inngrip meginástæðan fyrir því að verðbólga er nú komin niður í um það bil 10% og ætla mætti að unnt sé að ná jafnvægi í efnahagsmálum þessarar þjóðar. Mér þykir undarlegt, ef þm. telja það þó ekki töluverðan vinning um leið og þeir áfellast ríkisstjórnina fyrir inngrip í kjaradeilur og efnahagsmál.

Ég endurtek það, sem ég hef sagt, að að sjálfsögðu verður slíkt að vera undantekning, en ég hvika ekki frá því að ríkisstjórn a.m.k. verður að hafa miklu víðtækari hagsmuni í huga og í sumum tilfellum kann að vera nauðsynlegt að víkja hagsmunum til hliðar fyrir þjóðarhag. Ég hvika heldur ekki frá því, af því að minnst var á inngripið 1983, að þá hafi svo verið og hafi stefnt í það óefni í hinu íslenska efnahagslífi að menn geti ekki séð fyrir endann á því. Hér er ekki um að ræða inngrip af þeirri ástæðu. Hv. þm. Guðmundur Einarsson, sem nýlega er kominn frá því að brjóta múrinn, flutti skemmtilega ræðu um ástæður til inngrips. Ég hef lýst því að hér er um að ræða markaðsstöðuna í Bandaríkjunum. Menn geta að sjálfsögðu deilt um hve mikilvæg sú markaðsstaða er. Ríkisstjórnin telur þá markaði ákaflega mikilvæga, bæði fyrir þjóðarbúið, fyrir sjómenn, fyrir útgerðarmenn og fiskvinnsluna.

Hv. þm. Svavar Gestsson varpaði fram fáeinum spurningum. Hann spurði: Hvaða tillit verður tekið til sjónarmiða sjómanna? Í athugasemdum við 2. gr. frv. kemur að sjálfsögðu fram, og reyndar í greininni sjálfri sem og í framsöguræðu minni, að ætlast er til þess að hinn sérstaki kjaradómur taki tillit til allra þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið, taki tillit til þess að sjálfsögðu sem um hefur samist eða nálgast að samningar næðust um og liggur fyrir hjá sáttasemjara, og sömuleiðis til þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram hjá báðum aðilum, eins og skýrt kemur fram í athugasemdum, bæði um hlutaskiptin og fleira sem hefur verið til umræðu í þessu sambandi.

Þar sem hv. þm. rakti allítarlega stöðu samninganna er kannske rétt að láta það koma hér fram að enn standa út af önnur atriði en hér hefur verið minnst á, eins og t.d. samningar um vinnu um borð í frystitogurum og stórum togurum. Það eru tæknileg atriði sem mér er tjáð að varla hafi verið nefnd í þessari samningalotu. En það er rétt hjá hv. þm. og kom einnig fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að sem betur fer hefur um ýmis atriði nálgast mjög samkomulag.

Ég sá út af fyrir sig ekki margt hjá öðrum hv. þm. sem ég hef þá ekki annaðhvort komið inn á eða þarf að ræða. Ekki var um aðrar beinar spurningar að ræða. Ég endurtek það og legg áherslu á að ekki er verið að leggja fram frv. til þess að skerða kjör sjómanna. Menn geta deilt um það hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum. Menn geta deilt um þá niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar sem ég lagði fram áðan um bætt kjör sjómanna í samningum á síðasta ári sem Þjóðhagsstofnun metur sem ígildi 7% í hlutaskiptum af heildarverði. En ég held að óumdeilanlegt sé að nokkuð af því sem sjómenn urðu að þola meðan olíuverðið var hæst hefur náðst til baka. Ég get líka tekið undir það að hagur útgerðar er nú slíkur að ég hefði vonast til þess að útgerð féllist á að mætast einhvers staðar á miðri leið.

Af því að minnst var á það áðan af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að sjómenn hefðu gefið eftir 1983, þá vil ég minna á að það var reyndar gert með bráðabirgðalögum þá og hefur verið til umræðu í samningum síðan og reyndar verið deilt á ríkisstjórnina fyrir að hafa sett þau bráðabirgðalög árið 1983 til aðstoðar við útgerðina í landinu.

Ég vil mótmæla því sem kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að látið hafi verið skína í löggjöf. Það er alrangt. Ekki hefur verið tekið á nokkurn máta undir það að setja löggjöf. Þetta er örugglega misskilningur hjá hv. þm. Og ég vil taka fram að enginn hefur komið að máli við mig um það að setja löggjöf í þessu sambandi.

Það er ekkert óeðlilegt þótt ég vísi til tillagna viðkomandi ráðherra og það er rétt hjá hv. þm. að sjútvrh. gerði tillögu til ríkisstjórnarinnar um löggjöf í sjómannadeilunni og að sjálfsögðu hæstv. samgrh. í sambandi við deiluna á kaupskipunum, enda fara þessir hæstv. ráðherrar með þau mál. Þess vegna fól ríkisstjórnin þessum ráðherrum að fylgjast með málinu fyrir hennar hönd og m.a. eftir að sáttasemjari óskaði eftir því að ríkisstjórnin beitti áhrifum sínum til þess að togarinn Hafþór sigldi til lands.

Í sambandi við frávísunartillöguna sem hér er lögð fram vil ég segja að í henni kemur að því sem ég fæ best séð ekkert nýtt fram. Ég tel þar engin rök sem mæla með því að þessu máli verði vísað frá. Ég hef ekki lagt áherslu á að flýta þessu máli í gegnum þingið með einhverju offorsi, það er rangt. Ég minntist ekki á slíkt í minni framsöguræðu. Reyndar sagði hv. þm. Svavar Gestsson í sinni ræðu áðan að þótt ekki bæri að flýta þessu máli óeðlilega í gegnum þingið, og ég tek undir það með honum, þá væri heldur ekkert unnnið við það að sitja yfir því lengi og ég tek einnig undir það.

Ég vil einnig láta það koma fram með tilvísun til þess sem ég sagði áðan um fundi ríkisstjórnarinnar með samningsaðilum að við óskuðum eindregið eftir því að þeir gerðu tilraunir til að ná samkomulagi á meðan meðferð málsins stæði yfir í þinginu. Ég vil einnig láta það koma fram að ég hef rætt oftar en einu sinni við sáttasemjara í dag og óskað eftir því að hann haldi áfram sinni viðleitni og mér er kunnugt um að hann hefur verið með þau mál á sínu borði einnig í dag. Vel má vera að jafnframt komi fram í meðferð hv. þingnefnda á þessu máli að hugur sé eitthvað breyttur frá því sem var þegar við ræddum við deiluaðila og menn sjái núna von til þess að samkomulag muni nást. Ég fagna því fyrstur manna og ekki skal ég þrýsta svo á framgang þessa frv. að ekki fái að reyna á slíkan samningsvilja og hef reyndar þegar látið það í ljós við sáttasemjara. Ég leggst gegn þessari frávísunartillögu og tel engin rök fyrir því að málinu verði vísað frá.

Ég endurtek svo að lokum að ég vonast til þess að sú nefnd, og reyndar nefndirnar saman úr báðum deildum, ræði ítarlega við deiluaðila og kanni vandlega hvort kominn er fram aukinn vilji til samkomulags og láti sáttasemjara að sjálfsögðu fylgjast með því máli. Út af fyrir sig tel ég að enginn skaði sé skeður þótt afgreiðsla málsins taki deginum lengur og að sjálfsögðu mikið unnið ef það verður til þess að samkomulag næst.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu neitt verulega. Það hefur flest komið fram í þessu máli hér í dag efnislega. Það sem gerist næst í málinu að lokinni þessari umræðu er það að þingnefnd fær málið til meðferðar og fjallar ítarlega um það og fær upplýsingar inn. Málið kemur svo aftur hér til 2. umr. þar sem gefst þá kostur á því að fara betur yfir þær upplýsingar sem fram hafa komið.

Ég vildi þó aðeins, virðulegi forseti, annars vegar víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. og hins vegar bæta úr nokkrum vanrækslusyndum hér úr ræðu minni frá því fyrr í dag þar sem ég gleymdi að halda til haga tveimur atriðum úr þessari deilu sem ég tel að skipti mjög miklu máli til þess að menn sjái betur og átti sig á því í hvaða andrúmslofti menn voru þegar þessi deila stóð yfir.

Í fyrsta lagi varðandi það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. Þá fyrst það að hann hafi ekki verið neitt undrandi á því þó að stjórnarandstæðingar legðust gegn þessu frv. Hitt kann að hafa komið honum meira á óvart og þingheimi öllum að menn úr stjórnarliðinu, sem talað hafa, hafa lagst gegn frv. Það eru ekki mörg dæmi þess að stjórnarþingmenn þori að hafa skoðanir. Það eru sárafá dæmi þess. A.m.k. eru dæmin örfá um það að þeir hafi þorað að standa við þær í atkvæðagreiðslum. Yfirleitt hafa þeir komið hingað inn til þess að rétta upp höndina þegar ríkisstjórnin hefur skipað þeim það og tekið við „ordrum" á hlaupum hér inn í salinn, oft ekki vitað hvað var á dagskrá heldur bara skellt upp hendinni af gömlum vana. En nú gerist það aftur á móti að hv. 12. þm. Reykv. Pétur Sigurðsson, sem þekkir þessi mál sennilega betur en ýmsir aðrir, hann leggst gegn þessu frv. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við skoðum málið í þessari stöðu og veltum því fyrir okkur, hvort meiri hluti sé hér í þinginu fyrir þessu máli. Getur það verið að málið strandi vegna þess að það er ekki samstaða um það í stjórnarflokkunum? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar, ef ekki nú við þessa umræðu þá við 2. umr. þessa máls þegar hún fer fram, vegna þess að það er náttúrlega ekki lítið innlegg í málið ef það kemur nú í ljós að þm. stjórnarflokkanna ætli að víkjast undan merkjum stjórnarinnar, hinnar stjórnlyndu ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Ég trúi því ekki að þm. eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Ellert B. Schram hundsi sjónarmið manns eins og hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Það hlýtur að vera býsna athyglisverð kveðja til hans frá þessum þm. ef þeir taka ákvörðun um það þrátt fyrir hans varnaðarorð að styðja þetta stjórnlyndisfrumvarp Framsfl. (**KP:** Hvað með varaformann Sjálfstfl.?) Já, hann er hérna. Varaformaður Sjálfstfl. er hér kvaddur til leiksins, hæstv. forseti, það er hv. 2. þm. Reykv. og gæti hann nú kannske sagt okkur eitt og annað fróðlegt af þessari sjómannadeilu sem hann þekkir betur af eigin raun en margir aðrir menn. (**JBH:** Og útgerðarmaður í Hnífsdal.) Að ekki sé á það minnst, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, en um slíkt talar maður ekki nema á alveg sérstaklega hátíðlegum stundum eins og kunnugt er vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. hefur gert út fleiri skip eins og einnig er kunnugt en ekki verður rætt mikið um hér.

Í öðru lagi var það þannig að hæstv. forsrh. sagði: Stjórnarandstæðingar gera lítið úr þessum vanda með birgðastöðuna. Ég vil mótmæla þessu alveg sérstaklega. Ég hygg að við höfum öll sem hér höfum talað í dag tekið undir það að þar er um alvarlegt vandamál að ræða. Það sem við höfum verið að leggja áherslu á er það að þetta vandamál er ekki nýtt, það var ekki fundið upp í tengslum við sjómannadeiluna. Það hefur legið fyrir í marga mánuði og við höfum verið að gagnrýna það að ríkisstjórnin skuli ekki hafa tekið á þessu máli í tæka tíð og farið yfir það með deiluaðilum þessa máls. Það er ekki gert.

Í þriðja lagi kemur það aftur og aftur fram hjá hæstv. forsrh. sem er ákaflega athyglisvert í sambandi við kjaradeilur, sérþekkingu hans á kjaradeilum, sem er alveg með ólíkindum satt að segja hvernig hann afhjúpar sig í þeim efnum blessaður maðurinn, með leyfi forseta, hæstv. forsrh. Og það er það að hann segir aftur og aftur: Það kemur bara ekkert út úr viðræðum. Ég er alltaf að tala við sáttasemjara, í dag m.a.s. og jafnvel deiluaðila. Það kemur bara ekkert út úr þessu. Hvernig dettur honum það í hug manninum að það komi eitthvað út

úr viðræðum á þessari stundu eftir að búið er að leggja málið fram hér í þinginu? Með því að ríkisstjórn með þingmeirihluta hefur lagt mál hér fram í þinginu er búið að stöðva málið. Þannig liggur það. Það er bara helber barnaskapur að láta sér detta það í hug að undir slíkum kringumstæðum sé hægt að gera sér vonir um að einhverjar samningsniðurstöður náist. Þó það sé ekki nema vegna þess að auðvitað gerir forusta LÍÚ ráð fyrir því að fá svo hagstæða útkomu út úr kjaradómnum að hún þurfi í rauninni ekkert annað að gera en að bíða í rólegheitunum eftir að kjaradómurinn kveði upp sinn úrskurð.

Hæstv. forsrh. segir að það sé rangt að ríkisstjórnin hafi slitið þessari deilu. Ég held að það hafi í rauninni komið mjög vel fram að það var ríkisstjórnin sem sleit þessari deilu með því á sunnudagskvöldið að fara að tala um gerðardóm því það var hún sem hóf umræðurnar um svokallaðan frjálsan gerðardóm. Þegar samningsaðilar voru ekki tilbúnir til að fallast á þá hugmynd þá ákveður ríkisstjórnin að grípa inn í þetta með lögum þannig að það er ljóst að það er pólitískt ákvarðað að stoppa þetta mál. Ríkisstjórnin getur ekki vikið sér undan því.

Í fimmta lagi kom þessi gamla tugga sem maður hefur heyrt stundum hér áður, en það er alveg furðulegt hvað veggirnir hér eru þolinmóðir að taka við þessari speki hér aftur og aftur, og það er að lögin í maí 1983 hafi lækkað verðbólguna niður í 10%. Það var það sem hann sagði, hæstv. ráðherra, að lögin 27. maí 1983 hafi lækkað verðbólguna í 10%. Úr 100. Hann var nú svo hógvær að nefna 100 en hann nefnir nú venjulega 130 eða 170 þegar hann er að tala um ríkisstjórn Svavars Gestssonar sem hann gerir aftur og aftur. (**FrS:** Hvort er nú réttara?) Það ætti hv. þm. Friðrik Sophusson að reyna að kynna sér með því að lesa um staðreyndir málsins sem hann hefði örugglega gott af eins og fleiri þm. í Sjálfstfl.

Hvernig liggur nú þetta mál? Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin var hér með 40–50% „galopperandi" verðbólgu áður, áður en batinn gekk yfir þjóðarbúið snemma á þessu ári. Það voru ytri aðstæður sem gerðu það kleift að ná verðbólgunni niður eftir að aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér niður á tiltekna niðurstöðu í kjarasamningunum í febrúar 1986, þannig að þessi lög frá því í lok maí 1983, það voru ekki þau sem leystu þennan vanda, það er mikil fjarstæða, og það er óhjákvæmilegt að mótmæla því sérstaklega. Hins vegar tönnlast forsrh. á því hér eins og oft áður að þau hafi verið óhjákvæmileg þessi lög vegna þess að um gífurlega stóran vanda var að ræða. Vandinn var stór. En eru þetta ekki sömu rök og alltaf eru notuð af öllum þeim sem eru að svipta fólk lýðréttindum, að vandinn sé svo stór að það verði að taka af þeim lýðréttindin? Ég hygg að það sé ekkert dæmi um það í Vestur-Evrópu á síðari áratugum að ríkisstjórn hafi svipt fólk verkfallsrétti með þeim hætti sem gerðist hér 1983 nema hér á Íslandi, ekkert dæmi. Þessi grundvallaratriði verða menn að hafa í huga. Svo ætla þessir menn að koma og sækja atkvæði út á það í næstu kosningum að þeir séu sérstaklega inni á því að stuðla að frelsinu, frelsi einstaklingsins og allt það. Þessir menn sem hnepptu fjöldann í fjötra verkfalls og samningsbanns á árinu 1983 sem stangaðist á við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, hvað þá heldur meir.

Í sjötta lagi, herra forseti, þá svaraði hæstv. forsrh. fsp. sem ég lagði fyrir hann varðandi það hvort tillit yrði tekið til sjónarmiða sjómanna í kjaradómnum og hann fullyrti að hann teldi það rétt að það yrði farið yfir öll málin. Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt að hæstv. forsrh. gaf þessa yfirlýsingu vegna þess sem segir hér í grg. með frv. á bls. 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er c-lið greinarinnar varðar er rétt að vekja á því athygli að auk sjónarmiða um breytingar á hlutfalli skiptaverðs af heildaraflaverðmæti komu á sáttastigi málsins fram frá báðum aðilum hugmyndir um tengingu skiptaverðs við olíuverð og af hálfu útvegsmanna hugmyndir um breytta tilhögun skiptaverðs við sölu á ferskum fiski í gámum erlendis."

Þetta er það eina sem er nefnt hérna og vegna þess að þetta var það eina sem var nefnt hérna taldi ég óhjákvæmilegt að kanna það hjá hæstv. forsrh. hvort öll önnur atriði sem voru til meðferðar í deilunni yrðu þar með „átómatískt" sett út af borðinu. Hann kvað svo ekki vera og ég tel mikilvægt að það liggi fyrir.

Síðan kemur þetta hjá hæstv. forsrh.: Ekki skal ég þrýsta á það að ekki verði reynt til þrautar að ná samkomulagi. Ekki skal ég vera að þrýsta á það. — Hann er nú búinn að leggja hér fram frv. um það mál. Nei, hann ætlar ekki að vera að þrýsta á það, hann ætlar ekki að vera að spilla fyrir samningsmöguleikum, hæstv. forsrh., nei, nei, nei, það eru einhverjir aðrir að því.

En í framhaldi af þessari yfirlýsingu vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Er hann tilbúinn til að fallast á tillögu Farmanna- og fiskimannasambandsins? Er ríkisstjórnin tilbúin til þess hér og nú að fallast á tillögu Farmanna- og fiskimannasambandsins? Hv. þm. Karvel Pálmason gerði grein fyrir þeirri samþykkt hér áðan. Ég heyrði ekki að hæstv. forsrh. tæki afstöðu til hennar í ræðu sinni. En það er óhjákvæmilegt að spyrja: Hafnar ríkisstjórnin þessu líka, að það verði sett niður sáttanefnd skipuð þremur alþm. og að deiluaðilum verði gefinn frestur út vikuna til þess að ljúka málinu með sátt? Ég vil ekki að þessari umræðu hér, 1. umr. málsins, ljúki án þess að því sé svarað af ríkisstjórninni: Er hún tilbúin til að fresta málinu hér á þessum punkti, fresta umræðunni hér á þessum punkti, skipa sáttanefnd þriggja alþm. sem fái frest til þess að fara yfir málið?

Það er óhjákvæmilegt að fá um þetta upplýsingar frá hæstv. forsrh., þetta er innlegg í málið. Ég vil alla vega segja fyrir mína hönd að ég teldi það mjög

mikilvægt ef menn væru tilbúnir til að taka á móti Farmanna- og fiskimannasambandinu með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. hvort það sé hugsanlegt að ríkisstjórnin fallist á þetta. Og úr því að ráðherrar Sjálfstfl. eru víðs fjarri, víðs fjarri — þeir eru nú margir í ríkisstjórninni en þeir eru helst aldrei hér — þá vildi ég einnig spyrja leiðtoga Sjálfstfl. hér í þessum sal, hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. iðnrh. sem nú gengur í salinn þegar ég nefndi 2. þm. Reykv., þá kom hann alveg að bragði, ég vil spyrja hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformann Sjálfstfl.: Er það hugsanlegt að Sjálfstfl. beiti sér fyrir því að fallast á þessa hugmynd Farmanna- og fiskimannasambandsins? Ja, væri það ekki skynsamlegra en að vera að þvæla þessu máli hér í gegn með þeim hætti sem ætlunin er að gera núna, að setjast niður og kanna það til þrautar hvort unnt er að ná samningum? Ég vil segja það eftir að ég hef rætt við fulltrúa deiluaðila eins og ég gat um í dag, ég hef rætt við menn úr liði útgerðarmanna og sjómanna, ég er alveg sannfærður um það að ef lagahugmyndinni hefði ekki verið lyft þetta snemma þá var unnt að ná þarna samkomulagi vegna þess kannske fyrst og fremst að útgerðin hefur svigrúm, hún hefur svigrúm samkvæmt þeim niðurstöðum sem liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun. — Það er alveg sérkennilegt að þegar maður ætlar að hefja hv. 2. þm. Reykv. til mannaforráða Sjálfstfl. í deildinni þá birtist formaður Sjálfstfl. og formaður þingflokks Sjálfstfl. sem hafa ekki sést í salnum í allan dag til þess að koma í veg fyrir að það verði hv. þm. Friðrik Sophusson sem svarar fyrir Sjálfstfl.

Hér fyrr í dag gerði ég grein fyrir þeim vinnudeilum sem stöðvaðar hefðu verið af núverandi ríkisstjórn með lögum. Ég nefndi sjö tilvik og ég vil biðja hæstv. forseta afsökunar á því að mér sást yfir eitt, þau eru átta. En það var ákvörðun, sem var tekin á 109. löggjafarþinginu þegar 1056 ár voru liðin frá stofnun Alþingis, um að stöðva verkfall flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf. Þannig að það eru átta slíkar deilur núna á aðeins tæpum fjórum árum, það eru tvær á ári, ein á misseri frá því að þessi stjórn tók við.

Og svo að lokum eitt dæmi til að lýsa inn í ástandið í þessum samningaviðræðum og sérstaklega samningsvilja útgerðarmanna. Þannig var að það kom til meðferðar og umræðu hvort sjómannadagurinn verði lögfestur. Það hafa m.a. verið flutt um það þingmál að sjómannadagurinn verði lögfestur. Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur auðvitað gífurlegar áhyggjur af þessu máli, að lögfesta sjómannadaginn, það gæti endað með ósköpum og til þess nú að sjómenn verði ekki of haldnir af frídögum og fríðindum þá lagði LÍÚ fram svohljóðandi tillögu í samningaumræðunum dag nokkurn, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði sjómannadagurinn lögfestur sem almennur frídagur, sbr. frv. til laga um sjómannadag, skulu ákvæði í kjarasamningi aðila, að ekki skuli róið eða verið á sjó 1. maí, falla niður.“ — Þ.e. fái sjómenn sjómannadaginn lögfestan þá á að afnema 1. maí. (**GHelg:** Fresta jólunum.) Ég hugði áður að það væru fá takmörk fyrir hugmyndaflugi Kristjáns Ragnarssonar og forustumanna LÍÚ. Ég hygg nú eftir að hafa séð þessa tillögu að fyrir því séu engin takmörk. Ég hef aldrei áður séð tillögu um það úr kjaradeilum síðustu ára að afnema 1. maí. Ef fantarnir fá frí á sjómannadaginn með lögum þá skulu þeir versgú róa ef mögulegt er 1. maí. Það á ekki að sleppa þeim við það. Ímyndi menn sér svo hvort það er auðvelt að ná kjarasamningum í andrúmslofti þar sem svona fornaldarhugmyndir ganga lausar á pappírum eins og þessum, herra forseti.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill nú enn ítreka við pallagesti að láta aðdáun sína á ræðumönnum í ljós með meiri hófsemi heldur en að klappa og endurtekur þá hugmynd sína að menn geymi þetta allt í hjarta sínu og hugleiði það síðar.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar því sem ég hef hér sagt áður.

Því miður virðast það vera fleiri en Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, sem hafa hugmyndaflug í þá átt sem hv. þm. Svavar Gestsson talaði um. Ég sé ekki betur en að frv. sem hér liggur fyrir sé í anda þess sem forustumenn LÍÚ hafa verið að tala um. Og það eru ráðherrarnir í ríkisstjórninni sem flytja það og það er væntanlega meiri hluti þm. hér á hv. Alþingi, stjórnarliðsins, sem ætlar sér að styðja þetta. Þannig að hugmyndaflugið er víðar en í herbúðum LÍÚ. (**SJS:** Þeir gætu nú hafa samið frv.) Það má vel vera, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, að þeir hafi gert það.

Ég tek mjög undir, og það hlýtur að fást úr því skorið hér við 1. umr. af hæstv. ráðherrum, forsrh., sjútvrh.: Er ríkisstjórnin reiðubúin til þess að fallast á sjónarmið Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frestun út þessa viku til þess að reyna til þrautar að ná samningum? Ég tek mjög undir það. Og það er náttúrlega fáviska hjá hæstv. forsrh., sem ekki er hér viðstaddur nú, það er auðvitað fáviska að ætla það, eftir að það hefur borið á góma að löggjöf sé yfirvofandi, ég tala nú ekki um eftir að hún er fram komin, frumvarp, að þá séu menn í einhverjum sáttahugleiðingum nema að viðhorf hjá hæstv. ríkisstjórn hafi breyst. Og þau breytast ekki öðruvísi en til þess að t.d. fresta, eins og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til, út þessa viku afgreiðslu þessa máls og þannig reyna að leggja fram sáttarhönd til eðlilegrar niðurstöðu þessarar deilu. Mér a.m.k. finnst það hart ef ekki er hægt að fá út viðhorf hæstv. ráðherra til þessarar tillögu Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Ég held að hæstv. forsrh. hafi tekið skakkt eftir ef

honum hefur heyrst hv. þm. Pétur Sigurðsson vera að tala um markaðsmálin, ég held að það hafi verið ég sem rifjaði einmitt upp að það væri orðin spurning hvort þjóðarheildin hefði svo mjög gott af því að einblína einvörðungu á Bandaríkjamarkað í þessum efnum, hvort það ætti ekki að fara að líta til annarra átta frekar en gert hefur verið. (**Gripið fram í:** Það er sama hvaðan gott kemur.) Það er út af fyrir sig rétt, hv. þm., en það væri ástæða að hæstv. ráðherra tæki oftar tillit til þeirra hluta sem góðir eru, sama úr hvaða átt það kann að vera.

Enn er eitt í þessu, ég legg mikla áherslu á það að hér eru menn ekki að leysa deilu með þessu frv., hér eru menn að fresta vandanum. Það þarf enginn mér að segja að sjómenn leggi árar í bát þó hér komi fram frv. frá hæstv. ríkisstjórn og þó það yrði að lögum. Hér eru menn bara að fresta þeim vanda sem við blasir til einhvers tiltekins tíma og það er eitt af meginmálum í þessu efni. Það er ekki verið að leysa þetta mál, það er verið að fresta því með þá hugsanlega löggjöf.

Ég held að það væri öllum fyrir bestu að hæstv. ríkisstjórn dragi nú að sér hendur í þessum efnum og fari að tillögum Farmanna- og fiskimannasambandsins. Eða er það virkilega vonlaust að meiri hluti hér á Alþingi með hæstv. ríkisstjórn í broddi fylkingar taki eðlilegt tillit til staðreynda í máli sem þessu? Ég vil ekki trúa því. Þó maður hafi nú ekki reynt margt gott af hæstv. ríkisstjórn þá vil ég ekki trúa því að menn séu svo forstokkaðir að menn hugleiði ekki í hversu miklum vanda menn eru hér, að teyma deiluna í þá átt sem hér er verið að gera af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég ítreka því spurninguna til hæstv. forsrh.: Vill ríkisstjórnin fara að tillögu Farmanna- og fiskimannasambandsins um að fresta þessu máli út þessa viku og reyna til þrautar að ná sáttum?

En eigum við að líta aðeins á frv. sem við höfum í höndum? Hæstv. forsrh. segir að hann vilji að þetta eða hitt gerist að því er varðar ákvörðun í kjaramálum sjómanna. En hvað segir í frv.? Það segir í 2. gr. eftir að búið er að tala um tilnefningu í kjaradóm, með leyfi forseta:

„Kjaradómur skv. 1. gr. skal við ákvörðun kaups og kjara sjómanna á fiskiskipum m.a. hafa hliðsjón af eftirfarandi: — og taki menn nú eftir — „a) Þeim atriðum sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli sjómanna og útvegsmanna.“ Hafa hliðsjón af þessu í hvaða átt? Hver getur sagt um það? „b) Síðast gildandi kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum“, þ.e. þeim samningum sem menn sögðu upp og eru komnir í verkfall út af. Í hvaða átt þá? Til hækkunar eða lækkunar á kostnaðarhlutdeild? Ekkert vita menn um hver er vilji hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum sem leggur frv. fram. „c) Þeim sjónarmiðum sem á sáttastigi málsins hafa komið fram frá aðilum.“

Hér eru menn ekki að leggja neitt sérstaklega jákvætt til mála til kjarabóta sjómanna í þessari deilu. Menn eru í þessu frv., að mínu viti, meira og minna að draga taum Landssambands ísl. útvegsmanna, útgerðarmannanna sjálfra. Og ég er ekki hissa þó að sjómönnum búi uggur í brjósti að hugsa til framtíðarinnar, þ.e. — og það er stóra spurningin — ef svo kynni að fara, sem enginn gerir ráð fyrir, að núv. hæstv. ríkisstjórn verði við völd að loknum komandi kosningum.

Í síðasta lagi bið ég menn að skoða 3. gr. frv. með mér, 2. málsgr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. kafla laga þessara eru undanþæg“, þ.e. menn þurfa ekkert að fara eftir þeim eða hvað? Ef stéttarfélög sjómanna og samtök útvegsmanna geta í kjarasamningum kveðið á um aðra skipan geta menn virt lögin að vettugi, ef menn eru sammála um að hirða ekkert um þau.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri Sigurðssyni og raunar fleirum sem hér hafa talað í dag. Það er nánast hrákasmíð á ferðinni í þessu frv. Hér flaustrast menn til þess að setja á blað hugmyndir sem að mínu viti eru fyrst og fremst til að toga í fyrir annan aðilann gegn hinum, toga í gegn sjómönnum með hinum aðilanum.

Ég vil svo í lokin, herra forseti, spyrjast fyrir um hver meining er með vinnubrögðin áfram í þessu máli, hvort meiningin er að menn haldi áfram umræðu og nefndarstörfum á þessum sólarhring og kannske fram eftir nóttu, hvort svo mikið liggur við að knýja þetta fram að menn ætli að nota nótt sem dag til að koma málinu frá eða hver meining manna er í þeim efnum. (**GJG:** Sjómenn þurfa líka að leggja nótt við dag.) Það er út af fyrir sig rétt. En hvað segja lög sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson var ekki hvað síst í fararbroddi fyrir að yrðu samþykkt um hvíldartíma? Menn höggva nú nærri sjálfum sér í þessum efnum og hafa gert það að vísu áður, höggvið í eigin fylkingar. (**JBH:** En vökulögin?) Og síst skyldi það gerast af manni eins og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni sem hæstv. utanrrh. taldi ástæðu til að hæla áðan fyrir góða hegðan í samningum, fyrir góða hegðan í framgöngu á samningum. Hæstv. utanrrh.! Já, ég held að það sé rétt fyrir hv. þm. að skrifa.

Nei, auðvitað mótmælum við því að hér verði vinnubrögðum hagað á þann hátt að knýja þetta fram á næturfundum. Menn verða að taka eðlilegan tíma til að ræða þetta mál til þess að láta á það reyna hvort hæstv. ríkisstjórn vill gera það skynsamlegasta úr því sem komið er í þessu máli og fara að tillögum Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál. Það er ljóst að sú kjaradeila sem staðið hefur milli útgerðarmanna og sjómanna getur valdið þjóðarbúinu miklum skaða og svo er ástatt á fiskmörkuðum okkar erlendis (**Gripið fram í:** Við erum búin að heyra þetta.) að í verulega tvísýnu getur stefnt ef verkfallið stendur lengi. Það er því mikil ábyrgð sem á samningsaðilum hvílir þegar mál eru með þessum hætti.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi í lengstu lög að virða þá meginreglu að aðilar á vinnumarkaðnum semji sjálfir um kaup sitt og kjör og þó að á stundum geti verið réttlætanlegt að grípa inn í kjaradeilur með lögum þegar miklir hagsmunir eru í húfi er nauðsynlegt að á það sé látið reyna til hlítar hvort menn ná saman í frjálsum samningum. Að sönnu er það svo að þessi kjaradeila, þó alvarleg sé og þó að hún með ótvíræðum hætti kalli yfir okkur hættuástand á erlendum mörkuðum, hefur ekki staðið enn mjög lengi þó að auðvitað sé þessi tími of langur frá mikilvægum störfum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé ástæða til að freista þess að leysa deiluna með samningum.

Þegar ég kom í húsið fyrir skammri stundu gekk ég inn í hóp vaskra sjómanna sem voru þá staddir í þinghúsinu. Þeir tjáðu mér allir að þeirra vilji væri sá að ganga til samninga, að þeir væru tilbúnir til þess að leggja nótt við dag í þeim tilgangi að reyna að ná frjálsum samningum. Og nú finnst mér að það verði að koma fram hvort þessi sjónarmið, sem þannig voru fram sett, hafi við rök að styðjast, og hvort báðir aðilar eru í raun og veru tilbúnir að setjast niður og freista þess að ná saman. Sé svo og komi það í ljós að aðilar séu báðir reiðubúnir til þess að gera þetta finnst mér mjög eðlilegt að þeir fái tóm til þess áður en menn rjúka í að afgreiða þetta frv. frá hinu háa Alþingi, þá finnst mér eðlilegt, eins og fram kemur í beiðni Farmanna- og fiskimannasambandsins, að þeir fái tóm til þess í nokkra sólarhringa að láta á þetta reyna, fullkomlega eðlilegt. **(Gripið fram í:** Heyr!) Ég vil þá að það komi fram frá samningsaðilum hvort þeir eru tilbúnir í raun og veru til þess að gera þetta. Því er auðvitað ekki að leyna að fólkið í landinu hefur horft á þessa kjaradeilu og a.m.k. um tíma þótti mönnum sem svo að aðilar létu hana snúast um allt aðra hluti en kjarna málsins. Þjóðin getur auðvitað ekki horft upp á slíkt til lengdar. En komi það í ljós, eins og mér var tjáð af sjómönnum þegar ég gekk inn í þinghúsið, að þeir séu tilbúnir til þess að setjast niður á að veita þann umþóttunartíma í nokkra sólarhringa áður en frv. sem þetta er afgreitt frá hinu háa Alþingi.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Nú kvað við annan tón. Núna er undanhaldið hafið. Nú þarf að stíga eitt djarfmannlegt skref fram á við í viðbót, nefnilega þetta: Dragið þið frumvarpsnefnuna til baka svo mennirnir fái tóm til þess að lúka samningum án hótunar um lögbindingu.

Hæstv. forsrh. lét þess getið áðan að hann væri aldrei þessu vant ekkert hissa, hann væri ekkert hissa á því að stjórnarandstaðan hefði reynt í dag að koma vitinu fyrir stjórnina. Hann var ekkert hissa á því. Þetta minnir á að í útvarpsspjalli á gamlársdag kvað hv. 3. þm. Reykv. upp úr um að hann teldi það meðal markverðustu minninga sinna frá liðnu ári og árum hversu oft hæstv. forsrh. væri hissa. Hæstv. forsrh. hefur lýst hissu sinni yfir Seðlabankanum. Hann er ákaflega hissa á Jóhannesi Nordal. Hann er furðu lostinn yfir þeim tíðindum að eina afleiðingin af stjórnvaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar var að afnema hámarksvexti, þ.e. lögleiða okur. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað lýst sig ákaflega hissa yfir framferði embættismanna í bankakerfi og embættismannakerfi sem gera sig digra og framkvæma ekki ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. hefur lýst sig ákaflega hissa á Stefáni Valgeirssyni og ekki kem ég tölu á það hversu oft hann hefur verið hissa á þingflokksformanni sínum, Páli Pétursyni, þar sem hann hefur nú reyndar í blaðaviðtölum lýst því yfir að ekki sé mark takandi á Páli. En á einu er hann ekki hissa. Hann er ekki hissa á stjórnarandstöðunni. Við stjórnarandstæðingar, sem reynum nú að koma vitinu fyrir hann og félaga hans í þessu máli, erum m.ö.o. ekki í því kompaníi. Hann treystir okkur til góðra verka.

En ég kom hér upp af einni ástæðu fyrst og fremst eða öllu heldur tveimur. Í fyrsta lagi til að samfagna þeim sáttatón sem allt í einu heyrðist frá fyrrverandi framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, sem minntist þess greinilega að hann hafði einhvern tíma komið nærri kjarasamningum og vissi svolítið meira kannske hvernig þeir fara fram, og til að hvetja þá til að gleyma ekki þessum sáttatón og leggja á borðið með sér svolítinn verknað, nefnilega þann að draga frv. til baka.

En það er eitt atriði sem er seinasta hálmstrá stjórnarliða í þessu máli og það snýst um birgðahaldið. Þeir lýsa áhyggjum sínum yfir því — og það er raunverulega seinasta röksemdin fyrir þessu gerðardómsfrv. — að það varði þjóðarhag að birgðir séu ákaflega takmarkaðar. Enginn hefur vefengt það að þetta sé vandamál. En menn hafa spurt sem svo: Vissuð þið ekki áður að það væru háskalega litlar birgðir á Bandaríkjamarkað í landinu? Og menn hafa spurt sem svo: Hverjir bera ábyrgð á því að það er fiskleysi yfirvofandi á Bandaríkjamarkað? Menn hafa bent á að deiluaðilar, þ.e. sjómenn og farmenn, sem hérna er verið að leggja til að verði settir undir gerðardóm, hafa ekki áhrif á þetta mál. Þeir hafa ekki tekið þær ákvarðanir sem ráða neinu um það. Þeir bera ekki ábyrgð á því. Þeir verða ekki sakfelldir fyrir það.

En þýðingarmesta spurningin er þessi: Trúa hæstv. stjórnarliðar því að ef þeir keyra þetta mál í gegn með offorsi muni þeir þar með leysa birgðavandann á Bandaríkjamarkaði? Ég spyr. Birgðavandinn hefur verið þekktur lengi. Ekki voru það verkföll sem leiddu til þessa birgðavanda. Ekki voru það kjaradeilur. Birgðirnar hafa farið minnkandi án þess að það hafi verið neinar deilur uppi milli sjómanna og útgerðarmanna. Og telja menn þá líklegt að það eitt að binda enda á þessar deilur muni leysa þennan birgðavanda? Horfi menn svolítið fram í tímann. Ef sjómenn komast að þeirri niðurstöðu að þeir sætti sig ekki við óbilgirni í þessu máli, að þeim gefist ekki tóm til þess að semja, að málið sé tekið úr höndum sáttasemjara og deiluaðila þótt ýmis mál

hafi verið leyst og þótt hvorugur aðilinn hafi lýst því yfir að þrautreynt hafi verið um samkomulag, ef þeir bregðast við á þann veg að afmunstra sig af skipum sínum, leysir það birgðavandann? Af hverju stafar þessi birgðavandi og hverjir bera ábyrgð á honum? Auðvitað má rekja hann til ákvörðunar útgerðarmanna. Og ég er ekkert að sakfella þá. Ég nefni sem dæmi frystihús vestur á Ísafirði, Norðurtanga, sem lengi vel beindi um 90% af framleiðsluvörum sínum á Ameríkumarkað en á s.l. ári var það hlutfall komið niður undir 20%. Hvers vegna? Rökin sem þeir nefndu voru þau að hagsmunir fyrirtækisins væru þeir að þeir beindu afurðum sínum á aðra markaði. Gengisþróun dollars hefur verið óhagstæð, kostnaður við markaðsöflun og markaðssetningu, sölu, dreifingu og umboðslaun í Bandaríkjunum er mikill. Það sem eftir stendur er tiltölulega lítið í samanburði við markaðssetningu á Evrópumörkuðum. Gengisþróun á Evrópumörkuðum hefur verið hagstæðari. Verðþróun hefur verið hagstæðari.

Á grundvelli slíkra upplýsinga um hag fyrirtækja hafa útgerðarmenn, sem stundum eru líka eigendur vinnslunnar í landinu, tekið ákvarðanir um að beina afurðunum á aðra markaði sem hefur leitt til þess, og við höfum séð það stig af stigi, að birgðahald vegna Bandaríkjamarkaðar hefur farið minnkandi. Nú spyr ég: Þeir sem bera ábyrgð og tóku þessar ákvarðanir voru útgerðarmenn. Hefur ríkisstjórnin séð einhverja ástæðu til þess að hlutast til um það að þessum ákvörðunum yrði breytt? Nú er ég ekki talsmaður þess að ríkisstjórnir séu með nefið niðri í hvers manns koppi eða úthluti mönnum fiski eða úthluti mönnum kvótum, en það er hlutverk ríkisvaldsins að grípa til ráðstafana í tæka tíð. Ef hún taldi á liðnu ári að þetta ástand væri hættulegt, þá spyr ég: Hvaða ráðstafanir gerðuð þið? Hvaða ráðstafanir gerðu þeir til að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri hagkvæmni sem er í því að flytja óunninn fisk á Evrópumarkaði? Hvað hefði verið hægt að gera til þess? Hefði t.d. mátt gera tilraun til þess að stuðla að frjálsu fiskverði og uppboðsmörkuðum sem hefðu þá þýtt það að draga úr hvata manna til að flytja óunninn fisk úr landi? Hefði það getað stuðlað að aukinni birgðasöfnun? Hefði það dregið úr hættunni á því að við glötuðum markaðshlutdeild okkar í Bandaríkjunum? Spurningin er þessi: Hvað gerði ríkisstjórnin? Hafði hún það ekki í huga meðan hún átti að gera það að það væri að skapast hættuástand? Af hverju er hún að varpa sök, sem hún ber sjálf og aðrir aðilar í þjóðfélaginu, yfir á sjómenn og deiluaðila? Þetta eru augljósar spurningar og þeim hefur ekki verið svarað þannig að þetta seinasta hálmstrá um það að birgðavandinn sé höfuðástæðan fyrir því að ríkisstjórnin verði að grípa til gerðardóms á sjómenn stenst ekki. Jafnvel þó þessi gerðardómslög verði samþykkt og sáttatónninn frá hæstv. fjmrh. gleymist mun það ekkert leysa þennan birgðavanda. Það verður að grípa til annarra ráðstafana til þess. En einu gætu þeir kannske spurt sjálfa sig að. Menn spyrja um það í verkföllum eins og þessum hvað tap þjóðarbúsins sé mikið. Þetta er dálítið undarlegt verkfall vegna þess að það er fjöldi skipa að veiðum á sjó. Ég veit ekki nákvæmlega hvað þau eru mörg. Hinir vösku sjómenn, sem hæstv. fjmrh. nefndi hér og voru í anddyrinu áðan, sögðu að þau væru a.m.k. 30 eða 40. Það er þó nokkur afli um borð í þessum skipum. Er ríkisstjórnin reiðubúin til þess að beita áhrifum sínum á útgerðarmenn þessara skipa til þess að þau komi nú í land og þessi afli verði unninn hér heima? Ég veit að það er ekkert hagsmunamál sjómanna sem hafa verið að búa sig undir siglingu að svo verði gert. En sjómenn eru þjóðhollir menn. Þeir hafa áður sýnt í verki að þá munar ekki um að taka á sig byrðar og þeir kippa sér ekki upp við smámuni. Gæti það verið leið til að stuðla að sáttum í þessari deilu ef ríkisstjórnin beitti áhrifum sínum til þess að þessi skip kæmu í land sem sum hver hafa verið borin sökum um verkfallsbrot, að þessi fiskur yrði unninn í landinu og honum yrði beint á Ameríkumarkað?

Herra forseti. Seinasta hálmstráið, birgðavandinn, er dálítið út í hött vegna þess að það er alveg ljóst mál að jafnvel þó þessi lög væru samþykkt mundi það ekkert bægja frá dyrum okkar þeim fyrirsjáanlega vanda sem er búinn að vera augsýnilegur lengi og stafar af allt öðrum ástæðum og það er skortur á fiskafurðum á Bandaríkjamarkað til að tryggja þar markaðshlutdeild okkar.

Að lokum ein spurning í framhaldi af sáttatóninum: Hvernig væri nú að hæstv. ráðherrar svöruðu því hér og nú: Eruð þið reiðubúnir til þess að taka þetta frv. til baka? Hæstv. forsrh. hefur stundum sagt: Menn vaxa af því að viðurkenna mistök sín. Menn eiga að vera hreinskilnir og mannlegir og menn eiga að segja: Já, okkur urðu á mistök. Þetta er óundirbúið. Þetta var ótímabært. Það eru uppi sáttaumleitanir og samningavilji. En auðvitað semja menn ekki með slíkt sverð yfir höfði sér. Auðvitað er það fyrsta skilyrðið að ríkisstjórnin dragi þetta frv. til baka. Takið þið hugmyndum Farmanna- og fiskimannasambandsins vel. Setjið þið þetta mál í sáttanefnd og breytið þið vinnubrögðum. Reynið þið að ná sáttum og stuðla þannig að lausn málsins.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Með nýjustu yfirlýsingu sinni af hálfu hæstv. fjmrh. hefur ríkisstjórnin í rauninni viðurkennt að ekki sé ástæða til þess að vera með lagasetningu á þessu stigi og hún hefur í rauninni sagt að þetta frv. sé óþarft eins og sakir standa. Komi til lagasetningar einhvern tíma síðar verður það væntanlega á öðrum forsendum en ríkisstjórnin hafði þegar hún bar frv. fram. Þess vegna skora ég á ríkisstjórnina að draga þetta frv. til baka, en ef hún fellst ekki á það tel ég einsýnt að dagskrártillaga okkar Alþýðuflokksmanna um að taka málið út af dagskrá eigi þegar að koma til atkvæða og beini því til forseta með tilvísun í þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. 3. þm. Reykn. að það er komin upp algerlega ný staða í þessu máli. Stærri stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., eða formaður hans hefur lýst því yfir að það eigi að reyna til þrautar að ná sáttum næstu daga. Við þær aðstæður er gjörsamlega fráleitt í rauninni að knýja hér fram umræður með þeim hraða sem hefur verið í dag. Með tilliti til þessara nýju aðstæðna vil ég óska eftir því við hæstv. forseta Nd. að hann geri ráðstafanir til þess að formenn eða forustumenn þingflokkanna í þessari hv. deild geti hitt hann og hæstv. ráðherra sem hlut eiga að máli til að fara yfir þetta mál vegna þess að það hefur verið gert ráð fyrir því að það verði umræða um þetta mál hér áfram og í nefnd í kvöld og jafnvel hér í deildinni í kvöld eða nótt og síðan á morgun. Það er útilokað annað í ljósi yfirlýsinga hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl., en að endurmeta stöðuna. Ég fer fram á það við hæstv. forseta Nd. að hann geri það eigi síðar en nú þegar.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Út af fyrir sig hefur forseti þessarar deildar ekkert á móti því að „endurmeta stöðuna" og kalla til fundar ýmsa forustumenn þingdeildarinnar. (**GJG:** Ég skal falla frá orðinu ef forseti vill það.) En hins vegar eru nú orðnir mjög fáir á mælendaskrá og ég held að það sé hægt að ljúka þessari umræðu. Það liggur fyrir till. um rökstudda dagskrá. Hún kemur að sjálfsögðu til atkvæða og þá kemur í ljós hver viljinn er þegar þessari umræðu er lokið.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Þeir hv. 3. þm. Reykv. og Reykn. hafa að mestu tekið af mér það ómak að segja það sem ég ætlaði fyrst og fremst að láta uppi. Að óbreyttum aðstæðum hefði ég mjög gjarnan viljað ræða nokkuð ítarlega í sambandi við farmenn hvort í þeirra kjarasamningi sé búið að taka nægilega mikið tillit til þess að þar sem þeir stoppuðu kannske í heimahöfn áður þrjá, fjóra, fimm daga stoppa þeir nú kannske hálfan dag eða einn dag vegna gjörbreyttrar tækni. Þar sem þeir stoppuðu í erlendum höfnum einn, tvo, þrjá daga stoppa þeir núna kannske í hæsta lagi einn dag. Er tekið tillit til þess gífurlega álags sem er á farmönnum þegar þeir sigla á ströndina og í erlendum höfnum og þess að það er ódýrara að láta skipshafnir vinna við að ganga frá farmi, losun og lestun en menn úr landi vegna þess að kaupið er lægra? Að vísu eru komin ákveðin tilboð frá Vinnuveitendasambandinu sem ekki er tími til að fara ofan í, en ég held að þarna hljóti að vera flötur sem hægt sé að ná samkomulagi um og það sé fráleitt að neita að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna hjá farmönnum.

Ég þekki töluvert til þessara mála. Það eru alls konar vandamál þarna á ferðinni, samskiptaerfiðleikar og annað. En þetta er gjörbreytt hjá farmönnum, öll þeirra vinnuaðstaða o.s.frv.

Ég mun ekki fara í ítarlegar umræður sem hefði þó verið út af fyrir sig gaman að. Menn deila um birgðastöðu í Bandaríkjunum og birgðastöðu hér heima. Út í það væri hægt að fara nákvæmlega. Aðeins til að skjóta því að ef það borgar sig ekki að selja á Bandaríkjamarkað: Hverjir eru að reyna að komast inn á hann? Það er samkeppnisþjóð okkar Norðmenn, sem hafa selt í Vestur-Evrópu, sem eru að reyna að komast þar inn. Þarna er því til staðar ákveðið vandamál. Hvort hægt er að kenna sjómönnum um það dreg ég í efa.

Ég skal ekki fara í einstök atriði í þessari deilu þó að ég gæti það. Ég vil aðeins minna á að það að stunda sjó á fiskiskipum við Íslandsstrendur árið um kring er ekki orðið á færi, eins og nú er háttað vinnubrögðum, nema manna á albesta aldri. Það er ekki á færi annarra. Það álag er orðið svo mikið.

Það er deila þarna um skiptaprósentu. Það má vel vera að það hafi verið mjög gagnrýnisvert hvernig á þeim málum hefur verið haldið, kannske að sumu leyti af beggja hálfu. En ég ætla ekki að fara út í það þó það væri ákaflega freistandi. Ég geymi mér það ef þetta mál kemur hér fyrir aftur sem ég vona að verði ekki.

En forsrh. gaf í skyn að ekki skipti máli hvort þetta væri deginum fyrr eða seinna. Svo skeði sá stórkostlegi atburður, sem virðist alveg gjörsamlega breyta þingsölum, að hæstv. fjmrh. hitti sjómenn og þeir sögðu honum að þeir vildu semja. Ja, þvílík ógæfa að hann hitti þá ekki fyrir viku. Þá fékk maðurinn allt í einu vitrun og keyrir beint inn í síðuna á forsrh. Þetta er út af fyrir sig ásigling sem er ágæt. Þeir gætu kannske rétt sig af og orðið samsíða. Og ég vil ekkert vera að egna þá eitt eða neitt saman. Mér sýnist hins vegar kominn grundvöllur fyrir því að samningaviðræður hæfust bara í kvöld. Ég hef orð fjmrh. fyrir því að sjómenn vilji semja. Því þá ekki að hætta þessu karpi hér? Þetta eru svo alvarleg mál, bæði fyrir þjóðfélagið og eins að beita þessum neyðarrétti að banna verkföll.

Farmenn voru leystir út úr verkfalli í fyrra. Á nú að gera það aftur? Ég veit að það er vandaverk þarna á ferðinni og hef ekki tíma til að útskýra það. Ef þetta liggur fyrir, af hverju á þá að vera að pressa þessi mál hér og nú? Drífum bara á samningafund og ef sjómennirnir verða eitthvað erfiðir er bara að láta fjmrh. tala við þá, a.m.k. að láta hann hitta þá.

Ég geri út af fyrir sig ekkert lítið úr vandanum. En ég vil mjög alvarlega fara þess á leit við alla þá aðila sem hlut eiga að máli að þeir keyri þetta mál ekki hér í offorsi. Það má sjálfsagt fá þingmeirihluta fyrir afgreiðslu málsins. Það er ófarsælli lausn fyrir alla aðila. Það langsamlega æskilegasta væri að þarna væri hægt að ná samkomulagi. Ég held við séum öll sammála um það. Eigum við þá ekki að leggja þetta karp niður, láta deiluaðila, sem hafa lýst því yfir að þeir vilji hefja viðræður aftur, vinda sér í þær? Gangi það ekki, verði allt gikkfast eftir einhvern ákveðinn tíma, er þá ekki hægt að taka þetta mál hér fyrir aftur?

Ég held að það sé bara til skaða að menn séu með

ýfingar og hörkudeilur og að verið sé að veifa hættulegum vopnum eins og að banna verkföll. Að reyna að fá deiluaðila til að setjast niður og semja er mesta gæfusporið, bæði fyrir þjóðina í heild og samningsaðila. Ég vildi biðja menn um að slíðra sverð hér í sölum og hafa þessa lausn í huga sem þeir voru að benda á þm. áðan. Ég held að það sé gæfuleiðin í þessu.

Ellert B. Schram:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu og skal ekki lengja hana um of, en ég hef í allan dag hlustað á mjög marga þm. tala aðallega upp til pallanna og mér finnst lítið til þeirra leggjast sumra að nota tækifærið til þess að skattyrðast við Kristján Ragnarsson, fjarstaddan manninn. Það er alveg sama hvaða afstöðu við höfum til þessarar deilu milli sjómanna og útvegsmanna, það er óviðeigandi og ódrengilegt að níða skóinn niður af manni sem heitir Kristján Ragnarsson, jafnvel þó menn haldi að hann hafi einhver áhrif í þessari deilu. Einhvern tímann hefðu menn nú hér á Alþingi staðið upp í fimm eða sex tíma umræðu og tekið upp hanskann fyrir útgerðina og talsmenn hennar.

Að þessu mæltu vildi ég segja að ég hef hlustað hér á umræður eins og aðrir þm. Ég fékk þetta frv. í hendurnar klukkan tvö eins og mér skilst að aðrir þm. hafi fyrst séð það og ég hef verið að leitast við að gera upp við mig hvort það væru svo ríkar ástæður sem réttlættu að hér væri flutt frv. til laga um að svipta sjómenn verkfalls- og samningsréttinum. Ég hef lesið frv. yfir og grg. og mér sýnist að þm. séu almennt sammála um það beggja megin borðsins að langveigamestu rökin séu þau að markaðir okkar fyrir vestan séu í hættu vegna birgðaskorts. Ég held að það hafi ekki farið á milli mála að í þessum umræðum hefur komið í ljós að þessi forsenda stenst engan veginn. Birgðaskorturinn á sér miklu lengri aðdraganda og hann verður ekki leystur þó að verkfalli verði afstýrt nú næstu daga.

Ég held að ástæðan fyrir því að birgðaskortur er fyrir hendi fyrir vestan og að markaðirnir eru í voða sé einfaldlega sú að þeir sem gera út á fisk, þeir sem lifa af því að gera út á fisk, bæði útgerð og sjómenn, hafa séð sér hag í því að selja fiskinn annað og haft meira upp úr því. Hvaða stefna er það fyrir íslenskt þjóðarbú að selja fisk upp á líf og dauða inn á þann markað sem við fáum kannske lakasta verðið á? Ég mundi telja að það sé vísvitandi lífskjaraskerðing sem ég mundi ekki fyrir mitt leyti styðja eða taka undir. Ég held að það sé ósköp eðlilegt að útgerðin og sjómennirnir standi saman um að reyna að selja fiskinn á þann markað þar sem fæst mest fyrir hann. Sú þróun er augljós og henni verður ekki snúið við hvort sem við getum afstýrt verkfalli nú eða ekki.

Mér sýnist þess vegna, herra forseti, að þetta mál snúist um tvennt. Annars vegar um það hvort nokkrir fiskkaupendur í Bandaríkjunum verði fisklausir í nokkra daga, fiskkaupendur sem borga mun lægra verð en margir aðrir, eða hins vegar hvort aðilar innan sjávarútvegsins eigi að axla þá ábyrgð að leysa sín eigin mál og að sjómenn fái eins og aðrir að halda sínum samningsrétti og verkfallsrétti í lengstu lög. Ég skal viðurkenna það, herra forseti, að ég á mjög auðvelt að gera það upp við mig að standa frekar með hagsmunum íslenskra sjómanna en hagsmunum bandarískra veitingahúsa.

Nú hefur það gerst í lok þessarar umræðu að hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. hefur komið inn í umræðuna og lýst því yfir að hann sé fús til að styðja þau vinnubrögð að nú verði látið á það reyna hvort sjómenn og útvegsmenn geti náð samkomulagi og hann talar um að það eigi að láta á það reyna næstu sólarhringa. Ég tek undir þetta tilboð og þessa tillögu formanns Sjálfstfl. sem ég tel að sé drengileg og vel mælt og heiðarleg tilraun til að leysa þessa deilu.

Farmanna- og fiskimannasambandið mun hafa gert tillögu um að skipuð verði samninganefnd þriggja alþm. Ég segi: Auðvitað vísum við þessu máli bara aftur til sáttasemjara þar sem málið á að vera. Hvað eru menn að gera með embætti sáttasemjara ríkisins sem gefst svo upp eftir tveggja eða þriggja sólarhringa viðræður? (**GJG:** Oft vinnur sáttanefndin með sáttasemjara.) Já, já, alla vega skiptir það ekki meginmáli hvort það er sáttanefnd og það mega allir vera í sáttanefnd mín vegna. Ég held að málið eigi heima núna hjá sáttasemjara og eftir þetta tilboð formanns Sjálfstfl. á málið að fara beinustu leið inn í Karphús aftur og þar á að leysa það. Þess vegna styð ég tilboðið heils hugar. Ég held að það sé út af fyrir sig bæði þýðingarlaust og vitlaust að halda þessari umræðu áfram lengur og styð því þær tillögur sem fram hafa komið hér um að þessari umræðu verði nú þegar frestað.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að biðja hv. forseta að taka tillit til þeirra beiðna sem komið hafa fram frá tveimur þingflokkum stjórnarandstöðunnar vegna þess hve öll aðstaða í þessu máli hefur breyst. Ég fer fram á að það verði haldinn fundur með formönnum þingflokka og forsetum þingsins vegna þessarar breyttu aðstöðu og tekin afstaða til framhalds þessa máls. Ég flyt þessa beiðni til hv. forseta og bið að það verði tekið tillit til hennar.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Vegna þessarar athugasemdar mun forseti fyrir sitt leyti stuðla að því að slíkur fundur verði haldinn.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Mér sýnist alveg ljóst að það sé vilji þm. að þessum málatilbúnaði verði ekki haldið áfram. Málin eru komin í algjörlega nýja stöðu. Það liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstjórninni, ég verð að skilja það svo þegar hæstv. fjmrh. talar, a.m.k. formanni Sjálfstfl. um það að þetta mál eigi að fara úr farvegi þingsins og til samningsaðila. Þetta er

nákvæmlega það sama og ýmsir þm. stjórnarandstöðunnar hafa verið að tala um. Þetta er reyndar nákvæmlega það sama og við þm. Alþfl. höfum flutt tillögu um. Við viljum bjóða það, þm. Alþfl., að draga okkar tillögu til baka og gefa ríkisstjórninni þannig tækifæri til að hafa frumkvæði að því að draga sína tillögu til baka. Það sem ríkisstjórnin á að gera í þessu tilviki teljum við að sé augljóslega það að draga sína tillögu til baka og þá erum við tilbúnir til þess að draga okkar tillögu til baka. Ég beini þessu til ríkisstjórnarinnar. Ég held að það væri farsæll endir á þessu máli eins og það er nú að það væri alls ekki í farvegi þingsins heldur einmitt hjá samningsaðilum eins og hæstv. fjmrh. sagði að það ætti að vera og eins og við þm. stjórnarandstöðunnar höfum bent á að það ætti að vera.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Út af þessum ummælum hv. 3. þm. Reykn. vill forseti endurtaka að hann mun beita sér fyrir því að slíkur fundur verði haldinn sem hér hefur verið gerð uppástunga um, en forseti hefur ekki neina aðstöðu til þess út af fyrir sig eða til að ljúka hér umræðunni. (**Forsrh.:** Má ég biðja um að fundi verði frestað í korter svo að sá fundur geti orðið?) Hæstv. forsrh. óskar eftir fundarhléi.

Páll Pétursson:

Mér þykja það gleðileg tíðindi hvað menn eru orðnir sáttfúsir. Það yrðu engir ánægðari en við stjórnarsinnar ef samningar tækjust. Ég held að það sé rétt meðferð á þessu máli að vísa því til nefndar, ljúka 1. umr. málsins hér. Það eru sex umræður sem fram þurfa að fara um málið. Ég held að það sé rétt að ljúka þessari fyrstu umræðu í deildinni og halda síðan fund með formönnum þingflokka. Ef hinir sáttfúsu menn geta náð samkomulagi, skynsamlegu samkomulagi á skömmum tíma, mundi málið að sjálfsögðu ekki þurfa að halda áfram í gegnum nefndina, en tíminn er naumur og markaðir okkar í Bandaríkjunum eru mikilvægir. Þjóðarhagsmunir krefjast þess nefnilega að þessi deila leysist fljótlega. (**GHelg:** Sendum þeim bara hval.) Það eru okkar hagsmunir að selja veitingahúsum í Bandaríkjunum fisk. Á þeim afla sem fiskast, á því sem dregið er úr hafinu lifir þessi þjóð. Þess vegna er það mikilvægt mál sem við erum að fjalla hér um. Ef verulega gengur saman í nótt getum við látið þetta mál bíða, ef ekki, verður málið náttúrlega að hafa sinn gang í gegnum þingið.

Þessi frumvarpsflutningur hefur vonandi komið skriði á samningaviðræðurnar fyrir utan þá ánægju sem menn hafa haft af því að tala hér upp til pallanna, bæði stjórnarandstæðingar og fjmrh.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að rifja upp að það sem hefur sett þetta mál í nýjan farveg eru ummæli formanns stærri stjórnarflokksins, hæstv. fjmrh., sem hann lét falla, ummæli á þá leið að hann, og hann talar væntanlega í umboði flokksins, vildi í lengstu lög virða þá meginreglu að aðilar semdu sjálfir um kaup og kjör, að reynt yrði á það til hlítar að ná frjálsum samningum. Hann upplýsti að við göngu sína inn í þetta hús hefðu sjómenn tjáð honum að þeir væru reiðubúnir að leggja nótt við dag til að freista samninga og hann lýsti því að lokum yfir, væntanlega í umboði síns flokks, að eðlilegt væri að þeir fengju tóm til þess. Þetta er hin nýja staða málsins og þá er spurningin þessi: Til þess að koma málinu aftur í hendur réttra aðila, þ.e. deiluaðila, samningsaðila og sáttasemjara, á að taka það úr höndum þingsins. Það á að hætta þessari umræðu vegna þess að menn skulu gera sér eitt ljóst: Við samningaborðið næst enginn árangur ef þetta frv. er að þvælast inni í þinginu eins og Damóklesarsverð yfir höfðum manna. Það verða engir samningar meðan sú hótun um gerðardóm er enn við lýði og útgerðarmenn geta gengið að því sem gefnu í samningaumleitunum. Aðilar eiga að vera á jafnréttisgrundvelli. Sá nýi tónn sem hér hefur kveðið við er um þetta. Hæstv. fjmrh. hefur sagt: Gefið þeim tóm til að semja.

Við þm. Alþfl. höfum sagt: Vísum þessu máli frá með rökstuddri dagskrá. Við erum hins vegar að segja allt annað en hv. þingflokksformaður Páll Pétursson, sem er það að hafa málið í meðförum þings, vísa því til nefndar og koma þannig í veg fyrir að frjálsir menn geti sest niður við samningaborð og samið. Í nafni sáttfýsi höfum við sagt: Við erum reiðubúnir til þess, ef ríkisstjórnin vill fylgja eftir orðum hæstv. fjmrh., hafa frumkvæði að því að taka þetta mál af borðum þm. og af vettvangi þingsins, að draga til baka till. okkar um rökstudda dagskrá. Þá nýtur ríkisstjórnin frumkvæðis síns og leggur áherslu á að hún hafi sjálf haft frumkvæði að því að koma málinu aftur með auknum þunga í réttan farveg samninga. Um þetta snýst málið. Við erum tilbúnir að draga þessa till. til baka ef við fáum yfirlýsingu hér og nú, ekki frestun funda, hér og nú, frá hæstv. ríkisstjórn um að í samræmi við ummæli hæstv. fjmrh. og til þess að undirstrika sáttavilja sinn hafi hún frumkvæði að því að taka málið úr farvegi þingsins. Ef við fáum ekki slíka yfirlýsingu föllumst við ekki á frestun og þá munum við og ég sem flm. þessarar till. árétta kröfu mína um það að á það verði látið reyna hvort hér er þingmeirihluti í samræmi við okkar skoðanir, skoðanir hæstv. fjmrh. um að á það verði látið reyna í frjálsum samningum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hef lýst því yfir bæði í framsöguræðu og seinni ræðu minni að ríkisstjórnin leggur á það áherslu að frjálsir samningar megi takast og það mun verða veitt svigrúm til þess að á það reyni til hlítar. M.a. í meðförum nefndar getur ýmislegt komið fram sem getur stuðlað að því að samningar takist. Ég vek athygli á því að hér hefur verið lesið bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem leggur til að þriggja manna sáttanefnd þing-

manna verði skipuð í þetta mál. Er ekki eðlilegt að sjútvn. fjalli um málið? Ég vil því lýsa því yfir að ekki mun verða þrýst á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að fá málið frá nefndinni ef einhver von virðist vera um að frjálsir samningar takist. Veitt verður svigrúm til þess að það komi í ljós, en langeðlilegast er að mati ríkisstjórnarinnar að málið fari til nefndar. Ég lýsi því yfir að svigrúm verður veitt, þótt málið sé í nefnd, til að reyna frjálsa samninga.

Ég get upplýst að tilraunir eru nú í gangi. Málið er alls ekki úr hendi sáttasemjara. Hann er með það á sínu borði. Ég ræddi við sáttasemjara fyrir örskömmu og hann er að reyna að ná aðilum til fundar. Á það verður látið reyna. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, m.a. af hv. þm. áðan. Það er sáttartónn og við skulum nota okkur hann og veita svigrúm til þess að á hann reyni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér sýnist í rauninni að þetta mál sé orðið nokkuð skýrt. Það hefði verið æskilegt að forustumenn þingflokka og forseti hefðu hist út af þessu máli, en ég sé ekki betur en að stjórnarliðið sé að herða sig upp í það að hafa þá skoðun á málinu núna að það eigi að afgreiða þetta frá 1. umr. og til nefndar. Það var a.m.k. yfirlýsing hæstv. forsrh. og formanns þingflokks Framsfl. áðan. En nú er liðin sú tíð að þeir tali fyrir ríkisstjórnina. Það hefur gerst frá og með deginum í dag í þessum málum. Þannig er óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um hvaða afstöðu Sjálfstfl. hefur í þessu máli líka, hvort hann er þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að ljúka 1. umr. málsins og setja það í nefnd.

Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla því mjög harðlega að þetta mál verði sett í nefnd. Ef það á að ná árangri í samningum næstu daga á að draga frv. til baka. Það er fráleitt við þessar aðstæður að vísa málinu í nefnd vegna þess að þar með er í rauninni hótunin yfir höfði manna áfram og við þær aðstæður gera menn ekki skynsamlega samninga. Það er ekki hægt. Þess vegna skora ég á hæstv. ríkisstj. að stíga nú skrefið til fulls afturábak í þessu efni og draga frv. til baka. Það liggur fyrir eftir þennan umræðudag að ríkisstjórnin telur að frv. hafi verið frumhlaup og að ákvörðunin um að kalla saman þing í dag til að fjalla um þetta mál hafi líka verið frumhlaup. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á þeirri stöðu. Þess vegna skora ég enn og aftur á hæstv. ríkisstj. að hún dragi þetta mál til baka.

Ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að hér liggur einnig fyrir till. til rökstuddrar dagskrár sem ég er samþykkur út af fyrir sig. Ef ríkisstjórnin ekki dregur frv. til baka og till. um rökstudda dagskrá verður felld, er þá meiri hluti þingsins að segja að málið megi ekki fara fyrir samningsaðila, vegna þess að innihald hinnar rökstuddu dagskrár er það að málið fari fyrir samningsaðila? Felli meiri hluti þingsins þessa rösktuddu dagskrá er hann að hafna yfirlýsingum forustumanna stjórnarflokkanna áðan. Þess vegna sé ég ekki betur en að ríkisstjórnarliðið hér hljóti, ef það vill fylgja niðurstöðum sínum og afstöðu eftir, að samþykkja þessa till. um rökstudda dagskrá. Það eitt er í samræmi við yfirlýsingar forustumanna stjórnarflokka. Ef þeir ekki fallast á þessa till. um rökstudda dagskrá eru þeir auðvitað bara að segja: Við getum ekki fallist á hana vegna þess að till. er komin frá stjórnarandstöðuflokki. Þessi till. er flutt af þm. Alþfl. Ég get fyrir mitt leyti stutt þessa till. með ánægju. Ég tel það eðlilegt við þessar aðstæður ef ríkisstjórnin vill ekki hér og nú ganga fram og segja: Burt með pappírinn. Þetta er hvort eð er tóm vitleysa. Það vita það allir eins og staðan er núna.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég flutti beiðni áðan um að haldinn yrði fundur og ég vil fara fram á að þessi fundur verði haldinn nú þegar áður en nokkurt skref verður stigið í þessu máli. Það er rétt sem fram hefur komið hjá þeim sem hafa talað á undan mér. Frv. sem hér er verið að ræða á ekki að fara lengra. Það er rökrétt að það fari ekki lengra í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja. Þess vegna er nauðsynlegt að þessi fundur verði haldinn nú þegar áður en nokkur frekari skref verða stigin í málinu eða ákvarðanir teknar. Ég fer fram á að þessi fundur verði haldinn nú þegar og gert verði hlé á þessum þingfundi.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þegar málið er komið í þennan farveg og ljóst að samningsaðilar vilja semja og það hefur komið fram, það er ljóst að það er ætlunin og ákvörðun um að veita eðlilegt svigrúm fyrir samningsaðila til þess að takast á um það verk sem þeir eiga sannarlega að sinna sjálfir, er ástæðulaust að deila mikið um aukaatriði og formsatriði. Aðalatriðið er að þetta svigrúm verði veitt til raunhæfra kjarasamninga. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt og ekkert fordæmalaust að ég hygg að málið fari til þingnefndar. Hún þarf ekki frekar en hún vill að taka það fyrir. Það er eðlilegt að samningsaðilar setjist niður, en ástæðulaust að gera fjaðrafok mikið út af formsatriði eins og þessu heldur skiptir öllu máli að menn taki á af fullri alvöru. Nú verður þetta svigrúm veitt, menn fá tækifæri til að sýna hvort þeir geta tekist á við verkefnið í frjálsum kjarasamningum. Það skiptir mestu máli og ekkert óeðlilegt við það að málinu sé að lokinni þessari umræðu vísað til sjútvn. Því fylgir engin hótun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eða Alþingis. Þess vegna mæli ég með því að sú málsmeðferð verði á höfð.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Ég mótmæli því algjörlega að hér sé verið að deila um aukaatriði eða formsatriði. Það skiptir höfuðmáli hvort það á að vísa mönnum enn á ný til samningaþófsins með svipu lagasetningarinnar hangandi yfir sér eða ekki. Valið stendur á milli þess hvort menn vilja hér játa frumhlaup sitt, játa þau mistök sem hafa hér orðið og taka málið út úr

þinginu, láta samningsaðila setjast eins og frjálsa menn að samningum eins og þeir hafa lýst sig fúsa til og þeir hafa lýst því yfir að það hafi verið svigrúm til að semja. Þetta er ekki spurning um aukaatriði eða formsatriði heldur spurning um þetta. Við höfum heyrt lýsingar á því hvaða gagn er af samningaprósessnum þegar menn á undanförnum dögum hafa haft þetta mál hangandi yfir sér. Það skiptir ekki höfuðmáli hvort menn vita af málinu tilbúnu í skrifborðsskúffunni uppi í ráðuneyti eða liggjandi á borðum þingnefndar. Aðalatriðið er að málið á að fara út úr heiminum. Fyrst þessi niðurstaða er komin er augljóst mál að flm. frávísunartillögunnar munu halda fast við að hún komi til atkvæða og það sem allra fyrst. Ég geri það að tillögu minni eftir yfirlýsingu fjmrh. að málið verði látið koma til afgreiðslu nú og það verði ekki gefið neitt sérstakt tóm til þingflokksformannafunda. Málið er alveg ljóst frá hendi ráðherra og hvaða farveg málið á að fara í.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér finnst fara fram nokkuð undarleg umræða. Þessi deila er búin að standa yfir alllengi og það var á milli jóla og nýárs að það fóru fram í landinu samningar um fiskverð. Deiluaðilar vísuðu því þá til ríkissáttasemjara að þess yrði farið á leit að reynt yrði að hafa þau áhrif á þá fiskverðsdeilu að náð yrði heildarsamkomulagi um málið. Ríkissáttasemjari kom þeim tilmælum á framfæri við ríkisstjórnina og það var reynt að hafa þau áhrif á mál að heildarsamkomulag næðist um fiskverð. Það gerðist sem betur fer af ýmsum ástæðum og sérstaklega var það vegna þess að forustumenn fiskvinnslunnar gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að það gæti gerst á gamlársdag. (**KP:** Forseti. Eru þetta þingsköp?) (**Forseti:** Þetta eru þingsköp.) Ég ætla aðeins að halda áfram. Ég skal ekki vera langorður, hv. þm. Karvel Pálmason. (**KP:** Ég var ekki að biðja um neitt.)

Síðan gerist það, eins og hér hefur komið fram, að það þurfti aftur að hafa afskipti af þessari deilu. Þá talaði ríkisstjórnin við alla deiluaðila og það bar öllum saman um að málið var komið í hnút. Á sunnudag var málið aftur komið í hnút og það lá fyrir að fundum yrði slitið og fundir yrðu ekki boðaðir á næstunni. Það var haldið áfram að ræða málið og að því loknu bar öllum deiluaðilum saman um, sama hvað er sagt í dag, að málið væri komið í hinn versta hnút og þeir sæju ekki fram á að það yrði tekið upp á næstunni.

Hér tala menn um að það séu engin vandamál. Það séu engin vandamál í Bandaríkjunum. Það séu einhverjar veitingahúsakeðjur sem þar sé verið að tala um. Er ekki ástæða til þess fyrir hv. þm. og þá sérstaklega sem eru í sjútvn. að málinu sé vísað til sjútvn. þannig að menn fái tækifæri til að tala við deiluaðila, þannig að menn fái að meta þau sjónarmið sem eru hjá þeim og meta málið í heild? Það væri vissulega gleðilegt að það væri komið meira sáttahljóð í málið og ég er fullviss um að sjómenn hefðu getað náð mjög góðum samningum í þessu sambandi. Ég er fullviss um það. Hitt er svo annað mál að þar eru margir aðilar, fjórir aðilar sem eiga hlut að máli og þeim tókst ekki að ná saman. En eftir að þm. hafa kynnt sér sjónarmið manna í þingnefnd væri vonandi að eitthvað hefði gerst þar. En er ekki rétt og nauðsynlegt að til þess að svo megi verða verði þessu máli tafarlaust vísað til þingnefndar þannig að þingnefndin geti tekið til við að kynna sér sjónarmið aðila í þessari mjög alvarlegu deilu sem mér þykir miður að menn skuli leyfa sér að gera lítið úr á Alþingi?

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil freista þess að koma með málamiðlunartillögu um meðferð þessa máls. Ég er ekki ein af þeim sem hafa sérstaklega gaman af að heyra menn játa frumhlaup sín. Mér finnst það hins vegar ánægjulegt ef Alþingi Íslendinga kemur sér saman um að reyna að leysa þetta mál. Verði það hæstv. ríkisstj. óbærilegt að málið fari ekki í nefnd hygg ég að það megi leysa með því að við sendum það nú til nefndar með einu skilyrði, að Alþingi komi ekki saman fyrr en 19. þ.m. eins og það átti að gera. Þar með tel ég að ríkisstjórnin hafi komið svo vel til móts við samningsaðila og gefið þeim þann tíma að ég held að við þetta ættu allir að geta sætt sig.

Við skulum ekki gleyma því, sem ég held að hafi tæplega komið fram í þessari löngu umræðu hér í dag, að mönnum liggur ekki öllum á að komast til veiða. Þeir sem eru á sóknarmarki eru nokkuð rólegir og þeir sem eru á aflamarki vita að þeir ná upp þeim fiski sem þeir mega ná upp. Það eru loðnusjómennirnir og fiskimennirnir sem eru á línuveiðum sem verkfallið bitnar á. Eins og menn vita er helmingur aflans utan kvóta í janúar og febrúar. Þannig held ég að sjómenn geti gefið sér nokkurn tíma. Ég er þess hins vegar fullviss, að eftir þá umræðu sem þeir hafa hlýtt hér í dag og áreiðanlega að ég vona búnir ofurlítið meira trausti á þessari stofnun eftir daginn, munu þeir sýna okkur það traust að þeir geri allt sem þeir geta til að flýta fyrir sínum samningum. Ég held að ef svo færi yrði meira trúnaðartraust milli samningsaðila og Alþingis eftir þennan dag en áður. Ég bið hæstv. ríkisstjórn að huga að því hvort sú lausn kynni að vera fær, að um leið og við féllumst á að senda málið til nefndar væri tryggt að við yrðum ekki kölluð hingað aftur fyrr en 19. þ.m.

Ég vil jafnframt lýsa því yfir að ég hefði að sjálfsögðu greitt atkvæði till. hv. þm. Alþfl., en þar sem mér sýnist ekki vera möguleiki á því að fá hana samþykkta held ég að þarna væri kostur sem vel væri hægt að nýta.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að undirstrika það sérstaklega að hér er ekki bara um formsatriði

að ræða. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. Er það eðlileg framþróun mála að samninganefndarmenn gangi annars vegar á milli ríkissáttasemjara í samningahugleiðingum og nefndar hér á Alþingi sem hefur til meðferðar gerðardóm? Þetta er alger fjarstæða. Annað hvort verða menn að velja. Það er ekki til að fara báðar leiðir. Menn semja ekki og það er ekki til þess ætlast af heilindum hjá þeim sem mæla svo að menn geti gengið milli Heródesar og Pílatusar í þessum erindum. Aðra hvora leiðina verða menn að velja. Meðan þetta mál hangir sem sverð yfir samninganefndarmönnum gerist ekkert af viti í þessari deilu. Þá eru menn að kalla yfir sig áframhald þess sem hér hefur gerst í dag, áframhald þess að ríkisstjórnin ætlar að stjórna á þennan hátt. Þetta verða menn að gera sér ljóst. Þetta vita allir sem komið hafa nálægt samningum í kjaradeilum. Þetta getur ekki gengið. Ég bið menn að athuga það. Ég bið menn líka að athuga það sem hv. þm. Svavar Gestsson vék að áðan. Ef menn fella dagskrártillöguna um að vísa málinu frá eru menn líka að fella það að gefa samninganefndarmönnum tóm til að ræða málið. Menn skulu átta sig á því. Menn ganga ekki undir jarðarmen hæstv. ríkisstjórnar í gegnum þingnefnd hér á Alþingi og síðan til sáttasemjara.

Hæstv. forsrh. kemur hér upp og segir að málið sé bara í vinnslu. Hann hafi síðast talað við sáttasemjara núna fyrir stuttu. Hvað þýða svona vinnubrögð? Ég veit það a.m.k. að velflestir samninganefndarmenn Alþýðusambands Vestfjarða fóru vestur á firði í dag. Kannske er búið að gera ráðstafanir til að kalla þá aftur hingað í kvöld. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Á að taka mark á slíkum vinnubrögðum af hálfu æðstu manna þjóðarinnar? Auðvitað er þetta hrein firra. Menn verða að velja aðra hvora leiðina, annaðhvort að draga til baka frv., og þá hefur verið lýst yfir að till. verði dregin til baka líka, ellegar ganga til atkvæða um þetta hvort tveggja. Og þá vita menn hvað þeir eru að gera ef þeir eru að fella í fullri vitneskju till. um að vísa málinu frá og þar með að hafna að menn geti undir eðlilegum kringumstæðum gengið til samningaviðræðna.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti leyfir sér að fara fram á að hv. þm. tali ekki öllu meira um þingsköp heldur verði að því unnið nú að fundarhlé verði gert og menn ræði saman í því stutta fundarhléi sem gert verður.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég hef ekki gert mikið af því að tefja umræðu í dag, en ég held að það sé alveg ljóst að það hefur glögglega komið fram í umræðum í dag, og ekki síst eftir að formaður Sjálfstfl. talaði hér, að það er ekki meiri hluti fyrir því að það mál nái fram að ganga sem hér hefur verið lagt fram á þingi. Það er ljóst að ég hygg að það sé meiri hluti fyrir því að menn telji að það sé ekki fullkannað að hægt sé að ná samningum í þessari deilu. En ég mótmæli því, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh., að hér séu menn aðeins að deila um aukaatriði og formsatriði þegar hann vill láta vísa málinu til nefndar og að ég hygg Framsfl. líka. Það skiptir máli undir hvaða andrúmslofti og kringumstæðum deiluaðilar eiga að setjast aftur að samningaborðinu. Eiga sjómenn að hafa þá svipu yfir sér að málið sé hérna til meðferðar og verði hvenær sem er tekið upp aftur? Þetta eru alls óeðlilegar kringumstæður. Og telja menn virkilega að LÍÚ verði samningsfúst í þeim viðræðum sem þá eru fram undan ef málið er jafnframt opið enn þá inni á Alþingi og þar til meðferðar? Þetta eru í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð og ég fæ ekki skilið hvers vegna stjórnarflokkarnir geta ekki staðið að því að draga frv. til baka. Þeim er þá í lófa lagið á síðari stigum málsins, ef þeir telja svo, að leggja frv. fram á nýjan leik. En að ætla sér að deiluaðilar geti sest við samningaborðið með málið enn inni í þinginu er alls óeðlilegt. Og ég vil eindregið ítreka það við hæstv. forseta að ekki verði gengið frá málum óðruvísi í dag en að reynt verði á þá till. sem hér liggur fyrir til rökstuddrar dagskrár til þess að samningaviðræður geti hafist á eðlilegan hátt á nýjan leik, en málinu sé ekki annaðhvort frestað á dagskránni, 1. umr., eða vísað til nefndar. Ég tel að það muni hafa alvarleg áhrif á gang mála og ég vara við þeirri málsmeðferð.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Vegna þessara athugasemda vill forseti benda á að það er alveg augljóst samkvæmt þingsköpum að fyrsta till., sem borin verður undir atkvæði þegar lokið er umræðu, er að sjálfsögðu till. um rökstudda dagskrá á þskj. 503. Það er alveg ljóst að svo verður. Ef sú till. verður samþykkt er frv. fallið. — [Fundarhlé.]

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin leggur á það mikla áherslu að frjálsir samningar geti tekist í þeirri kjaradeilu sem nú stendur og vil ég því til samkomulags samþykkja að að lokinni þessari umræðu verði atkvæðagreiðslu frestað og málið hvíli í deildinni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að miðað við allar aðstæður, málatilbúnað þessa máls og umræður í dag sé heppilegast úr því sem komið er að málinu verði frestað þar sem ríkisstjórnin er ekki tilbúin til að draga frv. til baka og að atkvæðagreiðslu verði frestað, málið verði ekki sent í nefnd, en fyrir liggur fyrirheit frá hæstv. forsrh. um að hann muni beita sér fyrir því fyrir sitt leyti að ríkissáttasemjari kalli deiluaðila saman þegar í stað til að ræða málið þannig að lausn fáist á því eftir venjulegum samningaleiðum.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Tilgangurinn með dagskrártillögu

okkar þm. Alþfl. var sá að fá þessu máli vísað frá þingi til samningsaðila og sáttasemjara. Við höfum ekki dregið þessa till. til baka, en getum eftir atvikum fallist á málamiðlun sem felur í sér að afgreiðslu þess í þinginu er frestað.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég tel að úr því sem komið er sé þetta langsamlega skynsamlegasta ráðstöfunin í málinu og jafnframt gefur hún samningsaðilum mest svigrúm til þess að komast að niðurstöðu um sín mál. Ég fagna þessari niðurstöðu.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Allt þetta mál er furðulegt í allri málsmeðferð. Ég vil að það komi ljóst fram vegna þeirrar ádeilu sem hefur dunið á forsrh. að ríkisstjórnin öll og ráðherrar sem viðstaddir voru og tóku ákvörðun eru ábyrg fyrir því að málið kom hér á dagskrá. Mér er illa við að sitja undir því að einn maður sé gerður ábyrgur fyrir því sem ég tek þátt í. Þrír ráðherrar voru fjarverandi, en það voru aðrir menn, sem gegndu þeirra stöðum, viðstaddir, þannig að ríkisstjórnin öll er samábyrg fyrir því að málið kom á dagskrá Alþingis hvernig sem menn annars líta á málið sem slíkt.

Ég er sammála og sáttur við, og hefði helst óskað að sú málsmeðferð sem formaður Sjálfstfl., fjmrh., stakk upp á hefði orðið ofan á strax en það varð ekki. Ég segi eins og hann, þegar hann kom frá París, hann var ekki viðstaddur og ekkert samráð haft við hann, hann vissi ekki af fundinum: Nú hefur ný ákvörðun verið tekin an þess ég hefði hugmynd um, án þess ég væri viðstaddur, þrátt fyrir að vera í ríkisstjórn, en ég samþykki þó málsmeðferðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun 2245, 2247.
Minning Kjartans J. Jóhannssonar 2245.
Stöðvun verkfalls á fiskiskipum og farskipum (275. mál) 2247.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Helgi Seljan 2245.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2247, 2262, 2290, 2297, 2300, 2301, 2307, 2308.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2245, 2247, 2281, 2302, 2308.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2292, 2304.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2309.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2305.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2268.
Ellert B. Schram 2299.
Guðmundur Einarsson 2276, 2304.
Guðmundur J. Guðmundsson 2297.
Guðrún Helgadóttir 2306.
Guðrún Agnarsdóttir 2267, 2300, 2304, 2309.
Jóhanna Sigurðardóttir 2307.
Jón Baldvin Hannibalsson 2280, 2293, 2301, 2308.
Karvel Pálmason 2272, 2290, 2306.
Kjartan Jóhannsson 2262, 2296, 2300.
Páll Pétursson 2301.
Pétur Sigurðsson 2270.
Svavar Gestsson 2253, 2285, 2297, 2303, 2308.

EFRI DEILD

32. fundur, mánudaginn 19. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem þetta er fyrsti fundur á nýju ári vil ég bjóða hv. þingdeildarmenn velkomna til starfa og óska þeim og starfsliði Alþingis alls velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem hæstv. sjútvrh. er veðurtepptur á Austurlandi verður ekki hægt að taka dagskrármálið fyrir og er það því tekið út af dagskrá.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. höfum verið kallaðir hér til fundar. Reyndar vorum við kallaðir líka til fundar í síðustu viku. Nú er það eina mál sem á dagskrá er tekið út af dagskrá og borið fyrir sig að hæstv. sjútvrh., sem er flm. málsins, sé veðurtepptur austur á fjörðum trúlega. Ég hef ekki trú á því að það sé ekki hægt að komast til þings landleiðina, en með því að stóla upp á það að komast um Egilsstaðaflugvöll held ég að hæstv. ráðh. hefði átt að huga betur að málum vegna þess að sá ágæti flugvöllur er nú meira og minna ófær af öðrum sökum en að það sé ófært flugveður.

Ég mótmæli því að þannig sé staðið að málum að þm. séu kallaðir hingað til þings og hér sé ekki hægt að hefja umræðu um mál eins og þetta, ekki síst af þeim hæstv. ráðh. sem dagana fyrir þingið taldi fulla ástæðu til að þrýsta í gegnum hv. deild málum sem alls ekki voru nægilega rædd að mínu mati. Ég tel þess vegna að við þurfum að festa okkur það í minni að nú á fyrsta degi þingsins sé málefnum eins og þessum frestað og ekki tekin til umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna athugasemdar hv. 4. þm. Vesturl. um þessa óvæntu fjarvist hæstv. sjútvrh. held ég að það sé ekki við neinn að sakast og erfitt að sakast við veðurguði í þessum efnum, ég held það hafi komið flatt upp á flesta að veðrið var sem raun bar vitni þegar menn vöknuðu í morgun. Ég reyndi hins vegar að fá upplýsingar um ferðir hæstv. ráðh. nú fyrir nokkrum mínútum. Hann hafði reynt að ná sambandi við mig í morgun en ekki tekist. Þá var mér tjáð að hæstv. ráðh. væri að brjótast yfir Fjarðarheiði. Annað veit ég ekki um hans ferðir. Væntanlega gefur það hv. 4. þm. Vesturl. einhverjar skýringar á þessum fjarvistum.

NEÐRI DEILD

35. fundur, mánudaginn 19. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Borist hefur bréf til forseta Nd. frá Kjartani Jóhannssyni 3. þm. Reykn. þar sem hann tilkynnir að hann sé á förum til útlanda í opinberum erindum og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. Hann leyfir sér að óska þess að sæti sitt taki 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristín H. Tryggvadóttir, og mun hún vera komin til þings. Ég býð Kristínu velkomna til þingstarfa.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 1. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland sem gert er ráð fyrir að starfi á vegum Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hefur á undanförnum árum aukið verulega ýmiss konar starfsemi sína á sviði efnahags- og atvinnumála. Hefur í því sambandi m.a. alllengi verið um það rætt að stuðla að atvinnuþróun landa á svæðinu í norðvestur-Atlantshafinu. Þessi hugmynd hlaut jákvæðar umsagnir, m.a. á fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1985, og má segja að eftir það hafi verið ákveðið að láta á það reyna hjá meðlimaríkjum Norðurlandaráðs að slíkum sjóði yrði á fót komið og nefndist, eins og hér er lagt til, þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frv. um þennan sjóð þar sem gert er ráð fyrir því, eins og kemur fram í frvgr. og ítarlegri grg. sem fylgir, að sjóðurinn njóti ýmiss konar undanþága. M.a. er gert ráð fyrir því í 2. gr. að sjóðurinn njóti undanþáguákvæða laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri, gjaldeyrisviðskipti eða heimildir til lántöku erlendis að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans. Sömuleiðis er í 3. gr. gert ráð fyrir því að sjóðurinn skuli vera undanþeg-

inn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekju- og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga. Í 4. gr. kemur fram að lánasamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skuli vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

Fjármagn til sjóðsins leggja Norðurlönd til eins og fram kemur í samþykktum fyrir norrænan þróunarsjóð fyrir hin vestlægu Norðurlönd eins og fram kemur á bls. 5 í meðfylgjandi athugasemdum og grg. Stofnfé sjóðsins er í raun fé það sem endurgreiða ber stofnríkjum hins íslenska þróunarsjóðs. M.a. er gert ráð fyrir því að af Íslands hálfu verði lagðir til sjóðsins 400 þús. bandaríkjadollarar sem var framlag Íslendinga í hinn íslenska þróunarsjóð á sínum tíma. Samtals er gert ráð fyrir að stofnfé sjóðsins jafngildi 14,1 millj. bandaríkjadala.

Þá vil ég geta þess að samhliða þessu frv. flytur hæstv. utanrrh. till. til þál. um staðfestingu á því samkomulagi sem liggur til grundvallar þessari sjóðsstofnun og þurfa þessi mál að sjálfsögðu að fara saman í gegnum þingið. Ég vil þó geta þess að sett eru tímatakmörk á meðferð þessa máls og er nauðsynlegt að afgreiða málið fyrir 28. þ.m., ef ég man rétt, eða fyrir mánaðarlokin. Ég vil því leyfa mér að vona að málið fái skjóta athugun, enda veit ég að fjölmargir hv. þm. hafa fjallað um þetta mál á vegum Norðurlandaráðs og af þessu er ekki síst orðið vegna framgöngu þm. hjá Norðurlandaráði.

Ég vil geta þess jafnframt að það var talið koma í minn hlut að flytja frv. þar sem hér er um byggðamál að ræða og byggðamál hafa hér á landi fallið undir forsrn.

Ég vísa til meðfylgjandi athugasemda og grg. um frekari upplýsingar um mál þetta og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi og var þá ekki afgreitt. Voru þar nokkrar umræður um þetta mál og m.a. ræddi ég nokkuð um efni þess. Ég held að ég hafi komist þannig að orði í sambandi við fylkjaskipunina að ef ekki fyndist önnur leið til þess að landsvæðin utan höfuðborgarsvæðisins næðu rétti sínum, sem ég tel að vanti mikið á að þau hafi, sé ekki um annað að ræða en að stofna slík fylki. Í þessu sambandi vil ég minna á það, sem ég hef að vísu gert nokkuð oft áður, að þegar var verið að ræða um frv. til stjórnarskipunarlaga, sem var samþykkt að mig minnir 1984, stóð þar í grg. að stjórnmálaforingjarnir sem fluttu frv. mundu beita sér fyrir því að gera ráðstafanir til þess að rétta hlut þeirra sem standa höllum fæti félagslega og efnahagslega.

Það hefur ekkert gerst í þessum málum að ég tel í þessi ár. Skýrsla frá hinni svokölluðu byggðanefnd var lögð fram á s.l. sumri, en því miður hefur ekki verið hægt að sjá að þar yrði lagt neitt fram til að rétta þennan aðstöðumun sem er í þjóðfélaginu. Þvert á móti hefur verið til umræðu hér eða í stjórnmálaflokkunum að breyta t.d. skiptingu akstursskostnaðar þannig að hlutdeild sveitarfélaganna yrði meiri en hún er í dag sem er sýnilegt og óvefengjanlegt að það mundi auka aðstöðumuninn ef hefði verið horfið að því ráði.

Í þessu frv. eru ýmis ákvæði sem ég vil taka sérstaklega undir. Önnur orka að vísu tvímælis og þarf að skoða mikið betur hvernig þau mundu verka í framkvæmd. T.d. er í 5. gr. frv. rætt um að forseti landsins þurfi að fá a.m.k. 50% greiddra atkvæða til að ná kjöri, þ.e. ef enginn frambjóðandi nær því hlutfalli eigi að kjósa aftur á milli þeirra sem flest atkvæði fá.

13. gr. er um það að ráðherrar skuli ekki sinna störfum á Alþingi, þ.e. þeir hafi ekki atkvæðisrétt. Auðvitað verða þeir að sinna þannig störfum að flytja sín mál og svara fsp., en þeir hafi ekki atkvæðisrétt og ef þeir verði ráðherrar taki varamaður þeirra við. Þetta hefur ýmsa kosti og m.a. þá kosti að þeir geta sinnt sínum störfum og eru ekki eins bundnir þinghaldinu og nú er.

29. gr. er um það hvernig skuli kosið til þings sem er auðvitað bundið fylkjaskipuninni. Ég set spurningarmerki við þetta. Í fyrsta lagi að það verði kannað eftir öllum leiðum hvort ekki er hægt að jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu, hvort það sé ekki með öðru móti hægt að fullnægja betur réttlæti en að stofna þessi fylki vegna þess að þetta er og verður í reynd til að auka yfirbygginguna í þjóðfélaginu. En ég sé ekki að það séu nein merki þess að það sé verið að reyna aðrar leiðir.

Hér er rætt um að það verði allt að 31 þm. sem sé kosinn í fimm fylkjum og að fylkin hafi jafnan rétt, það séu kosnir þrír menn í öllum fylkjunum til annarrar deildarinnar. Það gerir að verkum að landsbyggðin stendur betur að vígi ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp. Þetta er fyrirmynd í mörgum þjóðþingum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en ég held að þessi skipan sé allrar athygli verð. Þeir sem um þessi mál fjalla og eiga að endurskoða þessi mál öll saman og sú nefnd sem fær þetta frv. ættu að leggja sig fram um að benda þá á aðrar leiðir til að jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu.

Í 31. gr. er talað um að þeir sem verða 18 ára á kosningaárinu öðlist kosningarrétt, ekki miðað við fæðingardag heldur ártal. Þetta er líka umhugsunar-

efni, en ég fyrir mitt leyti tek ekki að svo komnu máli afstöðu til þessa atriðis.

Í 40. gr. er talað um að Alþingi kjósi fastanefndir og Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál er almenning varða og veitt þeim rétt til að óska eftir skýrslum, munnlegum og skriflegum, frá opinberum stofnunum, einstökum starfsmönnum eða fyrirtækjum og er öllum skylt að verða við óskum nefndarinnar. Ef þetta ákvæði hefði verið í gildi í dag held ég að það hefði leyst einhvern vanda. Þar á ég við brottvikningu fræðslustjóra Norðurlands eystra. Mér er ekki kunnugt um hvaða ástæður liggja til þess að það var gert, en ef ekkert kemur fram annað en hefur birst í blaðagreinum held ég að hefði verið gott fyrir Alþingi að kanna það mál til hlítar. Ég held að það verði að krefjast þess að Alþingi geti farið ofan í svona mál sem valda eins miklum ágreiningi og raun ber vitni. Og þegar upp koma svona mál verður að krefjast þess, hver sem á í hlut, að hann geri fulla grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að víkja manni úr starfi.

62. gr., þ.e. um fylki, kom ég inn á áðan. Ég var og er enn í vafa um hvort þetta sé eina leiðin og vil láta kanna það. En ég hallast meira að því að menn hafi ekki vilja til að taka á þessum málum öðruvísi ef þeir hafa þá vilja á því að taka á þessum málum með fylkjaskipun.

Þetta er gömul tillaga. Það eru orðin ein 30 ár eða meira síðan ég man eftir að þessu máli var hér hreyft á Alþingi. Það gerðu þeir Karl Kristjánsson og Gísli Guðmundsson. Það er enginn vafi á því að fyrr á árum var almennur vilji fyrir því að taka upp slíka skipan í því augnamiði að landsbyggðin hefði meira með sín mál að gera en hefur verið og er í dag og mörgum finnst að sú þróun gangi í öfuga átt miðað við það sem stefnt er að, t.d. í þessu frv., og það sem landsbyggðarmenn yfirleitt óska eftir.

Í 65. gr. er talað um að í hverju fylki skuli vera einn aðalbanki, fylkisbanki, sem sé sameign banka og sparisjóða fylkisins. Fylkisbankinn sér um öll erlend viðskipti og bindiskyldu fylkisins. Þessi mál þarf að skoða mjög vel, hvernig á að koma þessu fyrir. Hitt er annað mál að ef landsbyggðin nýtur ekki í ríkari mæli afrakstursins af sinni framleiðslu, sínum hlut í þjóðarbúinu, verður að athuga hvort þetta muni leysa þann vanda.

Ég ætla mér ekki að halda langa ræðu um þetta málefni, en málið er mikilvægt. Ég hef sagt það í mörg ár að ef Alþingi Íslendinga leysir ekki þessi mál er engin spurning að það verður uppstokkun í öllum stjórnmálaflokkum sem nú eru. Það er ekki spurningin hvort það verður, það er spurningin hvenær það verður, ef ekki verður hlustað á þessi mál. Því er það áríðandi og er í sjálfu sér komið á elleftu stundu að hv. alþm. taki þessi málefni til yfirvegunar og athugunar nema þeir vilji láta þessi mál þróast áfram eins og ég tel að þau séu að gerast í dag og taka þá afleiðingunum af því. Það er enginn vafi á því að menn sætta sig ekki við þá skiptingu, hvorki launamun né aðstöðumun, og þess vegna er ekki nóg að flytja svona mál. Ef Alþingi ætlar að hundsa þetta aftur, taka ekki hvert atriði eða a.m.k. mikilvægustu, þýðingarmestu atriðin til könnunar og yfirvegunar og athuga hvort það eru aðrar leiðir til að ná því markmiði sem þau samtök sem sömdu þetta, þ.e. samtökin um jafnrétti milli landshluta, settu sér, þá mun sú þróun verða sem ég hef komið hér inn á.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það frv., sem hér er rætt, um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, var flutt á síðasta þingi að beiðni Samtaka um jafnrétti á milli landshluta og er hér komið öðru sinni fyrir þingið.

Ég tjáði mig um málið í fyrra í öllum aðalatriðum og lýsti stuðningi við meginhugmyndir sem fram koma í þessu frv. þó ég hefði fyrirvara um ýmis atriði sem þar komu fram, svo sem vænta má. En þegar ég tala um meginhugmyndir þá er um að ræða þá hugsun að leita nýrra leiða með breytingar á stjórnarskrá, eins og hér er lagt til, til að efla landsbyggðina og skapa viðspyrnu gegn þeirri ófarsælu þróun sem lengi hefur verið í gangi, en alveg sérstaklega nú hin síðustu ár, í samskiptum landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Sjálfur hef ég, áður en þetta frv. var kynnt hér, flutt till. inn á Alþingi um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þáltill., sem ég flyt um það efni ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, er í þingnefnd í sameinuðu þingi og þar til athugunar. Sú till. var flutt í fyrra og raunar í hittiðfyrra einnig, og fyrir liggja umsagnir um hana frá mörgum aðilum, einkum þeim sem málið mest snertir, samtökum sveitarfélaga, landshlutasamtökum sveitarfélaga og fleiri aðilum út um landið, mjög jákvæðar undirtektir í öllum meginatriðum.

Ég minni einnig á það að þegar frv. til sveitarstjórnarlaga var til meðferðar hér á þinginu í fyrra þá flutti ég brtt. við frumvarpið um lögfestingu héraðaskipunar í landinu, útfærða hugmynd sem varðar þá hugsun sem fram kemur í þessu frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga og þá hugsun sem fram kemur í 62. gr., og er vissulega skyld till. mínum um skiptingu í héruð, þar sem hér er kveðið á um að „landið skiptist í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda. Sveitarfélög eru grunneiningar stjórnskipunar landsins."

Munurinn á mínum till. og þeirri hugmynd sem hér kemur fram varðandi fylki er sú að í till. mínum og fleiri þm. Alþb. er gert ráð fyrir því að kosið verði beinni lýðræðislegri kosningu til héraðsþinga þannig að allir séu þar kjörgengir, einnig sveitarstjórnarmenn, en þeir eigi þar aðild með málfrelsi og tillögurétti ásamt alþm. Að öðru leyti eru þær hugmyndir, sem ég hef um þetta flutt, bæði þáltill. og brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga í fyrra, útfærðar einnig hvað snertir landfræðileg mörk héraða, tilhögun og kosningu til héraðsþinga, tekjustofna til þessara nýju sjálfstjórnareininga út um landið og mörg fleiri atriði sem taka þarf afstöðu til í laga-

texta.

Ég get vísað til fyrirvara minna frá síðasta þingi við nokkur atriði þessa frv., og ætla ekki að endurtaka það hér, en tek það fram til að enginn misskilningur sé uppi að ég er stuðningsmaður þeirrar meginhugsunar sem þarna liggur að baki og þeirra hugmynda sem bornar hafa verið fram af áhugasamtökunum um jafnrétti milli landshluta og tel raunar að þær hugmyndir séu vonum seinna fram komnar í ljósi þeirrar þróunar, þeirrar öfugþróunar sem við höfum verið vitni að nú hin síðustu ár og raunar um alllangt skeið.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að staldra hér við einmitt varðandi þessa þróun og minna þar á nokkur atriði um leið og ég mun fjalla um nokkra þætti sem snerta svæðisskiptingu landsins í héruð.

Þann 10. janúar s.l. birtu fjölmiðlar fregnir um þróun varðandi búsetu manna og búsetutilfærslu miðað við 1. desember 1986 og tilfærslur frá því árið áður. Þar kom það fram að öll fjölgun landsmanna hafði lent á höfuðborgarsvæðinu og engin af landsbyggðarkjördæmunum, ef við teljum Reykjanes ekki í þeim hópi, fær neitt í sinn hlut af fjölgun landsmanna. Þetta er verri þróun, þetta er enn stærra stökk í þessum efnum en árið 1985 miðað við árið 1984 og árið þar á undan. Þessar tölur segja okkur að það er að herða á byggðaflóttanum, hann er stríðari en nokkru sinni fyrr. Við, sem erum umbjóðendur landsbyggðarinnar, vissum raunar að þar horfði í mikið óefni, en tölurnar eru ólygnar eins og þær liggja fyrir okkur. Þó segja þessar tölur ekki alla söguna um hvað er í gangi, hvað er „í pípunum", eins og stundum er sagt þegar talað er um uppsafnaðan vanda og afleiðingar af ríkjandi stefnu.

Það er ekki nokkur vafi á því að það er los á fjölda fólks út um landsbyggðina, meira los en oftast áður og í mörgum tilvikum eru það erfiðleikar á að losna við skuldbindingar og fasteignir sem halda í fólkið. Og ef ekki hefði orðið sú breyting af völdum stjórnarstefnunnar nú undanfarin ár, þar sem hin óhefta markaðshyggja hefur gengið í gegn á mörgum sviðum og afleiðingin verið gífurlegt verðfall á fasteignum úti um landið, þá væru afleiðingar stjórnarstefnunnar hvað snertir byggðaflóttann komnar fram í enn alvarlegri mæli en gerst hefur skv. tölulegum upplýsingum. Þetta tel ég ekki vera að mála neinn skratta á vegginn. Ég held að þetta sé nokkuð samdóma álit manna, m.a. sveitarstjórnarmanna víða út um landið, þó nokkuð hagi þar misjafnlega til eftir kjördæmum.

Ég vil nefna það, herra forseti, í sambandi við þessa þróun að það kemur fram í niðurstöðum af tölum varðandi síðustu þrjú ár að fólksfjölgunin á þessu tímabili, raunar alveg frá 1981 eða 1982, hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu. Á hverju ári 1984–86 hefur fólki fjölgað meira þar en sem nemur heildarfjölgun landsmanna svo bein fækkun hefur orðið í öðrum landshlutum samanlögðum. Fækkunin í þeim, bein blóðtaka, nam um 20 manns árið 1984, 142 árið 1985 og 321 árið 1986. Mannfjöldinn óx um 1,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 1986 og um 0,4% á Suðurnesjum. Eina kjördæmið þar sem mannfjöldi stóð í stað var Austurlandskjördæmi, það kom skást út í þessum efnum, fékk þó ekkert í sinn hlut af 0,8% fjölgun landsmanna. Í öllum hinum kjördæmunum er um beina fólksfækkun að ræða milli ára. Á Vesturlandi og Suðurlandi er fækkunin um 0,2%, á Vestfjörðum um 0,5%, á Norðurlandi eystra um 0,6% og á Norðurlandi vestra, sem stendur höllustum fæti, er fækkunin 1,1%, hvorki meira né minna, 1,1% bein fækkun. Fjölgunin í Reykjavík hefur aldrei orðið hlutfallslega meiri milli ára en einmitt á þessu tímabili eða 1627 manns, bein fjölgun í Reykjavík á milli ára. Það er svona nokkurn veginn eins og allir íbúar í minni heimabyggð, Neskaupstað, hefðu tekið sig upp og flutt suður og lagt til þennan skammt. Fjölgunin í Reykjavík hefur hlutfallslega aldrei orðið meiri frá því 1962 og bein fjölgun í tölum ekki meiri síðan 1959.

Þetta eru staðreyndir sem við alþm. hljótum að draga okkar ályktanir af eða maður skyldi ætla það. Ég er satt að segja steinhissa á því að úr röðum stjórnarflokkanna skuli ekki koma fram meiri viðbrögð en þau sem endurspeglast í því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson tekur á árinni í þessum málum með því að fylgja hér inn í þingið frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga að beiðni áhugasamtaka úti um landið, og þökk sé honum fyrir það, og menn sem eru farnir að ókyrrast í Framsfl. og búið er að reka þar út af framboðslistum, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson, hann tekur undir. En þá er líka upptalið, ef undanskilið er kvak sem heyrðist frá hæstv. forsrh., þegar hann átti að tala um byggðamál norður í landi (**Gripið fram í:** Var ég ekki búinn að því áður?) í sumar, og sagði eitthvað á þá leið að hann teldi nú þessar hugmyndir um fylkjaskipan eða svæðisskiptingu landsins í formi héraða allrar athygli verðar. En náttúrlega var þess gætt af hæstv. félmrh., sem fer með sveitarstjórnarmálin, að afneita þessu staðfastlega jafnóðum. Hann hefur ítrekað það margoft úr þessum stóli undanfarin ár að hann sé alger andstæðingur þess að stofna til héraðaskiptingar í landinu og vilji ríghalda í sveitarfélagaskipunina og ríkisvaldið sem hinar einu grunneiningar í samfélaginu. Virðist ekkert geta haggað hæstv. félmrh. Framsfl. í þessum efnum. Hann er við þetta heygarðshorn, enda gekkst hann ásamt stjórnarliðinu sameinuðu fyrir því að taka út úr frv. til sveitarstjórnarlaga þann vísi sem þar var til svæðisskiptingar með sérstökum kafla um héruð, hann var felldur út í heild sinni, sá veiki vísir sem hafði verið til varðandi millistig í stjórnsýslunni, að vísu vísir sem var mjög kominn úr takt við tímann, þ.e. sýsluskipanin í landinu var afnumin og henni kastað fyrir róða, og í staðinn voru settar hugmyndir sem eru með mjög sérstökum hætti. Ég held ég verði að orða það svo að sjaldan hef ég orðið meira undrandi á lagasetningu hér á Alþingi en varðandi þessi efni og þau ákvæði í nýjum sveitarstjórnarlögum um

héraðanefndir og byggðasamlög sem koma ættu í staðinn fyrir sýsluskipunina. Úti um landið eru menn, sem hafa verið að reyna að kynna sér þessi nýju lög, nú að velta vöngum yfir hvernig í ósköpunum eigi að útfæra þessar hugmyndir nýrra sveitarstjórnarlaga ríkisstjórnarliðsins hér á Alþingi.

Frá hæstv. félmrh. hefur náttúrlega ekkert komið fram leiðbeinandi um þessi ósköp, enda botnar hann vafalaust ekki mikið í því hvernig eigi að útfæra þessi efni. Og nefnd, sem menn hafa haft fregnir af að ráðherrann ætlaði að skipa til þess að kafa ofan í myrkvið þessara nýju sveitarstjórnarlaga, hefur ekki verið kynnt opinberlega svo mér sé kunnugt, en kannske getur hæstv. ráðh. eitthvað sagt okkur frá því hverja hann ætlar að kveðja til til að lýsa inn í þetta gatasigti sveitarstjórnarlaganna, sem hann stóð fyrir að lögfest var hér í fyrra, sem þýddi ákvarðandi veikingu miðað við allar aðstæður fyrir landsbyggðina þar sem kippt var þá fótunum undan sýslufélögunum án þess að nokkuð bitastætt kæmi í staðinn.

Það er ekki fagur ferill Framsfl. hér á Alþingi sem fer með sveitarstjórnarmálin í þessum efnum þegar litið er til verka hans hér. Um Sjálfstfl. þarf náttúrlega ekki að tala að því leyti að hann hefur fúslega tekið undir allar hugmyndir um að opna gáttirnar fyrir óheft markaðslögmál, m.a. vaxtafrelsið sem er eitt mesta afrek, eða gjarnan tíundað sem helsta afrek — það er best að stigbreyta ekki í hástigi þegar talað er um afrek hæstv. fjmrh., en hann taldi það þegar vaxtafrelsi var lögleitt hér í hittiðfyrra líklega, var það ekki sumarið 1985 (**Gripið fram í:** 1984.) eða 1984, þá taldi hann það mesta afrek sem gerst hefði í tíð þessarar stjórnar og eitt þýðingarmesta skref í efnahagsmálum sem stigið hefði verið, að opna gáttirnar fyrir okrið í landinu, sem nú blasir við sem löglegt, enda var það auðvitað hugsunin hjá Sjálfstfl. að opna fyrir löglegt okur í landinu, það var engin spurning. Þeir bara brostu í kampinn þegar þeir sáu að forsrh. kom af fjöllum þegar hann áttaði sig á því að hann hafði staðið að því með sínum flokki að lögleiða okrið á Íslandi.

Annað hefur svo gengið eftir í þessum málum. Það hefur ekki staðið á að fjármagnið hefur streymt eftir lögmáli skilvindunnar, eftir lögmáli „akkúmúlasjónarinnar", sem kallað er á erlendu máli, samþjöppunarinnar, inn á þann miðpunkt sem verið er að beina fólkinu á Íslandi í kjölfar fjármagnsins. Það eru þessir tveir flokkar sem hér hafa verið við stjórn í bráðum fjögur ár sem hafa staðið að þessu. Og geðleysi þingmanna stjórnarliðsins utan af landsbyggðinni er slíkt að það þarf að kasta mönnum út af framboðslistum, þannig að líkt er við aftöku af þeim sem fyrir verða, til þess að menn rumski í þessum efnum, en þó ekki meira en svo að hv. síðasti ræðumaður er enn að velta vöngum yfir því, rétt eins og hann gerði í fyrra, hvort það sé nú nauðsynlegt að stoppa skilvinduna stóru og að eitthvað komi í staðinn til þess að rjúfa gangverk hennar, fjármagnsins, dælunnar miklu sem færir fólkið í kjölfar fjármagnsins og atvinnutækifæranna suður.

Herra forseti. Það er fróðlegt að átta sig á því þegar stjórnarliðið er til málamynda að lýsa inn í þróun byggðamálanna í samvinnu við stjórnarandstöðuna, í kjölfar nýrra kosningalaga og loforða um það að nú skuli tekið á til jöfnunar aðstöðu í landinu og við fáum í hendur skýrslu um þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis, skýrslu byggðanefndar þingflokkanna, að virða fyrir sér þær upplýsingar sem þar er að finna um afstöðu einstakra flokka til þessara mála, þar á meðal Sjálfstfl., þingflokks hans, sem í heild sinni hafnar öllum hugmyndum um millistig í stjórnsýslunni, hafnar öllum slíkum hugmyndum með sérstakri samþykkt. Framsfl. vísar bara á hin ágætu sveitarstjórnarlög sem hann stóð að að samþykkja undir forustu félmrh. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér og þeim tölulegu upplýsingum sem þó koma fram í þessari skýrslu hérna. En hitt er þó kannske athyglisverðara að finna hvað ekki kemur fram í þessum efnum, hvað vantar.

Ég minni á það að á síðasta þingi flutti einn af varaþingmönnum Alþb., Þórður Skúlason, þm. Norðurl. v., þaðan sem fólksflóttinn er hvað stríðastur þessi árin, fsp. hér í þinginu um skiptingu útflutningsverðmætis eftir kjördæmum. Þá kom það fram að hæstv. viðskrh. gat ekki upplýst þetta, hvert væri útflutningsverðmæti eftir kjördæmum. Og segir þar í svari ráðherra, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýsingar um útflutningsverslunina er að finna í tveim ritum Hagstofu Íslands, Hagtíðindum og Verslunarskýrslum. Upplýsingar í þessum ritum eru byggðar á skýrslum þeirrar tollstöðvar sem afgreiðir útflutningsskjölin. Flestir stærstu útflytjendurnir eru í Reykjavík og fá þeir útflutningsskjöl afgreidd hjá Tollstjóraskrifstofunni í Reykjavík." Síðan er tekið dæmi af fiskimjöli.

Niðurstaðan hjá ráðherranum verður sú að það er bara ekkert hægt um þetta að segja. Það er ekki hægt að upplýsa á Alþingi um það hvernig útflutningsverðmæti skiptist eftir landshlutum. Þetta fer að sjálfsögðu inn í dæluna stóru hérna, gangvirki bankakerfisins og hagkerfisins hér í Reykjavík. Þar er allt stimplað og þess gætt að hagtölur um þetta, hlut landsbyggðarinnar í sambandi við verðmætasköpun í landinu, komi ekki fram. Eina vísbendingin sem hæstv. ráðh. gat gefið til þess að standa ekki beinlínis á gati og veita einhver svör var vísbending um uppruna útflutningsverðmætis sjávarafurða eftir skiptingu aflaverðmætis eftir kjördæmum. Það var það eina sem hann hafði haldbært, aflaverðmætið eftir kjördæmum. Vissulega er það vísbending um hitt, þó það segi ekki alla sögu, og það eru eingöngu þá afurðir sjávarútvegs sem þar er um að ræða, og byggir á upplýsingum sem opinberir hagstjórnaraðilar safna ekki en Fiskifélag Íslands heldur til haga og birtir. Síðustu tölurnar voru frá 1984. Þar kom fram, með leyfi forseta, ég tel rétt að rifja þetta aðeins upp fyrir hv. þm.:

Árið 1984 leggur Suðurland til 11,6% aflaverðmætis. Það eru auðvitað fyrst og fremst Vestmanna-

eyjar. Þótt þorp á suðurströndinni komi þar einnig við sögu þá eru það auðvitað Vestmannaeyjar, stærsta útgerðarstöð landsins, sem eiga lungann af þessu aflaverðmæti. Vesturland er með 9,6%, tæp 10%, Vestfirðir 12,9% aflaverðmætis, Norðurland vestra 7,5%, Norðurland eystra 12,6%, Austfirðir 14,9% og erlendis landað 10,6%. Og hvað skyldu svo Reykjavík og Reykjanes leggja til aflaverðmætis í landinu? Höfuðborgarsvæðið — ég undanskil Suðurnesin, þar sem er auðvitað útgerð þó að kippt hafi verið fótunum undan henni í vaxandi mæli undanfarin ár — en höfuðborgarsvæðið þar sem búa ein 56–57% af íbúafjölda landsins, er með aflaverðmætið 20,3% 1984 samkvæmt upplýsingum ráðherrans. Og það er reyndar Reykjavík og Reykjanes, það er sem sagt allt með. Útgerðarstaðirnir á Suðurnesjum eru þarna með og þá nær þetta 20,3%. Austfirðir eru með næsthæsta tölu á eftir Reykjavík og Reykjanesi, nærri 15% í aflaverðmæti á þessu ári. En hver ætli sé nú íbúatala Austurlands, sem hlutfall af heildaríbúafjölda landsins, hver ætli hún sé? Síðast þegar ég sá þessar tölur bjuggu um 5,5% landsmanna í Austurlandskjördæmi sem leggur til þrefalt það hlutfall í aflaverðmæti.

Nú er ég ekki að segja að þetta sé einhver deilitala sem eigi að útfæra alveg hárnákvæmlega sem skipti viðmiðun að öllu leyti. Menn mundu segja að fyrr mundi nú lagast en að við fengjum t.d. þetta hlutfall af skatttekjum í landinu eða eitthvað þess háttar. Ég geng ekki svo langt á þessari stundu, virðulegur forseti, að segja að það eigi að ganga fram hér og nú. En auðvitað hljótum við landsbyggðarmenn að benda á þessar staðreyndir, benda á það að á sama tíma og undirstaðan í gjaldeyrisöflun landsmanna fer fram á landsbyggðinni að ⅘ hlutum, þá er fjármagninu rænt frá atvinnuvegunum á þessum svæðum og sett inn í dæluna og uppbygginguna á afleiddum greinum þjónustu og viðskiptalífs hér í höfuðborginni.

Þetta er rán, herra forseti, það er ekki hægt að kalla það annað. Og þetta er löglegt rán, eins og okrið hefur verið lögleitt í tíð þessarar ríkisstjórnar. Og það sjást engin iðrunarmerki á stjórnarflokkunum í þessu efni, ekki hin minnstu iðrunarmerki vegna þessarar þróunar, utan frá einstaka hrópanda í eyðimörk, eins og hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem gengið hefur gegn sínum flokki með því að leggja hér inn frv., og mönnum sem búið er að „taka af“ á opinberum vettvangi af frammámönnum í Framsfl., sem eru aðeins farnir að skoða til veðurs, hvort það sé nú skynsamlegt að negla sig við þessa stjórnarstefnu. Og svo er Sambandi ungra framsóknarmanna leyft að láta aðeins í sér heyra þessa dagana.

Það kemur engum á óvart sem staðið hefur í samstarfi við Framsfl. að þegar kosningadagurinn er í sjónmáli, menn eru komnir með hann svona nærri í almanakinu, fari nú eitthvað að ókyrrast undir pilsföldum maddömunnar. (**FrS:** Hefur hv. þm. reynslu af því?) (**Gripið fram í:** Hann hefur verið þar.) Ég hef ekki verið undir þeim pilsföldum. Ég hef hins vegar starfað með Framsfl. og ég hef verið vitni að þeirri dæmalausu þróun sem þar hefur orðið, ekki út frá mælikvarða hv. þm. Friðriks Sophussonar því hún er auðvitað ágæt á hans mælikvarða, en dæmalausu þróun út frá mínum mælikvarða, þar sem þessi flokkur, sem einu sinni var talinn brjóstvörn landsbyggðarinnar og sótti fylgi sitt út á land í ríkum mæli og hefur gert alveg fram undir þennan dag, hefur gerst hjálparkokkur á búi auðhyggjunnar í landinu og veitt mestu auðhyggjustjórn á Íslandi á dögum lýðveldisins forsæti, og skrifað upp á allan gjörninginn og lögleitt okrið á Íslandi ofan á annað.

Ég hef verið að reyna að grafast fyrir um það með ýmsum hætti hver sé hlutur landsbyggðarinnar í sambandi við hagþróunina í landinu, eftir að það er ljóst að maður fær mjög ófullkomnar upplýsingar í gegnum þessa skýrslu byggðanefndar þingflokkanna um þau efni. Það liggja fyrir þinginu fsp. til forsrh., m.a. varðandi skiptingu aflaverðmætis fram til ársins í fyrra, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum. Það verður fróðlegt að fá svörin frá hæstv. forsrh. um þetta efni, skrifuð. Það getur ekki staðið lengi á því að hæstv. ráðh. greini okkur frá niðurstöðum um það efni. Hann hlýtur að leggja allt kapp á það. Hann var hér í ræðustólnum áðan að segja okkur frá því að hann væri jú sá sem bæri ábyrgð á byggðamálunum í ríkisstjórninni. Ekki ætla ég að vefengja það að hann sem yfirmaður Byggðastofnunar telji sig vera þar í forsæti einnig.

Ég hef einnig lagt fram fsp. til hæstv. viðskrh. um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum. Ég held ég brjóti engan trúnað því hæstv. ráðh. var að segja mér það hér utan fundar að honum sýndist að þetta gæti orðið nokkuð snúið, að reiða fram upplýsingar um þetta efni, ég var reyndar búinn að heyra í embættismönnum um hið sama, að þeir eru eitthvað ókyrrir núna í jólaleyfinu eftir að þeir hafa fengið þessa fsp. og þessi verkefni í hendur, að það sé hægt að draga þessar upplýsingar upp úr embættismannaliðinu hér í Reykjavík, Seðlabankanum, starfsmönnum banka.

Nei, þau eru þykk lokin á gullkistunum hér syðra, þau eru ansi þykk. Og það skal sko ekki farið að haga hagsýslugerð í landinu, upplýsingaöflun í landinu þannig að það sé ljóst og dregið fram hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að verkum í þessum efnum, hvernig skilvindan mikla hefur unnið, sem er hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, ef ég man rétt, sem er að moka, sem er að smala fólkinu utan af landsbyggðinni og gengur hvað harðast fram í Norðurlandskjördæmi vestra eins og nýlegar tölur sýna.

Þetta er með þeim ósköpum, þessi þróun í byggðamálunum, að pláss, þéttbýlisstaðir úti um landið, sem voru í nokkrum vexti fyrir fáum árum og var verið að byggja upp sem þjónustumiðstöðvar fyrir ákveðin svæði, tóku við fækkun sem átti sér stað í sveitunum og stöðvuðu af og skiluðu fjölgun

og vógu upp á móti þessari skelfilegu þróun. En hvað ætli sé að gerast á þessum stöðum nú þessi árin? Ég lít m.a. til staða í mínu kjördæmi eins og Egilsstaða og Hafnar í Hornafirði, staða sem eru miðstöðvar í stórum landbúnaðarhéruðum og Höfn auk þess öflugur útgerðarstaður. Hvernig ætli standi með mannfjöldaþróunina þar? Jú, það bættust við á Egilsstöðum sex manns í fyrra eftir tölum. Á Höfn fækkaði um jafnmarga eða um sex, á Höfn í Hornafirði, í hitteðfyrra um 29 eða 30 manns, þannig að ár eftir ár er blóðið tekið frá stöðum þar sem fjölgunin mældist í mörgum prósentum fyrir fáum árum. Skilja menn ekki hvað klukkan slær? Ætla menn að taka þátt í þessari smalamennsku stjórnarflokkanna á fólkinu utan af landi hingað suður? Ætlar allt stjórnarliðið nánast sameinað að taka þátt í þeim göngum og eftirleitum?

Einn þáttur þessara mála sem skiptir ekki litlu er í höndum hæstv. félmrh. eins og margt fleira sem snertir byggðamálin. Það eru húsnæðismálin. Þar stóðu liðsmenn hæstv. félmrh. að því, líklega 21. apríl í fyrra, að lofa því hátíðlega í tengslum við afgreiðslu á breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að fylgja eftir tíu tölusettum liðum í sambandi við húsnæðismál og tryggja að í byrjun þessa þings lægju fyrir undirbúin frumvörp og afstaða varðandi þá þætti. Þetta voru skuldbindandi loforð, þar á meðal varðandi félagslegt íbúðarhúsnæði, afstöðu til búseturéttaríbúða, afstöðu til misgengisins í húsnæðislánum og öllum þeim óskunda sem orðið hefur á þessu kjörtímabili undir þessari ríkisstjórn. Hæstv. félmrh. kom hér upp í nóvembermánuði einhvern tíma hygg ég að hafi verið til að svara fsp. minni um þessi efni. Og hvað ætli hann hafi sagt? Jú, jú, hann sagði: Þetta er alveg rétt. Það var lofað ýmsu og það er búið að vinna mikið í allt sumar og nú er þetta að koma, bara þessa dagana eru tillögurnar að koma. Ég skildi hæstv. ráðh. svo að þetta dagatal hans, sem er með mjög sérstæðum hætti eins og ég hef oft vakið athygli á, þýddi svona viku bið. Þó hef ég reynt það í fjölmörgum málum hér á Alþingi að tímaskyni félmrh. er þannig háttað að vika getur auðveldlega þýtt ár samkvæmt hans tímaskyni og loforðum hér á Alþingi í mörgum málaflokkum. Mér hefur fundist það raunalegt að skynja að maður af kynstofni Stjörnu-Odda skuli ekki vera betur að sér í rími en hæstv. félmrh. reynist vera, skuli ekki átta sig betur á rími tímans. Eftir þessar yfirlýsingar hér í nóvember um húsnæðismálin hefur ekki nokkuð frá hæstv. ráðh. heyrst um þessi efni meir frekar en yfirlýsingin um nokkra daga sem reyndar var tekið undir af aftökusveitinni úr Norðurlandi eystra, formanni milliþinganefndar í húsnæðismálum, hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. Hann kom hér sérstaklega sem oddviti milliþinganefndar í húsnæðismálum og staðfesti að þetta væri alveg rétt hjá ráðherranum svo það var allt saman í einum kór í sambandi við þessar yfirlýsingar.

Við erum komin til þings eftir jólahlé 19. janúar og efndirnar eru engar frekar en í öðru sem einhverju máli skiptir og menn hafa þóst ætla að taka á þegar gengið er eftir hér á Alþingi. En nú er klukkan að renna út, nú er tíminn að renna út, nú er skeiðklukkan að nálgast sinn endapunkt á mælikvarða kjörtímabilsins og það verður ekki hægt að taka mikið mark á loforðum sem koma á næstu vikum og mánuðum um eitthvað sem skuli gert. Það er álíka merkilegt og þegar Samband ungra framsóknarmanna er látið fara að rumska yfir stjórnarsamstarfi af því tagi sem hér hefur gengið yfir landsbyggðina og landsmenn alla og þar sem ráðherrarnir ganga fram af slíkri hörku. Það er ekki bara liðsveit og forusta Framsfl. sem lætur öxina ríða á þeim mönnum sem oft hafa sýnt lit á því að standa með landsbyggðinni heldur eru ráðherrarnir, og þar fremstir í flokki ráðherrar Sjálfstfl., látnir ganga fram á völlinn og þurfa ekki mikla hvatningu því þeir tala yfirleitt í fyrstu persónu með þeim tillöguflutningi sem fyrir liggur frá hæstv. menntmrh. í sambandi við samskiptin við sveitarfélögin og landsbyggðina, tillögur hans um skólaaksturinn, mötuneytiskostnað og námsaðstoð, tillögurnar sem átti að troða í gegn bakdyramegin á Alþingi svipað og heimildinni um Streiti í sambandi við fjárlagagerðina. Það átti að nota sömu aðferðina, lauma því inn síðustu dagana fyrir jólin. Það kann að vera að sá sem tekinn var af af forustu Framsfl. í Norðurlandi eystra hafi þó brugðið fæti fyrir það þegar málin féllu á jöfnu, þegar hugsjónamál menntmrh. féll á jöfnu í þingflokki Framsfl. Fátt er svo með öllu illt. Ég þakka þeim sem þar greiddu atkvæði og lögðust gegn þeim hugsjónum að færa 90 millj. eða 100 millj. yfir á sveitarfélögin í landinu, strjálbýlu sveitarfélögin sérstaklega, sem var hugsjónamál menntmrh. í þennan umgang, og ekkert átti að koma í staðinn. Ég ætla ekki að fara að gera að umræðuefni þá glímu sem hæstv. ráðh. á í þessa dagana og tengist raunar Norðurlandi eystra sérstaklega því hann velur sér ákveðinn vígvöll. Stundum fer hann yfir landið allt, geysist fram yfir landið allt eins og Atli Húnakonungur og vinnur stóra sigra að honum sýnist trúlega. Allt er þetta í fornsagnastíl með fornsagnablæ. En síðan eru valin einstök svæði þegar svo þykir henta eða einstakir sjóðir, eins og Lánasjóður ísl. námsmanna, því að það er ekki háttur hæstv. menntmrh. frekar en Þorgeirs Hávarssonar að velja sér endilega öfluga mótherja heldur fylgja sögunni um það þegar menn geta ekki látið við bindast og láta öxina ríða, láta öxina falla, og mega eigi við bindast. Þannig gengur hann fram, sá valdsmaður, og skuldar Alþingi skýringar á því sem hann fór upp með í sumar, dylgjurnar í garð starfsmanna ráðuneytisins úti um landið, starfsmanna fræðsluskrifstofa. Ég innti hann eftir því hvað byggi þar að baki, hvers efnis þessar dylgjur væru, og hann er ekki farinn að svara mér enn. Sú fsp. var lögð fram á Alþingi 14. okt. s.l. þar sem hann var beðinn að standa fyrir máli sínu á Alþingi, en hann þegir enn og engin svör komin og hann neitar fjölmiðlum um að svara hvað búi að baki

herförinni í þessu tilviki gegn skólamönnum úti um landið.

En hæstv. menntmrh. er ekki einn. Þetta er tíu manna sveit ráðherra studd af stjórnarflokkunum sameiginlega. Það er blæbrigðamunur. Það eru einstaka ráðherrar sem eru þannig búnir að þeir geysast fram úr sveitinni, tíu manna sveitinni, til að láta á sér bera og sanna mönnum það, bæði þeim sem eru á stuttum buxum og í herklæðum hér í Reykjavík, að þeir standi fyrir hugsjónum og stefnumálum auðhyggjunnar svo eftir sé tekið þó að það kosti tilfærslu fjármagns og fólks úr kjördæmum viðkomandi manna. (Gripið fram í.) Hæstv. iðnrh. Það er sannarlega gott að einhver ráðherra Sjálfstfl. sýnir sig í þessum umræðum. Hérna á vinstri hönd situr hæstv. félmrh. Framsfl. einn og yfirgefinn. Engir aðrir ráðherrar eru til að standa hér fyrir máli, en ég hefði talið eðlilegra og átt von á því, a.m.k. talið það mennilegra að einhverjir aðrir birtust hér til viðbótar við hæstv. iðnrh. og kann þó mjög vel við hans návist undir þessari umræðu því að oft þarf ekki mikið til að hreyfa hans fínu taugar þegar hallar á, eins og við þekkjum, hjá þeim sem minna mega sín. A.m.k. hefur hæstv. ráðh. það oft á orði. Hér hef ég verið að ræða um það hvernig stendur í bólið varðandi byggðamálin í landinu og þá skilvindu sem skilar sínu hingað suður í kjördæmi hæstv. iðnrh. með meiri hraða en gerst hefur nokkurn tíma á fyrri árum. Það þarf að fara aftur í árið 1959 til að sjá aðra eins fjölgun fólks utan af landsbyggðinni hér í kjördæmi hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Ég sagði: Það er ekki bara þessi tíu manna ráðherrasveit. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Það gleður mig að vakin er athygli á því að við skulum hafa skipti öðru hvoru í forsetastól. Það mætti nú víðar jafna metin í þeim efnum en gerist hér það sjaldan að hv. 7. landsk. þm. fær að tylla sér í forsetastólinn. En ég sagði: Það er tíu manna riddaralið sem þarna er á ferðinni sem engu eirir, en það er stutt af sameinuðu liði ríkisstjórnarinnar sem m.a. vann það sér til frægðar við fjárlagagerðina fyrir jólin að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í landinu, skerða einn þýðingarmikinn tekjustofn sveitarfélaga í landinu svo nemur um 400 millj. kr. Þess varð ekki vart að nokkur framsóknarmaður kveinkaði sér í sambandi við þau efni og við áttum ekki von á að heyra neitt úr hinni framsæknu riddarasveit Sjálfstfl. sem telur sig hafa efni á að siga einstökum ráðherrum á landsbyggðina með þeim hætti sem dæmin sanna gegn öllum sjónarmiðum um jöfnuð í þessu landi, gegn námsmönnum, gegn einstökum hópum sem minna mega sín eins og fötluðum, gegn lágtekjufólkinu í landinu, gegn konum sem fylla láglaunahópana í landinu öðrum fremur og gegn landsbyggðarfólkinu í heild sinni.

Nei, það er svo sannarlega ástæða til þess fyrir menn að staldra við nú við umræðu af þessu tilefni og hvenær sem tilefni gefst á hv. Alþingi að vekja athygli á afrekum þessarar ríkisstjórnar og framkomu gagnvart landsbyggðinni. Sveitirnar eru ekki undanskildar því að svo illa sem stendur í sjávarþorpunum, sem bera öðrum fremur afleiðingarnar af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem miðar við löglegt okur á sama tíma og tekjurnar af útflutningsframleiðslunni eru fastar miðað við fast gengi, þá eru það þó sveitirnar sem standa enn þá verr því að því miður hefur ekki verið samtakamátturinn á ferðinni til að veita það viðnám sem hefði þurft, enda hefur sá flokkur haft forustu um eyðingarstefnuna sem bændur settu eitt sinn traust sitt á, Framsfl. Hann hefur lagt til riddarann í tíu manna sveitinni sem hefur farið með landbúnaðarmálin með þeim afleiðingum að hundruð ef ekki þúsundir bænda hafa verið ofsóttir með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að, rúnir tekjum, eignir þeirra gerðar upptækar með svipuðum hætti og húseignir fólksins úti um landið, í þessu tilviki með lögfestingu og reglugerðum um fullvirðisrétt, og öxin látin ríða á þeim sem veikastir standa engu síður en hinum sem til betri bænda geta talist og munu lifa þetta af.

En það er vissulega hreyfing í sveitunum. Menn eru farnir að taka eftir því hvert stefnir. Menn eru smám saman að átta sig á því að flokkurinn sem eitt sinn var kallaður flokkur bænda, flokkur samvinnu, flokkur landsbyggðar tekur undir af fullum hálsi við aðgerðir auðhyggjunnar í stjórn landsins og situr uppi með vaxtaokrið lögleitt í landinu og hefur forustu í þeirri landbúnaðarstefnu sem er að leggja heilu byggðarlögin í eyði. Og svo er egnt fyrir bændur með fjárfúlgum og sagt: Standið upp af jörðum ykkar. Ég skal kaupa af ykkur framleiðsluréttinn eða leigja hann, bara ef þið komið strax, án tillits til þess hvort jörðin þín er til búskapar fallin eða ekki. Þetta er framgangan hjá þessu liði gagnvart landsbyggðinni.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að þessi umræða haldi áfram, ekki bara í dag heldur næstu daga hér á Alþingi því að það er ekkert umræðuefni fremur þess virði að ræða það hér ítarlega en það óefni sem blasir við í byggðamálunum, afleiðingar af efnahagsstefnu sem fylgir leiðarljósum auðhyggjunnar, sem kallar sig frjálshyggju og þar sem báðir stjórnarflokkarnir hafa gengið fram og það fer eftir efnum og málefnum hvor reynist vaskari hverju sinni. (**FrS:** Hvers vegna vill enginn flokksbróðir hv. þm. hlusta á hann? Er þetta svona merkilegt?) Nú er hv. þm. Friðrik Sophusson einn af oddvitum auðhyggjunar, einn af þeim sem heldur um skaftið á skilvindunni miklu, að gefa sig fram hér. Ég trúi ekki öðru en virðulegur forseti hafi tekið eftir því að varaformanni Sjálfstfl. er orðið dálítið órótt og tel ég þó að ýmsir fleiri ættu frekar að aka sér í sætum en hann. (Gripið fram í.) Það er misjafnt hvað hreyfir við mönnum. En ég hef e.t.v. ástæðu til að taka hér til máls síðar í þessari umræðu og vænti að varaformaður Sjálfstfl. lýsi viðhorfum sínum til þessara þýðingarmiklu mála.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Friðriks Soph-

ussonar um hvar muni vera niðurkomnir flokksbræður hv. 5. þm. Austurl. er ástæða til að rifja upp að hv. seinasti ræðumaður hefur þegið heiðursnafnbót úr hendi hv. þm. Sigríðar Dúnu kvennalistaþingkonu í virðulegu viðtali við tímaritið Þjóðlíf þar sem hann var útnefndur fjórða Kvennalistakonan. (**FrS:** Þess vegna segir hann alltaf herra forseti.) Þess vegna rennur honum að sjálfsögðu blóðið til skyldunnar og fagnar því að við sitjum á þessu málþingi undir forsæti virðulegrar kvennalistaþingkonu og kannske er ástæðulaust að vera að spyrja: Hvar eru flokksbræðurnir?

Virðulegi forseti. Ég hef áður, þegar þetta mál var fyrst flutt af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, gert allrækilega grein fyrir afstöðu þingflokks Alþfl. til þessa máls. Í þeirri umfjöllun kynnti ég fyrir þingheimi ályktanir flokksstjórnar Alþfl. um byggðastefnu og endurskipulagningu sveitarstjórnarmála sem og niðurstöður starfshóps á vegum þingflokks Alþfl. um byggðastefnu og endurskoðun stjórnarskrár af því tilefni. Nú er því við að bæta að á flokksþingi Alþfl., sem haldið var í fyrstu viku októbermánaðar á s.l. ári, var einróma samþykkt stefnuyfirlýsing þar sem flokkurinn skuldbatt sig til stuðnings við það meginmál sem á embættismannamáli heitir þriðja stjórnsýslustig en á mannamáli heitir að færa völd heim í héruð.

Það kom fram í máli eins hv. ræðumanns, Stefáns Valgeirssonar, að þetta væru ekki nýjar hugmyndir. Hann minntist þess að þær hefðu verið fluttar á hinu háa Alþingi fyrr og nefndi í því samhengi nafn hv. fyrrv. þm. Gísla Guðmundssonar þrátt fyrir að hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti efasemdum sínum um þær till. sem hér eru fluttar um þriðja stjórnsýslustigið. Ég tel ástæðu til að rifja upp að þessar umræður eiga sér lengri sögu og lengri aðdraganda.

Á stríðsárunum, þegar fram fóru allrækilegar umræður í okkar þjóðfélagi um nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, tóku Austfirðingar sérstakt frumkvæði í þessu máli. Fjórðungssamband Austfirðinga gerði um það ítarlegar ályktanir og á vegum þess birtust í tímaritinu Gerpi, sem var málgagn fjórðungssambandsins, ítarlegar ritsmíðar og álitsgerðir um stjórnarskrármálið eins og það var þá kallað. Það er ástæða til að rifja þetta upp vegna þess að margar af þessum tillögum eru þess eðlis að þær hafa staðist tímans tönn og það væri ástæða til, og ég gef þá ábendingu til flm. frv., að birta hefði átt sem fylgiskjöl með þessu frv. ýmsar af þeim grg. sem á sínum tíma birtust í tímaritinu Gerpi á árabilinu einkum og sér í lagi 1944–1947.

Kjarni þess sem þeir ágætu menn voru að segja þá var þessi: Þeir vöruðu við því að ef stjórnarskrá lýðveldisins yrði tekin óbreytt fegins hendi frá Dönum með þeirri meginbreytingu að setja orðið forseti í staðinn fyrir konungur og menn leiddu ekki hugann að því fyrir fram hvernig menn vildu halda á valddreifingu í þessu þjóðfélagi, þá gæti svo farið innan tiltölulega fárra ára að héruðin úti á landi enduðu í því að verða eins konar frumframleiðslusvæði þar sem aftur á móti öll þjónusta á vegum ríkis og viðskipta yrði saman komin á einum stað í höfuðborginni. Af þessu gæti leitt að samskipti landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis yrðu í líkingu við samskipti nýlendu og nýlenduherra. Þetta væri ástand sem mætti sjá fyrir og ætti að reyna að girða fyrir með því að taka upp róttæk ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins um valddreifingu, héraðastjórn.

Þessar hugmyndir áttu víða fylgi að fagna og mjög margir urðu til þess að taka undir þessi sjónarmið þó að saga stjórnarskrármálsins allan tímann síðan sýni að þar hefur ekki verið fylgt eftir í verki eins og menn höfðu kannske ástæðu til að ætla á þessum árum.

Ef við lítum nú á stöðu mála í ljósi viðvarana sem fram voru settar á þessum tíma er auðvelt að færa fyrir því veigamikil rök að þessar viðvaranir voru ekki ástæðulausar. Við lítum nú á tvískiptingu þessa þjóðfélags milli landsbyggðar og höfuðborgar. Hún er mjög á þann veg að frumframleiðslan, atvinnuvegir eins og sjávarútvegur, fiskvinnsla og landbúnaður og úrvinnsla landbúnaðargreina, er að verulegu leyti saman komin í hinum dreifðu byggðum á landsbyggðinni en ríkisbáknið, ríkisþjónustan, utanríkisviðskiptin, verslunin og yfirleitt öll þjónusta sem varðar þessa framleiðsluatvinnuvegi er saman komin í Reykjavík. Að vísu er rétt að benda á að að því er varðar úrvinnslu landbúnaðarafurða hefur sú þróun verið einkennandi að stærstu fyrirtæki í úrvinnslu landbúnaðarafurða eru saman komin í Reykjavík að því er virðist að forgöngu forsvarsmanna landbúnaðarins og milliliðakerfisins í landbúnaði. Engu að síður gildir það að atvinnuuppbyggingin á landsbyggðinni er annars eðlis en á höfuðborgarsvæðinu og það hefur haft sínar augljósu afleiðingar.

Ef við lítum á stöðu atvinnuvega á seinni árum sjáum við að landbúnaður á Íslandi á við alvarleg vandamál að stríða. Þar hefur gætt vaxandi samdráttar og það hefur sín áhrif á þá atvinnustarfsemi sem víða er uppistaða í hinum minni byggðarlögum úti á landi og fæst við úrvinnslu landbúnaðarafurða. Þess sjást augljós merki að íslenskir bændur hafa ekki lengur trú á því mikla forsjárkerfi og miðstýringarvaldi sem byggt hefur verið í kringum þennan atvinnuveg. Þar hefur, eins og menn þekkja, vinstri höndin ekki vitað hvað sú hægri gerði. Með annarri hendinni, fyrir tilstuðlan ríkjandi landbúnaðarstefnu ríkisvalds og milliliðakerfis, hafa bændur verið hvattir til sívaxandi framleiðslu, bændur hafa verið hvattir til að stækka bú í nafni framleiðniaukningar. Ekkert tillit hefur verið tekið til þess að tilkostnaður hefur verið sívaxandi, hluti milliliðakerfisins af endanlegu smásöluverði afurða farið vaxandi. Á seinni árum hefur það orðið áberandi við snöggt kaupmáttarfall, sérstaklega í upphafi stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar, að eftirspurn eftir landbúnaðarafurðum hefur farið minnkandi. Þannig hefur myndast lítt viðráðanlegt offramleiðslufjall sem síðan er brugðist við með framleiðslustýringu og að-

ferðirnar sem notaðar hafa verið þær að koma aftan að mönnum.

Bændur fá allt í einu í pósti fyrirmælamiða frá kerfinu þar sem þeim er fyrirskipað hvað þeir megi hafa marga gripi í fjósi eða hvað þeir megi eiga mörg höfuð á fjalli með þeim afleiðingum að sú fjárfesting sem þeir lögðu í og voru hvattir til og styrktir til verður þeim fjárhagslega ofviða. Þessar aðferðir hafa leitt hrikalega kreppu yfir landbúnaðinn á sama tíma og fyrir því má færa veigamikil rök að allt forsjárkerfið hefur algerlega brugðist að því er varðar markaðssetningu og sölu afurða, vöruþróun í landbúnaði er aftarlega á merinni og þær tilraunir sem gerðar hafa verið til útflutnings á þeim afurðum, eins og dilkakjöti, sem menn vilja binda vonir við að hægt sé að finna markaði fyrir, allar hafa þær tilraunir verið í skötulíki. Bændur eru nú í uppreisnarham gegn þessu kerfi. Þeir finna að það er ranglátt, þeir finna að það er óskilvirkt og þeir sjá enga von fram í tímann um að með þessum aðferðum verði vandinn leystur. Þeir eru farnir að stofna til samtaka til að gæta hagsmuna sinna gagnvart þessu miðstýringarkerfi.

Að því er varðar sjávarútveginn þarf ekki undan því að kvarta að nú hin seinni misseri hefur verið mikill uppgangur í sjávarútvegi, fyrst og fremst vegna sívaxandi afla og hagstæðrar verðlagsþróunar auk þess sem aðfangakostnaður, sérstaklega að því er varðar olíuvörur, hefur lækkað verulega. Olíuverðfallið á seinasta ári hefur verið metið á um 2000 millj. kr. Þetta hefur þýtt út af fyrir sig að sjávarútvegurinn hefur stigið fyrstu skrefin í að losna úr þeirri kreppu sem honum hafði verið búin, sérstaklega á árabilinu 1978 og síðan þegar honum var sökkt í skuldir og mörg blómleg fyrirtæki í sjávarútvegi urðu fyrir miklum skakkaföllum og eiginfjárstaða þeirra versnaði mjög verulega. Engu að síður eru kreppumerki í fiskvinnslu. Það er ljóst að frystiiðnaðurinn er í kreppu. Hann hefur ekki aðlagast gerbreyttum markaðsaðstæðum og það hefur leitt til þess að í vaxandi mæli er farið að flytja fisk út óunninn til að svara vaxandi eftirspurn og hagstæðu verðlagi fyrir ferskan fisk á erlendum mörkuðum. Við sitjum uppi með gífurlega fjárfestingu í frystiiðnaði, en vöruþróun í honum hefur ekki verið nægilega ör og við sitjum mjög aftarlega að því er varðar framleiðslu á fiskréttum og fiskmáltíðum sem æskilegt hefði verið að frystihúsin beindu athygli sinni að í vaxandi mæli miðað við breytingar á markaðsaðstæðum.

Hv. seinasti ræðumaður vék að ástandi húsnæðismála á landsbyggðinni. Þess sjást víða merki í byggðarlögum úti á landi að þar hefur ekki aðeins verið samdráttur í byggingarstarfsemi. Það eru heilu byggðarlögin þar sem ekki hefur verið byggt eitt einasta íbúðarhús á seinustu árum. Menn hafa orðið fórnarlömb verðfalls á fasteignum, bundnir af eignum sínum, og þess sjást augljós merki að jafnvel þótt auknu fé hafi verið að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar veitt til húsnæðislána hika menn við að fjárfesta í íbúðarhúsnæði víða úti á landi af þeirri ástæðu að þeir óttast að þessi fjárfesting verði þeim ofviða, hún haldi ekki verði sínu og menn verði þar með fyrir eignatjóni.

Það er ástæða til að vekja athygli á áhrifum skólakerfisins að því er varðar byggðamynstrið og þær staðreyndir að fólk leitar í vaxandi mæli frá landsbyggðinni og velur sér búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið þó nokkur uppbygging í skólakerfinu. Skólakerfið veitir námsfólki tiltölulega greiða braut gegnum framhaldsskóla og til sérhæfðs náms í vaxandi mæli, en þegar þetta fólk kemur frá námi og svipast um eftir störfum blasir sú staðreynd við að störfin sem því henta er fyrst og fremst að finna á höfuðborgarsvæðinu. Athyglisvert er að tölur um ný störf sem verða til í hinu opinbera kerfi eru háar og tölur um ný störf sem verða til í þjónustu hvers kyns, sem aðallega er saman komin hér á höfuðborgarsvæðinu, eru háar. Þetta þýðir að gegnum veitukerfi skólakerfisins er aðkomufólki af landsbyggðinni veitt í vaxandi mæli til starfa og búsetu á höfuðborgarsvæðinu.

Eitt atriði ætti að nefna enn vegna þess að það gleymist oft í þessari umræðu þegar menn reyna að draga upp myndina af því hvernig á því stendur að fólkið á landsbyggðinni hefur ekki þrátt fyrir gífurlega verðmætasköpun notið þess í lífskjörum eða stöðugleika í sínum byggðarlögum. Þá er ég að ræða um hið mikla innstreymi erlends lánsfjár sem runnið hefur í okkar þjóðfélag á seinustu árum. Hvaða áhrif hefur það? Hvar sér þessa lánsfjár stað? Mesti skuldakóngur íslensks þjóðfélags að því er varðar erlendar lántökur er að sjálfsögðu ríkisbáknið sjálft. Að öðru leyti er innstreymi lánsfjár að verulegu leyti að finna í þjónustugreinunum. Það er þetta innstreymi af erlendu lánsfé sem býr að verulegu leyti til „falskar tekjur", m.ö.o. það er undirrótin að þeirri grósku í þjónustustarfseminni, bæði á vegum hins opinbera og einkaaðila, sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Hvaða áhrif hefur það svo aftur á undirstöðuatvinnuvegina? Það þýðir að sjávarútvegurinn, sem hafði verið sökkt í skuldir og hafði takmarkaða greiðslugetu, var settur í þá kreppu að geta ekki keppt um vinnuaflið við þessar atvinnugreinar eins og þær birtust okkur í launaskriði og yfirborgunum á vegum þeirra aðila sem geta velt sínum kostnaði og sínum launagreiðslum út í verðlagið sem sjávarútvegurinn getur raunverulega ekki gert. Þetta innstreymi erlends lánsfjár hefur m.ö.o. orðið til þess að byggja upp spennu og þenslu á höfuðborgarsvæðinu og það hefur valdið því að frumframleiðslugreinarnar, fyrst og fremst sjávarútvegurinn og fiskvinnslan, hafa ekki getað keppt við þjónustugreinarnar í launum. Þetta hefur enn orðið til þess að auka aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins og draga úr því að hægt væri að manna þau störf sem halda uppi frumframleiðslunni.

Í raun og veru er þessi mynd á margan máta lík þeirri mynd sem talsmenn Framsfl. hafa löngum reynt að draga upp af seinna tímabili viðreisnar-

stjórnarinnar. Það er nánast eins og ósjálfráð viðbrögð hjá framsóknarmönnum að reyna að verja framsóknaráratuginn með vísan til þess að viðreisnarstjórnin hafi á seinna skeiði sínu a.m.k. látið undir höfuð leggjast að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar. E.t.v. er rétt að taka undir þann þátt í þessari gagnrýni sem varðar landhelgismálið sjálft, þ.e. takmarkaðan skilning forráðamanna viðreisnar á þriðja skeiði þeirrar stjórnar að því er varðaði nauðsyn þess að færa út landhelgina, þó að tölur sem farið hefur verið með oft og tíðum um uppbyggingu togaraflotans séu að því leyti rangar að í lok viðreisnarstjórnar höfðu verið gerðir samningar um kaup, smíði og innflutning á um tólf fyrstu skuttogurunum þó að sú staðreynd sé nú flestum gleymd. En það er athyglisvert að alveg eins og framsóknarmenn hafa gjarnan hamrað á því að landsbyggðin hafi orðið út undan á viðreisnartímanum, þá sitja þeir nú uppi með þá staðreynd fyrir augunum í lok framsóknaráratugarins, sem er orðinn helst til langur, að landsbyggðin er helsta fórnarlamb þess stjórnarfars sem hér hefur ríkt undir forustu framsóknarmanna. Þetta lýsir sér auðvitað í mörgu og ein afleiðingin mun verða sú að landsbyggðarmenn gera sér ljóst að Framsfl. er ekki lengur í reynd sá málsvari landsbyggðarinnar sem hann löngum hefur þóst vera. Þau umskipti birtast okkur á táknrænan máta á þann veg að formaður flokksins leiðir nú flótta framsóknarmanna af landsbyggðinni með því að gefa upp föðurleifð sína á Vestfjörðum og tilkynna það sunnan af Suðurnesjum.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, skýrir að verulegu leyti hvers vegna hallað hefur á landsbyggðina á tímabili þessarar ríkisstjórnar og reyndar lengur, en það er einn þáttur enn sem ég hef ekki minnst á og vegur þungt í þessari umræðu og það er sveitarstjórnarskipan.

Til eru þeir, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem lýsa efasemdum sínum um það sem á kansellímáli er kallað þriðja stjórnsýslustig og efasemdirnar heyrast nú reyndar fleiri, aðallega frá mandarínum kerfisins, um það að þetta muni leiða til kostnaðarauka, þetta sé enn ein silkihúfan í stjórnkerfinu, þetta geri stjórnkerfið flóknara og það sé engan veginn sannað mál að það verði neitt skilvirkara fyrir vikið. Það er full ástæða til að ræða þessar röksemdir og ástæðulaust með öllu að vísa þeim á bug fyrir fram. En ef menn ætla hins vegar að nota þessar röksemdir til að verja aðgerðarleysi að því er varðar núverandi sveitarstjórnarskipan fer í verra því að núverandi sveitarstjórnarskipan stenst ekki og er löngu úrelt. Það er gersamlega út í hött að búa við sveitarstjórnarskipan þar sem sveitarfélög, eitthvað um 200 talsins, eru mjög mörg svo vanburðug að það er algerlega útilokað að þau geti búið sínum þegnum neitt í líkingu við sambærilega þjónustu af því tagi sem höfuðborgarsvæðið gefur fyrirmynd um. Sveitarfélögin eru allt of mörg. Þau eru mörg þeirra allt of fámenn og það er vonlaust með öllu að rétta hlut landsbyggðarinnar innan ramma núverandi sveitarstjórnarskipunar. Sá maður sem segir: Ég hef mínar efasemdir um þriðja stjórnsýslustigið, þ.e. um fylkjaskipan eða héraðastjórn, verður að gera grein fyrir því, ef hann hafnar þeirri leið, hvað hann vill gera í staðinn. Menn hafa sagt sem svo: Einfaldast væri auðvitað að bíða þess ekki lengur að sveitarfélögin sameinist eftir samningaleiðum því að það hefur enginn árangur orðið af þeirri viðleitni í meira en aldarfjórðung. Þá er að líta á þann kost að Alþingi höggvi á hnútinn og skipuleggi sveitarstjórnirnar upp á nýtt með lagasetningu, t.d. á þann veg að sveitarfélagaeiningarnar í landinu yrðu eitthvað í kringum 30 talsins. Sú tala hefur verið nefnd út frá gefnum forsendum um að reyna að halda ákveðnu jafnræði milli íbúatölu stækkaðra sveitarfélaga í þeirri mynd. Auðvitað kemur það fyllilega til greina og það er hægt að færa rök fyrir því að þessi leið væri sennilega skynsamlegri út frá mörgum sjónarmiðum. En kjarni málsins er samt sem áður þessi:

Það er fyrst og fremst tveggja kosta völ að því er þetta varðar: annars vegar fækkun og stækkun sveitarfélaganna samkvæmt valdboði án þess að búa til þriðja stjórnsýslustigið eða, ef ekki getur tekist pólitísk samstaða um það, þá er að fara fram hjá þessu vandamáli með því að búa til héraðastjórnir. Og hvað þýðir það þá? Það þýðir ósköp einfaldlega að endurskoða frá rótum verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, kveða á um það með löggjöf hvaða verkefni, sem nú lúta flóknum samskiptareglum ríkis og hinna minni sveitarfélaga, eigi að vera algerlega á ábyrgð og í höndum hinna nýju héraðastjórna og hvaða verkefni eigi að vera í höndum miðstjórnarvalds ríkisins. Jafnframt þessu, og það er auðvitað lykilatriði, hlýtur það að verða snar þáttur í heildarendurskoðun skattalaga, sem flestir viðurkenna nú a.m.k. í orði að hljóti að verða eitt veigamesta verkefni nýrrar ríkisstjórnar, að ákveða hvaða tekjustofna hin nýja héraðastjórn eða stækkuð sveitarfélög eigi að fá til ráðstöfunar þannig að skattlagningarvaldið, sjálfstætt vald í skattlagningarmálum færist til héraðanna ásamt með fjárhagslegri ábyrgð og ákvörðunarvaldi um forgangsröðun framkvæmda í viðkomandi héraði.

Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum manni að landsbyggðarfólk er í uppreisnarhug gegn óbreyttri skipan og ég satt að segja verð að lýsa furðu minni á því að þegar byggðanefnd þingflokkanna beinir spurningum til þingflokkanna og krefur þá um afstöðu til tillagna og hugmynda um þriðja stjórnsýslustig skuli t.d. þingflokkur Sjálfstfl. láta sér nægja að svara því klárt og kvitt: Þingflokkur Sjálfstfl. er andvígur þriðja stjórnsýslustiginu, telur m.ö.o. óbreytt ástand fullnægjandi.

Hitt dæmið er að þegar þingflokkur Framsfl. svarar út í hött, svarar þessari einföldu spurningu með því að vísa til þess að þeir hafi stutt frv. hæstv. félmrh. um smávægilegar breytingar á sveitarstjórnarlögum sem samþykktar voru á seinasta þingi, svarar út í hött með því að segja að þar sé gert ráð

fyrir vísi að þriðja stjórnsýslustigi sem er hreinn útúrsnúningur, þá er þingflokkur Framsfl., þessi flokkur sem kenndi sig við málsvörn landsbyggðarinnar, raunverulega að segja að hann hafi ekki mótað sér neina stefnu í þessu þýðingarmesta og stærsta máli landsbyggðarinnar, enda er það engin tilviljun að þegar þetta mál er flutt hér, frv. til stjórnskipunarlaga, frv. sem er undirbúið af forráðamönnum og forsvarsmönnum samtaka um jafnrétti milli landshluta, er það flutt af einum hv. þm., Ólafi Þ. Þórðarsyni, einum hv. framsóknarþm., einmitt vegna þess að hann fær ekki stuðning í sínum þingflokki við flutning þessa máls. Eftir stendur m.ö.o. að því er varðar afstöðu stjórnmálaflokkanna að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur flutt hér á Alþingi till. sem gengur í svipaða átt og hér er hreyft að því er varðar héraðaskipun og sveitarstjórnarendurskipulagningu en ef ég skildi hann rétt þegar þetta mál var til umræðu á seinasta þingi var það þingmannsmál en ekki flokksmál. M.ö.o.: það gefur til kynna að enn sé ágreiningur í röðum þeirra Alþýðubandalagsmanna í afstöðu til þessa máls. Um afstöðu Kvennalistans til þessa máls veit ég ekki, en treysti því að málsvarar Kvennalistans geri grein fyrir því í þessum umræðum á eftir.

Þeir menn sem segja: Þriðja stjórnsýslustigið er óframkvæmanlegt vegna þess að farið verði að búa til nýtt stjórnunarapparat sem hlýtur að fela í sér aukinn kostnað, verða líka að hugleiða annað. Í núverandi skipan þurfa forsvarsmenn byggðarlaganna úti á landi að una því að sveitarfélögin eru orðin að niðursetningum í þessu stjórnkerfi. Hinar flóknu samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga þýða að forsvarsmenn byggðarlaganna geta varla lengur átt nokkurt frumkvæði að þýðingarmestu framkvæmdum byggðarlaganna upp á eigin spýtur. Það er nánast sama hvað það er af hversdagslegum verkefnum í sveitarstjórnarmálum, það er sama hvaða dæmi við nefnum, hvort heldur það þarf að reisa stálþil við hafnargarð eða steypa þekju á hafnarsvæði eða koma upp smábátahöfn eða flotbryggju eða malbika götur eða reisa dagheimili eða leikskóla eða heilsugæslustöð. Það er nánast sama hvaða verkefni um er að ræða. Frumkvæðið er komið í hendur báknsins fyrir sunnan. Það er í höndum stjórnmálamanna. Það er í höndum stofnana og ráða og nefnda. Það er ömurlegt til þess að vita að menn, sem eru kosnir til trúnaðarstarfa lýðræðislegum kosningum til að bera ábyrgð á framkvæmdum í sínum sveitarfélögum, skuli þurfa í þessu kerfi að fara með betlistaf í hendi sínar árlegu betligöngur til fjvn. Alþingis, til stofnanabákns ríkisins og ráðuneyta, til sjóðakerfisins, til Húsnæðisstofnunar, til Hafnamálastofnunar, til Vegagerðar, til Byggðastofnunar, til sjóðakerfisins, ævinlega með ölmusustafinn í hendinni, og fara þess auðmjúklega á leit að þetta mikla miðstjórnarbákn afhendi þeim til baka oft og tíðum ölmusufé til nauðsynlegra framkvæmda. Þetta er hvort tveggja efnahagslega óskynsamlegt og þetta er mannlega niðurlægjandi. Þetta er kerfi sem er ólíðanlegt með öllu. Landsbyggðarfólk er eðlilega í uppreisnarhug gegn þessu kerfi. Það sættir sig ekki við þá niðurlægingu og þá lítilsvirðingu fyrir sjálfsvirðingu manna sem þetta kerfi býður upp á.

Það er eitt atriði enn í þessu máli og það er þetta: Þegar menn líta á ríkisbúskapinn á Íslandi til lengri tíma er auðséð að tekjuöflunarkerfið er hrunið og ranglátt. En menn sjá líka fyrir sér öll merki þess að útþensla í ríkisbúskapnum lýtur lögmálum síþenslu og það er eins og það sé ekki lengur á mannlegu valdi að setja neinar skorður við því. Þess vegna t.d. þær tölur sem menn nefna um fjölda nýrra starfa í opinberri þjónustu sem allar eru hér saman komnar. Sá maður sem talar um héraðastjórn er um leið að tala um uppstokkun á verkaskiptingu sveitarfélaga. Hann er að tala um það að fyrir utan að héraðsstjórnin yrði kosin með lýðræðislegum hætti myndaðist í hverjum landsfjórðungi stjórnsýslumiðstöð þar sem hluti af þessu mikla embættismannabákni yrði fluttur heim í héruð ásamt með því að skattakerfinu yrði gerbreytt til að tryggja hinum nýju héraðastjórnum aukna hlutdeild í þeim sköttum sem innheimtir eru af borgurunum.

Ég fyrir mína parta segi: Alþfl. er reiðubúinn til þess samkvæmt þeim samþykktum sem ég vísaði til áðan að vinna það verk og lítur á það sem forgangsverk nýrrar ríkisstjórnar að færa völd í vaxandi mæli heim í héruð. Við erum reiðubúnir að hlusta á allar röksemdir manna um það hvað þeir finna aðfinnsluvert að hinu þriðja stjórnsýslustigi og það er augljóslega hægt að segja sem svo: Hin leiðin, sameining sveitarfélaga í miklum mun stærri en færri sveitarstjórnareiningar, er einfaldari leið. Ef hægt er að ná pólitísku samkomulagi um það erum við fyrir okkar leyti reiðubúnir til viðræðna og samningaumleitana við aðra stjórnmálaflokka um það. En kjarni málsins er þessi: Núverandi stjórnkerfi hefur runnið sitt skeið á enda. Það er sprungið, það er ekki mönnum bjóðandi og það er skylda stjórnmálaflokkanna, ekki síst nú þegar gengið er til kosninga, að gera fólkinu úti á landsbyggðinni skilmerkilega grein fyrir því hvort þeir eru reiðubúnir til að færa völd og fjármagn í vaxandi mæli frá þessu miðstýringarvaldi heim í héruðin þar sem staðarþekkingin er auðvitað fyrir hendi og þar sem menn eru kjörnir til þess með lýðræðislegum hætti að taka ákvarðanir um þýðingarmestu þætti opinberra framkvæmda.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til fyrri umræðna um þetta mál, þar sem ég birti þingheimi í allítarlegu máli þær ályktanir sem frá Alþfl. hafa komið um þessi mál, og orðlengi þetta ekki frekar.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hér er vissulega mikið mál til umræðu á þskj. 184 um stjórnarskrá lýðveldisins og það sem hér hefur farið fram er umræða sem snertir málið ekki nema að nokkru leyti, en mér þótti rétt að koma upp vegna nokkurra athugasemda sem hér hafa komið fram.

Ég vil segja fyrst vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns að auðvitað má ræða sveitarstjórnarmálin út frá þeim skoðunum sem hann var að túlka, en ég er hræddur um að málið sé ekki svo einfalt í reynd eins og hann vill setja upp í þjálfuðu máli, er sjálfsagt búinn að flytja slíkar ræður vítt og breitt um landið. Staðreyndirnar eru ekki alveg svo einfaldar.

Ég ætla að byrja á því að ræða við hv. 5. þm. Austurl. af því að hann bar fram nokkrar spurningar til mín í sambandi við þessi mál. Ég vil fyrst spyrja hv. þm. hvort hann telji sig tala í umboði Alþb. þegar hann er að ræða um sveitarstjórnarmál. Ég er hræddur um að það sé ansi mikill skortur á því miðað við það sem fram hefur komið frá Alþb. um stefnuna í þeim málum.

Það er óhætt að fullyrða að það er alveg sama hvaða ræður hv. þm. flytur með miklum hávaða um landsbyggðarmál. Hans ræður eða ákvarðanir hafa aldrei flutt landsbyggðinni nokkurn skapaðan hlut. Ég held að það sé varla hægt að finna mál sem er hægt að kalla byggðamál sem hv. þm. hefur raunverulega komið fram. Það er kannske rétt lýsing á því, sem hér var bent á, að það fyrsta sem hans eigin flokksmenn á hv. þingi gera þegar hv. þm. biður um orðið er að forða sér út úr þingsalnum.

Í þessu tilfelli langar mig til að benda honum á leiðsögn í þessu máli sem hann ætti fyrir löngu að vera búinn að átta sig á þegar verið er að ræða um sveitarstjórnarmál og allan þann mikla vísdóm sem hv. þm. telur sig hafa á þeim málum og föstu skoðanir. Það vill svo til að Alþb. hefur sýnt það frumkvæði meðal stjórnmálaflokka að gefa út þingtíðindi eftir hvert reglulegt þing. Í þingtíðindum flokksins frá s.l. sumri, sem voru gefin út í júlí og er sjálfsagt til í þskj., kemur afstaða flokksins öðruvísi fram miðað við það sem hv. þm. hefur verið að halda fram nú og raunar áður í umræðum um þessi mál. Ég held að það væri hollt að lesa upp úr þessum þingtíðindum Alþb., með leyfi virðulegs forseta. Ég get gripið ofan þau:

„Nokkrir fyrrv. og núv. sveitarstjórnarmenn Alþb. sendu frá sér yfirlýsingu um sveitarstjórnarmál fyrr í vetur", þ.e. á s.l. ári. Og þar segir m.a.: „Í stjórnarskránni er fjallað um rétt sveitarfélaga til að ráða eigin málum í einni setningu þar sem segir: Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisins skal skipa með lögum. Þennan lýðræðislega rétt sveitarfélaga ber að varðveita hvort sem þau eru stór eða smá." Og svo halda þeir áfram: „Barátta fyrir virku lýðræði er einn af hornsteinum í starfi sósíalísks flokks. Hluti hennar er að vinna að því að það form sem menn velja stjórnsýslu sé þess eðlis að það skapi möguleika á virku lýðræði. Til að svo megi verða þurfa að verða tengsl milli ákvörðunartöku og ábyrgðar. Sveitarstjórnir eru grunneiningar í íslensku þjóðskipulagi." Þetta er það sem allir setja upp í sína stefnu. „Virkast hlýtur lýðræðið að vera ef þær hafa sem víðtækast sjálfsforræði. Gildir það jafnt um hvernig verkefnin eru framkvæmd og hvernig þau eru fjármögnuð. Sveitarfélögin þurfa að vera svo öflug að íbúar þeirra geti haft í raun mótandi áhrif á nánasta umhverfi sitt og byggt upp fjölbreytta félagslega þjónustu. Þess vegna er brýnt að koma í veg fyrir einhæfni einstakra byggða hvort sem um er að ræða þjónustubyggðir eða framleiðsluatvinnuvega, einhæfar atvinnubyggðir.

Þar til sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað má nota þjónustusvæði sem grunneiningu. T.d. á Austurlandi hefur slík formleg eining verið mynduð til þess að hægt sé að leysa ákveðna þætti sameiningarmálanna, draga úr miðstýringu og komast hjá stofnun svæðisnefnda. Rætt hefur verið um að koma á þriðja stjórnsýslustigi, ýmist sem fylki, svæðisstjórn, héraðsstjórn, kjördæmisþingi eða annað. Þriðja stjórnsýslustigið stuðlar ekki að virkara lýðræði. Með héraðsstjórnum eða svæðisstjórnum færist ákvörðunartaka og ábyrgð frá því fólki sem ákvörðunin snertir. Lýðræðið eykst ekki með því að grunneiningar séu gerðar áhrifaminni og yfir þær séu sett ráð, jafnvel þótt þau ráð séu kosin á lýðræðislegan hátt. Slíkt fyrirkomulag veldur aðeins deilum um valdsvið og deilum um stjórn og framkvæmd á verkefnum og aukinni skriffinnsku.

Í dreifbýlinu þurfa sveitarfélögin að verða fjölmennari, verða öflugar félagslegar heildir. Fleiri þurfa að vera með í stjórnun og ákvörðunartöku í grunneiningu í sveitarfélögum. Það er leiðin til virkara lýðræðis. Leggja ber því áherslu á að stjórnsýslustigin verði áfram einungis tvö, landshlutasamtökin áfram frjáls hagsmunasamtök sveitarfélaga sem annist þau verkefni sem sveitarfélögin fela þeim."

Þeir sem skrifa undir þetta álit til byggðarnefndar Alþb. eru hátt skrifaðir sveitarstjórnarmenn, forustumenn í vel metnum og vel reknum byggðarlögum. Fyrstur í flokki er Kristinn V. Jóhannsson, Neskaupstað, Ragnar Elbergsson í Grundarfirði, Margrét Frímannsdóttir á Stokkseyri, Skúli Alexandersson á Hellissandi, Jóhann Ársælsson á Akranesi, Kristinn Jón Friðþjófsson á Rifi og Logi Kristinsson í Kópavogi, fyrrv. bæjarstjóri á Neskaupstað.

Þetta skjal er opinbert og ekkert nema gott um það að segja. Það sýnir í hnotskurn hvernig rætt er um þessi mál vítt og breitt á okkar landi og skoðanir eru að sjálfsögðu skiptar sem eðlilegt er.

Ég vil segja við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og raunar einnig hv. 5. þm. Austurl. að nýju sveitarstjórnarlögin eru engin smábreyting frá því sem áður var. Nýju sveitarstjórnarlögin opna algerlega fyrir nýsköpun í sveitarstjórnarmálum á Íslandi eftir því sem fólkið í sveitarfélögum vill. Það hefur alla möguleika á því að taka upp þá stjórnarhætti sem menn vilja sameinast um á viðkomandi svæðum. Það er opið. Og ég vil segja það hér til upplýsinga að síðan þessi lög voru sett á síðasta ári og eftir að þau tóku að öllu leyti gildi við síðustu áramót hefur að mínu mati verið miklu meiri áhugi út um landið fyrir sameiningu sveitarfélaga en ég átti von á, ekki aðeins sameining sem er lögbundin í

sveitarfélögum með færri en 50 íbúa heldur eru heilu sýslufélögin að óska eftir viðræðum við félmrn. um að sameinast í eitt sveitarfélag til að ná betri tökum á málum fyrir sín byggðarlög. Þetta er vissulega það sem menn eru að tala um. Þeir hafa í sveitarstjórnarlögunum nýju möguleika á því að skipa þessum málum þannig. (**JBH:** Megum við heyra nokkur dæmi um þetta?) Ég tel ekki ástæðu til þess á þessu stigi, en það eru umræður í gangi og fulltrúar félmrn. eru á fundum um landið þar sem þess hefur verið óskað.

Ég vil segja það vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Austurl., þar sem hann var að spyrja um nefnd, að það var gefin yfirlýsing um það í sambandi við afgreiðslu málsins að mynduð yrði samstarfsnefnd frá sýslumannafélagi, frá ráðuneyti og frá sambandi sveitarfélaga til að hafa umsjón með yfirtöku sveitarfélaga á sýslusjóðum eða málefnum sýslufélaganna. Sú breyting var gerð á hv. Alþingi við afgreiðslu málsins að þessari yfirtöku var seinkað þannig að sýslufélögin fá lengri tíma til að koma þessari skipan á. En fyrir árslok 1988 á þessu að vera lokið. Þessi nefnd er í burðarliðnum og það stendur ekki á því að hún fær að takast á við þetta verkefni nægilega snemma, enda er þessi þáttur laganna nýkominn í gildi.

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka ræðu minni strax. Ég hefði getað talað lengi og hefði kannske gert ef aðstaða hefði verið til. En ég ætla að bæta því við í sambandi við ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að auðvitað er alveg ljóst að þessari breytingu í sambandi við sveitarstjórnarkerfið og valddreifinguna í okkar landi fylgir að það verður að gera breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og í því eru starfandi nefndir. Einnig verður að gera breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga sem er núna til meðferðar í ráðuneytinu og hefði verið komin fram á hv. Alþingi ef hefði ekki verið tekin sú ákvörðun að gera a.m.k. tilraun til að breyta tekjuskattskerfi ríkisins og setja upp staðgreiðslukerfi, sem grípur inn í þessi mál því að skattheimta sveitarfélaga er jafnvel meiri en tekjuskattur ríkisins svo að þetta tvinnast saman.

Ég vil að lokum svara því sem hv. 5. þm. Austurl. spurði um í sambandi við húsnæðismálin og þær tillögur sem félmn. Alþingis vísuðu ekki til félmrh. heldur til milliþinganefndar í húsnæðismálum. Þessi milliþinganefnd er skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Hún fékk þetta mál til meðferðar og hún hefur verið með málið síðan til afgreiðslu. Ég sagði í haust, ég man ekki dagsetningarnar á þessu nákvæmlega, en ég sagði að ég vissi ekki betur en niðurstaða í starfi þessarar nefndar og svör hennar væru að koma á borðið og það var staðfest af formanni nefndarinnar þá. Því miður hefur það dregist, en mér skilst að það sé um það bil að verða að veruleika.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

38. fundur, þriðjudaginn 20. jan., kl. 2 miðdegis.

Minning Rannveigar Þorsteinsdóttur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Rannveig Þorsteinsdóttir, hæstaréttarlögmaður og fyrrv. alþingismaður, andaðist á Reykjalundi í fyrradag, sunnudaginn 18. janúar, 82 ára að aldri.

Rannveig Þorsteinsdóttir var fædd 6. júlí 1904 á Sléttu í Mjóafirði. Foreldrar hennar voru hjónin Þorsteinn sjómaður þar Sigurðsson bónda, síðast að Hestgerði í Suðursveit, Gíslasonar og Ragnhildur Hansdóttir bónda á Keldunúpi á Síðu Jónssonar.

Hún hóf nám í kvölddeild Samvinnuskólans 1922, settist í eldri deild skólans haustið 1923 og lauk burtfararprófi vorið 1924. Næsta vetur var hún í framhaldsdeild skólans. Tveimur áratugum síðar hóf hún að nýju skólanám, lauk stúdentsprófi utanskóla í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1946 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands vorið 1949. Héraðsdómslögmaður varð hún 1952 og hæstaréttarlögmaður 1959. Afgreiðslumaður Tímans var hún 1925–1936 og jafnframt stundakennari við Samvinnuskólann 1926–1933. Hún var bréfritari við Tóbaksverslun Íslands 1934–1946. Frá 1949 rak hún málflutningsskrifstofu í Reykjavík til 1974.

Rannveig Þorsteinsdóttir var í stjórn Kvenfélagasambands Íslands 1947–1963, formaður þess frá 1959, og hún var formaður Félags íslenskra háskólakvenna og Kvenstúdentafélags Íslands 1949–1957. Árið 1949 var hún kjörin alþingismaður Framsfl. í Reykjavík og sat á þingi til 1953, á fjórum þingum þess kjörtímabils, en áður hafði hún verið þingskrifari frá 1942 til 1948. Dómari í verðlagsdómi Reykjavíkur var hún frá 1950 nokkur ár. Hún sat oft sem varafulltrúi á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins á árunum 1951–1964. Hún var í happdrættisráði Háskóla Íslands 1951–1977, í útvarpsráði 1953–1956 og síðar nokkra mánuði milli alþingiskosninganna árið 1959 og í yfirskattanefnd Reykjavíkur var hún 1957–1963.

Rannveig Þorsteinsdóttir hóf störf sín að félagsmálum í ungmennafélagshreyfingunni og hún var síðar mörg ár í stjórn Ungmennafélags Íslands. Hún var áhugasöm um réttindi kvenna og í samtökum þeirra var hún skipuð til forustu. Í málflutningsskrifstofu hennar áttu konur stuðning vísan ef á þurfti að halda. Hún var forkur dugleg til allra verka og það er ekki allra að hverfa úr föstu starfi um fertugt og ljúka menntaskóla- og háskólanámi á skömmum tíma.

Nú eru liðnir rúmir þrír áratugir síðan hún hvarf af Alþingi eftir fjögurra ára setu. Störf sín hér vann hún með röggsemi og dugnaði svo sem önnur ævistörf. Síðustu æviárin hlaut hún þó að draga sig í hlé sökum vanheilsu.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Rannveigar Þorsteinsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að gert er ráð fyrir að í upphafi síðari fundar í dag hefjist umræður utan dagskrár um brottvikningu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Umræða þessi fer eftir 2. mgr. 32. gr. þingskapa.

Samgönguleiðir um Hvalfjörð, ein umr.

Fsp. DA, 241. mál. — Þskj. 258.

Fyrirspyrjandi (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var flutt hér tillaga á hv. Alþingi að því er varðaði samgönguleiðir um Hvalfjörð. Þar var gert ráð fyrir því að samgönguleiðir um Hvalfjörð yrðu metnar að nýju, en eins og kunnugt er hefur verið unnið í Hvalfirði að samgöngum og stefna í samgöngum verið framkvæmd á grundvelli nefndarálits sem út kom 1972.

Þessi umrædda þáltill. sem ég nefndi fékk þá meðferð hér á hv. Alþingi að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Hins vegar hefur verið hljótt um framkvæmd hennar, þ.e. það hefur verið hljótt um það hvort samgönguleiðir um Hvalfjörð hafi verið metnar að nýju eins og tillagan gerði ráð fyrir. Af þeim sökum hef ég leyft mér að flytja svofellda fsp. til samgrh. á þskj. 258:

„Hyggst samgrh. láta meta hagkvæmni nýrra samgönguleiða um Hvalfjörð, svo sem:

1. jarðganga,
2. brúar,
3. ferju,

m.a. í ljósi tækniframfara í byggingu samgöngumannvirkja?“

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa fsp. Hún er skýr og vænti ég svara frá hæstv. ráðh.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Á árunum 1967–1972 vann svonefnd Hvalfjarðarnefnd, sem skipuð var af samgrn., alhliða rannsókn á því hvernig hagkvæmast væri að leysa samgöngur um Hvalfjörð. Nefndin gerði athugun á mörgum valkostum og ítarlegast á þeim kostum sem helst komu til greina.

Niðurstöður nefndarinnar voru þær að vegagerð fyrir Hvalfjörð væri hagkvæmasti kosturinn, 15% afkastavextir, en næst kæmi ferja nálægt Grundartanga, en sú lausn gaf um 12% afkastavexti.

Frá útkomu skýrslu Hvalfjarðarnefndarinnar hefur í aðalatriðum verið unnið að vegagerð í samræmi við hana þó að enn séu langir kaflar óbyggðir og sumir þeirra mjög dýrir. Kostnaður við að ljúka vegi er talinn á núvirði um 650 millj. kr. Jafnframt hefur Akraborg verið rekin en nefndin tók ekki beina afstöðu til þess máls.

Á undanförnum árum hafa alloft verið fluttar á Alþingi till. um nýja athugun þessara mála. Má þar nefna tillögur á 102., 103., 104., og 107. löggjafarþingi. Flm. hafa oftast verið þm. Vesturlands, einn eða fleiri, en stundum hafa þm. annarra kjördæma bæst í hóp flm. Þessar till. hafa flestar ekki orðið útræddar, en vísað til ríkisstjórnanna hafi þær náð afgreiðslu.

Á s.l. ári lét stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. athuga nokkuð rekstur ferju sem gengi frá Hvalfjarðareyri að Grundartanga. Niðurstaða þeirrar athugunar var að slíkur rekstur væri arðbær, og er þá miðað við að rekstri Akraborgar yrði hætt. Er sú niðurstaða í samræmi við skýrslu Hvalfjarðarnefndar frá 1972 þó að annar valkostur væri þar talinn enn arðbærari.

Niðurstöður Hvalfjarðarnefndar eru byggðar á athugun og forsendum sem orðnar eru 15–20 ára gamlar. Ýmsar forsendur hafa breyst á þessum tíma, t.d. orkuverð, nýjungar í tækjum og tækni hafa komið til og lausnir sem þá voru lítt eða ekki hugsanlegar eru orðnar nokkuð algengar, t.d. jarðgöng neðansjávar. Þá ber þess að geta að Hvalfjarðarnefnd athugaði ítarlegast hefðbundnar lausnir, vegagerð og ferjurekstur, en miklu lauslegar dýrar óhefðbundnar lausnir, stórbrýr, rör á botni o.s.frv.

Þrátt fyrir það sem ég hef hér nefnt hef ég ekki í hyggju að hafa forgöngu um að láta meta hagkvæmni nýrra samgönguleiða um Hvalfjörð. Það er ljóst að athugun af þessu tagi mun taka nokkur ár og kosta milljónir króna. Nægir í því efni að benda á að gamla Hvalfjarðarnefndin var milli 5 og 6 ár að störfum og hefði viljað skila ítarlegri skýrslu en skortur á fjármagni var henni fjötur um fót.

Ég tel að nú eins og áður sé besti kosturinn vegur með varanlegu slitlagi fyrir Hvalfjörð. Enn er nokkuð eftir til að ljúka veginum eins og ég hef áður getið. Engum dettur í hug að hætta þeim framkvæmdum þó svo sérstök nefnd væri skipuð og bíða svo árum skipti eftir tillögum hennar. Því gæti svo farið að veginum með varanlegu slitlagi væri lokið þegar nefndin skilaði af sér. Að mínu mati er ekki tímabært að skipa slíka nefnd og nær að verja þeim milljónum króna, sem rannsóknir nefndarinnar mundu kosta, beint til vegaframkvæmda í Hvalfirði.

Ég vil svo bæta því hér við að vegáætlun verður til meðferðar hér innan ekki langs tíma. Þá gefst mönnum kostur á því við skiptingu þess fjármagns sem þá fer í viðkomandi kjördæmi að velja hvort menn vilji leita annarra leiða, um jarðgöng eða með öðru móti, yfir Hvalfjörð eða ekki. En ég tel ekki

verjandi meðan búið er við þann þrönga kost sem nú er í framlögum til vegamála að hverfa frá því að leggja slitlag á veginn fyrir Hvalfjörð því það gæti þá tafið þá framkvæmd verulega. En hitt hlýtur að liggja ljóst fyrir, ef það er vilji Alþingis að fara aðra leið, þegar vegáætlun verður hér til umræðu og afgreiðslu.

Fyrirspyrjandi (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég verð að játa að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með svar hæstv. ráðh., ekki síst í ljósi þess að fram hafa farið að vísu lauslegir útreikningar á því hvað hugsanlegar vegabætur yfir Hvalfjörð muni kosta í samanburði við þær vegabætur sem hingað til hafa verið áformaðar og þá er ég með í huga varanlegan veg innst í Hvalfirði. Eftir því sem mér hefur verið tjáð, og þá er ég með innanverðan Hvalfjörð í huga og þær áætlanir sem uppi hafa verið, er þar um hundraða milljóna framkvæmdir að ræða, að vísu allverulega meiri kostnað þegar litið er til utanverðs Hvalfjarðar með brú eða göng í huga.

Það er öllum kunnugt að gripið hefur verið til þess ráðs að leggja veginn innst í Hvalfirði „eins og hann kemur fyrir af skepnunni," ef ég má svo að orði komast, bundnu slitlagi án verulegrar undirbyggingar eða breytinga. Þetta þekkja allir þeir sem hafa farið um Hvalfjörð nú í vetur og fyrr. Til þeirra framkvæmda hefur því ekki verið lagt gífurlegt fé. Mér hefur fundist það benda til þess að Vegagerðin hafi, ja, öðrum þræði beðið átekta um hvað yrði um tillögur varðandi framtíðarlausn í vegamálum eða samgöngum um Hvalfjörð.

Ég hlýt að játa að rannsóknir og athuganir af því tagi sem hér er verið að víkja að og hæstv. ráðh. kom inn á hljóta að taka talsverðan tíma. Ég viðurkenni það. En á tímum rannsókna og fyrirhyggju, skulum við segja, hefði ég talið eðlilegt að á hverjum tíma, ekki síst í ljósi þess að tækniframfarir hafa óyggjandi orðið, eigi að liggja fyrir svo ekki verði um það deilt hagkvæmustu valkostir á hverjum tíma.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, enda tími minn útrunninn. Ég þakka eigi að síður fyrir svörin.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil leiðrétta þau ummæli hv. fyrirspyrjanda að ekki hafi verið lagt í dýrar vegaframkvæmdir í Hvalfirði. Frá Hvammsvík og fyrir Brynjudalsvog hefur verið lagður á undanförnum árum nýr og dýr vegur. Það hefur sömuleiðis verið lagður vegur hinum megin við Hvalfjörð, í kjördæmi hv. fyrirspyrjanda. Hins vegar er það rétt að tiltölulega litlu var til kostað fyrir Botnsvoginn, en talin nauðsyn á því að leggja bundið slitlag og það var gert á s.l.ári.

Mönnum er það eðlilega í sjálfsvald sett hvaða stefnu þeir taka í þessum efnum, en ef fara á út í dýrar rannsóknir hljótum við að verða að draga töluvert úr framkvæmdum á sama sviði. En þá verða líka tillögur að vera um það fluttar. Það er ekki samgönguráðherra eins í þessum efnum því við vitum það að við afgreiðslu vegáætlunar skiptum við framkvæmdafé til nýbygginga vega á milli kjördæma og í flestum tilfellum vinna þm. að þeirri skiptingu í samráði og samstarfi við Vegagerð ríkisins. Þetta mál hefur ekki komið upp svo ég viti til og engar tillögur um fjárveitingar á þessu sviði. Ef menn kjósa að taka upp slíka tillögugerð, þá er auðvitað hægt að gera það við afgreiðslu vegáætlunar eða þá við afgreiðslu fjárlaga. En nefndastörf sem kosta milljónir króna verða ekki unnin nema fá til þess sérstaka fjárveitingu.

Það er ekki af neinum fjandskap við þetta mál eða þessar hugmyndir að ég lét þessi orð falla hér áðan. Ég hef mestan áhuga á að hraða því eins og föng eru á og þá í samstarfi við þm., ekki síst þm. Vesturl., að leggja bundið slitlag fyrir Hvalfjörð, og hraða því að ljúka þeim áföngum sem nú eru eftir af enda slitlagsins fyrir austan Kiðaberg og þeim köflum sem nú eru eftir, sem verða nú sífellt færri og styttri eins og menn þekkja.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þeir sem fara frá Reykjavík um Hvalfjörð til Vestur- og Norðurlands þurfa óneitanlega að leggja nokkuð langan krók á leið sína með því að fara fyrir Hvalfjörð. Á hinn bóginn er þess að geta að vegurinn fyrir fjörðinn hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem áður var og fer sífellt batnandi. En aðeins til þess að nefna það að þessi mál eru í sífelldri athugun skal ég geta þess að kl. 1 n.k. mánudag munu allir þm. Vesturlands- og Reykjaneskjördæma hittast í Þórshamri og ræða einmitt þetta málefni, um samgönguleiðir og samgöngubætur fyrir Hvalfjörð. Fer vel á því nú þegar í hönd fer umræða og afgreiðsla á nýrri vegáætlun.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. upplýsti það hér í svarræðu sinni að áætlaður kostnaður við það að leggja bundið slitlag eða fullbyggja veginn fyrir Hvalfjörð mundi vera 650 millj. kr. Mér fannst það ansi stór upphæð miðað við það að ekki eru eftir nema 19 km að ganga frá á þessari leið. Reyndar eru þarna dýrir kaflar en ég hef reyndar ekki heyrt tölu um kostnað á þessari leið fyrr en nú vegna þess að það hefur staðið nokkuð í mönnum að mér skilst að gera áætlanir eða ákveða sérstök vegarstæði.

Ég vil leyfa mér aðeins að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti svarað mér því hvort búið er að ákveða vegarstæði um Botnsvog, hvort þar á að vera brú, eins og rætt hefur verið um, fremst í voginum, eða eitthvert sérstakt vegarstæði inn fyrir fjarðarbotn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég vil vekja athygli á því að það er ekki gert ráð fyrir almennum umræðum undir þessum dagskrár-

lið. Það hefur verið borin fram fsp. til hæstv. ráðh. og hann hefur þegar talað svo sem honum er leyfilegt.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Úr því sem komið er í þessum efnum þá er það hiklaust rétt stefna að koma bundnu slitlagi á alla leiðina fyrir Hvalfjörð. Ekki um Hvalfjörð eða yfir Hvalfjörð, heldur fyrir Hvalfjörð, eins og það á að heita.

Í öðru lagi ber að vekja sérstaka athygli á því að á þessari leið eru kaflar sem eru verulega hættulegir. Ég minni á kafla undir Múlafjalli þar sem stórir bílar geta hreinlega ekki mæst vegna þess hve vegurinn er mjór. Ég hygg að þessi vegur hafi verið afskiptur m.a. vegna þess að hann liggur um tvö kjördæmi. Kannske hefur hv. þingmönnum Reykjaneskjördæmis, sem hafa talið önnur verkefni mikilvægari, fundist þessi vegur fyrir Hvalfjörð, sá hluti hans sem liggur í þeirra kjördæmi, vera eins konar „skavanki" á vegakerfi Reykjaneskjördæmis. Þetta er auðvitað vandræðamál. En þó svo rétt sé að stefna að því að koma bundnu slitlagi á þessa leið sem allra fyrst, þetta er örugglega einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins, þá er það mín skoðun að það beri að huga að því, án þess að til þess sé varið einhverjum tugum milljóna en áreiðanlega kostar það eitthvert fé, hvort ekki muni á næstu árum hagkvæmt að gera brú yfir utanverðan Hvalfjörð.

Yfirlýsingar í tengslum við kjarasamninga, ein umr.

Fsp. PJ og DA, 248. mál. — Þskj. 269.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 269 höfum við hv. þm. Davíð Aðalsteinsson flutt fsp. til hæstv. forsrh. um yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Var landbrh. kunnugt fyrir fram um þau fyrirheit sem forsrh. gaf aðilum vinnumarkaðarins í bréfi 6. des. s.l. um að ekki yrði tekin upp framleiðslustýring í alifuglaframleiðslu og að jöfnunargjald af innfluttum kartöflum yrði fellt niður?

2. Var haft samráð um þetta efni við samtök framleiðenda í þessum greinum eða við Stéttarsamband bænda sem fer með fyrirsvar framleiðenda í þessum efnum skv. lögum nr. 46/1985?

3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við það loforð sem landbrh. mun hafa gefið alifuglaframleiðendum að morgni s.l. föstudags um að farið yrði að óskum þeirra um útgáfu reglugerðar sem opnaði leiðir til framleiðslustjórnar í þeim greinum?

4. Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja hagsmuni kartöfluframleiðenda gegn innflutningi þegar jöfnunargjald af innfluttum kartöflum hefur verið fellt niður?

5. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bæta sauðfjárbændum þau 12,74% sem vantar á afurðaverð frá liðnu hausti ef verðið má ekki hækka umfram almenna verðlagsþróun?"

Tilefni þessarar fsp. eins og hún ber með sér er yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í desembermánuði s.l. Þessi yfirlýsing, sem lýtur að því efni sem fsp. fjallar um, tekur til efnisatriða sem fram til þessa hafa verið talin lítt viðkomandi almennum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Í fyrsta lagi vil ég láta þá skoðun mína koma fram að það sé varasamt fordæmi ef í almennum kjarasamningum er farið að knýja fram yfirlýsingar stjórnvalda um efni sem ekki koma beint kjarasamningum við og er erfitt að sjá fyrir til hvers slíkt kynni að leiða í framtíðinni. Eðlilegt er að í kjarasamningum geti verið um það að ræða að ríkisstjórn gefi yfirlýsingar um tiltekin atriði varðandi verðlag, skattamál og annað slíkt sem hefur mikil áhrif á kjör launþega, en það er að mínum dómi varasamt þegar farið er að teygja sig út fyrir almenn svið af þessu tagi.

Hér er hins vegar einnig um það spurt hvort haft hafi verið samráð við framleiðendur í þessum greinum, hvort haft hafi verið samráð við hæstv. landbrh. og hvernig unnt verði að standa við þau loforð sem hann hefur gefið um þetta efni, þar á meðal um sérstakar stjórnvaldsaðgerðir með útgáfu reglugerða.

Ég vil í þessari ræðu ekki fara nánar út í þetta, enda skýrir fsp. sig sjálf, og óska eftir svari frá hæstv. ráðh. En ég tek það fram, sem er e.t.v. nokkuð óvenjulegt við þessa fsp., að við hv. þm. Davíð Aðalsteinsson flytjum hana saman vegna þess að samtímis skiluðum við inn til skrifstofu Alþingis fsp. sem nálega var samhljóða og niðurstaða okkar var sú að flytja fsp. saman.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Svarið við 1. lið er raunar einfalt. Það er já. Að vísu var landbrh. ekki á þeim ríkisstjórnarfundi þar sem tilmæli aðila vinnumarkaðarins voru lögð fyrir en ég hafði samband við hann símleiðis um kvöldmatarleytið og orðalag í svari ríkisstjórnarinnar var ákveðið í samráði við hann. Ég vil taka það fram að þegar þetta gerðist höfðu orðið umræður hér á hinu háa Alþingi daginn áður, ef ég man rétt, þar sem mjög greinilega kom fram að það var ekki samstaða á milli stjórnarflokkanna um að setja framleiðslustýringu á eggja- og kjúklingaframleiðslu, en um það hafði talast á milli stjórnarflokkanna að slíkt yrði ekki gert nema samráð eða samkomulag væri milli flokkanna um það, svo að það lá þá þegar fyrir. Um jöfnunargjald af innfluttum kartöflum vil ég líka segja það að við landbrh. höfðum áður rætt þau mál og hann hafði lýst þeirri skoðun sinni að það ætti að fara aðrar leiðir til þess

að tryggja hagsmuni kartöflframleiðenda og kem ég að því síðar.

Við 2. lið er svarið nei. Ég sá ekki ástæðu til þess að hafa samráð við samtök framleiðenda í þessum greinum þar sem það lá mjög greinilega fyrir að ekki yrði unnt að verða við þessum tilmælum í ríkisstjórninni.

Við 3. lið: Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við loforð sem landbrh. mun hafa gefið alifuglaframleiðendum að morgni s.l. föstudags? Þarna er náttúrlega vísað til föstudags fyrir nokkrum vikum. En til þess föstudags sem þarna ræðir um skildi ég landbrh. svo að hann hefði eingöngu lofað að leggja málið fyrir ríkisstjórnarfund þriðjudaginn eftir þá helgi sem þarna er um að ræða. Og eins og ég sagði fyrr kom í ljós áður en til ríkisstjórnarfundarins kom að ekki yrði samstaða á þeim ríkisstjórnarfundi um að gefa út þessa reglugerð.

Ég vil svo taka það fram í þessu sambandi að haldið hefur verið áfram athugun á þessum málum, fyrst og fremst á vegum landbrh. M.a. hefur verið kannað hvort Framleiðnisjóður mætti veita þá ábyrgð sem var reyndar hornsteinn þeirrar framleiðslustýringar sem þarna var um að ræða. Lögfróðir aðilar telja að Framleiðnisjóður hafi ekki heimild til að veita slíka ábyrgð svo að það út af fyrir sig hefði gert fyrri hugmyndina ófæra. Hins vegar standa mál nú þannig að kjúklingaframleiðendur hafa að því er ég best veit komið sér saman um að koma reglu á sína framleiðslu þótt það verði kannske ekki kölluð framleiðslustýring. Þeir hafa þegar hafist handa við að losna við umframbirgðir úr landi. Þeir hafa sjálfir ákveðið að ráðstafa því sem þeir fá endurgreitt af fóðurbætisgjaldi til þess að gera þann útflutning mögulegan og að sjálfsögðu fá þeir endurgreidda tolla og þess háttar sem á þá framleiðslu fellur. Ég veit ekki betur en þar horfi heldur vel með samkomulag framleiðenda sjálfra og fagna ég því.

Með eggjaframleiðendur er hins vegar annað mál. Þar hefur ekki náðst heildarsamkomulag, jafnvel um það deilt hvort þeir sem vilja semja um framleiðslustýringu ráði við meiri hluta framleiðslunnar. Framleiðsluráð telur það að vísu vera svo, en þar hefur ekki náðst samkomulag. Þeir eru sjálfir með athuganir í samráði við stjórnvöld á leiðum til að koma í veg fyrir meiri háttar slys í þeirri framleiðslu, gjaldþrot og önnur vandræði sem ég held að enginn vilji yfir okkur kalla og mundi eflaust leiða til verulegrar hækkunar á eggjum svo að í samráði við þá er það reynt en alls ekki séð fyrir endann á því máli.

Síðan er spurt í 4. lið: Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja hagsmuni kartöflframleiðenda gegn innflutningi þegar jöfnunargjald af innfluttum kartöflum verður ekki á lagt? Það væri réttara að beina þessari fsp. til hæstv. landbrh. en að sjálfsögðu er það m.a. hægt með því að leyfa ekki innflutning fyrr en innlendar kartöflur eru þrotnar. Kannske er það skynsamlegasta leiðin því að álagningu þessa gjalds á innfluttar kartöflur var tekið illa, ef ég skildi rétt, bæði af kartöflframleiðendum og neytendum og ég get ekki mælt með því að út í það verði farið. Mér sýnist hin leiðin, þ.e. takmörkun á innflutningi meðan þörf er á, vera skynsamlegri.

Um 5. liðinn vil ég segja að það var skýrt tekið fram í svari ríkisstjórnarinnar að þetta er ekki á hennar valdi heldur skv. lögum í höndum annarra. Hins vegar bentu þær athuganir sem við létum fara fram á þessu til þess að ástæða væri til að ætla að verðlag á landbúnaðarafurðum yrði nálægt annarri verðlagsþróun í landinu og til þess að tryggja það betur ákvað Alþingi við afgreiðslu fjárlaga að veita, ef ég man rétt, 125 millj. kr. til þess að greiða niður áburð, en samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum var hann líklegasti liðurinn til þess að valda of mikilli hækkun á landbúnaðarafurðum.

Um umrædda 12,74% hækkun á kjöti er það að segja að framleiðendur ákváðu sjálfir að fresta því a.m.k. Þar tel ég að þeir hafi tekið skynsamlega ákvörðun því að slík hækkun á kjöti yrði tvímælalaust til þess að draga mjög úr neyslu og beina yfir á annað kjöt. Ég skal ekkert segja hvernig því yrði mætt ef til kemur, en ég treysti því að menn fari varlega í slíka gífurlega hækkun á lambakjöti eins og aðstæður eru núna.

Ég vil aðeins segja það að lokum, herra forseti, að ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að það er ætíð mjög vafasamt að blanda slíkum málum inn í kjarasamninga sem viðkoma öðrum stéttum, ég get tekið undir það, en í þessu tilfelli var nánast um það að ræða að ríkisstjórnin svaraði því sem hún best vissi og ég hef nú rakið á hvaða forsendum þau svör voru byggð.

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Það er laukrétt sem fram kom hjá hv. fyrri flm. þessarar fsp. að við komum svo að segja samtímis með sams konar fyrirspurnir til skrifstofu Alþingis og því þótti okkur ráðlegt að flytja þessa fsp. saman.

Hæstv. forsrh. svaraði því ekki að mínu dómi hvort umrædd 12,74% hækkun kæmi til framkvæmda, þ.e. hvort yfirlýsing ríkisstjórnarinnar á sínum tíma vegna nýgerðra kjarasamninga kæmi í veg fyrir framkvæmd þeirrar hækkunar á sínum tíma. Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. svari því skorinorðar en hann gerði hér áðan.

Að mínu áliti er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna ekki í samræmi við 8. gr. búvörulaganna svonefndu né heldur 30. gr. þeirra. Í báðum tilvikum er óhjákvæmilegt að opinberir aðilar komi til, annars vegar varðandi 8. gr. þegar um verðlagningu er að ræða og hins vegar varðandi 30. gr. þegar um stjórnun er að ræða. Vel má vera að það sé túlkunaratriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að því er varðar landbúnaðarmál, yfirlýsingu hennar vegna kjarasamninganna hvað eru opinberar aðgerðir, hvað er framleiðslu- og verðstýring af opinberri hálfu. Það má vel vera að það sé túlkunaratriði. Til

viðbótar tilvitnun í nýsett búvörulög, þá muna það allir, sem tóku þátt í umfjöllun um búvörulagafrv. á sínum tíma á vordögum 1985, að þá lágu fyrir yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnar, a.m.k. hef ég allar götur síðan litið svo á, yfirlýsingar um það að yrði um að ræða samkomulag af hálfu framleiðenda í þeim greinum sem hér um ræðir, þá mundu stjórnvöld gera allt sitt til þess að stuðla að því að stjórnun yrði komið á í þessum greinum.

Ég skal ekki á þessari stundu leggja persónulega mat á það hvort nú sé rétti tíminn til slíkra aðgerða. Ég hef þó freistast til þess að fara eftir viðhorfum hagsmunaaðila í þessum greinum að því er varðar löngun meiri hluta þeirra til þess að stjórna sínum málum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en vil ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh. varðandi þá hækkun sem að vísu fulltrúar bændastéttarinnar samþykktu að yrði frestað, hvort yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna launasamninganna nýgerðu eiga m.a. við þessar prósentur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. þm. hefur farið allríflega fram úr tilskildum ræðutíma. En ég vek athygli á því að honum er nokkur vorkunn. Hann er meðfyrirspyrjandi í málinu.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Því miður er allt of skammur tími til að ræða þessi mál í framhaldi af fsp., en ég vil upplýsa þá sem ekki gera sér grein fyrir því að það ákvæði sem hér er um að ræða í kjarasamningum er tilkomið vegna hagsmuna neytenda.

Mörgum er fyrirmunað að skilja það að neytendur hafa nokkuð með verðlag að gera. Ég tel að minna máli skipti hvað framleiðendur segja í ýmsum tilvikum. Við erum mjög andvígir einokun og stjórnun í þessum tilvikum og teljum að það verði til þess að hækka verð vörunnar allverulega.

En í tilefni af því sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að fyrirhugað væri að framleiðendur verðu hluta af eða öllum endurgreiðslum af fóðurskatti, 15% mun það vera að ég held, til þess að styrkja útflutning á hænsnakjöti (**Gripið fram í:** Kjúklingakjöti.) eða kjúklingakjöti spyr ég: Hvers vegna er þetta kjöt ekki sett á innanlandsmarkað? Og ég spyr aftur: Hvaða verð fæst fyrir vöruna erlendis? Er ástæða til að ætla að svona viðskipti borgi sig? Er ekki eðlilegra að þetta kjöt verði sett á innanlandsmarkað og eigi þá þátt í því að lækka verð vörunnar til neytenda?

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Það kemur fram að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er gefin með vitund hæstv. landbrh. Enn fremur segir hæstv. forsrh. að um málið, þ.e. efnislega um að koma á stjórnun í þessum greinum, hafi ekki verið samstaða í ríkisstjórninni og ekki hafi verið um að ræða vilja samstarfsflokksins, Sjálfstfl., við það að koma þessari stjórnun á. Ég vil aðeins upplýsa í tilefni af þessu að þetta mál hefur ekki fengið neina slíka afgreiðslu innan þingflokks Sjálfstfl. og ekki verið rætt í þingflokki mínum um það að koma í veg fyrir að slík stjórnun kæmist á, enda, eins og komið hefur fram hér hjá öðrum fyrirspyrjanda, var framkvæmd þessa máls fyrirhuguð í samræmi við gildandi lög um framleiðslu og sölu á búvörum.

Ég tel að miðað við þá miklu stjórnun sem er í framleiðslu landbúnaðarafurða sé ýmsum vorkunn sem framleiða kindakjöt í landinu, að þeir uni því báglega að miklar takmarkanir séu á framleiðslu þeirrar vöru en aðrar greinar kjötframleiðslu í landinu leiki lausum hala og séu ekki háðar neinum takmörkum.

Hér kemur hv. þm. Karl Steinar Guðnason og segir að þetta sé hagsmunamál neytenda. Ég hef trú á því að neytendur skilji að það er fyrst og fremst hagsmunamál þeirra að hafa á boðstólum fjölbreytta og góða vöru og í öðru lagi að verðlag sé lágt. Vel má vera að um stundarsakir geti verðlag verið lágt með því að slík samkeppni sé á milli framleiðenda eins og nú er í þessari grein þangað til allir hinir veikari hafa farið á höfuðið. Þá sitja hinir stærstu eftir, kannske aðeins örfáir, og hafa þá væntanlega í hendi sér að ráða verði á vörunni. Og þá er ekki víst að það verði í samræmi við hagsmuni neytenda.

Hagsmunaaðilar kjaramála hefðu auðveldlega getað sett fram þá ósk í fyrsta lagi að almennt verðlag fari ekki yfir tiltekin mörk. Ef þeir vildu skipta sér af verðlagi á tiltekinni framleiðslu, þá hefðu þeir gert kröfu til ríkisstjórnarinnar um það að verðlag á þeirri framleiðslu færi ekki yfir ákveðin mörk eða verði sett fast. Þetta hefði verið almenn krafa sem hæstv. ríkisstjórn hefði með eðlilegum hætti getað orðið við.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt, enda tími nú á þrotum. Ég vil aðeins segja það að hér er um vandamál að tefla og það er ákaflega erfitt fyrir hæstv. ríkisstjórn að gefa yfirlýsingar um það að ekki sé hægt að fara að nýlega settum lögum í landinu um þetta efni. Það er varasamt fordæmi sem ég vil, eins og raunar hæstv. forsrh. sjálfur, hvetja menn til að hafa í huga í framtíðinni, að það er hættulegt að ganga langt inn á þá braut.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Fyrst vegna spurningar hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar. Ég sagði í svari mínu áðan að ríkisstjórnin hefði tekið það greinilega fram að samkvæmt lögum fara aðrir aðilar með verðlagsmál landbúnaðarins, en ríkisstjórnin teldi hins vegar að verðlag þyrfti ekki að fara fram úr og hefði gert ráðstafanir til að halda áburðarverði niðri. En það skal skýrt tekið fram að ef hinir löglegu aðilar ákveða þessa hækkun á lambakjöti þá getur ríkisstjórnin ekki komið í veg fyrir það. Ég sagði aðeins áðan að ég teldi að það hefði verið skynsamleg ákvörðun hjá framleiðendum að halda verðinu í

skefjum. Eina leiðin sem ríkisstjórnin hefði þá væri að auka niðurgreiðslur til að halda verði niðri svo að ég vona að þetta liggi ljóst fyrir.

Þá vil ég svara hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Ég satt að segja verð að segja hv. þm. að ég get ekki svarað honum svo vel sé því þetta mál er á engan máta í höndum ríkisstjórnarinnar. Ég hef þarna eingöngu upplýsingar sem mér hafa verið fluttar um hvað framleiðendur sjálfir eru að gera, af hverju þeir kjósa að flytja þetta út frekar en setja á innlendan markað. Ég get ekki svarað því svo að ég verð því miður að vísa þessu frá. Þetta er algjörlega þeirra eigið frjálsa samkomulag. Mér er tjáð t.d. að í svínakjötsframleiðslu hafi náðst samkomulag á milli aðila sem stuðli að því að nokkur regla er komin á þá framleiðslu og ég segi eingöngu að ég fagna því ef kjúklingaframleiðendur sjálfir koma slíkri reglu á í sinni framleiðslu. Því að ég vil taka mjög undir það sem kom fram hjá hv. fyrsta fyrirspyrjanda að ég held satt að segja, fyrst stjórnun er höfð á hluta kjötframleiðslunnar, að skynsamlegra sé að hafa stjórnun á henni allri. Ég held að fyrir neytendur, þegar til lengri tíma er litið, muni það reynast miklu betri kostur en sá glundroði sem er t.d. núna í eggjaframleiðslunni. Þó að það sé út af fyrir sig ekki kjöt, þá er það merki um glundroða í einni framleiðslugrein. En með þessu móti virðist þó vera að komast nokkur regla á kjötframleiðsluna nema nautakjötið sem er að því er virðist án nokkurrar stjórnunar.

Ég óttast að ef t.d. fjöldi eggjaframleiðenda stöðvast núna vegna fjárhagserfiðleika, þá muni það leiða til verulegrar hækkunar á verði eggja eftir á og má vera að einhverjir nagi sig í handarbökin fyrir að hafa ekki stuðlað að meira jafnvægi í þeirri framleiðslu.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er auðvitað algjört grundvallaratriði ef á að reyna að stjórna einhverjum þáttum kjötframleiðslunnar að koma stjórn á framleiðsluna alla. Það er ekki hægt að krenkja sauðfjárbændur en láta aðra kjötframleiðslu vera án stjórnunar. Íhlutun aðila vinnumarkaðarins í innri mál bændastéttarinnar var náttúrlega algjörlega óforsvaranleg alveg eins og það væri óforsvaranlegt ef bændur færu að reyna að sprengja samtök verkalýðsins.

Mér heyrðist á hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni að hann teldi að bændastéttin sjálf hefði afsalað sér 12,74% hækkun. Ég er ekki sammála þessu. Það voru ákveðnir forustumenn bændastéttarinnar sem afsöluðu sér þessu og þeir gerðu það a.m.k. ekki fyrir mína hönd sem framleiðanda. Ég held að það hafi verið óskynsamlegt að afsala þessu þó að forsrh. sé á öðru máli, óskynsamlegt fyrir bændastéttina. Þarna fóru 200 þús. kr. af launatekjum vísitölubóndans og hann getur hvergi látið það koma niður nema á launaliðnum.

Niðurgreiðslum á að beita til örvunar. Stjórnun á framleiðslu á ekki að leiða til hækkunar, hún á að leiða til hagkvæmari framleiðslu og þegar kjúklinga- og svínaframleiðslan er komin á örfáar hendur, þá skulu menn sanna til að verðið hækkar.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Það hlýtur tvímælalaust að vera hagur allra launþega og neytenda í landinu að við búum við sem allra lægst vöruverð. En eru hagsmunir neytenda best tryggðir með því að frumskógarlögmál ríki á markaði? Eru það hagsmunir neytenda sem við tryggjum best með því að koma á einokun sem ég held að kunni að leiða af þeim kröfum eða þeim óskum sem aðilar vinnumarkaðarins settu fyrir stjórnvöld í sambandi við kjarasamningana í desember?

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason setti jafnaðarmerki á milli einokunar og stjórnunar. Það held ég að sé alrangt af hans hálfu. Ég er miklu hræddari við þá einokun sem kann að verða til ef það verða aðeins stórir aðilar sem verða einráðir í framleiðslunni, heldur en ef við getum komið á skynsamlegu skipulagi. Það er auðvitað ekki tilhlýðilegt að spyrja hv. þm., af því að hann á ekki að svara hér fsp., en eru það ekki hagsmunir launþega að starfsfólk í kjúklingabúum og kartöfluverksmiðjum hafi trygga atvinnu, en með þessu er starfsemi þeirra alveg örugglega teflt í tvísýnu? Eru það ekki líka hagsmunir launþega að halda atvinnu? Ég veit um byggðarlög sem byggja mjög mikið á starfsemi t.d. kjúklingabús og kartöfluverksmiðju og ef svo fer að þessari starfsemi verður að hætta vegna þess að frumskógarlögmál fær að ráða, þá er ég hræddur um að hagsmunir launþega og neytenda séu einnig í húfi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er enn beðið um orðið, en ég vil vekja athygli á því, sem hefur verið vakin athygli á áður á þessum fundi, að umræður um fyrirspurnir er ekki vettvangur til almennra umræðna. Ég vænti þess að þm. gæti þessa þannig að við leitumst öll við að virða þingsköp. Þetta er ekki sagt í tilefni af því að hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur beðið um orðið. Það er sagt í tilefni af því sem hér hefur farið fram.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla bara að segja tvær setningar ef ég mætti. Ég ætla að segja ykkur hvað er að gerast í sambandi við eggjaframleiðsluna. Öll framleiðsla úti á landi er að detta niður vegna þess að stóru búin hér hafa boðið þetta niður og eru að ganga frá þeim. Hvað haldið þið að verði þegar þrír, fjórir eða fimm framleiðendur ráða verðinu og aðrir hafa gefist upp? Það er þetta sem a.m.k. hv. þm. sem var með fsp. áðan, Karl Steinar, óskar eftir.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það ætlar ekki að bregða út af vana á nýbyrjuðu ári þegar landbúnaðarmál koma til umræðu í þinginu. Þá hlaupa stjórnarliðar upp í hár

saman. Þetta er auðvitað lýsandi um gjaldþrot landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar. Það kemur hér fram í hvert sinn sem landbúnaðarmálin koma til umræðu. (**Menntmrh.**: Hvað kemur það gjaldþroti við?)

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Spurt var áðan eða öllu heldur fullyrt: Það er kjarni málsins að ef koma á framleiðslustjórnun á sauðfjárbúskap verði að gera það að því er varðar aðra kjötframleiðslu einnig. Ég vil nota þetta tækifæri til að benda mönnum á og vekja athygli á svari Vilhjálms Egilssonar, frambjóðanda Sjálfstfl. í Norðurlandi vestra, af þessu tilefni. Hann sagði: Framleiðslustjórnun á öðrum framleiðslugreinum kjötframleiðslu verður auðvitað þeim í hag en ekki neytendum, þ.e. ef það tekst að koma þessum greinum líka undir einokunarkerfi Framsfl. er það til þess fallið að hækka verð. Það verður andstætt hagsmunum beggja aðila, neytenda og bænda, en stærsta hagsmunamál bænda er að sjálfsögðu að lækka tilkostnað sem aðeins verður gert með því að koma samkeppni inn í einokunarkerfið.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. 5. þm. Reykv. rangfærði mjög ummæli tiltekins fjarstadds manns, Vilhjálms Egilssonar hagfræðings, en hann mun hafa hlýtt á hann á fundi norður í landi þar sem hann lýsti þeim skoðunum sínum, sem er allt annað en Jón Baldvin hélt hér fram, að stjórnun í tilteknum framleiðslugreinum mundi e.t.v. fara þannig til að mynda í kjúklingaframleiðslu að það yrði ekki endilega gætt hagsmuna sauðfjárframleiðenda. En þær skoðanir sem Vilhjálmur Egilsson hélt fram eru allt annað en það sem Jón Baldvin var að hafa eftir sem var rangfærsla eins og honum er títt.

Hitt er svo allt annað mál að ef stjórnun á þessum greinum kæmist fram væri það vitaskuld ekki aðeins á valdi forustumanna í þessum framleiðslugreinum heldur einnig á valdi forustumanna landbúnaðarmála, hæstv. landbrh. og ríkisstjórnar, að haga því þannig að það verði almenningi og neytendum í landinu einnig til hagsbóta.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar núverandi þingsköp voru samþykkt á sínum tíma var ég þeirrar skoðunar að þau mundu oft skapa of þröngan ramma um umræður. Ég spyr hæstv. forseta að því hvort það hafi verið óskað eftir umræðum utan dagskrár um þetta mál en því hafi verið hafnað og aðeins leyfð fsp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það kann að vera að það hafi verið minnst á umræður utan dagskrár síðustu daga áður en tekið var þinghlé vegna jólanna og það var í samráði við fyrirspyrjendur sem farin var fyrirspurnarleið, enda ekki fær nema þeir bæru sjálfir fram fsp.

Það er dálítill misskilningur sem kemur stundum fram hjá einstaka þm. öðrum en hv. varaforseta Sþ. að það sé lítill tími til umræðna við fyrirspurnaformið. Hér er um algeran misskilning að ræða. Það er gert ráð fyrir að fyrirspurnaformið þjóni þeim tilgangi að þm. geti borið ákveðnar fsp. fram til ráðherra og ráðherra geti svarað.

Þegar menn vilja fá almenna umræðu um mikilvægt mál eru margar leiðir til þess samkvæmt þingsköpum og það er engum vorkunn að fara þá leið.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég finn mig knúinn til að vekja athygli á því að í umræðum um 8. dagskrármálið, 248. mál sem var verið að ræða áðan, var fsp. beint til eins þm. Annar hv. þm. var sakaður um að hafa haft rangt eftir fjarstöddum manni. Báðir þessir þm. óskuðu eftir að gera stutta athugasemd, annar til að svara því sem til hans var beint og hinn til að bera af sér þær sakir að hann hefði haft rangt eftir fjarstöddum manni, og báðum þessum hv. þm. var neitað um orðið og umræðunni lokið. Þetta hygg ég, herra forseti, ég er ekki að deila um úrskurð forseta, að sé í hæsta máta óvenjulegt.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Rétt er það að sá sem hér stendur hefur oft og iðulega í pólitískum deilum verið borinn þungum sökum. Samt minnist ég þess ekki frá því að ég kom hér inn sem þm. 1982 að mönnum hafi verið synjað um að bera af sér sakir, alvarlegar sakir eins og það að fara rangt með eftir fjarstöddum manni. Þess vegna árétta ég: Ég vísa á bug athugasemd hv. þm. Pálma Jónssonar og endurtek: Á umræddum fundi stóð upp Vilhjálmur Egilsson, frambjóðandi Sjálfstfl. í Norðurlandi vestra, hafði uppi málsvörn fyrir málstað aðila vinnumarkaðarins í málinu og benti þeim á, sem héldu því fram að framleiðslustjórnun á eggja- og kjúklingabændum mundi leiða til þess að þá yrði gætt hagsmuna sauðfjárbænda, að það skyldu menn ekki ætla. Auðvitað yrði það til þess að tryggja hagsmuni eggja- og kjúklingabænda sjálfra. M.ö.o.: með því að koma þar á einokunarkerfi eins og í hinni greininni væri gengið á hlut neytenda, en að lokum væri það að ganga á hlut neytenda hið sama og að ganga á hlut bænda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill vekja athygli á því, sem raunar ætti ekki að þurfa, að hér hefur verið leitast við að nota þann vettvang sem fyrirspurnaformið leyfir til að koma á almennri efnisumræðu um málið. Það er samkvæmt þingsköpum ekki möguleiki. Og það kemur aldrei neitt uppbyggilegt eða gagnlegt út úr

því þegar menn eru að reyna að framkvæma það sem er ómögulegt. Vænti ég að við sameinumst öll um að leitast við að framkvæma þingsköp svo að þau komi að gagni og séu virðingu Alþingis samboðin.

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, þriðjudaginn 20. jan., að loknum 38. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Óskað hefur verið eftir umræðu utan dagskrár um brottvikningu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Það verður orðið við þessari ósk og fer nú umræðan fram skv. ákvæðum 2. mgr. 32. gr. þingskapa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka virðulegum forseta Sþ. fyrir að leyfa þessa umræðu og sérstaklega fyrir að leyfa hana samkvæmt hinum almennu reglum um þingsköp og ég er sammála hæstv. forseta um það. Það er örugglega rétt mat hans að hér sé svo viðamikið mál á ferðinni að ekki veiti af að hafa allrúman tíma til að ræða það mál.

Ég hef kvatt mér hljóðs til að ræða þær deilur sem komið hafa upp milli menntmrn. og fræðsluráðs Norðurlands eystra, skólastjóra og kennara á Norðurlandi eystra, fræðslustjóra í landinu og fleiri aðila í kjölfar þess að menntmrh. vék Sturlu Kristjánssyni fræðslustjóra á Akureyri fyrirvaralaust úr starfi og endanlega með bréfi dags. 10. jan. s.l. Þetta mál á sér nokkurn aðdraganda og bakgrunn sem samhengisins vegna er óhjákvæmilegt að fara um nokkrum orðum.

Frá því að grunnskólalögin voru sett 1974 og allt til þessa dags hafa forsvarsmenn fræðslumála og sveitarstjórnarmenn barist fyrir því að fá byggða upp þá þjónustu sem þau kveða á um. Sem dæmi má taka þá aðstoð sem lögin gera ráð fyrir til handa börnum sem þurfa á sérstökum stuðningi eða aðstoð að halda í námi, en eiga þó að geta með slíkri aðstoð stundað nám innan hins almenna grunnskóla. Þegar reglugerð var sett um sérkennslu var staða fræðsluumdæmanna mjög misjöfn. Þessi mál máttu heita í þokkalega góðu horfi hér í Reykjavík, a.m.k. borið saman við stöðuna í umdæmum landsbyggðarinnar þar sem þessi þjónusta var tæpast til. Þau börn sem verst voru á vegi stödd voru send á sérstofnanir, en allur fjöldinn leyndist áfram án þess að á vanda þeirra væri tekið.

Nú hin síðustu ár hefur hér verið að verða breyting á. Fræðsluskrifstofurnar eru í vaxandi mæli að verða í stakk búnar til að sinna verkefnum sínum og ég hygg að á engan sé hallað þó að sagt sé að fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra hafi þar verið í fararbroddi. Þar hefur t.d. hin síðari ár tekist að manna stöður með menntuðum sérfræðingum til að greina þörfina fyrir sérkennslu og aðstoð eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir og hafa gert um árabil. Einnig hafa verið að fást til starfa menntaðir kennarar til að takast þessi störf á hendur. Norðurland eystra hefur því verið að öðlast nokkra sérstöðu meðal fræðsluumdæma landsbyggðarinnar og af öllu þessu leiðir að áætlanir þaðan um magn stuðnings- og sérkennslu hafa vaxið ört á undanförnum árum í samræmi við þessa greindu þörf. Það er ástæða til að leggja sérstaka áherslu á að hér eru ekki einhverjar óskir eða ágiskanir á ferðinni heldur niðurstaða af greiningu sérfræðinga og enn fremur er rétt að menn hafi í huga að reglugerð um sérkennslu frá 1977 gerir ráð fyrir að kennslumagn skuli vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, sbr. 15. gr., og koma að fullu til framkvæmda á fjórum árum eftir að reglugerðin er sett. Engar heimildir hafa af hálfu menntmrn. verið veittar til að skerða þessi ákvæði reglugerðarinnar.

Aðstandendur barna, þeir foreldrar sem hér eiga hlut að máli, geta því vitnað til ákvæða í lögum og reglugerðum og kallað rétt sinn til að fá þessa þjónustu. Þetta er líka í mjög mörgum tilfellum alger forsenda þess að það fólk sem hér á hlut að máli geti varið það fyrir sjálfu sér og framtíð barna sinna að búa úti um land þar sem aðgangur að sérstofnunum er enginn ef þessi börn fá ekki þessa lágmarks tilskildu aðstoð.

En síðan er að víkja að því að tillögur fræðsluráðanna eða áætlanir, sem byggja á þessari greiningu um þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu, hafa af menntmrn. á undanförnum árum verið skornar niður þar, innan ráðuneytisins, áður en þær hafa borist Fjárlaga- og hagsýslustofnun og þaðan áleiðis til fjárlagagerðar. Þetta er m.a. staðfest af hagsýslustjóra Magnúsi Péturssyni í pappírum sem ég hef undir höndum. Barátta sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi og víðar, fræðsluráðanna og skólamanna fyrir því að fá þróun fræðsluskrifstofanna viðurkennda, að fá þörf fyrir sérkennslumagn viðurkennt, á sér því langan aðdraganda. Það á sér stoð í lögum og reglugerðum og hvað sem öllu öðru líður á það sér ríkar mannúðar- og samúðarforsendur. Hæstv. menntmrh. sjálfur hefur á stundum haft á þessu nokkurn skilning, en hann sagði á fundi með skólamönnum norður á Akureyri s.l. vor efnislega eftirfarandi:

„Leiðin inn í ráðuneytið er allt of löng fyrir þá sem utan Reykjavíkur búa. Þar eru margar dyr sem ískra á hjörum og hanga jafnvel á annarri löminni. Þetta kerfi er of þungt í vöfum og því þarf að breyta. Sérkennsla í hinum dreifðu byggðum hefur ekki átt miklum skilningi að mæta syðra. Þar hefur ofurkapp verið lagt á uppbyggingu stórra stofnana sem ætlað er að safna saman nemendum af öllu landinu án tillits til aðstæðna foreldra. Þessi stefna hefur á

margan hátt staðið þjónustu í dreifbýlinu fyrir þrifum.“

Svo mörg voru þau orð hæstv. menntmrh. á fundi norður á Akureyri s.l. vor og tilvitnunin er tekin úr bréfi Guðmundar Inga Leifssonar, fræðslustjóra á Norðurlandi vestra, til ráðherra þar sem hann mótmælir áminningarbréfi ráðherra til Sturlu Kristjánssonar s.l. sumar.

Viðbrögð hæstv. menntmrh. nú eru lítt skiljanleg í ljósi þessara orða þar sem hann gerist nú vígamaður í þágu kerfisins, varðhundur miðstýringarinnar gegn samtökum manna úti um byggðir landsins.

Herra forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að hafa þennan inngang til að gera grein fyrir aðdraganda málsins og varpa ljósi á þann grundvallarágreining sem að nokkru leyti liggur að baki þessari deilu. Samtök sveitarstjórnarmanna, fræðsluráð og skólamenn hafa um árabil barist fyrir rétti sínum í þessum málum og því er ekki að leyna og má eðlilegt kallast að öflugasta og best búna fræðsluskrifstofa landsbyggðarinnar, fræðsluskrifstofan á Akureyri, hefur verið brjóstvörnin í þessu máli. Hér er því fyrst og fremst um stefnuágreining að ræða, ágreining um framkvæmd grunnskólalaga, en ekki persónuleg afbrot eða afglöp eins manns. Skoðaðar í því ljósi verða athafnir ráðherra, er hann fyrirvaralaust rekur Sturlu Kristjánsson fræðslustjóra endanlega úr starfi, enn þá gerræðislegri en ella.

Lítum þá á þær ásakanir sem bornar eru á fræðslustjórann fyrrverandi í uppsagnarbréfi ráðuneytisins dags. 10. jan. s.l. Í uppsagnarbréfinu segir eftirfarandi:

Tilkynnt er um þá ákvörðun að leysa fræðslustjórann frá störfum frá og með 13. jan. að telja, vísað til bréfs menntmrn. frá 21. ágúst s.l. þar sem veitt var áminning vegna trúnaðarbrots í starfi og síðan segir: „Framangreind ákvörðun um að veita yður lausn er byggð á því mati ráðuneytisins að þér hafið sniðgengið fyrirmæli ráðuneytisins varðandi fjármálalega umsýslu í fræðsluumdæminu og ítrekað brotið trúnaðarskyldu þá er á yður hvílir sem starfsmanni ráðuneytisins, m.a. með framferði yðar í sambandi við útgáfu greinargerðar um málefni fræðsluumdæmisins dags. í nóvember 1986“ o.s.frv.

Hér er það fyrst til að taka að í áminningarbréfinu, sem kalla má staflið a í þeim lista ávirðinga sem bornar eru á fræðslustjóra, liggur það fyrir skjalfest af fleiri en einum og fleiri en tveimur og fleiri en þremur aðilum að þar er um hreinan misskilning að ræða. Í fyrsta lagi er Sturlu Kristjánssyni þar gefið að sök að hafa staðið fyrir blaðamannafundi sem haldinn var að tillögu Stefáns Á. Jónssonar á Kagaðarhóli, formanns fræðsluráðs Norðurlands vestra, og haldinn var á ábyrgð beggja fræðsluumdæmanna á Norðurlandi. Til þessa fundar var boðað af fræðsluráðunum og meðferð upplýsinga þar var samkvæmt venju. Það hafa allir fræðslustjórar landsins staðfest og sömuleiðis fræðsluráðin sem árlega hafa farið með þær upplýsingar sem vinnugögn, enda upplýsingarnar aldrei í allri sögu þeirra verið merktar sem trúnaðarmál. Það liggur því ljóst fyrir, stutt rökum margra mismunandi aðila, að áminningarbréfið er á hreinum misskilningi byggt og auðvitað hefði, þegar það var komið fram, átt að kalla það til baka eins og gerð var krafa um af fjölmörgum aðilum, en engin svör hafa frá ráðuneytinu borist um þær óskir að áminningarbréfið yrði kallað til baka. Ráðuneytið hefur ekki á næstum því hálfu ári haft tíma til að svara neinu einasta af þeim bréfum sem send voru af því tilefni.

Önnur höfuðsökin, að manni skilst, sem borin er á fyrrv. fræðslustjóra og hann er gerður ábyrgur fyrir er að eyðsla hafi verið umfram heimildir í rekstri fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra. Í fjölmiðlum hefur hæstv. ráðh. látið hafa eftir sér að framúreyðsla hafi verið svo nemur tug milljóna króna eða meira og hefur ýmist heyrst nefnd talan 11 millj. eða tugur milljóna.

Hér ber að athuga ýmislegt. Í fyrsta lagi væri eðlilegt að ráðherrann gerði grein fyrir því hvaðan hann hefur þessar upplýsingar á þessu stigi málsins. Ég hef rætt bæði við deildarstjóra í menntmrn., Örlyg Geirsson, og skrifstofustjóra í fjmrn. og báðir hafa beðið mig sérstaklega fyrir að taka það fram í meðferð talna að á þessari stundu málsins liggi engar tölur endanlegar fyrir. Hér sé um að ræða bráðabirgðatölur um greiðslustöðu skrifstofunnar, ekki uppgjör, og það ber að hafa í huga. Slíkt liggi aldrei endanlega fyrir fyrr en á miðju ári. Þess vegna sé mjög varhugavert að taka sér í munn tölur í þessu sambandi á þessu stigi málsins. Það er einnig eftir að gera upp ýmsa liði sem komið geta hér til frádráttar eða viðbótar, svo sem óskipta liði á fjárlögum sem renna eiga til fræðsluskrifstofanna eftir nánari ákvörðun um skiptingu. Það er eftir að gera endanlega upp og bakfæra kostnað vegna framhaldsskólastarfsemi sem í byrjun er greiddur af grunnskólalið en færist síðan til baka frá framhaldsskólalið þegar uppgjöri lýkur. Það er eftir að athuga að hve miklu leyti ábyrgð sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, fyrst og fremst Akureyrarkaupstaðar, kann að dragast frá þeirri kennslu sem farið hefur fram á haustmisseri, sérstaklega í sambandi við stuðnings- og hjálparkennslu. Samkvæmt upplýsingum bæjarskrifstofu á Akureyri reikna menn þar með að þar standi skuld inni sem komið gæti til kasta Akureyrarbæjar að greiða, ef hann verður látinn standa við ábyrgð sína, upp á um 1300 þús. kr. Þaðan var ég einnig beðinn að taka sérstaklega fram að allt uppgjör milli sveitarfélaganna, Akureyrarbæjar þar með talið, og menntmrn. er eftir og lýkur ekki fyrr en á miðju ári þannig að þess fráleitara er að taka sér tölur í munn með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. hefur gert í fjölmiðlum m.a.

Hér er því að mörgu að hyggja. Það er einnig rétt að hafa í huga í þessu sambandi að fræðsluskrifstofan á Norðurlandi eystra, fræðsluráðið og fræðslustjóri hafa ítrekað haft samband við menntmrn. á s.l. ári og óskað eftir viðræðum, óskað eftir svörum m.a. um hlutdeild umdæmisins í óskiptum lið grunn-

skólanna vegna þess að ella stefndi í greiðsluvandræði. Það er því ekki rétt, það er rangt að saka fræðsluskrifstofuna um að hún hafi keyrt fram úr fjárlögum vísvitandi og án þess að gera grein fyrir því hvernig greiðslustaða umdæmisins horfði.

Það liggur einnig fyrir og það er rétt að það komi fram, m.a. með tilvísan til fortíðar, að á því kennsluári sem nú er hafið, og það ættu menn að athuga, hafi ekki allir hv. þm. áttað sig á því, að fjárlagaár og skólaár fara ekki saman og veldur ýmsu óhagræði sem menn þurfa að glöggva sig á, en á því skólaári sem nú er hálfnað, á haustmisserinu, er kennsla í Norðurlandsumdæmi eystra innan heimilda. Það liggur fyrir eftir uppgjöri fræðsluskrifstofunnar, byggðu á endanlegum vinnuskýrslum fyrir haustmisseri frá hverjum einasta skóla í umdæminu sem ég hef undir höndum og munar þar því að fræðsluumdæmið mun eiga upp undir eina kennarastöðu inni eftir þetta haustmisseri og er það veruleg breyting til batnaðar frá því sem lengst af hefur verið um langt árabil. Það mættu menn hafa í huga, eins og komist er að orði í Dagblaðinu, að í fyrsta skipti um langt árabil sem fræðsluumdæminu á Norðurlandi eystra tekst að halda sig algerlega innan heimilda á haustmisseri er tækifærið notað og fræðslustjóri rekinn.

Það er einnig ástæða til að spyrja hvort ekki væri þá orsök og efni til að reka fleiri menn. Þannig hef ég þær upplýsingar að greiðslustaða Norðurlandsumdæmis vestra sé mjög slæm. Þar sé skuld upp á býsna háa tölu. (**Menntmrh.:** 2,9 millj.) Ef borið er saman umfang rekstrarins í því fræðsluumdæmi við umfang rekstrarins í Norðurlandsumdæmi eystra er þar um ekki ólíka stöðu að ræða, en ekki er mér kunnugt að fræðslustjórinn í því umdæmi hafi verið leystur frá störfum. Og þó að það færi svo, hv. alþm., að rekstur fræðsluskrifstofunnar í Norðurlandsumdæmi eystra lendi 2–4% fram úr áætlun á fjárlagaárinu 1986 vegna fjölmargra skýranlegra ástæðna, vegna þess m.a. að fræðsluskrifstofan hefur ekki fengið nein svör frá ráðuneytinu um hlutdeild í óskiptum liðum o.fl., telja menn þá að þar væri um slíkt algert skipbrot að ræða, slíka óhæfu að það réttlætti þær aðgerðir sem menntmrh. hefur gripið til? Telja menn þá ekki að einhver opinber starfsmaðurinn færi að verða óóruggur um sig ef þetta yrði gert að vinnureglu í rekstri hins opinbera? Hvað halda menn að margir forstöðumenn eða ábyrgðarmenn rekstrar sjúkrahúsa og spítala í landinu væru í störfum ef sömu vinnureglu væri þar ætíð beitt? Hvað halda menn að margir ráðherrar eða ráðuneytisstjórar væru í störfum eftir s.l. ár ef sömu vinnureglu væri ætíð beitt? Það er a.m.k. morgunljóst að hæstv. menntmrh. væri farinn úr sínu ráðuneyti, jafnvel með fleiri starfsmönnum eftir þau ósköp af aukafjárveitingum sem hann hefur þurft til að reka sitt batterí s.l. ár. Hér kasta því steinum úr glerhúsi þeir sem síst skyldu. Í öllu falli ættu þeir að hika við að taka upp fyrsta steininn þeir sem þannig standa að málunum.

Hvað varðar c-lið ásakananna er það skylt okkur þm. Norðurlandskjördæmis eystra að víkja þar að nokkrum orðum þar sem ráðherrann hefur sakað Sturlu Kristjánsson persónulega um að dreifa og koma á framfæri við fjölmiðla upplýsingum sem unnar voru og teknar saman fyrir alþm. Það mál snýr þannig að í fyrsta lagi var það gagn unnið á ábyrgð hóps manna, skólastjóra, fræðsluráðsmanna og fleiri aðila, og Sturla Kristjánsson er einn af mörgum sem í þeim hópi störfuðu. Í öðru lagi var það plagg af hálfu þessara aðila einungis afhent okkur þm. Norðurlands eystra. Það var tekið fram að þar væri um trúnaðarmál að ræða, vinnugagn handa okkur til að ræða við menntmrh. og til að hafa til handargagns í fjárlagagerðinni. Fyrsti maður sem kom þessari greinargerð til okkar þm. á framfæri við fjölmiðla mér vitanlega var hæstv. menntmrh. sjálfur þegar hann las upp úr henni í útvarpinu. Niðurstaða mín, herra forseti, af athugun á þessum ásökunum er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi byggja þær að hluta til á misskilningi, misskilningi sem komið hefur í ljós og ætti að vera auðvelt að ganga úr skugga um og leiðrétta.

Í öðru lagi er fræðslustjórinn sakaður um afglöp sem eru í raun á ábyrgð annarra, á ábyrgð fræðsluráðs, á ábyrgð samstarfsmanna hans og á ábyrgð skólastjóra og yfirkennara í Norðurlandsumdæmi eystra.

Í þriðja lagi er fráleitt að henda á lofti bráðabirgðatölur um greiðsluerfiðleika umdæmisins um áramót og sakfella fræðslustjórann sérstaklega af þeim sökum þar sem ekkert endanlegt er um þá niðurstöðu að segja fyrr en á miðju næsta ári. Auk þess þyrfti að reka tugi ef ekki hundruð manna í hliðstæðum ábyrgðarstöðum ef sama vinnulag ætti að hafa alls staðar á og væru þá margir embættismennirnir farnir og teknir að leita sér að öðrum störfum og líklega býsna margir í viðbót orðnir ærið órólegir um sig.

Hér hefur því annaðhvort gerst, herra forseti og hv. alþm., að ráðherra hefur rekið á fullkomlega ruddalegan hátt opinberan starfsmann vegna misskilnings, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur verið leiddur á villigötur eða fengið villandi upplýsingar um stöðu mála, eða þá hitt að eitthvað annað kemur til sem ekki kemur fram í uppsagnarbréfinu. Þetta segi ég að gefnu tilefni því ráðherra hefur sjálfur stundum látið í það skína að hann hafi þetta og hitt uppi í erminni sem hann geti beitt á menn ef þeir verði ekki góðir og hlýði og muni þá engu eirt, engum hlíft og illt sé að egna óbilgjarnan o.s.frv. Hirði ég ekki að rekja það frekar.

En þá er auðvitað um það að ræða, ef síðari kosturinn er hér á ferðinni, að rangar ástæður, eins og menn segja stundum á hv. Alþingi, eru tilgreindar í uppsagnarbréfinu. Og er það þá verjandi? Þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt að öll kurl komi til grafar í þessu máli og Alþingi fái með í svörum ráðherra undanbragðalausar skýringar.

Þá vil ég örlítið víkja að þeirri aðferð sem hér var

viðhöfð af hæstv. ráðh. og hv. ráðuneytisstjóra við að víkja nefndum embættismanni úr störfum.

Hér var sem sagt sú aðferð valin að víkja manninum fyrirvaralaust og endanlega úr starfi og auglýsa stöðuna skömmu síðar. M.ö.o.: það er ekki farin sú leið að leysa manninn tímabundið frá störfum meðan athugun á málavöxtum fer fram, sbr. lög um *réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38 frá* 1954. Hefði það hins vegar verið gert, sem er hin almenna venja, hefði viðkomandi starfsmaður haldið öllum *réttindum* sínum og a.m.k. hálfum launum og málinu verið tryggður farvegur, sbr. ákvæði 8. gr. nefndra laga, um úttekt á málsatvikum af hálfu kunnáttumanna eða dómsrannsókn að hætti opinberra mála eins og lögin kveða á um. Það er óhjákvæmilegt að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum er sá kostur tekinn hér, sem hlýtur að teljast til hreinna undantekninga og nánast flokkast undir neyðarúrræði eða neyðarrétt, að víkja embættismanninum úr starfi fyrirvaralaust og endanlega og svipta hann þar með öllum réttindum sínum og koma í veg fyrir rannsókn málsins eins og lög gera ráð fyrir ella? Um þessar aðfarir get ég, herra forseti, engin önnur orð haft en að þar sé á ferðinni hreint gerræði og valdníðsla. Ég vitna til 10. gr. laga nr. 4 frá 1963, um ábyrgð ráðherra í starfi, þar sem fjallað er um misbeitingu ráðherravalds. Alþingi getur ekki horft upp á ráðherrann beita valdi sínu með þessum hætti án þess að rannsaka málið og fá skýr svör hans.

Hæstv. menntmrh. hefur farið mikinn í fjölmiðlum undanfarið og hvergi sparað stóru orðin. Hér áður hefðu menn e.t.v. sagt að hann hefði farið með rassaköstum eða með himinloftum. En unga kynslóðin í dag mundi e.t.v. frekar orða það svo að hæstv. ráðh. hafi verið á fjölmiðlatrippi. Ráðherrann hefur í engu svarað rökstuddum mótmælum fjölmargra aðila gegn þeim ásökunum sem fyrrv. fræðslustjóri, Sturla Kristjánsson, hefur verið borinn. Ráðherrann hefur hins vegar haft í hótunum og borið lygar í fjölmiðlum á jafnvalinkunnan sæmdarmann og Þráin Þórisson, skólastjóra á Skútustöðum og formann fræðsluráðs Norðurlands eystra.

Hæstv. ráðh. hefur nafngreint fleiri fjarstadda einstaklinga og borið þá röngum sökum. Slíkt ber ekki góðum málstað vitni. Það segir sitt um karakterinn Sverri Hermannsson, eins og ráðherra sjálfur komst að orði, að vísu í öðru samhengi, í blaðaviðtali nýlega.

Hér hafa einnig legið frammi á Alþingi fyrirspurnir um mánaða skeið frá hv. 5. þm. Austurl. um ásakanir á hendur nánast öllum þeim voðamönnum sem aka skólabörnum í landinu og standa fyrir slíkum ósóma, ásakanir um sukk og spillingu sem hæstv. ráðh. hefur haft í frammi en engu svarað til um frekar. Hér hefur legið frammi fsp., herra forseti, um þetta mál til hæstv. ráðh. vikum og mánuðum saman, en engin svör hafa komið. Svo ber hæstv. ráðh. *á móti því* aðspurður í fjölmiðlum að hann fari með dylgjur.

Að lokum, herra forseti, vil ég svo lesa þær spurningar sem ég vil bera upp til hæstv. ráðh. og hef afhent honum skriflega honum til hægðarauka. Ég hafði jafnframt hugsað mér að spyrja hv. formenn stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., og ég hafði gert þeim aðvart um það fyrr á fundinum að ég mundi bera fram slíkar fyrirspurnir. Ég mun því lesa spurningar til þeirra eða til annarra forustumanna stjórnarflokkanna. **(Forseti:** Forseti vill að það komi fram að hæstv. forsrh. yfirgaf þingsalinn í samráði við forseta vegna áríðandi starfa. Óskar hv. þm. eftir að forsrh. komi? Hann er í húsinu?) Herra forseti. Ég óska ekki eftir því. Ég hafði gert hæstv. forsrh. grein fyrir því að ég mundi bera upp til hans spurningar. Það verða þá væntanlega einhverjir aðrir talsmenn Framsfl. til að reyna að svara þeim eða láta þá ósvarað fyrir hönd framsóknar. Það kemur í ljós. Ég tel ekki ástæðu til að ítreka það, virðulegur forseti, þar sem ég hef sjálfur komið þessum skilaboðum til formanna stjórnarflokkanna. Það verður að vera þeirra mál hvort þeir sjá sér fært að svara eða ekki. Ég vil spyrja þá, en fyrst hæstv. menntmrh. tíu spurninga sem ég nú les af blaði:

1. Hverju svarar ráðherrann rökstuddu áliti fræðsluráðs Norðurlands eystra, fræðslustjóra, skólastjóra og yfirkennara á Norðurlandi eystra, fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra og fleiri aðila um að brottvikning Sturlu Kristjánssonar fræðslustjóra úr starfi á þeim forsendum sem tilgreindar eru í uppsagnarbréfi dagsettu 10. jan. s.l. standist ekki eða sé á misskilningi byggð?

2. Er ráðherrann til samkomulags í þessari deilu tilbúinn til að afturkalla nefnt uppsagnarbréf og áminningarbréf frá 21. ágúst s.l. og fela sérfróðum aðilum að rannsaka öll ágreiningsefni og samskipti menntmrn. og fræðsluskrifstofa og fræðsluráða undanfarin ár?

3. Hver eru helstu rök menntmrh. fyrir því að velja þá aðferð að víkja Sturlu Kristjánssyni fyrirvaralaust og endanlega úr starfi í stað þess að leysa hann frekar tímabundið frá störfum meðan málsatvik væru rannsökuð og þannig að hann héldi réttindum sínum á meðan?

4. Var það tillaga ríkislögmanns að standa svo að uppsögninni?

5. Hverju sætir að ráðherra hafði ekki samband, hvað þá samráð við fræðsluráð Norðurlands eystra um þessar aðgerðir þó ljóst sé af lögum að fræðslustjóri er jöfnum höndum starfsmaður hlutaðeigandi sveitarfélaga og fræðsluráðs eins og menntmrn.?

6. Hvaðan hafði ráðherra þær upplýsingar um fjárhagsstöðu Norðurlandsumdæmis eystra sem hann lét hafa eftir sér í fjölmiðlum og var honum ljóst að fyrir liggja einungis ónákvæmar bráðabirgðatölur um greiðslustöðu en ekkert endanlegt uppgjör?

7. Hverju sætir að ekkert varð af fundi þeim eða ráðstefnu sem ráðherra hét á fundi á Hótel KEA 30. apríl s.l. að boða til um lausnir mála með fræðslu-

yfirvöldum norðan heiða og starfsmönnum ráðuneytisins og halda skyldi í maí 1986?

8. Telur ráðherra ekki ástæðu til að endurmeta ákvörðun sem hann hefur tekið þegar henni er mótmælt af fræðsluráði viðkomandi umdæmis, af samtökum skólastjórnenda, af stjórn viðkomandi fjórðungssambands, af almennum kennarafundum, af almennum fundum foreldrafélaga, af samtökum kennara, af samtökum fræðslustjóra og fjölmörgum fleiri aðilum?

9. Komi í ljós að ýmsar upplýsingar sem ráðherrann byggði ákvörðun sína á voru misvísandi eða villandi og aðrar byggðar á misskilningi, telur ráðherra þá ekki skylt að endurmeta þessa ákvörðun?

10. Telur hæstv. menntmrh. að allir landshlutar búi við jafnan rétt hvað fræðslumál varðar, t.d. hvað varðar sérkennslu, og ef svo er, telur hann þá baráttu fræðsluyfirvalda og sveitarstjórnarmanna víða um land á misskilningi byggða?

Talsmenn, formenn eða hæstv. ráðh. úr stjórnarflokkunum vil ég spyrja eftirfarandi: Eru þeir tilbúnir að beita sér fyrir því að ágreiningsefni sem leiddu til brottvikningar Sturlu Kristjánssonar verði lögð til hliðar og honum veitt starfið að nýju, a.m.k. þannig að hann haldi réttindum sínum og launum, á meðan úttekt kunnáttumanna með aðild samtaka kennara, fræðslustjóra og fleiri aðila og fræðsluráðs fer fram? Eru þeir tilbúnir til að beita sér fyrir slíkum aðgerðum til samkomulags í þessari deilu eða ætla stjórnarflokkarnir, hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. og allir hv. þm. stjórnarliðsins, með þögn sinni einni að lýsa fullum stuðningi við aðgerðir menntmrh., við aðferðir hans og hundsa mótmæli þeirra fjölmörgu aðila sem vitnað hefur verið til og þær fjölmörgu áskoranir sem hæstv. forsrh., hæstv. ríkisstjórn og fleiri aðilar hafa fengið um aðgerðir í þessu máli? (**GJG:** Af hverju beinir þm. þessu bara til stjórnarliða?) Það hlýtur reyndum þm. að vera kunnugt um. (**GJG:** Já, þess vegna spurði ég.) Það er að sjálfsögðu öllum frjálst að svara öllum þeim spurningum sem ég hef hér borið fram og þætti mér vænt um að sem víðast að kæmu svör, góð og greinileg.

En að lokum þetta, herra forseti. Það hefur ekki farið hjá því að þetta mál og reyndar fleiri hafa leitt huga manns að því hvernig fara skal með vald. Hér var einu sinni flutt þáltill. um könnun á valdi í þjóðfélaginu. Það er nokkuð merkilegt þetta hugtak vald. Hvaðan kemur það, hvert fer það og hvernig á að nota það? Það er stundum sagt að vald spilli. Á það ætla ég ekki að leggja dóm, en það er alveg ljóst að mikið vald er vandmeðfarið. Ég hef lagt þann skilning í stjórnarskrá og stjórnarskipunarlög að vald ráðherra kæmi frá Alþingi en ekki frá guði. Það væri þingbundið vald en ekki ofan að frá eins og vald einvaldskonunga fyrr á öldum.

Hæstv. núv. menntmrh. notar, að öllum öðrum hæstv. ráðherrum ólöstuðum, oftast persónufornöfnin, jafnt beygð sem óbeygð. Það er ég, um mig, frá mér og til mín. Það er ég sjálfur. Það er út af fyrir sig, herra forseti, gott að hafa röggsama valdsmenn, ef þeir eru réttlátir. Það er nefnilega svo að röggsemi og ranglæti fara illa saman, ákaflega illa saman. Og ef ekki tekst að ná samkomulagi í þessari deilu, ef hæstv. ráðh. er ekki tilbúinn að brjóta odd af oflæti sínu og leita samkomulags við fræðsluráð Norðurlands eystra og þá fjölmörgu aðila aðra sem eru beinir aðilar að málinu óttast ég að öldur lægi ekki á næstunni.

Hæstv. ráðh. gerist stundum býsna forn í tali. Hann kannast sjálfsagt við að það bar stundum við fyrr á öldum að fjölkunnugir menn mögnuðu upp sendingar. En það bar líka stundum við að þeir sem fyrir sendingunum urðu kunnu nokkuð fyrir sér og snöruðu þeim til baka. Og þá var það jafnan eðli sendinganna að þær urðu hálfu verri viðureignar ef þær voru rétt magnaðar til baka. Fór þá stundum svo að sá sem sendinguna vakti upp í fyrstu og sendi af stað réði lítt við hana þegar hún kom til baka, varð jafnvel að gjalda fyrir með lífi sínu. Hér er að vísu fremur um pólitískt líf en efnislegt að ræða, en þá yrði ráðherra hált á fjölkynnginni ef svo færi að þessu sinni.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ef þetta er sending þeirra norðanmanna sem hér sté úr stólnum, þá mun ég skammt renna fyrir henni.

Ég átti tal við hv. 4. þm. Norðurl. e. í gegnum síma á dögunum sem útvarpað var og hann upplýsti að hann hefði lesið lagasafnið spjaldanna á milli og kynni það utan að og vissi hvernig að málum átti að standa. Hann hafði þá í huga að bera fram vantraust á menntmrh. En hann minntist ekki orði á það. Hvað veldur því að hann hefur heykst á því? Hvað veldur því að hann gerir það ekki? Því að það er auðvitað árangursríkasta aðferðin til þess að koma höggi á ráðherrann, sem er það eftirsóknarverða fyrir Alþb., og ég sakna hv. 3. þm. Reykv. alveg sérstaklega, að hann skuli ekki vera hér til þess að fylgjast með vinnubrögðunum, hvort heldur eru sendingar þeirra Alþýðubandalagsmanna á Akureyri eða hvernig þeir yfirleitt halda á málum nú, sem þeir hafa undirbúið að því er virðist lengi og ég mun koma að síðar. (**SJS:** Gegnum sjálfstæðismanninn Sturlu Kristjánsson?) Ef einhver heldur að þetta hyski sé að reyna að skjóta skildi fyrir Sturlu Kristjánsson er það grundvallarmisskilningur. Þeir verða búnir að gleyma honum óðar en líður og hann verður skilinn einn eftir. Haldið þið að Benedikt Sigurðarson, þriðji maður á lista Alþb. á Norðurlandi eystra, sé að bera umhyggju fyrir Sturlu Kristjánssyni þegar hann hagar sér með þeim hætti sem við nú höfum sannanir fyrir? Ónei. Það er því miður allt annað sem fyrir þeim vakir. Þetta veit ég að verður að vísu ekki. Það verður ekki niðurstaðan hjá Alþb. sem flokki að haga sér með þessum hætti. En ef þeim helst þetta lengi uppi mun það, eins og ég segi, geta leitt mikið illt af sér.

En hann sagði, þessi hv. þm. sem ætlar ekki að

þagna þó hann sé kominn niður úr stólnum, í símann við mig að það væru ýmis ráð til til að rannsaka mál. Nú heldur hann því fram að ég hafi skotið loku fyrir að rannsaka þetta sérstaka mál með því að víkja Sturlu Kristjánssyni fyrirvaralaust frá embætti. En hann hefur greinilega hlaupið yfir ákvæði laganna um embættisgengi, um embættismenn ríkisins vegna þess að þar er tilgreint nákvæmlega hvernig með skuli fara. Það segir í 11. gr. þeirra laga að þeim sem vikið er fyrirvaralaust úr embætti er rétt að vísa því máli til dómstóla og verður þá farið með það að hætti opinberra mála. Nú er þess krafist vitaskuld að þessi leið sé farin. Ég get ekki sætt mig við annað en öll kurl þessa máls komi til grafar. Og ef þeir sem í hlut eiga víkja sér undan þeirri aðferð rakleiðis að leggja þetta fyrir rétta dómstóla verður litið svo á að þeir þori það ekki því að málstaður þeirra þoli ekki. — Ég endurtek: Þá verða upphrópanir þeirra markleysa ein, sakir á mig um að ég hafi notað valdníðslu og brotið lög markleysa ein ef þeir nota ekki þau lög sem til þess standa að þeir nái rétti sínum.

Fræðsluskrifstofur og starfsemi þeirra eru ekki gamalt fyrirbrigði í skólakerfi okkar, jafngamalt grunnskólalögunum, og að vísu tók ein 2–3 ár að koma þeim á fót. Má ég minna á það nú að grunnskólalögin voru mikið átakamál á sinni tíð í Alþingi. M.a. var það tillaga Sjálfstfl. þá að fræðsluskrifstofurnar yrðu á vegum sveitarfélaganna. Þetta hlaut ekki náð fyrir augum vinstri stjórnar sem þá ríkti og því er það skipulag sem nú er á þeim valið af þeim. Það var ekki svo að skilja að Sjálfstfl. ætlaðist til þess eða mundi hafa samþykkt að með stofnun fræðslustjóraembætta mundi verða komið á fót einum átta sjálfstæðum nýjum fjármálaráðherrum í landinu, eins og hann hefur viljað starfa, sá fræðslustjóri sem hefur verið um hríð og var fyrir framan á Norðurlandi eystra. Það er auðvitað fjarri lagi, enda verður að stemma stigu við því að menn geti tekið sér það vald sem þar var tekið með þeim afleiðingum sem raun ber vitni um í gegnum öll árin.

Það er í undirbúningi og starfar að því nefnd að endurskoða grunnskólalögin og þar verður gerð tillaga um breytingu á starfsháttum fræðsluskrifstofanna. Þeim hefur tekist á rúmum tíu árum, fræðsluskrifstofunum, að vaxa menntmrn. þann veg yfir höfuð að þær hafa nú þremur stöðugildum fleiri en þetta langstærsta ráðuneyti ríkiskerfisins og sálfræðing á hverjum fingri. Og því er það að þeir hafa svo snarplega leitað að börnum með sérþarfir á Norðurlandi eystra að þeir eru búnir að finna helmingi fleiri börn sem þann veg stendur á fyrir en í Reykjanesi, sem hefur held ég ekki nema eins og sjö sálfræðinga, það umdæmi. Og það er þrefaldur fjöldi norður þar á borð við það sem er á Austurlandi og er ég auðvitað feginn því þar sem mitt kjördæmi á í hlut.

En ég er í engri aðstöðu til þess að dæma um vinnubrögð af þessu tagi. Ég veit aðeins það að menn hafa lagt sig fram um og það hefur verið aukið stórkostlega fjármagn til þeirrar starfsemi einmitt sem varðar sérkennsluna. Það hefur risið úr engu upp í hundruð milljóna sem til þess arna hefur verið varið og auðvitað er það til lítils að vísa því til mín að ég hafi með einhverjum hætti hyglað Reykjavík í þessu efni sem hafði komið sér þessu upp að mestu áður en grunnskólalögin tóku gildi. En ég kem að því síðar hvernig á þessum einkennilegu málum hefur verið haldið.

Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra hefur verið mikið í fjölmiðlum og ekki eingöngu í ár heldur árum saman. Þar hefur það hent og verið árleg áþján að skólum hefur haldið við lokun eða lokað. Vegna hvers? Vegna fjárskorts. Vegna þess að það hefur ekki verið greiddur t.d. skólaakstur. Og hvers vegna skyldi þann veg á standa? Það kemur í ljós þegar ég fer að lesa skýrslur fyrrv. fræðslustjóra sjálfs. Halda menn að það sé einhver tilviljun að aðeins eitt einasta umdæmi í landinu skuli vera haldið þessari óáran, ekki eitt ár heldur hvert einasta ár? Það varð að vísu linun á þessu meðan þessi maður, Sturla, var í fríi og Ingólfur nokkur Ármannsson stjórnaði. Þá varð breyting og það var heldur engin tilviljun að það skyldi verða breyting á þá. En ég neyðist til, þótt betur hefði farið á því að menn hefðu náð áttum í tíma vegna þess einstaklings sem í hlut á, að fara yfir og ofan í mál sem annars hefðu svo gjarnan mátt liggja í þagnargildi. Þessum spurningum í tíu liðum frá hv. 4. þm. Norðurl. e. verður áreiðanlega svarað í máli mínu eftir því sem ræðu minni skilar fram.

Ég batt vonir við að fræðslustjórinn fyrrv. gerði sér grein fyrir stöðu sinni og til þess þyrfti ekki að koma að þessi mál yrðu brotin svo til mergjar sem nú er nauðsyn á, ekki eingöngu hér heldur einnig fyrir dómstólum. Það er alveg óhjákvæmilegt að allar þessar staðreyndir verði brotnar til mergjar.

Ég fletti hér upp á bréfi frá því í apríl 1980 þar sem Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri krefur Sturlu Kristjánsson um skýringar á mjög sérkennilegu orðavali sem hann hefur í frammi í bréfi til fjármálaáætlunardeildar menntmrn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þá má geta þess hér að undirritaður hefur sannreynt að fjármála- og áætlanadeild menntmrn. mun í einstöku tilfelli hafa veitt aðila utan ráðuneytisins hinar ólíklegustu upplýsingar um embættisfærslu hans langt út yfir samskipti við nefnda deild án samráðs við hann eða að honum forspurðum án hans vitundar."

Fyrirspurn ráðuneytisstjórans, sem sýnd var ráðherra og skráð er á bréfið, var send 9. apríl og svo kemur svar, heil skýrsla frá fræðslustjóranum upp á 21 síðu vélritaða. Og nú verður vitnað í hann á næstunni, með leyfi hæstv. forseta.

Það er svar við því hvað hann eigi við, fræðslustjórinn þarna, og það er líka greinargerð vegna mikilla umræðna sem urðu utan dagskrár á hinu háa Alþingi 10. jan. 1980. Þá er fjmrh. Sighvatur Björgvinsson og þá er menntmrh. Vilmundur heitinn Gylfason. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir tekur

til máls utan dagskrár um stöðu ríkisfjármála. Þar kemur það fram að fræðsluumdæmi Norðurlands eystra hefur farið stórlega fram úr fjárveitingum. Það kom sérstaklega á daginn vegna þess að þáv. fjmrh. Sighvatur Björgvinsson neitaði að borga upp skuldina fyrir áramót og uppgjör fór ekki fram fyrr en 8. jan. Af þessu verða langvarandi deilur í Alþingi þar sem fjmrh. gerir grein fyrir sinni afstöðu og segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil aðeins taka það fram", segir fjmrh., „að fjármáladeild menntmrn. hefur staðið sig mjög vel og ber a.m.k. okkur alþm., sem förum með fjárveitingavaldið, að þakka fyrir þeirra verk í því sambandi að reyna að halda útgjöldum vegna skóla innan við, láta það ekki fara langt fram úr", bætir hann við, „því sem Alþingi hefur ákveðið, vegna þess að ef einstaklingar, sem fara með ríkisins fé, geta ávísað sjálfir á ríkissjóð með þeim hætti að fara eins og þeir vilja fram úr þeim fjárlögum sem Alþingi afgreiðir, þá er náttúrlega tilgangslaust fyrir Alþingi að fara með fjárveitingavald. Þá er valdið annarra en okkar alþm."

En ég vitna til skýrslu fyrrv. fræðslustjóra á Norðurlandi eystra, Sturlu Kristjánssonar. Hann segir:

„Greinargerð sú sem hér birtist er því til orðin að þáv. menntmrh. Vilmundur Gylfason lokaði málinu, ef svo má segja, þá er undirritaður hafði náð fundi hans og óskaði þess að menntmrh. tæki á málinu og gerði annaðhvort að verja starfsmann sinn eða hafna honum, þar eð embættismaður, sem sannanlega væri lýst svo sem undirrituðum í þingræðu hæstv. fjmrh. þann 10. jan. s.l., væri alls óhæfur embættismaður, óhæfur til embættisstarfa sem þessara."

Síðan segir fræðslustjórinn fyrrverandi svo, með leyfi forseta:

„Auk þess álít ég að sé komið svo að einstök fræðsluumdæmi eða skólahverfi hafi að fullu notað fjárveitingu ársins, t.d. í október eða nóvember, þá sé það að sjálfsögðu einföld viðskiptasiðfræði að vara þau við ef ríkissjóður ætlar að neita að greiða sinn hlut í þeim kostnaði er til fellur síðustu mánuði ársins. Sveitarfélögin geta þá gert það upp við sig hvort þau vilja greiða ríkishlutann einnig þann tíma eða loka skólum. Málið er ekki svo einfalt að skólahald ráðist af útsjónarsemi fræðslustjóra og annarra heimaaðila við að spila úr fjárveitingaframlagi."

Og síðan, með leyfi forseta, og þetta er fræðslustjórinn fyrrverandi sem talar og hlusti nú hið háa Alþingi grandgæfilega:

„Séu samþykkt fjárlög ekki töluleg niðurstaða óvefengdra útreikninga kostnaðar samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum óvefengdum forsendum, þá eru þau einfaldlega vitlaus, ólög, ekkert með þau að gera og ekkert mark á þeim takandi."

Þetta er embættismaður skipaður af menntmrh. sem hefur mikil umsvif í skipulagi skólamála, tekur sér mikið fjármálavald sem hann hefur notað með þeim hætti að fara milljónum króna fram úr á hverju einasta ári og skeyta ekkert um aðvaranir og bein fyrirmæli um að bæta ráð sitt.

Og út í gegn. Þetta er 8. maí 1980. Ég mun lesa yfir ykkur hér á eftir ummæli hans frá 9. jan. 1987 og honum skilst ekki að hann í neinu hafi hagað sér öðruvísi en til stóð. Ég vitna enn í fræðslustjórann, skjólstæðing hv. Steingríms fróða Sigfússonar:

„Eins og ég nefndi fyrr eru greiðslubeiðnir ekki á vegum fjármála- og áætlanadeildar" — Greiðslubeiðnir frá deild menntmrn. á Akureyri eru eftir þessu sem hér segir ekki á vegum fjármála- og áætlanadeildar. — „og verður það að mínu viti að teljast mjög alvarlegur hlutur ef einhver og einhver deild eða deildarstjóri ráðuneytisins", þ.e. menntmrn., „kemst óátalið upp með að blanda sér í og ógilda afgreiðslur fræðslustjóra, afgreiðslur er aðeins hafa viðdvöl í menntmrn. til bókunar."

Menntmrn. ber ábyrgð á rekstri þessarar skrifstofu og rekur hana með sveitarfélögunum, borgar að vísu öll laun kennara og yfirgnæfandi mestan hluta kostnaðar af rekstri skóla að sjálfsögðu. En þetta er viðhorfið, að menntmrn. eigi ekki að skipta sér af þessu. Hann á ekki fóður undir fat yfir slíkri ósvífni. Og hann heldur áfram:

„Það er líka í fyrsta skiptið", og þar kemur að því að hann fékk ekki greiðslurnar fyrir áramót, „sem ég heyri það nefndar aðhaldsaðgerðir að tefja greiðslur reikninga frá því í desember til 8. jan. næsta árs. Rétt eins mætti kalla það skírlífi að neita að framfæra börn sín."

Þetta er nú eitthvað til handa Steingrími fróða að skemmta sér við, hvað þetta þýðir. Og svo segir áfram:

„Um fjárveitingavaldið vísa ég til þess sem ég hef þegar sagt hér að framan, en ítreka þann skilning minn að skólahald er ákvarðað í grunnskólalögum ásamt öðrum forsendum og fjárlög skulu því ákvarðast af kostnaðarútreikningum framkvæmdarinnar en ekki öfugt, að einhver og einhver tala í fjárlögum komi í stað grunnskólalaganna."

Er nú að furða að maður sem er haldinn þessari skynvillu framkvæmi svo hlutina eins og við höfum dæmin um? En þetta er ekki nálægt því búið. Hér segir svo á bls. 17, með leyfi forseta:

„Fræðslustjóra er því að sjálfsögðu algerlega óheimilt að skerða upp á sitt einsdæmi þá lögboðnu þjónustu er umdæmi hans skal njóta þó svo", hv. þm. Geir Gunnarsson, „þó svo fjárveitingavaldinu hafi orðið á mistök að lítilsvirða áætlun hans og aðvörun og veita of lítið fé á fjárlögum til þess að framfylgja þeirri löggjöf er Alþingi hefur áður sett um grunnskólahald samkvæmt þeim reglum, samningum og ákvæðum sem í gildi eru hverju sinni." Hugsa sér annað eins!

Hv. Alþingi heyrir þetta. Hvernig dettur mönnum í hug að fræðslustjórinn fari upp á sitt eindæmi að skerða neitt þó að fjárveitingavaldinu verði á þau mistök að lítilsvirða hans áætlun? Ég veit ekki hvort hægt er að komast lengra í vitleysunni. Ég veit það

ekki. En maður hefur sjaldan heyrt eða séð annað eins.

Svo segir hann hér enn: „Svo að ég leiðrétti fyrrv. fjmrh. Sighvat Björgvinsson enn einu sinni, þá er ástæða þess að fræðsluumdæmi fara fram úr fjárlögum einfaldlega sú að fjárlög eru vitlaus.“

Hér kemur svo þar sem hann er að tala til fyrrv. yfirmanns síns, fyrrv. menntmrh. og þáv. alþm. Vilmundar Gylfasonar, sem var nýhættur ráðherrastörfum, og segir svo, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig geta þess hér að fyrrv. menntmrh. (þar áður siðbótarmaður)“, þetta er fræðslustjórinn í Norðurlandi eystra að skrifa yfirboðara sínum í menntmrn., „vísaði því frá sér að veita mér, húskarli sínum, uppreisn þó svo ég legði á skrifborð hans gögn er sönnuðu að fyrrv. fjmrh. hefði farið með ósannindi í þingræðum sínum sem hér hefur verið fjallað um.“

Þarna kom hann sjálfur með og lagði fram plöggin. Þá var enginn Steingrímur að snatta fyrir hann.

„Fyrrv. menntmrh. kvaðst líta svo á að málið væri afgreitt af hálfu menntmrn. með fréttatilkynningu ráðuneytisins og vísar einnig í því sambandi til orða sinna í þinginu. Ég sagði þá“, sagði fræðslustjórinn fyrrverandi, „og segi enn að væri helmingur ósanninda og dylgja fyrrv. fjmrh. Sighvats Björgvinssonar á rökum reistur, þá væri það eitt fyrir menntmrn. að gera að víkja mér úr starfi.“

Það þarf rannsókn á þessu. Var Sighvatur Björgvinsson að skrökva allan tímann sem hann var að tala um hvernig til hefði tekist um fjárreiður þessa umdæmis í ræðu sinni 10. jan. 1980? Það þarf bara helmingurinn að vera sannur, segir hann, fræðslustjórinn, til þess að hann eigi sjálfur að víkja.

Svo segir enn hér: „Ég fór fram á þá athugun og sáttaleitun, en fyrrv. menntmrh. lokaði málinu eins og fyrr segir.“

Og endar svona og þetta má til með að komast inn í þingtíðindi:

„Það er sagt að fjarlægðin geri fjöllin blá, fjarlægðin geri fjöllin blá og mennina mikla. Ég varð þess óvænt og ónotalega vísari á fundum mínum með fyrrv. menntmrh., Vilmundi Gylfasyni, hve sumir menn eiga mikið undir fjarlægðinni.“

Það er fyrrv. fræðslustjóri á Norðurlandi eystra sem talar til yfirmanna sinna og sendir þeim skýrslu um ástæður sínar og þá málsmeðferð sem hann telur frambærilega.

Ég leyfi mér að fletta upp í bréfi frá 7. júlí 1980 frá fyrrv. fræðslustjóra þar sem Ríkisendurskoðun hefur haft við færslur skrifstofunnar að athuga. Lokin á svari hans við því eru svohljóðandi:

„Varðandi kröfu Ríkisendurskoðunar um fullnægjandi horf“ — vafalaust um að koma þessum málum í fullnægjandi horf — „þá vil ég hér með biðja Ríkisendurskoðun um úttekt á högum fræðsluskrifstofa, ekki einungis reikningsskil heldur öllum fjárreiðum, aðbúð og aðstæðum, þ.e. að afstæði hlutanna verði inni í myndinni, og síðan skýringu og niðurstöðu um það hvað sé þá fullnægjandi horf þessara mála. Að öðrum kosti frábið ég allar slíkar sleggjusveiflur“, hvað sem það merkir nú.

En Birgir Thorlacius, hinn hógværi og vandaði ráðuneytisstjóri, skrifar honum kurteislega bréf 5. ágúst og áminnir hann og ráðuneytið segir:

„Væntir ráðuneytið þess að allir þeir aðilar sem á sviði þess starfa hafi gott samstarf við Ríkisendurskoðun og hlíti fyrirmælum og leiðbeiningum um reikningsfærslur og fjármeðferð þannig að allt slíkt sé undir öllum kringumstæðum í fyllsta lagi.“

Og vitnað er í bréf frá 22. okt. Starfsmaður menntmrn. á Akureyri og fræðslustjóri skrifar, það er til fjmrn., svohljóðandi bréf:

„Vinsamlegast sendið fyrirspurnir ykkar um skipan kennslu í Norðurlandskjördæmi eystra beint til fræðsluskrifstofu þar eð allsendis óþarft er að nota einhvern fulltrúa ráðuneytisins“, það er menntmrn., „sem sendil í slíkum málum. Jafnframt verður það að teljast eðlilegust málsmeðferð að fræðsluskrifstofu sé tilkynnt um það milliliðalaust ef launagreiðslur til einstakra kennara eru stöðvaðar vegna meintra afglapa fræðsluskrifstofu.“

Hvað merkir þetta bréf? Hann er að segja við fjmrn. að í menntmrn. séu einhverjir sendlar sem skipti engu máli og það sé óþarft að vera að biðja þá um að snúast með einhverja hluti sem það varði. Hvaða skilning hefur hann á því hver staða hans er í ráðuneytinu og hvert valdsvið hans er til að mynda í fjármálasökum og er að undra þótt úr skorðum gangi?

Sturla Kristjánsson birti í morgun í Morgunblaðinu athugasemdir við ummæli um norðlenska skólapólitík. Af því gefna tilefni vill menntmrn. gefa eftirfarandi yfirlýsingu:

„Í athugasemdum sínum beinir hann spjótum sínum að menntmrn. sem hann áður var hluti af og hefði því átt að þekkja betur til mála en í ljós kemur. Samkvæmt athugunum ráðuneytisins á framkvæmd stuðnings- og sérkennslu skólaárið 1985–86 og kynntar voru fræðslustjórum, þar með talið honum, s.l. haust hafa fimm umdæmi af átta náð því að vera með um og yfir 11% af almennum kennslukvóta til stuðnings- og sérkennslu. Þetta er nokkuð meira en áætlunin gerði ráð fyrir og hefur náðst með hagræðingu án þess að það leiddi til neikvæðrar greiðslustöðu nema á Norðurlandi eystra.“

Norðurland vestra er þar sammerkt, enda er þar fræðslustjóri sem í upphafi tók Sturlu Kristjánsson sér til fyrirmyndar í einu og öllu og var nærri farinn á hliðina og kominn á nasirnar vegna þess að skólar voru að stöðvast hjá honum þegar hann áttaði sig og breytti til. (**PP:** Var nefið á hliðinni á honum?) Og hann er ekki alveg kominn á réttan kjöl enn, sem hv. þm. Páll Pétursson veit mjög vel um.

„Um áramótin 1986–87 var greiðslustaða fræðsluumdæmis Norðurlandskjördæmis eystra neikvæð um 10 millj. kr.“ — greiðslustaðan. Uppgjör á eftir að fara fram og þessi tala getur stórhækkað og miðað við fyrri ár er líklegt að hún geri það. „Hafði þá verið búið að millifæra hlut umdæmisins af

óskiptum lið fjárlaga, grunnskólar, almennt.“ Það er þessi upphæð sem menn hafa verið að velta á milli sín og hafa álitið að væri fyrir Norðurlandskjördæmi eystra eitt, þessar 8,9 millj. sem áttu að vera til jöfnunar milli umdæma og hlutur Norðurlands eystra var talinn 500–600 þús. kr. af. „Kostnaður vegna framhaldsdeilda grunnskóla að upphæð 3,5 millj. hefur verið færður til tekna af óskiptum lið fjárlaga. Mat á verðlagningu kennslu er byggt á upplýsingum fræðslustjóra og hefur það ekki haft áhrif á neikvæða stöðu umdæmisins. Samanburður á verðlagningu kennslu við önnur umdæmi hefur byggst á áætlunum og því mjög varhugaverður fyrr en rauntölur liggja fyrir. Þrátt fyrir það að ráðuneytið setji og skipi kennara, þá hefur það alfarið verið í verkahring fræðslustjóra að skipuleggja kennslu þannig að hún rúmist innan heimilda fjárlaga. Rétt er að benda á að kennslumagn á Norðurlandi eystra hefur farið verulega fram úr áætlun eða sem nemur 22 stöðugildum...“

Var hv. þm. Steingrímur Sigfússon að tala um að þeir mundu eiga eitt kennslugildi inni? Hann segir hér á öðrum stað, og ég kem að því síðar, að ef það eigi að framfylgja áætlunum menntmrn. mundi það þýða að 24 kennarar sem hann var búinn að ráða misstu atvinnu sína. Hann var nefnilega búinn að ráða þá og gefa út stöðugildin áður en áætlun menntmrn. kom að því er virðist.

„...verulega fram úr áætlun eða sem nemur 22 stöðugildum á skólaárinu 1985–1986 og var það aðalorsök þess fjárhagslega vanda sem þar kom upp.

Fræðslustjórinn hefur að engu fyrirmæli og áætlanir menntmrn. Og var það ekki formaður fræðslustjórnar, hinn gagnmerki Mývetningur Þráinn Þórisson, sem lýsti því yfir í útvarpi eitthvað á þá leið að þeir í menntmrn. syðra hefðu sínar áætlanir og fjárlög. Við gerum okkar áætlanir og auðvitað förum við eftir þeim. Það var einhvern veginn á þennan veg. Það er hægt að fletta þessu upp. Og hvað segir almenningur um að starfsmaður menntmrn. stráir um sig með stöðugildum tugum saman, setur upp embættismenn tugum saman eins og ekkert sé og segir að hann hafi rétt til þess því að fjvn. og Alþingi sé með vitlausa útreikninga og ekkert að marka það?

„Fjármálaskrifstofa menntmrn. upplýsir að fræðslustjóri Norðurlands eystra“, og þetta er orðrétt tilvitnun frá fjármálaskrifstofunni, „hafi ráðstafað fjármunum að geðþótta án tillits til heimildar í fjárlögum. Dæmi:

1. Rekstur fræðsluskrifstofu. Húsnæði var tekið á leigu og innréttað án vitundar ráðuneytis. Ráðuneytið fékk upplýsingar um málið þegar Sturla gerðist skólastjóri á Þelamörk og Ingólfur Ármannsson kom til þáverandi ráðuneytisstjóra til þess að fá aðstoð við að koma fjármálum skrifstofunnar á hreint.

2. Starfsmannahald. Starfsmenn hafa verið ráðnir til ýmissa verkefna án vitundar ráðuneytis. M.a. teknir kennarar til vinnu á fræðsluskrifstofu gegn afslætti frá almennri kennsluskyldu. Þessi vinna er tekin af kennslukvóta umdæmisins og veldur því viðbótarkostnaði ríkissjóðs án endurgreiðslu frá sveitarfélögum.

3. Framlög sveitarfélaga eru reiknuð samkvæmt tilbúinni reglu fræðslustjóra og ekki borið undir ráðuneyti.

4. Stofnað er til ýmiss kostnaðar og nýjunga í starfi án samráðs eða vitundar ráðuneytis. Þessi verkefni eru í sjálfu sér áhugaverð, en fjárveitingar til þeirra eru ekki fyrir hendi, enda öðrum aðilum ætlað að annast þau, svo sem Námsgagnastofnun.

Fræðslukostnaður. Fræðslustjóri hefur iðulega ekki haldið sig innan ramma fjárlaga þau ár sem hann hefur haft umsjón með skólarekstri.“ Var að furða? Maður hefur nú heyrt viðhorf hans til þess hvort það snúi nokkuð að honum að fara eftir fjárlögum. „Fræðslustjóri hefur iðulega ekki haldið sig innan ramma fjárlaga þau ár sem hann hefur haft umsjón með skólarekstri, hvorki hvað snertir fjárveitingar í krónutölu né það er að kennslumagni lýtur. Hefur hann oftar skorið sig úr að þessu leyti, enda margsinnis sýnt að hann telur sig engu varða ákvarðanir ráðuneytis.“ Og fyrir því eru hans eigin orð sem ég hef margvitnað í.

„Skólaárið 1985–1986 ráðstafaði fræðslustjóri kennslumagni á Norðurlandi eystra sem nam 22 stöðugildum kennara umfram heimildir.

Vinnubrögð vegna úthlutunar á kennslumagni til almennrar kennslu eru vægast sagt vafasöm. T.d. sendi fræðslustjóri skólum s.l. vor tilkynningu um heimild til notkunar á kennslustundum sem var ekki í neinu samræmi við áætlun ráðuneytis samkvæmt lögum. Síðar sendi fræðslustjóri skólum upplýsingar um kennslumagn í takt við áætlun ráðuneytis og talar þá um niðurskurð ráðuneytis á hans fyrri tillögum.

Fræðslustjóri fullyrðir að hallað sé á hans umdæmi í umfjöllun fjárlagatillagna og nefnir í því sambandi m.a. eftirfarandi auk sérkennslunnar: Launataxtar séu ekki í samræmi við rauntölur, forfallakennsla vanáætluð, ekki sé tekið tillit til aldursafsláttar o.fl. Allar þessar fullyrðingar eru rangar. Áætlanir fræðsluumdæmanna eru samræmdar og í meginatriðum tekið fullt tillit til óska fræðslustjóra um breytingar frá staðli. Launataxtar eru eftir því sem mögulegt er byggðir á rauntölum, þ.e. á launaflokkum viðkomandi kennara samkvæmt útskrift launadeildar. Forfallakennsla er áætluð alls staðar á grundvelli raunverulegra greiðslna fyrir forföll fyrri ára. Aldursafsláttur er byggður á upplýsingum fræðslustjóra.

Vegna sérkennslunnar skal bent á tvö grundvallaratriði. Í fyrra lagi: Áætlun fræðslustjóra er þokukennd og orkar mjög tvímælis. Í upphafi“, og það er það sem enn glymur í eyrum, „gerði hann ráð fyrir 850 tímum á viku, síðar breyttist þetta í 750 og enn er komin ný tillaga um 700 tíma sem þörf er á. Sú skilgreining er byggð á vafasömum forsendum. Það

er tilvitnun í ákvæði reglugerða um sérstofnanir eða sérskóla."

Og svo að lokum um greiðslustöðuna: Hún er í lok ársins neikvæð um 10 millj. kr., en það er fjarri því að öll kurl séu komin til grafar.

Allra lagaákvæða var gætt í fyllsta samráði við ríkislögmann um brottvikningu þessa. Því var það að eftir áminningar skriflegar og munnlegar tvívegis var með vísun til laganna ákveðið að gefa Sturlu Kristjánssyni kost á því að svara fyrir sig eins og tilgreinir í lögunum að eigi að gera ef kostur er. Þetta var gert 9. jan. Ráðuneytisstjóri Knútur Hallsson og skrifstofustjórinn Sólrún Jensdóttir ræddu í þrjár klukkustundir við fræðslustjórann um hans stöðu og hans mál til þess að gefa honum færi á að verja hendur sínar og eða svara til saka eftir því sem menn vilja á það líta. Og hér kemur þeirra skýrsla sem ég hlýt að flytja orðrétt. Þeir rifja upp í byrjun og það skýrir sig sjálft hér á eftir hvers vegna þeir rifja upp í byrjun eitt atriða þess að talinn er hafa verið brotinn trúnaður í áminningarbréfinu upphaflega sem á var minnst.

„Á fundi með fréttamönnum á fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra á Akureyri veitti fræðslustjóri umdæmisins, Sturla Kristjánsson, upplýsingar sem fram koma í áætlun menntmrn. til fjárlaga fyrir árið 1987. Höfðu honum verið sendar upplýsingar þessar sem embættismanni ráðuneytisins til þess að kynna honum hvers vænta mætti í fjárveitingum til umdæmisins fyrir árið 1987. Þessar áætlanir voru kynntar fræðslustjóra, fræðsluráðum og skólastjórum. Fyrir ofannefndan fréttamannafund hafði fræðslustjóraembættið á Norðurlandi eystra ritað ráðuneytinu bréf og útskýrt að meira magn þyrfti til sérkennslu en gert var ráð fyrir í áætlunum ráðuneytisins. Má því ljóst vera að málið var til umfjöllunar í ráðuneytinu og niðurstaða ekki fengin. Meðan vinnu við gerð tillagna til fjárlaga er ekki lokið er ekki einsýnt hvort unnt er að verða við tilmælum um breytingar.

Það er trúnaðarbrot af hálfu embættismanns ráðuneytisins að gefa fjölmiðlum upplýsingar úr vinnugögnum frá ráðuneytinu. Það var fyrir þessi vinnubrögð sem fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra hlaut áminningu af hálfu menntmrh. Í áminningarbréfi dags. 21. ágúst s.l. segir m.a. að á umræddum fréttamannafundi 14. ágúst hafi verið komið á framfæri við fjölmiðla upplýsingum sem fram komu í gögnum sem fræðslustjóra voru send sem starfsmanni menntmrn. vegna fjárlagagerðar næsta ár. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji þá framkomu fræðslustjóra að veita fjölmiðlum umræddar upplýsingar óhæfa og ósamrýmanlega stöðu hans sem fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra með vísun til ákvæða laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Áætlanir ráðuneytisins eru vinnugögn sem ekki eiga erindi við fjölmiðla. Ekki skiptir því máli hver lagði fram tillögu um að haldinn yrði blaðamannafundur á fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra.

Samkvæmt bréfi frá Guðmundi Inga Leifssyni, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis vestra, dags. 28. ágúst, var sú tillaga komin frá Stefáni Jónssyni á Kagaðarhóli, formanni fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis vestra. Í bréfi sem undirritað var af fimm fræðslustjórum dags. 26. ágúst 1986 segir að það sé föst venja að líta á afgreiðslu menntmrn. á fjárlagatillögum sem endanlega niðurstöðu til að vinna eftir við skipulag skólahalds. Ekki virðist þó fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra hafa litið svo á, ef dæma má af bréfum hans til ráðuneytisins, en þar gerir hann ráð fyrir að unnt megi reynast að fá þessari endanlegu niðurstöðu breytt. Fræðslustjórarnir segja í bréfi sínu að fræðsluráðum og skólum eða skólanefndum hafi verið veittar upplýsingar um niðurstöðu áætlana menntmrn. eftir því sem við á. Við þetta hefur ekki verið gerð athugasemd. Í bréfi dags. 28. ágúst, sem áður er nefnt, telur Guðmundur Ingi Leifsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis vestra, sig undir sömu sök seldan og fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Hann bendir á að hann telji sig hafa verið að fara að vilja fræðsluráðs varðandi undirbúning umræddra fundar með fréttamönnum.

Fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis vestra tekur fram í bréfi sínu að hann er embættismaður menntmrn., en jafnframt framkvæmdastjóri fræðsluráðs. Þetta er rétt, en í þessari tvíþættu stöðu getur embættismaður ekki brugðist hollustu sinni við annan yfirmann sinn til þess að þjóna hinum. Bæta má við að ekkert hefur komið fram um að Guðmundur Ingi Leifsson hafi veitt fjölmiðlum upplýsingar byggðar á vinnugögnum sem ráðuneytið sendi honum í embættisnafni.

Eins og nefnt er hér að ofan og kemur fram í fundargerð fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra 14. ágúst sendi fræðslustjóri menntmrn. bréf 5. ágúst þar sem hann fer þess á leit að greindum sérkennslunemendum í umdæminu verði tryggð lögboðin þjónusta samkvæmt reglugerð menntmrn. þar um, eins og segir í fundargerð. Hafði þetta bréf borist ráðuneytinu fáum dögum áður en fréttamönnum var boðið á fræðsluráðsfundinn 14. ágúst og ekki gefist svigrúm til að bregðast við. Samkvæmt fundargerð fræðsluráðs skýrði fræðslustjóri fréttamönnum frá því að þrátt fyrir niðurstöður sérkennslugreiningar, sem sýndi að þörfin væri 850 vikustundir á næsta skólaári, hygðist menntmrn. skera þær niður í 200. Taldi hann þetta mikil mistök sem m.a. gætu leitt til búferlaflutninga yrðu þau ekki leiðrétt.

Hann vakti einnig athygli á að með skerðingunni yrðu 24 kennarar sviptir atvinnu sinni." — Hvaða skerðingu? ef ég má spyrja. Þetta var nefnilega hækkun frá árinu áður. Hann er að tala um skerðingu af því að þetta nær ekki 850 stunda tölunni hans sem var síðar breytt í 700. Það er skerðingin, en auðvitað var aukið við þetta magn og kemur síðar fram að það var aukið um 150 stundir. En samt sem áður verður að svipta 24 kennara stöðu og atvinnu

sinni. Og af hverju? Af því að þessi herramaður var búinn að deila út stöðugildum til kennara.

„Eftir að fréttamenn fóru af fundi var samþykkt að mótmæla niðurskurði menntmrn. á áætlun fræðslustjóra vegna sérkennslu fyrir fjárlagaárið 1987. Samþykkt var einnig að fela fræðslustjóra að vinna áfram að því að fá leiðréttingu á niðurskurði ráðuneytisins. Kemur hér fram að ráðið taldi málið ekki útkljáð. Ekki gerði fræðslustjóri tilraun til að ná fundi ráðherra í framhaldi af þessum samþykktum.“ Og það skýrir sig betur síðar hvers vegna það *var aldrei gert, hvers vegna fræðslustjórinn gerði* aldrei tilraun til þess frá því í júnímánuði að ná sambandi við menntmrh. né heldur formaður fræðsluráðs og fræðsluráðið í heild. Frá því skýrir hann beinum orðum hér á eftir.

„Milli þessa fræðslufundar og þess næsta sem haldinn var 13. sept. og vikið verður að síðar var haldinn fundur í Reykjavík 25. ágúst með fræðslustjórum og öðrum starfsmönnum menntmrn. Á þessum fundi vék Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri að áminningarbréfi ráðuneytisins til fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Kvaðst hann ekki vilja ræða málið í einstökum atriðum heldur einungis nokkur meginatriði og þá fyrst og fremst eftirfarandi:

Fræðslustjórar eru skipaðir af ráðherra og starfsmenn hans eins og annað starfsfólk ráðuneytisins. Ráðuneytið væri skrifstofa ráðherra og starfsfólkið skrifstofulið hans. Ráðherra mótaði stefnu og framkvæmd starfs ráðuneytisins. Fræðimenn hefðu fjallað um hverra kosta starfsmaður ráðuneytis ætti völ ef hann væri ósammála stefnu og athöfnum ráðherra. Niðurstaða væri sú að auðvitað gætu starfsmenn rætt við ráðherra og gert grein fyrir máli sínu í þeim tilgangi að telja honum hughvarf. Tækist það ekki ættu starfsmenn um tvennt að velja. Annaðhvort að fylgja stefnu ráðherra þótt þeir væru henni ósammála eða segja af sér. Ef síðari kosturinn væri valinn gæti starfsmaður gagnrýnt ráðherra í ræðu og riti eins og aðrir borgarar.

Ráðuneytisstjóri lét fræðslustjóra ótvírætt skilja að þeir gætu ekki hagað sér eins og fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra hefði gert. Virtust fræðslustjórar eftir þessi ummæli ráðuneytisstjóra átta sig betur á stöðu sinni sem ráðuneytisstarfsmanna.

Fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra spurði hvort hann ætti að skilja orð ráðuneytisstjóra sem vísbendingu um að honum bæri að segja af sér. Þótt ráðuneytisstjóri hefði skýrt stöðu embættismanna gagnvart ráðherra gerði fræðslustjóri enga tilraun til þess að ná fundi ráðherra til að ræða við hann vanda fræðsluumdæmisins hvorki vegna slæmrar greiðslustöðu á haustdögum né þeirrar óánægju með áætlun ráðuneytisins um kennslumagn í umdæminu sem fjölmiðlum varð tíðrætt um.

Á fundi fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra 13. sept. var sérkennsla enn rædd. Formaður fræðsluráðs ræddi mikinn mismun milli fræðsluumdæma á framlögum til sérkennslu og sagði að í sumum umdæmum væri áætlun menntmrn. nær hin sama og viðkomandi fræðsluskrifstofa.“

En það láðist að geta þess og einnig við fjölmiðlana að í þeim umdæmum sem þannig var ástatt höfðu fræðslustjórarnir einungis beðið um örlitla hækkun. Ég hef hér yfirlit um kennslustundafjölda í sérkennslu og stuðningskennslu. Þar er t.d. Reykjanesið skv. fjárlögum 1986 með 1264 stundir á viku og Helgi Jónasson gerir áætlun um 1793 og fær 1329 eftir áætlun ráðuneytisins.

Við skulum taka Austurland sem á þessum fræga blaðamannafundi var sagt að ég hefði hyglað sérstaklega og Reykjavík með því að hækka hvort tveggja. Austurland hafði 449 árið 1986. Fræðslustjórinn þar gerði ráð fyrir 501 stund, en hann fékk 490. Reykjavík hafði 2458. Fræðslustjórinn þar gerir tillögu um 3087 og Reykjavík fékk 2489, núll komma eitthvað prósent. En Norðurland eystra hafði 676 og við gerum tillögu um 753. Þetta er enn hærri tala nú vegna aukagetu sem þeir fengu. En fræðslustjórinn gerði áætlun um 1403 og svo þegar hann talar um niðurskurðinn miðar hann við sína tölu, sem hann gerði tillögu um, og segir: Ég var stórlega niðurskorinn, en þeir hækkuðu Austurland og Reykjavík. Svona er hægt að leika sér að tölum. Og þetta er starfsmaður menntmrn. og menntmrh., trúnaðarmaður hans sérstaklega, sem þannig hagar máli sínu.

„Á fundinum 13. sept. var samþykkt tillaga um að kjósa tvo menn til þess að freista þess að ná fram breytingum á fjármálalegum samskiptum ráðuneytis og fræðsluskrifstofu sem leitt gæti til einföldunar. Þráinn Þórisson, formaður fræðsluráðs, og Trausti Þorsteinsson, skólastjóri á Dalvík, voru valdir í nefndina. Nefndin var skipuð“ — og gáið að því að þetta er í september — „að ósk fræðslustjóra eftir að hann hafði kvartað undan því að nokkuð skorti á að menntmrn. færi eftir þeim rekstraráætlunum sem unnar væru á fræðsluskrifstofunni.

Á þessum fræðslufundi var lesið áminningarbréf ráðuneytisins til fræðslustjóra, dagsett 21. ágúst og svar hans við því, dagsett 27. ágúst. Enn fremur voru lesin bréf frá fimm fræðslustjórum til menntmrh., sem vísað er hér til að framan, dagsett 26. ágúst, og bréf Guðmundar Inga Leifssonar, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis vestra, dags. 28. ágúst. Einnig var birt á fundinum bréf fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra til menntmrh. þar sem harmað er áminningarbréf frá 21. ágúst og þess farið á leit að það verði dregið til baka. Einnig kemur fram í fundargerðinni frá 13. sept.“ — og þetta er í fræðsluráði Norðurlandsumdæmis eystra — „að komið hafi verið á starfsdeild fyrir sérkennslu unglinga eldri en 16 ára.“ — Gott framtak. — „Hafi fræðslustjóri staðið að stofnun deildarinnar auk Akureyrarbæjar og svæðisstjórnar um málefni fatlaðra.“ — Frábært framtak. — „Ekki leitaði fræðslustjóri heimildar ráðuneytis til stofnunar starfsdeildar þessarar þótt gert sé ráð fyrir að ríkið taki þátt í

kostnaði við hana og þetta sé skylt samkvæmt ákvæðum laga.

Nefnd sú sem skipuð var á ofangreindum fundi kom í ráðuneytið ásamt fræðslustjóra og áttu þeir fund með starfsmönnum ráðuneytisins um fjármál umdæmisins almennt og áætlun um stundafjölda til sérkennslu. Á grundvelli þessa fundar var 120 stundum", ég nefndi víst 150, „bætt við umdæmið til sérkennslu."

Kemur ekkert fram um þessa viðbót í fundagerðum fræðsluráðs og ekki hefur hennar heldur sést getið í fjölmiðlafregnum af málinu sem dundu látlaust allan síðari helming síðasta árs né heldur að menn hafi haft það að orði að á síðustu klukkustundum afgreiðslu fjárlaga náðist með góðum vilja fjmrh. og formanns fjvn. og varaformanns fjvn. upphæð til þess að við gætum frekar mætt þessum nauðsynjamálum, kannske til þess að reyna aðeins að hamla gegn þeim einstrengingslega áróðri, sem dundi frá fræðsluskrifstofu Norðurlandskjördæmis eystra, að Sverrir Hermannsson væri vondur og skilningsvana maður sem vildi ekki sinna, vildi ekki, af því að hann ætti nóga peninga, eins og segir hér á einum stað, sinna börnum með sérþarfir. Og það er plaggið sem þm. fengu á sínum tíma, þetta níð- og rógsplagg sem þeir laumuðust með hingað suður til Reykjavíkur og útbúið var í fræðsluumdæminu fyrir norðan og menn þorðu ekki að koma með til menntmrh. og ræða við hann. Það skýrir sig hér á eftir líka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig er rétt að hafa í huga að það er á engan hátt forsvaranlegt að láta það endurtaka sig óátalið ár eftir ár að launagreiðslur, sem eru meiri en ráðuneytið reiknar með, verði til þess að akstur og annar kostnaður, sem er fullkomlega innan áætlunar, verði ekki greiddur." Áætlunar hvers? Áætlunar hvers? Fræðslustjórans að sjálfsögðu. „Ekki síst ef það liggur fyrir að ráðuneyti menntamála hefur nægilegt fé til ráðstöfunar og þarf því ekki að gera neinn út af örkinni til að betla peninga. Spyrja má hvort það sé í valdsviði einstakra starfsmanna innan ráðuneytis að trufla skólahald eins og endurtekur sig ár eftir ár og koma í veg fyrir að veitt sé þjónusta sem forsendur eru fyrir og fræðslustjóri hefur áætlað."

Það er ekki leggjandi á hv. þm. að lesa meira af þessari endileysu. En ég held áfram með skýrslugerð ráðuneytisstjóra menntmrn. og skrifstofustjóra skólamáladeildar.

„Í fundargerð fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra 21. nóv. kemur fram að á fundi með skólastjórum og skólanefndarmönnum, sem fræðsluráðsmenn höfðu átt sama dag, hafði verið samþykkt nefndarskipun til þess að ganga á fund þingmanna kjördæmisins og fleiri til þess að knýja á um lausn sérkennslumála umdæmisins og fleiri skólamála, einkum varðandi fjárveitingar og greiðslur. Í stað þess að freista að skýra yfirmanni menntamála frá óánægju sinni með fjárlagatillögur ráðuneytis hans og leita fulltingis hans við að fá úrbætur sneru fræðslustjóri og fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra sér næst í byrjun desember til þingmanna kjördæmisins og fengu þeim í hendur greinargerð þar sem fram kemur hörð gagnrýni á ráðuneytið og ráðherrann.

Ef höfð er í huga staða fræðslustjóra sem embættismanns ráðuneytisins annars vegar og framkvæmdastjóra fræðsluráðs hins vegar er ljóst að þegar gengið var á fund þingmanna með greinargerðina sem beint var gegn yfirmanni fræðslustjóra hlutu þessi tvö störf hans að rekast á, þ.e. trúnaðarskyldur við ráðherra annars vegar og skyldur við fræðsluráð hins vegar. Þar sem fræðslustjóri er skipaður af ráðherra og er embættismaður ríkisins með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir bar honum að biðjast undan að taka þátt í því að færa þingmönnunum umrædda greinargerð eða a.m.k. að fá að sýna yfirmanni sínum hana áður."

Svo er hér vitnað til þessarar umræddu greinargerðar og m.a. vitnað í það, sem stendur þar, að allt framferði ráðuneytisins bendi til að þar sé um að ræða tæknileg mistök af hörmulegasta tagi.

Þessar fullyrðingar nefndarinnar, sem þingmönnum voru færðar, eru ekki rökstuddar. Má benda á að í greinargerðinni er einnig sagt að það sé á engan hátt forsvaranlegt o.s.frv. sem ég rakti áðan og án nokkurs rökstuðnings og af ástæðum sem allir þekkja af því að ráðuneytið hefur ekki fengið ráðið neinu um hvernig framkvæmdinni var háttað. Halda menn og dettur einhverjum lifandi manni í hug að það sé tilviljun sem þetta er eina umdæmið þar sem skólar loka af því að fræðslustjórinn heldur þannig á málum sem raun ber vitni?

„Eins og fram kemur af þessum útdrætti úr fundargerðum lætur fræðslustjóri fyrst að því liggja á fundi fræðsluráðs í apríl að áætlanir ráðuneytisins væru unnar af vanþekkingu. Eðlilegt hefði verið að hann hefði rætt þessi atriði við samstarfsfólk sitt í menntmrn., reynt að fá leiðréttingu og jafnframt gert æðsta yfirmanni ráðuneytisins, menntmrh., grein fyrir stöðu mála og leitað þannig leiðréttingar í stað þess að vinna málið eftir öðrum leiðum, þ.e. í fjölmiðlum og með því að leita til alþingismanna án þess að gera menntmrh. grein fyrir vandanum og freista þess að fá leiðréttingu. Rauf fræðslustjóri trúnað við yfirmann sinn með því að sniðganga hann og beita sér gegn honum á opinberum vettvangi."

Það verður engum skotaskuld úr því að færa sönnur á þessa fullyrðingu vegna þess að á mér dundi fjölmiðlafárið frá þessari skrifstofu og fræðslustjóranum allan helming síðasta árs.

„Í fundargerð fræðsluráðs Norðurlands eystra, sem dagsett er 12. des., kveðst formaður fræðsluráðs hafa gert tilraun til þess að hafa tal af menntmrh. eftir fundinn með þingmönnum, en hafi verið tjáð að hann væri erlendis."

Ég opnaði dyrnar á herberginu á 3. hæð í Þórshamri þar sem þeir sátu með þingmönnum sínum, þessir herramenn, að gera þeim grein fyrir plagginu fræga. Þetta eru hrein ósannindi. Ráðherra var ekki

erlendis daginn sem fundurinn var haldinn, enda skýrði hæstv. forseti Nd. Alþingis og 1. þm. Norðurl. e. menntmrh. frá þessu samdægurs og boðaði hann til fundar að ég hygg daginn eftir til að gera honum grein fyrir málinu.

Það er svo allt annað mál að menntmrh. var erlendis 8.–11. des. áður en þetta var. Eftir það var auðvitað hægt að hafa tal af mér á nóttu eða degi. Það þekkja allir sem við mig vilja skipta. En það eru aðrar ástæður fyrir því að það var ekki gert og það kemur fram í skýrslu fræðslustjórans hvers vegna hvorki hann né formaður fræðsluráðs höfðu neitt samband við menntmrh.

Það vekur nokkra undrun að formaður fræðsluráðs skuli hafa gefist upp á að reyna að ná til ráðherra ef vísað er til ummæla hans á fræðslufundinum 12. des., en þar sagði hann, formaður fræðsluráðsins, Mývetningurinn Þráinn Þórisson, svo vísað sé beint til fundargerðar, með leyfi forseta:

„Kvaðst formaður staðráðinn í að leggja það fyrir ráðherra að hann hlutaðist til um að neikvæð staða fræðsluumdæmisins væri ekki flutt yfir áramótin. Ef ekki, þá sagðist formaðurinn mundu krefjast þess af ráðherra að hann stöðvaði alla skóla í umdæminu svo lengi sem þörf væri til til að jafna út skuldina. Lýstu fræðsluráðsmenn sig ánægða með ráðagerðir formanns.

Á fræðsluráðsfundinum 12. des. var ákveðið að skipa nefnd á vegum fræðsluráðs til þess að undirbúa viðræður við menntmrn. um framtíðarhlutverk fræðsluráðs og fræðsluskrifstofu varðandi rekstur grunnskóla umdæmisins. Nefndin skyldi skipuð fimm mönnum, tveimur fulltrúum fræðsluráðs, fræðslustjóra, einum fulltrúa skólastjóra og einum fullrúa kennara. Guðmundur L. Helgason og Trausti Þorsteinsson voru skipaðir af hálfu fræðsluráðs. Ekkert hafði eða hefur ráðuneytið heyrt frá þessari nefnd sem þarna var kosin til þess þó að undirbúa viðræður við menntmrn. um framtíðarhlutverk fræðsluráðs og fræðsluskrifstofu varðandi rekstur grunnskóla umdæmisins.

Eftir að ljóst var að fræðslustjóri hafði staðið að því að flytja þingmönnum áðurnefnda greinargerð án þess að gera ráðuneytinu viðvart eða gera tilraun til þess að leita fulltingis menntmrh. við lausn vandans var það mat ráðuneytisins að framkoma hans gagnvart ráðherra væri orðin það alvarlegs eðlis að rétt væri að boða hann til fundar með fulltrúum ráðuneytisins til þess að gera grein fyrir máli sínu.

Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri hringdi til fræðslustjóra Norðurlands eystra, Sturlu Kristjánssonar, þriðjudaginn 6. jan. og boðaði hann til fundar í ráðuneytið. Varð að samkomulagi að hann kæmi kl. 11 föstudaginn 9. jan. og stóð fundurinn þrjár klukkustundir. Auk ráðuneytisstjóra sat Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri fundinn með Sturlu Kristjánssyni.

Í upphafi fundarins gerði ráðuneytisstjóri fræðslustjóra ljóst að boðað væri til hans í framhaldi af áminningum þeim sem honum hefðu verið veittar í haust, bæði skriflega og munnlega, vegna þátttöku hans í fréttamannafundi í ágúst. Einnig benti ráðuneytisstjóri á að þrátt fyrir þessar áminningar hefði haldið áfram í fjölmiðlum umræða um meint ranglæti menntmrh. í garð Norðurlandsumdæmis eystra og þó einkum sérkennslunemenda í umdæminu“ — einkum sérkennslunemenda í umdæminu. „Hafi þar komið fram upplýsingar sem telja yrði að kæmu frá fræðslustjóra. Enn fremur hefði fræðslustjóri komið fram í sjónvarpsþætti þar sem vegið var að yfirvöldum menntamála.

Fræðslustjóri neitaði ekki að hafa átt þátt í fréttaflutningi af afgreiðslu ráðuneytisins á áætlun hans til fjárlaga. Hins vegar kom ekki fram að honum skildist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til skýringa, að slíkt samrýmdist ekki stöðu hans sem embættismanns ríkisins.

Fræðslustjóri var spurður hvort hann hefði ekki talið eðlilegra að freista þess að fá leiðréttingu fyrir umdæmið með því að ganga á fund ráðherra og rökstyðja við yfirmann sinn þá rangsleitni sem fræðsluumdæmi hans væri beitt að hans eigin mati. Fræðslustjóri kvaðst ekki hafa gert tilraun til þess að ná fundi ráðherra frá því s.l. vor og kom fram í máli hans að hann taldi aðrar aðferðir árangursríkari til að fá áætlunum menntmrn. til fjárlaga breytt.“

Hverjar skyldu þær vera? Hverjar voru þessar aðferðir? Maður fer að skilja ýmislegt betur, m.a. það að boða til blaðamannafundar um tillögur ráðuneytisins um tilhögun og rekstur grunnskóla í Norðurlandskjördæmi eystra. Og ég kem að því síðar að hann var ekkert einn um þetta, enda er hann leiksoppur sér miklu verri manna.

„Fræðslustjóra var bent á að þegar fréttaflutningur af „niðurskurði sérkennslu“ í Norðurlandsumdæmi eystra hófst um miðjan ágúst hafi bréf hans, þar sem hann fór fram á leiðréttingu, vart borist ráðuneytinu hvað þá gefist svigrúm til að kanna málið og afgreiða. Vikið var til skipunar nefndar sem fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra átti sæti í og átti að semja greinargerð til þingmanna og fjölmiðla. Fræðslustjóri átti þátt í að kynna þingmönnum greinargerð nefndarinnar sem fól í sér harða gagnrýni á ráðuneytið. Taldi fræðslustjóri þá aðgerð sjálfsagða. Var honum enn bent á að eðlilegra hefði verið fyrir hann sem embættismann ríkisins að leita til yfirmanns síns. Svaraði hann því til að hann hefði verið sannfærður um það frá því s.l. vor og sama gilti um fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra að tilgangslaust væri að leita leiðréttingar hjá menntmrh. og því hefði þurft að finna aðrar leiðir.“

Maður í ráðuneytinu hjá mér sagði: Þetta hefur áhrif á mig eins og samsæri. Þeir koma sér saman um það, fræðsluráðið og framkvæmdastjóri þess og starfsmaður menntmrn. og ráðherra, trúnaðarmaður hans sérstakur, að slíta sambandi við menntmrh. s.l. vor. Þá kemur skýringin á því hvernig á því stendur að ég heyri aldrei frá þeim. Og það er

eðlilegt að honum Þráni Þórissyni, formanni fræðsluráðsins, gangi erfiðlega að skýra hvers vegna *hann náði aldrei sambandi við mig ef það hefur* verið gerð um það samþykkt norður í landi á vordögum að það skyldi slíta öllu sambandi við mig.

Ja, það er annar alvarlegur hlutur í þessu sambandi sem mér blöskrar að hugsa til, að fræðslustjórinn sé hafður að leiksoppi eins og ég sagði. Það er ærið nóg sem ég hef lesið um hans framferði og viðhorf sem embættismanns. En þeir klóku Mývetningar, Þingeyingar og Eyfirðingar, hljóta að hafa séð að með því að etja honum svona á foraðið gæti það ekki leitt nema til eins. Þeir hlutu að geta sagt sér það sjálfir að núverandi menntmrh. mundi ekki taka þessum vinnubrögðum þegjandi. Það er alveg óhugsandi annað en að þeir hafi gert sér einhverja grein fyrir þessu, enda kemur það á daginn. Þegar þetta ríður yfir er allt tilbúið í eitthvert magnaðasta upphlaup sem þjóðin hefur orðið áhorfandi að og áheyrsla. Að vísu voru bumburnar hæst barðar í fjölmiðlum eins og nú tíðkast og Alþb. í startholunum og rauk upp úr þeim á auga lifandi bili og stráir um sig með þeim plöggum sem ég veit að valda því m.a., þessi vinnubrögð, að hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., treystir sér ekki til þess að sitja þennan fund. (**GHelg:** Hann er erlendis.) Þar var hann heppinn að þurfa ekki að hlusta á að menn noti slík vinnubrögð og að þeir skuli láta sig engu varða um sálarheill manns sem á í slíkum erfiðleikum eins og Sturla Kristjánsson á og nota hann sem peð í þessari svívirðilegu skák sem tefld er þarna. Og eitt af því sem dreift er milli skólanna af skólastjóranum Benedikt Sigurðarsyni, bróðursyni Þráins Þórissonar formanns fræðsluráðs, skólastjóra Barnaskóla Akureyrar, er sérprentun af leiðara Dagblaðsins á laugardegi fyrir rúmri viku til upplestrar og fróðleiks. Við tölum ekki meira um það að sinni.

Þeir komu sér sem sagt saman um það, fræðslustjórinn, starfsmaður menntmrh., trúnaðarmaður hans, starfsmaður og trúnaðarmaður menntmrn., og fræðsluráðið, sem á að vinna með menntmrh. að rekstri skóla í Norðurlandsumdæmi eystra, að slíta öllu samstarfi og samvinnu við menntmrh. Og það var ekki að undra þótt það yrði erfiður samgangur, sem ég hafði fundið til áður að vísu, þegar þeir sjálfir lokuðu öllum leiðum. Mig undraði þetta, en maður hefur í mörgu að snúast og ég veitti því ekki athygli að þetta gæti verið af ráðnum hug. Ég hélt kannske að blessaður Sturla væri hálfsmeykur við mig af einhverjum ástæðum því að svo virtist mér hann vera þegar vinkona okkar sameiginleg bauð mér í morgunmat norður á Akureyri 13. júní til þess að hitta hann og ég náði mjög erfiðu sambandi við hann. En ég vissi ekki að þetta væru samantekin ráð með þessum hætti.

„Í viðtalinu við Sturlu Kristjánsson bar mörg mál á góma. Var samband og samstarf hans við ráðuneytið almennt rætt og kvað hann sambúðarörðugleika mikla og jaðraði við að ástandið væri óþolandi.“ — Þetta segir hann sjálfur. — „Ekki skýrði fræðslustjóri í einstökum atriðum í hverju þessir örðugleikar væru fólgnir, en ræddi einkum um slæm *samskipti sín við fjármálastofu ráðuneytisins* og skilningsleysi ráðherra.“

Ég veit ekki hvernig hefur reynt á það því að aldrei töluðumst við við og höfum aldrei enn talað sérstaklega um starf hans eða skrifstofu hans. Skilningsleysið kann að vera fólgið í því að ég prenti ekki seðla og útdeili. Skilningsleysið kann að vera fólgið í því að ég sé engin sköpuð ráð önnur en að fara eftir fjárlögum og að ég hljóti að reyna með öllum hætti að stemma stigu við slíkum vinnubrögðum og slíkri óráðsíu eins og þarna átti sér stað.

„Kvaðst hann ætíð hafa leitast við í starfi sínu að halda lög og reglugerðir og gera áætlanir sínar til fjárlaga í samræmi við það. Lét hann að því liggja að áætlanir menntmrn. til fjárlaga væru ekki réttar ef miðað væri við lög og reglugerðir.“

Hér, eftir öll þessi ár og eftir allar aðvaranir og eftir öll fyrirmæli sem gefin hafa verið, er hann haldinn sömu meinvillunni, kórvillunni, að hann varði ekkert um fjárlög í rekstri skólaskrifstofunnar.

„Fræðslustjóra var bent á að auk þess að fara með löggjafarvald væri Alþingi einnig með fjárveitingavald og fjárlög hlytu að ráða því hve mikið af ákvæðum annarra laga væri unnt að framkvæma. Fræðslustjóri var minntur á að umdæmi hans hefði oftsinnis farið fram úr fjárlögum og það orsakað stöðvun skólahalds í umdæminu. Fræðslustjóri vildi kenna þetta starfsmönnum menntmrn. og röngum útreikningum þeirra. Vék hann enn að samskiptaörðugleikum sínum við ráðuneytið, einkum fjármálaskrifstofu þess.“

Ég vil skjóta því hér inn í að það má lesa í Dagblaðinu viðtal við fræðslustjórann 17. jan. og hann segir þar alveg fullum fetum að hann hafi, orðrétt, „alls ekki átt í samskiptaörðugleikum við ráðherra eða aðra starfsmenn ráðuneytisins.“ Menn geta flett þessu sjálfir upp og borið það saman.

„Fræðslustjóri ræddi um að sér þætti heppilegra að fræðsluumdæmið fengi heildarupphæð úthlutað á fjárlögum, upphæð sem hann nefndi kvóta og gæti fræðslustjóri síðan úthlutað. Var honum bent á að líta mætti á fjárlög sem slíkan kvóta. Ekki féllst fræðslustjóri á það og reyndist ókleift þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá hann til að fallast á að fjárlög hlytu að ráða því hve mikið af ákvæðum annarra laga væri unnt að framkvæma.“

Þetta þarf mönnum ekki að koma á óvart því hann hefur verið þessarar sannfæringar alla tíð.

„Ýmis önnur mál bar á góma og ræddi fræðslustjóri að fyrra bragði brottvikningu sína úr starfi skólastjóra við Þelamerkurskóla“.

Það er mál sem ég leiði með öllu hjá mér. Þar verða aðrir að sitja fyrir svörum og fara um það einhverjum orðum. Það er löngu fyrir mína tíð og hef ég ekkert um það að segja.

„Fræðslustjóri vék síðan að endurkomu sinni á fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra sumarið 1983 því að hann fékk leyfi þaðan aðeins

meðan hann gegndi skólastjórastöðunni. Kvað hann endurkomu sína hafa vakið andstöðu. Formaður fræðsluráðs, Sigurður Óli Brynjólfsson, hafði lagst gegn því að hann tæki aftur við embættinu og sagt af sér formennsku eftir að meiri hluti fræðsluráðs, fjórir gegn þremur, hafi lýst stuðningi við endurkomu fræðslustjórans. Fræðslustjóri lýsti síðan andstöðu starfsfólks fræðsluskrifstofunnar eða tortryggni í garð manns sem hafði verið leystur frá embætti við Þelamerkurskólann. Kvað hann einungis tvo starfsmenn, sem þá voru á skrifstofunni, vera þar enn og gaf til kynna að hann hefði gert fólkinu ljóst að það væri ekki velkomið í störfum sínum, þ.e. fólkinu sem andmælti endurkomu hans.

Fræðslustjórinn spurði er líða tók á fundinn að því hvort ætti að víkja honum frá störfum. Var honum tjáð að fundurinn væri haldinn til þess að ræða málin og gefa honum tækifæri til þess að skýra sín sjónarmið. Ákvörðun um framhaldið yrði tekin síðar og yrði það að sjálfsögðu ráðherra sem úrslitum réði. Í lok fundarins kom fræðslustjóri aftur að samskiptaörðugleikum við ráðuneytið, en kvaðst staðráðinn í að þrauka áfram í embætti sínu þar sem hann hefði mikinn áhuga á framgangi skólamála og vildi vinna að þeim í umdæmi sínu.

Niðurstöður fundarins voru í meginatriðum að fræðslustjóri taldi ekkert athugavert við þau vinnubrögð sem hann hafði haft í frammi til þess að fá aukið kennslumagn til umdæmis síns. Enn fremur taldi hann eðlilegt að starfa samkvæmt eigin áætlun til fjárlaga þótt öðruvísi væri kveðið á í fjárlögum. Draga má þá ályktun af viðtalinu við fræðslustjórann og enn fremur ýmsum gögnum sem til eru í skjalasafni ráðuneytisins varðandi samskipti hans við það að hann telur sig geta og jafnvel eiga að starfa að framgangi mála í umdæmi sínu án samráðs við ráðuneytið og án tillits til þess að hann er opinber starfsmaður menntamálaráðherra."

Svo mörg voru þau orð. Raunar hefði svo sem ekkert meira þurft um þessi mál að segja eftir að í Morgunblaðinu birtist grein í dag eftir fyrrv. ráðuneytisstjóra fjmrn., Jón Sigurðsson. Og þótt mál mitt sé orðið langt er það samt svo að þetta stutta erindi á erindi inn í þingtíðindin og á sérstakt erindi til allra þm. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlakálfarnir í landinu sluppu heldur betur lausir þegar menntmrh. vék fræðslustjóra fyrir norðan frá starfi. Fjöldi manna hefur í meira og minna beinum útsendingum sagt þjóðinni skoðun sína á þessum aðgerðum. Ráðherra hefur gefið almennt orðaðar skýringar á uppsögninni, en stjórnin á fjölmiðlum veldur því að meginhluti þess sem fram kemur er fordæming á þessum verknaði ráðherrans, kröfur um skýringar og umræður um aðgerðir vegna ofríkis ráðherrans.

Gömlum embættismanni, sem fylgst hefur með þessu út undan sér, þykir sem málið hafi engan veginn verið sett í réttan ramma. Mönnum hefur almennt sést yfir að hér er tekist á um grundvallaratriði í samskiptum embættismanna við hina kjörnu stjórnmálalegu forystu samfélagsins.

Sá ósiður Alþingis er orðinn býsna gamall að marka stefnu með setningu laga sem það síðan treystist ekki til að standa við þegar kemur til fjárveitinga. Af þessari tegund þykjustulaga er orðinn urmull og ein þeirra eru grunnskólalögin.

Ráðherra, sem ber ábyrgð á framkvæmd laga af þessu tagi, verður að miða þá framkvæmd við fjárveitingar fremur en lög ef hann á annað borð vill standa í ístaðinu í sínu starfi. Sama máli gegnir um einstaka embættismenn sem starfa á ábyrgð ráðherra. Fjárveitingar fela í sér stefnu innan ramma þeirrar viljayfirlýsingar sem lögin með þessum hætti verða. Embættismenn eru til þess ráðnir að framkvæma þessa stefnu á ábyrgð ráðherra síns og undir hans umsjón. En snúum aftur að þessu tiltekna máli ráðherrans og fræðslustjórans.

Margir hafa látið í ljós skoðanir um að ráðherra hafi gefið ónógar skýringar á gerð sinni ellegar þeir hafa dæmt hana óhæfu án vífilengja. Þeim sem þetta skrifar þykir hins vegar að hinn burtrekni fræðslustjóri hafi sjálfur í útvarpsviðtali að morgni dagsins eftir frávikninguna gefið fulla skýringu á því sem þarna gerðist. Hann lýsir því yfir að þetta mál væri „skólastefnumál og byggðastefnumál". Það fór ekki milli mála að þarna fór hermaður ákveðinna sjónarmiða í því sambandi. Það er því ljóst að þessi embættismaður hefur tekið sér fyrir hendur að ganga fram fyrir skjöldu og berjast opinberlega fyrir og framkvæma stefnu sem fjárhagslegar heimildir frá Alþingi voru alls ekki til fyrir. Hann hefur tekið sér umboð, sem enginn hefur veitt honum, til að marka stefnu með því að ráðskast með fjármuni eins og honum þótti æskilegt, en ekki innan þess ramma sem hin stjórnmálalegu yfirvöld hafa sett. Embættismaðurinn var umboðslaus farinn að vinna eins og hann færi með stjórnmálalegt vald sem Alþingi eitt hefur að stjórnlögum.

Samkunda skólastjóra og annarra skólamanna þar nyrðra gerði sig bera að sams konar blindu. Þeir telja að sú „skólastefna" sem þeir hafa komið sér saman um eigi að gilda þar nyrðra, rétt eins og kjörin forysta samfélagsins sé ekki til. Og þeir hafa í heitingum um að berjast fyrir þeim málstað og byrja með því að reka börnin heim úr skólanum.

Það væri óneitanlega fróðlegt fyrir ókunnuga að vita hvers konar samfélagsfræðikennsla fer fram í skólum þessara forystumanna skólahalds þegar þeir sjálfir skilja ekki betur en þetta grundvallaratriði í stjórnskipan og sýna nemendum sínum þá fyrirmynd að leggja niður störf sín sem andróður gegn ákvörðun stjórnvalds, sem a.m.k. er lögmæt hvað sem öðru líður. Þegar að því kemur að börnunum mislíkar stefna skólastjóra eða foreldra, þá vita þau af fordæminu hvað þau eiga að gera.

Það er allt annað stjórnarfar sem hér gildir. Ráðherra ber ábyrgð á gerðum fræðslustjórans gagnvart Alþingi og láti hann ekki að stjórn á ráðherra, sem sinnir ábyrgð sinni, engra annarra kosta völ en losa sig við hann úr starfi. Og enginn

nema ráðherra getur lagt mat á það hvenær sá mælir var fullur." — Hann var að vísu löngu fullur áður en ég tók lokaákvörðun. Hann var fullur í byrjun desember. En veiklyndið var með þeim hætti að ég lét jólamánuð ráða úrslitum. Hann var troðinn, skekinn og fleytifullur, mælirinn.

„Að því eru mikil brögð", heldur áfram, „eins og menn vita að fjárlög halda ekki. Ráðamenn fjármála ríkisins verða þá að grípa til aukafjárveitinga sem lengi hafa verið óhæfilegar. Að talsverðu leyti stafar þetta af óraunhæfum áætlunum í fjárlögum um óumflýjanleg gjöld. En hitt er staðreynd, að víðs vegar í starfsemi ríkisins hafa lengst af verið fjárhagslega óábyrgir forystumenn og jafnvel ráðherrar, sem láta sig litlu skipta þótt þeir gangi í skuldbindingar sem þeir hafa ekkert umboð til, og ætlast síðan til að ríkissjóðurinn standi straum af. Fjárhagslegt agaleysi af þessu tagi er ein af ástæðunum til þess hversu illa gengur að hafa fjárhagslegt taumhald á ríkisrekstrinum." Þetta er ráðuneytisstjóri í fjmrn. til margra ára sem talar.

Og hann segir enn: „Uppsagnir fjárhagslega óábyrgra forstöðumanna hjá ríkinu eru þess vegna allt of sjaldgæfar." Og heyri nú embættismennirnir til. „Skattgreiðendur mega hugsa til þess áður en þeir taka þátt í hallelújasöngnum, sem nú er sunginn til stuðnings fræðslustjóranum, að þeir greiða reikninginn fyrir stjórnlaust framferði af þessu tagi. Eða hvernig halda menn að þetta endi ef allir starfsmenn ríkisins, sem hafa eitthvert fjárforræði, fara fyrir alvöru að misnota embætti sín til pólitískrar baráttu og senda ríkissjóði reikninga fyrir því sem þeim þykir góð pólitík? Hætt er við að þá verði til lítils fyrir Alþingi að setja fjárlög. Menn sem taka að sér embættismennsku í þjónustu ríkisins verða að vita hvað í því felst og ráðherrar eiga skilyrðislaust að fjarlægja úr þjónustu okkar borgaranna þá embættismenn sem ekki geta lært hver þeirra valdmörk eru."

Og svo segir hann að lokum, ráðuneytisstjórinn fyrrverandi: „Og að lokum er undarlegt hvað menn eru lítið sjálfum sér samkvæmir. Fræðslustjóri seilist til að taka völdin af ráðherra og Alþingi. Menn lýsa yfir stuðningi við málstað hans, í sumum tilfellum hinir sömu sem á öðrum stundum fárast yfir embættismannavaldinu."

Þessi orð vil ég öll gera að mínum.

Hér er listi með tíu spurningum frá hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég held að í máli mínu hafi komið fram svör við þeim öllum.

En nú verður ekki aftur snúið og nú er engrar miskunnar að vænta meir. Ég dró við mig svör og yfirlýsingar í von um það að menn mundu ná áttum í málinu. En nú hljóta menn að krefjast þess að öll kurl komi til grafar. Nú hlýtur þetta að ganga til dómstóla, eins og segir í lögunum um embættismenn ríkisins, og þar verða öll kurl að koma til grafar. Ekkert getur hindrað þann framgang. Þess hlýtur að verða krafist. Ekki ætla ég að liggja undir því að vera borinn þeim sökum að hafa brotið lög á manni og á starfsmanni ríkisins og beitt valdníðslu, kemur ekki til nokkurra mála.

Og hvað er það sem hindrar að menn gangi þegar í stað þessa leið sem mörkuð er í lögum? Hvað er það? Eftir hverju er beðið? Eftir hverju bíða menn að ná þeim rétti sem lögvarinn er? Ef ekki verður tekin um það ákvörðun af réttum aðilum að ganga þá leið verður litið svo á, og ég endurtek það enn einu sinni, að þeir þori ekki. (**SkA:** Á fræðslustjóri að sanna sakleysi sitt?) Þeir þora ekki. Það er alveg markað í lögum hvaða leið þetta mál á að ganga, og það er hægt að spyrja hv. þm. Steingrím fróða að því, því hann hefur marglesið allt lagasafnið spjaldanna á milli. (**SkA:** Er ætlast til þess að fræðslustjóri sanni sakleysi sitt?) Það liggur alveg ljóst fyrir. Og eins og ég segi: Sjóari eins og hv. þm. á að fara til Steingríms fróða um lög til þess að leita sér upplýsinga svo hann þurfi ekki að verða að gjalti hér með frammíköllum.

Eins og ég segi: Ef það er eitthvað sem hefur orðið út undan af því sem svara skyldi er ég auðvitað tilbúinn til þess. En ég beini þeim orðum enn að mönnum að gá nú vel til allra átta áður en gangi fram frekar í þessu máli eins og það blasir við.

Það er skiljanlegt að menn vilji reyna að slá pólitískar keilur rétt fyrir kosningar. Það er auðvitað skiljanlegt. En með þeim aðferðum sem þarna eru hafðar í frammi er það sannfæring mín að þeir sem vasklegast ganga fram í því muni ekkert hafa af því nema ósómann einan.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Frummælandi og ráðherra hafa nú lokið máli sínu, en það er langt frá því að það sé séð fyrir endann á þessari umræðu. Það eru sjö á mælendaskrá. Eins og tekið var fram í upphafi er umræðutími ekki takmarkaður. Umræðan fer fram með venjulegum hætti. En þrátt fyrir það þótti rétt að formenn þingflokka kæmu á fund forseta í dag áður en þingfundir hófust. Þar var rætt um fyrirhugaða utandagskrárumræðu. Kom mönnum saman um það öllum að það væri eindregið til hins betra ef hægt væri að hafa nokkurt hóf á lengd umræðunnar og á þeim tíma sem hver ræðumaður talaði. En þá var gert ráð fyrir að frummælandi og ráðherra hefðu sína hentisemi.

Forseta þykir rétt að vekja athygli hv. þm. á þessu ef þeir vildu taka mið af þessu hér eftir. En það skal tekið fram að ef ekki tekst að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldmat verður ekki um annað að ræða en fresta henni til n.k. fimmtudags. Það skal svo tekið fram að það er ekki verið að takmarka umræðutíma. Það er í valdi hv. þm. sjálfra.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar til mín vil ég taka það fram að mér barst í hendur greinargerð frá fræðsluráði Norðurlandskjördæmis eystra sem ég lagði fram á ríkisstjórnarfundi í morgun og á þeim sama fundi

kannaði ég jafnframt hvort menntmrh. gæti fallist á til sátta að breyta uppsögn í brottvikningu úr starfi tímabundið þannig að rannsaka mætti málið á meðan, en hæstv. menntmrh. hefur ekki treyst sér til að fallast á það eins og hann hefur reyndar gert grein fyrir í mjög ítarlegu máli. Ég tel mig því hafa kannað hvort sú leið er fær því það er tvímælalaust að mál þetta er í höndum menntmrh. Hann fer með forsvar menntamála, með framkvæmd grunnskólalaganna og samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn, skyldur og réttindi er ráðherra heimilt að víkja manni úr starfi ef hann telur hann hafa brotið af sér. Fyrir því hefur menntmrh. gert grein. Ég vildi vegna fsp. hv. þm. láta koma fram að ég tel þegar hafa reynt á samkomulag um þessa leið.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Langur var lesturinn hjá hæstv. menntmrh. og ég verð að segja eins og er að litlu erum við nær og raunar lítils vísari þó að lengi væri lesið. Hér er ekki dregið í efa að hæstv. menntmrh. hafi haft vald til að gera það sem hann gerði. Það er ekki dregið í efa. Hins vegar eru ýmsir sem efast um réttmæti þess hvernig hann bar sig að við þetta og þykir heldur fruntalega að farið. Hæstv. ráðh. fór með langar tilvitnanir og margar og ég skal taka undir það að sumt af því orðbragði sem þar var viðhaft var svo sem ekki til fyrirmyndar, en hæstv. menntmrh. er nú enginn viðvaningur í þeim efnum eins og allir hv. þm. vita og satt að segja þótti mér með ólíkindum hve líkt þarna var oft í tilvitnuðum ummælum tekið til orða og hann sjálfur gerir í umræðum á Alþingi. Og þegar hæstv. menntmrh. talar um orðið sleggjuslátt og þóttist ekki skilja furðaði mig nokkuð því óneitanlega tekur hann býsna oft til orða á Alþingi með svipuðum hætti.

Ekki skulu menn heldur mæla því bót að embættismenn fari ekki að reglum og fylgi ekki fyrirmælum fjárlaga. Það dettur mér ekki í hug. Auðvitað eiga þeir að fylgja þeim reglum sem Alþingi setur og starfa innan ramma þeirra fjárveitinga sem til þeirra starfa koma héðan frá Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið. En einhver kynni að segja sem svo: Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það. Ég hygg að enginn hæstv. ráðh. hafi gengið jafnlangt í því að fara á svig við fjárlög eins og hæstv. núv. menntmrh. Ég hygg að menn minnist þess þegar hann keypti eins og eina mjólkurstöð án þess að nokkurs staðar hefði verið leitað samráðs eða samþykkis við rétta aðila. Ég er ekki að mæla þessu bót. Það bætir ekki annað þegar menn fara ekki að reglum, en hins vegar skyldu menn varlega kasta steinum úr glerhúsi.

Ég varð líka svolítið hissa á því hvaða orðbragð hæstv. menntmrh. notaði um þá sem hafa aðrar skoðanir en hann í þessu efni. Hann talaði um hyski. Hvað þýðir hyski? Hyski þýðir fjölskylda. Ekki átti hæstv. ráðh. við það. Hyski þýðir líka illþýði. (**Menntmrh.:** Ég var að tala um Alþýðubandalagsforustu á Akureyri og þú mátt taka það til þín, hv. þm., ef þú vilt.) Ég var ekki, hæstv. ráðh., að taka það sérstaklega til mín, en þegar menn nota orð eins og hyski héðan úr ræðustól finnst mér það vera umhugsunarefni hver sem í hlut á og þegar er ekki um annað að ræða en fólk sem hefur aðrar skoðanir en hæstv. ráðh. á ákveðnu máli finnst mér það til lítillar fyrirmyndar.

Mér fannst svo sem líka með nokkrum ólíkindum hvernig hæstv. ráðh. komst að orði þegar hann talaði um þörf barna fyrir sérkennslu annars vegar á Norðurlandi eystra og hins vegar í kjördæmi hans, Austfirðingafjórðungi. Þau ummæli þóttu mér ekki háreist, hæstv. menntmrh., og til lítils sóma og vona að hafi verið mælt í fljótræði, öllum getur orðið það á. En þau voru ekki eins og æðsti yfirmaður menntamála þessarar þjóðar á að tala, þau orð sem hann lét falla hér í þeim efnum úr ræðustóli áðan.

Ég skal virða það samkomulag sem gert var áður en þessar umræður hófust um að menn stilltu máli sínu í hóf. Raunar var ég þeirrar skoðunar að það hefði falið í sér að frummælandi og ráðherra töluðu svo sem kannske ekki mikið meira en hálfa klukkustund. Hv. málshefjandi fór a.m.k. að þeim tímamörkum, en hæstv. ráðh. talaði sennilega upp undir hálfa aðra klukkustund án þess að það skýrði þó mikið eða bætti miklu við.

Það er held ég fyrst og fremst það sem menn hafa gert athugasemdir við í þessu máli að mönnum þykja þetta fruntalegar aðfarir og farið að með nokkru offorsi. Hæstv. forsrh. segir í Degi í gær, með leyfi forseta: „Algerlega andsnúinn svona vinnuháttum," segir forsrh. um fræðslustjóramálið, „og ég á eftir að sjá hvernig hann stendur við stóru orðin. Ég skil þetta ekki og eins og ég sagði í ræðu minni áðan verður fjallað um þetta í ríkisstjórninni á þriðjudag."

Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Mér varð mikið hugsað um það eftir að framkvæmdastjóra lánasjóðs var vikið úr starfi að það er vandmeðfarið, þetta vald. Að mínu mati má ráðherra alls ekki nota þetta vald nema hann sé reiðubúinn til að leggja á borðið þau rök sem hann hefur fyrir sinni ákvörðun. Þótt ég ætli ekki að gerast dómari í þessu máli verð ég að segja að ég er algerlega andsnúinn svona vinnuháttum."

Ég vil taka undir þessi orð hæstv. forsrh.

Hæstv. menntmrh. er afar lagið að gera hlutina með þeim hætti að eftir er tekið og verður að miklu fjölmiðlafóðri. Rýmið í fjölmiðlunum hefur aukist að undanförnu og við það eykst sýnist mér í veldi sú umfjöllun sem mál á borð við þetta fá. Það er kannske umhugsunarefni.

Mér finnst það ámælisvert hvernig hæstv. menntmrh. hefur haldið á þessu máli. Mér finnst hann hafa gert það með klaufalegum hætti og furðulegum og nánast óskiljanlegum hætti. Þetta mál hefur verið látið hanga hér, ef svo mætti segja, uns það er orðið að heitu tilfinningamáli, uns það er orðið að máli sem er kannske einhvers konar prófsteinn á skólastefnu ef hún er þá til í þessu landi,

skólastefnu í sérkennslumálum gagnvart landsbyggðinni annars vegar og gagnvart höfuðborgarsvæðinu hins vegar, suðvesturhorninu. Hvers vegna, og ég spyr hæstv. ráðh., var ekki farin sú leið að víkja umræddum starfsmanni frá um stundarsakir meðan þetta mál var rannsakað? Það hefði verið hin eðlilega og rétta málsmeðferð. En það sem hefur gert þetta mál að því sem það er nú orðið í fjölmiðlum og sjálfsagt þess vegna í vitund flestra, og það hefur ekki breyst við langa ræðu hæstv. ráðh. nú, er að mér finnst að hæstv. ráðh. hafi í rauninni ekki lagt fram nein gögn í þessu máli heldur hafi hann kosið að tala meira og minna í hálfkveðnum vísum og gefa í skyn að ekki væru öll kurl komin til grafar í málinu, hann ætti tromp á hendinni, hann ætti eitthvað það í handraðanum sem breytti öllum gangi þessa máls.

Ég verð að segja eins og er að ég heyrði það ekki í ræðu hæstv. ráðh. áðan og mér finnst það ámælisvert og mér finnst á það hafa skort að hæstv. menntmrh., æðsti yfirmaður skólamála í landinu, hafi lagt þetta mál fyrir skýrt og skilmerkilega í stuttu og greinilegu máli, hverjar þær ávirðingar væru sem gerðu að verkum að rétt væri að reka þann starfsmann sem hér um ræðir með þeim hætti sem gert hefur verið. Þetta finnst mér fyrst og fremst hafa á skort í málinu. Ég verð að segja alveg eins og er að sú langa ræða, sem ráðherrann flutti hér áðan, skýrði þetta mál ekki til mikilla muna. Þó að þar væri vitnað í ýmsar gamlar skýrslur og ummæli þar, sem betur hefðu kannske ekki verið sögð eða skrifuð, gat ég ekki heyrt að þar kæmi neitt það nýtt fram sem styddi rökum það, sem hæstv. ráðh. hefur hvað eftir annað gefið í skyn, að ýmislegt væri ósagt og margt ætti hann enn í pokahorninu til að réttlæta sinn málstað og það sem hann hefur gert.

Fjölmiðlafárið í kringum þetta mál hefur ekki skýrt það vegna þess að skýringarnar hefur skort. Það vantar að það komi fram sem hæstv. ráðh. hefur verið að gefa í skyn. Vegna þess og þar af leiðandi hygg ég að ýmsir hafi átt erfitt með að mynda sér skoðanir í þessu máli.

Eitt af því sem ég hef velt fyrir mér hér: Eru það embættismenn sem hafa ráðið ferðinni í þessu máli vegna langvarandi ósamkomulags hugsanlega? Var verið að leysa þetta mál með þeim hætti? Hefur ráðherra að öllu leyti fengið rétta mynd af málinu? Ég er ekki að segja að svo sé eða svo hafi ekki verið, en þetta eru spurningar sem vakna.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu með tilliti til þess að hér eru margir á mælendaskrá og skammur tími. Það væri ástæða til, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, að hafa um þetta ýmis fleiri orð. En mér finnst engu að síður að þetta mál kalli enn á frekari skýringar en komu fram í ræðu hæstv. ráðh. og það er raunar sannarlega ærin ástæða til þess að fram fari sérstök rannsókn á þessu máli þannig að allar staðreyndir þess liggi ljóst fyrir og menn geti þá metið hvort ástæða var til að grípa til þeirra harkalegu aðgerða sem hæstv. ráðh. gerði. Hann hefur gert það áður varðandi embættismann og eins og ég sagði í upphafi máls míns er honum lagið að gera hlutina með þeim hætti að eftir er tekið. Stundum getur það verið nauðsynlegt, en stundum getur það líka verið óheppilegt og stundum getur það verið gert á röngum forsendum.

Í mínum huga eru ekki efasemdir um að hæstv. ráðh. hefur valdið. Valdið er hans. En það eru verulegar efasemdir um að hann hafi beitt valdi sínu með réttum og skynsamlegum hætti í þessu máli og það finnst mér að þurfi að skoða betur og það finnst mér að rannsókn eigi að leiða í ljós.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. dáir fornbókmenntir okkar og var, ef ég man rétt, staddur í Víga-Glúms sögu miðri þegar honum var trúað fyrir ráðherraembætti fyrir tæpum fjórum árum. E.t.v. er hann enn á valdi Víga-Glúms sögu, hefur ekki mátt vera að því að hvíla æstan hugann við rólyndislegri lesningu. Hann ætti að gefa sér tíma til að líta í Bókina um veginn eftir spekinginn Lao Tse sem geymir mörg hollráð handa þeim sem fá stjórnartauma í hendur. Sem dæmi má nefna kaflann um hógværð og friðsemi sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Duglegur herforingi lætur ekki ófriðlega. Sá sem *vopnfimastur er gengur ekki berserksgang.* Mikill sigurvegari er ekki áleitinn. Góður foringi kemur sínu fram með hægð. Þannig er styrkurinn fólginn í því að deila ekki. Þannig verður mönnum stjórnað. Þetta er að fara veg himnanna, en það var æðsta takmark fornvitringanna."

Slíkan texta þyrftu valdsmenn að lesa helst daglega. Líklega á hæstv. menntmrh. ekki þessa litlu bók, Bókina um veginn. Hans fyrirmyndir eru kappar fornsagnanna sem hjuggu mann og annan.

Það er nú orðinn árviss viðburður að hér fari fram umræður utan dagskrár um vinnubrögð hæstv. ráðh. Sverris Hermannssonar. Hann virðist eiga sérstaklega bágt í svartasta skammdeginu því þetta er nú í þriðja sinn sem við eyðum einum af fyrstu starfsdögum eftir þinghlé í utandagskrárumræður um embættisfærslu hans. Við minnumst snarpra umræðna í janúar 1985 þegar hann sem iðnrh. hundsaði lög um verndun Mývatns og taldi sig einráðan og einfæran um veitingu námaleyfis fyrir Kísilgúrverksmiðjuna í Bjarnarflagi. Við minnumst heitra umræðna utan dagskrár í janúar á síðasta ári vegna vanhugsaðra og ósanngjarnra aðgerða í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ekki eru enn til lykta leidd og verða vafalaust enn til umræðu áður en þetta þing er úti. Og enn stöndum við hér í orðaskaki í janúar vegna furðulegrar og forkastanlegrar embættisfærslu hæstv. menntmrh. sem virðist vilja gera orð Loðvíks XIV. Frakkakonungs að sínum: Ríkið, það er ég.

Okkur Kvennalistakonum hefur oft ofboðið hátterni hæstv. menntmrh. og segja má að brottrekstur fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra hafi að-

eins verið dropinn sem fyllti mælinn. Á þingflokksfundi 15. jan. s.l. var samþykkt ályktun sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta, en hún hefur farið hljótt þótt send væri öllum fjölmiðlum:

„Kvennalistinn átelur harðlega vinnubrögð núverandi menntamálaráðherra Sverris Hermannssonar sem ítrekað hefur ofboðið réttlætiskennd manna á stuttum embættisferli með óréttmætum uppsögnum starfsmanna, furðulegum embættisveitingum, fautaskapi í samskiptum við námsmenn og skilningsleysi á þörfum landsbyggðarinnar.

Kvennalistinn fordæmir vinnubrögð menntamálaráðherra við uppsögn Sturlu Kristjánssonar, fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra, og telur að með þeim aðgerðum lýsi hann vantrausti á skólastefnu á Norðurlandi og reyndar landsbyggðinni allri. Þannig spillir hann eðlilegu samstarfi skólamanna við ráðuneyti sitt.

Kvennalistinn telur síðustu atburði staðfesta vanhæfni núverandi menntamálaráðherra til að gegna stöðu sinni."

Herra forseti. Þetta eru þung orð en því miður ekki tilefnislaus. Menntamál eru viðamikill málaflokkur sem snertir alla landsmenn með beinni hætti en flest önnur mál sem stjórnað er úr ráðuneytum. Það varðar því miklu að í menntmrn. haldi um taumana maður sem kann að umgangast fólk.

Sverrir Hermannsson er litríkur maður og orðheppinn. Hann er vafalaust duglegur og atorkusamur og mundi sóma sér vel í margvíslegum störfum. Sem menntmrh. minnir hann á fíl í glervörubúð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja í löngu máli atburðarás í sambandi við brottrekstur Sturlu Kristjánssonar sem er tilefni þessarar umræðu utan dagskrár. Það hefur þegar verið gert og hæstv. menntmrh. hefur nú loks látið svo lítið að reyna að skýra sína hlið málsins og notaði til þess langt mál og misgott. Hann vitnaði m.a. í bréf allt frá 1980. Þar var ýmislegt sagt sem vissulega er umdeilanlegt en hafi mönnum ofboðið þá, hvernig má það vera að fræðslustjóri héldi þá embættinu? Er það aðeins núverandi menntmrh. sem kemur auga á það sem miður fer? Hins vegar hvarflaði það að manni þegar hæstv. ráðh. vitnaði í bréf Sturlu, þar sem hann sýnir fjárlögum litla virðingu, að ekki mun Sturla Kristjánsson hafa verið einn um það viðhorf og um þessar mundir var áreiðanlega með erfiðasta móti að taka mark á fjárlögum.

Það er erfitt að skilja réttmæti ásakana ráðherra um vonda fjármálastjórn og enn erfiðara að skilja það sem brottrekstrarsök þótt farið sé fram úr áætlun sem telur hundruð milljóna og hlýtur alltaf að byggjast á breytilegum forsendum. Hvað þá með ótal aðra starfsmenn ríkisins? Má þjóðleikhússtjóri eiga von á uppsagnarbréfi bráðlega? Verður útvarpsstjóri rekinn fyrir að fara langt fram úr fjárhagsáætlun? Á að reka núverandi framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna þótt honum hafi ekki tekist að lækka rekstrarkostnað sjóðsins fremur en fyrirrennara hans sem hæstv. menntmrh. rak fyrir rúmu ári? Á að reka alla sem bera ábyrgð á því að ekki tókst að draga úr launakostnaði vegna yfirvinnu um 150 millj. kr. á síðasta ári eins og áformað var í fjárlögum? Hver á þá að fjúka í ráðuneytinu sjálfu? Ekki tókst að spara þar samkvæmt áætlun.

Á bls. 223–224 í fjárlagafrv. sem við afgreiddum fyrir þinghlé er hækkun til aðalskrifstofu ráðuneytisins skýrð. Í niðurlagi skýringar segir svo, með leyfi forseta: „Að frátöldum þessum tveim skýringum hækka laun um 28% frá fjárlögum 1986 og er áætlað fyrir nokkurri aukningu yfirvinnu í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka sem næst 36% frá fjárlögum. Hefur verið tekið tillit til niðurstöðutalna ársins 1985 og fyrstu mánaða ársins 1986. Helstu liðir sem hækka eru húsaleiga, risna og ýmis þjónusta."

Já, þar höfum við það. Skilningurinn er í lagi hjá hæstv. ráðherrum þegar um rekstur eigin skrifstofu er að ræða. Það dugir ekki að láta skorta á yfirvinnu og risnu hjá yfirmanni menntamála. Toppurinn í píramítakerfinu verður að fá sitt. Aukafjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytisins voru komnar yfir 9 millj. kr. í október s.l. og er ekki að vita nema eitthvað hafi bæst við síðan þá. Af þessum rúmlega 9 millj. kr. eru tæpar 8 millj. kr. sagðar vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1986. Ekki hefur það verið skýrt frekar svo að ég viti en vafalaust hefur hæstv. ráðh. það á hreinu í hverju þessir erfiðleikar voru fólgnir og er nú rétt að spyrja hann þess beint: Af hverju stöfuðu þeir greiðsluerfiðleikar á árinu 1986 sem urðu til þess að aðalskrifstofa menntmrn. þurfti að fá a.m.k. 7,9 millj. kr. aukafjárveitingu á síðasta ári?

Við hljótum að spyrja hvort „fjármálaleg umsýsla" eins og það er orðað í uppsagnarbréfi Sturlu Kristjánssonar sé mjög frábrugðin slíkri umsýslu í öðrum fræðsluumdæmum.

Ég hef hér ríkisreikning fyrir árið 1985 þar sem tölur eru bornar saman úr fjárlögum 1985 og niðurstöðutölur reikninga. Þar eru margar tölur sem ekki standast á sem vonlegt er. Ég nefni sem dæmi, úr því við erum að tala um grunnskóla hér, að grunnskólar í Reykjavík fóru rúmar 93 millj. kr. fram úr áætlun og í launa- og starfsmannaútgjöld rúmar 83 millj. Grunnskólar á Reykjanesi fóru rúmlega 56 millj. kr. fram úr fjárlögum. Grunnskólar á Vesturlandi rúmar 22 millj. kr. Grunnskólar á Vestfjörðum tæplega 12,5 millj. kr. Grunnskólar á Norðurlandi vestra rúmlega 21 millj. kr. Grunnskólar á Norðurlandi eystra 37,8 millj. kr. Grunnskólar á Austurlandi rúmar 17 millj. kr. Grunnskólar á Suðurlandi 35 millj. rúmar. Þetta er almennur rekstur.

Hér er mikið um framúrakstur en hraðinn mismikill. Ástæður geta verið ýmsar, m.a. er vitanlega um ófyrirséðar launa- og verðlagshækkanir að ræða en þær skýra ekki allt og það má undarlegt heita að þolinmæði hæstv. menntmrh. þryti þá fyrst við fræðslustjórann í Norðurlandsumdæmi eystra þegar hann var farinn að vinna innan heimildarramma ráðuneytisins eins og hv. málshefjandi benti á hér

í ræðu sinni áðan.

Ekki virðast aðrir fræðslustjórar á landinu telja Sturlu Kristjánsson vantrausts verðan. Þeir hafa treyst honum til forustu í sínu félagi og þeir hafa ályktað einróma gegn brottrekstri hans. Fræðsluráð stendur að baki Sturlu og krefst þess að fá að taka á sig þá ábyrgð sem því er ætlað með lögum og reglugerðum. Fræðslustjóri í Norðurlandi vestra lýsir samábyrgð á hendur sér vegna eins af sakarefnum sem gefin eru í uppsagnarbréfi til Sturlu. Starfsfólk fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra stendur einhuga að baki Sturlu. Kennarafélag Menntaskólans á Akureyri hefur ályktað og lýst undrun og vanþóknun á framkomu ráðherra og sama er að segja um skólamenn vítt og breitt um fræðsluumdæmið og víða annars staðar á landinu. Fjórðungssamband Norðlendinga vítir gerðir ráðherra í ályktun sinni. Morgunblaðið fjallar af tillitssemi og varúð um málið, tillitssemi í garð hæstv. menntmrh., en getur ekki leynt áhyggjum vegna aðgerða hans. Kennarasambandið, Skólastjórafélagið og Hið íslenska kennarafélag hafa ályktað um málið og gagnrýnt ráðherra harðlega. Þetta er nú liðið sem hæstv. menntmrh. kallaði hyski í ræðu sinni hér áðan. Og þannig má áfram rekja viðbrögð við þessari dæmalausu framkomu hæstv. menntmrh. sem hér er nú til umræðu.

Herra forseti. Við höfum heyrt ýmis rök í þessu máli. Sjónarmið fræðslustjóra og þeirra sem með honum standa eru nokkuð ljós. Hæstv. menntmrh. hefur skýrt sín sjónarmið. Engan hef ég heyrt samsinna ráðherra né mæla framferði hans bót nema tvo menn sem hringdu í Bylgjuna s.l. sunnudag og sögðu að þarna færi sinn maður, það þyrfti sko að stjórna. Spurningin nú er sú hvort nóg er að gert í þessu máli. Eru þessar skýringar viðsættanlegar? Hefur allt komið fram sem hér býr að baki og hafa þessar skýringar við rök að styðjast?

Það er óhætt að segja að þessarar stundar hafi verið beðið með eftirvæntingu. Hæstv. menntmrh. lét sem hann hefði eitthvað um málið að segja. Útskýringar hans hafa litlu breytt þótt seilst hafi verið langt aftur í tímann. Umræða eins og hér fer fram er aðeins einn þáttur þessa máls, aðferð til að létta á þrýstingi og pína fram einhverjar skýringar.

Við Kvennalistakonur teljum þetta mál hér með ekki útrætt. Við tökum eindregið undir kröfur kennarafélaganna og sem hv. málshefjandi, hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur tekið undir og fleiri hér í umræðunni um hlutlausa rannsókn málsins þar sem öll málsatvik verða skoðuð til hlítar, vegin og metin. Hér er um svo alvarlegan trúnaðarbrest að ræða milli forsvarsmanna fræðslumála í landinu og æðsta yfirvalds menntamála að útilokað er fyrir alla aðila að búa við slíkt. Hér stendur staðhæfing gegn staðhæfingu í hverjum málslið á fætur öðrum og öllum fyrir bestu að fá hið sanna upp á borðið.

Orð hæstv. menntmrh. eru enginn endanlegur dómur í málinu og ég fagna því að hann skyldi lýsa því yfir hér áðan að hann vildi fá þetta mál rannsakað. Ég tek hins vegar undir með hv. síðasta ræðumanni að betur hefði farið á því að ráðherra sættist á brottvikningu fræðslustjóra um stundarsakir á meðan rannsókn færi fram. Ég teldi það eðlilegri og betri leið en að sækja málið fyrir dómi. Ég leiði engum getum að því hverjar niðurstöður yrðu af slíkum málarekstri. Sannleikurinn verður að koma í ljós og réttlætið að hafa sinn gang. Hæstv. menntmrh. hefur látið mörg orð falla í fjölmiðlum undanfarna daga og bætti nú heldur um betur í umræðunum núna. Hann hefur jafnvel lýst áhyggjum sínum yfir því að saklaus börn séu látin líða fyrir þetta mál, undir það skal tekið af heilum hug, en hæstv. menntmrh. verður að líta í eigin barm í leit að þeim sökudólgi sem truflar eðlilegt skólahald í Norðurlandsumdæmi eystra.

Herra forseti. Í upphafi máls míns vitnaði ég í Lao Tse. Í Bókinni um veginn segir sá mikli spekingur, með leyfi forseta:

„Að þekkja fáfræði sína er hið æðsta. Að þekkja hana ekki en hyggja sig fróðan er sjúkdómur."

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að það sé skynsamlegra að reyna að greina nokkuð um hvað þetta mál snýst sem hér er til umræðu í stað þess að vera með hnútukast og brigslyrði í allar áttir sem leiða ekki til neinnar niðurstöðu í þessu máli.

Þetta mál er miklu stærra en svo að það snúist um persónuna Sturlu Kristjánsson. Af því sem fram hefur komið má telja að samskiptaörðugleikar hafi verið miklir milli menntmrh., menntmrn. og fræðslustjórans í Norðurlandskjördæmi eystra. Til þessara samskiptaörðugleika má víst rekja að nokkru að erfitt hefur reynst að halda uppi eðlilegri kennslu, m.a. vegna þröngs fjárhagsramma sem fræðsluumdæmunum eru búin. Fræðslustjórinn er í því vandasama hlutverki að þurfa annars vegar að reyna að halda uppi eðlilegu skólahaldi í kjördæminu og hins vegar að halda sér innan allt of þröngs fjárhagsramma sem honum er skammtaður af menntmrn. og fjárveitingavaldinu. Þetta tvennt hefur ekki gengið upp. Fræðslustjórinn hefur tekið þann kostinn að reyna að halda uppi skólahaldi sem gengið hefur á svig við ákvarðanir ráðherra og sem gengið hefur út yfir þann fjárhagsramma sem honum hefur verið skammtaður. Engu að síður tel ég að of hart hafi verið gengið fram af hálfu menntmrh. í þessu máli þó ég vilji ekki þar með mæla því bót að fræðslustjórinn gangi á svig við fjárlög. Spurningin er líka og hún er veigamikil: Hver stendur fyrir niðurskurði til sérkennslu frá áætlaðri þörf fræðsluumdæmanna eða fyrir niðurskurði til grunnskólanna almennt? Í þessu sambandi vil ég, með leyfi forseta, vitna í greinargerð fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra varðandi brottvikningu fræðslustjóra, Sturlu Kristjánssonar, úr starfi, sem dagsett er 19. jan. 1987. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Það liggur fyrir að eftir þá meðferð sem áætlanir fræðslustjóra fá í menntmrn. fara þær óbreyttar í

gegn hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og koma því til skila til fjárlaga eins og ráðuneytið gengur frá þeim. Vísast hér til ummæla Magnúsar Péturssonar hagsýslustjóra er hann viðhafði við fræðslustjórana Pétur Bjarnason, Guðmund Inga Leifsson og Sturlu Kristjánsson þegar þeir hittu hann að máli 17. febr. 1986. Tjáði hann þeim að áætlanir frá menntmrn. um grunnskóla hefðu ekki verið skornar niður hjá hagsýslu s.l. tvö ár."

Ég tel, herra forseti, að hér sé um athyglisverða tilvitnun að ræða og nokkurn kjarnapunkt í þeirri umræðu sem hér fer fram. Sé þetta rétt, að áætlanirnar hafi ekki verið skornar niður frá því sem menntmrn. gengur frá þeim til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þá staðfestir það að menntmrh. og menntmrn. virðast fyrst og fremst bera ábyrgð á þeim niðurskurði sem orðið hefur til sérkennslu.

Menntmrh. hefur líka sagt að fræðslustjóri Norðurlands eystra gefi fjárlögunum langt nef og slíkan mann vilji hann ekki hafa í sinni þjónustu. Í því sambandi má að vísu segja að fræðslustjórinn er ekki einn um það að gefa fjárlögunum langt nef, eins og hæstv. menntmrh. orðaði það í blöðum nýlega. Ég hygg að benda megi á margar ríkisstofnanir, ráðuneyti og jafnvel fræðsluumdæmi sem hafa ekki átt annars úrkosta en að fara fram úr þröngum ramma fjárlaga, að ekki sé talað um ríkisstjórnir sem vissulega gefa fjárlögunum árlega langt nef með stórfelldum aukafjárveitingum sem hafa skipt, ekki hundruðum milljóna, heldur milljörðum.

Ég veit ekki nema eitthvað sé til í því sem hæstv. menntmrh. vitnaði til í greinargerð Sturlu Kristjánssonar hér áðan þar sem Sturla heldur því fram að fjárlögin séu vitlaus. Við þurfum ekki að fara lengra aftur en til síðasta árs þar sem fjárlög voru afgreidd með 163 millj. kr. rekstrarafgangi en þegar upp er staðið í árslok þá er yfir tveggja milljarða kr. halli. Þetta segir okkur skýrt að eitthvað getur verið til í því sem Sturla Kristjánsson hefur haldið fram, að fjárlögin séu vitlaus.

Ef það er meginástæðan fyrir brottrekstri fræðslustjórans að hann hafi farið fram úr fjárlögum þá hygg ég að ýmsir aðrir embættismenn ættu allt eins að fá slíka sendingu frá stjórnvöldum. Ráðherrarnir ættu líka að líta sér nær, til að mynda menntmrh., sem þurfti aukafjárveitingu til að reka sitt ráðuneyti vegna greiðsluerfiðleika, auk þess sem ráðherrann, sem gjarnan vill beita niðurskurðarhnífnum, þarf miklu meiri hækkun milli ára til síns ráðuneytis en ætlað er bæði til fræðslumála almennt og til grunnskólanna.

Það má líka líta á þessa brottvikningu í öðru samhengi. Það er spurningin um ábyrgð í þessu þjóðfélagi. Hverjir eiga að bera ábyrgð á gjörðum sínum í þjóðfélaginu og hverjir ekki? Hér hefur komið upp hvert stórmálið á fætur öðru þar sem enginn virðist bera ábyrgð. Ég nefni okurmálið, ég nefni Hafskips- og Útvegsbankamálið. Þar vísar hver á annan og enginn ber ábyrgð, engum þarf að vísa úr starfi þó stórfelldir fjármunir hafi tapast vegna vanrækslu og eftirlitsleysis þar sem menn hafa ekki staðið við sínar skyldur. Herkostnaðinn af þessu ábyrgðarleysi, t.d. í Útvegsbankamálinu, þarf síðan almenningur að bera en þeir sem báru ábyrgðina virðast sitja sem fastast og hvorki fá áminningu eða bréf um brottvikningu frá ráðherra. Sumir eru líka verðlaunaðir, eins og bankaráð Útvegsbanka Íslands sem var allt endurkosið nema fulltrúar Alþfl. í bankaráðinu, og í okurmálinu hefur okur orðið löglegt vegna klúðurs í kerfinu þar sem hver vísar á annan og enginn ber ábyrgð. Niðurstaðan er sú að okrarar, sem grætt hafa oft á neyð fólksins, hafa frítt spil. Þar virðast hvorki embættismenn né stjórnvöld bera ábyrgð.

Það er því allsérkennileg staða í þessu ábyrgðarlausa þjóðfélagi að fræðslustjóri Norðurlands eystra sé rekinn fyrirvaralaust úr starfi að því er virðist fyrir þá sök að reyna að halda uppi eðlilegri kennslu í fræðsluumdæminu og fyrir það að gagnrýna og vekja á því athygli að fræðsluumdæmið sitji ekki við sama borð að því er til að mynda sérkennslu varðar. Þetta er ekki bara prívatskoðun fræðslustjórans, heldur hafa skólastjórar og yfirkennarar í Norðurlandi eystra ályktað í þessu máli. Skólamenn sendu frá sér greinargerð til alþingismanna Norðurlandsumdæmis eystra um stöðu mála varðandi sérkennslu. Ég hygg að hér sé um sömu skýrslu að ræða og menntmrh. hefur vitnað til þegar hann talar um trúnaðarbrot Sturlu Kristjánssonar. Það er heldur sérkennilegt ef það er flokkað undir trúnaðarbrot að skólamenn fyrir norðan geri þingmönnum kjördæmisins, og á opinberum vettvangi, grein fyrir stöðu sérkennslumála í kjördæmi sínu.

Fræðslustjórar eiga samkvæmt ákvæðum sérkennslureglugerðar að gera tillögur um meginskipulag sérkennslu í umdæmi sínu og leggja þær fyrir fræðsluráð. Ef stefna ráðuneytisins gengur gegn ákvæðum reglugerðar um sérkennslu og ekki er hægt að halda uppi eðlilegri og nauðsynlegri sérkennslu í fræðsluumdæmum, þá tel ég það skyldu fræðslustjórans að vekja athygli á því. Það er skylda fræðslustjórans til að mynda gagnvart þeim foreldrum og börnum þeirra, sem ekki fá fullnægjandi sérkennslu, að greina frá því hvers vegna til að mynda ekki sé jafnræði til náms milli þeirra barna sem þurfa á sérkennslu að halda eða stuðningskennslu og annarra barna. Hitt var að mínu viti ekki síður nauðsynlegt að gera grein fyrir því á opinberum vettvangi ef sú er raunin að sérkennslumagni sé misskipt eftir fræðsluumdæmum. Það verður auðvitað að virða fræðslustjóranum það til betri vegar að hann vilji ekki liggja undir þeirri sök í sínu kjördæmi að hann sem fræðslustjóri beri ekki ábyrgð á því að hægt sé að halda uppi viðunandi sérkennslu. Að telja slíkt trúnaðarbrot við ráðherrann tel ég fjarstæðu. Þvert á móti er það skylda skólamanna í hvaða kjördæmi sem er að upplýsa fólk um stöðu skólamála og framkvæmd þeirra, ekki síst þegar ekki er hægt að halda uppi eðlilegri kennslu í fræðsluumdæminu.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna orðrétt í þessa skýrslu skólamanna fyrir norðan þar sem fram kemur, með leyfi forseta:

„Við sem störfum að skólamálum hér um slóðir getum ekki unað því til lengdar að ráðuneyti menntamála í landinu mismuni svæðum og byggðarlögum eins og okkur virðist raunin."

Ég vil, herra forseti, gera þessari fullyrðingu nokkur skil en í umræðunum undanfarna daga hefur nokkuð verið vitnað til fræðsluumdæmis Austurlands og Reykjavíkur þegar skólamenn í Norðurlandi eystra telja sig afskipta í sérkennslumálum. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa þeir nokkuð til síns máls eins og ég skal nú greina frá.

Samkvæmt upplýsingum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er áætlað að verja til sérkennslu á fjárlögum 1987 80 millj. kr. á verðlagi í des. s.l. og 72 millj. til stuðningskennslu. Hlutfallsleg skipting fjármagnsins til sérkennslu innan almenna grunnskólans milli fræðsluumdæma er þessi:

Reykjavík 44%, Reykjanes 11,6%, Vesturland 10,5%, Vestfirðir 3,3%, Norðurland vestra 9,1%, Norðurland eystra 9,1%, Austurland 6,2% og Suðurland 11,2%.

Ég aflaði mér upplýsinga um fjölda barna í Reykjavík, á Norðurlandi eystra og á Austurlandi sem njóta sérkennslu innan almenna grunnskólans. Miðað við skiptingu fjármagns milli þessara fræðsluumdæma og fjölda barna sem njóta sérkennslu innan almenna grunnskólans kemur eftirfarandi í ljós fyrir þetta skólaár. Fjármagn, sem veitt er á hvern nemanda innan almenna grunnskólans vegna sérkennslu í þessum kjördæmum, er eftirfarandi:

Í Reykjavík 95 000 kr. á hvern nemanda vegna sérkennslu innan almenna grunnskólans, á Austurlandi 90 000 á hvern nemanda og á Norðurlandi eystra rúmlega 69 000 kr. Mismunurinn á Reykjavík og Norðurlandi eystra er um 25 000 á hvern nemanda samkvæmt fjárlögum vegna sérkennslu innan grunnskólans. Það virðist því svo vera, ef þessar tölur eru lagðar til grundvallar, að nálægt 3 millj. kr. vanti til fræðsluumdæmis Norðurlands eystra til að það hafi hlutfallslega sama fjármagn til ráðstöfunar til sérkennslu innan grunnskólans og Reykjavík og Austurland. Því er líka við að bæta að að því er Reykjavík varðar tel ég að þarna sé í raun og veru um enn meiri mun að ræða milli Reykjavíkur og Norðurlands eystra vegna staðsetningar sérskólanna hér á Reykjavíkursvæðinu. Svo ég nefni Öskjuhlíðarskóla sem dæmi, þá liggur fyrir að 63 af 119 nemendum Öskjuhlíðarskóla á skólaárinu 1985 voru úr Reykjavík. Þær tölur sem ég nefndi um kostnað pr. nemanda vegna sérkennslu innan almenna grunnskólans eru auðvitað fyrir utan það sem rennur til sérkennslunnar á vegum Öskjuhlíðarskólans. Ljóst má vera að Öskjuhlíðarskólinn léttir mjög á sérkennsluþörf innan almenna grunnskólans í Reykjavík og hef ég þar fyrir mér orð ýmissa skólamanna sem telja að hluti nemenda sem nú eru í Öskjuhlíðarskóla gæti nýtt sér sérkennslu innan almenna grunnskólans. Þannig að þegar til viðbótar kemur að stór hluti nemenda í Öskjuhlíðarskóla er af Reykjavíkursvæðinu og til þess skólastarfs rennur sérstakt fjármagn, utan þess fjármagns sem skipt er til sérkennslu innan almenna grunnskólans á landinu öllu, þá er hér í raun og sannleik um meiri mismun að ræða pr. sérkennslunemanda í Reykjavík og á Norðurlandi eystra en þær 25 000 kr. á hvern nemanda sem fram kemur í samanburði um hlutfallslega skiptingu fjármagns vegna sérkennslu innan almenna grunnskólans.

Ég tel því að skólamenn á Norðurlandi eystra hafi nokkuð til síns máls þegar þeir tala um misskiptingu á fjármagni til sérkennslu innan fræðsluumdæmanna og þarf enginn að lá þeim það þó þeir þegi ekki þegar svo er í pottinn búið. Nógu erfitt er samt að framkvæma sérkennsluna samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi hefur samþykkt þó ekki bætist við að fræðsluumdæmum sé mismunað án nokkurra eðlilegra eða haldbærra skýringa.

Ég tel því að hvergi hafi verið nægileg tilefni til brottrekstrar fræðslustjórans í Norðurlandi eystra, hvorki að því er varðar ásakanir um trúnaðarbrot eða að hann virðist ekki halda sig innan fjárlagarammans, enda gætir þar mikils tvískinnungs hjá menntmrh. eins og ég hef áður lýst og eru þar fleiri undir sömu sök seldir þó þeir fái ekki reisupassann af þeim sökum.

Herra forseti. Þetta mál allt leiðir líka hugann að því gífurlega misrétti sem nú ríkir milli landshluta, t.d. í menntunarmálum sem hér eru til umræðu. Víða á landsbyggðinni er ekki hægt að framfylgja settum lögum um kennslu barna og unglinga og hefur þetta m.a. bitnað harkalega á sérkennslunni eins og ég hef lýst. Það er ljóst að ekki verður lengur unað við það stórfellda misrétti sem nemendur á landsbyggðinni þurfa að þola. Ef betur er að gáð kemur í ljós að þetta misrétti á sér einnig stað í margvíslegri opinberri þjónustu, starfsemi lána- og bankastofnana, atvinnu- og launamálum og heilbrigðismálum svo dæmi séu nefnd.

Það er mikilvægara en flest annað að snúa þessari öfugþróun við og færa sveitarfélögunum meira vald í eigin málum, tryggja meiri jöfnuð í þjónustu velferðarkerfisins og lífvænlegri afkomu fólks í hinum dreifðu byggðum. Hin svokallaða byggðastefna hefur brugðist og verður nú að taka af harðfylgi á byggðamálunum í heild ef búseta í landinu á ekki að raskast meir en raun hefur á orðið.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég tel, miðað við málavexti alla og þær upplýsingar sem fram hafa komið, að menntmrh. beri skylda til að afturkalla uppsögn fræðslustjórans í Norðurlandi eystra og einsýnt að friður kemst ekki á skólahaldið fyrir norðan nema að svo verði gert, sem og að sérkennslumálin verði öll tekin til rækilegrar endurskoðunar.

Í því sambandi hefur þingflokkur Alþfl. lagt fram á Alþingi í dag beiðni um skýrslu frá menntmrh. um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu þar sem

ítarlega er farið ofan í alla framkvæmd reglugerðarinnar frá 1977, bæði að því er varðar kennslumagnið, sem sérstaklega hefur verið nú til umræðu, og ýmsa aðra mikilvæga þætti sérkennslumála því það er mikilvægt að svo verði haldið á málum í framtíðinni að gott skipulag komist á sérkennslumálin í landinu öllu. Það er óviðunandi með öllu að ekki verði sú niðurstaða í þessu máli að betra og eðlilegra skipulag komist á sérkennslumálin í landinu. Ég tel að brýnt sé orðið að tafarlaus endurskoðun fari fram á þeirri reglugerð sem í gildi er og orðin er úrelt og ekki í samræmi við breytt viðhorf sem uppi eru í sérkennslumálum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég harma mjög hvernig þetta mál hefur þróast og að hæstv. menntmrh. skyldi taka á þessum málum eins og raun ber vitni. Ég efast ekkert um að hann hefur vald til þess. Hitt er annað mál, hvort það sé réttlætanlegt að nota slíkt vald undir þessum kringumstæðum. Ég verð að segja það að mér blöskraði þegar hæstv. ráðh. talaði um þetta „hyski" og að fræðslustjóri Norðurlandskjördæmis eystra væri leiksoppur „verri manna". Hverjir eru þessir verri menn? Er það fræðsluráð? Eru það skólastjórarnir? Hverjir eru þessir menn? Ég þekki marga af þessum mönnum. Ég þekki vel formann fræðsluráðs. Ég held að það sé ekki sæmandi hæstv. ráðh. að taka þannig til máls hér í hv. Alþingi.

Ég get viðurkennt það að sumt af því sem hann las upp hér áðan hefði ég ekki viljað setja á bréf, en hvort það réttlætir brottrekstur er annað mál. Ég er ekki svo fljótur að átta mig á öllum þeim lestri sem hæstv. ráðh. las hér upp og ætla ekki að setja mig í dómarasæti um hvernig framsetning var á þessu máli, en ég efast um að sá stíll eða það orðbragð eða hvað við viljum kalla það réttlæti slíka aðgerð. Það má minna hæstv. ráðh. á það að hann er svolítið hvatvís sjálfur stundum í orði oft, eða var, hér í þessum ræðustól. Ég ætla ekki að ræða þessi mál á þennan veg frekar.

Það sem þetta mál snýst fyrst og fremst um er: Á að mismuna nemendum? Við mig hafa talað ýmsir sem eiga börn sem þurfa á þessari kennslu að halda og þeir segja: Ef svo fer fram sem horfir, þá neyðumst við til þess að fara þangað sem slík kennsla er veitt. Og hvert er það? Það er til Reykjavíkur. Þess vegna er ég eiginlega undrandi á því ef hæstv. ráðh. hefur sett sig nógu vel inn í þessi mál. Ég bara trúi því ekki að hann hafi gert það. Það væri frekar hægt að segja um hans starfsmenn að það séu þar verri menn á bak við sem hafa komið honum í þessa stöðu. Ég bara trúi því ekki að hæstv. ráðh. hafi visvítandi staðið þannig að málum að hann sé að mismuna og það fólki úti á landsbyggðinni.

Ég er nú sjaldan sammála hv. síðasta ræðumanni. En margt af því sem hún sagði hér áðan gæti ég gert að mínum orðum. Sé það rétt sem hún upplýsir að t.d. séu það 25 þús. kr. meira sem kemur á hvern nemanda á Austurlandi en í Norðurlandi eystra, þá tala þessar tölur bara sínu máli. Fræðslustjóri er náttúrlega skyldugur og fræðsluráð til að reyna að halda þannig á málum að þessi börn, sem þannig eru greind, fái svipaða kennslu og er hér. Það er því nokkuð erfitt fyrir þm. utan af landi sem vilja minnka aðstöðumuninn í þjóðfélaginu, og ég veit að a.m.k. fram að þessu hefur hæstv. menntmrh. verið einn af þeim mönnum, það er hart undir því að sitja að horfa á þessar tölur. Það er hart.

Ég skildi nú aldrei hæstv. ráðh., þó að kannske eigi ekki að blanda því inn í þessi mál hér, með skólaaksturinn. Þetta með skólaaksturinn, ef það hefði náð fram að ganga, þá var með því verið að auka aðstöðumuninn í þjóðfélaginu þó að sumir hverjir hafi talið, og það er haft eftir hæstv. ráðh., að því sé öfugt farið. Ég hef rætt við marga oddvita núna í hinum strjálbýlli og fátækari hreppum. Ég veit hvað þeir segja um það og hvaða dóm þeir leggja á þetta. Ég átti von á öðru frá hæstv. menntmrh. en hann tæki svona á málum og ég trúi því ekki að hann hafi bara sett sig nógu vel inn í þessi mál, líklegra að það séu aðrir sem hafi leitt hann út í þetta.

Ég held að þetta mál sé ekki búið. Þetta er réttlætismál og séu þessar upplýsingar réttar, ég vil ekkert dæma um það, sem hv. þm. fór hér með áðan, ef þær eru réttar, þá er málið ekki gott, hæstv. menntmrh.

Ég ætla ekki fara að halda hér uppi löngu máli. Ég vil bara spyrja hæstv. menntmrh.: Er þess að vænta að ráðherrann reki skólastjórana og yfirkennarana í Norðurlandsumdæmi eystra? Ég hygg að þeir séu samábyrgir í þessu máli. Hann getur ekki rekið fræðsluráðið því það er kosið af heimamönnum.

Þetta er vont mál og ég endurtek að ég harma stöðu þessara mála. Ég skora á hæstv. ráðh., ég hef reynt hann að mörgu góðu um ævina, að hann endurskoði þetta mál, sé það rétt, sem ég held, að hann hafi farið út í þetta án þess að athuga málið til hlítar.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Já, hv. 3. þm. Norðurl. e. segir að þetta sé vont mál. Það er a.m.k. ekki svo vont að menn grípi ekki tækifærið í upprennandi kosningabaráttu til að velta sér upp úr því með þessum hætti, sem dæmin sanna hér og með heldur lágkúrulegum málflutningi, m.a. með þessu sem þeir nefna, að ég hafi verið að nefna allar þessar fylkingar fólks „hyski". Það lá alveg ljóst fyrir hvað ég var að tala um. Ég var að tala um þá Alþýðubandalagsforkólfa þar nyrðra sem öttu þessum blessuðum manni á foraðið með þeim afleiðingum sem ég óttast að geti orðið. Það liggur hér alveg ljóst fyrir.

Menn koma hér með samdar ræður frá því einhvern tíma á dögunum og virðast alls ekki hafa hlustað á það sem lesið var hér upp og mönnum greint frá, og vitnað í eigin orð, athafnir og afstöðu þess manns sem hér um ræðir, fyrrv. fræðslustjóra

þar nyrðra.

Ég ætla ekki að orðfæra hér og nú um það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi um skólaakstur. Hann veit vel eða ætti að vita að þar getum við stórbætt marga hluti. Við viljum ekki hafa slíkt vanskipulag á eins og sannanir eru fyrir um, það getum við bætt, og tillögur mínar gengu síst út á það að þeir bæru skarðari hlut sem erfiðast eiga, fátækustu félögin, heldur þvert á móti. Það eina sem ég lagði til um verulegar skerðingar á var þéttbýlið, Kópavogur, Garðabær, Ísafjörður, sem eiga að geta séð um sína strætisvagna sjálfir.

Hv. 2. landsk. þm. kom hér með ræðu sem hún er áreiðanlega fyrir löngu búin að semja, og eins hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem ræddi um aukafjárveitingar og þvargaði um málið, um atriði sem koma þessu máli nákvæmlega ekkert við. Og lágkúran yfir málflutningnum hjá hv. 5. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm. er fágæt.

Ég hef ekki á takteinum aukafjárveitingar sem skýra má hjá menntmrn., hvort heldur það er *stuðningur, aukafjárveiting* til þess að styðja Stuðmenn í Kínaferð eða unga menn til að keppa í stærðfræði á Ólympíumóti eða Erró, Stuðmenn með kannske 400 þúsundum, Erró til sýninga á Feneyjabiennalinum með 300 þúsundum, keppni á Ólympíumóti í eðlisfræði eða hverju einu. Ég veit ekki hvort þetta eru hundruð atriða sem maður er að reyna að hjálpa til, ferðalög listamanna á sýningar. Ráðuneytið er eitt hið viðamesta eins og menn þekkja að þessu leyti. Ég man það að ég þurfti að fá 200 þús. kr. aukafjárveitingu til þess að minnast 100 ára afmælis Sigurðar Nordals og stofna þá stofnun. Ég þurfti að fá 300 og eitthvað þús. kr. til þess að sjá fyrir M-hátíðinni á Akureyri á vori liðnu. Þannig er þetta í þúsund liðum. Og að bera það eitthvað saman við þá ráðdeild sem ég las yfir mönnum hérna, hvernig rekin hefur verið skólaskrifstofa, fræðsluskrifstofa á Norðurlandskjördæmi eystra er *með ólíkindum. Þessi málflutningur er ekki til neins* annars en að reyna að koma höggi á mig og gjörið þið svo vel. Þið megið reyna eftir ykkar fremstu getu. En lágkúran er söm við sig. Og auðvitað er hann líka hafður í frammi vegna þess sem að nú líður óðum að kosningum.

Þessir ræðumenn, og mér þykir leitt að hv. 5. landsk. þm. er horfinn hér úr salnum vegna þess að hann vantaði upplýsingar til þess að meta embættismanninn sem í hlut átti, þótt embættismaðurinn væri búinn að tala langt mál sjálfur hér uppi um afstöðu sína og lýsa því hvers trausts hann er verður sem trúnaðarmaður menntmrn. og starfsmaður þess og trúnaðarmaður menntmrh., hann vantaði upplýsingar um það hvers vegna í ósköpunum ekki væri hægt að hafa þennan starfsmann áfram í þjónustu þessara aðila, þrátt fyrir endalausan lestur upp úr eigin verkum þessa blessaða manns.

Ég veit ekki hvað nægjanlegt er — og ég las einnig upp úr þar sem rækilega var reynt með öllu móti að koma honum til ráðs á þriggja tíma fundi og hann þverskallaðist og hélt við sitt gamla lag. Hann væri að framkvæma sín lög og sig varðaði ekkert um fjárlög eða aðrar áætlanir eða fyrirskipanir sem gefnar væru. Hvar eru takmörkin? Það er svo í annan tíma sem þetta fólk, sem hefur uppi þennan málflutning eins og hv. 7. landsk. og 5. landsk., að það er gagnrýnið á eyðslu hjá ríkinu, gagnrýnið á fjölda opinberra embættismanna. En nú hentar það, þó að blasi við einkennilegasta uppákoma sem ég hef séð hjá opinberum starfsmanni og játun allra saka af frjálsum og fúsum vilja hans, þá þarf að slá skjaldborg um það. Það er einmitt hið þveröfuga sem við þurfum, hið háa Alþingi. Það verður að hreinsa til í þessum sökum. Það er nefnilega víða *pottur brotinn.*

Ég er sannfærður um að að langmestu leyti erum við vel menntir af embættismönnum. Það er sannfæring mín. En hin dæmin gefast og ef að Alþingi hið háa ætlar að láta embættismönnum haldast það uppi að þeir séu ósnertanlegir í starfi sínu, sama á hverju gengur, þá er illa farið, vegna þess að í þessu falli, *sem nú var nefnt og hér var rakið,* finnst ekkert verra dæmi um misskilning manna á skyldum sínum og trúnaði sem ég kann, og allt lagt fyrir af fúsum og frjálsum vilja vegna grundvallarmisskilnings. Enginn ætlar þessum manni neitt illt af ráðnum hug. Hann er þessarar skoðunar og trúar og þess vegna reynist hann óhæfur í starfi sínu.

Ég spyr menn á hinu háa Alþingi: Hvað skyldi mér hafa gengið til og geta gengið til? Barnaleg svör eins og þau hjá hæstv. forsrh. að hann hafi helst álitið að maðurinn hefði farið svo í taugarnar á ráðherranum, ja, það er nú búið að svara því einu sinni og þetta er nú að vísu ekki fyndni sem hægt er að hlæja að með öllum kjaftinum. Og svör hans í Degi eru eins og vant er, að það er allt á útopnuðu án þess að hann gái að sér. Hann var hins vegar vandaður í orðbragði á ríkisstjórnarfundi þar sem hann sagði að þetta mál kæmi sér ekkert við og hann *hefði ekkert um það að segja, ekki eitt einasta orð,* algjörlega á annarra vegum, og hann hefði svarað öllum því til. En hann minntist ekki á Dag þar, að vísu. Ég hef ekkert fleira um svona orðbragð og uppátæki að ræða.

Að persónulegar tilfinningar kynnu einhverju að ráða í þessu, þær eru bara á þann veg að ég hefði viljað miklu til kosta að til þessa hefði ekki þurft að draga, — bara á þann veg. En menn sem ætla að gegna skyldum sínum og fara að samvisku sinni mega ekki gá að þessu heldur. Það er mála sannast að eftir þeim plöggum sem ég las upp frá árinu 1980, þá blasir það við, og menn hefðu átt að geta gert það upp við sig, að þangað og ekki lengra átti að halda með þennan mann í þessu starfi. Og af hverju er þetta þá svona í öll þessi herrans ár? Af því að stjórnmálamenn veigra sér við að taka á málum. Þeir skjóta sér undan. Embættismaðurinn er að vísu vel varður, það er rétt, en ekki þann veg að þegar svona stendur á, þá getur það ekki orðið. Og við verðum að æfa embættismenn okkar núna, einmitt

nú í framhaldi af þessu, á því að svona getur þetta ekki gengið. Þeir eru ekki ósnertanlegir. Þeir verða að standa ábyrgir gerða sinna. Þeir verða að gegna trúnaðarskyldum sínum. Hvað er með sjóara sem ekki hlýðir skipstjóra sínum? Hvað verður um hann? Jafnvel einni fyrirskipun? Hann fær poka sinn og er rekinn í land og engum dettur í hug að minnast á það. Eða verkamaður sem ekki hlýðir verkstjóranum sínum? Hann er rekinn úr vinnu. Daglegt fyrirbæri hjá einkafyrirtækjum. En mikil mætti sú gæfa vera í íslensku þjóðfélagi ef þann veg stæði á um þúsundir embættismanna að þar væru allir réttir menn á réttum stöðum. Og því miður reyndist það ekki í þessu falli sem nú er um rætt hérna.

Eigum við, þrátt fyrir það sem fram er komið, að lofa embættismönnum, ef þessu verður hrundið, eins og menn eru að tala um, ef ég verð settur af fyrir verk mín, ef ég hef beitt ofríki, ef ég hef beitt valdníðslu, ef ég hef beitt lögbrotum, að fá heim sanninn um að þeim er enn óhættara en nokkru sinni fyrr, þá sjá þeir að það er nákvæmlega sama, nokkurn veginn, fyrir utan mannsmorð auðvitað, hvernig menn haga sér, þeim helst það uppi, undirmönnum og starfsmönnum menntamálaráðherra, ráðherra í landinu, þeim getur haldist slíkt uppi að hafa fyrirmæli hans að engu árum saman, þrotlaust og þindarlaust og upp í opið geðið á yfirmanninum og yfirvöldunum, ráðuneytinu, að tefla fram sínum skoðunum og framkvæma þær. Heyrðu menn ekkert hvað hann sagði sjálfur og viðhorf hans til fjárlaga? Svo þvarga menn um það að aðrir fari yfir. En hann er þeirrar skoðunar að þau séu að engu hafandi, embættismaðurinn. Eru einhverjir fleiri sem eru þeirrar skoðunar? Hann telur skyldur sínar þær að virða þau að vettugi.

Hér var verið að vitna í samþykktir og gagnrýni. Kennarafélögin og Félag skólastjóra og yfirkennara eru einu félögin sem álykta skynsamlega. Þau biðja um rannsókn og úttekt á málinu. Þau dæma mig nefnilega ekki fyrir fram, um að ég sé rækur úr embætti og hafi brotið af mér með svívirðilegum hætti. Það gera þau ekki með einu orði. Kennarasamtökin og Félag skólastjóra og yfirkennara fara bara fram á rannsókn málsins. Og ættum við ekki að spara okkur fleiri stór orð þangað til það fer fram? Ég trúi ekki öðru en að menn, sem þykjast eiga svo órækan rétt, sæki hann, þá leið dómstóla sem kveðið er á um í lögum. Ég trúi því bara ekki að þetta eigi að vinnast með trumbuslætti og málhrópum og í fjölmiðlum! Þá vinnst það ekki — og aldrei meðan ég er í þessu embætti. Það verða menn að gera sér ljóst. Og að ég hviki um hársbreidd er fjarri öllu lagi! Er fjarri öllu lagi! Menn eru með þessari framkomu sinni að skjóta loku fyrir það, sem ég hefði þó vonað lengst, að það væri hægt að ná einhverjum sáttum, að maður þyrfti ekki að haga sér þannig að fleygja ungum manni, fjölskyldumanni, á götuna launalausum, eins og hér verður að vera með öllum þeim sársauka sem þessu fylgir. Þeir spara það ekki. Og þeir menn eiga ekkert skilið annað en hyskisnafnið, sem spara ekki mann sem á í slíkum örðugleikum og hann, örfámenn klíka Alþýðubandalagsmanna sem hefur kynnt þetta svona og stjórnar allri aðferðinni og aðförinni. **(Gripið fram í:** Það er ekki sama hvar þeir eru á landinu.) Þessi tegund Alþýðubandalagsmanna er ekki til í Reykjavík.

Ég tók til máls hérna af því sem að ég verð að beina ósk til hæstv. forseta. — Nú frábið ég mér ekki umræður og ég er tilbúinn til þess að taka þátt í þeim svo lengi sem þörf er á. Svo lengi sem þörf er á. En af ástæðum sem hæstv. forsetinn metur fullgildar hef ég ekki tök á því að þreyta skeiðið lengur en til tæplega kl. 7. Það eru ýmis skyldustörf sem þarf að gegna. En ég beini því til hans hvort kostur er á og getur orðið samkomulag um að við héldum þá þessari umræðu áfram á fimmtudagseftirmiðdag. Þá hefur mönnum líka gefist kostur á að kynnast innihaldi þess sem hér var upplýst í málinu, því að eins og ég segi, ræður frú Jóhönnu, hv. þm., og frú Kristínar, hv. þm., eru löngu samdar, þær höfðu ekkert heyrt af þessu sem var lesið hér upp úr gögnum málsins, þannig að það gæti kannske hjálpað mönnum til þess, án þess að ég sé að biðja mér nokkurrar vægðar, að mynda sér skoðun á málinu eftir málefninu og eðli þess sjálfs, ef menn gætu andartak litið fram hjá þeirri löngun sinni að renna færi í þennan grugguga sjó. Til þess eru refarnir skornir. Að halda uppi vörnum hér með þessum hætti, í þessu máli eins og það er vaxið, fyrir embættismann sem hefur reynst með þessum hætti, viljandi og óviljandi, er auðvitað gjörsamlega vonlaus aðferð. Gjörsamlega vonlaus aðferð. Og ég hlýt að skora á menn að skoða hug sinn.

Aðeins að lokum fyrir 5. landsk. þm. hv. sem er hér horfinn af vettvangi. Var hann að tala um að ég hefði í óleyfi og fram hjá fjárlögum og öllum venjulegum löglegum aðferðum keypt hús upp á tugi milljóna? Er þetta ekki formaður þingflokks Alþfl., ef ég man rétt? Hann getur ekki verið að tala í alvöru um þetta. Allra venjulegra aðferða í því sambandi var gætt. Ég hef séð þetta áður reyndar, en mikið má mönnum liggja á að þurfa að grípa til svo heimskulegra vopna eins og þess að kenna mig við eyðslusemi vegna þess að ég var svo heppinn að fá samþykki réttra yfirvalda við að koma þessu mikla bókasafni okkar fyrir á stað sem sérfræðingar segja að henti til þess einstaklega.

Ég veit líka að það fólk sem gagnrýnir mig fyrir aukafjárveitingar getur ekki verið að tala um málverkasýningar, Kjarvalssýningu úti í Sveaborg, Erró í Feneyjum — og við verðum enn að bæta við það því að sendingarkostnaðurinn reyndist miklu dýrari, enn kannske öðrum 300 þús. kr. — eða keppni í Ólympíuleikum o.s.frv., o.s.frv. o.s.frv. sem ég skal láta safna saman. Og þið leggið þetta að jöfnu við það að af ráðnum hug er eytt, og í banni, stórfé, 22 stöðugildi opinberra starfsmanna sett upp fyrir fjármuni sem eru ekki til, sem Alþingi ákveður að veita ekki!

Ég bið hæstv. forsetann svo vel að gera að taka mína sérstöku beiðni til athugunar að þessu leyti um frestun fundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það verður orðið við tilmælum hæstv. ráðh. Þó höldum við áfram til kl. 7. Það er sjálfgert að við ljúkum ekki þessari umræðu. Það eru það margir á mælendaskrá. Við ljúkum ekki þessari umræðu á þessum fundi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að koma hér inn í þessa umræðu lítillega, skal reyna með tilliti til aðstæðna að hafa mál mitt sem allra styst. En þar sem hæstv. ráðh. hefur nú talað tvisvar og drjúga stund í bæði skiptin, þó sýnu lengur hið fyrra, þá vil ég gjarnan fá að koma hér á framfæri nokkrum athugasemdum.

Í fyrsta lagi harma ég það að þrátt fyrir 1½ klukkustundar langa framsöguræðu tókst ráðherra ekki að svara einni einustu spurningu sem ég lagði fyrir hann, efnislega skýrt afmarkaðar á vélrituðu blaði í tíu liðum og ég hefði talið það eðlilega málsmeðferð af hálfu hæstv. ráðh. að reyna að fara yfir spurningalistann sem hann svo skilmerkilega fékk frá mér í upphafi fundarins, en ég tek það fram, herra forseti, að ég sendi þennan spurningalista ekki upp í menntmrn., hvorki í gær né í dag, þannig að ráðherra hefur að sjálfsögðu ekki annað tóm til að svara en það sem hann hafði undir umræðunni. Hvort það veldur einhverju um það að hann treysti sér ekki til að svara einu einasta atriði, um það felli ég engan dóm. En það er mjög sérkennilegt að hæstv. ráðh. skuli ekki koma til þessarar umræðu undir það búinn að svara rökstuddum athugasemdum aðila eins og fræðsluráðs Norðurlandskjördæmis eystra í þessu máli. Það er mjög sérkennilegt, herra forseti.

Ég get látið hina háreistu byrjun á ræðu hæstv. menntmrh. fram hjá mér fara þegar hann kaus að kalla, að ég taldi nú, mig og flokkssystkini mín, hvar sem þau finnast í landinu, hyski. Forseti sá ekki ástæðu til að víta slíkt orðbragð og ég get látið mér það í léttu rúmi liggja vegna þess að það er hæstv. menntmrh. Sverrir Hermannsson sem lætur þau ummæli falla. Ég kynni að hafa tekið það til mín og tekið það alvarlega ef það hefði komið frá öðrum, en í þessu efni og tilefni sé ég ekki ástæðu til slíks.

Vegna rangfærslna sem hæstv. ráðh. hefur uppi um fjarstadda menn, eins og Benedikt Sigurðarson, skólastjóra Barnaskólans á Akureyri, sem hann virðist sjá í hverju horni í þessu máli, vil ég eingöngu taka það fram til skýringar, þó það sé búið að leiðrétta opinberlega í fjölmiðlum, að hann á ekki sæti á lista Alþb. og hefur ekki átt, þó að það sé ekki sérstakt efnisatriði inn í þessa umræðu að öðru leyti en því að ráðherra dregur það sífellt fram vitandi þó betur, eða hvað, ef hann hefði fylgst með umræðum og fjölmiðlum undanfarna daga.

Síðan er það sú áhersla ráðherrans að hann hafi *með því að víkja fræðslustjóranum úr embætti* með þessum hætti tryggt einhverja alveg sérstaklega meðferð þessa máls. Hún er afar sérkennileg og það er óhjákvæmilegt að spyrja hann betur hvað hann eigi við. Ætlar hann að stefna fræðslustjóranum fyrir það að menntmrn. og hann sjálfur rak hann úr embætti eða hvernig ætlar hann að tryggja þá dómsrannsókn sem hann sífellt talar um? Í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er það þannig að ef menn eru leystir frá störfum um stundarsakir fer mál þeirra sjálfkrafa í ákveðinn farveg og ákveðna rannsókn samkvæmt lögunum. Það er tryggt ef staðið er að því með þeim hætti. Ef það er hins vegar gert eins og ráðherra hefur hér staðið að málunum er málið tekið út úr þeim farvegi og manninum engin réttindi tryggð á meðan rannsókn færi fram eins og ef hinn kosturinn væri tekinn.

Ég vil síðan segja það, herra forseti, að röksemdafærsla hæstv. ráðh. var nokkuð sérkennileg. Hann hóf að lesa bréf frá 1980 og síðan hafa setið tveir eða þrír hæstv. menntmrh. og ekki hafa þeir séð ástæðu til að víkja þessum fræðslustjóra úr starfi. Ég veit ekki betur en Ingvar Gíslason, hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi verið menntmrh. á þeim tíma sem þessi maður tók aftur við störfum sem fræðslustjóri og hefðu þá pappírar frá Birgi Thorlacius átt að liggja fyrir í ráðuneytinu þegar þar að kom að maðurinn tók aftur til starfa á fræðsluskrifstofunni.

Síðan má velta því fyrir sér hversu lengi og langt aftur í fortíðina er rétt að fara þegar menn þurfa að heyja sér rök í þeirri stöðu, sem hæstv. menntmrh. bersýnilega er í, að forðast eins og heitan eldinn að ræða efnisatriði þeirrar deilu sem hér átti að vera á dagskrá, að forðast eins og heitan eldinn að svara spurningum sem fyrir hann eru lagðar en lesa upp úr gömlum skýrslum einhvers konar syndaregistur sem starfsmenn hans í menntmrn. hafa dundað við að tína saman, sjálfsagt í næturvinnu, á undanförnum sólarhringum. Það er von að það sé á tali í menntmrn. og Þráinn Þórisson hafi ekki náð þangað sambandi í allt haust úr því að ástandið er svona og það er von að það þurfi að auka fjárveitingar til að reka sjoppuna.

Hér hefur ýmislegt athyglisvert komið fram, m.a. um þá málsmeðferð þegar fræðsluskrifstofur senda sínar tillögur áleiðis til fjárveitingavaldsins, og ég vil sérstaklega þakka þær upplýsingar sem komu fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og voru greinargóðar. Einnig hvað varðaði samanburð á aðstöðu Norðurlandsumdæmis eystra og t.a.m. Reykjavíkur hvað varðar fræðslu og sérkennslu inni í hinum almenna grunnskóla. Það var að mínu viti drengilega flutt ræða af hv. þm. Reykv., sem tók samanburðinn með þeim hætti, og fyrir það vil ég þakka.

Herra forseti. Það væri svo gaman að ræða svolítið við hæstv. ráðh. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, um lögin, um það viðhorf sem í ummælum hans áðan birtist til réttinda og skyldna opinberra starfsmanna. Ég vil segja það eitt að ég

hygg að opinberir starfsmenn í landinu, sem eru býsna margir, muni lesa ummæli hæstv. menntmrh., sem er einn stærsti vinnuveitandi opinberra starfsmanna, með nokkurri athygli. Ber að skilja samanburð hans t.a.m. við sjómennskuhefðir sem svo að hann vildi að þetta væri eins, þessu væri eins farið um æðstu embættismenn ríkisins og opinbera starfsmenn, að það ætti að vera hægt að sparka þessum mönnum út fyrirvaralaust? Takið þið pokann ykkar ef mér líkar ekki við ykkur. Það var það sem hæstv. menntmrh. var hér að segja í raun og veru. Hann teldi að það ætti að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eitthvað í þá veru. Það er sem sagt hans skoðun.

Það hafa ræðumenn á undan mér farið vandlega í gegnum það hvernig aðalskrifstofa menntmrn. hefur staðið fjárhagslega á þessu ári og ég hef engu við það að bæta, ekki nokkru, og hæstv. menntmrh. má reyna að fegra ástæður þess og rökstyðja þá risnu t.d. sem sú skrifstofa þarf að standa undir og þarf aukafjárveitingar til. En ég verð þó að segja það með fullri virðingu fyrir þingræðinu, herra forseti, með fullri virðingu fyrir fjárlögunum og allri stjórnskipun landsins að mér finnst það skipta nokkru máli hvort menn lenda e.t.v. eitthvað fram úr fjárlagaramma í viðleitni sinni við að halda uppi lögbundinni þjónustu t.a.m. við börn sem þurfa á aðstoð að halda í skólum eða t.a.m. við rekstur spítalanna. Ég hef litið á það öðrum augum hingað til þó að ríkisspítalarnir t.d. færu einhverjum milljónum fram úr fjárlagarammanum þegar þeir eru að veita lögbundna þjónustu samkvæmt heilbrigðislögum heldur en hitt hvort ráðuneyti og ýmsar opinberar stofnanir, sem eru þekktar fyrir ýmislegt annað en sérstaka aðhaldssemi og jafnvel eiga það til að halda býsna myndarlegar veislur, kaupa eitthvað af brennivíni og veita sér ýmislegt slíkt sem ekki verður flokkað undir brýnustu nauðsynjar, renna tugum prósenta fram úr fjárlögum. Og það skulu menn hafa hugfast að fræðsluskrifstofan á Akureyri hefur ekki farið fram úr sínum fjárlagaramma vegna veisluhalda eða brennivínskaupa. Það liggur a.m.k. fyrir og er á borðinu. Ég hef engan mann halda öðru fram en að þar séu reiður í lagi hvað slíka hluti varðar og þar tíðkist ekki flottræfilsháttur af neinu tagi sem hægt væri að kalla ósæmilegan í slíkum tilfellum.

Ég vil svo segja að frammistaða Framsfl. var heldur bág eins og hún birtist í svörum hæstv. forsrh. Hér var vitnað í ummæli hans þar sem hann hefur undanfarna daga verið mjög hissa og alveg forundrandi og efagjarn um framgöngu ráðherrans og þar fram eftir götunum og eiginlega verið mótfallinn þessari framkomu o.s.frv. En síðan hafði hann ekki annað að segja en það að það lægi ljóst fyrir að ráðherrann hefði lagalega stöðu til að gera það sem hann hafi gert. Sagan er búin. Ég get ekki tekið það öðruvísi en svo að Framsfl. með svari hæstv. forsrh. samþykki þá menntastefnu og þær aðgerðir sem hæstv. menntmrh. hefur beitt sér fyrir ef undanskilja á þá einstaka þm. sem kunna að koma sérstöðu sinni á framfæri.

Það var aðferð ráðherrans áðan að reyna eftir mætti að draga persónu Sturlu Kristjánssonar fyrrv. fræðslustjóra inn í þessa umræðu. Það hefur varla farið fram hjá mönnum hér. Nánast öll málsvörn menntmrn., sem hæstv. ráðh. flutti hér, gekk út á það að draga persónu viðkomandi manns inn í málið, reyna að forðast það eins og heitan eldinn að líta á þessa deilu í víðara samhengi og reyna að sverta viðkomandi einstakling, hann væri óhæfur, ómögulegur, dónalegur, kynni ekki að tempra sitt orðbragð o.s.frv. og svoleiðis menn gætu menn ekki haft. Ég þekki þessa aðferð. Þegar Sigurjón Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, var rekinn fyrir réttu ári, í janúarkasti hæstv. menntmrh. þá, skammdegiskastinu eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vék að áðan, var aðferðin alveg hin sama. Það var talað um persónulegt vandamál o.s.frv., sama taktík, sama orðbragð. Þetta er eitt það lágkúrulegasta, herra forseti og hv. þm., sem ég hef orðið vitni að á mínum þingferli, ég verð að segja alveg eins og er, þessi aðferð sem hæstv. menntmrh. hefur notað til að rökstyðja mannfórnir sínar síðan hann tók við húsbóndavaldi á menntmrn.

Að síðustu vil ég koma á framfæri einni leiðréttingu vegna fjarstaddra manna til að þeir liggi ekki undir meiri ágjöfum af hálfu hæstv. menntmrh. en ástæða er til vegna þess að betri upplýsingar liggja hér fyrir og þær varða það, sem borið var hér á Sturlu Kristjánsson, að hann hefði án heimilda tekið á leigu húsnæði og innréttað það í sinni tíð sem fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra. Hvað sem líður þeim heimildum eða ekki heimildum sem þar voru fyrir hendi er það ljóst að það voru Ingólfur Ármannsson, þáv. fræðslustjóri, og Sigurður Óli Brynjólfsson, formaður fræðsluráðs, sem tóku ábyrgð á þeirri ákvörðun á sínum tíma.

Skilaboð menntmrn. eins og þau birtust í varnarræðunni miklu, sem tók einn og hálfan tíma að flytja, syndaregistrinu og sakaskránni sem var lesin upp af hæstv. menntmrh., voru alveg augljós. Varnarræða kerfisins var augljós til starfsmannanna hvar sem þeir starfa. Þið skulið hlýða, skrattarnir ykkar, með leyfi þínu forseti. Það voru skilaboðin. Þið skulið sko hlýða, pöddurnar ykkar, með leyfi þínu herra forseti. Það voru skilaboðin. Og með leyfi þínu, herra forseti: Þið skulið þegja. Þið skulið þegja. Látið engar upplýsingar frá ykkur fara sem ráðuneytinu kynnu að koma illa. Það er boðorðið. Embættismennirnir eins og við viljum hafa þá eru þægir. Þeir hlýða. Þeir eru ekkert að nöldra yfir niðurskurði á sérkennslu. Nei, við viljum ekki hafa svoleiðis menn. Við viljum hafa þæga og góða opinbera starfsmenn sem eru tilbúnir til að taka pokann sinn þegar okkur hentar, ef okkur sýnist svo, án þess að múðra. Og það er óþægilegt að hafa menn eins og Sturlu Kristjánsson, sem er doktor í grunnskólalögunum og kann þau aftur á bak og

áfram og allar reglugerðir þar að lútandi, sem geta verið að reka hlutina ofan í ráðuneytið. Kerfið vill ekki hafa svoleiðis menn. Það er miklu betra að hafa þæga, hlýðna og mátulega illa upplýsta starfsmenn á víð og dreif um landið og geta skipað þeim fyrir verkum héðan að sunnan. Það er okkar skipulag. Það viljum við hafa.

Ég vil svo að síðustu segja það að sú uppstilling hæstv. menntmrh. að Alþb. hafi leikið hér eitthvert sérstakt hlutverk á bak við tjöldin var svipað og McCarthy stillti þessu upp á sínum tíma í Bandaríkjunum þegar hann sá kommúnista í hverju horni, rak Charlie Chaplin úr landi o.s.frv. Það var mjög í þeim anda sem hæstv. menntmrh. stillti hlutunum hér upp. Hann sá fyrir sér eitt ljótt samsæri ljótra manna, sem voru enn þá verri en Sturla Kristjánsson, einhvers staðar norður í landi sem voru að brugga honum vélráð. Og hverjir hafa nú m.a. verið sérstaklega í bakvarðarsveit Sturlu Kristjánssonar í þessu máli? Það er forseti bæjarstjórnar á Dalvík, flokksbundinn sjálfstæðismaður, Trausti Þorsteinsson. Það er Sverrir Pálsson skólastjóri á Akureyri, það er Þráinn Þórisson skólastjóri á Skútustöðum. Ég vildi gjarnan að þessir sómamenn væru allir í Alþb., en því miður hef ég alltaf talið þá í öðrum flokkum hingað til.

Ég er ekki í þessu máli, herra forseti, hvað sem hæstv. menntmrh. heldur. Hann kemst nú engan veginn yfir það, maðurinn, að það eigi að kjósa einhvern tímann seinna á árinu. Það virðist halda svo fyrir honum vöku að í hverri einustu ræðu sem hér er flutt sér hann einhvers konar lúmska aðgerð viðkomandi ræðumanns sem tengist næstu kosningum og hrellir það hann mjög.

Ég er einfaldlega þm. Norðurlandskjördæmis eystra og þegar kennarar, skólastjórar, foreldrar, fræðsluráð, stjórn fjórðungssambandsins og aðrir aðilar á því landsvæði beina til mín erindum sem alþm., leita m.a. til mín til að ná fram rétti sínum, bregst ég við. Hvernig á ég öðruvísi að hegða mér sem þm. á þessu svæði? Og það er hvorki nýtt né gamalt að við þm. þessa umdæmis séum beðnir ásjár í þessu máli. Það er árlegur viðburður og hefur verið svo um langt árabil og það geta samþingmenn mínir væntanlega staðfest hér. Því miður, eða e.t.v. er rétt að segja sem betur fer fór það svo að hæstv. menntmrh. gat í engu rökstutt sína ákvörðun, gat engu svarað um það sem hann var hér að spurður, kaus að fara aftur í fortíðina og koma með tilvitnanir úr persónulegum bréfum máli sínu til stuðnings.

Ég lít því svo á að hér geti ekki orðið punktur, hér geti ekki orðið „amen eftir efninu." Það sé óhjákvæmilegt að ganga eftir því frekar að svör og skýringar fáist. Þar sem nú lítur út fyrir að þessari umræðu ljúki ekki hér og nú heldur haldi hún áfram gefst e.t.v. kostur á að hlýða frekar á mál ráðherrans. Kannske fáum við aðra tveggja tíma ræðu þar sem fluttar verða gamlar syndatölur. En hitt er jafnljóst að komi ekki fram einhverjar haldbærari skýringar á þeim aðgerðum sem hæstv. menntmrh. greip til eru þær óverjandi. Alþingi getur ekki setið undir því að valdi ráðherra sé beitt með þeim hætti og það hlýtur að bregðast við í samræmi við það.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í viðtölum við mig í fjölmiðlum hef ég ekki verið sáttur við hvernig hæstv. menntmrh. stóð að uppsögn fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Hæstv. menntmrh. hefur nú gert grein fyrir þeim forsendum sem hann lagði til grundvallar uppsögn fræðslustjórans og kom þar margt fram sem ég vissi ekki áður og heyrði nú í fyrsta skipti. Ég mun að sjálfsögðu lesa ræðu hæstv. menntmrh. vandlega og kynna mér að öðru leyti gögn málsins og kjarna þeirrar deilu milli fræðsluráðs, fræðslustjóra og menntmrn. sem endað hefur með svo hörmulegum hætti. Ég hefði kosið að þar hefði verið unnt að koma málamiðlun við.

Ég hlýt að segja að í umfjöllun hæstv. ráðh. um sérkennslu hafi mér fundist anda köldu til sérfræðinga og uppeldisfræðinga sem að fræðslumálum vinna. Af persónulegum kunnugleika mínum af hæstv. ráðh. fullyrði ég að þar sé hita augnabliksins um að kenna en ekki hinu að hann kunni ekki að meta og skilja þá þýðingu sem þáttur stuðnings- og sérkennslunnar hefur í almennu skólastarfi. Ég tel jafnframt nauðsynlegt að fram komi að ég ber fullt traust til þeirra sérfræðinga á fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra sem greina þörf fyrir sérkennslu og fylgjast með framkvæmd hennar.

Það er vitaskuld rétt að í starfi að fræðslumálum sem öðrum verður að halda sér innan þess ramma sem fjárlög og aukafjárveitingar marka. Jafnljóst er að réttur barna til stuðnings- og sérkennslu á að vera hinn sami hvar sem þau búa á landinu. Það er ánægjulegt að mikið hefur unnist í þeim efnum á allra síðustu misserum og verður að vinna að því áfram eftir því sem greining barna fyrir þörf slíkrar kennslu miðar áfram.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Brottvikning eða brottvísun úr embætti er stór ákvörðun. Veigamikil rök hljóta og verða að vera fyrir þeim sökum sem á viðkomandi eru bornar. Verður að álíta að til slíkra aðgerða sé ekki gripið nema gildar ástæður liggi til. Ólíklegt verður einnig að teljast að eins varkár, yfirvegaður og sómakær maður og hæstv. menntmrh. er grípi til órökstuddra og óundirbúinna aðgerða í svo viðkvæmu máli sem hér er á ferðinni.

Ég tel það ekki hlutverk þm. eða a.m.k. ekki mitt hlutverk að gerast dómari í þessu deilumáli og ég hef ekki getað athugað svo nákvæmlega rökstuðning hæstv. ráðh. að ég telji mér fært að setjast í dómarasæti á þessu stigi.

Ég get hins vegar látið í ljós álit mitt á þeim vinnubrögðum sem mér finnst að hér hafi verið við höfð. Vinnubrögð og aðferðir finnst mér ekki skemmtilegar eða geðfelldar og ég veit ekki hvort segja má að mér finnist þær vart mannlegar. Ég trúi

því varla að fullorðnir menn geti ekki tekið á erfiðum og viðkvæmum málum á annan hátt en þann sem hér hefur verið viðhafður. Það mun venja að hafa annan hátt á þegar svo kemur upp á, vísa viðkomandi frá um stundarsakir og láta rannsaka málið og sakargiftirnar.

Það er ekki deiluefni að valdið er að sjálfsögðu í þessu tilfelli hjá hæstv. menntmrh. Það veit auðvitað hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En varðandi fyrirspurn hans að öðru leyti um viðhorf talsmanna samstarfsflokks hæstv. menntmrh. get ég aðeins svarað fyrir mig persónulega og ræð e.t.v. litlu um framvindu málsins, en ég vil leggja á það áherslu að það verði skipuð nefnd eða einhver sá hópur sem getur rannsakað gaumgæfilega þessar sakargiftir og fræðslustjóranum verði því aðeins vikið frá um stundarsakir eða tímabundið meðan sú rannsókn eða úttekt á málinu fer fram. Það er, eftir því sem mér skilst, samkvæmt venju og tel ég það eðlilega málsmeðferð að standa svo að.

Fræðsluráð og fræðslustjóri í Norðurlandskjördæmi eystra hafa reynt að framfylgja grunnskólalögum eftir fremsta megni og lagt áherslu á að halda hlut sínum til jafns við önnur fræðsluumdæmi. Það er mikilvægt hlutverk sem þm. hljóta að styðja við af fremsta megni. Við hljótum að virða það sjónarmið og standa með aðilum í því ætlunarverki þeirra. Mikilvægast er að sjálfsögðu að allir sitji við sama borð, jafnræði ríki milli umdæma og landshluta og það þurfi ekki að skerða ýmsa þætti kennslumála hverju nafni svo sem þeir nefnast, hvort sem það er stuðningskennsla, sérkennsla eða annað, og ef það þurfi að skerða slíka kennsluþætti verði gætt jafnræðis. Það er ekki hægt að una til lengdar við það að sum umdæmi fái árum saman betri afgreiðslu en önnur.

Tölulegar upplýsingar um mismunun eftir umdæmum verður að sannreyna, t.d. með störfum til þess skipaðrar nefndar sem ég nefndi áður. Ég veit að nú þegar eru uppi efasemdir um nákvæmni á útreikningum í töflum sem fram koma í svari hæstv. menntmrh. við fsp. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um stuðnings- og sérkennslu og birtast á þskj. 319. Það m.a. sýnir að það þarf að skoða þessar upplýsingar betur, þær tölulegu staðreyndir betur sem virðast vera til grundvallar málinu. Sumar þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. menntmrh. hér á undan eru ekki í samræmi við þær tölur sem við höfum áður heyrt.

Ýmis kostnaður við rekstur grunnskóla í Norðurlandi eystra er hærri en í sumum öðrum umdæmum. Fyrir því eru ýmsar ástæður og ýmis rök. Ég leyfi mér að vitna örstutt til þessa margumtalaða nóvemberplaggs eða nóvemberskýrslu sem lögð var fyrir þm. kjördæmisins í nóvember s.l. Þar segir m.a.:

„Ástæða er til að hafa í huga að meðalkennarinn í okkar umdæmi er nokkru dýrari en gerist í öðrum dreifbýlisumdæmum. Vísast til þess að starfsréttindi og starfsaldur hafa nú mikil áhrif á launakostnað. Einnig er rétt að benda á að starfsaldursafsláttur kennara kostar verulegar upphæðir í okkar umdæmi, en er hverfandi sums staðar annars staðar. Slíkt getur jafnvel skapað hlaup í áætlun upp á 10–15%. Það er með öllu óviðunandi að sæmileg staða gagnvart kennararáðningum og jafnvægi á starfsliði skuli leiða til truflana á skólahaldi."

Einnig segir: „Greind þörf fyrir sérkennslu er nær fjórfalt meiri en ráðuneytið hefur samþykkt."

Það er ekki maklegt eða stórmannlegt af hæstv. menntmrh. að hafa í flimtingum þörf barna fyrir sérkennslu. Vissulega er gott ef ekki þarf að veita börnum á Austurlandi hlutfallslega jafnmikla sérkennslu og í Norðurlandi eystra. Betur að þar leynist ekki einstaklingar, börn sem þurfa á einhvers konar aðstoð að halda. Hún er ekki alltaf mjög alvarlegs eðlis, e.t.v. aðstoð við lestur, reikning eða eitthvað slíkt sem síðar getur skipt sköpum fyrir viðkomandi einstakling.

Því miður er margvísleg löggjöf sem ekki er hægt að fullnægja þar sem fjárlög rúma ekki öll þau útgjöld sem af þeim leiðir. Grunnskólalöggjöfin er þar ekki ein á báti. Það á við um ýmsa aðra löggjöf og margar þál. sem Alþingi hefur samþykkt og er skemmst að vitna til afgreiðslu lánsfjárlaga nú í desembermánuði og reyndar á undanförnum árum um meðferð einstakra laga sem þarf að setja inn í skerðingarákvæði vegna þess að ekki er hægt að framfylgja því sem þar er gert ráð fyrir.

Fjárlög hvers árs eru einnig lög sem ber að taka tillit til þó oft séu þau brotin og ýmsir liðir fari fram yfir fjárveitingar. En það er útilokað að þeir sem eftir þeim eiga að vinna kalli þau ólög sem ekki er mark á takandi. Undir það get ég ekki tekið sem alþm. eða fjárveitinganefndarmaður.

Á fjárlögunum er fjárlagaliður sem ber yfirskriftina Grunnskólar, almennt. Í fundargerð fræðslustjórafundar frá 26. ágúst 1985, þar sem fjallað er um fjármál fræðsluumdæma, er m.a. sagt svo, með leyfi forseta:

„Örlygur Geirsson sagði fræðslustjóra hafa fengið í hendur tillögur þær sem sendar voru hagsýslu. Væru þær nú í frekari umfjöllun. Tillögur fræðslustjóra byggjast að mestu á tillögum ráðuneytis. Þó væri ekki gert ráð fyrir eins mikilli aukningu á sérkennslu á fjárlagalið einstakra fræðsluumdæma eins og tillögur fræðslustjóra höfðu gert ráð fyrir heldur væri ákveðinni summu bætt á liðinn Grunnskólar, almennt, sem skipt verði síðar niður á umdæmin."

Þessi upphæð nam á fjárlögum síðasta árs 8 millj. 970 þús. kr. og mér er tjáð að það hafi ekkert af þessum fjárlagalið verið flutt á t.d. fræðsluumdæmið á Norðurlandi eystra, sem þó virðist hafa verið full ástæða til. Ég treysti því að þær 5 millj. kr., sem ákveðnar voru við fjárlagaafgreiðsluna 1987 til viðbótar við það sem frv. gerði ráð fyrir við lokaafgreiðsluna nú fyrir jólin og færðar voru undir þennan lið, renni þrátt fyrir það sem áður hefur gerst í sögunni til þessa fræðsluumdæmis af því að það var meiningin og fyrir því tel ég mig hafa orð

hæstv. menntmrh.

Sé það hins vegar svo ár eftir ár að ekki sé tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda þarf að taka málin til gaumgæfilegrar athugunar. Séu fjárlög sannanlega óraunhæf, miðað við þá starfsemi sem staðfest og samþykkt hefur verið, er ekki lengur við fræðsluráð og fræðslustjóra að sakast heldur sjálft fjárveitingavaldið, fjárveitinganefndarmenn og Alþingi eða alþm. E.t.v. hefur fjárveitingavaldið brugðist í þessu máli og því séu rangir aðilar dregnir fyrir dóm.

Fjvn. hefur varla starfsaðstöðu til þess að fara svo ítarlega sem e.t.v. væri þörf á niður í ýmsar grunnupplýsingar fjárlagafrv. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að óskir fræðsluumdæma eru ekki skornar niður í meðferð fjvn. og samkvæmt upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun ekki heldur þar. Það mun því vera hæstv. ráðuneyti menntamála sem á þennan veg hefur tekið á málum.

Þær upplýsingar að málsaðilar hafi ekki rætt við mánuðum saman bera vott um alvarlegan trúnaðarbrest. Læt ég það liggja milli hluta hvorum er um að kenna, en þetta finnst mér ekki sýna að vel sé að málum staðið. Og ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst það með ólíkindum að geta ekki rætt slík mál af heilindum á fundum og komist að viðunandi niðurstöðu. Harma ég því lokaorð hæstv. menntmrh. í hans fyrri ræðu og finnst þau bera vitni ósveigjanleika sem honum og hans stöðu er ekki sæmandi. Ég trúi því ekki að útilokað sé að finna málsmeðferð sem aðilar geti við unað. Ég skora því á hæstv. menntmrh. að brjóta odd af oflæti sínu og efna til fundar með fræðsluráði og leita leiða til að sætta þessi sjónarmið.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

33. fundur, miðvikudaginn 21. jan., kl. 3 miðdegis.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 479.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi biðjast velvirðingar á því að ég varð þess valdandi að fundur gat ekki verið hér með eðlilegum hætti s.l. mánudag, en við því gat ég því miður lítið gert.

Ég mæli fyrir frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, en frv. þetta var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir jólaleyfi þm.

S.l. aldarfjórðung hefur fiskverð verið ákveðið með samningum kaupenda og seljenda á vettvangi Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða með eins konar gerðardómi í yfirnefnd ráðsins. Það er engin tilviljun að verðákvörðun hér á landi hefur verið með þessum hætti. Aðstæður og staðhættir hafa skapað þetta verðlagskerfi. Þessar aðstæður einkennast af því að fiski er landað í fjölda hafna víðs vegar um land þar sem eru fáir eða jafnvel aðeins einn kaupandi og seljendur hafa ekki átt í aðrar hafnir að venda nema með ærnum tilkostnaði. Mjög víða fara saman eignarhald að útgerð og fiskvinnslu og því ekki um það að ræða að verð ráðist af samningum óháðra aðila og er eigendum oft hagkvæmast að landað sé í heimahöfn við sem lægst verð vegna hlutaskiptanna. Fram til þessa hafa því ekki verið forsendur hér á landi fyrir frjálsri verðmyndun á fiski með hliðstæðum hætti og gerist í ýmsum þéttbýlli löndum Evrópu.

Hin síðari ár hefur grundvöllur hins fasta verðkerfis hins vegar verið að breytast á ýmsan hátt. Stórbættar samgöngur á landi hafa gert fiskflutning milli hafna mögulegan í auknum mæli. Aukin burðargeta skipa hefur gert þau síður bundin við heimahöfn en áður var. Seljendum hefur opnast auðveldari aðgangur að mörkuðum erlendis, bæði vegna þess að með stærri skipum er fremur hægt að sigla til erlendra hafna og ekki síður með ferskfiskútflutningi í gámum. Jafnframt þessu hafa upplýsingar um verð og sölumöguleika, jafnt á erlendum mörkuðum sem innanlands, stórbatnað með bættri upplýsingatækni. Allt þetta hefur orðið til þess að veikja stöðu fiskkaupenda og gert það raunhæft að huga að breytingum á hinu hefðbundna verðlagningarkerfi.

Á grundvelli þessara breyttu aðstæðna samþykkti Alþingi fyrri hluta árs 1985 ný lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins þar sem ráðinu var veitt heimild til að gefa verð á einstökum fisktegundum frjálst, enda hlyti sú ákvörðun einróma samþykkt í ráðinu. Á s.l. hausti var þessari heimild beitt varðandi ákvörðun loðnuverðs. Eftir nokkra byrjunarörðugleika verður ekki annað séð en þessi tilraun ætli að takast vel og er þess að vænta að sú reynsla sem fengist hefur af þessari tilhögun á loðnuverði leiði til þess að heimild verðlagsráðslaganna til að gefa verð frjálst verði beitt í auknum mæli, sérstaklega þegar óvissa ríkir á mörkuðum. Þær breyttu forsendur í markaðsmálum á ferskum fiski sem ég rakti hér að framan hafa einnig orðið til þess að umfjöllun um stofnun uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla hefur verið mikil að undanförnu.

Sumarið 1985 lagði samband fiskvinnslustöðvanna til að sérstaklega væri kannað hvort unnt væri að koma á uppboðsmarkaði til reynslu á afmörkuðum svæðum. Eftir athugun í sjútvrn. og nokkrar umræður um málið innan sjávarútvegsins skipaði ég síðan hinn 9. apríl s.l. nefnd til að fjalla um málið. Var hlutverk nefndarinnar að kanna hvort unnt væri tímabundið og til reynslu að koma á fót uppboðsmarkaði fyrir fisk hér á landi. Yrði niðurstaða könnunarinnar jákvæð skyldi nefndin jafnframt kanna rekstrarlegar forsendur og athuga hvort aðilar fyndust sem tilbúnir væru til að leggja fram fé til stofnunar og reksturs tilraunamarkaðar með fisk á afmörkuðum landsvæðum. Þar sem óvíst væri hvort slíkur staðbundinn markaður hentaði víða hér á landi var nefndinni jafnframt falið að kanna mögu-

leika á því að koma á fót einhvers konar fjarskiptaneti fyrir fiskviðskipti þannig að verðmyndun á fiski gæti átt sér stað með tilliti til fjarskipta. Í nefndina voru skipaðir Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkarð Jónsson.

Nefndin skilaði áliti í októbermánuði s.l. og er álit nefndarinnar prentað sem fskj. með frv. því sem hér er til umræðu. Leggur nefndin til að komið verði upp tilraunamarkaði með fisk þar sem verðmyndun er frjáls. Telur nefndin að nokkur landsvæði uppfylli þau skilyrði sem séu forsenda slíks markaðar en að tilraun beri að gera með slíkan markað á Faxaflóasvæðinu. Í skýrslu nefndarinnar er síðan fjallað um fyrirkomulag, rýmisþörf, æskilega stærð, stofnkostnað, rekstrarkostnað og rekstrarform slíks markaðar. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þau atriði hér, en vísa til nál. í fskj. I.

Í framhaldi af fréttum um niðurstöðu nefndarinnar hafa síðan borist fregnir af því að verið sé að undirbúa stofnun fiskmarkaðar víða um land. Ég verð að segja að mér finnst nóg um það kapp sem hlaupið hefur í menn til framkvæmda í þessu máli. Menn hafa árum saman rætt um að æskilegt sé að koma á fót uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla hér á landi. Ég tel að úr því þurfi að fást skorið hvort þetta sé vænlegur kostur og það verði ekki gert nema gerð sé tilraun með slíkan markað í fyrstu.

Ég tel einnig að með afnámi sjóðakerfisins á s.l. vori hafi skapast möguleikar til að slík tilraun sé gerð með raunhæfum hætti. Ég er því sammála niðurstöðum nefndarinnar um að slíka tilraun beri að gera. Ég held hins vegar að meta þurfi niðurstöður þessarar tilraunar áður en lengra er haldið á þessari braut. Það er geysileg breyting á verðlagningarkerfi fyrir sjávarafla sem hér er verið að tala um, raunar bylting. Hún kann að hafa víðtæk áhrif á ýmsum sviðum, t.d. varðandi uppbyggingu og skipulag fiskvinnslunnar, þróun fiskverðs, byggðamál og svo mætti lengi telja. Ég held því að við verðum að fara varlega í þessu máli og meta niðurstöðu tilraunarinnar áður en lengra er haldið.

Í frv. því sem hér er til umræðu er skapaður lagalegur grundvöllur til stofnunar uppboðsmarkaðs fyrir sjávarafla í tilraunaskyni. Lagt er til að lögin séu tímabundin og falli úr gildi í árslok 1988. Með því er tryggt að mál þessi komi á ný til skoðunar og ákvörðunar á Alþingi þegar nokkur reynsla er fengin af þessu verðlagningarfyrirkomulagi.

Samkvæmt frv. þarf sérstakt leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Er það í samræmi við það sem tíðkast í erlendri löggjöf um slíka markaði, t.d. í Danmörku. Í ljósi hins víðtæka áhuga sem virðist vera fyrir stofnun uppboðsmarkaða sýnist óhjákvæmilegt að hafa stjórn á því hversu margir markaðir eru settir á fót og að markaðir verði ekki stofnsettir annars staðar en þar sem viðskiptalegar forsendur eru til slíks, m.a. hvað varðar nægilegan fjölda kaupenda og seljenda. Þá er einnig nauðsynlegt að fastmótaðar reglur gildi um starfsemi hvers einstaks markaðar, t.d. um það hvenær skip þurfi að tilkynna afla á markað, hvort skip sé bundið við slíka tilkynningu, hvenær landað skuli og hvaða reglur gildi um framkvæmd uppboðsins sjálfs. Er í 4. gr. gert ráð fyrir að leyfishafi skuli leita samþykkis ráðherra fyrir slíkum starfsreglum áður en rekstur hefst og að slíkum starfsreglum verði ekki breytt nema að fengnu samþykki ráðherra.

Í 2. gr. eru sett sömu skilyrði um heimild hlutafélaga til að reka uppboðsmarkað og gilda samkvæmt lögum nr. 39/1922 um rétt til að reka fiskvinnslu á Íslandi. Jafnframt eru sett skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og fasta búsetu einstaklinga sem stofnsetja vilja markað, sem og um fjárræði og búsforræði.

Með 3. gr. eru tekin af tvímæli um að þær reglur sem gilda um hreinlæti, húsnæði og meðferð afla í fiskvinnslustöðvum gildi einnig um uppboðsmarkað eftir því sem við getur átt.

Með 5. gr. er lögð upplýsingaskylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar. Er nauðsynlegt, bæði vegna hagsmuna kaupenda og seljenda, að frammi liggi upplýsingar um verð og aflamagn. Þá er í greininni kveðið á um skyldu rekstraraðila uppboðsmarkaðar til að gefa Fiskifélagi Íslands og öðrum opinberum aðilum upplýsingar.

Með 6. gr. er lögð skylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar til að standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljanda og sjá um skil á greiðslum vegna hans inn á greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins. Er þetta í samræmi við tillögur fiskmarkaðsnefndarinnar. Samkvæmt ákvæðum laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins hvílir skylda til að skila fé inn í greiðslumiðlunarkerfið almennt á kaupanda, en fari afli í gegnum uppboðsmarkað er mun eðlilegra að rekstraraðili markaðarins annist þessar greiðslur. Samkvæmt almennum reglum greiðslumiðlunarlaganna miðast greiðslur inn í greiðslumiðlunarkerfið við samanlagt hráefnisverð aflans, sé landað til vinnslu innanlands, en brúttósöluverðmæti ísfisks sem seldur er í erlendri höfn.

Með 3. mgr. 6. gr. er lagt til að sú sérregla verði sett varðandi uppboðsmarkaðinn að greiðslur vegna greiðslumiðlunarinnar miðist við uppboðsandvirði að frádregnum kostnaði af uppboðinu.

Í 7. gr. er lagt til að við sölu á uppboðsmarkaði gildi ekki það lágmarksverð sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Er þetta í samræmi við tillögur meiri hluta fiskmarkaðsnefndarinnar. Þetta er eðlileg regla þar sem gæði fisks, framboð og eftirspurn eiga að ráða verði á uppboðsmarkaði.

Loks er í 8. gr. kveðið á um að löggilda skuli einn starfsmann uppboðsmarkaðar til að annast framkvæmd sjálfs uppboðsins.

Með frv. þessu er stefnt að því að lögfesta einfaldar meginreglur um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla og marka slíkum uppboðum lagaramma án þess að kæfa þau í frumskógi opinberra reglna. Með því

eru skapaðar forsendur til að gerð sé tilraun með nýtt verðlagningarkerfi á fiski hér á landi. Nauðsynlegt er að slík tilraun eigi sér stað þannig að úr því fáist skorið hvort þetta sölufyrirkomulag henti hér á landi. Hins vegar verður að hafa hugfast að hér er aðeins um tilraun að ræða. Nái frv. þetta fram að ganga kemur málið til skoðunar að nýju innan tveggja ára og verður þá unnt að meta framhald þess í ljósi fenginnar reynslu.

Ég vil að lokum leggja til, virðulegur forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu var lagt fram, eins og hæstv. ráðh. nefndi í ræðu sinni, rétt fyrir jól. Ég lét þá skoðun í ljós í umræðum um niðurfellingu ferskfiskmats að eðlilegra væri að við litum á þetta frv. á þeim tíma sem lögð var mikil áhersla á að koma fram frv. um breytingu á Ríkismati sjávarafurða hér í deildinni. Það lægi jafnvel meira á því að samþykkja þetta frv. ef það ætti að sinna þeim tilgangi, sem manni virtist það ætti að meginhluta að gera, að skapa nýtt fiskverð, svokallað frjálst fiskverð í landinu, og ef að því væri stefnt væri æskilegast að þetta frv. gengi sem fyrst fyrir sig og lægi ekki lengi í loftinu að slíku væri verið að stefna. En hin leiðin var valin, að hugsa fyrst fremst um að leggja niður ferskfiskmatið þó að ekkert væri undirbúið til að taka við því sem þar hefur verið gert áður og þetta frv. látið liggja yfir jólafríið en er nú sem betur fer komið til umræðu á næstfyrsta fundardegi hv. deildar.

Ráðherra nefndi nokkra þætti sem væru þess valdandi að nú væri að því stefnt að koma á uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla. Það væru ýmsir hlutir sem hefðu breyst í þjóðfélaginu á undanförnum árum sem gerðu það líklegra að slíkur markaður ætti rétt á sér. En ég held að hæstv. ráðh. hafi ekki nefnt þann þáttinn sem aðallega knýr á dyr manna um það að haldið verði áfram í því að auka frjálsræði og mönnum gefið tækifæri til að fara með sjávaraflann á ýmsa vegu. Ég held að það sé fyrst og fremst sú fiskveiðistefna, sem hæstv. ráðh. hefur haldið fram á undanförnum árum, sem kalli á að það verði byggður upp markaður. Ég hef vissa trú á því og tilfinningu fyrir því að einmitt sú almenna ósk um að það verði komið upp markaði sé vegna þess að menn finna meira og meira fyrir vanköntum þeirrar fiskveiðistefnu sem hér hefur gilt og menn séu að leita að einhverjum úrræðum út úr þessari fiskveiðistefnu. Þar er ein dúsan, sem á að stinga upp í menn til að hafa menn ánægða um nokkurn tíma, að stofna fiskmarkað. Ég held að grundvöllurinn sé vondur og því miður, fyrst á þessu er raunverulega byggt, af því að maður finnur fyrir því að á þessu er byggt þó að ráðherra segi annað, eru ekki miklar líkur fyrir því að þessi stefna eigi langa framtíð fyrir sér og að það verði byggður upp hér frjáls fiskmarkaður. Ég hef ekki mikla trú á því, því miður. En eins og stendur í dag er nauðsynlegast að þessi markaður komist á, fyrst og fremst til þess að sýna sig.

Menn eru að leita að nýjum leiðum, m.a. fiskmarkaði, til þess að komast út úr þeirri kreppu sem íslenskur sjávarútvegur er kominn í vegna þeirrar fiskveiðistefnu sem hér ríkir. Menn eru m.a. að leita að leið til að komast út úr því hvernig eigi að standa undir verðgildi fiskiskipa, segjum t.d. þeirra fiskiskipa sem verið er að selja og eru á markaðnum í dag og við höfum heyrt um í fréttum. Við höfum heyrt að það sé verið að selja skip frá Suðurnesjum, úr Garði, togarann Gaut. Hvert er verðgildi hans? Það er verið að tala um að það eigi að selja það skip á 160–170 millj. Hvert er matsverð þess skips, hvert er tryggingamatsverð þess skips? Það mun vera 88 millj. En hvert skyldi vera kaupverð þess skips ef það væri keypt úti í Englandi núna? Ég geri ráð fyrir að hv. formaður sjútvn. hafi einhvern grun um hvert það kaupverð er. Við höfum heyrt því fleygt í fréttum að kaupverð slíks skips úti í Englandi núna mundi vera 25 millj. (**VI:** Það er rangt.) Formaður sjútvn. segir að það sé rangt og ég hef trú á því að það sé rangt. Þar eru öfgarnar á hinn veginn. En annar maður nokkuð kunnugur þessum málum heldur því fram í deildinni að þetta sé rétt og við heyrum það sjálfsagt síðar í umræðunni hvað er rétt í málinu.

En við skulum ekkert ræða um hvað hægt er að fá slíkt skip fyrir úti í Englandi, af því að það er kannske ekki það sem við þurfum fyrst og fremst að spekúlera í að við séum að flytja inn skip og ég geri ekki ráð fyrir að menn séu neitt að kalla á það eða biðja sérstaklega um það, heldur hljótum við að velta vöngum yfir hvað þessi stefna hefur leitt af sér. Hvað hefur þessi skömmtunarstefna leitt af sér í sambandi við verðgildi fiskiskipa? Og hvað þýðir þetta í verðlagningu á fiski? Hvað hlýtur þetta að þýða í verðlagningu á fiski og stöðu útgerðarinnar ef þessi skömmtunarstefna gerir að verkum að skipsverð hækkar frá eðlilegu matsverði, en allt fram á þennan tíma hefur yfirleitt verið talað um toppsöluverð ef það hefur verið hægt að selja skip á tryggingarverði eða tvöfalda það verð? Það þýðir að verðgildið, afskriftarhluti inni í fiskverðsákvörðuninni hlýtur að tvöfaldast. Þetta er skatturinn sem við þurfum að borga fyrir stefnu hæstv. sjútvrh., fyrir kvótastefnuna sem menn hafa verið að samþykkja hér á hv. Alþingi ár eftir ár og sumir beðið jafnvel um að yrði framlengd í 2–3 ár, sumir jafnvel kannske 10.

En vitaskuld er þetta, sem við erum að ræða hér, eins og ég nefndi áðan einn þátturinn af leit manna til að komast út úr þeirri klemmu sem við búum við undir þessari stefnu. Það er líka leit manna í þá átt að losna við það eða reyna að snúa þeirri þróun við að æ meira af afla okkar sé flutt út ferskt óunnið. Það er líka verið að leita ráða til að andæfa gegn þeirri þróun. Sú þróun er líka komin til af fiskveiðistefnunni, hún er komin til af kvótanum, af skömmtunarkerfinu, af einkaréttarkerfinu. Hver og einn sem hefur þennan rétt í hendi sér leitar að þeim

ráðum að fá sem mest fyrir aflann og þá eru ýmsir þættir sem eru teknir þar inn í eins og t.d. hvernig kvótinn nýtist, hvernig skammturinn nýtist. Við vitum að í sambandi við útflutning á ferskum fiski á sér stað ansi mikil rýrnun frá því að fiskurinn er settur hér í land, heima á skerinu okkar, og þar til hann er kominn út. Ef miðað er við dagróðrarbáta vitum við að það eru ekki 10% eins og kvótinn skerðist heldur kannske 20–25%. — Hv. þm. þarf ekki að mótmæla því vegna þess að slík vigtun og slík könnun hefur farið fram, allt upp í 25%.

Við sem höfum fylgst með útgerð og sjávarútvegi vitum að aðeins fyrstu nóttina í fiskvinnsluhúsi sem ekki er eðlilega kælt niður rýrnar fiskur um allt að því 10%, 5–7–10% eftir aðstæðum. **(Menntmrh.:** Það er léleg móttaka.) Ja, það er sjálfsagt heldur betri meðferð á hlutum en á sér stað í ýmsum þáttum í menntmrn. Þar er alls konar sóun uppi **(Menntmrh.:** Hefurðu frétt af því?) eftir því sem hæstv. ráðh. hefur talað um.

Það má rengja þá tölu sem ég hef nefnt hér, en bátar sem hafa landað í gáma hafa gert tilraun með þetta, vigtað fiskinn um leið og hann hefur komið í land, vigtað hann sem sagt í gámana, og útkoman hefur orðið síendurteknar þær tölur sem ég var að nefna. Vitaskuld vitum við það, sem þekkjum sölu á erlendum markaði, að þetta er ekki allt bein rýrnun þó hún verði að heita rýrnun í máli okkar. Það gerast ýmsir hlutir á leiðinni út eða í löndun og í sambandi við vigtun sem verða þess valdandi að rýrnunin svokallaða verður heldur meiri en efni standa til við eðlilega rýrnun ef við köllum það svo.

Það mætti margt fleira spjalla um tengingu þessa máls og fiskveiðistefnunnar, en ég held að það sé kannske ekki rétt í upphafi. Við eigum eftir að ræða þetta mál í sjútvn. við ýmsa hagsmunaaðila og sjálfsagt er að gera það allrækilega og velta fyrir sér ýmsu.

Það fyrsta sem við hljótum að spyrja er: Hvað er það sem vinnst við það að koma upp fiskmarkaði? Það má segja, ef af fiskmarkaði verður, að það eigi sér stað að upp komi einn nýr þáttur í undirbúningi til útflutnings á íslenskum sjávarafurðum. Þegar við erum að ræða um þennnan fiskmarkað er fyrst og fremst verið að hugsa um bolfiskinn. Sá fiskur hefur hingað til fyrst og fremst verið nýttur hér innanlands í frystingu og í söltun og svo hafa menn notfært sér það að setja fiskinn í gáma, selja hann þannig út eða þá að sigla með hann ferskan á markað með skipum sem er gamalreyndur þáttur og hefur alltaf verið hjá okkur og oft reynst vel og verið eðlilegur aukaþáttur í sambandi við það hvernig aflanum er komið á erlendan markað.

Maður spyr hvort markaðurinn eigi að verða til þess að byggja upp nýja leið til hráefnisöflunar fyrir fiskvinnslufyrirtækin sem eru til staðar í landinu, þ.e. er líklegt að fyrirtækin fari inn á þennan markað og afli sér hráefnis á þann veg eða heldur áfram sú leið, sem notuð hefur verið hingað til, að viðkomandi fyrirtæki hefur tryggt sér viðskiptaskip, viðskiptabáta til að annast öflun hráefnisins? Er líklegt að fyrirtæki í Reykjavík t.d., ef hér kemur fiskmarkaður, eins og Grandi sem er stærsta fiskvinnslufyrirtæki landsins og á hvað stærstan togaraflota til að afla hráefnis fyrir fyrirtækið, er líklegt að Grandi hf. láti sína togara landa í hugsanlegan fiskmarkað hér í Reykjavík og láti verðmyndun á afla skipanna verða á þann veg? Mér finnst þetta eins og er frekar ótrúleg leið þó að ég ætli ekki að fullyrða að það verði ekki gert.

Mér finnst að nefndin hefði þurft að kanna hug aðila eins og forustumanna Granda og annarra frystihúsa áður en þetta frv. var lagt fram. Það hefði verið mikið æskilegra að þetta hefði legið fyrir. Eru útgerðarmenn og frystihúsaeigendur tilbúnir að standa að því að komið verði á opnum fiskmarkaði og munu þeir leita þeirra leiða til að afla sér hráefnis að láta verðmyndunina eiga sér stað á markaði í staðinn fyrir að ganga út frá ákveðnu fiskverði og láta viðkomandi skip landa beint til sinnar fiskvinnslustöðvar. Því miður hefur þetta ekki verið gert.

Það kemur heldur ekki í ljós í grg. nefndarinnar og upplýstist heldur ekki í ræðu hæstv. ráðh. hvert væru sóttar fyrirmyndir að þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir um uppboðsmarkað. Reyndar nefndi ráðherra að það væri í Danmörku einhver lagarammi í sambandi við uppboðsmarkað. Ég hefði haft áhuga fyrir að vita áður en málið kom til umræðu á Alþingi hvernig þessum málum er háttað t.d. í Noregi. Er þetta í Norður-Noregi, í Lofoten, á þann veg að þar sé aflinn á uppboðsmarkaði? Aflar Findus sér, ég held að það sé á öfugan veg, t.d. í Norður-Noregi, hráefnis með því móti að sækja fisk á uppboðsmarkað? Ég held að það sé ekki. En það hefði verið gott að þetta hefði verið í áliti nefndarinnar og það hefði sést hvert er verið að leita fyrirmyndar. Hvernig er þetta almennt í Danmörku? Og hvernig er þetta í Nýfundnalandi sem við oft erum að ræða um og er eitt af samkeppnislöndum okkar í útflutningi á sjávarafurðum? Ég held að það væri mikið eðlilegra að við leituðum fyrirmynda og öfluðum okkur góðra upplýsinga um hvernig þetta er gert í þeim löndum sem ég hef nefnt hér, sem öll eru útflutningslönd á sjávarafurðum, en að við værum að taka okkur fyrirmyndir, sem mér finnst hálfpartinn skína í gegn, frá fiskmörkuðum í löndum þar sem fyrst og fremst neysluþjóðirnar eru, þar sem í raun og veru er verið að selja inn á neyslumarkaðinn, ekki inn á framleiðslumarkað eins og er hjá okkur. Þetta kemur hvergi fram í frv., en þetta eru þættir sem við þurfum að kanna mjög vel í nefndinni.

Í framhaldi af því sem ég var að nefna áðan um hverjir það yrðu sem mundu sjá fyrir hráefni á fiskmarkaðina, hvort það mundi vera meginhluti togaraútgerðarinnar t.d. hér í Reykjavík, er rétt að spyrja þeirrar spurningar: Hverjir eru líklegir kaupendur á markaðnum? Hverjir koma til að bjóða í? Þegar við höfum ekki svar við fyrri spurn-

ingunni um hvaða skip muni landa í markaðinn er erfitt að finna svar við hinni af því að þeir eru þar af leiðandi að vissu leyti utan gátta, en ef togararnir koma ekki inn á markaðinn og þarna verður aðeins um hugsanleg aukaskip að ræða, segjum ef það kæmi markaður í Reykjavík að það kæmi kannske skip úr Keflavík. Það eru víst fá eftir þar. Segjum þá vestur á Snæfellsnesi. Nokkur eru eftir þar þó það hafi komið skarð í. (**Gripið fram í:** Enn þá.) Enn þá. Eða þá bara trilluflotinn í Reykjavík. Þá er líklegast við allar venjulegar aðstæður að þeir sem koma til með að bjóða í á fiskmarkaðnum hér í Reykjavík verði fisksalarnir sem sjá Reykvíkingum fyrir soðmeti. Það er ósköp eðlilegt. Það eru einmitt sömu mennirnir og bjóða í á Englandi og Þýskalandi, sjá sínu næsta umhverfi fyrir þessari vöru til neyslu. Því miður held ég að það yrði lítið úr reisn fiskmarkaðar við þær aðstæður og hann væri lítt marktækur. Vitaskuld mundu fisksalarnir við vissar aðstæður bjóða vel. Það gera þeir alltaf. Við þekkjum að þeir skjótast suður á Suðurnes og vestur á Snæfellsnes og bjóða í fiskinn og fá fisk og selja síðan Reykvíkingum í soðið.

Til viðbótar kæmi einn hópur enn þá, en ég hélt að það væri ekki stefna sjútvrh. að stuðla að því að sá hópur yrði mikið stærri en er nú þegar, þ.e. ýmsir smáverkendur. Það er mjög trúlegt að við vissar aðstæður yrði til þó nokkur hópur manna sem kæmi á fiskmarkað að kaupa fisk þegar heppilegar aðstæður væru til að losna við hann og ekki síst þegar líkur væru fyrir því að sá markaður byði sæmilegt verð, ef það væri búið að þróa hann upp í það t.d. að hann væri markaður sem tæki við afla netabáta, toppafla og þess háttar til þess að framleiða í skreið eins og frægt var á ákveðnu tímabili. Í öðrum hverjum skúr í sjávarplássunum fóru menn að framleiða skreið. Menn hafa brugðið fyrir sig líka að fara í smáverkun með saltfisk og jafnvel, núna eftir að tækni hefur aukist, er mjög auðvelt að koma upp handhægum frystiklefum og frystitækjum. Líkur eru fyrir því að þetta væri hin mesta og besta gróðrarstía fyrir slíka uppákomu. Þetta væri ekki góð þróun. Hún væri frekar neikvæð. Þá gæti farið svo í sambandi við kvótalög og reglur að það yrði að koma eitthvað það sem menn þekkja hér og nefnt hefur verið fullvirðisréttur. Menn þyrftu að hafa rétt, vera búnir að búa sér til rétt til að kaupa fisk af þessum markaði o.s.frv. og það yrði farið að gefa út reglur um hverjir mættu gera þetta og hverjir ekki eins og er að meginhluta til í aðalundirstöðuatvinnuvegum okkar, bæði sjávarútvegi og landbúnaði, og ráðherrar Framsfl. hafa verið sérstaklega iðnir við að búa til reglur um. Hér er ein reglan í viðbót að koma þar sem það skal vera bundið leyfum hvort markaðir koma upp á þessum eða hinum staðnum eða ekki.

Og hvað gerist ef markaður verður leyfður í Reykjavík, sem stefnir að, eða í Hafnarfirði? Hvaða áhrif hefur það á þróun mála í umhverfinu? Verður þessi markaður til að leggja grunn að fiskverði sem komi til með að gilda yfir allt landið? Og ef markaður er kominn upp í Reykjavík, hver á að hamla gegn því að það komi þá markaður líka upp á Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Norðurlandi o.s.frv.? Ef fiskmarkaður er aðeins á einum stað hljóta að koma ýmsir annmarkar í ljós. Það verður vitaskuld kallað á það, ef sá markaður yrði til þess að lyfta upp fiskverði, að fiskverð um allt land taki mið af því. Það gæti vel verið að fiskmarkaður sem færi af stað í Reykjavík fengi fisk af smábátaflotanum sem hér er og landar hér dag frá degi, landar yfirleitt að stórum hluta til fisksalanna, en togararnir vildu ekki landa á þennan markað. Það gæti orðið ansi skemmtilegt verð sem myndaðist út úr því að hér væru nokkur tonn á uppboði en meginaflinn færi fram hjá. Þá er ósköp eðlilegt að þarna skapist viðmiðunarverð. Hvernig á að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður skapist?

Áætlanir nefndarinnar eru fyrst og fremst áætlanir um rekstur fyrirtækisins. Það er kannske rangt að segja að það sé frekar erfitt að byggja á þeim og maður finni fyrir því að þarna sé um áætlunarplagg að ræða sem sé vafasamt að menn séu tilbúnir að leggja eitthvert fjármagn í til að byggja upp hlutafélag vegna þess að það eru svo margir hlutir óþekktir og þarna er verið að leggja í ákveðna áhættu. Þess vegna finnst mér að liggi einhvern veginn í loftinu að ef markaður verður byggður upp í Reykjavík og kannske annar í Hafnarfirði sé verið að gera það sem menn vildu forðast og voru að losa sig við síðustu árin, það þyrfti að verða hálfgert bæjarútgerðarsnið á því eins og var á bæjarútgerðum hér á undanförnum árum, það þyrfti að vera einhver ábyrgðaraðili til að tryggja að þessi rekstur gæti gengið einhvern ákveðinn tíma. Þetta segir okkur ekki neitt öðruvísi. Ég er bara sammála því að tryggja frelsið, sjá um að frelsið njóti sín, almenningur komi með þening og tryggi að það komi einhver reynsla af frelsinu og beinlínis að búa til plan um 60 tonn, 100 tonn, 150 tonn eða einhverjar tölur sem nefndar eru í áætluninni. Það segir að daglega þurfi það að fara í gegnum þennan markað til þess að hann standi undir sér. Ég held að það sé eins og annað með sjávarútveginn að við rennum þar ansi blint í sjóinn og kannske miklu blindar í sjóinn með það hvað skilar sér inn á markað en þegar við erum að fara út á miðin sem við erum farin að þekkja vel og vitum hvernig eru.

En sama er það. Ég tel að þetta mál þurfum við að afgreiða á hv. Alþingi í vetur og best væri að leggja áherslu á að vinna þetta eins fljótt og kostur er, en nauðsynlegt er að vinna það vel og við þurfum að gefa okkur tíma til að fara yfir það ítarlega.

Ég sé að fundartími okkar í hv. deild er farinn að skerðast og ekki vil ég, eftir þau orð sem ég hef sagt hér um að við þyrftum að flýta afgreiðslu þessa máls, verða þess valdandi að við komum ekki málinu út úr deildinni. Ekki ætla ég að standa a.m.k. allan fundartímann hér í pontunni.

En í lokin vil ég endurtaka það sem ég sagði í upphafi: Mér finnst því miður að þetta frv. sé að

meginhluta til komið fram eins og dúsa upp í þá sem eru í vandræðum með kvótann og fiskveiðistefnuna til að fara að tala um eitthvað annað en það sem beinlínis liggur á mönnum núna, liggur á. Og menn finna fyrir hvernig staðan er. Það er að koma upp hvað á fætur öðru sem staðfestir að sú fiskveiðistefna sem hæstv. ráðh. heldur uppi er að brotna sundur í höndunum á honum. Það er meira að segja verið að gera þannig lagaða samninga um sölu á skipum að það eru settar þær kvaðir inn að því skuli ekki vera haldið fram af seljanda að þetta hafi átt sér stað á þessum eða hinum degi eða það sé gert neitt til að skerða þá möguleika að viðkomandi skip haldi sínum kvótarétti, að það sé hætta á því út af áramótum að skip þurfi að fara í sóknarmark. Það þarf að gera samninga til þess að komast fram hjá fiskveiðistjórnuninni. Allt er þetta á eina bókina lært. Þetta er annað dæmið um út í hvaða vitleysu þessi fiskveiðistjórnun er að leiða okkur sem ég nefni hér í ræðustólnum núna og ég skal nefna fleiri dæmi þegar við höldum áfram að ræða þetta mál þegar það kemur til 2. umr.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða við hv. síðasta ræðumann um fiskveiðistefnu og tengsl þessa máls við fiskveiðistefnuna sem ég sé nánast engin. Hitt er svo rétt að upplýsa hv. þm. um að ég veit ekki betur en að nú þegar hafi safnast um 20 millj. kr. í hlutafjárloforðum í fyrirtæki um fiskmarkað hér í Reykjavík og ég held að ég fari rétt með að það sé aðeins mjög lítill hluti af því frá Reykjavíkurhöfn sem væri eini aðilinn sem kallast gæti opinber.

Ég nenni heldur ekki að fara að tala við hv. þm. um rýrnun á fiski sem fer til útlanda. Ég get aftur tekið undir það með honum að við vitum ekki nákvæmlega hvað gerist með tilkomu fiskmarkaðar. Það hefur verið ótti meðal fiskverkenda og útvegsmanna úti á landi um að þeir sætu ekki við sama borð varðandi fiskverð og aðrir með tilkomu slíkra markaða hér á suðvesturhorninu. Það er líka alveg ljóst að það eru tveir aðilar við Eyjafjörð sem hafa mikinn áhuga á að setja á stofn slíkan markað. Ég veit það og veit að hv. þm. í deildinni vita það líka að t.d. Útgerðarfélag Akureyringa hefur kosið það nú að bjóða í fisk af sínum eigin skipum. Það býður sínum skipshöfnum nú að minnst 10% aflans verði seld á því verði sem fengist fyrir gámafisk á þeim tiltekna tíma. Það er augljóst hvað þetta hefur í för með sér. Maður gæti hugsað sér skip Granda hf. þar sem mér er kunnugt um að áhafnir hafa farið fram á að 15% verði seld á slíkan máta. Maður gæti vel hugsað sér að áhafnir togara gerðu þær kröfur að það nýjasta úr aflanum yrði selt á þennan hátt, það yngsta af aflanum. (**SkA:** Þið gætuð farið á hina hefðbundnu íslensku markaði.) Það sem hv. þm. var að segja er nú einu sinni það sem gerist. Af því að hann er fiskverkandi sjálfur þekkir hann að þar sem togarar landa fiski er byrjað á elsta fiskinum og aldrei verið að vinna nýjan fisk. Það er því miður staðreyndin, hv. þm.

Hins vegar var ég feginn því eftir allminnistæðar ræður sem hv. þm. flutti fyrir jólin að hann getur verið sammála einhverju sem hæstv. sjútvrh. leggur fram. Hann talaði þá mikið um að við stjórnarþingmenn dönsuðum í kringum einiberjarunninn þegar hæstv. ráðh. legði fram frv. Nú virðist hann ætla að gera það líka og ég get ekki annað en fagnað því að hann sé kominn með, þó hann þyrfti náttúrlega að taka einstaka víxlspor í leiðinni.

Ég lýsi því sem sagt yfir að ég er í grundvallaratriðum sammála þessu frv. og samþykkur því. Ég tel ekki mikla hættu á því að það fari mjög margir aðilar af stað í slíkan atvinnurekstur nú þegar. Mér finnst engin ástæða til þess að við leggjum af stað með mjög stórt eða dýrt bákn í þessum efnum. Það væri svo sem ágætt ef við kæmumst af með eitt fyrirtæki. Við megum heldur ekki gera of miklar kröfur í byrjun. Ég bendi á 3. gr. frv. Þar er vitnað í lög um Ríkismat sjávarafurða og reglur sem settar eru með stoð í þeim um húsnæði og búnað. Það getur orðið nokkuð dýrt ef það ætti að fara mjög nákvæmlega út í það, en það er líka tekið fram að það sé eftir því sem við getur átt og ég get ekki ímyndað mér að menn ætlist til þess að það sé farið mjög nákvæmlega út í flísalagnir, fjölda hreinlætistækja, málningu, lýsingu o.þ.h. Reyndar finnast mér óþarflega mörg smáatriði í þessu frv. Ég ætla ekki að fara að telja þau upp. Ég tek undir það og legg áherslu á það að við fáum mjög gott tækifæri til að ræða við forstöðumenn Granda eða stærstu fyrirtækjanna í Hafnarfirði í hv. sjútvn. Ég er viss um að þeir munu skýra sín sjónarmið vel.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta öllu fleiri orðum. Ég veit að við fáum tækifæri til að ræða það betur í nefndinni og síðar í þinginu.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla er frv. sem beðið hefur verið eftir og þrýst á að kæmi fram. Það hafa fæðst hugmyndir um það í hinum ýmsu byggðum að koma á uppboðsmarkaði, en skort hefur lagasetningu til að það væri unnt.

Ég vil í upphafi segja að ég er í aðalatriðum sammála frv., það er einfalt og leggur ekki of miklar kvaðir á þá sem að þessu munu standa. Það væri miður ef svo væri gert og er rammi til þess að byggja á. Vera má að í nefndarstörfum komi fleira í ljós, en ég tel að skynsamlegt sé að hafa þennan lagaramma svo knappan sem raun ber vitni.

Hvað varðar uppboðsmarkað á ég von á að í framtíðinni verði minna um það en mann grunar að fiskur verði keyrður upp í hús til uppboðs heldur fari þessi viðskipti fram meira og minna í gegnum fjarskipti og ég hygg að svo sé þróunin í öðrum löndum. Það er deilt um hvernig með þessi mál skuli fara og margir hafa athugasemdir fram að færa við það ef fyrirhugað er að geyma aflann eða setja hann

inn í hús. Þær röksemdir sem færðar eru fram í því eru þær sem hv. 4. þm. Vesturl. ræddi um hér áðan og varða rýrnun á fiskinum. En ég hygg að hægt sé að komast hjá því ef ýtrasta tækni er notuð til þessara hluta.

Þessa markaði er hægt að setja hvarvetna á landinu svo framarlega sem menn uppfylla þau skilyrði sem um getur í 2. gr. Við skulum vænta þess að menn á Suðurnesjum og Snæfellsnesi uppfylli þau skilyrði að vera fjárráða eða hafa forræði á búi sínu þótt menn gruni það, ef svo heldur áfram sem horfir að skip og bátar streymi a.m.k. frá Suðurnesjum, að erfitt verði að uppfylla þessi skilyrði. Hitt er annað að ég vona að svo verði ekki.

Það var vísað áðan til annarra þjóða. Yfirleitt er það að svona uppboðsmarkaðir eru þar. Ef rætt er um Noreg og Nýfundnaland má geta þess að sums staðar í Noregi eða á flestum stöðum eru uppboðsmarkaðir og einnig á Nýfundnalandi, en hafa verður í huga að í þessum löndum eru fiskveiðar nokkurs konar atvinnubótavinna sem við getum lítt jafnað okkur við.

Menn velta fyrir sér hvernig þessi markaður kunni að verka. Ég held því fram að hann geti orðið til mikilla bóta í ýmsum tilvikum. Okkur er öllum kunnugt um að fiskur er mikið fluttur út í gámum núna eða beint eftir öðrum leiðum. Ég veit að t.d. í desember s.l. skorti fisk í frystihúsunum hér suðvestanlands, en skipin sigldu grimmt til annarra landa með fiskinn. Þar fékkst mjög lágt verð og ég hygg að það hafi ekki borgað sig að selja á erlendum markaði eftir þeim leiðum sem var gert þar, í gámum. Ég hygg að frystihúsin hefðu getað boðið í þennan fisk ef hann hefði verið á uppboðsmarkaði og fengið fiskinn og vinnuna hingað heim í stað þess að útgerðin þyrfti að lúta því verði sem var erlendis, mjög lágt verð, undirverð ef svo mætti segja.

Það mætti taka ýmsa aðra þætti til og rökstyðja að það sé ástæða til að setja upp markaði til að vera í takt við tímann, en ég læt það vera í þetta sinn, mun geyma það til 2. umr. og í nefnd. Ástæða væri líka til að ræða um fiskveiðistefnuna sem birtist í sinni verstu mynd suður á Suðurnesjum sem eru að missa sín aflaskip annað. Það mætti rekja það hvers vegna það er, hvers vegna sú þróun hefur orðið, hvers vegna sjávarútvegur er að brotna niður á þessum svæðum, en tími vinnst ekki til þess núna. Ég held að ég geymi frekari umræður þar til síðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

36. fundur, miðvikudaginn 21. jan., kl. 3 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það leyndi sér ekki í umræðunum í fyrradag að það er skammt til kosninga. — Ég hefði viljað hafa hv. 5. þm. Austurl., Hjörleif Guttormsson, hérna við umræðuna.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væri auðséð að stutt væri í kosningar. Hv. þm. lét sér það sæma að segja að ég væri á móti þriðja stjórnsýslustiginu. Ég vil í því sambandi lesa niðurlag ræðu minnar, sem ég hef hérna fyrir framan mig, með leyfi forseta.

„Ég hef sagt það í mörg ár að ef Alþingi Íslendinga leysir ekki þessi mál er engin spurning að það verður uppstokkun í öllum stjórnmálaflokkum sem nú eru. Það er ekki spurningin hvort það verður, það er spurningin hvenær það verður ef ekki verður hlustað á þessi mál. Því er það áríðandi og er í sjálfu sér komið á elleftu stundu að hv. alþm. taki þessi málefni til yfirvegunar og athugunar, nema þeir vilji láta þessi mál þróast áfram eins og ég tel að þau séu að gerast í dag og taka þá afleiðingunum af því. Það er enginn vafi á því að menn sætta sig ekki við þá skiptingu, hvorki launamun né aðstöðumun, og þess vegna er ekki nóg að flytja svona mál. Ef Alþingi ætlar að hundsa þetta aftur, taka ekki hvert atriði eða a.m.k. mikilvægustu, þýðingarmestu atriðin til könnunar og yfirvegunar og athuga hvort það eru aðrar leiðir til að ná því markmiði sem þau samtök sem sömdu þetta, þ.e. samtökin um jafnrétti milli landshluta, settu sér, þá mun sú þróun verða sem ég hef hér komið inn á."

Hvað segir þetta? Ég treysti mér ekki til að segja að eitt eða annað atriði sé það rétta í þessu efni. Ég vil ekki segja að það sé eina leiðin að stofna fylki. Það getur verið um annað að ræða í því sambandi, annað stjórnsýslustig sem e.t.v. kæmi að svipuðu gagni. En ef Alþingi athugar ekki þetta frv., og heyrist ekkert frá því nú, þá lít ég svo á að það sé enginn vilji fyrir því eða skilningur til að hlusta á þetta mál og þá mun ég alveg án umhugsunar leggjast á sveif með þeirri hugmynd, að vísu mun ég reyna að breyta einhverju sem felst í þessu frv., m.a.s. um fylkjaskipan ef við finnum ekki í sameiningu aðra leið til að ná þessu marki.

Hv. 5. þm. Austurl. ræddi um þá landbúnaðarstefnu sem hefði ríkt hér síðustu ár, en hann minntist ekki á það sem gerðist í þeirri ríkisstjórn þar sem hann var ráðherra fyrir Alþb. og þá afstöðu sem hans flokkur tók í sambandi við málefni landbúnaðarins. Ég vil minna hann á t.d. mánaðamótin júlí og ágúst 1982 þegar það var skilyrt af hálfu Alþb. að ef tekið yrði á verðbólgumálunum þá yrði að draga úr

útflutningsbótum til landbúnaðarins. Hvað hefði það þýtt ef fallist hefði verið á þetta miðað við þá miklu þörf sem var þá fyrir hendi í sambandi við uppbætur til að flytja út landbúnaðarafurðir?

Í sambandi við lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins og fleira, sem við breyttum 1979, þá lagði ég það til við þáv. landbrh. að breyta jarðræktarlögunum á þann veg að það yrði tímabundið í fimm ár dregið úr styrk til ýmissa framkvæmda en að bændur héldu þessu fjármagni næstu fimm ár til þess að byggja upp eitthvað annað vegna þess að þá blasti við að draga yrði úr framleiðslu hinna hefðbundnu búgreina. Hvernig var svo staðið við þetta? Frv. var flutt. Það fór í gegnum þingið. Fyrsta árið var staðið við þetta. Hver var þá fjmrh. í þeirri ríkisstjórn? Það skyldi þó ekki hafa verið Alþýðubandalagsmaður? Þetta var sem sagt svikið og þess vegna var sá tími ekki notaður til þess að byggja upp eitthvað annað á þessum árum. Hv. þm. var ráðherra í þeirri ríkisstjórn og hefði getað haft áhrif á þessi mál. En niðurstaðan varð sú að við fengum ekki þetta fjármagn. Þetta var svikið og því fór sem fór. Þó það séu ekki miklir fjármunir, rúmar 100 milljónir eða eitthvað á annað hundrað milljónir, sem hefðu fengist með þessu, a.m.k. miðað við núgildandi verðlag, annars hef ég ekki upphæðina hér við hendina, voru þetta verulegir fjármunir þá og hefðu getað bjargað nokkuð miklu.

Nú stendur þannig á að ekki náðist samkomulag um að draga úr framleiðslunni á lengri tíma eins og bent var á og barist var fyrir, þ.e. til ársloka 1990. Ég ætla ekki að fara að lesa upp hér og nú úr framsöguræðu minni um það mál, en þar kemur fram að ég óttaðist það sem nú er orðið að veruleika að bændur og þeir sem landbúnað stunda misstu svo miklar tekjur að það væri í raun verið að svelta þá út af jörðunum. Þetta er orðin staðreynd, því miður, og það er engin leið að bjarga þessu máli öðruvísi en að breyta til á þann veg að þetta taki lengri tíma og að eitthvað annað verði byggt upp, einhver önnur framleiðsla í strjálbýli, a.m.k. áður en lengra er gengið. Það er búið að ganga of langt að mínum dómi í að skerða þessa framleiðslu.

Ég ætla ekki að fara út í þau mál frekar. Það gefst sjálfsagt tími til þess hér síðar. En það er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að landsbyggðin stendur frammi fyrir miklum vanda og raunar þjóðin öll. Hitt vil ég að komi fram sem satt er að Alþýðubandalagsmenn eru ekki engilhreinir í þessu máli.

Ég ætla ekki að fara út í þetta málefni frekar. Ég rakti nokkur atriði í fyrri ræðu minni sem ég vildi láta skoða betur og íhuga. Ég tek það aftur fram að ef nefnd sú sem fær þetta til umfjöllunar leggst á þetta frv., þá er það áreiðanlegt að ýmsir taka það svo að ekki sé áhugi á að leita annarra leiða í þessu efni og þá er búið að sýna sig að það er ekki vilji fyrir að fara aðrar leiðir eða ná þessu marki með öðrum hætti, og þá er ekki um annað að ræða en að styðja þetta frv. í meginatriðum og þar með fylkjaskipunina.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. er hið merkasta mál og vert mikillar umhugsunar og umræðu. Því miður hefur staðið svo á þegar þetta mál hefur verið til umræðu áður hér í þinginu að ég hef verið vant við látin og nú síðast reyndar í forsetastóli svo ég hef ekki getað tjáð mig um það héðan úr ræðustóli.

Hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti eftir stefnu Kvennalistans og afstöðu til frv. hér s.l. mánudag. Hann er nú því miður ekki viðstaddur til að hlýða á þá afstöðu. Hann ræddi m.a. mikið um þriðja stjórnsýslustigið, eins og reyndar ýmsir aðrir í þessum umræðum sem vonlegt er, og virðist ekki hafa tekið eftir svörum Kvennalistans sem birt eru í títtnefndri skýrslu byggðanefndar þingflokkanna sem kom út í júlí s.l. En aftarlega í þeirri skýrslu eru birt þessi bréfaskipti formanns byggðanefndar þingflokkanna og fulltrúa þingflokkanna. Þar er bréf frá Kvennalistanum, dagsett 2. maí 1985, eða ekki alllöngu eftir að bréf formanns barst þingflokknum, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Kvennalistans hefur fjallað um þær fjórar meginspurningar sem mótast hafa í störfum byggðanefndar þingflokkanna, en er ekki tilbúinn til þess að svara þeim ákveðið og endanlega né leggja fram fastmótaðar tillögur. Aðalástæða þess er að Kvennalistinn er enn að skjóta öngum úti á landsbyggðinni, þaðan sem við viljum helst fá hugmyndir og ákveðnar tillögur um þróun byggðastefnu. Að þessum fyrirvara gefnum eru svör okkar á þessa leið:

1. Hvað eiga stjórnsýslustig í landinu að vera mörg?

Svar: Sennilega er nauðsynlegt að þau verði þrjú, sérstaklega með tilliti til þess að illa hefur gengið að fá sveitarfélög til að sameinast og auka bolmagn til framkvæmda með því móti. Við teljum rétt að leggja áherslu á minnstu einingunga og erum eindregið andvígar því að valdbjóða breytingar á hreppamörkum sem eru ákaflega viðkvæm. Öðru máli gegnir með þjónustusvæði sem ekki þarf að taka mið af öðru en landfræðilegri hagkvæmni, svo og þeim fjölda sem þarf til að bera þjónustuna uppi. Þriðja stigið, eða öllu heldur miðstigið, er því nauðsynlegt til þess að taka við verkefnum frá ríkinu. Ekki er þó hægt að líta alveg fram hjá þeirri staðreynd að með tilkomu millistigs kann ákvarðanataka að reynast flóknari og erfiðari og rifrildið færast heim í hérað í stað þess að nú geta menn látið sér nægja að skamma þingmenn kjördæmisins fyrir að taka einn skóla fram yfir annan, þessa sveit fram yfir hina.

2. Við hvað eiga stærðarmörk neðstu stjórnsýslueiningarinnar að miðast?

Svar: Samanber svarið við fyrstu spurningu teljum við hvorki rétt né fært að setja slík mörk.

3. Hvernig á að tryggja virkara lýðræði og aukna valddreifingu með skipulagi, verkefnum og kosningareglum fyrir miðstig stjórnsýslunnar?

Svar: Miðstigið taki fremur mið af landfræðilegri

hagkvæmni en núverandi sýsluskipan. Miðstigið taki við verkefnum af ríkinu, svo sem á sviði menntunar og menningarmála, heilsugæslu, samgangna, brunavarna og skipulagsmála. Til þessa stjórnsýslustigs verði kosið beinni lýðræðislegri kosningu án takmörkunar á kjörgengi.

4. Hvernig á að skipta tekjustofnum og fjárhagslegri ábyrgð milli sveitarstjórna, héraðsstjórna og ríkis?

Svar: Með aukinni ábyrgð og auknu framkvæmdarvaldi verða heimastjórnir einnig að fá aukið vald til tekjuöflunar. Best væri ef þeim yrði treyst til þess að sjá um þann þátt sjálfar, auk þess sem ríkisvaldið hlýtur að verða að gefa eftir af sínum rétti til neysluskatta. Að auki hlýtur svo ríkið að veita fé beint til sérstakra framkvæmda sem eru stærri en svo að héruðin ráði við þau."

Undir þetta ritar sú sem hér stendur því svo stóð á að þegar þessi bréfaskipti fóru fram var ég formaður þingflokks en auk þess átti ég sæti í þessari ágætu nefnd svo það má kannske segja að hér hafi ég verið að svara sjálfri mér, en allt var það nú í fullu samráði við stöllur mínar í þingflokknum.

Ég vil svo aðeins benda á það að bréfið frá formanni byggðanefndar þingflokkanna var sent 27. febr. 1985. Svar þingflokks Alþfl. barst u.þ.b. mánuði síðar og svar þingflokks Kvennalistans stuttu þar á eftir eða 2. maí 1985. Svar þingflokks framsóknarmanna barst hins vegar ekki fyrr en rúmlega ári síðar svo eitthvað hefur svarið staðið í þeim. Að vísu virðist sá sem undirritar bréfið hafa talið það eitthvað nýrra, þ.e. bréf formanns byggðanefndar, því að í upphafi bréfsins talar hann um bréf byggðanefndar þingflokkanna frá því í febrúar 1986, en það var sent 1985. Sama er að segja um svar þingflokks sjálfstæðismanna sem svöruðu enn síðar en framsóknarmenn eða í júní 1986. Svar þingflokks Alþb. barst hins vegar aldrei. (**KP:** Hvað sagði hv. þm.?) Svar þingflokks Alþýðubandalagsmanna barst aldrei. (**KP:** Aldrei?) Nei, aldrei. Það er a.m.k. ekki prentað í skýrslu byggðanefndar þingflokkanna og veit ég ekki um ástæður þess að þetta svar barst aldrei. En það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, eins og við hv. þm. Karvel Pálmason vitum, að þingflokkur Alþb. átti hinn ágætasta fulltrúa í nefndinni.

Í þessu svari sem ég las hér áðan frá þingflokki Kvennalistans kemur sem sagt fram hugur okkar Kvennalistakvenna í sambandi við þær hugmyndir um breytingar á stjórnskipun sem til umfjöllunar voru í byggðanefnd þingflokkanna. Það þykir e.t.v. ekki nógu skorinort, mér fannst það ekki sjálfri, en eins og tekið er fram í svarinu, þá fannst okkur þetta mál ekki hafa fengið næga umfjöllun og ekki nógu víðtæka umfjöllun innan okkar raða. Þetta frv. sem hér er til umfjöllunar er að mínu mati stórmerkilegt mál. Það er ekki síst merkilegt fyrir þá staðreynd að það er samið af embættismönnum kerfisins, það er ekki samið af ráðherraskipaðri nefnd, heldur af fólkinu sjálfu, ef svo má taka til orða, þ.e. af því fólki sem má reyna allar aðstæður á eigin skinni. Það væri nú skárra ef Kvennalistinn tæki ekki mark á hugmyndum slíks hóps og væri meira en til í að ræða þær. Ekki síst þar sem ein þeirra, sem sæti á í stjórnarskrárnefnd Samtaka um jafnrétti milli landshluta, er engin önnur en fyrsta varaþingkona okkar landskjörinna Kvennalistakvenna, Málmfríður Sigurðardóttir, sem er þm. kunn eftir að hafa setið tvisvar á þingi á þessu kjörtímabili.

Landsbyggðin hefur vissulega farið halloka fyrir Reykjavíkurveldinu á síðari árum og eru sannarlega virðingarverðar allar tilraunir landsbyggðarfólks til að snúa vörn í sókn. Öflugasta aðgerðin á því sviði eru Samtök um jafnrétti milli landshluta sem starfað hafa af krafti og komið miklu róti á umræður um þessi mál. Slíkar aðgerðir, sprottnar af þörf fólks til þess að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi, eru mjög af hinu góða.

Ástandið í byggðaþróun hér á landi er þannig að árin 1984–1985 fækkaði fólki á landsbyggðinni í beinum tölum reiknað en slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945–1946, þar eð náttúrleg fjölgun hefur vegið upp fækkun vegna flutninga. Þessi þróun á rætur í þeim erfiðleikum sem sjávarútvegur og landbúnaður eiga nú við að etja og þeim stórfelldu breytingum og endurskipulagningu sem þessar atvinnugreinar ganga nú í gegnum. Þetta er auðvitað að mörgu leyti eðlileg þróun, eðlileg afleiðing þeirrar tæknibyltingar sem veldur því að nú þurfum við mörgum sinnum færra fólk til þess að afla og framleiða margfalt meira magn afurða í þessum undirstöðugreinum okkar. En erfiðleikar landsbyggðarinnar eru einnig afleiðing af samdráttarstefnunni í ríkisfjármálum sem hefur bitnað harkalega á landsbyggðinni. Og fækkun fólks á landsbyggðinni á einnig rætur í breyttum og vaxandi kröfum fólks til félagslegrar og menningarlegrar þjónustu og fjölbreytts mannlífs á alla lund. Síauknar kröfur um menntun og sérhæfingu á öllum sviðum, breytingar á fyrirvinnuhlutverkinu, síaukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu samhliða breyttri stöðu þeirra í þjóðfélaginu, allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á þróunina.

Af kynnum mínum og samtölum við konur alls staðar á landinu virðist mér tvennt liggja þeim þyngst á hjarta hvar sem þær eru búsettar. Það er einhæfni atvinnulífsins og erfiðar aðstæður til menntunar. Það er fyrst og fremst þetta tvennt sem þarf að breyta. Kvennalistinn hefur gert ýmsar tillögur um að bæta aðstöðuna í skóla- og menntunarmálum, svo sem um námsgagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, um fjölgun skólaselja svo að engin börn undir 10 ára aldri þurfi að dveljast í heimavist. Þá hefur Kvennalistinn hvatt til eflingar fullorðinsfræðslu og lagt fram frv. til laga um fjarnám sem mundi gjörbreyta að okkar mati aðstöðu fólks um allt land til náms og símenntunar. Miðstöðvar fjarnáms gætu m.a. verið í hinum myndarlegu byggingum víða um landið sem hafa hýst héraðs- og húsmæðraskóla sem nú standa á nokkr-

um tímamótum.

Það skiptir ekki minna máli hvernig til tekst með atvinnuþróun á landsbyggðinni. Fjölgun starfa hefur á síðustu árum orðið fyrst og fremst í þjónustugreinum og að flestra áliti mun svo verða áfram í náinni framtíð. Það veltur því á miklu hvar á landinu þessi störf verða til. Landsbyggðin þarf að fá aukna hlutdeild í þeirri atvinnusköpun sem á sér stað í þjónustugreinunum. En líkurnar til þess að svo megi verða eru að miklu leyti háðar því hvort okkur auðnast að gera umtalsverðar breytingar á stjórnkerfi landsins sem færi landsbyggðinni aukna sjálfstjórn og forræði um eigin málefni og aflafé.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt áherslu á nauðsyn þess að færa ábyrgð og verkefni nær fólkinu sjálfu og tryggja rétt þess til þess að hafa áhrif á eigið líf og aðstæður. Og ég sé ekki betur en að það frv. sem hér er til umræðu sé að mörgu leyti í samræmi við hugmyndir okkar í þessa veru. Ég játa það nú hreinskilnislega að ég hef ekki lagst í meiri háttar vangaveltur og rannsóknir á einstökum greinum eða orðalagi, en tel mig geta fullyrt að hér er um tillögur að ræða sem Kvennalistakonur geta í meginatriðum fellt sig við og vilja gjarnan skoða betur.

Í sumum greinum höfum við jafnvel viljað ganga lengra og flutt um það tillögu. Þar á ég m.a. við 92. gr. þessa frv. Á þskj. 92 er till. til þál. um þjóðaratkvæði. Fyrsti flm. er þar María Jóhanna Lárusdóttir sem sat í stað Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur um tíma á haustþingi. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Komi fram slík krafa um mál, sem er til meðferðar á þingi, skal fresta endanlegri afgreiðslu þess þar til þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Kjósendum skal gefinn eðlilegur tími til að kynna sér það mál er kjósa á um, en niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar skal þó liggja fyrir eigi síðar en 12 vikum eftir að hennar er óskað."

Þannig hljóðar þessi till. og gengur þannig töluvert lengra en till. sú sem borin er fram í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er á dagskrá.

María Jóhanna Lárusdóttir flutti einnig frv. sem er á þskj. 85, til breytinga á lögum um sveitarstjórnir sem felur í sér aukinn rétt almennra borgara til umfjöllunar um einstök sveitarstjórnarmálefni og til þess að krefjast atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þessi þingmál sýna hug Kvennalistakvenna í þessum málum og kannske ekki miklu við þetta að bæta.

En það er eitt atriði sem mér finnst þurfa að gaumgæfa vel og það varðar rétt okkar til áhrifa á landsstjórnina. Ég hef lýst því yfir að ég og margar aðrar Kvennalistakonur teljum nauðsynlegt að koma á þriðja stjórnsýslustiginu til þess að tryggja valddreifingu og auka möguleika fólks til þess að stjórna sínum málum sjálft. Hugmyndir Samtaka um jafnrétti milli landshluta um fylkjaskipan er þeirra útfærsla á hugmyndum um þriðja stjórnsýslustigið og mér virðast þær nokkuð aðlaðandi. Hins vegar vilja menn hér breyta nokkuð um skipan Alþingis og m.a. fækka þingmönnum. Slíkar hugmyndir njóta töluverðs fylgis og oft heyrast raddir um nauðsyn þess að fækka þingmönnum og með fylgja gjarnan nokkrar athugasemdir um óþarfa nudd þeirra og nagg og lítil afköst. Ég sé í þessum hugmyndum, ef að veruleika yrðu, þá hættu að með því yrðu takmarkaðir verulega möguleikar nýrra stjórnmálasamtaka og flokka, sem oft eru smáir í sniðum, a.m.k. í fyrstu, til að fá fulltrúa á þing og ná þar fótfestu. Þetta þarf að athuga og ræða og má nú vera að fulltrúar hinna fjóru stóru hafi ekki jafnmikinn áhuga á slíku og við fulltrúar Kvennalistans.

Á móti má svo segja að með því að færa stjórnsýslu meira heim í héruðin skapist auknir möguleikar kvenna til að hasla sér völl í stjórnmálum og hafa þar áhrif því að þær eru nú einu sinni bundnari heimilum sínum en karlar og víla það oft fyrir sér að stefna til alþingisstarfa. Fylkisþing er kannske yfirstíganlegra hvað konur varðar.

Ég vil svo aðeins að lokum þakka hv. flm. frumkvæðið í þessu máli, en jafnframt hlýt ég að lýsa því að það vakti nokkra undrun mína þegar það fyrst kom fram með tilliti til þess hvernig þetta mál var kynnt í upphafi af fulltrúum Samtaka um jafnrétti milli landshluta. Ég hélt það meiningu þeirra sem standa að samtökunum að tryggja þverpólitíska samstöðu og ég minnist samtals við forustumann í þessum samtökum þegar hugmyndir þeirra höfðu nýlega verið kynntar. Það var einmitt í miðjum vorönnum hér á þingi og hann spurði um afstöðu Kvennalistans til þessara tillagna. Mig minnir nú reyndar og ég reikna með því að ég hafi verið fremur varkár í yfirlýsingum um afstöðu Kvennalistans til þessara tillagna, enda við rétt búnar að líta yfir þessar tillögur og nánast ekkert um þær fjallað sameiginlega. En hann lagði áherslu á að þetta mætti ekki verða flokkspólitískt mál og spurði einmitt um líkindi á því að fulltrúar allra þingflokka gætu sameinast um flutning máls af þessu tagi. Ég held ég muni það rétt að ég hafi svarað honum því til að mér þætti ekki ólíklegt að slík samstaða væri fáanleg, en benti honum á það að við værum í miðjum vorönnum og varla tími til að leita eftir samstöðu, rétt að láta sumarið líða og gefa mönnum tíma til að skoða þessar tillögur og kynna þær á sem breiðustum grundvelli í sínum samtökum og flokkum. Þess vegna varð ég nokkuð undrandi þegar þetta frv. birtist hér á borðum okkar á síðasta þingi. Það breytir þó hreint engu um þá skoðun mína að hér er um merkar tillögur að ræða.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær miklu efnislegu umræður sem hafa átt sér stað um þetta frv. Ég held að það sé hárrétt sem kemur fram hjá seinasta ræðumanni, hv. 7. landsk. þm., að þverpólitísk samstaða þarf að sjálfsögðu að verða um mál eins og

þetta þó það sé pólitískt á vissan hátt í eðli sínu.

Ég leit svo á í upphafi, þegar ég ákvað að leita eftir því að fá hreina afstöðu Samtakanna um jafnrétti milli landshluta um það efni hvort þeir vildu að ég flytti þetta mál eða ekki, að þá hefði ekki verið grundvöllur til þess að ná slíku fram. En mér sýnist að við séum komin í dag mörgum skrefum lengra en menn voru þá í umræðum. Og það verður að segjast eins og er að í þeirri byggðanefnd sem ég átti sæti í fyrir Framsfl. var mér það mikið gleðiefni að kynnast m.a. afstöðu Kvennalistakvenna í þessu máli þar sem þær sýndu meiri víðsýni til landsbyggðarinnar en ég hafði hreinskilnislega búist við þar sem þar var um að ræða þm. úr Reykjavík. En það segir nú ekki allt um afstöðu manna hvar þeir eru kosnir. Það vitum við í svo mörgum málum.

Hér er verið að tala um hluti sem munu vissulega móta stefnu í okkar þjóðfélagi á marga vegu. Verði frv. samþykkt þýðir það það að stjórnunin færist að verulegu leyti nær fólkinu í héruðin sjálf og ég er sannfærður um að það yrði til þess að mjög margir einstaklingar nýir kæmu fram á sjónarsviðið og hefðu afskipti af gangi mála í stjórnmálaflokkunum.

Ég valdi þann kostinn að flytja þetta frv. óbreytt og geri það enn. Ég tel engu að síður og hef ávallt talið að fyrir liggi að það séu ýmis atriði sem sjálfsagt væri að reyna að leita samkomulags um hvort ekki væri hægt að fá breiðari samstöðu og ná þeim fram með því að breyta einu og öðru sem í frv. er. Viss meginatriði verða þó ekki sett út úr frv. Ég lít svo á að það sé sjálfsagður hlutur að kosið sé beinni kosningu til fylkisþinga og tel að það orðalag sem er í frv., að það sé hægt að hafa misjafnan fjölda eftir sveitarfélögum, útiloki alls ekki að kosið sé beinni kosningu, en ég spyr samt sjálfan mig að því hvort það þurfi að líta svo á að fjöldi sveitarfélaganna komi því máli yfir höfuð nokkuð við. Ég er ekki viss um að það sé rökrétt að líta svo á að fjöldi sveitarfélaganna eigi að koma því máli við því það er verið að tala um sjálfstætt millistig. Það er ekki verið að tala um fulltrúa um millistig fyrir sveitarfélögin, heldur sjálfstætt millistig. Og það er einmitt þetta atriði sem hefur staðið alveg í sveitarstjórnarmönnum og valdið gífurlegum misskilningi.

Þegar skýrsla byggðanefndar kemur út þá brjótast ýmsir aðilar fram á ritvöllinn og það eru gefnar út yfirlýsingar sem taka afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem þar birtist. M.a. lýsir hæstv. forsrh. því yfir eftir að hafa lesið skýrsluna að hann sé hlynntur þriðja stjórnsýslustiginu. Kveðjurnar sem komu aftur á móti frá samtökum sveitarfélaga voru á annan veg og lýsa verulegum misskilningi með það sem verið er að gera. Það er eins og þeir hafi litið svo á að þetta þriðja stjórnsýslustig væri úthugsað til þess að taka af þeim verkefni og minnka þeirra valdsvið. Hugsunin á bak við þriðja stjórnsýslustigið er fyrst og fremst sú að færa verkefni frá ríkinu en ekki sú að minnka verkefni sveitarfélaga frá því sem nú er.

Það er athyglisvert að jafnvel félmrh. er með vissar vangaveltur um það í þeirri umræðu að menn séu e.t.v. að rjúfa það að hér sé ein þjóð í einu landi ef þetta verði gert, og skyldi nú engan undra þó að menn snerust gegn frv. ef þeir litu svo á að það væri verið að stefna að því að í þessu landi byggju kannske fimm þjóðir. Ég segi fyrir mig að auðvitað mundi ég greiða atkvæði gegn hvaða frv. sem ég teldi að hefði það markmið að það ættu að búa í landinu fimm þjóðir og ég trúi ekki öðru en svo sé með þm. alla. En slíkar hugmyndir eru náttúrlega fyrst og fremst á misskilningi byggðar.

Á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem Dagur segir frá 2. sept. 1986, var rætt um þriðja stjórnsýslustigið og það er orðað svo í þeirra ályktun, með leyfi forseta:

„Þingið telur brýnt að sett verði löggjöf um millistjórnsýslustig sem sæki vald sitt til kjósenda í beinum kosningum. Þetta stjórnsýslustig fái sjálfstæða tekjustofna og hafi umsjón með þorra þeirra verkefna sem nú eru í höndum ríkisvaldsins og eðlilegt að fela lýðræðiskjörinni heimastjórn."

Þarna er kveðið hreint á um að það er ekki af þeirra hendi verið að tala um að færa eigi verkefnin frá sveitarfélögunum til þriðja stjórnsýslustigsins og það er heldur ekki hugsun þeirra sem standa að samningu þessa frv. að það sé tilgangurinn.

Það kemur aftur á móti fram að sjálfstæðismenn hafa sumir hverjir lagst gegn þriðja stjórnsýslustiginu og það kemur einnig fram að framsóknarmenn hafa sumir hverjir einnig lagst gegn þriðja stjórnsýslustiginu. Það er alveg ástæðulaust að leyna þessu. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við. Ég tel þó að í báðum þessum flokkum sé vaxandi skilningur á því að sé þeirri stefnu fram haldið óbreytt sem nú er, þá styrkist miðstjórnarkerfið jafnt og þétt með þeim afleiðingum sem við höfum orðið vitni að, að þegar um 90% nýrra starfa verða til í þjónustu og jafnhátt hlutfall hennar er á vegum ríkisins, þá er ríkisvaldið fyrst og fremst að segja við þá menntuðu æsku sem er að koma inn á vinnumarkaðinn: Gott og vel, við skulum ráða ykkur í vinnu ef þið starfið hér á þessu svæði.

Sumir hafa litið svo á, og enn vil ég undirstrika það, að höfuðborgarsvæðið sem slíkt hefði ekki þörf fyrir þriðja stjórnsýslustigið. Hér er um gífurlegan misskilning að ræða. Á þessu svæði er þörf á yfirstjórn. Mistökin sem blasa við í skipulagsmálum vegna þess hvernig sveitarfélögin skipta upp þessu landsvæði á milli sín sem er í nágrenni við Reykjavík, mistökin sem blasa við í skipulagsmálum eru svo stór að það dylst engum sem kynnir sér það að hluti af umferðarvandamálum þessa svæðis eru beinlínis tilkomin vegna þess að það hefur ekki verið til þriðja stjórnsýslustigið sem hefur tryggt það að samgöngukerfið tæki nægilega mikið tillit til staðreynda.

Ég verð að segja það einnig að umræðan sem átti sér stað um Borgarspítalann var alveg táknræn fyrir þetta efni. Þar kemur það fram að Reykjavíkurborg er búin að byggja upp þjónustu. Ríkisvaldið tekur þá köldu og ég mundi segja ófyrirleitnu ákvörðun að

ákveða að viðkomandi spítali skuli rekinn með hundraða milljóna kr. halla. Þegar slíkir hlutir gerast, þá hljóta stjórnendur Reykjavíkurborgar að spyrja: Hvers vegna á Kópavogur ekki að taka þátt í þessum rekstri? Hvers vegna á Seltjarnarnes ekki að taka þátt í þessum rekstri? Hvers vegna á Garðabær ekki að taka þátt í þessum rekstri? Þ.e. nágrannasveitarfélögin og Mosfellssveitin. Auðvitað þarf þarna að koma til þriðja stjórnsýslustigið og tryggja að það séu ekki ákveðin sveitarfélög sem raunverulega spili á það kerfi að höfuðborgin þarf að byggja upp fyrir sína þegna.

Mér finnst að menn gleymi því í umræðunni um þessi mál að við okkur blasir sem staðreynd svo stórkostleg byggðaröskun vegna þess kerfis sem við búum við og höfum komið upp, svo stórkostleg byggðaröskun að það er hægt að setja það upp í línurit hvenær sum svæði Íslands munu tæmast af fólki, svæði sem aftur á móti er hægt að sanna með tölfræðilegum rökum, efnahagslegum rökum að skila miklum fjármunum til samfélagsins. Ég trúi því ekki að menn álíti það einhvern fjandskap við höfuðborgarsvæðið þegar menn líta svo á að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt, beinlínis efnahagslega hættulegt fyrir þjóðina ef hún stendur þannig að hlutunum að þessi svæði haldi áfram að tapa sínu fólki.

Þegar ákveðið var að fara út í ný kosningalög var því lýst yfir af formönnum stjórnmálaflokkanna að þeir væru reiðubúnir að taka á þessum vanda. Þeir skipuðu nefnd sem hefur skilað samhljóða áliti þar sem það er undirstrikað að verði ekki snúist gegn miðstýringunni þá verði þessu ekki breytt. Það kemur mjög vel fram í þeirri nefnd að sé farið að búa til þau risasveitarfélög sem þyrfti að gera á landfræðilega vísu, þá erum við að brjóta niður lýðræðið í reynd, þá erum við að skapa þá firringu að við erum fjær því að hafa valdið hjá fólkinu en í dag. Þess vegna á að fara í það að sameina sveitarfélögin þar sem þau sjálf eru reiðubúin til þess og þar sem landfræðilegar forsendur eru fyrir slíkum hlutum. En til þess að taka á þeim stóru verkefnum sem þarf að taka á úti á landi til að skapa möguleikana á að koma þar upp þeim þjónustukjörnum og þeim þjónustustörfum sem við þurfum að koma út á landsbyggðina, þá verðum við að koma á þriðja stjórnsýslustiginu. Allt annað er misskilningur. En ef formenn stjórnmálaflokkanna sameinuðust nú um þá skoðun sína að þetta væri bara vitleysa sem nefndin hefði lagt til, þá hljóta þeir sjálfir að verða að koma með tillögur um hvað eigi að gera. Það vill svo til að grunnhugmyndir Samtaka um jafnrétti milli landshluta og niðurstöður þeirra manna sem settir voru í byggðanefndina eru nákvæmlega sömu niðurstöðurnar.

Þess vegna verð ég að segja það að mér finnst það ákaflega leiðinlegt, svo ekki sé meira sagt, þegar ég les það í Tímanum að hæstv. félmrh. hikar svo mjög í þessu máli, og þar er sett upp sem fyrirsögn: „Okkur mun því aðeins vegna vel að hér búi ein þjóð í einu landi". Það er bara ekkert á dagskrá að stuðla að því að það búi fleiri þjóðir í landinu en ein — og verður ekki á dagskrá mér vitanlega. Hér er um grundvallarmisskilning að ræða. Og það er líka um grundvallarmisskilning að ræða ef menn telja að það séu sveitarstjórnir eða Samband ísl. sveitarfélaga sem eigi að vera grunnaðilinn í því að taka afstöðu til þess hvort hér eigi að vera tvö stjórnsýslustig eða þrjú. Það er verið að tala um að færa verkefnin frá ríkinu. Það er ekki verið að tala um að færa verkefnin frá sveitarfélögunum. Það er verið að tala um að reyna að styrkja sveitarstjórnarstigið það mikið að það ráði við þau verkefni í öllum aðalatriðum sem því hafa verið afhent.

Ég segi fyrir mig, ég tel að það eigi að stefna að því að þriðja stjórnsýslustigið taki yfir sjúkrahúsareksturinn í landinu t.d. Hvers vegna ekki? Hvers vegna á þriðja stjórnsýslustigið ekki líka að taka yfir grunnskólana í landinu? Hvaðan kemur mönnum sú kenning að hægt sé að stjórna þeim betur héðan á Norðurlandi heldur en að það sé gert á Norðurlandi? Og hvaðan kemur mönnum sú kenning að það svæði sem hér er og kýs sína fulltrúa þurfi aðstoð frá þm. utan af landi til þess að segja fyrir um það hvernig eigi að stjórna grunnskólum í Reykjavík? Þetta er eins og hver önnur vitleysa! Að ég tali nú ekki um þegar atkvæðagreiðslur hafa gengið um það að ríkisvaldið eigi að segja fyrir um það hvað þjónustustofnanir sveitarfélaganna eigi að taka í gjald fyrir ýmsa þjónustu sem þær eru með og hafa frjálsar og af fúsum vilja komið sér upp, þá er eins og Alþingi eigi að vera einhver verndari fyrir almenna borgara til þess að snarvitlaus sveitarstjórn, sem fólkið hefur sjálft kosið yfir sig ráðist ekki á fólkið! Hvers lags vitleysa er þetta? Auðvitað hlýtur sveitarstjórnin að vera einfær um að taka ákvarðanir um sína gjaldskrá. Auðvitað hlýtur hún að gera það í þágu fólksins alveg eins og hún kom viðkomandi þjónustu af stað í þágu fólksins. Og auðvitað hlýtur það að vera grundvallaratriði í því sambandi að gera sér grein fyrir því að við komum ekki valdinu til fólksins nema við förum í það að færa eitthvað af því sem Alþingi hefur undir höndum í dag. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann mundi ekki vilja fresta ræðu sinni. Það er augljóst af mælendaskrá að umræðunni getur ekki lokið á þessum fundi og forseti þyrfti nauðsynlega að geta tekið fyrir fjórða dagskrármálið og hefur því í hyggju að fara fram á það við hv. ræðumann að hann fresti ræðu sinni til næsta fundar.) Það er sjálfsagt að verða við óskum forseta.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl. (sjúkradagpeningar), 279. mál. — Þskj. 506.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Þar sem er nú orðið svo áliðið fundar skal ég reyna að stytta mál mitt sem mest ég get, enda er það mál sem ég nú mæli fyrir tiltölulega einfalt og skiljanlegt. En ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum og samflytjendur mínir eru hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Frv. þetta liggur hér frammi á þskj. 506 og er 279. mál þingsins.

Efni þessa frv. er einfaldlega hækkun á sjúkradagpeningum. Ef maður veikist og verður óvinnufær svo að allar vinnutekjur hans falla niður greiðir sjúkrasamlag hans honum sjúkradagpeninga meðan hann er undir læknishendi. Vari veikindin lengur en 52 vikur tekur Tryggingastofnun ríkisins að jafnaði við greiðslum samkvæmt örorkumati nema annað sé ákveðið.

En hverjar eru svo þessar greiðslur sem hinum sjúka er ætlað að framfleyta sér og sínum á í veikindunum? Við getum hugsað okkur fjölskyldumann eða konu sem veikist og missir allar vinnutekjur um skeið. Frá 1. des. 1986 fær þessi manneskja 9252 kr. á mánuði, 308,40 kr. á dag. Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri fær hann auk þess greiddar 83,69 kr., *nákvæmt skal það vera, á dag eða 2510,70 kr. á mánuði.* Það þarf því ekki mikið hugmyndaflug til að gera sér í hugarlund hvernig staða fjölskyldumanns er í slíku tilviki og satt að segja með ólíkindum að fólki skuli boðið upp á þessi lífskjör. Greiðslur sem þessar eru auðvitað hvorki til að lifa eða deyja af og þegar litið er til þeirra fjárskuldbindinga sem venjulegt fjölskyldufólk hefur á herðunum *í okkar þjóðfélagi, þá verða þessar greiðslur hreinn* skrípaleikur. Mér er vel kunnugt um að starfsfólki sjúkrasamlaganna er satt að segja sárasta raun að afgreiða bætur á borð við þetta.

Frv. það sem ég er að mæla fyrir inniheldur það að greiðslum sjúkrasamlaga í veikindatilvikum verður einfaldlega komið fyrir á sama hátt og greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs, enda sýnist mér skipta *litlu máli hvort manneskja missir tekjur vegna* atvinnuleysis eða vegna sjúkdóms hvað varðar þörf fyrir brýnustu lífsnauðsynjar. Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir núna frá 1. des. lágmarkslaun ófaglærðs verkafólks fyrir 8 stunda vinnudag, þ.e. 26 500 kr. eins og síðustu kjarasamningar gera ráð fyrir, og auk þess 4% af framangreindum launum fyrir hvert barn undir 18 ára aldri.

Ef frv. mitt yrði að lögum þá verður veruleg lækkun á greiðslum fyrir börn, það skal tekið fram. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að þegar atvinnuleysistryggingalögin voru samin var við það miðað, eins og er í allri tryggingalöggjöfinni, að launþegi hækki ekki í launum, ef til bótagreiðslna kemur, frá venjulegum vinnutekjum. En þetta hefur auðvitað ekki áhrif á það að bótaþeginn er allt öðruvísi settur með þessu fyrirkomulagi heldur en eins og nú er. Mig minnir að ég hafi reiknað það út að greiðslurnar með börnum, sem nú eru 83,69 kr., lækki um allt að því helming en það hefur sáralítil áhrif á heildarupphæðina miðað við þá hækkun sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. þm. til upplýsingar skal upplýst að árið 1985 voru sjúkradagpeningar í landinu alls, sem greiddir voru frá Tryggingastofnun ríkisins, 94 493 614 kr. Það er alveg ljóst að þetta frv. mundi hafa í för með sér hækkun á útgjöldum almannatrygginga um allt að 150 millj. kr. miðað við þá tölu. Og menn gætu spurt: Hvernig dettur hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í hug að menn samþykki slíka útgjaldaaukningu eins og það heitir venjulega hér í þingsölum? Svarið er ofur einfalt. Við höfum þessa peninga, við eigum þessa peninga. Það væri verðugt verkefni fyrir Alþingi að nýta hluta af þeim milljörðum sem sjómenn og verkafólk þessa lands hefur þrælað fyrir á árinu sem var að líða, nota örlítið brot af þeim til að tryggja kjör þeirra ef þeir veikjast. En það má svo sem vel vera að þessi tekjuviðbót okkar sé þegar meira og minna nýtt og farin ýmist í klær okrara eða til að borga óreiðuskuldir óvandaðs fólks í þjóðfélaginu. 150 millj. eru töluverð upphæð í eyrum okkar hv. alþm., þær eru það vissulega, en það er kannske af því að við heyrum sjaldnar talað um þær gífurlegu upphæðir sem verkafólk í þessu landi vinnur fyrir ár hvert.

Ég skal ekki, herra forseti, vegna þess hve áliðið er fara nánar út í þetta frv. Það skýrir sig sjálft, og greinargerðin að ég held harla skýr. Ég skora á hv. Alþingi að þvo þennan smánarblett af almannatryggingakerfinu. Það er ekki boðlegt að bjóða nokkurri manneskju 9500 kr. á mánuði til að lifa af.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa þessu frv. til hv. heilbr.- og trn. og veit að hv. þm. munu taka því vinsamlega og ég treysti því að þeir veiti því brautargengi.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, fimmtudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Sérkennsla.

Beiðni JS o.fl. um skýrslu, 283. mál. — Þskj. 511.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 31 shlj. atkv.

Auðlindaleit í landgrunni Íslands, fyrri umr.

Þáltill. GGS og FrS, 217. mál. — Þskj. 232.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um auðlindaleit í landgrunni Íslands, en auk mín er tillagan flutt af Friðriki Sophussyni.

Með leyfi forseta les ég tillögutextann:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf og reglur um samstarf við erlenda aðila til leitar að nýtanlegum auðlindum í landgrunni Íslands. Verði þar m.a. fjallað um réttindi og skyldur leitaraðila, heimildir til nýtingar rannsóknaniðurstaðna, öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins vegna auðlindarannsókna og önnur þau atriði sem máli skipta í þessu efni.“

Það eru ekki nema tveir dagar liðnir síðan frá því var skýrt í fjölmiðlum hér á landi að nú væru að hefjast á nýjan leik rannsóknir á landgrunni Grænlands við austurströnd landsins. Er þar um að ræða leit að olíu í landgrunninu undan ströndum og á strandsvæðunum, auk annarra verðmætra jarðefna. Að leitinni stendur bandarískt félag, ARCO, í náinni samvinnu við grænlensku landsstjórnina. Þetta dæmi frá nágranna okkar, hinum næsta í vestri, sýnir að víða er vel að verki staðið í þessum efnum og eru menn mjög á varðbergi að því er varðar verðmæt efni sem í landgrunni ríkja kunna að felast. Á þessum vettvangi er óþarfi að rekja þá sögu, þá ævintýralegu sögu sem gerst hefur í þessum sömu efnum hjá frændum okkar Norðmönnum og Dönum á síðasta áratug og hve mjög þær auðlindir sem þar hafa í landgrunninu fundist hafa bætt efnahag þessara þjóða og raunar að mörgu leyti valdið gjörbyltingu þar í atvinnuháttum.

En hvernig er ástandið hér á landi í þessum efnum hjá okkur Íslendingum sjálfum? Það er skemmst frá því að segja að ekki er mikil sérfræðileg vitneskja fyrir hendi um það hvort nýtanleg og verðmæt jarðefni finnast í landgrunni Íslands eða ekki. Á því hafa farið fram tiltölulega mjög takmarkaðar kannanir. Á það rót sína að rekja m.a. til þess að slíkar rannsóknir kosta mikið fé og einnig mikinn mannafla sérfræðinga á ýmsum sviðum. Þó hefur mönnum lengi verið ljóst að vegna jarðfræðilegra ástæðna, vegna sköpunarsögu Íslands, eru sennilega minni líkur til þess að í landgrunni Íslands sé að finna verðmæt jarðefni, svo sem olíu, en í landgrunni Noregs eða Danmerkur sem eiga sér miklum mun lengri jarðfræðilega sköpunarsögu. Engu að síður er fullkomlega ástæðulaust að útiloka að um verðmæt jarðefni geti þar verið að ræða. M.a. var það atriði einn þátturinn að baki þeirri baráttu sem Ísland ásamt öðrum strandríkjum háði um áratuga skeið fyrir útfærslu efnahagslögsögu strandríkja í 200 sjómílur. Þar var ekki aðeins, þótt efst væri á blaði, nauðsynin á því að yfirráðaréttur yfir fiskistofnunum tilheyrði strandríkinu. Það atriði kom einnig þar til greina að með efnahagslögsögunni mundi strandríkið jafnframt helga sér réttindi til auðlinda hafsbotnsins út að 200 mílna mörkunum og raunar, þegar svo stendur jarðfræðilega á sem m.a. er í því tilviki er Ísland varðar, þó nokkra fjarlægð út fyrir þau mörk.

Nokkrar rannsóknir hafa þó farið fram á íslenska landgrunninu. Einna víðtækust er líklega rannsóknin sem gerð var í samvinnu við þáverandi yfirvöld iðnaðarmála 1978, þegar bandaríska leitarfyrirtækið Western Geophysical kom hingað með leiðangursskip og framkvæmdi með leyfi íslenskra stjórnvalda mælingar fyrir Norðurlandi. Síðan var unnið úr niðurstöðum þeirra og þær sendar íslenskum yfirvöldum.

Hér var vitanlega aðeins um frummælingar að ræða en þó kom þar í ljós að undan Norðurlandi, fyrst og fremst fyrir mynni Eyjafjarðar og á Skjálfandaflóa, var að finna allþykk setlög, allt upp í 2–3 km á þykkt. Þetta kom mönnum nokkuð á óvart en eins og kunnugt er er tilvist setlaga frumforsenda þess að um olíu eða jarðgas geti verið að ræða. Hins vegar er ekki unnt að slá því föstu þó að um slík setlög sé að ræða að þar sé að finna slíkar auðlindir, en án þeirra er vitanlega ekki um nein slík verðmæt jarðefni að ræða.

Þessar niðurstöður voru kynntar hér á landi og vöktu allmikla athygli. Urðu þær m.a. til þess að u.þ.b. tveimur árum síðar var hafist handa við boranir í Flatey þar sem ódýrara og auðveldara er að bora á landi en á hafi. Þær boranir voru framkvæmdar af Orkustofnun, ef ég man rétt, en vegna skorts á nægilega fullkomnum tækjum, stórum borum, lauk þeim án þess að endanlegar niðurstöður fengjust.

Það fer ekki milli mála að eftir að Ísland lýsti yfir 200 mílna efnahagslögsögu með lögunum nr. 41 1979 felst raunverulega í því fyrirætlan okkar að nýta ekki aðeins auðlindir hafsins, heldur einnig að kynna okkur og kanna til hlítar eftir því sem efni og ástæður leyfa hvort um verðmæt efni er að ræða í landgrunni Íslands innan þessara marka. Nú hefur það komið í ljós, eins og ég sagði og menn vissu reyndar fyrir fram, að slíkar rannsóknir eru mjög kostnaðarsamar en hins vegar hafa á þeim áhuga ýmis erlend leitarfélög sem í þessum atvinnuvegi starfa.

Í lögunum sem ég nefndi áðan, nr. 41/1979, er beinlínis gert ráð fyrir því í 6. gr., þar sem talað er um fullveldisrétt okkar Íslendinga til hafsbotns, að hann nái til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi og þar segir að stjórnvöld skuli setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

Lögin voru sett á sínum tíma, en við höfum hingað til ekki sett neinar reglur eins og hér er rætt um í 6. gr. laganna um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda hafsbotnsins eða landgrunnsins þótt sjö ár séu liðin frá því að þessi merku lög voru sett. Það er að dómi okkar flm. þessarar þáltill. hins vegar orðið mjög tímabært af þeim ástæðum sem ég rakti hér áðan.

Það hefur komið í ljós að helsti þrándur í götu þess að unnt verði að hefja víðtækar og nauðsynlegar rannsóknir á landgrunni Íslands, sem fyrst og fremst getur gerst fjárhagsástæðna vegna í samvinnu við erlend leitarfélög og erlend olíufélög, er sá að reglur skortir um heimildir og réttindi slíkra leitaraðila og þá ekki síst heimild þeirra til þess að nýta rannsóknaniðurstöðurnar nokkura hríð eftir að rannsóknum lýkur og afla þannig tekna til þess að fjármagna auðlindaleitina. Hefur þetta atriði komið ljóslega fram í svörum erlendra olíuleitarfélaga við fyrirspurnum íslenskra yfirvalda og hafsbotnsnefndar iðnrn. um samvinnu við slíka leit. Nokkuð hefur verið eftir því leitað af hálfu íslenskra yfirvalda að samvinna tækist við alþjóðleg leitarfélög um þessi áform. Þannig lét bandaríska félagið Western Geophysical, sem hér var við kannanir 1978, þess getið í bréfi til Orkustofnunar snemma síðasta árs, 1986, að skortur á ákvæðum í þessum efnum væri helsta hindrun þess að það og önnur leitarfélög hefðu áhuga á að leggja út í auðlindakönnun hér við land á sinn kostnað. Það félag annaðist þessa könnun sem ég gat um áðan fyrir Norðurlandi.

Þetta sama sjónarmið hefur komið fram í erindum norska félagsins GECO, en það annast olíuleit fyrir olíuvinnslufélög víða um heim.

Fyrir liggur jafnframt það álit hafsbotnsnefndar iðnrn., sem Guðmundur Pálmason, deildarstjóri á Orkustofnun, er formaður fyrir, að eitt brýnasta verkefnið varðandi rannsóknir og könnun á auðlindum landgrunnsins í samvinnu við erlenda aðila sé að slíkar reglur verði settar sem um er rætt í þessari þáltill. Hér er jafnan — og það er mjög mikilsvert atriði í þessu efni — miðað við það að kostnaður við leitina sé aðallega borinn af hinum erlendu aðilum af augljósum ástæðum. Slíkar rannsóknir eru fjármagnsfrekar. Því er það augljóst hagsmunamál að svo verði í haginn búið í þessum efnum að skortur á lögum eða reglugerðum, sem í sjálfu sér ættu að nægja hér víðast hvar, verði ekki rannsóknarsamvinnu við erlenda aðila í þessum efnum til hindrunar.

Þetta eru, herra forseti, meginástæðurnar fyrir því að þessi þáltill. er hér lögð fram. Ég vil gera það að tillögu minni að henni verði að loknum þessum umræðum vísað til allshn.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Till. sú til þál. sem fyrir liggur á þskj. 232, 217. *mál, um auðlindaleit í landgrunni* Íslands, varðar málefni sem eru mjög mikilvæg, sérstaklega ef tekið er tillit til lengri tíma. Af hálfu iðnrn. hefur verið unnið nokkuð að þessum málum. M.a. hefur verið starfandi nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir allt frá árinu 1980. Eitt af ætlunarverkum nefndarinnar skv. skipunarbréfi var að semja drög að reglum um hagnýtar rannsóknir á auðlindum landgrunnsins í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1979, en það er sú lagagrein sem flm. vitna til í grg.

Núverandi aðstæður í efnahagsmálum í heiminum, hið lága verð á málmum og lágt orkuverð hafa leitt til þess að minni áhugi sýnist vera meðal fyrirtækja að kanna auðlindir hafsins, a.m.k. á landgrunninu umhverfis Ísland. Þær þreifingar sem átt hafa sér stað vegna auðlindaleitar hafa ekki enn leitt í ljós mikinn áhuga erlendra aðila. Hins vegar er rétt og nauðsynlegt að reglur verði settar. Ekki er heldur óeðlilegt að vilji Alþingis komi fram með afstöðu til þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu.

Rétt er að minna á að á árunum 1982 og 1983 var unnið í iðnrn. frv. til laga um eignar- og umráðarétt auðlinda hafsbotnsins. Frv. var lagt fram sem stjfrv. á 105. löggjafarþinginu. Í frv. er kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Einnig er í frv. ákvæði um að enginn megi leita að, taka eða nýta efni á eða í hafsbotninum nema að fengnu leyfi iðnrh. Frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í minni ráðherratíð sem iðnrh. hef ég ekki talið rétt að flytja þetta mál óbreytt auk þess sem ég tel reglugerðarheimildir samkvæmt frv. of rúmar. Frv. þetta var flutt sem þmfrv. á 108. löggjafarþinginu, 116. mál á þskj. 128, og aftur á þessu þingi, 107. mál á þskj. 110. Í því þskj. er gerð nánari grein fyrir vinnu að máli þessu í iðnrn. á liðnum árum. Enn fremur fylgir þskj. samningur sá sem gerður var milli Íslands og Noregs um landgrunnið á milli Íslands og Jan Mayen á árinu 1981. Samkvæmt þessu er ljóst að veruleg undirbúningsvinna liggur þegar fyrir í iðnrn. og hafsbotnsnefnd þess sem getur verið grundvöllur að frekari vinnu að þessu máli. En ég fagna því að þetta mál skuli tekið upp hér á hv. Alþingi og er því meðmæltur að Alþingi taki afstöðu til meginatriða í þessari þáltill.

Ég vil geta þess að frá því að þessi till. var lögð fram hefur verið haldinn fundur á vegum ráðherranefndar Norðurlandanna, sem var haldinn hér í Reykjavík fyrir nokkru síðan, um olíu- og gasvinnslu á vestanverðum Norðurlöndum. Þar var megináherslan lögð á að ræða málið frá sjónarmiði Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga.

Þá má geta þess að Orkustofnun er að koma sér upp tölvubúnaði til greiningar á setlagamælingum þannig að það er óhætt að segja að ekki þurfi að vinna frekari vinnu um þennan þátt erlendis eins og verið hefur.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langt mál um þetta en er meðmæltur till. eins og hún er lögð fram. Ég vona að árangur geti verið í samræmi við óskir flm., en ég vil þó láta þess getið að það er starfandi sú ráðgjafarnefnd sem ég minntist á og hefur ýmist verið kölluð verkefnisnefnd iðnrh. eða ráðuneytisins eða hafsbotnsnefnd og í henni eru auk formannsins Guðmundar Pálmasonar, sem hv. frsm. minntist á, Gunnar G. Schram, frá Rannsóknaráði Jón Eiríksson eðlisfræðingur, Gunnar Bergsteinsson frá Landhelgisgæslu og Kjartan Thors frá Hafrannsóknastofnun.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka jákvæðar undirtektir hæstv. iðnrh. undir þetta mál sem ég mælti fyrir hér áðan. Það er alveg rétt sem fram kom í máli ráðherrans að á síðustu misserum hefur verið minni áhugi hjá olíuleitarfélögum á olíuleit og könnun á landgrunnsauðæfum vegna hins lága verðs á olíu í veröldinni. Það er hins vegar óvíst hve lengi það lága verð varir og fyrr en varir getur komið til breytinga í því efni. Undirbúningur slíkra reglna eða lagasetningar sem um er fjallað í tillögunni tekur þó nokkurn tíma þannig að ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Ég vil einnig fagna þeim upplýsingum sem fram komu hjá ráðherra er hann vék að því að þegar væru gögn fyrir hendi og undirbúningsstarf hefði þó nokkuð verið unnið í iðnrn. sem að þessu máli lýtur og ætti það að gera eftirleikinn allan auðveldari.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt var hér í Sþ. samþykkt tillaga um rannsókn landgrunns Íslands í desembermánuði 1978 og þessu máli var þá þegar ýtt úr vör. Það er ekkert nema gott um það að segja að árétta þá stefnu Alþingis með nýjum tillöguflutningi. Það hefur raunar komið hér fram að minna hefur verið aðhafst en maður kannske gerði ráð fyrir á þeim tíma einmitt vegna þess að olíuverð hefur lækkað og áhugi olíufélaga þar af leiðandi minnkað á því að leita á óvissum svæðum. En í gildi er samkomulag okkar við Norðmenn um landgrunnið á Jan Mayen-svæðinu þar sem Norðmenn eiga að kosta, a.m.k. í fyrsta umgangi, leit á því svæði. Er sjálfsagt að ýta á að því sé hraðað, en auðvitað hafa Norðmenn nú orðið fyrir miklu efnahagslegu áfalli þegar olíuverð lækkaði svo mjög sem raun ber vitni um og þess vegna er þeirra áhugi minni en ella. En auðvitað verður að standa við þann samning og verður gert.

Það er einnig rétt að upplýsa það hér af því að málið er að komast í brennidepil, samningar við Dani og Færeyinga um landgrunnið suður af Íslandi á Hatton-Rockall-svæðinu, að okkar sérfræðingur var í fyrra búinn að búa út áætlun um leit þar sem mundi kosta nálægt 1 millj. dollara. Nú hefur tvívegis í fjárlögum verið samþykkt heimild til lántöku að upphæð helming þessarar upphæðar, sem mundi geta runnið til þessara rannsókna, en Danir mundu þá borga hinn helminginn. Dönsku sérfræðingarnir hafa nýverið sent athugasemdir við þessa áætlun dr. Mani Talwani, sem er sérfræðingur okkar Íslendinga eins og menn vita, og nýjar tillögur má segja um það hvernig leitinni skuli háttað, hvaða línur skuli leita o.s.frv. Þessar tillögur eru nú einmitt í skoðun hjá okkar sérfræðingi og þess er að vænta að innan fárra vikna verði komnar nokkuð hreinar línur í það hvernig þessum rannsóknum á Hatton-Rockall-svæðinu verði hagað nú í sumar.

Þarna er um að ræða rannsóknir á umdeildu svæði, svæði sem við gerum tilkall til, sem Danir gera tilkall til, Bretar og Írar. Þessar endanlegu tillögur ættu að liggja fyrir áður en þingi lýkur eða ég geri mér a.m.k. vonir um það og þá verður auðvitað meira upplýst um þetta mál.

Þessi hafsbotnsmál eru öll í örri þróun núna. Strandþjóðirnar, sem munu vera á milli ⅔ og ¾ af öllum þjóðum heims, sem eiga eitthvert land að sjó og eru þar af leiðandi strandþjóðir, þær eru allar að tryggja sín réttindi langt út fyrir 200 mílur sumar hverjar. Jafnvel er talað um allt að 1500 mílna hafsbotnsréttindi út af Indlandi t.d., Kanadamenn munu geta helgað sér hafsbotn kannske einar 600 mílur út og við teljum okkur eiga réttindi langt suður í haf eins og menn vita.

En um hafsbotnsréttindin er það svo að það er ekki einungis að til þeirra heyri botninn sjálfur, heldur líka allar lífverur sem ekki hreyfa sig öðruvísi en með snertingu við botninn, þ.e. krabbadýr, skelfiskur og ýmiss konar slík auðæfi. Þess vegna kann það að orka nokkuð tvímælis hvort við, þegar við erum að tryggja okkur þessi réttindi, tölum einungis um auðæfi í jarðlögunum. Kannske eru auðæfin sem eru ofan á hafsbotninum og tilheyra honum eftir 76. gr. hafréttarsáttmálans enn þá mikilvægari okkur. Og við tryggjum betur okkar fiskveiðiréttindi á þessum svæðum þegar fram í sækir með því að sjútvrn. kæmi með einhverjum hætti inn í þessa mynd eða þá jafnvel að þessi mál kynnu að heyra undir forsrn., en þetta er allt saman til athugunar og kemur til skoðunar í utanrmn. að sjálfsögðu og þeim nefndum sem nú eru að störfum, í iðnrn. og víðar. Þess vegna er ekki nema gott eitt um það að segja að mál þetta komi nú til umræðu hér í þinginu og því fagna ég.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Ferðamálaskóli, fyrri umr.

Þáltill. GGS, 225. mál. — Þskj. 241.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem ég flyt á þskj. 241 um stofnun ferðamálaskóla. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa tillögutextann sem er stuttur og ég vona hnitmiðaður, en hann hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að stofnun ferðamálaskóla þar sem veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja nám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa.“

Það má segja að tillögutextinn skýri sig sjálfur og það sé því óþarfi að hafa um þessa till. mörg orð eða þær ástæður og þá nauðsyn sem liggur að baki henni.

Við höfum á síðustu mánuðum og síðustu misserum hlýtt á umræðu í þjóðfélaginu sem mjög hefur farið mikið fyrir, ekki síst í fjölmiðlum, um nýjar atvinnugreinar hér á landi. Þar hefur margt verið talað um nauðsynina á að byggja upp nýjar atvinnugreinar eins og fiskeldi, lífefnaiðnað, loðdýrarækt og annað slíkt. Það er rétt og sjálfsagt þegar þjóð sem Íslendingar stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að vexti hinna hefðbundnu atvinnugreina eru takmörk sett af náttúrlegum orsökum á að menn beini sjónum sínum til nýrra átta og velti því fyrir sér hvernig unnt er að auka þjóðarauðinn og tekjur einstaklinganna með því að leggja stund á nýjar atvinnugreinar. En mér hefur þótt sem stundum gleymdist í þessari umræðu og út undan yrði sú atvinnugrein sem lengi hefur verið stunduð hér í landi og þegar hefur sannað tilverurétt sinn, en er kannske af öllum þeim atvinnugreinum sem hér er um að ræða sú sem á sér mesta vaxtarmöguleikana í dag. Það er íslenskur ferðamannaiðnaður. Þessi tillaga beinist að því hvernig við getum sem best eflt þessa atvinnugrein og búið þannig að henni að megi nýtast í framtíðinni.

Í þessari atvinnugrein er um að ræða um 3500 stöðugildi. Það er meiri mannfjöldi, ívið fleira fólk en starfar í öllu íslenska bankakerfinu, og þykir mönnum nú nóg um umfang þess. Engu að síður veitir ferðaþjónusta fleiri landsmönnum atvinnu en bankastarfsemi. Maður sér það af þeirri tölu einni hvílíkur vöxtur hefur verið í þessari atvinnugrein á síðustu árum og hve mikilvæg hún er. Við getum einnig séð það af öðrum upplýsingum. Ef við lítum á þær tekjur sem við höfum af þessari atvinnustarfsemi sést að ferðaþjónusta skilar mun meiri arði í þjóðarbúið en menn gera sér almennt ljóst. Á síðasta ári voru gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum í kringum 4 milljarðar kr. og þá er ekki tekið tillit til hinna svonefndu duldu gjaldeyristekna. Hvað er þetta stór tala, hvað þýða 4 milljarðar kr. í gjaldeyristekjur ef við berum það saman við aðra þætti, aðrar stærðir í atvinnulífi okkar Íslendinga?

Hér er um að ræða gjaldeyristekjur sem eru u.þ.b. 7% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Kannske sést enn betur hve mikilvæg þessi starfsemi er af því að þessar tekjur jafngilda um 40% af útflutningstekjum af öllum frystum fiskafurðum landsmanna. Af þeim tölum sést hve gildur þáttur í þjóðarbúskapnum ferðamannaþjónustan er þegar orðin.

En hér er raunverulega ekki um þetta eitt að ræða, stórbætta gjaldeyrisstöðu sem af þjónustu við erlenda ferðamenn leiðir. Aðrar atvinnugreinar hafa einnig hag af henni. Má þar nefna auknar tekjur flugfélaganna, eins og menn þekkja, ekki síst á síðasta ári, gisti- og veitingastaða, sérleyfis- og hópferðaaksturs, leigubifreiðaaksturs, framleiðslu og sölu matvæla, minjagripa og fatnaðar svo að nokkuð sé talið. Þess vegna eru erlendir ferðamenn nokkurs konar viðbót við neytendur landsins á öllum þessum sviðum.

Það liggja nokkurn veginn glöggar tölur fyrir um það að hingað komu á síðasta ári um 115 þúsund erlendir ferðamenn. Á því leikur ekki vafi að sé hér rétt á málum haldið og mótuð ákveðin og markviss ferðamálastefna, þá getur erlendum ferðamönnum farið mjög fjölgandi á næstu árum. En þá vaknar þessi spurning: Hvernig erum við í stakk búnir til að annast störf í þessari atvinnugrein? Á síðustu misserum hefur farið mikil alda um þjóðfélagið að því er varðar byggingu nýrra gistihúsa, nýrra hótela. Mörg eru þegar í byggingu og ekki nema gott eitt um það að segja. Þar hafa menn staðið að verki af miklum stórhug og mikilli bjartsýni og vonandi ekki reist sér hurðarás um öxl. En á hinn bóginn má segja að það er skortur á menntunarskilyrðum fyrir alla þá fjölmörgu sem starfa og vilja starfa í framtíðinni í þessari atvinnugrein. Ekki síst á það við um ungt fólk sem er að svipast um á atvinnumarkaðnum.

Það er markmið þessarar þáltill. að vekja athygli á nauðsyn þess að koma hér innanlands á stofn ferðamálaskóla þar sem ungt fólk og aðrir sem áhuga hafa á framtíðarstörfum í ferðamálum geta sótt sér menntun í þessari vaxandi framtíðargrein. Málum er nefnilega svo háttað, þótt undarlegt megi virðast, að enginn slíkur skóli er til enn þann dag í dag hér á landi. Við sjáum alltaf öðru hvoru í dagblöðum auglýsingar frá norskum skólum, svissneskum skólum og skólum annars staðar í ýmsum löndum, ferðamálaskólum þar sem verið er að bjóða upp á slíkt nám og höfða vitanlega til Íslendinga sem vilja afla sér menntunar á þessu sviði. Hér er um erlenda einkaskóla að ræða, oft mjög dýra einkaskóla, en engu að síður hefur það ekki hamlað því að margir Íslendingar hafa lagt leið sína til Sviss og annarra landa til þess að afla sér menntunar á þessu sviði. Vitanlega eigum við að koma slíkum skóla á fót hér innanlands. Við eigum að koma á fót almennum ferðamálaskóla, þar sem auk gisti- og veitingareksturs yrðu kenndar aðrar greinar sem að móttöku og þjónustu við ferðamenn lúta.

Ég ætla ekki að gleyma eða draga dul á að það starfar nú þegar í landinu og hefur starfað í mörg ár skóli sem sinnir mjög mikilvægum þætti þessa máls. Það er Hótel- og veitingaskólinn. Þar hefur verið unnið mjög gott verk við menntun í þeim greinum sem heyra undir þann skóla. Það er þó ekki nema hluti af ferðamálum sem því tengjast, en mjög mikilvægur hluti. Sá skóli hefur búið við ákaflega slæma starfsaðstöðu til þessa og verið á hinum verstu hrakhólum með alla sína starfsemi. Það er þó vonarglæta á síðustu vikum og mánuðum, sem hefur brugðið á loft í þeim efnum, þ.e. að þeim skóla verði búið nýtt húsnæði í Kópavogi og byggt þar yfir hann fullnægjandi hús.

Árið 1983 var gerður samningur milli menntmrn. og bæjarstjórnar Kópavogs um skólahald á framhalds- og grunnskólastigi þar í bæ. Í þeim samningi er m.a. gert ráð fyrir að komið verði upp skóla í matvælagreinum þar, í Kópavogi, en skóla í matvælagreinum skortir einnig hér á landi. Hagkvæmt yrði að tengja saman Hótel- og veitingaskólann, sem þegar starfar, og nýjan skóla í matvælafræðum. Nefnd, sem hefur fjallað um þessi mál, hefur gert ráð fyrir að við Menntaskólann í Kópavogi verði komið upp bóknámssviðum, gestamóttökubraut og leiðsögubraut sem tengjast þá verknámi í framtíðinni á matvæla- og hótelsviði. Þetta eru enn aðeins fyrirætlanir en þetta eru tillögur undirbúningsnefndar.

Með þessum hugleiðingum hefur ákveðið undirbúningsstarf þegar verið unnið og það er greinilega bæði hagkvæmt og skynsamlegt að tengja nám í ferðamálum við Hótel- og veitingaskólann sem verða mun í Kópavogi þegar viðunandi húsnæði hefur fengist.

Það er dýrt og það tekur tíma að byggja nýjan stóran skóla. Þess vegna ber mjög að fagna því að við fjárlagagerðina nú í desember var tekið inn í fjárlögin heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán til að innrétta leiguhúsnæði fyrir Hótel- og veitingaskólann í Kópavogi. Þá gæti gæti hann flust þangað sem allra fyrst úr því algjörlega óviðunandi húsnæði sem hann býr við nú. Jafnframt hefur menntmrh. myndarlega og af venjulegum skörungsskap tekið af skarið og lýst því nýlega yfir að ekki komi til greina að flytja þann skóla til Laugarvatns, en um það höfðu verið ýmsar bollaleggingar uppi á haustdögum. Framtíðarstaður þess skóla verður því í Kópavogi.

Það er eðlilegt að tengja námið í ferðamálum, þ.e. nýjan ferðamálaskóla, Hótel- og veitingaskóla Íslands og jafnframt gæti bóknámið farið að verulegu leyti fram í Menntaskólanum í Kópavogi. Meginmálið er einfaldlega þetta: Við þurfum að búa betur að menntun þeirra ungu Íslendinga sem vilja hasla sér völl í þessari mikilvægu og ört vaxandi atvinnugrein landsmanna allra.

Að lokinni umræðu um þessa þáltill., herra forseti, legg ég til að henni verði vísað til menntmn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um stofnun ferðamálaskóla og hefur flm. hennar nú gert glögga grein fyrir máli sínu. Till. gengur í þá átt að ríkisstjórninni verði falið að hraða undirbúningi að stofnun ferðamálaskóla þar sem veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja nám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa.

Það er hafið yfir allan vafa að ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem um þessar mundir er í mestum vexti af öllum greinum atvinnulífs hér á landi. Frsm. gerði skilmerkilega grein fyrir mikilvægi ferðaþjónustunnar að því leyti sem hún skilar meiri tekjum og gjaldeyri í þjóðarbúið en margir gera sér ljóst. En til þess að við getum tekið á móti erlendum ferðamönnum og veitt þeim upplýsingar um land okkar og leiðbeint þeim á allan veg, þá þarf menntun. Þess vegna er hér rætt um að stofna ferðamálaskóla.

Ferðaþjónustan er margþætt. Til þess að gegna henni eins vel og full þörf er á verður að sinna ýmsum greinum hennar. Það er ekki nóg að geta búið til góðan mat fyrir hina erlendu gesti. Sá sem leiðbeinir þeim þarf ekki síst að vita þó nokkuð mikið um sitt eigið land. Ég er ekki að segja að menn þurfi að vera hámenntaðir en a.m.k. að kunna vel til verka.

Mér dettur í hug saga sem endur fyrir löngu var sögð af Grími bónda á Bessastöðum. Það bar eitt sinn við að nokkrir franskir sjómenn hittu hann og ræddu við hann og töluðu að sjálfsögðu við hann á sínu eigin móðurmáli, frönsku. En Grímur svaraði þeim reiprennandi á sama máli því hann var vel mæltur á frönsku. Þeir urðu alveg undrandi þegar bóndi úti á Íslandi kunni svo vel að svara spurningum þeirra á þeirra eigin móðurmáli svo þeir inntu hann eftir því hvort margir bændur á Íslandi töluðu svo góða frönsku. „Ja, ég er nú með þeim lakari," svaraði Grímur.

Það er hafið yfir allan vafa að almenn menntun hefur verið, og er vonandi enn hér á landi, einnig út um hinar dreifðu byggðir, í góðu lagi. Nú er ekki nema gott eitt um það að segja að stofna skóla bæði í Reykjavík og Kópavogi og hér á höfuðborgarsvæðinu. En landið er meira en höfuðborgin þó góð sé og flestir þeir sem koma hingað vilja sjá landið. Þeir vilja sjá meira en bara höfuðstaðinn Reykjavík.

Þegar rætt er um hvar ætti að velja slíkri menntastofnun aðsetur, þá vil ég leyfa mér nú þegar á þessu stigi að nefna einn stað. Það er Reykholt í Borgarfirði. Allir Íslendingar þekkja Reykholt. Það er einn af frægustu sögustöðum okkar. Það er kirkjustaður frá fornu fari. Þar hefur verið skólasetur um langan tíma og er enn í dag. Frægð þessa staðar erlendis hefur ekki síst haldið uppi einn af frægustu rithöfundum og skáldum okkar á öllum tímum, Snorri Sturluson. Og það er þess vegna sem Norðmenn bera mikla virðingu fyrir þessum stað. Hann er helgur í augum þeirra margra. Reykholtsstaður er og ákjósanlegt skólasetur frá mörgum sjónarmiðum séð fyrir utan það sem nú er nefnt. Þar er jarðhiti, þar er náttúrufegurð og staðurinn er mjög vel í sveit settur.

Enn eitt, að nú er uppi umræða um héraðsskólana. Það þarf að velja þeim stað í skólakerfi landsins og fela þeim verkefni til frambúðar. Við megum ekki láta héraðsskóla okkar molna niður og visna upp. Við verðum að ætla þeim ný hlutverk og bæta verkefnum á námsskrá þeirra í samræmi við kröfur nútímans. Að vísu hefur Héraðsskólinn í Reykholti, sem er búinn að starfa mjög lengi, ævinlega verið vel sóttur og er raunar enn. En það hillir undir breytta tíma í þeim efnum. Aðsókn er að fjara út að héraðsskólum í þeirri mynd sem þeir hafa

verið reknir á undanförnum árum af eðlilegum ástæðum.

Ég skal ekki ræða þetta mál lengur nú en aðeins ítreka það að ég tel Reykholt í Borgarfirði mjög ákjósanlegan stað fyrir ferðamálaskóla. Og af því að ég minntist hér áðan á Grím Thomsen, þjóðskáld Íslendinga, þá sakar ekki að geta þess að hann var lengi, árum saman, þingmaður Borgfirðinga.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir efni þessarar till., enda margoft búin að lýsa áhuga á eflingu ferðaþjónustu og nauðsyn þess að treysta grunn þeirrar atvinnugreinar sem vitanlega verður að byggjast á þekkingu.

Á síðasta þingi, nánar tiltekið 8. apríl s.l., svaraði hæstv. menntmrh. fsp. sem ég hafði lagt fram um það hvaða nám væri nú í boði fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu og hvort einhverra breytinga væri að vænta í þeim efnum. Í svari hæstv. ráðh. kom fram, sem ég raunar átti von á, að ekki er af miklu að státa í þeim efnum. Ráðherra nefndi vitanlega fyrstan Hótel- og veitingaskólann og hann nefndi einnig að Félag leiðsögumanna hefði haldið uppi námi fyrir leiðsögumenn, hann minntist á að Flugleiðir þjálfa á sínum vegum flugfreyjur og flugþjóna og að Bændaskólinn á Hvanneyri hefði veitt ferðaþjónustu fyrirgreiðslu í fræðslu um ferðamál. Hins vegar kom fram í svari hans að ekki væri annað í bígerð en það sem áformað væri í sambandi við uppbyggingu Hótel- og veitingaskólans í Kópavogi og í umræðunni kom fram það sem hér hefur verið minnst á að það hefur gengið vonum seinna að koma þeim skóla í almennilegt húsnæði og hefur náttúrlega staðið uppbyggingu fræðslu á þessu sviði fyrir þrifum.

Ég nefndi í þessari umræðu að það væri ætlun mín að leggja fram tillögu um nám í ferðaþjónustu. Hv. 2. þm. Reykn. hefur orðið mér fyrri til og er mér sannarlega sama hvaðan gott kemur. Hins vegar er þessi till. tæpast nógu rúm að mínum dómi. Mér finnst ekki nóg, eins og ég gat reyndar um í umræðunni um fsp. mína á síðasta þingi, mér finnst ekki nóg að bjóða upp á sérhæft nám á einum stað. Ég tel mjög nauðsynlegt að byggja upp nám sem gagnist víða um landið. Ég tel að það væri æskilegt að bjóða upp á námsbrautir í fjölbrautaskólunum og sjálfsagt að hafa ferðaþjónustu mjög sterklega í huga þegar leitað er leiða til að efla héraðsskólana og húsmæðraskólana að nýju. Hér gæti verið um undirstöðumenntun að ræða sem nýttist sem undirbúningur undir nám í sérhæfðum skóla eins og um ræðir í þessari till. Ég vil sérstaklega í því sambandi minna líka á fjarkennslu sem ég tel mjög kjörinn vettvang fyrir fræðslu af þessu tagi.

Hvað staðarval varðar get ég nú ekki tekið undir hugmynd síðasta ræðumanns. Ég tel fyllilega eðlilegt að byggja upp skóla, alhliða ferðamálaskóla í tengslum við Hótel- og veitingaskólann sem ákveðinn hefur verið staður í Kópavogi, en vil ítreka það sem ég sagði hér um nauðsyn undirbúningsmenntunar og námsbrauta sem væru þá undirbúningur undir nám í slíkum skóla. Og þar ítreka ég það sem ég sagði um nýtingu héraðs- og húsmæðraskóla sem efla þarf að nýju.

Að teknu tilliti til þessa sem ég hef nú sagt lýsi ég stuðningi við þessa tillögu.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim hv. tveimur þm. sem hér hafa tekið til máls í umræðum um þessa till. fyrir orð þeirra og liðsinni við þennan tillöguflutning. Ég vil ekki fara að deila um staðsetningu slíks skóla við minn ágæta vin, hv. 1. þm. Vesturl. Meginatriðið er að slíkri skólastofnun verði komið á fót sem fyrst.

Vers númer tvö er síðan að taka ákvörðun um það hvar þeirri menntastofnun verður valinn framtíðarstaður. Við höfum ýmsar skoðanir í þeim efnum, ég og hv. 1. þm. Vesturl., en ég held að þær séu ekki á nokkurn hátt ósamrýmanlegar og kem ég þar einmitt að orðum hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur.

Þótt hér verði um einn sérskóla að ræða eða fagskóla, sem ég tel að alls ekki eigi að starfa á háskólastigi og ég tel best settan í nánu sambýli við Hótel- og veitingaskóla Íslands, þá er ekkert því til fyrirstöðu að námsbrautir við menntaskóla og fjölbrautaskóla víðar á landinu bjóði upp á nám, fyrst og fremst þá bóklegt nám, í ýmsum greinum ferðamála. Hér er nefnilega um ákaflega víðtækt svið að ræða og hótel- og veitingaþjónustan er ekki nema einn hluti þess, þótt ferðamaðurinn verði auðvitað því ánægðari því betra sem hann fær að borða. En það eru fjölmörg önnur atriði sem koma hér til greina.

Það er rekstur ferðaskrifstofa sem er sérhæft fag og ákaflega mikill áhugi á. Einkafyrirtæki gekkst nýlega fyrir námskeiði hér í bæ um útgáfu flugfarseðla. Ég held að það hafi tífalt fleiri skráð sig á námskeiðið en komust þar að og sýnir það hve gífurlega mikill áhugi er einmitt á störfum á þessu vaxandi sviði. Það er gestamóttaka í sambandi við hótelrekstur. Það er leiðsögn ferðamanna. Þar er um að ræða námskeið fyrir leiðsögumenn í dag, en í þeirri grein mætti vera miklu víðtækari menntun. Það er þekking á náttúru landsins. Það er þekking á sögu landsins og það er vitanlega almenn tungumálakunnátta. Það er svo fjölmargt sem kemur einmitt hér til greina sem kenna mætti á hinum ýmsu námsbrautum víða um land og þarf alls ekki að binda við einn sérskóla.

Hins vegar er það ekki vansalaust þegar um er að ræða svo mikilvæga atvinnugrein, atvinnugrein sem ég tel að eigi sér hvað mesta vaxtarmöguleika á næstu árum, að hún eigi sér ekki sinn skóla. Við þurfum að eiga vel menntað fólk, fólk sem ekki þarf að sækja menntun sína út fyrir landsteinana og fara í rándýra einkaskóla erlendis. Við eigum að sjá fyrir þörfum þess hér heima á okkar eigin landi.

Ég vil ítreka þakkir mína til þeirra þm. sem til máls hafa tekið í þessari umræðu. Ég veit að þeir

ráðherrar sem þessi mál heyra undir munu þegar hafa hugleitt þessi efni. Í sjálfu sér má velta því fyrir sér hvort hér þyrfti að vera um algeran ríkisskóla að ræða, hvort hér gæti ekki risið skóli sem væri að nokkru leyti á vegum ríkisins, eins og Hótel- og veitingaskólinn, en jafnframt á vegum þeirra aðila sem í ferðamálaiðnaðinum starfa sjálfir. Þar höfum við mjög gott og merkilegt fordæmi um rúmlega ársgamlan skóla, Útflutnings- og markaðsskóla Íslands, sem rekinn er í sameiningu af Stjórnunarfélagi Íslands að 90% hluta og Útflutningsráði Íslands, sem er 10% eigandi skólans. Hér eru það sem sagt hinir svonefndu hagsmunaaðilar, þ.e. þeir aðilar sem á þessum vettvangi starfa, sem reka þennan skóla. Skólastarfið hefur gengið mjög vel. Þarna er ekki um ríkisskóla að ræða heldur eingöngu einkaframtaksskóla ef svo mætti kalla það. Og mér finnst mjög vel koma til athugunar í þessu efni að hér gengju einkaaðilar og ríkið til samvinnu einmitt um stofnun þess ferðamálaskóla sem svo sárlega vantar í þetta þjóðfélag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég mun í upphafi þessarar framhaldsumræðu tala stutt mál og ekki efnislega nema að einu leyti, sem ég kemst ekki hjá að orðfæra.

Þau hafa nú tíðkast hin breiðu spjótin í þessari umræðu og ég hef ekki treyst mér til annars en að mæta ásökunum, ákærum um valdníðslu og lögbrot, af fullri hörku. En ræða mín er nú einkum til þess ef menn gætu hugsað sér að draga úr þessum fyrirgangi því ekki bætir hið háa Alþingi sérstaklega við hæð sína í virðingu af þeim sökum. Hér hlýtur þetta mál að ganga sína eðlilegu leið sem lög marka því og menn ættu kannske að beita þolinmæði á meðan.

Ég kemst ekki hjá að nefna eitt atriði. Ég var þegar í stað borinn þeim sökum að hafa flutt hinu háa Alþingi rangar upplýsingar í skýrslu minni eða ræðu sem ég flutti hér í fyrradag, af formanni fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, Þráni Þórissyni, og fyrrv. fræðslustjóra, Sturlu Kristjánssyni, þar sem ég hafði haldið því fram að ákvarðanir og framkvæmdir í húsnæðismálum fræðsluskrifstofunnar hefðu verið með öllu undirbúnar og teknar ákvarðanir um fjárfestingar án nokkurs samráðs við ráðuneytið. Þessu var á bls. 37 í Morgunblaðinu í viðtali við báða þessa menn af þeim vísað á bug sem röngu og ósönnu. En Ríkisútvarpið, eins og menn hafa kannske heyrt, gerði sér hægt um vik og sannaði með öllu að þeir fóru með rangt mál. Ég skil ekki hvernig þetta má vera. Nema að mönnum detti í hug að hægt sé að skjóta undan eða skýla fundargerðum fræðsluráðsins. En þær fundargerðir höfðu verið sendar Hallgrími Skaptasyni, sem er eigandi húsnæðisins, til staðfestingar á því að samningur væri gerr á milli þessara aðila um þessi húsnæðismál. Og skiptir litlu máli í þessu sambandi þessi ákvörðun án samráðs við ráðuneytið og er eitt örlítið dæmi af allri súpunni um hvernig á málum var haldið, var á núvirði 4 millj. kr. og hlutur ríkisins 2,7 millj. kr. Það er þó drjúgum meira en við að jafnaði treystum okkur til þess að sjá af til framkvæmda hinna ýmsu grunnskóla, svo ég nefni það sem dæmi, og fjvn. hefur sem mest að vinna við að skipta á haustdögum. (**Gripið fram í:** Hvenær skeði þetta?) Þetta er í júnímánuði 1981 sem ákvarðanir eru teknar í fræðsluráðinu. Ég get ekki betur séð en það hafi verið niðurstaða þeirra félaga að reyna að koma sök að þessu leyti á þann sem tók við fræðslustjóraembættinu, Ingólf Ármannsson, vegna þess að það er 25. september sem hann undirritar þetta með leyfi ráðuneytisins af því að ráðuneytið taldi að ella yrði það stórlega skaðabótaskylt ef það gengi ekki inn í þennan samning. En allt gengur þetta fyrir sig í júnímánuði og þá er gengið frá öllum þessum hlutum og stofnað til þessa kostnaðar. En að sjálfsögðu, þegar Ingólfur kemur að embættinu vegna leyfis sem hæstv. þáv. menntmrh. veitti Sturlu Kristjánssyni að taka við skólastjóraembætti á Þelamörk, þá kemur hann að embætti, Ingólfur, til bráðabirgða og rekur þá þegar í stóra strand með þessa fjárfestingu og upplýsir ráðuneytið um hvað framkvæmt hafi verið. Allt er þetta bókað í bak og fyrir þannig að það þarfnast ekki lengri umræðu. En ég mátti til að segja frá þessu hér líka vegna þess að ég hef sagt að þótt fræðsluráð vilji, og ég sé þess albúinn að reyna að leysa vanda starfsemi fræðsluskrifstofunnar til bráðabirgða og fræðsluráðið hafi raunar gert tillögu um mann til þess, sem ég hef ekkert á móti og vil athuga, en ég treysti mér ekkert að svo komnu og við svo búið að starfa með eða taka við tillögum frá formanni fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, Þráni Þórissyni, fyrr en hann hefur gefið fullgildar skýringar á og/eða beðist fullkominnar afsökunar á slíku ótrúlegu framferði eins og þarna átti sér stað, í andsvörum við þeirri skýrslu sem ég hafði þar flutt. Og læt ég nú þessu atriði lokið.

En til mín hafa leitað menn úr mörgum stjórnmálaflokkum þeirra erinda að spyrjast fyrir um hvort þrátt fyrir réttmæti brottrekstursins sé ekki fært að koma málum svo fyrir vegna fjölskylduaðstæðna mannsins, Sturlu Kristjánssonar, að hann standi ekki uppi algjörlega tekjulaus meðan hann er að finna sér nýtt starf. Þetta atriði var mér töluverð hugraun í sambandi við ákvörðun mína um brottvikninguna. Hin köldu lög tilkynntu mér að hjá því yrði ekki komist að nema nafn Sturlu af launaskrá þegar í stað og skýring ríkislögmanns var sú að ella,

ef ég héldi honum og mælti með að halda honum á launaskrá, sem ég hélt nú að væri manneskjulegt, yrði það e.t.v. notað í málarekstrinum sem rök þess efnis að *ég hefði ekki talið mig alveg vissan upp á* mínar hendur um að hún væri á fullkomnum rökum reist, þessi ákvörðun um brottvísun. Þetta er álit lögfræðinganna og ríkislögmanns í þessu falli. Ég hef þess vegna mikla samúð með þessum aðstæðum þó ég standi fast á þeirri skoðun minni að gerðir mínar hafi í hvívetna verið lögmætar og réttmætar og óhjákvæmilegar þar sem ég fékk engu um þokað í afstöðu fyrrv. fræðslustjóra til málanna. Því mun ég nú beita mér fyrir því við fjmrh. að sérstök fjárveiting fáist til að greiða manninum, Sturlu Kristjánssyni, fjárhæð sem svarar u.þ.b. þriggja mánaða launum, án þess þó, og það tek ég skýrt fram, að í því felist nokkur viðurkenning á að brottvikningin hafi ekki í hvívetna verið lögmæt. Þetta vildi ég að fram kæmi í upphafi framhaldsumræðunnar nú.

Mönnum er það auðvitað sjálfrátt að hefja þræturnar á nýjan leik eins og lund þeirra liggur til. Ég verð þá að taka þátt í henni að mínu leyti eins og ég tel þörf á, enda þótt ég hafi frá upphafi farið fram á það að menn spöruðu hin stóru orðin og gættu fyrst að staðreyndum eins og þær standa til, vegna þess að þetta er bara fyrsta spilið í borginni sem þarna hrynur og þeim verður á að reyna að byggja á um fjárreiður og fjárfestingar í sambandi við húsaleigumálið. Allt er þetta á eina bók lært, því miður, og í raun og veru er hið háa ráðuneyti í sök að því einu leyti að hafa látið þessa ósvinnu viðgangast um svo langa hríð, svo sem fram kom hér í skýrslum og eigin orðum þess sem hér á hlut að máli.

Það er þess vegna von mín að menn stilli aðeins ákafann og bíði þess, sem hlýtur að verða vegferð þessa máls, að þeir sem telja sig hafa verið órétti beitta fari lögverndaða leið að leita réttar síns, svo sem segir í lögum um opinbera starfsmenn og er að finna í 11. gr. þeirra laga. Aðrar aðferðir eru ekki ásættanlegar eins og menn hljóta að skilja, því að þessa aðferð hefur Alþingi hið háa sjálft markað og getur ekki tekið neina nýja afstöðu til úrskurðar málum, í þessu falli frekar en öðru, þótt vald þess sé auðvitað ótakmarkað að bregða á þau ráð sem því svo kann að sýnast. En ég hygg að meiri hluti *Alþingis, og hef reyndar rökstuddan grun um það*, að meiri hluti Alþingis muni ekki hlíta slíkum tillögum.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Þetta er nú orðið ansi mikið þjark hérna um þetta mál og satt að segja ekkert sérstaklega spennandi að fara að taka nú svona í lokin þátt í þessari umræðu. En eigi að síður hefur mér fundist rétt að taka hér til máls vegna þess að það verður nú að segjast eins og er að þetta mál hefur á engan hátt skýrst þannig fyrir okkur hv. þm., þrátt fyrir allt, að við vitum nákvæmlega hvað hér er um að ræða. (**Menntmrh.:** Ekki fyrrv. ráðherra heldur?) Nú kemur hæstv. ráðh. og fer að tína til einhvern gamlan reikning. Ég hefði gaman af að sjá þennan reikning og ég hefði gaman af að fara betur ofan í það hvað hér hefur skeð. Mér skilst að þetta hafi skeð *í minni tíð og ég hef sterkan grun um* það að það hafi verið gert í minni tíð að heimila þessa framkvæmd sem hér um ræðir. En guð hefur gefið mér eina gáfu eins og öllum öðrum, og það er að kunna að gleyma, og satt að segja man ég ekki allt sem hefur skeð frá degi til dags í mínu lífi, hvað þá það sem hefur skeð kannske fyrir 7–8 árum, og ég man ekkert eftir þessu sérstaka tilfelli sem hæstv. ráðh. er nú að *tína til, og ég hef aldrei heyrt* það fyrr en núna að umræðan um þetta mál eða deilurnar um þetta mál snúist um þetta sérstaka atriði. Ég held, hæstv. ráðh., að við hv. þm. þurfum að átta okkur betur á því hvort svo er í raun og veru, hvort hér er raunverulega um nokkra sök að ræða hjá þeim aðilum sem hæstv. ráðh. nefnir þarna sérstaklega til, þ.e. Sturlu fræðslustjóra, sem var lengi, og svo formann fræðsluráðsins. Ég er ekki búinn að átta mig á því að þessir reikningar séu með þeim hætti að það sé ámælisvert og ég vil fá tækifæri til þess að kanna hvort svo sé áður en ég tek nokkkra afstöðu til þessa sérstaka atriðis.

Ég neita því ekki að mér kom það í hug þegar þessi mál voru að byrja núna fyrir nokkru að fá leyfi ráðuneytisins til þess að skoða þau gömlu skjöl sem ég umgekkst í ráðuneytinu á sínum tíma, sem ég á fullan rétt á sem fyrrv. ráðherra. En ég er ekki enn þá orðinn svo á kafi í sagnfræðinni að ég hafi farið að viða að mér neinum skjölum eða hafi þau tiltæk, en mér kom þetta til hugar. Því miður fórst það nú fyrir að ég gerði það, *sem m.a. stafaði af því að þeir* ágætu menn sem ég ætlaði að hitta í ráðuneytinu og vissi að hefðu besta reiðu á þessu voru ekki viðstaddir, en það sýnir sig að það er full ástæða til þess fyrir mig að fara ofan í þetta og sjá hvernig þessir reikningar voru, hvernig þetta var uppáskrifað og heimilað í ráðuneytinu í minni tíð. Þetta vil ég fá að sjá.

Hér hafa orðið sem sagt gífurlega miklar umræður um þessi mál og ef ég á að segja í mjög stuttu máli hvað mér finnst um þetta, þá er það að ég verð að segja mínum ágæta vini, hæstv. menntmrh., það hreinskilnislega að ég átta mig ekki fyllilega á því hvernig á því stendur að hann grípur til slíkra aðgerða sem hann hefur gert, beitir þeim aðferðum sem hann hefur viðhaft í þessu máli.

Sannleikurinn er sá að það hefur ekkert komið hér fram, nema ef það skyldi þá vera þessi reikningur sem hæstv. ráðh. er að nefna núna og ég hef ekki heyrt minnst á fyrr í umræðunni, að það sé hægt að tala um að það hafi verið á nokkurn hátt misfarið með fé á þessari skrifstofu. Ég held að það sé alrangt. Ég þekki það að vísu að það gat verið býsna erfitt að vinna með Sturlu Kristjánssyni, (**Menntmrh.:** Jæja.) *ég þekki það frá gamalli tíð*. En ég ber ekki saman þau deilumál sem við áttum í, við Sturla, á þeirri tíð sem ég var ráðherra og það sem hæstv. ráðh. er að gera nú. Það sem skeði í minni tíð

var það að Sturla var skólastjóri í Þelamerkurskóla í Hörgárdal og það tókst því miður svo illa til að það komu upp alvarlegar deilur á vinnustaðnum, í skólanum. Þessar deilur leiddu til þess að skólinn var ekki tekinn til starfa þegar komið var fram í nóvember og ég sá ekki annan kost en að flytja Sturlu á milli starfa innan norðlenska skólakerfisins, hann var aðeins settur skólastjóri á Þelamerkurskóla en ég fól honum að nýju að gegna sínu starfi sem hann var skipaður til, að vera fræðslustjóri á Norðurlandi og því hefur hann gegnt. Það sem ég hef litið til með störfum Sturlu og síðan kynnt mér þau, þá sýnist mér satt að segja að hann hafi innt þau býsna vel af hendi og það hafi a.m.k. ekki komið til þess að það hafi verið á nokkurn hátt óreiða á hans vinnustað eða vandræði með það að störf gengju þar fram, hvað þá að skólakerfið hefði á nokkurn hátt stöðvast fyrir hans tilstilli. Það er fjarri því að svo hafi til tekist. Ég veit ekki til þess að Sturla Kristjánsson sé kunnur að neinni óreiðu í fjármálum, alls ekki, og ég hygg að það muni sannast að hann hafi haft að lokum fullgilda heimild til þess að koma þokkalegu húsnæði yfir starfsemina, sem nú er verið að deila um.

En hvað sem líður nú öllu þessu, þá er það mín skoðun að þetta deilumál snúist um það, sem ýmsir hafa reyndar bent á, þetta snýst í raun og veru um þá skólamálastefnu sem ríkja skal í þessu landi og við viljum halda uppi og þá ekki síður á Norðurlandi en annars staðar. Þetta er í raun og veru, hæstv. ráðh., spurning um það hvaða fjármagn skuli vera í skólakerfinu á Norðurlandi. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. menntmrh. hafi beinlínis ákveðið það að Norðurlandskjördæmi eystra skuli verða fyrir einhverjum alveg sérstökum aðhaldsaðgerðum í fjármálastjórn menntmrn. Og ég sé það líka alveg sérstaklega fyrir mér að hæstv. ráðh. hefur ætlað að beita aðhaldsstefnu sinni öðru fremur á einu sérstöku sviði innan skólakerfisins, þ.e. hvað varðar kostnað við sérkennsluna á Norðurlandi eystra. Þannig að áhersluatriði hæstv. ráðh. í sambandi við aðhald sitt í fjármálum varðar fyrst og fremst skólakostnað á Norðurlandi og þá alveg sér í lagi sérkennnslukostnaðinn. Það er þetta sem ég mun finna mjög alvarlega að. Og ég get ekki sagt að þetta sé stórmannlegt metnaðaratriði af hæstv. ráðh. að beina skeytum sínum alveg sérstaklega að þessu atriði. Það er ekki aðeins að það sé óskiljanlegt að hæstv. ráðh. skuli fá sig til þess að beita valdi sínu svona, það er í raun og veru undarlegt að hæstv. ráðh., sem maður hefði trúað að hefði metnað í sínu starfi, skuli beita sér á þann hátt sem þarna er um að ræða. Því að þó að við viðurkennum aðhaldsaðgerðir þá er fjarri því að það sé eðlilegt að beita þeim á þann hátt sem þarna er gert.

Ég skal taka undir það að þörf sé á því að hafa aðhald, fara vel með fé, en það má ekki verða að neinu duttlungamáli hvernig aðhaldinu er beitt. Mér finnst eins og hæstv. menntmrh. hafi gerst offari í þessu máli.

Ég vil sem sagt benda á að þetta er í rauninni kjarni þessa máls. Það er kjarni þessa máls að hæstv. ráðh. hefur tekið sig til og ætlar að láta Norðurlandskjördæmi eystra verða næstum að segja út undan um skólafjármuni og hann ætlar að beita því á þennan hátt sem ég hef hér sagt. Hann ætlar að láta það koma sérstaklega niður á sérkennslustundunum.

Mér finnst þetta vera allt of einstrengingsleg afstaða í sambandi við þetta mál og reyndar kemur þarna fram mjög einstrengingsleg afstaða í viðhorfum hæstv. ráðh. gagnvart framkvæmd grunnskólalaganna því að sannleikurinn er sá að þetta vandræðastand hæstv. ráðh. núna varðar fyrst og fremst það atriði hvernig smám saman á að gera ákvæði grunnskólalaganna að veruleika. Það er býsna erfitt verkefni og það hefur vafist fyrir fræðsluyfirvöldum, vafist fyrir ráðherrum í 12 ár eða svo og ég skal ekki gera lítið úr þessum vanda, að það sé erfitt að framkvæma grunnskólalögin, svo viðamikil og kostnaðarsöm sem þau eru. Ég þekki það af eigin raun.

En má ég minna á það að í grunnskólalögunum eru ýmis nýmæli. Það voru sett inn í þau ýmis nýmæli á þeirri tíð, 1974, sem ekki voru fyrir hendi fyrir gerð þessara laga. Meðal nýmælanna var það ákvæði að koma upp fræðsluskrifstofum um landið. Auðvitað hlaut það að hafa kostnað í för með sér. Og ég vil leyfa mér að minna hæstv. Alþingi á að þetta er einhver fyrsta tilraun til þess að koma á virkri valddreifingu í landinu og draga úr einhliða miðstýringu frá Reykjavík. Það skeður einmitt með stofnun fræðsluskrifstofanna að draga úr miðstýringu frá Reykjavík. Það skeður einmitt með stofnun fræðsluskrifstofanna og með þessum ákvæðum sem sett voru í grunnskólalög á þessum tíma. Ég tel að í þessu ákvæði felist hin mesta framsýni og þarna hafi verið myndarlega að staðið. Nú erum við sífellt með það á vörunum að það þurfi að dreifa valdinu og vissulega tek ég undir það. Það þarf að dreifa valdinu. Og ég held að það væri nær hæstv. menntmrh. og öllum öðrum ráðherrum, að þeir tækju vel í það og sinntu því verkefni vel, þar sem það er beinlínis þegar lögbundið að koma því svo fyrir að slík valddreifing geti átt sér stað og það á svo sannarlega við hvað varðar fræðsluskrifstofurnar. Í því felst þá auðvitað það líka að það verður að leggja ákveðið stofnfé til þessara skrifstofa meðan verið er að koma þeim á laggirnar og það þarf því engan að undra, hvorki hæstv. ráðh. né nokkurn annan, þó að það hafi kostað á þessari tíð 3–4–5 millj. að búa fræðsluskrifstofuna á Akureyri, sem nær yfir stórt og mikið svæði og mikinn mannfjölda, þó að það kosti nokkurt fé að búa þessa skrifstofu vel. (Gripið fram í.) Nei, það er einmitt það sem er, að ég tel að það hafi verið mikil framför að fræðsluskrifstofunum og það sé mikið óþurftarmál ef nokkur ráðherra aðhefst eitthvað það sem gerir að verkum að fræðsluskrifstofurnar fá ekki að njóta þeirrar virðingar sem þeim ber.

Ég er sammála hæstv. menntmrh. um að fræðslustjórar landsins heyra undir ráðherra. Ég er alveg sammála honum um það og ég lagði ævinlega ríkt á um þetta meðan ég var menntmrh. og hélt fundi með fræðslustjórum og minnti þá á að þeir væru vissulega starfsmenn ráðuneytisins. En lögin eru nú einu sinni þannig úr garði gerð að það er líka gert ráð fyrir að þeir séu starfsmenn fræðsluráðs. Það segir í lögunum einhvers staðar að þeir séu framkvæmdastjórar fræðsluráðsins. Það er alveg rétt að svo er, en eigi að síður er ég sammála hæstv. ráðh. um það að þeir heyra undir ráðherra og þeir eru hans starfsmenn.

Hins vegar held ég líka, og vil minna á það og leggja á það áherslu reyndar, að það eigi ekki að vera neins konar einstefnuakstur í samskiptum ráðherranna við fræðslustjórana. Það á ekki að vera þar neinn einstefnuakstur. Ég held þvert á móti að það sé mjög æskilegt, m.a. til að tryggja valddreifinguna sem ég var að tala um, að menntmrh., hver sem hann er, sé milliliðalaust í sambandi við fræðslustjórana og það sem oftast.

Þetta er kannske ekki aðalatriði þess sem ég ætlaði að segja um nýmæli í grunnskólalögunum og vandann við að framkvæma þessi lög, en ég legg þó mikla áherslu á að fræðsluskrifstofurnar eru mjög mikilvægar og þetta er nýmæli í lögunum sem verður að leitast við að framkvæma eftir því sem aðstæður frekast leyfa.

Ég ætla ekki að rekja hér öll þau atriði sem benda til þess að grunnskólalögin séu ekki fullkomlega framkvæmd því að það er fjarri því að það hafi tekist. Ég ætla heldur ekkert að hneykslast á því að það hefur ekki tekist að framkvæma grunnskólalögin, hvorki í minni tíð, hvorki í tíð þessa eða hins ráðherrans né þess sem nú situr né nokkurs annars. Það er ekkert hneykslunarefni þó það hafi ekki tekist að framkvæma svo viðamikinn lagabálk. Það vil ég taka skýrt fram. Það mátti öllum vera ljóst þegar grunnskólalögin voru sett 1974 að það hlaut að taka langan tíma að fullkomna þessa framkvæmd, koma á næstum að segja alfullkomnu skólakerfi sem auðvitað er ekki hægt. Það er auðvitað ekki hægt að búa til eitthvert alfullkomið skólakerfi eins og menn geta búið til gangverk eða sigurverk sem aldrei slær feilpúst. Auðvitað verða mannaverk af því tagi, eins og skólakerfið, aldrei fullkomin og ég ætla mér þess vegna ekkert að hneykslast á því þótt núv. hæstv. menntmrh. hafi ekki tekist að koma í framkvæmd öllu því sem stendur í grunnskólalögunum. Það dettur mér ekki í hug að gera.

En það er annað sem mig langar til að segja við hæstv. ráðh. Það er að það má gera þá kröfu til fræðsluyfirvaldanna og þá alveg sérstaklega til ráðherra að hann og fræðsluyfirvöldin yfirleitt vinni sleitulaust að því að láta grunnskólalögin koma til framkvæmda í sem allra flestum efnum. Það á að vera metnaðaratriði. Það á að vera það sem menn hafa að leiðarljósi jafnvel þó menn gangi ekki svo langt að búast við því að í stuttri ráðherratíð geti menn komið öllu fram sem æskilegt væri að gera og gera allt fullkomið, enda verð ég að játa að ég er ekki svo trúaður á fullkomnun yfirleitt í löggjöf eða lagaframkvæmd að það sé hægt að gera slíka kröfu. Ég hefði hins vegar haldið að það ætti að vera metnaðarmál allra ráðherra, allra menntmrh., og það hefur verið það að ég held alveg frá fyrstu tíð og þá ekki síður fræðslustjóranna, að reyna að vinda sér í það að koma sem allra flestu fram af því sem segir í grunnskólalögunum. Og mín skoðun er sú að einmitt þessir aðilar sem ég nefni, menntmrh. og fræðslustjórarnir, eigi að vera sverð og skjöldur þessara mála, og þeirra vilji ræður auðvitað miklu um það hvernig gengur að framkvæma grunnskólalögin og bæta skólakerfið á grundvelli þeirra laga. Og ef það brestur áhuga hjá þeim ráðherra sem fer með völdin í hvert sinn, eða áhuga brestur hjá fræðslustjórunum, býð ég ekki í að það komist á að framkvæma grunnskólalögin vegna þess að reynsla mín eftir margra ára ef ég segi ekki áratuga setu á Alþingi er sú að skólamálum er ekki nægilega sinnt, ekki sinnt af nægilega miklum áhuga hvorki hér í þinginu og þaðan af síður innan ríkisstjórna í heild né heldur þegar verið er að gera stjórnarsáttmála. Þetta er staðreyndin. Og ég býst við að hæstv. menntmrh. finni fyrir því, þó að við styðjum þessa ríkisstjórn báðir af alhug, að hann hefur ekki margar forskriftir í stjórnarsáttmálanum um hvernig hann eigi að stýra menntmrn. Ég held að ég hafi haft aðeins skárri fyrirmæli í þeim sáttmála sem ég hafði við að styðjast. En ég held að það sé rétt hjá mér að það séu ekki mörg fyrirmæli sem hæstv. ráðh. hefur. Þetta er náttúrlega stór galli vegna þess að þegar að því kemur svo að duglegir ráðherrar, sem hæstv. ráðh. er nú, sjá bókstaflega engar nótur til að spila eftir fara þeir bara að spila eftir eyranu og það er ekki nógu gott. (**SJS:** Hann er ekki músíkalskur.) Ekki veit ég um það, en alla vega finnst mér þessi pólitíska músík hans ekki nógu góð.

En ég held að þetta sé svona, að ráðherra menntamála má aldrei bregðast í þessu efni einfaldlega vegna þess að þrátt fyrir allt er eins og skólakerfið, menntamálin, eigi sér fáa formælendur þegar á reynir. Og ég vil bæta því við að það er ekki síst skylda og hlutverk ráðherranna að kveða niður hleypidóma. Mér hefur fundist stundum að ég hafi alla mína pólitísku ævi verið að kveða niður hleypidóma, alla mína ævi, og það er þó nokkurt verk. Og af því að ég þekki hæstv. menntmrh. vel frá ungum árum og þekki hans góðu kosti er ég alveg viss um að hann er mér sammála um að það er mjög æskilegt að menn reyni að gera sitt besta í því að kveða niður hleypidóma. En ég verð að segja það hins vegar að það hefur ekki tekist hjá hæstv. ráðh. sem nú fer með menntamál að kveða niður hleypidómana um uppeldissténingar, um kennarastéttina, sálfræðingana, uppeldisfræðingana og aðra þá sérfræðinga sem starfa í skólakerfinu. Því miður hef ég orðið áheyrsla að því að hæstv. menntmrh. kallar þetta fólk hálfgerðum ónefnum. Mér finnst það ekki vera eðlilegt

af neinum menntmrh. að gera slíkt því að maður sem fer í slíka stöðu á að vera varnarmaður þeirra stétta sem vinna að menntamálunum í landinu, kennarastéttarinnar og annarra þeirra sem gegna uppeldislegri forustu innan skólanna.

Herra forseti. Þá er ég eiginlega kominn að því að nefna til sögunnar eitt það atriði í framkvæmd grunnskólalaganna sem síst má draga á langinn. Þó að ég sé af allri minni sanngirni búinn að viðurkenna að það sé ekki hægt að ganga í það lið fyrir lið að framkvæma hverja einustu grein grunnskólalaganna ætla ég samt sem áður að leyfa mér að nefna eitt mál sem ekki má tefja, ekki má draga á langinn og ég tel reyndar að sé alveg óþarfi að draga á langinn nú orðið miðað við þá möguleika og miðað við þá aðstöðu sem fyrir hendi er víða í landinu. Þar á ég við það að koma upp sæmilegri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og sem víðtækastri sérkennslu og stuðningskennslu.

Má ég minna á það, herra forseti, að ákvæði grunnskólalaganna frá 1974 um þessi efni þóttu mikið nýmæli, ekkert síður en „fræðsluskrifstofubáknið“ og margir töldu að þessi ákvæði kynnu lengi að verða dauður bókstafur og þá ekki endilega vegna féleysis. Menn óttuðust ekki svo mjög að það væri fjárskortur sem hindraði það að koma á sæmilega góðri sérkennslu heldur miklu fremur að það vantaði sérmenntað fólk til að gegna slíkum störfum innan skólakerfisins í heild. Þetta átti reyndar lengi framan af við, en á síðari árum hefur orðið á þessu breyting þannig að það eru skilyrði til þess nú, ef vilji fræðsluyfirvalda er fyrir hendi, að auka allhratt þessa nauðsynlegu starfsemi í skólakerfinu. Og það er tímabært að auka þessa starfsemi en ekki að liggja á henni, hæstv. ráðh. Sérstaklega eru fyrir hendi góð skilyrði í Norðurlandskjördæmi eystra að halda uppi góðri sérkennslu og þar skortir hvorki áhuga heimamanna né sérmenntaða kennara á þessu sviði. Þetta er allt til staðar, áhuginn og sérfræðingarnir sem þurfa að sinna þessum störfum. En það kann ekki góðri lukku að stýra ef ráðherra gengur gegn þessum áhuga heimamanna og ef hann hundsar þá möguleika sem fyrir hendi eru til að framkvæma grunnskólalögin að þessu leyti. Það er einmitt þetta sem ég vil gagnrýna í því sem ég hef fylgst með í þessu máli. Það er fyrst og fremst þetta sem ég vil gagnrýna að aðgerðir hæstv. ráðh. koma niður á þessari starfsemi sem ég hef sannfæringu fyrir að er möguleiki að framkvæma með meiri hraða og án þeirra ofsafjármuna sem kannske oft er talað um í menntakerfinu.

Herra forseti. Það sem ég finn að verkum hæstv. ráðh. í þessu máli er einkum það að hann hefur beinlínis hagsmuni fólks í mínu kjördæmi í undandrætti í reynd, hvað varðar þessi tilteknu mál. Hann hefur ekki sýnt áhuga á því að setja sig inn í þau mál eins og ég tel að hann eigi að gera og eins og hann hefur stuðning til frá þingmannaliði Norðurlandskjördæmis eystra þar sem hvorki meira né minna en fimm af þm. úr því kjördæmi styðja hæstv. ráðh. beinlínis og vilja ekki sýna honum á neinn hátt vantraust og munu ekki styðja vantraust á hann.

Ég bendi hæstv. ráðh. á að með ýfingum sínum við einn tiltekinn starfsmann menntmrh. er hann að kalla yfir sig andstöðu fjölda manna gegn sér sem ekki kunna að meta skylmingar hans í ræðustól nema að mjög litlu leyti. Að hann fái beina stuðningsmenn sína úr hópi þm. kjördæmisins upp á móti sér er mál út af fyrir sig, en sambandsleysi hans við fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra og sérstaklega formann fræðsluráðsins, Þráin Þórisson, er stórlega aðfinnsluvert. Það hefur ítrekað komið fram hjá hæstv. ráðh. að hann er að bera formann fræðsluráðs þeim sökum t.d. að hann hafi ekki haft samband við sig, að formaður fræðsluráðsins hafi ekki náð fundi ráðherra. Ég hef vissu fyrir því að hæstv. ráðh. fer þarna með rangt mál. Þráinn Þórisson er ekki einasta í kallfæri og hefur ætíð verið í kallfæri við ráðherra hvenær sem er á nóttu og degi, svo að ég noti nú orðfæri sjálfs hæstv. ráðh., heldur hefur Þráinn Þórisson gert margítrekaðar tilraunir til að ná tali af hæstv. ráðh. og notað til þess réttar boðleiðir, en hæstv. ráðh. hefur ekki sinnt því og hnykkir sífellt meira á í því að rjúfa allt samband við formann fræðsluráðsins eins og lesa mátti í Morgunblaðinu í morgun og eins og hæstv. ráðh. hefur endurtekið í dag. Þetta tel ég vera mjög alvarlegt mál og stóraðfinnsluvert og ég tek þetta nærri mér sem stuðningsmaður hæstv. ráðh. og sem einn af fimm, vil ég segja, mjög ákveðnum stuðningsmönnum hæstv. ráðh. í mínu kjördæmi. Ég segi það, hæstv. ráðh., að þetta getur ekki gengið lengur.

Hvað sem líður áliti hæstv. ráðh. á Sturlu Kristjánssyni og hans verkum er það viðurhlutamikið að stofna til slíks ófriðar við fræðsluráð og skólamenn sem raun ber vitni. Þessum stríðsleik verður að linna og það er á valdi hæstv. ráðh. og reyndar ráðherra eins að láta þessum leik lokið. Það er óþarfi að ljúka þessum skærum með því að annar hvor deiluaðilinn standi yfir höfuðsvörðum hins. Og síst af öllu ætti hæstv. ráðh. að gera sér slíkt að metnaðarmáli. Það getur ekki verið neitt metnaðarmál hjá honum að afhausa ekki aðeins fræðslustjórann heldur fræðsluráðsformanninn, fræðsluráðið allt og skólastjórana alla.

Herra forseti. Mér hefur borist í dag símskeyti sem ég ætla að lesa hér. Þetta símskeyti barst mér í morgun og það er stílað til mín persónulega: Ingvar Gíslason, Alþingishúsinu, Reykjavík. Með leyfi forseta les ég þetta skeyti:

„Fundur í fræðsluráði Norðurlands eystra, haldinn 21. janúar 1987 í fræðsluskrifstofunni, leitar til yðar, herra alþingismaður, sem 1. þingmanns kjördæmisins að þér beitið yður fyrir í samstarfi við þingmenn úr kjördæminu að flutt sé ályktun á Alþingi um það að það hlutist til um að skipuð sé hlutlaus rannsóknarnefnd til að gera úttekt á störfum fræðsluskrifstofu, fræðslustjóra og fræðsluráðs ásamt samskiptum við menntmrn., einkum er varð-

ar fjármálaleg samskipti og brottvikningu fræðslustjóra úr embætti.

F.h. fræðsluráðs.
Þráinn Þórisson."

Þetta er skeytið sem mér barst í morgun og mér þykir rétt að það verði gert heyrum kunnugt undir þessum umræðum. En herra forseti. Það er fjarri því að ég hafi óskað eftir þessu skeyti. Það vil ég að komi skýrt fram. Ég hef ekki óskað eftir þessu skeyti. En skeytið segir sína sögu og það sannar það, sem ég hef verið að halda fram, að hæstv. ráðh. á í styrjöld við fræðsluráð og alla skólamenn í Norðurlandskjördæmi eystra. Hann á ekki í stríði við Sturlu Kristjánsson einan, hann á í ófriði við allt og alla. Þetta tel ég stóralvarlegt mál, en eigi að síður afleiðingu þess sem til var stofnað. Því spyr ég, herra forseti: Er ekki kominn tími til að slíðra sverðin? Er ekki kominn tími til að skoða þetta mál frá grunni?

Á þessari stundu, herra forseti, mæli ég ekki endilega með þeirri leið sem fræðsluráð leggur til í skeytinu. Mér finnst að þá leið þurfi að kanna betur. Ég hef enga löngun til þess að það verði hrapað að neinu í meðferð þessa máls frekar en orðið er og ég hefði heldur kosið að vera kallaður til afskipta af þessu máli með öðrum hætti en að beitast fyrir rannsóknarnefnd á vegum Alþingis. Þess vegna ætla ég nú að leyfa mér að enda mál mitt, herra forseti, með áskorun á hæstv. menntmrh. um að hafa sjálfur forgöngu um að slíðra sverðin og taka upp viðræður við fræðsluráðið. Ef það ber ekki árangur er e.t.v. ekki önnur leið til en að taka málið aftur fyrir til umræðu hér á hv. Alþingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Til upplýsingar skal þess getið að það eru nú tíu hv. þm. á mælendaskrá. Á síðasta fundi fór fram fjögurra klukkustunda umræða um þetta mál. Það er sýnilegt að það mun togna úr þessari umræðu á þessum fundi. En það skal tekið fram að það er gert ráð fyrir að ljúka umræðum á þessum fundi hvort sem það verður unnt fyrir kvöldmat eða á kvöldfundi.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég hlýt að grípa aðeins við orði þegar hv. fyrirrennari minn hefur flutt ræðu með þeim hætti sem hann gerði hér. Hann talaði um og skoraði á að ég beitti mér fyrir því að slíðra sverðin. Sjálfur hagaði hann máli sínu með þeim hætti að það var í þykjustunni sem hann endaði þannig ræðu sína. Ég kom upp að vísu í upphafi fundar og þóttist þá aðeins vera að sveigja að því hvort menn gætu hugsað sér um hríð að setja niður deilur meðan réttir dómstólar taka málið fyrir til meðferðar og annaðhvort dæma mig fyrir lagabrot og valdníðslu eða sýkna mig, því að annað hvort verður að vera. Ég get ekki gengið öðruvísi til leiksins en að ég fái uppreisn æru því að ég er borinn þeim sökum að brjóta lög og beita valdníðslu. Við það get ég ekki búið. Og hvernig má það vera að þeir sem í hlut eiga skuli ekki leita réttar síns eftir lögvarinni leið? Hvernig má þetta vera? Það stendur skýrum stöfum hvernig með skuli fara. Hvaða bögglingur er þetta eiginlega? Vantreysta menn íslenskum dómstólum?

Ég hef enga löngun til þess að standa yfir höfuðsvörðum eins eða neins. En ég gef ekki mannorð mitt laust baráttulaust. Hef ég brotið lög eða hef ég beitt valdníðslu? Um þetta verður að fást úrskurður. Og ég ítreka að ef þeir sem þykjast órétti beittir hliðra sér hjá að leita réttar síns verður ekki á það litið nema með einum hætti og þeir verða þá að búa við að svo sé gert.

En mig undrar ræða hæstv. fyrrv. menntmrh. því að mér virðist sem guð hafi búið hann út með fleiri hæfileika en gleymsku því að heyrnarleysi hlýtur hann að hafa verið sleginn undir allri umræðunni. Hann veit ekkert hvað er verið að tala um þegar ég er að bera af mér sakir í sambandi við húsnæðið sem tekið var á leigu. Ég skýrði frá því á hinu háa Alþingi í gær sem dæmi um að fyrrv. fræðslustjóri hefði virt að vettugi allt samband og samráð við ráðuneytið að hann hafi tekið á leigu og stofnað til stórfellds fjármagnskostnaðar án þess nokkru sinni að hafa samráð og samband við ráðuneytið. Þetta var það sem ég sagði og skýrði Alþingi frá. Bæði formaður fræðsluráðs og fyrrv. fræðslustjóri sögðu að ég færi með ósannindi. Hristir hv. þm. höfuðið yfir því? Þetta er að finna í viðtölum við þá í Morgunblaðinu í gær á bls. 37. Þeir segja að ég fari með ósannindi að þessu leyti. Hvað svo? Fréttamaður Ríkisútvarpsins leikur sér að því að reka þetta öfugt ofan í þá. Hann finnur fundargerðir fræðsluráðsins frá því í júnímánuði 1981 þar sem allar þessar ráðagerðir eru samþykktar og Ingólfur Ármannsson, þegar hæstv. þáv. menntmrh. gaf Sturlu Kristjánssyni frí til að fara að stjórna skóla á Þelamörk, tekur við embættinu og rekur í rogastans og kemst hvorki lönd né strönd með allan kostnaðinn vegna þess að það var enginn til að borga hann því að ráðuneytinu hafði aldrei verið gert viðvart um hann. Og ráðuneytið, eins og ég sagði, ef ég þarf að tyggja það ofan í hv. 1. þm. Norðurl. e., ákvað að láta sér það lynda þótt svona væri unnið í heimildarleysi og undirskrifa samninginn við Hallgrím Skaptason. Ég ætla ekkert að efast um að fyrirrennari minn hafi gert það. Þetta hlýtur að hafa verið borið undir hann. Og ég er heldur ekki að gagnrýna það að hann skyldi láta sér þetta lynda. Ég var bara að geta örfárra atriða. (**IG:** Afgreitt mál.) Þetta voru aðeins örfá atriði sem ég nefndi um hvernig hegðun þessa fræðslustjóra hefði verið þar sem hann áleit sig fara einn með öll völd og hann þyrfti ekki að spyrja ráðuneytið um eitt né neitt.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. gagnrýnir mig fyrir sambandsleysi og segir að það sé stórlega aðfinnsluvert sambandsleysi mitt við fræðslustjórann og formann fræðsluráðs. Hann hefur ekki verið að hlusta þegar ég las yfir honum bókanir ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra skólaskrifstofu. Með leyfi forseta:

„Fræðslustjóri var spurður hvort hann hefði ekki talið eðlilegra að freista þess að fá leiðréttingu fyrir

umdæmið með því að ganga á fund ráðherra og rökstyðja við yfirmann sinn þá rangsleitni sem fræðsluumdæmi hans var beitt að hans mati. Fræðslustjóri kvaðst ekki hafa gert tilraun til þess að ná fundi ráðherra frá því s.l. vor og kom fram í máli hans að hann taldi aðrar aðferðir árangursríkari til þess að fá áætlun menntmrn. til fjárlaga breytt."

Svo kemur önnur tilvitnun þar sem hann telur það sjálfsagt að hafa farið á fund hv. 1. þm. Norðurl. e. með þetta plagg hérna og annarra þm. Það er ein af þessum sérstöku aðgerðum sem hann grípur til, þessum séraðgerðum, af því að hann vill ekki hafa samband við ráðherrann. En áfram segir:

„Var honum enn bent á að eðlilegra hefði verið fyrir hann sem embættismann ríkisins að leita til yfirmanns síns" — með innihald plaggsins (þessara níðskrifa hérna). „Svaraði hann því til að hann hefði verið sannfærður um það frá því s.l. vor og sama gilti um fræðsluráð Norðurlands eystra að tilgangslaust væri að leita leiðréttingar hjá menntmrh. og því hefði þurft að finna aðrar leiðir."

Og hverjar eru þær? Við heyrðum árangurinn á máli hv. þm. þar sem upp úr honum stóð strókurinn um það að þessu umdæmi væri mismunað, að Sverrir Hermannsson tæki ekki tillit til barna með sérþarfir í umdæminu, að það væri sniðgengið með þessa fyrirgreiðslu og, eins og hann sagði, að ég hefði af ráðnum hug haft þetta umdæmi út undan. Þetta eru fullyrðingar sem ná engri átt, staðlausir stafir. En hann hefur hlustað á þennan áróður því að hann dundi í allt haust í öllum fjölmiðlum þar sem því varð við komið. Þessar aðrar aðferðir gagnvart menntmrn. voru m.a. þær að boða til blaðamannafundar um trúnaðarmál sem átti að ræða í fræðsluráðunum og meðal fræðslustjóranna og lýsa þar með hve herfilegum hætti ég ofsækti þetta umdæmi, Norðurland eystra, eins og það er trúlegt eða hitt þó heldur, að þessu leyti og þar var miðað við, sagt frá: Hann er að auka við á Austurlandi. Þar jók ég úr einhverjum 440 stundum upp í 490. Hann er að auka við í Reykjavík. Þar var aukið úr 2430 stundum í 2489. En hann er að skera niður Norðausturland. Og þá tók hann áætlunartöluna sína, 1403 stundir, og setur þær í 700. En árið áður voru þetta 640 stundir og ekki hækkað að tiltölu við neitt umdæmi annað eins. Og hann kom suður í ráðuneyti loksins, laumaðist þar baka til án þess að ég vissi um, og ég gaf mínum mönnum heimild til þess að auka um 120 stundir aukalega við hann. Þessi hv. þm. virðist ekkert vita af því að við afgreiðslu fjárlaga náðist fram veruleg fjárhæð til þess sérstaklega að hygla þessu umdæmi umfram önnur. Lengi skal manninn reyna.

En þessi hæstv. fyrrv. ráðh. hefur haft sérstakar skoðanir á því hvernig ætti að halda á málum. Það er ekki mitt mál og þykir mér verra að vera til þess að vitna. Mitt mál er það ekki þegar hann rak þennan fræðslustjóra frá Þelamerkurskóla. Manni virtist það bara vera gert til að sparka honum upp á við því að hann taldi sjálfsagt, hv. þm., að setja hann yfir fræðslumál í umdæminu, mann sem hann rak með eigin hendi frá því að stjórna litlum skóla í umdæminu. Þessi var aðferðin. Félagi hans og mikill vinur minn, Sigurður Óli Brynjólfsson, sagði af sér formennsku í fræðsluráðinu við endurkomu þessa manns. Það var samþykkt með 4:3 atkvæðum í fræðsluráðinu að hann kæmi aftur og fólkið sem var þar reis allt upp, en hann gerði því skiljanlegt að það væri ekki velkomið og er búið að reka alla nema tvo af þeim sem þá voru þar. Það er gaman að þurfa að rifja þetta allt saman upp þar sem persóna sem á í miklum erfiðleikum á í hlut. Það er gaman að þurfa að standa hér og óskra út af þessu ódæma máli eins og það liggur fyrir og menn slíkir aumingjar vegna atkvæðanna sem þeir hyggja að séu í boði að þeir þora ekki að segja sannleikann og tala eins og menn og manneskjur um málin. Og maður má liggja undir þessum ásökunum eins og hér gefur á að líta. (**SvG:** Er það Ingvar sem er aumingi?) Hann er kominn frá útlöndum, þessi, að láta að sér kveða í málinu og það er eftir að vita hvaða sanngirni stendur upp af honum, (**SvG:** Hyskið er mætt.) vita hvort í Alþb. syðra er álíka fólk og gefur á að líta í hópi nokkurra kennara nyrðra þar sem hefur forustuna Benedikt nokkur Sigurðarson. Og ég gæti flett upp á dreifibréfum hans ef svo ber undir.

En ég vildi aðeins biðja, án þess að lengja þessa ræðu um of, hv. fyrirrennara minn að fletta upp í grein sem birtist á dögunum frá fyrrv. ráðuneytisstjóra. Það er kannske nokkuð seint fyrir hann nú. Þetta hefði hann þurft að kynna sér áður en hann varð ráðherra. Jón Sigurðsson heitir hann og var í fjmrn. í lengri tíð. Ég tek tilvitnun, forseti:

„Ráðherra, sem ber ábyrgð á framkvæmd laga af þessu tagi eins og grunnskólalögum, verður að miða þá framkvæmd við fjárveitingar fremur en lög ef hann á annað borð vill standa í ístaðinu í sínu starfi. Sama máli gegnir um einstaka embættismenn sem starfa á ábyrgð ráðherra. Fjárveitingar fela í sér stefnu innan ramma þeirrar viljayfirlýsingar sem lögin með þessum hætti verða. Embættismenn eru til þess ráðnir að framkvæma þessa stefnu á ábyrgð ráðherra síns og undir hans umsjón. Það er því ljóst að þessi embættismaður hefur tekið sér fyrir hendur að ganga fram fyrir skjöldu og berjast opinberlega fyrir og framkvæma stefnu sem fjárhagslegar heimildir frá Alþingi voru alls ekki til fyrir."

Gefandi út 22 stöðuheimildir umfram það sem við höfðum á fjárlögum, umfram það sem ráðuneytið varð að tilkynna að til skiptanna væri miðað við fjárlög. „Hann hefur tekið sér umboð, þessi starfsmaður ráðuneytisins, sem enginn hefur veitt honum til að marka stefnu með því að ráðskast með fjármuni eins og honum þótti æskilegt." En ekki innan þess ramma sem hin stjórnmálalegu yfirvöld settu, ekki ég eða menntmrh. heldur fjvn. og allt Alþingi endilangt. „Embættismaðurinn var umboðslaus farinn að vinna eins og hann færi með stjórnmálalegt vald sem Alþingi eitt hefur að stjórnlögum." (**Gripið fram í:** Var þetta tilvitnun í Jón Sigurðsson?) Já.

Málið snýst, segir hv. 1. þm. Norðurl. e., um skólamálastefnu. Deilan snýst um það fjármagn sem verja á til sérkennslu. Og þar kemur að þessu höfuðatriði baráttunnar við menntmrh. og ráðuneytið að það kynni ekkert að meta þörfina hjá börnum sem eiga bágt. Þetta snýst um það þótt við höfum sérstaklega lagt okkur fram um úrbætur í þeim efnum og þrátt fyrir það að á tíu árum hefur hið háa Alþingi aukið framlög til þessara þarfa um hundruð milljóna. Og það er auðvitað ekki að ástæðulausu heldur vegna þessara brýnu þarfa. Það eru allir sammála um að hér er verkefni sem hið háa Alþingi verður að veita auknu fjármagni í. Ég hef aðeins haft með að gera undirbúning einna fjárlaga fyrir menntmrn., þeirra sem við erum að byrja að framkvæma. Ég tók við hinum fullbúnum af hálfu menntmrn. og hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður fjvn., getur um það borið að ég hafði ekki minnstu áhrif á niðurstöður þeirra við afgreiðslu fjvn., ekki hin minnstu. Ég fékk ekki einu sinni ráðið forfæringu á einni milljón til eða frá. Þannig var mér haldið í þeirri bóndabeygju og ég get sannað þetta, það vill svo til.

En það er afskaplega slyngur áróður að halda þessu fram og það hefur gengið mjög vel að fá fólk til að hlusta á þetta. En heilindin og sanngirnina í þessu geta menn auðvitað dæmt um.

Og á hverju er það byggt að Norðurland eystra skuli vera afskipt og haft út undan? Byggt á þeim niðurstöðum að þar séu helmingi fleiri börn sem eigi við þennan vanda að stríða en til að mynda í Reykjanesi. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Norðurland eystra hefur hærra hlutfall, auðvitað ekki en Reykjavík sem hafði undirbúið þetta og komið þessu öllu í framkvæmd sjálf 1970 og hefur eiginlega ekkert verið aukið við síðan 1977, en í Norðurlandi eystra hafa sálfræðingarnir úrskurðað, sálfræðingar fræðsluskrifstofunnar sem eru fimm að tölu fyrir utan fyrrv. forstjóra, þeir hafa fundið helmingi fleiri börn sem þurfa á þessari sérmeðferð að halda en Helgi Jónasson fræðslustjóri Reykjanesumdæmis og hefur hann þó níu sálfræðinga í sinni þjónustu sem ég veit að draga ekki af sér. **(Gripið fram í:** Hver er hugsanleg skýring á þessu?) Hugsanleg skýring? Ég leiði ekki getum að þessu. Ég veit að hún er ekki sú að það sé eitthvað verr gefnara fólk á Akureyri og um Þingeyjarþing en annars staðar.

Það getur vel verið að á skorti á Austurlandi úttekt á þessum málum að ekki hafi verið rannsakað nógu grandgæfilega og fundnir allir þeir unglingar sem á þessari sérumönnun þurfa að halda, enda er þetta hlutfall á Norðurlandi eystra þrefalt hærra en á Austurlandi. Svona eru allar þessar tölur fundnar út. Ég hef ekki nokkra aðstöðu til að segja og fullyrða að þetta sé rangt. En þeir sem hafa mestan skilninginn á þessu og vilja taka tillit til og ekki mismuna neinum hefðu átt að beita sér fyrir því á Alþingi að leiðrétta þá þetta ranglæti með því að auka fjárveitingar til umdæmisins. Ég hef aðeins stundað menntamálaráðherraembættið í 15 mánuði. Hvað var fyrirrennari minn lengi, hv. 1. þm. Norðurl. e., í því? **(IG:** Þrjú ár held ég.) Fjögur ár? **(IG:** Nei, rúm þrjú kannske.) Já, rúm þrjú ár. Var þetta aldrei á hans borði til þess að leysa eða styðja að framganginum? Það hefur heldur vaxið hlutfallið í sérkennslunni í þessu umdæmi eftir að ég tók við en var á hans árum. **(IG:** Það eru mörg ár liðin síðan.) Já, það eru mörg ár liðin síðan. En hv. þm. skildi eftir sig ýmis óunnin verk sem voru embættisafglöp að vinna ekki, svo sem að segja þessum fræðslustjóra upp störfum og víkja honum frá. Með vitnun í hans eigin orð og afstöðu er hægt að sanna að hann var til þessara verka allsendis óhæfur. Og ég hefði ekki tekið þessa ákvörðun og framkvæmt hana nema af því að ég komst í þrot. Það var ekki hægt, þrátt fyrir þriggja tíma stanslausa sókn á hendur honum í lokahrinunni, að fá hann til þess að breyta neinu í sinni afstöðu sem ég hef rakið áður í löngu máli.

Og ég spyr enn: Hvað skyldi mér ganga til? Ég hef líka sagt að það vill svo vel til að það verður þá ekki í þetta skipti sagt að ég sé að beita pólitískri ofsókn.

Ég hef í höndum þetta plagg sem fræðsluráðið og nefnd skólamanna fór með til þm. með fræðslustjóranum sem hann og þeir vildu ekkert ræða við mig af því að þeir álitu það þýðingarlaust. Ég rakst að vísu inn í herbergið þar sem þeir voru að ræða þessi mál. Samt er það tilkynnt af formanni fræðsluráðsins að það hafi ekki náðst í mig af því að ég hafi ekki verið í landi. En að sjálfsögðu náði hv. 1. þm. Norðurl. e. í mig samstundis. **(IG:** Daginn eftir held ég.) Daginn eftir, já. Og halda því fram að það hafi ekki náðst í mig er auðvitað vitleysa út í hött. En það var bara ákveðið, eftir upplýsingum fræðslustjórans, af honum og fræðsluráðinu á liðnu vori að slíta við mig öllu sambandi. Ég sé auðvitað eftir á, maður er svo mikið önnum kafinn að maður má ekki vera að því að velta einstaka hlutum fyrir sér, en ég sé eftir á að þetta er rétt því að aldrei heyrði ég stunu eða hósta norðan yfir fjöll. Hér er ein málsgrein, með leyfi forseta, þar sem á það er bent að menntmrh. hafi ekki samþykkt sérkennslu í almennum grunnskólum í umdæminu í sama hlutfalli og Reykjavík. Ég hef áður bent á hvernig Reykjavík sjálf hafði komið þessum málum fyrir og ég veit að enginn ætlast til þess að ég fari að skera það niður. Málið er afar einfalt. Fjárveitingavaldið hefur ekki gefið okkur rýmra um hendur í þessum efnum. Ef svo væri, dettur einhverjum í hug að maður mundi ekki nota fjármagnið?

Svo kemur hér áróðurinn sem auðvitað hefur snert hv. 1. þm. Norðurl. e. inn að hjartarótum og á þessu hefur gengið í hálft ár. Með leyfi forseta:

„Við leyfum okkur að mótmæla þeirri hugsun sem býr að baki skerðingu á framlögum til þeirra barna sem eiga litla möguleika án aðstoðar en eru ekki fær um að krefjast réttar síns."

9. liður í þessari þokkalegu upptalningu, með leyfi forseta: „Við vörum við því að almennir grunnskólanemendur séu lokaðir frá samskiptum við fatl-

aða eða greindarskerta jafnaldra sína.“

10. liður: „Við vörum við því að börn og unglingar, sem á viðkvæmum aldri rísa ekki undir þeim kröfum sem almennt eru gerðar, séu jafnvel flutt búferlum og einangruð frá fjölskyldu og vinum.“

Og svo má ég enn einu sinni til með, þó ég hafi gert það hér á dögunum, að lesa yfir þennan samsetning hérna, með leyfi forseta:

„Einnig er rétt að hafa í huga að það er á engan hátt forsvaranlegt að láta það endurtaka sig óátalið ár eftir ár að launagreiðslur sem eru meiri en ráðuneytið reiknar með verði til þess að akstur og annar kostnaður, sem er fullkomlega innan áætlana, verði ekki greiddur.“

Ég þarf víst ekki enn einu sinni að skýra það fyrir mönnum hvernig það má vera að skólar í þessu umdæmi hafa lokað eða haldið við lokun árum saman. Ég mátti í aprílmánuði, þegar ég var á Akureyri, taka til þeirra bragða að slá lán í banka til að halda Hafralækjarskólanum opnum. Aksturinn er dýr þar. Börnum er ekið utan frá Tjörnestá í gegnum Húsavík og inn á Hafralæk. Það er fullt af mönnum hérna sem mæla þessu fyrirkomulagi bót eins og þó að börn séu sótt út að Skagaströnd og ekið í gegnum Blönduós inn á Húnavelli — af því að ég sé hv. 2. þm. Norðurl. v. sitja í dyrunum og glotta drjúgum.

En málið er auðvitað þannig, sem maður eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. getur skýrt t.d. sem fyrrv. fjmrh., hvernig greiðslum er háttað til umdæmanna frá fjmrn. Sveitarfélögin standa bílstjórunum skil á greiðslum fyrir skólaakstur. Bein laun eru látin ganga fyrir og þegar menn eyða umfram það sem þeir hafa til skiptanna fá sveitarfélögin ekki endurgreiddan skólaaksturinn. Og þau hætta að borga. Fátæk sveitarfélög geta ekki borgað bílstjórunum og þannig hætta þeir að aka og skólinn lokar. Á þessu hefur gengið öll árin á vegum þessarar skrifstofu sem laut forustu þess manns sem nú hefur verið vikið frá.

Ég held áfram að vitna í þessa makalausu málsgrein. Þeir voru að segja að það væri náttúrlega ekki viðhlítandi að ekki væri greiddur allur kostnaður sem til félli.

„Ekki síst ef það liggur fyrir að ráðuneyti menntamála hefur nægilegt fé til ráðstöfunar og þarf ekki að gera neinn út af örkinni til að betla peninga.“

Hvernig í lifandis ósköpunum ber að skilja þetta? Hvar eru þeir fjármunir sem hv. fjvn. hefur séð af og úthlutað til þessara þarfa og ég á nóg af? Hvað sögðu hv. þm. við sendinefndina og fræðslustjórann þegar hann kom til þeirra og kynnti þeim þessi ósköp? Renndu þeir þessu niður eins og ekkert væri?

„Spyrja má“, segir hér enn með leyfi forseta, „hvort það sé í valdsviði einstakra starfsmanna innan ráðuneytis að trufla skólahald eins og endurtekur sig ár eftir ár og koma í veg fyrir að veitt sé þjónusta sem forsendur eru fyrir og fræðslustjóri hefur áætlað.“

Það kom margsinnis fram í hans máli að hann segir að sín áætlun gildi og hann fer eftir henni. Og Þráinn Þórisson, Mývetningurinn frægi og formaður fræðsluráðsins, sagði: Þeir í menntmrn. eru með sínar áætlanir og fjárlög. Við gerum okkar og auðvitað förum við eftir þeim. Nema hvað. Þingeyingar láta sér nú ekki allt fyrir brjósti brenna.

Þeir segja: Ekki síst ef þetta endurtekur sig ár eftir ár og komið í veg fyrir að veitt sé þjónusta sem forsendur eru fyrir og fræðslustjóri hefur áætlað, ekki síst ef vinnubrögð af þessu tagi virðast aðeins snúa að einu umdæmi. Allt bendir því til að hér sé um að ræða tæknileg mistök af herfilegasta tagi.

Svo enda ég á og hætti svo að vitna í þetta, með leyfi forseta, og nú hrærist hjarta manna væntanlega, allra nema mín sem ekki skilur þetta og ekki vill skilja þetta og ofsækir þetta umdæmi og lætur bitna á því af einhverjum ástæðum sem enginn veit:

„Það fólk sem hér býr og börnin í skólunum hafa til engra annarra að leita en okkar. Við stöndum frammi fyrir börnunum persónulega. Við stöndum ábyrg fyrir því að skólahaldið gangi eðlilega, eins og lög og reglur og námsskrár mæla fyrir um. Við getum ekki sætt okkur við að þetta allt sé meðhöndlað eins og leikur með tölur og aðeins leikur með tölur. Fyrir framan augun á okkur getur þetta snúist upp í persónulega harmleiki.“

Og ég er svo kenndur við það að það sé aðeins einstrengingsleg afstaða mín sem öllu þessu veldur. Það er hægt að færa fram sönnur á að öll málafærslan, öll embættisfærslan er fyrir neðan allar hellur og það er meira en lítið alvarlegt mál fyrir Alþingi ef þetta dæmi getur orðið fordæmi fyrir aðra með því að ætla að sporðrenna þessu og hrinda þeirri réttmætu ákvörðun sem tekin hefur verið.

Ég nefndi sem dæmi á dögunum hvað yrði í útgerð frá Hellissandi ef háseti neitaði að hlýða skipstjóra sínum. Ég held að menn séu sammála um og viti hvað skeður. Hann fær pokann sinn. Ég nefndi sem dæmi ef verkamaður í frystihúsi á Hellissandi neitar að hlýða frystihússtjóranum. Þá mundi hann verða rekinn. Það þótti hv. 4. þm. Norðurl. e. alveg sjálfsagt mál og spurði: Hvað er hann að jafna þessu saman, hinum heilaga embættismanni og svona sjóurum og verkamönnum? Sá er aldeilis skynvilltur, þessi Sverrir Hermannsson, að láta sér detta slík ósvinna í hug að jafna einhverju svona saman, heilagri kú í embættismannastétt og venjulegum verkamanni og sjómanni. Veit hann ekki að þetta er margvíggirt og á að vera? Þetta hlýtur að vera einhver úr gáfumannafélaginu og ég vissi ekki að íshússtjórinn væri þar enn þá.

Já, það er auðvitað mikill munur á þessu og á líklega að vera og e.t.v. er það Alþingis að sjá svo um að þeir verði hinir ósnertanlegu hvernig svo sem þeir haga sér.

Ég bið að lokum um aðeins eitt því engan hef ég heyrt væna íslenska dómstóla um sérdrægni. Engan hef ég heyrt halda því fram enn sem komið er að við getum ekki fullkomlega treyst réttsýni þeirra. Ég bið

um að þetta mál gangi þá leið og ég skal taka við mínum dómi ef það fellur á mig. Það kostar auðvitað stöðuna mína, en það skiptir engu máli. Það kemur ekki til nokkurra mála. Ekki eitt einasta andartak mundi ég sitja í þeim stól eftir að dómstóll hefði fellt þann úrskurð að ég hefði brotið lög á einstaklingi og beitt hann valdníðslu, ekki eitt einasta andartak. Hvað er að að menn ekki skuli samþykkja og hvetja til þess að þessi leið verði farin? Á meðan skulum við reyna að lagfæra það óréttlæti, ef það fyrirfinnst, sem hefur verið beitt við börn í Norðurlandskjördæmi eystra.

Ég verð þó að minna á að það er útilokað fyrir mig að eiga samstarf við formann fræðsluráðs sem borið hefur mig ósannindasökum og verið sannað á hann jafnóðum að hann fór með rangt mál. (**JK:** Er það ekki gagnkvæmt hjá ykkur?) Nei, það er ekki gagnkvæmt. Þú ert þá ekki alveg með réttu ráði ef þér dettur það í hug. Það er það ekki. En menn verða að svara því hérna sem berja bumburnar í pólitísku plötusláttarskyni: Hvers vegna er þetta ekki sent rétta boðleið þegar í stað til rétta aðilans sem Alþingi ákveður að skuli hafa með þetta að gera og lög standa til um? Hvers vegna ekki? Ef gagnaðili er ekki tilbúinn að þola dóm þá er hann ekki viss um málstað sinn. Þá er hann hræddur um málstað sinn. Öðruvísi getur ekki orðið á þetta litið. Menn vilja fá hér fram rannsóknarnefndir á mig og mín verk á hinu háa Alþingi. Ég er ekkert hræddur við slíkar rannsóknarnefndir. En hlýtur Alþingi ekki að benda mönnum á að fara þá leið sem það sjálft hefur markað í lagasetningu sinni? (**SJS:** Og bjóða gjafasókn í málið.) Já, já, já. Ég skal beita mér fyrir því. Gjafsókn. Það heitir gjafsókn. Ég skal beita mér fyrir því svo sannarlega og skal tala strax við fjmrh. og rétt yfirvöld um það, undir eins. Þó það nú væri. Auðvitað liggur okkur hið mesta á að fá úr þessu skorið. Og ég minni þá á sem koma enn hér og eiga eftir að koma, fjöldi manna, að leggja orð í belg að svara mér þessu: Getum við ekki treyst því að mál þetta fari þessa leið?

Ég verð að segja fyrir mig að ég veit ekki nákvæmlega nú til hvaða ráða á að grípa til að hreinsa af sér slíkan áburð eins og ég ligg undir um lagabrot og valdníðslu ef menn treysta sér ekki til að leita réttar síns sem menn eru að tala um að ég brjóti á þeim.

Ég enda svo með því, sem ég gjarnan vildi leggja hér til, að menn lækkuðu aðeins nóturnar. Þó ég eigi erfitt með það, því að skapsmunir mínir þola afskaplega illa við að vera beittur þeim rangindum sem er gert í orðræðum manna, var ég að reyna af veikum burðum að leggja það til hvort við, vegna þess sem verulega á bágt í þessu máli og erfitt, lækkuðum nóturnar og spiluðum þetta á lægri nótunum, líka vegna virðingar Alþingis, en þá kemur yfir mig gusa af slíkri samansettri ósanngirni og rangfærslum að ég mátti ekki við bindast enn á ný. Þetta stendur enn til boða. Ekki hef ég sagt að útilokaðar séu sættir. Þó ekki nema með því móti að menn dragi til baka alllar ávirðingar í minn garð um að ég hafi brotið lög eða beitt valdníðslu. Sættast skal ég ef menn draga það til baka. Það er ekki boðið upp á það. En menn eru kannske að neyta annarra bragða, annarra ráða, reyna að afla atkvæða með þessum hætti vegna þeirra kosninga sem í hönd fara. Verði þeim að góðu ef þetta eru ráðin og skoða þá ekki hug sinn um að höggva þann sem þeir þykjast vilja hlífa.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Brottvikning fræðslustjóra á Norðurlandi eystra hefur vakið æðimikla athygli og fátt verið annað meira um rætt en þetta mál. Hæstv. ráðh. hefur reynt að telja mönnum trú um að af illum hvötum væru andstæðingar hans að gera úr þessu pólitískt mál, menn væru að blása út þetta mál af pólitískum ástæðum. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. um að þetta mál á ekki að vera pólitískt mál, enn síður flokkspólitískt. Það hefur heldur enginn haldið því fram, eins og hann réttilega nefndi hér áðan, að um einhvers konar pólitíska ofsókn sé að ræða og það verður alls ekki með neinum rétti sagt að viðbrögð manna við aðgerðum ráðherra hafi verið pólitísk í eðli sínu. Við höfum séð að gagnrýnendur ráðherrans hafa komið úr öllum hinum pólitísku stjórnmálaflokkum, bæði þeirra sem sitja á þingi og þeirra sem ekki gera það. Það hafa fyrst og fremst verið skólamenn sem hafa gagnrýnt ráðherrann og satt best að segja er ráðherrann sá eini sem hefur reynt að gera þetta mál pólitískt — og vildi ég nú krefjast þess að hann sé hér viðstaddur og hlýði á mál manna þegar hann á sjálfur í hlut. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra hafði samráð við forseta um að víkja örskamma stund af fundi. En hann er í húsinu. Óskar þm. eftir að það verði gerð gangskör að því að fá ráðherra þegar í stað?) Eindregið. (**Forseti:** Þá verða gerðar ráðstafanir til þess.)

Herra forseti. Ég get engan veginn unað því að hæstv. ráðh. taki bróðurpartinn af ræðutíma Alþingis um þetta mál, bæði á þriðjudag og svo aftur í dag, með tveimur ræðum sem eru samanlagt orðnar nokkuð langar, en víki svo sjálfur af fundi þegar menn vilja ræða hans mál, og fagna ég því að hann skuli kominn aftur í salinn. (**Forseti:** Það skal ítrekað, sem forseti sagði rétt áðan, að hæstv. ráðh. fór í samráði við forseta úr þingsal augnablik.) Já, já, ég var ósköp einfaldlega að gera grein fyrir því hvers vegna ég hef óskað eftir því að ráðherrann kæmi og hlýddi á mitt mál.

Ég sagði áðan að það væri engan veginn hægt að segja að þetta væri pólitískt mál vegna þess að hann hefur verið gagnrýndur í þessu máli af stjórnmálamönnum úr öllum flokkum og fyrst og fremst af skólamönnum víðs vegar um land, sérstaklega á Norðurlandi. Sá eini sem hefur reynt að gera þetta mál pólitískt er bersýnilega ráðherrann sjálfur sem hefur talið sér henta að reyna að fylkja sínum flokksmönnum bak við sig með því að tala um að málið sé pólitískt. Hann hefur t.d. ítrekað reynt að telja fólki trú um að þetta sé eitthvert sérstakt

upphlaup okkar Alþýðubandalagsmannna og gekk jafnvel svo langt á þriðjudaginn var að kalla Alþýðubandalagsmenn sem gagnrýnt hafa hann í þessu máli „hyski". Ég held að það þurfi ekki að fara frekari orðum um að viðleitni hans af þessu tagi dæmir sig sjálf. Ráðherrann er áreiðanlega nógu glöggskyggn til að átta sig á því að með svo hvatvíslegu orðalagi hefur hann fyrst og fremst gert sjálfum sér mikinn grikk.

Ég er ekki staðinn hér upp af flokkspólitískum ástæðum. Það vil ég taka fram. Hins vegar veit ég að aðgerðir ráðherrans hafa vakið mikla óánægju í mínu kjördæmi. Mér er ljóst að aðgerðir hans tengjast mjög skólamálum á Norðurlandi, en um leið er þetta beinlínis mannréttindamál einstaklings sem telur sig misrétti beittan. Ég tel því að málið sé þess eðlis að okkur þm. beri skylda til að átta okkur á því og reyna að svara því hver er undirrót þess áreksturs í stjórnkerfinu sem hér hefur átt sér stað. Voru viðbrögð ráðherrans eðlileg í þessu máli eða voru kannske viðurlög hans við þessum meintu brotum í algjöru ósamræmi við málsatvik?

Ég vil segja fyrst að brottrekstur skipaðs embættismanns úr starfi er afar hörð og óvenjuleg aðgerð. Enn harðari verður aðgerð af þessu tagi þegar hún kemur til framkvæmda á samri stundu. Maðurinn er sviptur launum og starfsaðstöðu og fær ekki réttindi embættismanns eins og kveðið er á um í lögum að verja sig jafnhliða því sem honum sé vikið frá störfum um stundarsakir. Ég held, svo ég víki nánar að þessu, að sjaldan eða aldrei sé gripið til svo hörkulegra aðgerða sem þessarar nema embættismaður sé beinlínis staðinn að glæp og sá glæpur sé svo svívirðilegur að það þyki ekki hæfa að embættismaðurinn haldi starfi sínu áfram. En auðvitað dettur engum í hug að svo standi á í þessu máli. Eins er það augljós skylda ráðherra þegar hann grípur til hörkuúrræða sem þessara að þá komi hann og rökstyðji mál sitt opinberlega tafarlaust, sé tilbúinn með gögn sem sýni og sanni að embættismaðurinn hafi brotið þann veg af sér að óhjákvæmilegt hafi verið að reka hann tafarlaust. En þetta hefur ráðherrann ekki gert eins og menn þekkja.

Flestar ávirðingar sem ráðherrann hefur tínt til gegn þessum manni eru bersýnilega nokkuð komnar til ára sinna. T.d. er sú ávirðing sem hann hefur hvað mestum tíma eytt í að lýsa, var m.a. að lýsa hér í seinustu ræðu sinni. Hún varðar leigumála og kostnað sem ekki hafi verið heimild fyrir. (**Menntmrh.:** Það er aukaatriði.) Já, en ég er bara að benda á að sú ávirðing sem hann er hér að eyða hvað mestum tíma í að lýsa er orðin sex ára gömul í dag og reyndar alls ekki úr stjórnartíð hans heldur úr stjórnartíð fyrrv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar, var fjármálalegs eðlis og varðaði því kannske miklu frekar þann sem hér stendur á þeim tíma en að núverandi ráðherra geti farið að tína hana til verkum sínum til stuðnings.

Það er ljóst að hæstv. ráðh. hefur ekki fundið neitt refsivert athæfi sem hægt er að benda á að þessi maður hafi drýgt. Hann hefur engin lögbrot framið. Ég vek á því athygli að hann hefur engin lögbrot framið. Hann hefur ekki verið staðinn að fjármálalegu misferli af neinu tagi. Það liggja ekki fyrir ásakanir á einn eða neinn hátt að um fjármálalegt misferli hafi verið að ræða. Og það sem merkilegra er: Því er ekki haldið fram þegar gripið er til þessara hörðu aðgerða að um hafi verið að ræða siðferðilegt brot af neinu tagi. Yfirleitt er um gamlar ávirðingar að ræða og allar af því tagi að þær verða hvorki flokkaðar undir refsivert athæfi, lögbrot né siðferðilegar ávirðingar.

Ég vil hins vegar taka skýrt fram að ég er alls ekki að halda því fram hér að ekki megi finna ávirðingar í störfum þessa manns. Ég held að margt bendi til þess að þessum embættismanni hafi orðið ýmislegt á í messunni. Ég er ekkert að draga neina fjöður yfir að ýmislegt sem fram hefur komið í þessu máli bendir til þess að yfirboðarar mannsins hafi haft nokkra ástæðu til að gremjast vissar athafnir hans, en ég bendi á að það er altítt að ráðherrum lyndi ekki við embættismenn og þar er oft og tíðum um beggja sök að ræða. Ég get fúslega tekið undir að embættismenn mega ekki standa gegn löglegum ákvörðunum ráðherra og ríkisstjórna því þá verður landið stjórnlaust. Það kæri ég mig ekki um. Ég er hins vegar fyrst og fremst að draga fram, og nú bið ég hæstv. ráðh. að taka vel eftir, að hann og aðrir ráðherrar verða að gæta sín á því að beita ekki miklu harðari viðurlögum við agabrotum en efni standa til. Það er ekkert komið fram í þessu máli sem réttlætir það mikla harðræði sem þessi embættismaður hefur verið beittur og því er fyllsta ástæða, bæði fyrir mig, fyrir annan fyrrv. menntmrh. og fyrir svo marga aðra sem hér hafa talað, að fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann taki þetta mál til endurskoðunar og finni þá lausn (**Menntmrh.:** Hvaða um dómstóla?) sem hann og við aðrir getum talið sæmandi vegna þess að þessi ábending, sem hæstv. ráðh. vék seinast að, að senda málið til dómstóla, er auðvitað algjörlega út í hött eins og hann veit manna best sjálfur og ég satt að segja hef sjaldan orðið jafnundrandi, að ég segi ekki hneykslaður, að hæstv. ráðh. skuli koma í ræðustól og eyða löngum tíma, 10, 15, 20 mínútum í að rökræða það að auðvitað sé það eina sjálfsagða leiðin í málinu að senda það til dómstóla, engin önnur leið komi til greina, hann ætti engra annarra kosta völ eins og hér kom margsinnis fram áðan hjá honum. Auðvitað veit ráðherrann fullkomlega jafnvel og aðrir hv. þm. að lög gera ekki ráð fyrir þessari leið sem hann hefur valið. Þau gera ráð fyrir allt annarri leið. Henni er mjög nákvæmlega lýst í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er um það fjallað mjög ítarlega hvernig ráðherra á að fara að í máli eins og þessu og hæstv. ráðh. veit það. Þó hann þykist ekki vita það veit hann að sjálfsögðu hvað stendur í þessum kafla laganna. Þó hann sé að reyna að telja almenningi trú um að hann hafi valið einu leiðina sem tiltæk var veit hann sjálfur að í III. kafla

laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kveðið á um hvernig ráðherra á að fara að þegar hann vill taka hendinni til og lítur svo á að embættismaður hafi brotið af sér. (**Menntmrh.:** Hvað stendur í 11. gr. um embættismenn ríkisins?) Og nú vil ég fara yfir það með hvaða hætti gert er ráð fyrir því að með sé farið. Ég skal víkja að 11. gr. sem hæstv. ráðh. vék hér að áðan, en þar er einmitt gert ráð fyrir að hægt sé að víkja málinu til dómstóla eftir að þessi leið, sem ráðherrann vill ekki fara, hefur verið reynd og hefur verið farin. Það segir beinlínis í 11. gr. sem hæstv. ráðh. er núna að vitna til:

„Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur" — Þetta er sem sagt í lagagrein eftir að búið er að lýsa hinni leiðinni. — „og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað" o.s.frv. (**Menntmrh.:** Ég skal ná í lagasafn.) Já, það held ég að væri betra fyrir hæstv. ráðh.

Ég tel alveg einsýnt að úr því að hæstv. ráðh. grípur til þess ráðs að halda hér langa ræðu um að þessi leið hans sé sú eina sjálfsagða hljóti fleiri en hann að standa í þessari trú. Ég sé mig því alveg tilneyddan til að vekja sérstaka athygli á þeirri leið sem ráðherrann átti að fara og bar skylda til að fara.

Í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Það stjórnvald er veitir stöðu veitir og lausn frá henni um stundarsakir. Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við lögleitt boð eða bann yfirmanns síns" — Það er væntanlega það sem hæstv. ráðh. telur einmitt að þessi embættismaður hafi gert. — „eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein."

Fyrst á hæstv. ráðh. — já, við skulum víkja að þessu á eftir — að veita embættismanninum áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Það er mjög óljóst hvort hæstv. ráðh. hefur gegnt þessari skyldu sinni, en jafnvel þótt hann hafi gert það ber honum skylda til að fara síðan þá leið sem ég er hér að rekja. Þetta er eina aðferðin sem lögin um réttindi og skyldur gera ráð fyrir að notuð sé þegar embættismanni er vikið úr stöðu nema þannig standi á, eins og ég lýsti áðan, að maðurinn sé staðinn að svo svívirðilegum glæp að það þyki vanvirða við embætti hans að hann sé á nokkurn hátt tengdur því lengur. En það liggur ekki fyrir í þessu máli eins og allir þekkja.

Í þessum kafla segir í 8. gr., með leyfi forseta:

„Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála ef ástæða þykir til svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu. Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar."

En hæstv. ráðh. fór ekki svona að. Hann hljóp yfir þetta stig málsins og vék manninum strax úr starfi að fullu, svipti hann launum, svipti hann öllum þeim réttindum sem lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna kveða á um að hann eigi að njóta þegar svona stendur á. Hæstv. ráðh. var síðan að reyna að blekkja menn áðan með því að segja: Hvernig er þetta með sjómanninn sem skipstjórinn vill ekki hafa á skipi sínu? Á ekki nákvæmlega það sama yfir embættismanninn að ganga? Auðvitað er afskaplega fávíslega spurt þegar þannig er spurt vegna þess að löggjöfin er bara á annan veg. Löggjöfin er þannig að embættismenn ríkisins njóta þessara sérstöku réttinda að það er gert ráð fyrir að mál þeirra séu sérstaklega rannsökuð ef um það er að ræða að víkja þeim frá störfum og ég geri ráð fyrir að þeir sem þetta sömdu á sínum tíma og þeir sem þessi lög styðja í dag, þar á meðal hæstv. ráðh., geri sér fulla grein fyrir því að þetta er ekki að ástæðulausu sett í lög. Þetta er sett í lög til að koma í veg fyrir að geðþóttafullar ákvarðanir ráðherra verði til þess að þessum embættismanninum eða hinum, sem ráðherra mislíkar við, sé varpað á dyr. Þessi lög eru einmitt sett til að koma í veg fyrir að ráðherrar beiti aðgerðum af því tagi sem hæstv. ráðh. hefur beitt. Það er talið ósköp einfaldlega nauðsynlegt að verja æðstu embættismenn ríkisins fyrir geðþóttafullum ákvörðunum af þessu tagi, bæði af pólitískum ástæðum og af ýmsum öðrum ástæðum, frekar en alla í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni að það njóta ekki þessa réttar allir í þjóðfélaginu, en það eru vissar ástæður fyrir því að það er talið alveg sérstaklega nauðsynlegt að vissir þegnar þjóðfélagsins, sem gegna háum embættum, njóti þessa réttar þannig að stjórnkerfinu sé ekki raskað með óeðlilegum hætti vegna geðþóttafullra ákvarðana ráðherra gagnvart embættismönnum sem honum mislíkar við.

Ég þarf ekki að rekja þessar lagagreinar að öðru leyti. Þó vil ég nefna 9. gr. sem minnir á í hverju þessi réttindi eru fólgin enn frekar:

„Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra sem stöðu hans fylgja, embættishúsnæði og jarðnæði ef um er að ræða heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær. Nú fellur niður lausn um stundarsakir og skal starfsmaður þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa er hann hefur verið sviptur. Nú tekur sá sem lausn hefur fengið um stundarsakir aftur við starfi sínu og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið."

Ég vil svo víkja að 11. gr. sem kemur í þessum kafla um lausn úr stöðu, en þar segir:

„Jafnan skal starfsmanni sem víkja skal úr stöðu veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin ef þess er kostur. Rétt er þeim er vikið er úr stöðu að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda

færi rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs."

Ég geri ráð fyrir að það sé þetta ákvæði sem hæstv. ráðh. var að benda mér á. Það er alveg ljóst að embættismenn geta vikið máli sínu til dómstóla, en ég geri ráð fyrir að menn geri sér fyllilega grein fyrir því að það er gert ráð fyrir að sú leið sem lögin eru hér að lýsa sé fyrst farin og þegar ljóst er að ráðherrann telur sig endanlega verða að víkja manninum úr stöðunni á embættismaðurinn þess kost að fara til dómstólanna með málið.

Hæstv. ráðh. segir bara: Hann getur farið í mál nú þegar. Auðvitað er það alveg rétt, en hann hefur bersýnilega svipt manninn þeim rétti sem lög kveða á um.

Svo kemur hæstv. ráðh. áðan og þykist vera að bjóða eitthvert kostaboð, hann vilji af sérstökum mannúðarástæðum, skilst manni, milda aðgerðir sínar með því að fara til fjmrh. og fá aukafjárveitingu til að hægt sé að greiða manninum laun í þrjá mánuði. Ég vil segja það frá mínu sjónarmiði séð: Mér finnst þetta alls ófullnægjandi. Mér finnst þetta ekki vel boðið. Mín ósk og mín krafa er sú sama og flestra annarra að það sé farið að lögum í þessu máli, að það sé farið að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, maðurinn sé ekki sviptur þeim rétti sem þar kveður á um. Ég tel að engin önnur lausn komi til greina eða geti talist viðunandi.

Ég vil svo að lokum víkja örlítið að því að það er kannske engin furða þótt í máli af þessu tagi geti komið upp árekstur eins og við stöndum hér frammi fyrir. Við verðum að horfast í augu við að starf fræðslustjóra er nokkuð óvenjulegt í stjórnkerfinu. Annars vegar er fræðslustjórinn embættismaður og erindreki ráðuneytis. Hann er í raun og veru að stjórna útibúi ráðuneytis í umdæmi sínu og hann hefur á hendi yfirstjórn skólamála fyrir hönd ráðuneytisins í viðkomandi umdæmi. Hann er þar að auki settur eða skipaður af ráðherra. En hann er líka sem fræðslustjóri annað og meira en þetta. Hann er ráðinn að tillögu fræðsluráðs umdæmisins og hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðsins. Þetta fræðsluráð er ekki hluti af ríkiskerfinu. Það er hluti af allt öðru kerfi, þ.e. af kerfi sveitarfélaganna sem í þessu tilviki hafa komið sér upp samtökum sem nefnast Fjórðungssamband Norðurlands. Það er það samband sem kýs fræðsluráð þannig að það er ljóst að fræðslustjóri á sér tvo húsbændur. Hann á annars vegar þann húsbónda sem skipar hann eða setur og það er ráðherra, en hann á líka húsbónda sem kemur úr allt annarri átt. Það er fræðsluráðið sem hefur átt hlut að ráðningu hans með því að hafa tillögurétt um ráðninguna og sem gerir hann að sínum framkvæmdastjóra þegar hann starfar.

Í störfum sínum tekur fræðslustjórinn þátt í sameiginlegri stefnumótun í fræðsluumdæminu og það er alveg ljóst að á þennan hátt hlýtur hann að vefjast meira eða minna inn í þá kröfugerð sem fræðsluráðið hefur uppi hverju sinni og verður beinn eða óbeinn aðili að henni. Ég held að það þurfi ekki að fara mörgum frekari orðum um að fræðslustjórarnir eru settir í þessa sérkennilegu stöðu í stjórnkerfinu. Þeir eru í raun og veru settir báðum megin borðs.

Ég held að það sé varla hægt að finna neina stöðu í stjórnkerfinu sem er sambærileg við stöðu fræðslustjóra að þessu leyti. Það má að vísu koma með dæmi eins og t.d. þau að héraðslæknirinn er settur af ráðherra í sitt starf, en hann starfar hins vegar með sjúkrahússtjórnunum. Við þekkjum vel að hann tekur oftast málstað sjúkrahússtjórna og sjúkrahúsanna gegn sínum ráðherra og kemur fyrst og fremst fram sem þrýstingsaðili af hálfu þeirrar stofnunar sem hann vinnur fyrir. Ég viðurkenni hins vegar að þetta er ekki að öllu leyti sambærilegt vegna þess að honum eru ekki fyrst og fremst falin stjórnsýslustörf þegar hann er skipaður héraðslæknir heldur er hann fyrst og fremst að starfa að heilsugæslu. Þess vegna segi ég að fræðslustjórastarfið er dálítið sérstætt og það þarf engan að undra að hagsmunaárekstur geti orðið til eins og hefur einmitt orðið í þessu máli. Ég viðurkenni hins vegar að menn hafa misjafnlega gott lag á að valda sínu starfi þegar hagsmunaárekstrar af þessu tagi rísa og það má vel vera að ýmsir fræðslustjórar hafi haft betra lag á því að sigla milli skers og báru með tvo húsbændur yfir sér en einmitt þessi fræðslustjóri hefur gert. Sumir hafa meira lag á því að forðast vandamálin en aðrir. Það er alveg ljóst af því sem fram hefur komið í þessu máli að þessi fræðslustjóri hefur ekki fyrst og fremst litið á sig sem sáttasemjara í deilum fræðsluráðs og ráðuneytisins. Hann hefur fyrst og fremst lent í fararbroddi hreyfingar skólamanna á viðkomandi svæði og talið trúnað sinn við fræðsluráð jafnvel þýðingarmeiri en erindrekstur fyrir ráðuneyti. Hann hefur hins vegar réttilega bent á að þörf væri leiðréttingar fyrir þetta fræðsluumdæmi. Það er ljóst, eins og hér hefur komið fram, og dugar ekki fyrir hæstv. ráðh. að vera með nein undanbrögð af því tagi sem hann var með t.d. í seinustu ræðu sinni, að fjármagni til sérkennslu í landinu er misskipt. Hann veit það sjálfur og viðurkennir það. Því er misskipt og það er ekkert óeðlilegt að fræðsluráð Norðurlandskjördæmis eystra reyni að sækja sinn rétt í hendur ráðuneytisins og í hendur ríkisvaldsins. Hann þarf ekkert að vera undrandi á því að fræðslustjórinn, sem er framkvæmdastjóri fræðsluráðsins, taki undir kröfu fræðsluráðsins og reyni að sækja rétt Norðlendinga gagnvart ríkisvaldinu. Hann er í þessari sérkennilegu stöðu að hann hefur tvo húsbændur yfir sér og það hljótum við að taka með inn í myndina þegar við metum störf þessa manns og það hvort honum hefur orðið stórvægilega á í starfi sínu eða ekki.

Ég viðurkenni, eins og ég hef þegar sagt, að það má vel vera að finna megi ýmsar ávirðingar í störfum þessa manns, en kjarni málsins er bara sá að þær eru engin þeirra svo stór eða mikilvæg að á nokkurn hátt verði réttlætt þau viðbrögð og viðurlög sem ráðherrann hefur beitt. Það tel ég að sé kjarni þessa máls.

Þetta mál er í óþægilegum hnút. Það hefur þegar valdið miklum vandræðum á Norðurlandi eystra. Það sér ekki fyrir endann á því hvernig það leysist. Ég ég viðurkenni að það mátti heita örlítið sáttahljóð í upphafi þessarar umræðu þegar hæstv. ráðh. bauð það fram að maðurinn fengi þriggja mánaða laun. Þar var ráðherrann að draga nokkuð í land og ég fagna því að ráðherrann gerir sér grein fyrir að hann getur ekki látið það standa sem hann lét standa fyrir viku, en ég skora mjög eindregið á hæstv. ráðh. að brjóta odd af oflæti sínu og taka þetta mál til endurskoðunar. Hann verður að horfast í augu við að það erum ekki bara við Alþýðubandalagsmenn sem höfum gagnrýnt hann í þessu máli. Það hafa stjórnmálamenn úr öllum stjórnmálaflokkum gert og skólamenn vítt og breitt um Norðurland. Hann verður að gera sér grein fyrir að í þessu máli hefur hann gripið til harðari viðurlaga en eru við hæfi. Ég skora því endanlega á hann að taka þetta mál til endurskoðunar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að kveðja mér hljóðs að nýju í þessari umræðu en tel mig þó knúinn til þess af ástæðum sem ég kem kannske að hér síðar í máli mínu.

Það var vissulega sáttatónn í fyrri ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan og ber að fagna því. Raunar eru í mínum huga verulegar efasemdir um það hverjum það sé til góða að þessi umræða haldi mikið lengur áfram í þessum farvegi. Það er búið að æskja þess við ráðherra að hann taki þetta mál til endurskoðunar og það hafa fleiri en einn og fleiri en tveir gert. Ég tek undir og ítreka það og beini þeim eindregnu tilmælum til hans. En vegna þess að hér hefur líka spunnist inn umræða um sérkennsluna, stöðu hennar og stöðu landsbyggðarinnar þá vildi ég víkja að því nokkrum orðum.

Ráðherrann hefur m.a. bent á hygg ég að það sé ekki unnt að bera saman dreifbýlið og Reykjavíkursvæðið vegna þess hve lengi þessi mál hafi þróast hér í Reykjavík og það er auðvitað alveg rétt. En ég get nefnt það að í Vesturlandskjördæmi, þar sem ég þekki einna skást til, hefur s.l. fjögur ár ekki átt sér stað nein aukning á sérkennslu. Allar tillögur um slíkt hafa verið teknar út af fjárhagsáætlunum, öll aukning í þá veru. Það er jú ekki góð aðstaða fyrir þá sem vinna að því að meta þörfina í þessum málum og senda inn greinargerðir byggðar á traustum rökum ef síðan er ekki á þá hlustað og þeim bara sagt að reyna að bjargast eftir bestu getu. Gagnvart foreldrum þeirra barna sem þarna eiga í hlut er þetta óskaplega erfið staða vegna þess að þessir foreldrar hljóta að spyrja: Á ekki barnið mitt rétt á þessum tímum? Og þeir sem spurðir eru geta ekki sagt annað en já. En þeir verða að bæta við: Það er skorið niður á fjárlögum og verður að taka tillit til þess. Ég skil ákaflega vel að fólk á erfitt með að sætta sig við þetta og erfitt með að skilja þetta, að geta ekki setið við sama borð að því er þetta varðar og þeir sem búa hér á mölinni.

Í öðru lagi langar mig til að víkja að því að það var talað hér um sálfræðiþjónustuna og ég heyrði það, henti það á lofti að hæstv. ráðh. talaði um að, ja, þar hefðu menn nú sálfræðing á hverjum fingri. Þetta sagði hæstv. ráðh. hér úr þessum ræðustól. Ég held að það sé hins vegar staðreynd að ótrúlega seint hefur gengið að manna þessar deildir úti á landsbyggðinni. Þær eru áreiðanlega vel mannaðar og fullmannaðar hér. En úti á landsbyggðinni hefur það gengið ótrúlega hægt. Ég hef raunar grunsemdir um að það sé hvergi nema hér í Reykjavík sem sálfræðideildirnar eru fullmannaðar. Og ég veit að ýmsum skólamönnum úti á landsbyggðinni er þetta mikið áhyggjuefni. Þetta er enn ein mismununin sem landsbyggðarfólk verður að una ofan á allt annað.

Í þriðja lagi langar mig til að nefna, vegna þess að það er verið að tala um að rannsaka þessi mál öll mjög ítarlega, og áreiðanlega er ástæða til þess svo að menn geti betur glöggvað sig á því hver staðan er og hvað er hér um að tefla. Ég veit að það hafa komið fram óskir um að þetta verði endurskoðað, einkum að því er dreifbýlið varðar, og ég hygg raunar að það sé kveðið á um þessa endurskoðun í reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. En þessi endurskoðun hefur aldrei farið fram. Fræðsluráð Vesturlands ályktaði nýlega um þetta í þriðja sinn. Þessu hefur aldrei verið svarað, þarna er ævinlega talað fyrir daufum eyrum. Í þessu máli öllu finnst mér að menn verði líka að horfa á þetta misrétti og misræmi sem kannske er undirrót alls þess miður heppilega sem hér hefur gerst. Ég held að menn verði svolítið að líta á þetta frá öðrum sjónarhornum og skoða það sem er hin raunverulega undirrót þess vanda sem tekið hefur á sig þá mynd sem við erum hér að ræða í löngu máli.

Það er m.a. þess vegna sem níu þm. Alþfl. hafa lagt hér fram á þskj. 511 beiðni um skýrslu frá menntmrh. um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270 frá 1977. Hér eru í löngu máli ítarlegar spurningar um þetta mál. Við teljum það afar brýnt að staðreyndirnar sem hér er óskað eftir liggi fyrir.

Hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni athyglisverða grein sem fyrrv. ráðuneytisstjóri í fjmrn. skrifaði og birt var í Morgunblaðinu s.l. þriðjudag. Ég segi eins og hann: Ég get tekið undir afar margt af því sem Jón Sigurðsson segir. Ég mæli því ekki bót að embættismenn fari út fyrir sín valdmörk. Það er enginn að afsaka það, það er enginn að mæla því bót. En ég tek ekki undir allt sem Jón Sigurðsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, segir í þessari grein. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Sá ósiður Alþingis er orðinn býsna gamall að marka stefnu með setningu laga sem það síðan treystist ekki til að standa við þegar kemur til fjárveitinga.“ Þetta er rétt ábending og þetta sjáum við á hverju ári þegar lánsfjárlög er afgreidd að þá kemur heill kapítuli þeirra laga þar sem segir: Þrátt

fyrir allar fyrri ákvarðanir Alþingis um framlög t.d. í Framkvæmdasjóð fatlaðra og ýmislegt fleira, þá skal nú skera það allt saman niður við trog. Þetta er alveg rétt, þetta er vond lögfræði og um það erum við hæstv. menntmrh. áreiðanlega sammála.

Síðan segir, með leyfi forseta, í þessari grein: „Af þessari tegund þykjustulaga er orðinn urmull og ein þeirra eru grunnskólalögin." Þótt ekki hafi enn tekist að framfylgja öllum ákvæðum grunnskólalaga þá er mér ómögulegt að taka undir það að grunnskólalögin séu „þykjustulög". En hæstv. ráðh. tók undir efnisatriði þessarar greinar án nokkurs fyrirvara.

Ég skal reyna að egna ekki hæstv. ráðh., hann hefur svo sem varað menn við því. Ég er svo sem ekkert hræddur við það en það getur verið að mínir skapsmunir geri það líka að verkum að það hreyfi einhvers staðar við honum. Ég uni því illa að sitja undir þeim ummælum hans að minn málflutningur hér, í þeirri ræðu sem ég flutti í fyrradag, hafi verið með þeim hætti að lágkúran þar hafi verið fágæt. Ég uni því heldur illa. Ég var ekki að bera blak af því að menn færu ekki að lögum og fyrirmælum yfirboðara sinna, síður en svo, en ég benti á að það hefði verið öllu heppilegra ef ráðherrann hefði haft aðrar aðferðir í þessu máli, þ.e. að víkja viðkomandi starfsmanni frá um stundarsakir meðan málið skýrðist frekar.

Ég gæti sagt sitthvað um þá fullyrðingu ráðherrans þegar hann stóð hér í þessum ræðustóli og fjasaði um það að svo gott væri nú ástandið í hans kjördæmi að þar þyrfti ekki á svona mörgum sálfræðingum eða svo mikilli sérkennslu að halda. Sá málflutningur, hann var ekki háreistur! Ég endurtek það sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni að ég hygg að hæstv. menntmrh. hafi svona í hita augnabliksins orðið það á að taka svona til orða. En þetta var afar óheppilegt, að ekki sé meira sagt. Hann hefði verið meiri maður af ef hann hefði dregið þessi ummæli sín til baka. En um það skal ég ekki hafa fleiri orð.

Hitt er svo það að ef reka á með þessum hætti og þessum aðferðum alla þá embættismenn í ríkiskerfinu sem ekki hafa sýnt fjárlögum og fyrirmælum sinna yfirboðara alveg fullkomna og bókstaflega hlýðni, þá held ég að ráðherrann hæstv. gæti fengið nóg að gera við að reka menn. Ég gæti verið hæstv. ráðh. innan handar með að benda honum á kannske einn og kannske tvo og kannske fleiri embættismenn sem hafa farið fram úr fjárlögum um hærri tölur en hér hafa verið nefndar og enginn talar um að neitt þurfi við að athuga né við að segja, hvað þá að reka með þeim hætti sem hér var gert. Ég sé það t.d. í hendi mér þar sem ég á sæti í útvarpsráði að dagskrárstjóri innlendrar dagskrárgerðar í sjónvarpi hefur farið býsna frílega fram úr þeim áætlunum og skorðum sem honum voru settar (**Menntmrh.:** Hvað gerir útvarpsráð þá?) sem hefur þá dregið tæknideildina töluvert mikið fram úr áætlun. Ég skal segja hæstv. ráðh. það að ég mun gagnrýna þetta í útvarpsráði. En hæstv. ráðh. er húsbóndi þessa manns með öðrum hætti en ég er sem fulltrúi í útvarpsráði. (**Menntmrh.:** Er ekki Markús Örn húsbóndi hans?) Jú, en hver er húsbóndi útvarpsstjóra? Er það ekki hæstv. menntmrh.? Ég veit ekki betur en svo sé. (**Forseti:** Ekki samtal í salnum.) Ég veit ekki betur en að svo sé. Það hafa ýmsir hlutir gerst í þeirri ágætu stofnun, miður góðir varðandi þetta, en ég hef ekki heyrt hæstv. ráðh. tala um að reka einn eða neinn þar. Ég hygg að þau mál kunni þó e.t.v. að snúast um stærri upphæðir en hér er um að tefla. (**Menntmrh.:** Þú berð ábyrgðina.) Ég held nú að það sé hæstv. ráðh. sem ber ábyrgðina í því efni ef allt er rakið til enda og öllum þráðum fylgt. Það er útvarpsráð sem gerir áætlanir um dagskrárgerð en það hefur hins vegar ekki tök á því að beita neinum viðurlögum, enda veit ég ekki hvort er nokkur vilji til þess þar. En það er auðvitað ráðherra sem á að sjá um að allir embættismenn fylgi þessum reglum. Hér verður eitt yfir alla að ganga og vissulega skal ég taka undir það, hæstv. ráðh., það eru fjölmörg atriði í rekstri Ríkisútvarpsins sem ástæða er til að gaumgæfa núna á tímum fjárhagslegra þrenginga þess og beita meira aðhaldi og sjá til þess að þar sé settum reglum fylgt.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni, en ég ítreka að ég held að það væri skynsamlegast og það væri heppilegast og það væri raunar það allra besta sem hæstv. ráðh. gæti gert í þessu máli úr því sem komið er að fara nú fram með þeim sáttarhug sem mér fannst hans fyrsta ræða gefa til kynna, þó honum hitnaði í hamsi eftir á, ég skil það ákaflega vel, hafandi hlýtt á þær ræður sem ja, hleyptu honum upp að nýju, þá skil ég það ákaflega vel í rauninni. En það er ekki hægt að standa í svona skólastríði vegna þess að það bitnar líka á þeim sem síst skyldi og það er jú áreiðanlega ekki tilgangurinn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það nálgast nú bráðum sex stundir sem þessi umræða hefur staðið. Erum við einhverju nær í þessu máli? A.m.k. sjáum við ekki fyrir endann á því enn. Það hafa verið höfð stór orð á báða bóga í þessum umræðum hér þannig að það er kannske varla hægt að segja að það sé Alþingi sæmandi margt sem hér hefur verið látið fjúka á báða bóga.

Hæstv. menntmrh. hefur stigið eitt spor í þessu máli, þ.e. hann ætlar að leggja það til, eða hefur kannske gert það þegar, að fræðslustjórinn á Norðurlandi eystra fái laun í næstu þrjá mánuði. Í sjálfu sér er hann að mínu viti búinn að falla frá því að reka hann úr starfi fyrirvaralaust, heldur væri frekar hægt að segja að nú mundi hann ætla að fara eftir 7. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Og í framhaldi af þessu finnst mér að ráðherrann ætti að skipa nefnd til að rannsaka þessar ávirðingar á báða bóga, hvernig ráðuneytið hefur staðið að þessu, hvernig fræðslustjóri hefur staðið að málum og fræðsluráð og samanburð á því

hvað hefur gerst í þessum kjördæmum, ekki síst úti á landi.

Það var upplýst hér í umræðunni í fyrradag að það mundi halla verulega í fjármunum á hvern nemanda á Norðurlandi eystra miðað við það sem væri í Reykjavík og á Austurlandi. Og ég efast ekkert um að það hallar a.m.k. á miðað við Reykjavík þó að ég ætli ekki að fara að kveða hér upp neina dóma.

Ég stend hér upp fyrst og fremst vegna ástandsins í mínu kjördæmi. Þetta bitnar á börnunum. Ég hef sannfrétt það að varla er um annað talað í mínu kjördæmi en þetta mál, og er fylgst með umræðum hér. Kennararnir eru annars hugar og „stressaðir", svo ég noti leiðinlegt orð, í kennslustundum og má segja að að verulegu leyti sé allt skólahald í molum eins og stendur. En erum við nokkru nær eftir þessar umræður? Ég get ekki séð það. Ég vil með fullri vinsemd segja við hæstv. menntmrh.: Það er ekki eingöngu verið að takast á við fræðslustjóra og fræðsluráð, heldur einnig skólastjóra og yfirkennara, oddvita og raunar almenning á Norðurlandi eystra. Málið er svona alvarlegt. Það er ekkert nýtt t.d. að þegar við vorum á okkar fundum, og þm. geta vitnað um það, þegar við vorum á okkar fundum í september í haust, þá komu oddvitarnir til þess að ræða þessi mál, ræða um sérkennsluna, um stuðningskennsluna, um skólaaksturinn. Það er ekki eingöngu í sambandi við þennan brottrekstur. Við megum ekki líta á það þannig.

Ég vil því í fullri vinsemd biðja og skora á hæstv. ráðh. að fara eftir 7. gr., að hlutast til um að skipuð verði nefnd, hann geri það sjálfur, að við þurfum ekki að standa hér dag eftir dag í umræðum út af þessu máli, sem mundi þá leiða af sér að skólahald í okkar kjördæmi, og e.t.v. í Norðurlandskjördæmi vestra að einhverju leyti, komist í samt lag. Það er ekki á valdi neins nema hæstv. menntmrh. að gera þetta. Ef þetta heldur áfram svona þá verðum við e.t.v. neyddir til að koma með þetta enn inn í þingið með einhverjum hætti. Það vildi ég síst gera. Þess vegna skora ég á og bið hæstv. ráðh. að skera á þennan hnút nú þegar, að fara eftir 7. gr. og hlutast sjálfur um að skipuð sé nefnd í þessu máli. Hann segir hér og hann stendur sjálfsagt í þeirri trú, og ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, að þetta hafi verið eðlileg ráðstöfun. Þess vegna hlýtur hæstv. ráðh. að gera það með glöðu geði að verða við mínum tilmælum.

Ég vil losna við þetta mál. Ég fullyrði að það er ekki pólitískt. Það eru skólamenn og almenningur í öllum flokkum sem líta svona á málið í mínu kjördæmi. Ég hef ekki frið fyrir hringingum út af þessu máli.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vonast til þess að stóru orðin verði ekki fleiri hjá neinum. Það leysir engan vanda. Það er einn sem getur leyst þetta mál. Það er hæstv. ráðh. sjálfur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig efnislega sammála hv. síðasta ræðumanni um það að hæstv. ráðh. getur leyst þetta mál og höggvið á þann rembihnút sem hér er á kominn. En það er ljóst að ef svo heldur sem horfir, þá hlýtur málið að koma til kasta Alþingis af því að það er Alþingi sem veitir ráðherranum vald. Þess vegna er það svo að þegar menn hafa um það þau orð að þessi umræða hafi ekki leyst málið og hér hafi fallið stór orð sem betur hefðu verið ósögð o.s.frv., þá mega menn ekki gleyma hinu, að hér á hinu virðulega Alþingi er hinn rétti vettvangur fyrir ráðherrann að svara til fyrir verk sín þegar Alþingi spyr hann. Þess vegna, herra forseti, fór ég fram á þessa umræðu og lagði fyrir hæstv. ráðh. vélritaðan lista með spurningum, tíu spurningum, greinargóðum að ég hélt, sem voru um mörg þau efnisatriði deilunnar sem menn vildu fá svör við, m.a. fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra og fleiri aðilar.

Ég held að það sé fullkomlega eðlilegt og við eigum ekki að kvíða því hv. alþm. að ræðast við í fullkominni hreinskilni hér á Alþingi, og nota til það tungutak sem skilst. Auðvitað eigum við að reyna að vera málefnalegir. Og auðvitað er slæmt ef falla stærri orð en menn geta staðið við og eiga rétt á sér. Þess vegna verð ég að segja það að ég undraðist mjög þegar hæstv. ráðh. hófst allur upp úr sæti sínu og æstist mjög í kjölfarið á ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvars Gíslasonar, sem af öllum mínum kynnum er einhver dagfarsprúðasti og orðvandaðasti maður sem ég þekki. (**Menntmrh.:** Þér er óhætt að hæla honum, hann er hættur í framboði.) Hæstv. ráðh. ætti stundum að hlusta. Hann er sjálfur búinn að tala hér upp undir helminginn af öllum þeim ræðutíma sem verið hefur í þessari utandagskrárumræðu. Og ég hygg að hæstv. ráðh. hefði e.t.v. mátt hlusta aðeins betur á sumt það sem hér hefur verið sagt.

Það er einnig ekki við það unandi, herra forseti, að ræða efnislega um málin þegar hæstv. ráðh. nánast hótar því að ef menn taki eitthvað upp í sig, ef menn segi eitthvað óþægilegt, ja, þá skuli þeir sko taka afleiðingunum af því, þá sé hann ekkert kominn til með að spá í það hver verði niðurstaðan, þá sé úti um allar sættir o.s.frv. Eigum við að reyna að ræða málin, virðulegur forseti, undir þeim formerkjum að hin efnislega niðurstaða málsins muni hvort sem er ráðast af því hvernig skapið verður hjá hæstv. ráðh. þegar upp verður staðið? Það er óþægilegt. Ég vil trúa því að niðurstaðan geti ráðist af rökunum og gagnrökunum sem menn flytja fram fyrir máli sínu.

Ég hlýt að svara aðeins einum rangsnúningi sem hæstv. ráðh. hafði á mínum ummælum hér á þriðjudaginn síðasta, þar sem hann sagði að ég hefði talið það alls ósambærilegt hvernig háttað væri ráðningarkjörum manna til sjós og verkamanna á landi og að það ætti að vera einhver geysilegur eðlismunur á ráðningarkjörum opinberra starfsmanna og starfsréttindum og ég hefði talið það ósvinnu að ráðherra jafnaði þessu saman. Í þessu felst mikill grundvallarmisskilningur. Hv. 3. þm. Norðurl. v. útskýrði það reyndar ágætlega hvers vegna menn hafa um áratuga

skeið haft í lögum ákveðin ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og ég hef engu við það að bæta. En það er ekki svo, hæstv. menntmrh., og taktu mín orð fyrir því, að ég hafi talið það endilega sjálfgefið að aldagamlar hefðir og venjur til sjós, um að reka mætti menn fyrirvaralaust, segja þeim að taka pokann sinn, hefðir og venjur sem eftir því sem ég hef kynnt mér eru aðallega sniðnar eftir lögum úr enska og franska sjóhernum, og þaðan voru teknar fyrirmyndirnar í sjórétti, að þær eigi að ríkja um aldur og ævi. Sem betur fer eru slíkir starfsmenn nú í stéttarfélögum og hafa ýmsan rétt tryggðan og mætti hann vera meiri. Ég held engu að síður að þau ummæli sem hæstv. ráðh. lét falla um stöðu opinberra starfsmanna og þær viðvaranir, svo ég taki nú mjög vægt til orða, herra forseti, sem hann sendi opinberum starfsmönnum, starfsmönnum ríkis og bæja í gegnum þingtíðindin hér á þriðjudaginn var, þau muni vekja athygli. Það er mín trú.

Til þess að fáfræðinni verði ekki ómótmælt í þingtíðindum, herra forseti, þá hlýt ég að gera athugasemdir við samanburð hæstv. menntmrh. á fjölda þeirra barna sem þurfa á sérkennslu og hjálparkennslu að halda í Norðurlandsumdæmi eystra og Reykjanesi. Í þskj. 319, sem er svar hæstv. menntmrh. sjálfs við fsp. frá þeim er hér talar, um stuðnings- og sérkennslu, kemur það mjög skýrt fram að tvö kjördæmi í landinu hafa algjöra sérstöðu að einu leyti. Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi hafa sérstöðu hvað það varðar að langflest börn úr þessum kjördæmum tveimur eru vistuð á sérstofnunum ríkisins af ýmsu tagi. Það er langur listi í þessu svari þar sem það kemur fram að t.d. í Öskjuhlíðarskóla, svo hæstv. ráðh. glöggvi sig á því hvað ég er að fara, voru árið 1985 63 börn úr Reykjavík og 43 af Reykjanesi, fimm af Vesturlandi, ekkert af Vestfjörðum, eitt af Norðurlandi vestra, eitt af Norðurlandi eystra, eitt af Austurlandi og fimm af Suðurlandi. Svona gæti ég áfram lesið fyrir hæstv. ráðh. nánast allar sérstofnanir ríkisins hér á þessu svæði. Eðli málsins samkvæmt er langhæsta hlutfall nemendanna héðan af þessu svæði, úr Reykjanes- og Reykjavíkurumdæmum. Og það gerir það að verkum, hæstv. ráðh., og hugleiddu það nú augnablik, að þörfin úti í hinum almenna grunnskóla er miklu minni í þessum fræðsluumdæmum. Það ætti hæstv. ráðh. að geta skilið. Á Austurlandi er engin slík stofnun og víðast hvar úti um landið. Það er ein lítil stofnun í Norðurlandi eystra. Þannig er staða þessara mála út um landsbyggðina.

Þrátt fyrir þetta hafa landsbyggðarumdæmin á undanförnum árum verið að reyna að taka þau börn sem á aðstoð þurfa að halda burtu héðan úr sérstofnunum og flytja til sinna heimkynna út um landið og það með öðru hefur aukið þrýstinginn á þörf fyrir sérkennslu í hinum almenna grunnskóla úti um landið.

Ég vil tímans vegna, herra forseti, ekki reyna að halda hér lengri kennslustund fyrir hæstv. menntmrh. í þessum efnum. En ég satt best að segja undrast að heyra talað af þvílíkri fáfræði um þessi mál, þegar m.a.s. í þinglegu skjali, svari frá hæstv. menntmrh. sjálfum, liggja fyrir mjög gagnlegar og fræðandi upplýsingar um stöðu þessara mála. Menn ættu e.t.v. að lesa betur svörin sem þeir senda frá sér hér fyrir hv. Alþingi.

Varðandi ásakanir um ógætilega málsmeðferð í sambandi við húsnæðismál fræðsluskrifstofunnar á Norðurlandskjördæmi eystra ætla ég engu við að bæta öðru en því að benda á að hæstv. ráðh. svaraði sér að einu leyti sjálfur. Hann sagði að heimildir sínar væru fundargerðir fræðsluráðs á Norðurlandi eystra. Ekki rétt með farið hæstv. ráðh.? Ég hygg svo vera. Og hvað segir það okkur? Það segir okkur að það eru auðvitað ekki Sturla Kristjánsson eða Ingólfur Ármannsson sem bera þar ábyrgð heldur yfirboðarar þeirra sem eru að hluta til fræðsluráðið og formaður fræðsluráðs á þessum tíma, Sigurður Óli Brynjólfsson, sem væntanlega hefur verið á þeim fundum sem fræðsluráð hélt um þessi mál og bókaði niðurstöður. Það er hann sem verið er að rægja hér, látinn heiðursmanninn, ekki síður en aðra.

Ég fer fram á það, herra forseti, við hæstv. menntmrh. að hann svari einu skýrt og skorinort. Ég fer ekki lengur fram á það að hann svari þeim tíu spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Þingtíðindin munu geyma að hann gerir það ekki. En eitt er óhjákvæmilegt að fá fram og það er þáttur ríkislögmanns í því að Sturlu Kristjánssyni fræðslustjóra var sagt upp með þeim hætti sem raun ber vitni. Var það að tillögu ríkislögmanns að svo var gert eða var hann spurður ráða og í hverju fólst hans ráðgjöf? Því er nefnilega þannig farið, virðulegur forseti, að ég trúi því ekki fyrr en ég fæ það nánast skjalfest frá ríkislögmanni að hann hafi lagt til að þessi leið yrði valin. (**Menntmrh.:** Þetta liggur ljóst fyrir öllum.) Því trúi ég ekki. (**Menntmrh.:** Þetta er bara röfl.)

Síðan er það, sem hæstv. ráðh. hefur reyndar eytt hvað lengstum ræðutíma sínum í, að reyna að fá hv. þm. og aðra sem á mál hans hlýða til að trúa því að það hafi alveg sérstök manngæska og kærleikur falist í þeirri aðferð sem hann valdi við að segja nefndum starfsmanni upp. Hv. 3. þm. Norðurl. v. fór ræki-lega yfir að svo er ekki. Þvert á móti. Ég verð að segja að ódýr er aflausnin hjá hæstv. menntmrh. ef þriggja mánaða laun til starfsmannsins eiga að bæta þar um að fullu. Ég hygg t.a.m., svo tekið sé annað dæmi sem hér hefur stundum borið á góma, að þær bætur sem fjmrh. s.l. haust greiddi Sigurjóni Valdimarssyni, fyrrv. framkvæmdastjóra lánasjóðsins, séu léttar í vasa miðað við þær hörmungar sem sá maður og sú fjölskylda hefur mátt þola vegna ofríkis hæstv. menntmrh. Það eru mín kynni af því máli að þær bætur séu léttar í vasa á móti þeim ósköpum sem þar gengu yfir. Og ódýr verður aflausnin, það ætla ég að segja, virðulegur forseti, ef þriggja mánaða laun eiga að leysa þennan vanda. Þó ég sé ekki að lasta það út af fyrir sig að hæstv. menntmrh. getur

þokað þó um þessa hársbreidd sem hann ekki gat að sögn s.l. þriðjudag.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta menn með því að fara yfir málsvörn hæstv. ráðh. Ég gerði það að nokkru í seinni ræðu minni s.l. þriðjudag og hef svo sem ekki miklu við það að bæta. En ég hef þessa tvo sólarhringa hugleitt ofurlítið hvernig starfsaðstaða opinberra starfsmanna, sem eiga slíkan húsbónda eins og hæstv. menntmrh., er nú um stundir og verður ef svo fer sem horfir. Hvernig skyldu þeir nú taka til orða í bréfum til ráðuneytisins í framtíðinni? Hvað skyldu þeir þora að segja á lokuðum trúnaðarfundum með skrifstofustjórum og deildarstjórum í ráðuneytum framvegis þegar þeir upplifa það, opinberir starfsmenn, að slík gögn eru grafin upp jafnvel árum og mörgum árum síðar og einhvers konar fundargerðir birtast á lokuðum trúnaðarfundum þar sem gefið er í skyn að vitnað sé orðrétt í samræður manna. Ég hygg að menn verði býsna varkárir. Ég er ekki viss um að menn tali í mikilli hreinskilni og miklum trúnaði um hluti sem þeir töldu sig áður vera að eiga við sína samstarfsmenn og yfirmenn inni í stofnunum hins opinbera þegar svo fer. Það gæti farið þannig að ýmislegt þyrfti þá að rifja upp fleira og grafa þyrfti upp ýmis bréfin ef á annað borð er farið að fara ofan í þetta einhvers konar registur eða curriculum vitae sem menntmrn. er nú greinilega farið að færa fyrir sína starfsmenn.

Hér er latneskri tungu nú orðið allt of sjaldan slett, virðulegur forseti, og stendur ekki upp á mig sem enga latínuna kann. Þó veit ég um eitt stöðuheiti í latínu sem mér hefur stundum dottið í hug þessa sólarhringa. Hæstv. menntmrh. hefur sennilega einhvers staðar lesið það að til var á latnesku stöðuheitið judex optimus maximus og útleggst e.t.v. á íslensku „háyfirdómari". Ég sjálfur, „háyfirdómari", ég ræð. Hæstv. menntmrh. lítur greinilega á sig sem judex optimus maximus, hann geti bara tekið þetta í sínar hendur og dæmt, hann þurfi enga rannsókn. Og hæstv. ráðh. velur þá aðferð við að segja starfsmanninum upp, og þá skal ég aðeins fara yfir það fyrir hæstv. ráðh., sem skilur nefndan starfsmann einan eftir launalausan, réttindalausan á götunni til að sækja sitt mál gegn kerfinu, gegn ríkislögmanni, gegn fjmrh. Það vill reyndar svo til að það er ekki hæstv. menntmrh. sem kemur til með að standa frammi fyrir dómstólunum. Hefur hæstv. ráðh. áttað sig á því að það á að stefna hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Eftir öll digurmælin um að hæstv. menntmrh. vilji láta þetta fara til dóms þannig að hann verði dæmdur vill það ósköp einfaldlega þannig til að í lagasafninu stendur að í slíkum tilfellum á að stefna hæstv. fjmrh. f.h. ríkissjóðs og það kemur þá í hlut ríkislögmanns að fara með málin þannig að hæstv. menntmrh. getur verið að laxveiðum í Hrútafjarðará þess vegna þegar málið verður dómtekið.

Ég vil segja bara eitt að lokum um stöðu þeirra manna sem eru að reyna að halda uppi lögbundinni þjónustu og framkvæma grunnskólalög og ýmislegt annað. Ég vil að hv. þm. reyni að átta sig á einu og það eru tvöföldu skilaboðin sem þessir starfsmenn fá. Ég vona að menn skilji orðin tvöföld skilaboð og ég ætla að nefna dæmi.

Þegar hæstv. ríkisstjórn allt í einu fann það upp á árinu 1984 að ég hygg að nú væri nauðsynlegt að spara 2,5% í launakostnaði og 5% í öðrum rekstrargjöldum ef ég man rétt og sendi út um þetta bréf fóru margir að hugleiða: Hvernig eigum við að ná fram þessum sparnaði? Og á Akureyri, þeim ágæta stað, datt mönnum það snjallræði í hug í skólunum að hugsanlega mætti einhver dönskukennsla í 6. bekk eða 5. bekk eða 7. bekk eða einhvers staðar missa sig. Hún væri ekki svo mikilvæg þessi dönskukennsla. Það leiddist öllum í dönskutímum og það nennti enginn að kenna dönsku. Við skulum bara sleppa dönskunni. Þeir fundu út að það stemmdi. Danskan burt, 2,5% spöruð og allir yrðu glaðir. Og ákvörðunin var tilkynnt: Enga dönsku lengur hér. Málið leyst. Og hvað gerðist? Ráðuneytið hringdi norður eða sendi bréf og sagði: Nei sko, þið sleppið engri dönsku. Þið kennið dönskuna eins og námsskráin og lögin gera ráð fyrir. Eru þetta ekki tvöföld skilaboð? Sparið 2,5%. En um leið og mennirnir úti á akrinum reyna að framkvæma sparnaðinn með einhverjum tilteknum hætti neitar ráðuneytið: Nei, þið skulið kenna. M.ö.o.: sparið en haldið uppi fullri þjónustu. Og það er þetta sem þessir menn hafa mátt búa við og fjöldamargir aðrir sem eru að reyna að láta ónógar fjárveitingar endast og búa við tvöföld skilaboð og mér liggur við að segja tvöfalt siðgæði af hálfu sinna húsbænda hvað þetta varðar. Það er eins og ég hef margendurtekið óheimilt að skerða sérkennsluna samkvæmt reglugerðum og lögum sem í gildi eru. Það er óheimilt. En samt eru slík skilaboð send út. Það hlýtur að jaðra við siðleysi.

Herra forseti. Þeir stynja svo ákaft í hliðarsölunum, þessir þreyttu þjáðu menn, að ég held að við ættum að loka dyrunum. Það er líka til þess að maður þurfi ekki að horfa upp á þessi hryggðarandlit. (**Forseti:** Það skulu verða gerðar ráðstafanir til þess að loka þingsalnum.)

Ég hef undir höndum, herra forseti, bréf sem ég er að hugsa um að lesa upp úr. Vegna þess að hæstv. menntmrh. hefur nokkuð sótt röksemdafærslu sína í gömul bréf og skýrslur, sem starfsmenn hans í ráðuneytinu hafa verið að dunda við að taka saman dagfari og náttfari undanfarið, langar mig til að lesa upp bréf sem ég hef undir höndum frá menntmrn. Það geta nefnilega fleiri geymt bréf en menntmrn. Það vill svo til að á árinu 1984 þurfti menntmrn. að skrifa Sturlu Kristjánssyni fræðslustjóra persónulegt bréf varðandi starfskjör hans og breytingar á högum hans þegar hann tók aftur við starfi sem fræðslustjóri Norðurlands eystra. Orlofsmál og fleira kemur þar inn í og er tilgreint í þessu bréfi og þarf ekki að rekja hér þar sem það varðar persónuleg mál fræðslustjórans við sinn vinnuveitanda. Síðan segir í bréfi ráðuneytisins, með leyfi forseta, um þetta

atriði sem ég hef nefnt:

„Að vandlega athuguðu máli telur núverandi menntamálaráðherra ekki ástæðu til að taka þetta mál upp að nýju. Er þessu máli því lokið af ráðuneytisins hálfu."

En svo kemur ein setning:

„Að lokum skal það tekið fram að ráðuneytið ber fullt traust til yðar sem fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra." F.h. ráðherra, Knútur ráðuneytisstjóri væntanlega og Sólveig Ólafsdóttir.

Þetta bréf er sent 26. júní 1984. Það liggur fyrir skjalfest í bréfi frá menntmrn. að 26. júní 1984 naut Sturla Kristjánsson fulls og óskoraðs trausts menntmrn., Ragnhildar Helgadóttur hæstv. menntmrh., sem fræðslustjóri Norðurlands eystra.

Hvað eru svo sakirnar gamlar sem hæstv. menntmrh. er að tína til á nefndan fræðslustjóra? Þær eru frá 1980 og 1981 og jafnvel eldri. En flokkssystir hans, hæstv. núv. heilbr.- og trmrh., þáv. hæstv. menntmrh., bar fullt og óskorað traust til þessa starfsmanns síns 26. júní árið 1984.

Og enn hef ég bréf undir höndum, herra forseti, sem er dagsett 14. mars 1986, og þá er ráðherra menntamála Sverrir Hermannsson og þá er skrifað bréf úr menntmrn. aftur persónulega til nefndrar Sturlu Kristjánssonar. Það er vitnað í bréfið frá 1984 og segir:

„Af bréfi ráðuneytisins til yðar 26. júní 1984 kemur fram að máli þessu var lokið af ráðuneytisins hálfu" o.s.frv. (**Menntmrh.:** Var það Þelamörk?) Nei, það er ekki Þelamörk, hæstv. ráðh. Það varðar orlofsmál fræðslustjórans þar sem hann hafði sótt um að fá að fara í námsferð til að mennta sig enn frekar á sínu starfssviði erlendis og ráðuneytið féllst á það og óskaði bara eftir því að fræðslustjórinn léti sig vita þegar hann hygðist nýta sér þessa heimild. En 14. mars 1986 er m.ö.o. tekið fram í ráðuneyti Sverris Hermannssonar bréf þar sem lýst er fullu trausti yfir Sturlu Kristjánsson sem fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra og vitnað í það og það er undirritað af ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra hæstv. ráðh. Síðan eru dregnar fram áviðingar og sakir sem ná langt aftur fyrir þennan tíma og gerðar að aðalefni þessa máls, en þessi bréf gleymdust. Af einhverjum ástæðum, þrátt fyrir hina miklu vinnu undanfarna sólarhringa í skjalasafni menntmrn., fundust ekki þessi bréf. Það hefur valdið mér nokkurri undrun.

Þannig er það, virðulegur forseti. Ég ætla að þreyta hv. þm. örlítið meira og mér er satt best að segja alveg sama hvað hv. þm. geispa í hliðarsölum. Þeir mega alveg fara úr ónefndum lið þess vegna. Ég ætla að rekja áfram nokkur efnisatriði sem tengjast þessu máli vegna þeirra raka sem hér hafa verið flutt fram af hæstv. menntmrh. þar sem, eins og ég skil það, er höfðað til eðlislægrar þarfar hv. alþm. á að bera virðingu fyrir Alþingi og fjárveitingavaldinu og æðstu stofnunum ríkisins. Það er gott og það skulum við reyna að gera, virðulegur forseti. Ég skil vel að það líti illa út eða hljómi illa í eyrum margra hv. þm. þegar það er borið upp á menn úti á landi að þeir séu að óvirða fjárlögin. Þeir tala svo illa um fjárlögin, svo dónalegir, þetta eru ónýtir pappírar og allt það, leyfa þessir menn sér að segja. Við hérna, brjóstvörnin fyrir þessu, verðum að standa saman. Við megum ekki láta menn eyðileggja fjárlögin fyrir okkur. Þau eru alveg heilög bók. Þau eru okkar Veda. Og hvernig eru þá þessi blessuð fjárlög? Eru þau svona góð? Er þetta allt í svo góðu lagi hjá okkur að við getum héðan af Alþingi bent á menn og sagt: Þú óvirtir fjárlögin. Þau braust af þér. Ég held ekki. Því miður, virðulegur forseti. Það væri sannarlega æskilegt að svo væri, en sannleikurinn sýnist mér vera annar. Ég hef haft samband t.d. við fjmrn. út af þessu máli. Ég hef spurt um hversu algengt það sé að greiðslustaða ríkisstofnana og fyrirtækja sé neikvæð um áramót eins og hún virðist hafa verið hjá fræðsluumdæminu fyrir norðan. Svarið er: Ja, það er nú býsna algengt. Og ég var spurður af ágætum starfsmanni í fjmrn.: Þekkir ekki þm. ríkisreikninginn? Jú, ég þekki hann. Þetta er þykkur bunki sem kemur á borð mín einu sinni á ári og ég skal viðurkenna að ég hef ekki mikið lesið, en maður ætti kannske að kynna sér ögn nánar. — Ég ætla að biðja hæstv. menntmrh. að fara ekki langt.

Ég spurði ábyrgan mann í fjmrn. hversu algengar aukafjárveitingar væru. Hversu algengt er það nú að fjárlögin haldi ekki og það þurfi að breyta ýmsu og bæta við vegna þess að útgjöldin fara fram úr áætlunum? Og ég fékk svar sem tekið var saman af miklum myndarskap á stuttum tíma fyrir mig. Það er svona: Frá 1. jan. til 31. sept. 1986 voru veittar 140 aukafjárveitingar að upphæð 1 567 000 kr. Og hverjir haldið þið að eigi langlengsta listann af þessum aukafjárveitingum? Það er menntmrn. Það á 27 bókaða liði og er þá stundum slegið saman í bókarnúmer mörgum fjárveitingum. Það er með langhæstu upphæðina, um 300 millj. kr.

Svona er þetta aftur í tímann. 1985 voru aukafjárveitingarnar 281 og aftur er menntmrn. bæði með dýrastar og mestar aukafjárveitingar og iðnrn. á því ári reyndar þó nokkuð. 1984 voru aukafjárveitingarnar 184. Þannig er ekkert sérstaklega sjaldgæft að það þurfi að bæta svolítið við. Þessar 27 aukafjárveitingar sem menntmrn. var búið að fá á þessum fyrstu níu mánuðum ársins 1986 benda ekki til þess að siðferðisþrek ráðuneytisins hefði algjörlega brostið þó það hefði sótt um eina í viðbót til sérkennslumála á Norðurlandi eystra. En það var ekki gert. Óskum fræðsluumdæmisins um að fá aukafjárveitingu var ekki sinnt þrátt fyrir 27 aukafjárveitingar menntmrn.

Þá ætla ég að koma að enn skemmtilegri hlutum, virðulegur forseti, sem ég veit að mun fá menn til að veltast um af hlátri og það er ríkisreikningurinn sjálfur, það merka plagg. Nú hvet ég bæði hæstv. menntmrh., hv. þm. og kannske fjölmiðlamenn sem á mig hlýða að kynna sér það ágæta rit og hefðu menn kannske fyrr mátt gefa honum meiri gaum. Þar er margar mjög gagnlegar upplýsingar að finna.

Ég fór sem sagt í það að fletta töflum þar sem sundurliðuð eru raunveruleg gjöld, fjárlögin sjálf og fjárheimildir eins og þær eru þegar leiðrétt hefur verið fyrir ýmsum aukakostnaði og leyfðar eða heimilaðar aukafjárveitingar færðar inn. Og þá skyldi maður ætla, miðað við prinsippfestu hæstv. menntmrh. núverandi í þessum efnum, að það væri allt í lagi yfir höfuð í þessum ríkisreikningi.

Ég hirði ekki, herra forseti, að fara neðarlega í listann. Af mörgu mætti taka og víða mætti lesa, en ég ætla að fjalla aðeins um æðstu stofnanir ríkisins, sjálfan toppinn á píramídanum, sjálfa krónuna sem allir eiga að bera virðingu fyrir. Þá er það þannig, svo ég byrji á iðnrn. 1985 af því að ég vil vera sanngjarn, að þar eru fjárlög til yfirstjórnar iðnrn. upp á 12 844 þús. Fjárheimildir, eins og vonandi er skýrt fyrir öllum hv. þm., fjárlögin plús leiðréttingar og samþykktar aukafjárveitingar og annað slíkt, upp á 17 613 þús., en raunveruleg eyðsla, þ.e. reikningurinn sjálfur árið 1985, upp á 15,9 millj. Bravó fyrir hæstv. fyrrv. iðnrh. Honum tókst þrátt fyrir að hann færi auðvitað talsvert fram úr fjárlögunum að halda sig innan fjárheimildanna og skal hann eiga það.

Hvernig gekk þetta hjá hæstv. félmrh.? Það gekk þannig að hann var alveg í járnum með sinn rekstur. Fjárlögin voru upp á 13,8 millj., fjárlagaheimildirnar upp á 17,5 en reikningurinn upp á 17,2. Nokkuð gott hjá hæstv. félmrh. Þetta slapp til hjá honum.

Hversu heppinn var hæstv. dóms- og kirkjumrh.? Skyldi hann fá að halda starfi sínu? Er hann e.t.v. sekur og hans æðstu starfsmenn eins og Sturla Kristjánsson? Getur hugsast að hæstv. dóms- og kirkjumrh. hafi í sínu ráðuneyti brotið af sér á nákvæmlega sama hátt og fræðsluskrifstofan í Norðurlandsumdæmi eystra? Já, því miður. (**ÓÞÞ:** Hefur þá fræðsluskrifstofan brotið af sér?) Með sama hætti ef þetta er afbrot, virðulegur skrifari í hliðardyrum. (**ÓÞÞ:** Ég spurði beint. Þú talaðir beint.) Ef þetta er afbrot. (**ÓÞÞ:** Það var enginn fyrirvari í máli ræðumanns. Þá hefur hún brotið af sér.) Virðulegur forseti, nú held ég að við ættum að setja virðulegan skrifara á mælendaskrá. (**Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) (**ÓÞÞ:** Það stendur svo á að ég er varaforseti.) Virðulegur skrifari var forseti rétt áðan.

Dóms- og kirkjumrn. hafði á fjárlögum til yfirstjórnar 20,3 millj., fjárheimildir voru upp á 25,2, eyðslan, reikningurinn 28,1. 3 millj. yfir þar. Því miður. Dómsmrh. misstir starf sitt og e.t.v. fara fleiri í gröfina með honum.

Hvernig gekk þetta hjá sjútvrh. virðulegum? Fjárlögin voru upp á 14,3 millj., fjárheimildirnar samkvæmt ríkisreikningi ársins 1985 upp á 17,2, reikningurinn upp á 18,3. Ja, ljótt er að heyra. Sjálfur varaformaður Framsfl. líka embættislaus.

Landbrn. Bóndinn frá Seglbúðum. Hvernig gekk þetta hjá honum? Fjárlögin heimiluðu honum eyðslu í yfirstjórn ráðuneytisins upp á 19 millj., fjárheimildir hafði hann upp á 22 þegar öllu hafði verið bætt við en raunveruleg eyðsla var 23,7. Því miður. Jón Helgason verður aftur að setjast að bústörfum.

Utanrrn. þar sem á þessu ári sat í embætti núverandi seðlabankastjóri. Þar skyldi nú allt vera í lagi, ætlar maður. Núverandi seðlabankastjóri hlýtur að hafa haft reiður á þessum hlutum. Hvernig gekk utanrrn. að halda sínum rekstri innan heimilda fjárlaga og ríkisreiknings? Það gekk þannig, virðulegur forseti, að yfirstjórn hafði á fjárlögum 53,3 millj., fjárheimildir voru upp á 57,6, en eyðslan, reikningurinn þegar gert er upp um áramótin sýnir 70,3. 13 millj. í súginn. Ja, ljótt er að heyra. Þetta hefur sennilega runnið til Seðlabankans. Alla vega rann maðurinn til Seðlabankans sem stóð fyrir þessari eyðslu.

Hvernig gekk þetta svo í menntmrn.? Þar var flokkssystir hæstv. núverandi menntmrh. sem hann talar mjög oft hlýlega um þegar hann fjallar um fyrrv. menntmrh. eins og við höfum fengið að heyra í þessari umræðu. Það gekk þannig að embættið hafði 40,9 millj. til að eyða samkvæmt fjárlögum til yfirstjórnar. Þegar allar nýjar heimildir höfðu verið teknar með voru þar komnar 47,7 millj. En reikningurinn hljóðar upp á 52. Því miður. Þannig fór þetta einnig þar.

Og þá er ég kominn alveg á toppinn á píramídanum, virðulegur forseti, og við sem ætlum okkur að sakfella menn úti í þjóðfélaginu fyrir að hafa ekki getað haldið sig innan ramma fjárlaganna, sem eru allt í einu orðin heilög, verðum að skoða hvernig þetta gengur hjá okkur sjálfum. Það er óhjákvæmilegt. Annars væri um hræsni og tvískinnung að ræða. Því ætla ég að lesa, virðulegur forseti, þann lið sem er ætíð upphaf fjárlaganna á hverju ári, æðsta stjórn ríkisins. Hvernig gekk þetta hjá okkur? Það gekk þannig í forsrn. að það ráðuneyti hafði 27,4 millj. samkvæmt fjárlögum, hafði fjárheimildir upp á 30,3 en eyddi 33. Síðan er það þannig að til æðstu stjórnar ríkisins ætluðu fjárlögin 176,9 millj., fjárheimildirnar voru 196,1, eyðslan var 258,6. Þarna runnu engir smáfjármunir fram hjá fjárlögunum og fjáraukaheimildunum. Yfir 60 millj. kr. fóru fram úr hjá æðstu yfirstjórn ríkisins. Og hver er þessi æðsta yfirstjórn ríkisins, virðulegur forseti: Ég veit að virðulegur forseti veit það jafnvel og ég og ég ætla að lesa það. Það er best að þingtíðindin geymi það líka úr því að við fórum út í þennan samanburð á annað borð. Það er embætti forseta Íslands, það er Alþingi Íslendinga, það er ríkisstjórnin sjálf og það er Hæstiréttur. Það eru þessir fjórir aðilar sem færast á þennan fjárlagalið, æðsta stjórn ríkisins Íslands. Nú bið ég hv. alþm. að hugleiða, og ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, hvort málflutningur Sverris Hermannssonar um alla þá óhelgi sem Sturla Kristjánsson hafði unnið sér til vegna þess að hann virðist hafa eytt eitthvað umfram fjárlög í stuðnings- og hjálparkennslu við börn á Norðurlandi eystra sem þurftu á slíku að halda eigi rétt á sér. Ég held ekki.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég skal leitast við að verða við tilmælum forseta að tefja þessa umræðu ekki um of, en ég hef hlustað mjög gaumgæfilega á þessar umræður, bæði á þriðjudaginn var og nú í dag, og ég verð að viðurkenna að þegar fyrstu fréttir bárust um brottvikningu fræðslustjórans í Norðurlandi eystra í síðustu viku vissi ég ekki alveg frekar en aðrir þm. hvaðan á mig stóð veðrið. Maður hafði lítið við annað að styðjast en þær blaðafréttir og fjölmiðlafréttir sem af þessu bárust og reyndar það traust sem ég hef haft á hæstv. menntmrh. og verkum hans. Mér finnst málsmeðferð hans að því leyti gagnrýnisverð að eftirleikurinn var ekki nægilega undirbúinn af hálfu hæstv. ráðh. Skýringar og greinargerðir af hans hálfu hefðu mátt vera til reiðu strax eftir að hann tók sína ákvörðun og þar með spara mikið af því mikla fjölmiðlafári sem um þetta mál kom. En eftir að hafa hlýtt á þessar umræður nú þessa tvo daga verð ég að lýsa því yfir að ég er sammála hæstv. ráðh. í hans aðgerðum.

Hér hafa einstakir þm., nú síðast málshefjandi, hv. 4. þm. Norðurl. e., og reyndar ýmsir þm. á síðasta fundi, lesið upp langa lista yfir stofnanir sem farið hafa fram úr fjárhagsáætlun. En málið snýst ekki um þetta. Það er ekki mergurinn málsins og í raun og veru koma þessu máli ekkert við þessir löngu listar og þessar miklu tölur sem hér eru lesnar. Við vitum það og það er alþekkt staðreynd að um margra ára skeið, ekki síst þegar verðbólga hefur geisað hér í okkar þjóðfélagi, hafa margar ríkisstofnanir og ráðuneyti farið fram úr fjárlögum. Oftast er ástæðan sú að launakostnaður hefur hækkað meira en ráð hefur verið fyrir gert. Það hafa verið gerðir launasamningar á miðju tímabili, miðju fjárhagsári eða vísitölur, meðan þær voru í gildi, hafa hækkað meira en menn sáu fyrir og það er staðreynd, sem hv. þm. veit, að langstærstur hluti af aukafjárveitingum er vegna launahækkana. Þegar það er borið saman við það sem er vegna annarra ástæðna er það ljóst að launahækkanirnar, sem verða á fjárhagstímabilinu, eru langstærstur hluti af þeim aukafjárveitingum sem um er að ræða. Þannig þarf auðvitað að skoða hvert tilvik fyrir sig og ástæður umfram eyðslu. Að lesa upp slíka lista eru rangfærslur og vísvitandi tilraunir til að slá ryki í augu fólks.

Það sem um er að ræða í þessu tilviki er að af ráðnum huga og með opnum huga var tekin ákvörðun um að sniðganga fjárlög Alþingis. Hæstv. ráðh. upplýsti t.d. í umræðunni hér s.l. þriðjudag að ákvörðun hefði verið tekin um að ráðstafa 22 stöðugildum utan heimilda skólaárið 1985–1986. Það er auðvitað þetta sem verið er að gagnrýna fyrst og fremst, að menn skuli taka um það ákvörðun að taka ekki mark á fjárlögum varðandi þær stöður sem fjárlög heimila, en ekki að umframeyðsla sé hjá þessari stofnun sem hægt sé að bera saman við aðrar stofnanir.

Ég hef ekki setið í fjvn. á hv. Alþingi, en það veit ég að fjvn. situr vikum saman á löngum fundum, vegur og metur fjárveitingar til einstakra málaflokka, til einstakra stofnana og til einstakra kjördæma. Þar er m.a. fjallað um stöðugildi til einstakra stofnana og þar vega menn og meta á löngum fundum allt niður í hálf stöðugildi til einstakra stofnana. Ég veit að vísu ekki hvernig fjárveitingum til sérkennslu er háttað í fjvn. og hvað er lagt til grundvallar þegar verið er að vega og meta það fjármagn sem veitt er til sérkennslu í einstökum kjördæmum, en ég veit hins vegar hvað stendur í grunnskólalögum um þetta efni. Í 66. gr. grunnskólalaga, sem fjallar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, segir í 4. mgr.:

„Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt í fjárlögum."

Þetta er það sem segir í grunnskólalögum og auðvitað verða bæði fræðslustjórar og fræðsluráð að fara eftir þessu lagaákvæði, fara eftir því fjármagni sem Alþingi hefur ákveðið til þessarar starfsemi í fjárlögum. Það sem er sérstakt í þessu máli er að bæði munnlega og bréflega hefur því verið lýst yfir hvað eftir annað að fjárlög séu að engu hafandi í þessu efni og því verði viðkomandi umdæmi að taka sér það fjármagn sem þurfi.

Mér finnst að hér séu ýmsir alþm. á mjög hálli braut. Þeir taka undir að fjárlög skipti ekki máli. Menn eigi að geta farið sínu fram og Alþingi og ráðherrar eigi að hneigja sig. Er þetta viðhorf í samræmi við þá lýðræðislegu stjórnskipun sem hér ríkir? Er það í raun skoðun alþm. að fjárlög séu að engu hafandi og það eigi að vera á valdi einstakra embættismanna að ákveða sín eigin fjárlög? Ég segi nei.

Við deilum um fjárveitingar og fjárlög hér á Alþingi á hverju ári, bæði innan fjvn. og svo í opinni málstofu, og það sýnist sitt hverjum um það efni eins og gengur. En Alþingi samþykkir að lokum fjárlög sem Alþingi ætlast til að farið sé eftir og að einstakir embættismenn hlýði þeim. Ég nota orðið „hlýða" þar sem það virðist fara sérstaklega í taugarnar á hv. málshefjanda hér, hv. 4. þm. Norðurl. e. Alþingi getur ekki virt annað sjónarmið og einstakir alþm. geta ekki tekið undir önnur sjónarmið. Það er auðvitað fráleitt að halda því fram, eins og hér var gert t.d. í umræðunni á þriðjudag, að fjárlögin séu bara svona vitlaus. Þess vegna eigi ekkert að vera að fara eftir þeim. M.ö.o.: Alþingi sé svo vitlaust að það eigi ekkert að fara eftir þeim mikilvægu ákvörðunum sem Alþingi tekur í þessum efnum.

Ég efast ekkert um að Alþingi og alþm. vilji veg sérkennslu í landinu sem mestan og bestan, en þetta mál snýst í rauninni ekkert um stefnu í sérkennslumálum né heldur um skólastefnu eins og sumir hv. ræðumenn hafa gefið í skyn. Auðvitað eiga öll kjördæmi landsins að sitja við sama borð varðandi sérkennslu. En það er Alþingi sem á að taka þá ákvörðun. Það er Alþingis að tryggja að öll kjör-

dæmi og öll umdæmi þessa lands sitji við sama borð. Það er ekki einstakra starfsmanna ríkisins eða einstakra embættismanna að taka sér það vald að breyta þeim ákvörðunum sem Alþingi hefur samþykkt í fjárlögum.

Mér þótti rétt, herra forseti, að koma þessum sjónarmiðum að og ítreka: Þetta mál snýst ekki um það hvort einstakar ríkisstofnanir fari fram úr fjárlögum sem tíðkast og við vitum öll af hverju stafar í meginatriðum. Þetta snýst um að með ráðnum hug hafa verið teknar ákvarðanir um að virða að vettugi ákvarðanir Alþingis og fara sínu fram. Þetta mál snýst heldur ekki um nauðsyn sérkennslu eða skólastefnu. Þetta er spurningin um hvort menn virða þau lög sem sett eru í landinu og hvort menn virða þá lýðræðislegu stjórnskipun sem þetta land byggir á. Þess vegna ítreka ég stuðning minn við ákvarðanir hæstv. menntmrh. í þessu máli.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að leitast við að skýra nánar afstöðu mína í þessu mjög svo umrædda máli vegna viðtals í Ríkisútvarpinu í gærkvöld sem að venju var mikið niður klippt.

Ég vil að það komi ljóst fram að innan Alþb. er enginn ágreiningur um stefnu í sérkennslumálum, enda hefur flokkur okkar lagt megináherslu á þann grundvallarrétt allra barna að fá þá kennslu sem þeim hæfir. Ég tek því að sjálfsögðu undir hvert orð sem félagi minn, hv. þm. Steingrímur Sigfússon, hefur sagt um þau mál og um það sorglega ástand sem ríkir í fræðslu- og menntamálum hér í landi. Það ástand er hins vegar ekki á ábyrgð okkar flokks heldur íhaldsaflanna í landinu sem engan áhuga hafa á aðstæðum þeirra sem mesta þörf hafa fyrir alúð og nærfærni og faglega kunnáttu svo að þeir megi vaxa upp á sem farsælastan hátt.

Ég minni á að í tíð Svavars Gestssonar sem ráðherra félagsmála voru lögin um málefni fatlaðra sett og það var ekki tilviljun að þau voru sett þá, lögin sem gerbreytt hafa aðstæðum fjölmargra hinna fötluðu frá því sem áður var. Mér er fullljóst að mikið starf hefur farið fram í Norðurlandskjördæmi eystra til að byggja upp sérkennslu svo að lögum um grunnskóla sé fylgt. Það er því eðlilegt að fólki þar nyrðra sé sárt um að úr þeirri þjónustu sé dregið. Milli mín og þess fólks er ekki ágreiningur um nauðsyn þeirra starfa. Afstöðuágreiningur minn við alla þá þm. sem í þessu máli hafa talað er um skyldur embættismanna annars vegar og stjórnvalda hins vegar og hvort verjandi hafi verið að leysa einn af fræðslustjórum landsins frá störfum eða ekki. Í huga mínum er enginn efi um að þar eð engin samvinna tókst milli ráðuneytisins og starfsmannsins í þessu tilviki hefði hvaða ráðherra sem er hlotið að krefjast breytinga. Því góða fólki sem vinna vill að málefnum þeirra barna sem sérkennslu þarfnast stendur til boða eftir tæpa þrjá mánuði að hafna þeim stjórnvöldum sem svo illa búa að henni og fela mál barnanna sinna því fólki sem málum þeirra hefur sinnt, meðal annarra hv. þm. Steingrími Sigfússyni, þm. kjördæmisins. En það getur ekki falið embættismanni, hversu mætur og góðviljaður sem hann kann að vera, að vinna störf sín í trássi við stjórnvöld. Og að mínu mati er fráleitt að embættismanni í þjónustu ríkisins líðist að virða fjárlagaafgreiðslu Alþingis að vettugi og lýsa því opinberlega yfir sem og í embættisbréfum að hann telji fjárlög vitlaus og fari þess vegna ekki eftir þeim.

Stjórnvöld sem þjóðin hefur kjörið sér eiga rétt á að stefnu þeirra sé framfylgt og embættismönnum er skylt að sjá svo til. Þeir eru ekki stjórnvald sjálfir. Hugsa mætti sér hvert það leiddi ef embættismenn tækju almennt til við að virða fjárlög að vettugi og hrædd er ég um að þeir félagar mínir á Norðurlandi sættu sig ekki við að opinberu fé væri ráðstafað af embættismönnum ríkisins ef málefnið væri þeim ógeðfellt. Eðlilegt hefði verið að þetta mál væri leyst milli ráðuneytisins og fræðslustjóraembættisins, en fjölmiðlar kusu að gera úr þessum vanda framhaldsþátt mjög svo ósmekklegan. Ráðherrar jafnt sem stjórnmálamenn eiga helst ekki að taka þátt í slíku. Rétt hefði verið að leysa manninn frá störfum meðan rannsakað væri hvernig og hvort ná mætti eðlilegri samvinnu við fræðslustjóraembættið og fá starfsmanninn til að skilja að það er hvorki í verkahring hans að móta stefnu í menntamálum, byggðamálum né mörgum öðrum málum. Það er verkefni hins háa Alþingis að móta þá stefnu á sama hátt og það er verkefni þess að leysa vanda ótal annarra þjóðfélagsþegna sem líða fyrir vanrækslu þeirrar ríkisstjórnar sem við búum við.

Ég hef sjálf setið fjögur ár í svæðisnefnd fyrir þroskahefta hér í Reykjavík. Ég tel mig vera allkunnuga þessum málum. Það var ekki alltaf auðvelt að standa frammi fyrir fólki sem var ráðalaust vegna vanda fatlaðra barna sinna, en ég man aldrei eftir að nokkrum nefndarmanni dytti í hug né starfsmönnum nefndarinnar að taka sér það stjórnvald að hefja framkvæmdir og rekstur sem ekki voru heimildir fyrir. Það er hins vegar ekki sama hvert stjórnvaldið er. Ég minnist þess að þessi nefnd stóð frammi fyrir vanda einhverfra barna hér í bænum. Foreldrar þessara barna höfðu varla fengið að njóta nætursvefns frá fæðingu þeirra. Við sáum að þetta var hræðilegt upp á að horfa. Niðurstaðan var að ákveðinn þm., sem hér talar, gekk upp í félagsmálaráðuneyti og bað um 2 millj. kr. þá og krafðist þess að keypt yrði hús samstundis til að reyna að leysa versta vandann. Þá vildi svo til að félmrh. var Svavar Gestsson og ég fékk þessa peninga og þannig varð Trönuhólaheimilið til. Mér er til efs að þeir peningar hefðu fengist ef einhverjir aðrir hefðu verið við völd.

Hinn skyndilegi áhugi hv. þm. Norðurl. e. á sérkennslu í umræðum í fyrradag var nánast neyðarlegur. Þar var málflutningur hv. þm. Steingríms Sigfússonar undantekning því að hann hefur sinnt sérkennslumálum hingað til og jafnt í kjördæmi sínu sem á landsvísu eins og við aðrir þm. Alþb. Ég tel

því að þeir norðanmenn ættu að fylkja sér um málstað okkar í stað þess að etja embættismönnum sínum til verka sem þeir hafa ekki heimild fyrir. Þeim stendur það til boða í næstkomandi kosningum.

Vinnuaðferðir hæstv. ráðh. er ég ekki að styðja, enda engin fósturmóðir hans svo er guði fyrir að þakka, en ég hlýt að bregðast ekki því litla brjóstviti sem guð gaf mér þó að það kosti mig e.t.v. missi tímabundinna vinsælda. Meðan ég sit á Alþingi Íslendinga mun ég reyna að virða þá þrískiptingu valdsins sem við búum við og gera eðlilegan greinarmun á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi. Ég hef hingað til og mun hér eftir hafna pólitík vinsældanna. Ég trúi ekki á ítroðslupólitík. Ég trúi enn þá að það sé hægt að ræða mál við fólkið í landinu, fá það til að skilja hvað við erum að gera. Og við erum ekki öll að gera það sama. Það verður fólk að skilja. Ég trúi því að á endanum skilji fólk og virði þann rétt og þær skyldur sem við höfum líka sem alþm. Og ég tel líka að í þeim skyldum felist fyrst og fremst að virða þessa stofnun en ekki vanvirða, að fara að lögum, semja sanngjörn lög og gera okkar besta í þágu fólksins í landinu. En það er mikilvægt að það sé gert á réttan hátt og það sé haft sem réttara reynist. Þetta kann að vera barnalegt sjónarmið og fyrir það verð ég þá að líða. En það er alveg ljóst að embættismönnum íslenska ríkisins ber að fara að lögum jafnvel þó það séu fjárlög.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur ýmist haldið því fram við þessar umræður að menn séu ekki með réttu ráði eða ósannindamenn þegar þeir andmæla einstökum ásökunum sem ráðherra hefur borið á fræðslustjórann eða einstökum málsatvikum í þessu máli. Ég held að það sýni ekkert betur hroka hæstv. ráðh. en að grípa til þess að segja menn annaðhvort ekki með réttu ráði eða ósannindamenn þegar þeir hafa aðrar skoðanir á þessum málum og eru að leiða fram rök fyrir sínu máli.

Málsvörn hæstv. menntmrh. s.l. þriðudag, þegar hann reyndi að verja hvernig hann stóð að brottvikningu Sturlu Kristjánssonar fræðslustjóra og þær ástæður sem að baki brottrekstrinum lágu, voru í reynd allsérstæðar. Málsvörn hans fólst einkum í því að vitna í bréf eða greinargerð sem Sturla Kristjánsson skrifaði fyrir sex eða sjö árum, en meginefni þeirra skrifa var lýsing fræðslustjórans á því að erfitt væri að halda uppi eðlilegu skólahaldi miðað við áætlanir ráðuneyta og svigrúm fjárlaga. Ég sé ekki, þó hér fari embættismaður, fulltrúi menntmrn., hvernig hægt er að bera fram þá greinargerð sem aðalmálsvörn og vitnisburð menntmrh. fyrir brottvikningu Sturlu þó vissulega megi finna ýmislegt að því orðavali sem fræðslustjórinn viðhafði í þeirri greinargerð. Maður skyldi halda að fræðslustjórinn hafi eins og aðrir í þessu landi ritfrelsi og skoðanafrelsi, ekki síst þegar honum skv. 2. gr. reglugerðar um störf fræðslustjóra frá apríl 1976 er gert að fylgjast með því að lögum og reglum um fræðslumál í skólum sé fylgt. Geti fræðslustjórinn ekki fylgt lögum og reglum um fræðslumál í skólum eins og honum ber samkvæmt þessari reglugerð hlýtur það að vera hans skylda að greina frá því og láta menntmrn. vita hvers vegna það sé ekki hægt.

Samkvæmt þeirri reglugerð sem ég nefndi er ábyrgð fræðslustjóra allmikil á því að hægt sé að halda uppi eðlilegu skólahaldi. Ég vitna til að mynda í 24. gr. þessarar reglugerðar um störf fræðslustjóra, en þar segir m.a. að verkefni fræðslustjóra sé m.a. að sjá svo um að farið sé að gildandi námsskrám. Þar stendur einnig í 32. gr.:

„Fræðslustjóri skal safna upplýsingum um skólamál fræðsluumdæmisins að því er varðar skólahúsnæði, aðbúnað skóla og aðstöðu til skólahalds, enn fremur um kennsluhætti, svo og“, hæstv. menntmrh., „örðugleika við að framfylgja ákvæðum námsskrár um kennslu í grunnskóla. Hann skal og samkvæmt þeirri reglugerð sem fyrrv. menntmrh. hefur sett hafa umsjón með og leiðbeina við gerð áætlana einstakra skólahverfa fyrir komandi rekstur grunnskóla og hann skal samkvæmt 34. gr. endurskoða áætlanir og gera áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild og úrskurða jafnframt um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs innan ramma gildandi laga og reglugerðar.“

Hér er um að ræða reglugerð í 52 greinum. Sú reglugerð leggur fræðslustjóranum ákveðnar skyldur á herðar og ábyrgð um að hægt sé að halda uppi eðlilegu skólahaldi í hans fræðsluumdæmi. Ég hygg að það sé brýnt að skýrari skil verði gerð á milli valdsviðs fræðslustjóra og fræðsluráða annars vegar og ráðuneytisins hins vegar þannig að ekki komi til þeir samskiptaörðugleikar sem greinilega hafa átt sér stað í þessu efni. Menntmrn. og ráðherra verða einnig að gera sér ljóst að ábyrgð fræðsluráðanna og fræðslustjóranna er mikil og skyldur þeirra og ábyrgð býsna umfangsmikil samkvæmt grunnskólalögum, reglugerð um sérkennslu og reglugerð um fræðslustjóra og fræðsluráð þannig að það er ekki svo einsýnt sem menntmrh. vildi vera láta í fyrradag hér í ræðustól að þeim bæri skylda til að bukka sig og beygja við hvaða fyrirmælum sem frá ráðuneytinu komi.

Á fræðslustjórana eru lagðar ýmsar skyldur samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða og ég tel að í ýmsum atriðum sé þeirra valdsvið rýmra og meira en ráðherra vill vera láta í sínu máli.

Auk þess að leiða fram til vitnis sínu máli greinargerð Sturlu Kristjánssonar frá 1980 var greinargerð fjármálaskrifstofu menntmrn. ein helsta uppistaðan í málsvörn ráðherrans. Þó ekki væri nema fyrir þær ásakanir sem þar koma fram tel ég brýnt að sérstaklega verði rannsakað sannleiksgildi þess sem þar kom fram, auk þess að sjálfsögðu hvort rétt og eðlilega var staðið að brottrekstri fræðslustjórans.

Ég hef ekki haft tækifæri að kynna mér til hlítar allar þær ásakanir sem fram komu hjá fjármálaskrifstofu menntmrn., en ég tel þó af því sem ég best hef

kynnt mér hæpið að allar þær fullyrðingar standist svo að ekki sé meira sagt. (**Menntmrh.:** Talaðu við Örlyg Geirsson flokksbróður þinn. Hann er yfirmaður fjármáladeildarinnar og stutt til hans.) Það gildir mig einu. Þetta er sú greinargerð sem hæstv. ráðh. bar fyrir sig sem málsvörn í þessu máli og mig gildir einu hvort hún er samin af Örlygi Geirssyni eða einhverjum öðrum. (Gripið fram í.) Hef ég orðið eða hæstv. menntmrh.?

Hæstv. menntmrh. bar fyrir sig sem málsvörn í þessu máli þær ásakanir sem koma fram hjá fjármáladeild menntmrn. hver svo sem hefur samið þær, en ég tel að það sé hæpið að þær standist að fullu. (**Menntmrh.:** Hvað er að? Bendi þm. á eitthvert atriði strax.) Ég held að hæstv. menntmrh. hljóti að vera ljóst að ég er enn í ræðustól og hef ekki lokið máli mínu þannig að ég mun koma að einstökum atriðum í þessu máli, ef hæstv. ráðh. vill láta svo vel að vera rólegur eitt augnablik.

Ég held að það hljóti að vera eðlileg og réttmæt krafa, sem fram hefur komið t.d. frá fræðsluráðinu á Norðurlandi eystra, að þessar sakargiftir verði allar rannsakaðar og sannleiksgildi þeirra kannað. Og ég trúi því ekki að menntmrh. ætli að standa gegn því að rannsókn fari fram í þessu máli eða Sjálfstfl., rannsókn með þeim hætti sem krafa hefur verið gerð um. Ég tel það eðlilegri leið á þessu stigi málsins a.m.k. að rannsóknarnefnd fái þetta verkefni fremur en fara seinvirka dómstólaleið í málinu eins og menntmrh. hefur gert tillögu um. Fjármálaskrifstofa menntmrn. tekur fyrir til að mynda rekstur fræðsluskrifstofu sem eitt sakarefni og ég vitna í ræðu menntmrh. þar sem kemur fram fyrsta sakargiftin, rekstur fræðsluskrifstofu:

„Húsnæði var tekið á leigu og innréttað án vitundar *ráðuneytisins*", segir hér. (**Menntmrh.:** Varaðu þig nú.)

Í þessu sambandi er rétt að spyrja: Ber fræðslustjórum eða fræðsluráðum skylda til að leita samráðs við menntmrn. eða fá leyfi til að taka á leigu húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu? (**Menntmrh.:** Og fjárfesta upp á 4 millj.) Hvernig hafa fræðsluskrifstofur almennt staðið að málum í þessu efni? (**Menntmrh.:** Alltaf haft samráð við ráðuneytið.) Er það svo víst? (**Menntmrh.:** Já.) Eftir þeim upplýsingum sem ég hef ber þeim einungis að leita samráðs við ráðuneytið um staðsetningu fræðsluskrifstofunnar. Ég nefni sem dæmi að framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Reykjanesi fól t.d. fræðslustjóranum að finna húsnæði fyrir starfsemi fræðsluskrifstofunnar í því umdæmi. Ég veit ekki til þess að þar hafi þurft að koma til leyfi frá menntmrn. eða ráðherra, en þar var tekið á leigu húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu. Vill hæstv. menntmrh. upplýsa hvort í þessu tilfelli hafi t.d. verið leitað samráðs við menntmrn. þegar það húsnæði var tekið á leigu? Og ég vil einnig spyrja að öðru. A.m.k. ein fræðsluskrifstofa á Vestfjörðum er með eigið húsnæði sem keypt var 1983. Og ég spyr: Hvernig var staðið þá að kaupunum? Var aflað heimilda t.d. í fjárlögum eða leyfis fyrir þeim kaupum?

Hæstv. ráðh. taldi fræðslustjóra hafa unnið til saka með því að ráða starfsmenn á fræðsluskrifstofu án vitundar ráðuneytis. Samkvæmt reglugerð um störf fræðslustjóra kemur fram í 8. gr. að fræðslustjóri geri tillögu til fræðsluráðs um ráðningu starfsfólks fræðsluskrifstofa þannig að í raun er það á verksviði fræðsluráðs að ráða starfsfólk fræðsluskrifstofa og sé ég ekki að það þurfi að leita til ráðuneytisins með slíkt.

Af orðum ráðherra hefur einnig mátt skilja að fræðslustjórinn hafi ráðstafað 22 stöðugildum kennara umfram heimildir. Þetta er vitaskuld villandi framsetning hjá ráðherra því ráðning kennara er í verkahring ráðherra og framkvæmd af ráðuneytinu og ég hygg að fræðslustjórinn hafi ekki staðið að slíkum ráðningum. Ég hygg að þetta eigi sér aðra skýringu. Það er vitaskuld rétt, sem fram kom einnig hjá hæstv. ráðh. hér um daginn, að það er í verkahring fræðslustjóra að skipuleggja kennslu. En þeim hefur verið það óhægt um vik mörgum hverjum að skipuleggja kennsluna í sínu umdæmi, til að mynda vegna þess að lítið tillit hefur verið tekið til raunverulegrar þarfar t.d. að því er sérkennslu varðar í fræðsluumdæmi Norðurlands eystra. Hæstv. ráðh. vitnar oft til þess þegar hann talar um sérkennsluna og niðurskurð á henni: „Ja, ég get raunverulega ekkert að þessu gert. Það er fjárveitingavaldið. Það er Alþingi." En hvað kemur í ljós? Er það Alþingi sem hefur skert áætlaða þörf sem fræðslustjórarnir og fræðsluráðin hafa sett fram? Er það Alþingi, er það Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða er það menntmrn.? Ég hygg að það hafi komið í ljós og þar er vitnað til hagsýslustjóra, Magnúsar Péturssonar, að Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafi ekki skert áætlanir frá menntmrn. um grunnskóla. Þær hafa ekki verið skornar niður hjá hagsýslu s.l. 2–3 ár. Þetta segir okkur að áætlanirnar eru skornar niður í sjálfu menntmrn. og það þýðir lítið fyrir hæstv. menntmrh. að vísa á Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fjárveitingavaldið eða Alþingi að því er þennan niðurskurð varðar. Þetta hlýtur að vera ákvörðun hæstv. menntmrh., að hann telji að þörfin fyrir sérkennsluna sé ekki meiri en þær áætlanir sem hann og hans ráðuneyti leggja fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í ræðu sinni á þriðjudag taldi ráðherra á engan hátt forsvaranlegt að láta það endurtaka sig óátalið ár eftir ár að launagreiðslur séu meiri en ráðuneytið reiknaði með, það verði til þess að akstur og annar kostnaður, sem er fullkomlega innan áætlunar, verði ekki greiddur. Lítum nánar á þetta.

Ég hygg, herra forseti, að sé svo sé ekki hægt að skrifa slíkt alfarið á reikning fræðslustjórans. Hann hefur skyldum að gegna samkvæmt til að mynda ákvæðum reglugerðar um störf fræðslustjóra í því efni sem ég vitnaði í. Í 43. gr. þeirrar reglugerðar stendur að fræðslustjóri skuli fylgjast með því að vinnuframlag starfsmanna skóla og launauppgjör við þá sé í samræmi við gildandi kjarasamninga. Ég

tel að fræðslustjóranum beri að láta slíkt hafa ákveðinn forgang að standa skil á greiðslum til starfsmanna samkvæmt gildandi kjarasamningi. Ef fjármagn er svo naumt skammtað að það rúmast ekki innan þess fjármagns sem til ráðstöfunar er samkvæmt fjárlögum er niðurstaðan sú að það bitnar á öðrum þáttum skólastarfsins eins og skólaakstri því að launin eiga að hafa forgang. Og hann hefur skyldum að gegna samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem menntmrh. hefur sett að launin skuli greidd samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Ég hygg að hér sé a.m.k. um eina skýringu að ræða á því hvers vegna fræðsluumdæmið hefur ekki getað haldið sér við ramma fjárlaga.

Fleira mætti til taka sem fram kom í máli ráðherrans, en þetta ætti að nægja til að sýna fram á að það er ærið tilefni til að málið allt verði rannsakað sérstaklega því það er óviðeigandi með öllu að engin niðurstaða fáist. Fullyrðing standi gegn fullyrðingu og fræðslustjórinn þurfi með réttu eða röngu að sitja uppi með allar þær ásakanir sem menntmrh. hefur borið á hann í þessu máli.

Að því er varðar grunnskólana og sérkennsluna, sem hér hefur mikið verið rætt og framkvæmd hennar, lét hæstv. menntmrh. allsérkennileg orð falla hér um daginn og ég verð að segja að mér komu þau mjög á óvart. Þar ræddi hæstv. menntmrh. um sálfræðing á hverjum fingri hjá fræðsluumdæmunum. Hann virðist, ef marka má orð hans, hafa horn í síðu þeirra norðanmanna þegar hann orðar það svo, með leyfi forseta, að „þeir hafi svo snarplega leitað að börnum með sérþarfir á Norðurlandi eystra að þeir eru búnir að finna helmingi fleiri börn sem þann veg stendur á um en í Reykjanesi". Hvað er nú athugavert við það, hæstv. menntmrh., að fræðslustjóri og fræðsluráð sinni skyldum sínum og leiti uppi börn sem þurfa á sérkennslu eða stuðningskennslu að halda? Þeir eiga frekar að fá hrós fyrir það en hitt.

Hæstv. ráðh. hefur tvívegis vitnað í orð fyrrv. ráðuneytisstjóra og talið það til stuðnings sínu máli. Hann vitnaði með þessum hætti í ráðuneytisstjórann fyrrv., með leyfi forseta:

„Sá ósiður Alþingis er orðinn býsna gamall að marka stefnu með setningu laga sem það síðan treystist ekki til að standa við þegar kemur til fjárveitinga. Af þessari tegund þykjustulaga er orðinn urmull og ein þeirra eru grunnskólalögin."

Síðan heldur ráðherrann áfram og vitnar áfram í orð ráðuneytisstjórans, en segir þegar hann hefur lokið upplestrinum: „Þessi orð vil ég öll gera að mínum." Hann undanskildi þar ekkert. Hann vildi gera öll þessi orð ráðuneytisstjórans að sínum og þar á meðal líka þau orð ráðuneytisstjórans að grunnskólalögin væru bara þykjustulög. Og er það ekki eitt af því sem t.d. fræðslustjórinn hefur verið að halda fram, að í raun séu þetta þykjustulög af því að það er ekki hægt að framkvæma þau?

Ég hygg að þetta mál allt staðfesti að það sé nauðsynlegt að framkvæmd sérkennslunnar verði brotin til mergjar, en um það hafa þm. Alþfl. lagt fram skýrslu hér á Alþingi. Ég nefni sem dæmi um nauðsyn þess að slík úttekt verði gerð að ég tel að það hafi verið lagt fram hér mjög villandi þingskjal sem svar við fsp. Steingríms Sigfússonar um sérkennsluna. Þar er blandað saman stuðningskennslu og sérkennslu innan almenna grunnskólans sem skekkir alla myndina um hvernig sérkennslumagni er skipt innan hvers fræðsluumdæmis.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Hæstv. menntmrh. hefur mikið talað um erfið samskipti við fræðslustjórann, en ég hygg að það sé ekki alfarið hægt að skrifa samskiptaörðugleika á reikning fræðslustjórans. Hæstv. ráðh. hefur til að mynda talað um það í ræðu sinni að fræðslustjórinn og fræðsluráðið hafi ákveðið að slíta öllu samstarfi og samvinnu við menntmrh. og þeir hafi lokað öllum leiðum. En á nú ekki hæstv. menntmrh. svolítið sök á þessu sjálfur? Hefur hann ekki sjálfur lokað leiðum? Hefur hann til að mynda svarað öllum bréfum og erindum sem frá fræðsluráðinu fyrir norðan hafa komið eða fræðslustjóranum þar sem þeir eru að greina honum frá ástandi mála, skólamála fyrir norðan? Hefur hann þar allt á hreinu, hæstv. ráðh., að hann hafi svarað öllum bréfum sem þar hafa komið fram? Hefur ekki hæstv. ráðh. sjálfur lokað einhverjum leiðum?

Hæstv. menntmrh. viðhafði nokkur orð áðan sem ég tel nokkuð athyglisverð. Hann telur sig hafa borið fram sættir í þessu máli og ef ég heyrði rétt til hans áðan sagði hann að hann væri tilbúinn að sættast ef menn væru tilbúnir að draga til baka orð um valdníðslu eða að ráðherra væri að brjóta lög. Ef ég hef skilið þessi orð rétt finnst mér að ráðherrann verði að skýra nánar hvað hann á við. Á ráðherra við að hann sé tilbúinn að sættast á rannsóknarnefnd ef menn eru tilbúnir til að draga til baka orð um valdníðslu og að ráðherrann hafi brotið lög? Er hann tilbúinn að sættast á það að víkja fræðslustjóranum aðeins úr embætti um stundarsakir meðan mál hans er rannsakað ef menn eru tilbúnir að draga til baka orð um valdníðslu eða að ráðherra hafi brotið lög? Eða eru sættir hans fólgnar í því að hann sé alfarið tilbúinn að draga uppsögn sína til baka? Ég tel að ráðherra þurfi að skýra þessi orð nokkru nánar, hvað hann meinar með sáttum.

Og í lokin þetta: Steingrímur J. Sigfússon vitnaði til bréfs menntmrn. frá 1984. Árið 1984, þremur árum eftir að skýrsla sú var skrifuð sem menntmrh. ber helst fyrir sig nú sem málsvörn í þessu máli. Það kemur fram hjá menntmrn., undirskrifað af Knúti Hallssyni og Sólveigu Ólafsdóttur, væntanlega fyrir hönd þáv. menntmrh., að ráðuneytið beri fullt traust til Sturlu Kristjánssonar sem fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Auðvitað hlýtur þáv. menntmrh. að hafa vitað um þá skýrslu sem ráðherra ber helst fyrir sig sem málsvörn í þessu máli. Eigi að síður kemur hér fram að ráðuneytið og þá væntanlega þáv. menntmrh. líka ber fullt traust til Sturlu sem fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis

eystra. Ég tel að það sem fram kemur í þessu bréfi menntmrn. frá 1984 sanni hvað best að málatilbúnaður ráðherrans er allur á helst til ótraustum grunni byggður.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Satt að segja nenni ég ekki að leggja mörg orð í belg um meintar ávirðingar hins brottrekna fræðslustjóra, enda tel ég mig ekki hafa forsendur til þess. Þau mál þekki ég ekki af öðru en af málflutningi hæstv. ráðh. og annarra þeirra þm. sem hér hafa talað. Það sem á skortir er auðvitað að fyrir liggi skrifleg greinargerð frá hæstv. ráðh. þar sem hann leggur öll gögn á borðið, þar sem menn geta treyst því að það mál sem hann fer með sé ekki valið af hans embættismönnum, hans ráðuneyti eða honum sjálfum, það sé vitnað í það sem honum hentar. Það hefðu verið lágmarksvinnubrögð að slík skýrsla lægi hér fyrir úr því að þetta er gert að umræðuefni á Alþingi. Mig langar heldur til að spyrja í lok þessarar umræðu: Hvað má af þessu læra?

Menn hafa verið sakaðir um pólitíska trumbuslátt í þessu máli. Ég tók ákaflega vel eftir því þegar hæstv. ráðh. sagði: Ef háseti um borð í skipi steytir görn framan í karlinn í brúnni fær hann jafnaðarlega umsvifalaust að taka pokann sinn. Ef verkamaður biður verkstjórnarmann sinn aldrei þrífast og fer sínu fram er hann látinn fara og þykir ekki mikið, verður ekki mikill hávaði af í þessu þjóðfélagi. En svo spyr hæstv. ráðh., og það er rétt spurning í tilefni af þessu máli: Ef stuggað er við embættismanni, ef vandað er um við embættismann eða embættismaður látinn fara ætlar allt vitlaust að verða. M.ö.o.: hæstv. ráðh. gefur í skyn að það sé sitt hvað Jón eða séra Jón. Embættismennirnir njóti forréttinda. Af þessu má kannske álykta sem svo að hæstv. ráðh. vilji hér með slá sig til riddara sem krossfara gegn ofvernduðum mandarínum kerfisins og sá verknaður hans að reka umræddan fræðslustjóra eða að reka framkvæmdastjóra lánasjóðsins sé til marks um vilja hans í því efni. En þá spyr ég: Stjórnmálamaður og ráðherra, sem í alvöru að tala vill ganga til verka við að koma lögum yfir embættismenn, setja skorður við því að mandarínar kerfisins fari sínu fram utan við lög og rétt, hvernig hagar hann sínum vinnubrögðum? Er nóg að reka einn framkvæmdastjóra lánasjóðs og er nóg að reka einn fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að þetta er það sem hæstv. ráðh. hefur gert. Og nú spyr ég um árangur. Hvaða árangri hefur hæstv. ráðh. náð í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna í kjölfar brottreksturs umrædds framkvæmdastjóra sem rekinn var? Auðvitað vænir enginn maður hæstv. ráðh. um að hann láti sér það eitt nægja að koma fram vilja sínum, væntanlega rökstuddum, við einhverja einstaka embættismenn. Auðvitað vill hann meira. Hann vill ná árangri við að breyta stjórnskipan og stjórnsýslureglum, koma lögum og reglum á hlutina. Auðvitað vakti það fyrir hæstv. ráðh. að breyta í grundvallaratriðum reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna, tryggja fjárhagslegan grundvöll sjóðsins. Hefur það tekist, hæstv. ráðh.?

Þetta mál er búið að velkjast innan búðar hjá stjórnarliðinu fram og aftur á annað ár. Menn hafa lesið í blöðum að þeir eru komnir í hár saman um málið, en hingað til, og nú lýsi ég því yfir sem formaður í einum stjórnmálaflokki, hef ég ekki svo mikið sem séð enn þá þetta hið mikla leyndarskjal sem heitir frumvarpsdrög hæstv. ráðherra um breytingarnar. M.ö.o.: í kjölfar brottreksturs á framkvæmdastjóranum hefur ekkert gerst. Það situr allt við það sama. Hann hefur egnt gegn sér námsmenn. Hann hefur vakið upp margar spurningar. Hann hefur gert samstarfsflokkinn stjörnuvitlausan. En hann hefur engum árangri náð. Hann hefur engu breytt. Hver er að slá pólitískar trumbur? Og ég spyr nú. Ég ætla ekki að setjast í dómarasæti yfir Sturlu Kristjánssyni. Ég hef engar forsendur til þess. Ég er ekki aðili að dómsvaldinu. Mér þykir það raunverulega miður að hafa orðið að sitja klukkustundum saman undir umræðum sem ég get með engu móti lagt að jöfnu við einhver dómsskjöl eða að öll kurl séu komin til grafar eða allir málavextir hafi hér verið fram bornir, enda ólíku saman að jafna. Málsaðilar hinir eru fjarstaddir. En ég spyr: Til hvers hefur þetta leitt?

Það var tekin líkingin af karlinum í brúnni sem rekur einn frá borði fyrir uppsteyt. En hvað gerir útgerðarmaðurinn þegar þannig hagar til að það er ekki bara hásetinn sem er látinn fara, það er 1. og 2. stýrimaður, það er 1. og 2. vélstjóri, það er bátsmaðurinn og það er öll áhöfnin sem fer í land? Ætli Ögurvíkingurinn í embætti menntmrh., sem jafnframt hefur eitthvað fengist við útgerð, mundi ekki fara að hugsa: Nú, hver andskotinn — afsakið orðbragðið, herra forseti — hafa ekki verið einhverjir alvarlegir samskiptaörðugleikar hjá þessum „skipper“ við sína áhöfn og ætli hann yrði ekki að fara að endurskoða hug sinn?

Það hlýtur auðvitað að vera markmið ráðherra að koma ekki aðeins lögum yfir ákveðna embættismenn sem honum þykja brotlegir heldur að gera einhverja þá grundvallarbreytingu sem m.a. tryggir frið um þann verknað og þar með að áhöfnin, fræðsluráðið, skólastjórarnir, kennararnir, skólahaldið, nemendurnir í Norðurlandi eystra skilji að þetta er ekki geðþóttaákvörðun, skilji að hæstv. ráðh. styðst við rök, að hann er ekki með meinbægni við einhvern ákveðinn embættismann. Hann er að gegna skyldum sínum. Hvers vegna þá, hæstv. ráðh., er ekki skrifleg greinargerð hér um þetta mál? Hvers vegna, hæstv. ráðh., var ekki farið með hana í Norðurlandskjördæmi eystra? Eru menn ekki sæmilega máli farnir aðrir en hæstv. ráðh., sem er önnum kafinn, í þessu ráðuneyti sem gætu hafa farið með þessar skýringar fyrir mönnum í tæka tíð? Ef þessi vinnubrögð hefðu verið viðhöfð er þá ekki trúlegt að það hefði skapast einhver friður um þessa ákvörðun eða var kannske aldrei meiningin að vinna

þannig? Var kannske einhver að slá pólitískar trumbur í nafni þess að hann væri krossfari gegn kerfinu, en ekki með ofsóknir á hendur einstökum embættismönnum, m.ö.o. að slá sig til riddara í almenningsálitinu sem vissulega er tortryggið á margt í þessum embættisrekstri og vill gjarnan strangt húsbóndavald á æviráðnum embættismönnum?

Ég spyr enn um vinnubrögð, herra forseti. Sá maður sem spyr: Ætla alþm. úr þessum ræðustól að slá skildi fyrir embættismenn sem neita að fara að lögum, sem fara umfram fjárlagaheimildir? Og svar mitt er að sjálfsögðu nei. Að sjálfsögðu ekki. Og menn kunna að segja sem svo: Það er aukaatriði að það er hægt að fara um allt kerfið og sýna fram á að það er víða pottur brotinn í þessu kerfi. Auðvitað er það þegar ég spyr: Hvað má læra af þessu máli ef spurt er um fjárlög. Ég vildi vísa hæstv. ráðh. á að lesa ágætt erindi sem Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur og frambjóðandi Sjálfstfl. í Norðurlandi vestra flutti á ráðstefnu hagfræðingafélags og bar saman fjárlög lögð fram í upphafi árs og niðurstöðutölur fjárlaga s.l. hálfan annan áratug og sýndi fram á hversu gersamlega marklaust plagg þetta er, hversu gersamlega ónothæft þetta er sem hagstjórnartæki, sýndi fram á hvernig mandarínar í þessu kerfi hafa að engu fyrirmæli fjárlaga. Ég nefni sem dæmi fyrirskipanir gefnar um mitt ár eða eftir að fjárlög hafa verið samþykkt um 5% niðurskurð í rekstri. Það er hægt að fara um allan ríkisreikninginn og sýna fram á að hver stofnunin á fætur annarri tekur ekkert mark á þessu. Fyrirmæli um það að stöðva óhæfilega yfirvinnu. Lítið í öll ráðuneytin. Farið ofan í saumana á því. Ekkert mark á því tekið. Eða ráðherrana sjálfa sem eru auðvitað ábyrgir fyrir því hver yfir sínu ráðuneyti og þeim stofnunum sem undir heyra að farið sé eftir þessum fjárlögum og eru uppvísir að því að láta líðast að það er eins og ekkert hafi gerst.

Svo kemur hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og segir að þetta séu ekki gild rök. Er það meginsök þessa umrædda og brottrekna fræðslustjóra að hann fór 4% fram úr fjárlögum á sama tíma og menntmrn. fór fjórum sinnum 4% fram úr fjárlögum, þ.e. 17%? Ja, maður, líttu þér nær. Eitt brot réttlætir ekki annað, alls ekki. Menn eiga ekki að taka það svo. Ég er bara að spyrja. Er þetta þá fremur geðþóttaákvörðun, er þetta pólitískur trumbusláttur fremur en skipulögð vinnubrögð stjórnmálamanns og ráðherra sem ætlar sér að taka þetta kerfi í gegn? Hvernig vinnubrögðum mundi slíkur stjórnmálamaður beita? Ég spyr sjálfan mig. Og ég segi: Hann hefði auðvitað snemma í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar gert gangskör að því að fá samkomulag á hinu háa Alþingi um að afnema þá forsmán að embættismenn séu æviráðnir. Það eru leifar frá liðinni tíð úr dönsku kansellíi 19. aldar að embættismenn eða starfsmenn hins opinbera þiggi embætti sín að léni og sitji síðan náðuglega sem áskrifendur að kaupinu sínu, oft og tíðum sem grjótpálar gegn jafnvel stefnu viðkomandi stjórnvalda. Auðvitað á að afnema þetta kerfi. Auðvitað hefði hæstv. ráðh. átt að beita sér fyrir því að það yrði enginn opinber starfsmaður ráðinn nema eins og réttur og sléttur háseti um borð eða verkamaður, þ.e. ekki með æviráðningu heldur til skamms tíma, ráðinn til reynslu, ráðinn til skamms tíma, metinn af verkum sínum, hækkaður í tign ef hann stendur sig vel, látinn fara ef hann stendur sig illa, færður til. Auðvitað hefði hæstv. ráðh. átt að beita sér fyrir þeirri stjórnsýslureglu, sem ætti að vera almenn, að menn yrðu færðir til í störfum, ráðuneytisstjórar, deildarstjórar og mandarínar yfir sérstökum ríkisstofnunum, því að það á enginn að sitja sem eilífur augnakarl í embætti. Það er vitlaust stjórnunarprinsip, leiðir til stöðnunar, leiðir til fúsks í rekstri, leiðir til þess að ákvarðanir komast seint og illa í gegnum kerfið.

Ég spurði áðan: Hvað getum við lært af þessu máli? Ég spyr: Er hæstv. ráðh. alvara? Eigum við að taka það alvarlega að þessi tvö dæmi um brottrekna embættismenn séu staðfesting á því að hér höfum við loksins ráðherra sem vill ganga skipulega til verks við að breyta úreltum stjórnsýslureglum og tryggja að stjórnsemi, agi og ábyrgð í opinberum rekstri verði með öðrum hætti en nú er? Mér sýnist það ekki vera svo. (**Menntmrh.:** Hvað með Rafmagnsveitur ríkisins? Hvað með Orkustofnun?) Ég minnist þess að hæstv. ráðh. hefur á sínum tíma sem iðnrh. látið gera úttektir. (**Menntmrh.:** Sparað 103 millj. í vinnulaunum í RARIK á einu ári.) Gott. Gott er það. (**Menntmrh.:** Ég fækkaði um 29 stöður hjá Orkustofnun.) Já, þetta er þakkarvert, góð dæmi og góð byrjun, herra ráðherra, en betur má ef duga skal.

Nú vil ég nefna til sögunnar eitt af því að ég spurði: Hvað getum við lært af þessu máli? Menn hafa stundum verið að tala um hagsmunaárekstra í hinu opinbera kerfi og ég spyr: Er ekki hinn brottrekni fræðslustjóri raunverulega fórnarlamb kerfis sem þarf að endurskoða í grundvallaratriðum? Hvað á ég við? Ég á við þetta: Menntmrn. lítur á fræðslustjóra sem eins konar inspector scholae, þ.e. eftirlitsmann sinn gagnvart t.d. fjárreiðum. Af hálfu heimamanna hins vegar, af hálfu fræðsluráðs, og hann er líka framkvæmdastjóri þess, er ætlast til þess að fræðslustjórinn sé nánast eins og talsmaður heimamanna í héraði fyrir hagsmunum héraðsins gegn þessu hinu sama menntmrn. Er þetta skynsamleg stjórnskipan?

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hérna sé komið að þýðingarmiklum spurningum um miðstýringu í menntakerfinu eða valddreifingu. Það er allt of mikil miðstýring í íslenska menntakerfinu og talsvert lamandi og það þekkja allir menn sem fengist hafa við kennslu og reyndar skólastjórn. (**Menntmrh.:** Ég er sammála.) Þakka. Ég hefði þess vegna kosið að hæstv. ráðh. hefði notað t.d. sinn tíma í þessu ráðuneyti til að taka fyrir og rannsaka slík grundvallaratriði. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að færa

aukin völd heim í héruð, ekki aðeins í skólamálum heldur í fleiri málum. Hins vegar væri jafnsjálfsagt að menntmrn. sem slíkt hefði fjármálalegan inspector sem færi um öll umdæmin. En hitt kerfið, sem við nú búum við, er óhæft, að sú krafa sé gerð til eins og sama starfsmannsins að hann þjóni tveimur herrum. Það getur hann ekki og það gengur ekki upp. Að þessu leyti held ég, miðað við það sem ég hef heyrt af þessum umræðum, að hinn umræddi fræðslustjóri hafi raunverulega orðið fórnarlamb kerfis sem þurfi að endurskoða í grundvallaratriðum.

Hér hefur verið talað um samskiptaörðugleika þessa umrædda embættismanns við ráðuneytið. Ég er enginn dómari í því, hef enga hugmynd um þau mál, veit ekkert um þau. Ég spyr hins vegar: Bendir það ekki til þess, viðbrögð manna heima í héraði, fræðsluráðsformannsins, fræðsluráðsins, starfsfólksins í fræðsluskrifstofunni, skólastjóranna, kennaranna, að það skorti talsvert mikið á eðlileg samskipti milli ráðuneytis hæstv. ráðh. og þeirra manna sem starfa eiga úti á vígvellinum? Svo að ég taki dæmi af karlinum í brúnni: Ef áhöfnin færi öll í land við það að einn er rekinn bendir það til þess að eitthvað sé spunnið í hásetann sem leiddi til þess að allir fóru í land og þá bendir það til þess að það sé eitthvað að hjá karlinum í brúnni. Ég held að þetta dæmi gefi til kynna, þó að ég viti það ekki, að það séu alvarlegir samskiptaörðugleikar af hálfu menntmrn. við fólk. Ég bendi á að úr því að heimamenn bregðast svona við gefur það auðvitað til kynna að þeir eru ekki trúaðir á röksemdir hæstv. ráðh. eða ráðuneytis eða þeir þekki það ekki nægilega vel. Hvers vegna var ekki lögð fram skrifleg grg.? Hvers vegna voru embættismennirnir ekki gerðir út af örkinni? Hvers vegna var ekki talað við þetta fólk? Hvers vegna er maðurinn allt í einu látinn fjúka og svo standa menn frammi fyrir þeim afleiðingum að kennslustarf í fjórðungnum er lamað? Hvers vegna er síðan fylgt eftir með því að sproksetja menn, jafnvel fólk í heilum landsfjórðungi?

Ég skal segja eins og aðrir hafa hér sagt að ég hef mikla biðlund með ráðherranum þó að það fjúki í hann. Það er allt í lagi. Samt sem áður er þess að geta að þetta mál er mjög viðkvæmt mál vegna þess að það varðar ekki aðeins persónu einhvers manns sem var brottrekinn. Það varðar líka spurninguna um það: Verður einhver friður um fræðslustarf og kennslustarf í þessum fjórðungi? Voru vinnubrögðin rétt? Út frá þessum sjónarmiðum eru menn alls ekkert sannfærðir um að öll kurl séu komin til grafar. Ég spyr: Hæstv. ráðh. flutti hér langa ræðu og hann fór fram og aftur með óskipulegum hætti nokkuð svo í gögn og puldi þau upp. Eru ekki fleiri gögn í málinu? Þarf ekki að leggja fram miklu fleiri gögn? Af hverju er mönnum ekki gefinn kostur á því að fá þann texta að lesa sem heitir skýrsla um málið og af hverju var sú skýrsla ekki kynnt rækilega heimamönnum áður?

Herra forseti. Auðvitað er það illt ef svona viðkvæmt mál verður fyrst og fremst í meðförum Alþingis og pólitíkusa að einhverju pólitísku trumbuslagverki þar sem menn reyna að slá keilur, koma höggi á andstæðinga eða slá sig til riddara eða setja sig á háan hest sem einhverja sérstaka verndarengla barna í þessu tiltekna kjördæmi. Ég blæs á þessa hræsni alla saman. Þetta er illt, en þetta er svona og þetta er afleiðingin af því að vinnubrögðin voru röng.

Við hæstv. menntmrh. erum báðir aldir upp á slóðum Fóstbræðrasögu og í þeirri frægu sögu segir af garpinum Þorgeiri Hávarssyni með hið litla og harða hjarta. Einhver frægasta sagan af honum er sú að eitt sinn fór hann þar hjá sem maður laut nokkuð fram á staf sinn og garpinum þótti freistingin of rík og sterk til þess að standast freistinguna að láta ekki öxina falla. Og aðspurður hvort hann hefði átt nokkuð sökótt við þennan mann svaraði garpurinn að bragði: Nei, en hann stóð svo vel við höggi.

Það er búið að reka tvo framkvæmdastjóra og það má vel vera að þeir hafi legið vel við höggi en það er ekki búið að breyta því kerfi sem leiðir af sér hagsmunaárekstra af því tagi sem ég var að lýsa hér áðan. Það er ekki búið að breyta því kerfi sem felur í sér að embættismenn sitja æviráðnir í embættum eins og mandarínar og hafa embætti sín að léni. Það er ekki búið að breyta þeim stjórnsýslureglum að það þyki eðlilegur hlutur að opinberir starfsmenn séu færðir til. Það er það sem við þurfum að læra af þessu máli. Sá sem ætlar að ganga til verks við að breyta úreltu, óskilvirku og oft seinvirku og þunglamalegu kerfi á Íslandi getur ekki látið sér nægja þegar honum þykir mælirinn fullur og skekinn að skeyta þá skapi sínu á einhverjum tveimur mönnum. Hann verður að gera meira. Hann verður að leggja fram tillögur um hvernig hann hyggst koma í veg fyrir að þetta gerist í framtíðinni. Hann verður að breyta kerfinu sjálfu sem elur af sér þetta. Og ég lýk máli mínu með því að vísa til þess að hér eru ráðherrar, hæstv. forsrh., sem er að vísu ekki hér í salnum, sem núna þegar nær dregur kosningum, eftir að hafa setið í ráðherrastólunum síðan 1978, kvarta hástöfum undan því að koma málum ekki fram, ríkisstjórnendur fái ekki ákvarðanir framkvæmdar. Af hverju ekki? Jú, vegna þess að embættismenn sitja á fleti fyrir og gera sig digra. Forsrh. er þar af leiðandi ákaflega hissa. Hann kvartar sáran undan t.d. stofnun eins og Seðlabanka sem byggði sér höll fyrir 6–700 millj. kr. fyrir nokkrum árum og aðspurðir héðan hvaðan þeim kæmi féð og ráðstöfunarréttur svöruðu mandarínar þess kerfis: Ykkur kemur það ekkert við. Við byggjum fyrir okkar eigið fé. Við héldum að við ættum þennan banka. Hæstv. forsrh. segir þá bera að vanrækslu í þýðingarmiklu máli. Hann segir að þeir séu berir að því að fyrir þeirra vanrækslu séu engin okurlög hér í landi. En síðan er ekkert gert. Og þegar hæstv. forsrh. síðan fer einhverjum hálffeimnislegum orðum um embættisfærslu kollega síns, hæstv. menntmrh., er

svarið að sá maður ætti bara að leita fyrir sér í skemmtanabransanum. Er þetta mynd af stjórnkerfi manna sem vinna skipulega, vinna samkvæmt áætlun og eru að vinna saman, alvörustjórnmálamenn? Ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. sagði í sjónvarpsþætti: Þetta er ákaflega góður og samstilltur ráðherrahópur. Já, mikil ósköp!

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorð, enda er bráðum nóg sagt í þessu máli.

Hæstv. menntmrh. talaði af nokkru yfirlæti um það á þingfundi á þriðjudaginn að sú sem hér stendur og reyndar fleiri sem tóku til máls í umræðunum flyttu skrifaðar ræður. Ekki sé ég reyndar hvernig það má vera nokkrum til hnjóðs þótt hann undirbúi mál sitt og er þá kannske meiri von til þess að menn láti ekki fljótfærnisleg orð og vanhugsuð falla ef menn hafa eitthvað velt þeim fyrir sér áður. Er ég ekki frá því að hæstv. menntmrh. væri vegsauki að því að hugsa sig stundum um áður en hann orðar meiningar sínar upphátt.

Hins vegar get ég upplýst ráðherra um það að ég fylgdist með ræðu hans að mestu þótt löng væri og ruglingsleg og tók mið af henni í máli mínu í fyrradag og var auðheyrt af henni að aðstoðarfólk hans í ráðuneytinu hefur haft töluvert að gera, e.t.v. í nætur- og helgidagavinnu, við að fletta skjölum a.m.k. nokkur ár aftur í tímann. En þótt ég teldi mig leggja vel við hlustir þegar hæstv. ráðh. flutti sitt mál varð mér það á að misskilja hverjum hann ætlaði sæmdarheitið „hyski“ og mistúlkaði því orð hans í minni ræðu sem og reyndar fleiri gerðu. Ég bið hér með hæstv. ráðh. afsökunar á því. Nóg hefur hann á herðum sínum samt. Trúlega lítur hann ekki á það sem neinn dónaskap að kalla Alþýðubandalagsmenn hyski og best gæti ég trúað að þeim þætti sjálfum ekkert verra að fá enn eitt tilefnið til að skiptast á skeytum við hann. Ég vil hins vegar ekki láta það um mig spyrjast að ég rangfæri viljandi orð hæstv. ráðh. og lýsi því yfir að mér mun hafa misheyrst. Vonandi er hæstv. ráðh. mér sammála um að betra sé að hafa það sem sannara reynist og því ætla ég að ítreka spurningu til hæstv. ráðh. sem ég beindi til hans á mánudaginn en hann kaus að þykjast misskilja og sneri út úr í svari sínu. E.t.v. er hann búinn að láta ráðuneyti sitt kanna staðreyndir þess máls nú og því vil ég ítreka þessa spurningu og skýra hana.

Ég spurði hæstv. ráðh.: Af hverju stöfuðu þeir greiðsluerfiðleikar á árinu 1986 sem urðu til þess að aðalskrifstofa menntmrn. þurfti að fá a.m.k. 7,9 millj. kr. í aukafjárveitingu á síðasta ári? Ég er ekki að tala um framlag til listahátíðar í Reykjavík. Ég er ekki að tala um styrk til listkynningar erlendis né norræna leiklistarhátíð hér á landi, ekki um fjárveitingar til Handknattleikssambandsins né neinar aðrar aukafjárveitingar sem skýringar eru gefnar við. Ég er að tala um aukafjárveitingar til aðalskrifstofu menntmrn. sem m.a. er skýrt frá á bls. 362 í þskj. 1, en þar sést að aðalskrifstofa ráðuneytisins hefur fengið fjórum sinnum aukafjárveitingar fyrstu níu mánuði ársins 1986. Tvær þeirra eru fremur smáar. Önnur vegna lykta handritamálsins 750 þús. kr., en hin 500 þús. kr. sem er hluti kostnaðar vegna starfs útvarpsréttarnefndar. Hinar tvær, þ.e. 4,9 millj. kr. og 3 millj. eða samtals 7,9 millj., fá ekki aðrar útlistanir en þær séu vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1986. Ég er síður en svo að drótta því að einum eða neinum að hér sé ekki um eðlilegar ástæður að ræða, en hér er um svo háar upphæðir að ræða til aðalskrifstofu ráðuneytisins að það er óhugsandi annað en hæstv. ráðh. viti í hvað þær hafa farið. Mér finnst eðlilegt að hann upplýsi það og ítreka því spurningu mína og bið nú hæstv. ráðh. að stilla sig um að snúa út úr fyrir mér í svari sínu.

Hvað varðar brottrekstur fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra vil ég leggja áherslu á það, sem fram kom í ræðu minni á mánudaginn, að við Kvennalistakonur höfðum ekki tekið afstöðu í því máli, þ.e. hvort sá brottrekstur hafi verið lögmætur. Við teljum einfaldlega ekki efni til þess að taka afstöðu í því máli þar sem þar um stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. Við höfum aldrei vænt hæstv. ráðh. um lögbrot og ég sé engan tilgang með því að við alþm. flytjum þetta mál með og á móti hér í þingsölum. Það eru vinnubrögðin sem við höfum gagnrýnt harðlega og lýsum fullri ábyrgð á hendur ráðherra vegna þess vandræðaástands sem skapast hefur og veldur því að skólar í Norðurlandsumdæmi eystra eru nánast óstarfhæfir vegna þess róts sem hæstv. ráðh. hefur komið á hugi manna með framkomu sinni.

Það sem skiptir máli núna er ekki það, hæstv. ráðh., sem gerðist árin 1980 eða 1981 eða 1982. Það sem skiptir máli er að hæstv. ráðh. sá ástæðu til þess að senda fræðslustjóra áminningarbréf í ágúst s.l. sem hefur að vísu af ýmsum verið sagt á misskilningi byggt, en það er sú áminning sem máli skiptir og það sem síðan hefur gerst. Það eru þessi atriði sem þarf að kanna og varpa hlutlausu ljósi á.

Hæstv. ráðh. vill láta þetta mál ganga til dóms. Hann segist óhræddur við niðurstöður. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að vita hvort hann er þá tilbúinn til að veita Sturlu Kristjánssyni fræðslustjóra aftur embætti sitt ef uppsögnin verður fundin ólögmæt. Ég teldi fljótlegri og eðlilegri leið að sérstök nefnd ynni þetta verk. En aðalatriðið er að ljúka þessu máli á þann hátt að það dragi ekki fleiri dilka á eftir sér. Hér er of mikið í húfi, nefnilega skólahald í Norðurlandsumdæmi eystra og farsælt samstarf og trúnaður á milli skólamanna og hv. ráðuneytis. En hæstv. ráðh. hefur að mínu mati unnið ógagn með framkomu sinni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er mjög liðið á þessa umræðu og ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var fyrst og fremst sú að þakka fyrir að hæstv. menntmrh. sá ástæðu til að sakna mín sérstaklega í fyrradag um

leið og hann taldi sérstaka ástæðu til þess að kalla Alþýðubandalagsmenn „hyski“ og ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir það hrós sem hann hefur með þessum hætti flutt Alþb. Mér þykir vænt um að hann skuli ausa fúkyrðum yfir Alþb. Það sýnir hvað Alþb. er góður flokkur vegna þess að þeim mun stríðari sem fúkyrðaflaumurinn er út úr hæstv. menntmrh. um einn stjórnmálaflokk, þeim mun vísara má telja að sá flokkur standi í sínu stykki.

Í ræðu sinni kom hæstv. menntmrh. reyndar að því að það kynni að vera svo að „hyskið“ væri eingöngu norðan fjalla að því er Alþþ. varðar, en ég fullvissa hann um að „hyskið“ er bæði norðan og sunnan fjalla í þeirri merkingu þess orðs sem hann notaði hér á dögunum. Staðreyndin er auðvitað sú að öll málsvörn menntmrh. í þessu máli hefur verið með þeim endemum í orðbragði, fúkyrðum og stóryrðum, að ég hygg að hafi einhver látið sér detta í hug að hann vildi flytja fram rök með máli sínu hafi sá hinn sami óðara snúið baki við ráðherranum vegna þess að fúkyrðaflaumurinn hefur spillt fyrir öllum málstað ráðherrans í þessu máli og var þó nóg að gert samt. Og þegar hæstv. ráðherra menntamála ræðst að fyrrv. hæstv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni fyrir þá ræðu sem hann flutti hér í dag þar sem hann af hógværð og með rökum gerði grein fyrir afstöðu sinni, hvað segir þá hæstv. menntmrh. Íslands, æðsti maður mennta og menningar í þessu landi? Hann segir: Hv. þm. Ingvar Gíslason getur tæplega verið með öllum mjalla. Og síðan segir hann: Það stendur strókurinn upp úr hv. þm. Ingvari Gíslasyni þegar hann er að rökstyðja mál sitt. Ég held að maður sem brúkar kjaft, með leyfi hæstv. forseta, með þessum hætti sýni eitt og aðeins eitt. Það er það að málstaður hans er vondur. Hann verður að þyrla upp orðbragði af þessu tagi til að láta ekki sjást og glytta í hinar raunverulegu staðreyndir málsins sem eru ofríki og hroki þannig að með endemum er í íslenskri stjórnmálasögu. Ég hygg að fáir ráðherrar fyrr eða síðar hafi sýnt aðra eins framkomu, annan eins ruddaskap gagnvart sínum undirmönnum og þessi hæstv. ráðh. hefur gert hverjir svo sem þeir hafa verið. Og það er athyglisvert að þessi ríkisstjórn, sem hefur liðið vaxtaokur sem hefur lagt heilu heimilin í rúst, ákveður að finna tvo menn sem á að hengja, tvo menn sem á að krossfesta og dæma. Hverjir eru þessir höfuðskúrkar nútímasögu á Íslandi? Hverjir eru þessir stórmafíósar sem ríkisstjórnin með hina miklu riddara réttlætisins innanborðs hefur fundið? Hverjir eru þeir? Þeir heita Sigurjón Valdimarsson og Sturla Kristjánsson. Það á að ráðast á garðinn þar sem hann er allra hæstur og þetta er aðferðin sem ríkisstjórnin notar.

Ég tel að það sé með einföldum rökum hægt að sýna fram á að hæstv. ráðherra menntamála hafa orðið á afglöp í þessu máli, embættisleg afglöp. Til þess að víkja manni frá tafarlaust með þeim hætti sem ráðherrann hefur gert verður að veita viðkomandi ítrekaða áminningu, en þær áminningar sem veittar höfðu verið með ljósum eða óljósum hætti höfðu verið afturkallaðar með sérstökum traustsyfirlýsingum menntmrn. til þessa manns, Sturlu Kristjánssonar. Þess vegna er ólöglega að þessu máli farið og hæstv. ráðh. segir þá væntanlega í framhaldinu: Dæmið þið mig. En hvernig er það mál? Það er hæstv. fjmrh. sem verður kallaður fyrir dóm og hæstv. menntmrh. mun áður en til þess dóms kemur verða kallaður fyrir annan dóm. Það er dómur kjósenda í þessu landi. Það er sá dómur sem er æðstur yfir stjórnmálamönnum. Þess vegna er það fjarstæða þegar hæstv. ráðh. er að nota þetta með dómstólana sem einhver rök í málinu. Ja, komið þið bara og kærið þið mig. Málið liggur ekkert þannig.

Þegar ráðherra beitir ofríki með þeim hætti sem hér hefur verið gert á hinn almenni maður, jafnvel þó hann gegni þýðingarmikilli trúnaðarstöðu í kerfinu, enga tafarlausa vörn. Þess vegna m.a. eru þessi vinnubrögð ráðherrans ólíðandi.

Og hver er sá ráðherra sem hér talar? Það er hæstv. ráðherra menntamála, skólamála. Og hvert er hans hlutverk? Að framkvæma grunnskólalög, lög um menntamál. Og þegar opinberir starfsmenn í Norðurlandskjördæmi eystra finna börn með sérþarfir eru þeir skammaðir fyrir það hástöfum af ráðherranum úr ræðustól á Alþingi ítrekað. Það stendur strókurinn upp úr ráðherranum um að þetta embættisgengi þarna, sálfræðingar og ég veit ekki hvað það heitir, fyrir norðan gengi svo snarplega fram í leitinni að þeir fundu helmingi fleiri börn á Norðurlandi eystra en á Reykjanesi. Og þeir eru sérstaklega gagnrýndir fyrir að vinna þannig sín embættis- og skyldustörf, þessir menn. Það er engu líkara en þeir hafi gengið inn á hvert heimili í Norðurlandi eystra og reynt endilega að slíta út sem allra flest börn burtséð frá þörfinni hjá viðkomandi einstaklingum. Ég hygg að húsbóndi menntamála og grunnskólalaganna hafi aldrei gengið eins langt í að ráðast á faglega undirmenn sína eins og núv. ráðh. hefur gert. Og ég vil spyrja: Hvar endar það ef ráðherrar komast upp með þennan hroka, þennan yfirgang gagnvart undirmönnum sínum? Það kann vel að vera að það þurfi að takmarka þær verndarreglur sem eru til um mandarína kerfisins eins og hér var rætt um áðan. En hvað þýðir það ef einn ráðherra kemst upp með að haga sér eins og hæstv. menntmrh. hefur gert? Það þýðir að allt þjónustukerfi ríkisins er í stórkostlegri hættu ef annar eins yfirgangsmaður sest aftur á stól menntmrh. í þessu landi. Þá mega sérfræðingar eins og sálfræðingar ekki vinna sín verk. Þá verða þeir af ráðherrum gagnrýndir fyrir að þeir gangi snarplega fram í því að leita að börnum með sérþarfir á Norðurlandi eystra eða hvar það nú er.

Og það er húsbóndi grunnskólalaganna sem talar. Það er húsbóndi grunnskólalaganna sem kveða á um það að það eigi sérstaklega að sinna þessum einstaklingum með stuðnings- og sérkennslu. Það er ekki fjmrh. sem hér hefur verið að tala heldur húsbóndi grunnskólalaganna. Og ég hygg að það sé erfitt að finna dæmi um jafnmetnaðarlausan

menntmrh. fyrir hönd síns starfssviðs, að ég kveði ekki fastar að orði, því þar er ekki fyrir að fara áhuganum á því að sækja fram í þessum málaflokki heldur þvert á móti þarf að sauma að þessu kerfi með orðum um sukk, óráðsíu og hvers konar dylgjum, með skýrslum og greinargerðum sem eru skrifaðar uppi í ráðuneyti í nauðvörn á síðustu stundu jafnvel eftir að búið er að vinna þau verk sem ráðherrann er að burðast við að réttlæta.

Það er athyglisvert að hugsa um það, herra forseti, einmitt í þessu máli að nú eru uppi miklar umræður um það að það þurfi að dreifa valdi, það þurfi að flytja verkefni til byggðarlaganna sem allra mest. Sjálfstfl. hefur sýnt afstöðu sína í þeim efnum, t.d. í Borgarspítalamálinu mjög vel. Það er sama sagan uppi hér. Það er sóknin í allsherjarmiðstýringu þegar Sjálfstfl. hefur valdið. Þá á að selja allt undir Flokkinn, með stórum staf og greini, fjandskapur við allar tilraunir til að ráða málum til lykta í hinum einstöku byggðarlögum.

Það er einnig nokkuð athyglisvert þegar hæstv. menntmrh. gerir það að aðalárásarefninu á Sturlu Kristjánsson að það hafi verið haldinn blaðamannafundur. Ja, þvílíkt hneyksli!

Herra forseti. Það mun hafa gerst norður í landi að það var haldinn blaðamannafundur. Almenningi í Norðurlandi átti að gera grein fyrir tilteknum málum, ekki samkvæmt ákvörðun þessa manns eins heldur samkvæmt ákvörðun yfirvalda fyrir norðan og ég held Fjórðungssambands Norðurlands, ef ég man rétt, og þetta þokkafélag, Fjórðungssamband Norðurlands og fræðsluráðið í Norðurlandi eystra, gerði sér lítið fyrir og hélt blaðamannafund. Það er sérstakt árásarefni að það skuli vera haldinn blaðamannafundur til að gera grein fyrir stöðu mála. Það sýnir með öðru lýðræðisást íhaldsins í þessu máli. Það má ekki láta fólkið vita. Það á að pukrast með niðurskurðinn og svínaríið á bak við tjöldin. Það má ekki segja frá, má ekki segja satt.

Ég tel, herra forseti, að í þessum umræðum hafi komið fram fullgildar röksemdir um að það sé alveg óhjákvæmilegt að á þessum málum verði tekið frekar á hv. Alþingi. Umræðum um málið er m.ö.o. örugglega ekki lokið, jafnvel þó að þessari löngu utandagskrárumræðu ljúki senn. Það er ekki hægt að láta staðar numið, herra forseti, því að hér eru svo alvarleg mál uppi. Þau snerta félagslega þjónustu í landinu, snerta skólana, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og embættisfærslu ráðherra. Þess vegna er óhjákvæmilegt að þetta mál verði rætt enn frekar. Og það er fróðlegt í þessu efni að athuga að þó að því sé haldið fram að hæstv. menntmrh. hafi þingmeirihluta á bak við sig í þessu máli, sem er sennilega rétt miðað við orð hv. 1. þm. Norðurl. e., er það engu að síður svo að þeir sem hér hafa talað, m.a. úr Framsfl., hafa gagnrýnt ráðherrann mjög harðlega og styðja ekki athafnir hans í þessu máli. Það er til umhugsunar um ráðherraábyrgð þegar hlutirnir liggja með þessum hætti.

En fyrst og fremst, herra forseti, vildi ég stíga hér í stólinn til þakka hæstv. ráðh. fyrir tvennt. Fyrst að hann skyldi sakna mín í fyrradag. Annað hitt að hann skyldi kalla Alþýðubandalagsmenn „hyski". Það er hrós úr hans munni.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (279. mál, sjúkradagpeningar) 2437.
Auðlindaleit í landgrunni Íslands (217. mál) 2439.
Ferðamálaskóli (235. mál) 2444.
Framhaldsfundir eftir þingfrestun 2313.
Minning Rannveigar Þorsteinsdóttur 2340.
Samgönguleiðir um Hvalfjörð (241. mál) 2341.
Sérkennsla (283. mál) 2438.
Stjórnarskipunarlög (174. mál, heildarlög) 2315, 2426.
Tilhögun þingfundar 2341.
Tilkynning um dagskrá 2313.
Um þingsköp 2353.
Umræður utan dagskrár 2355, 2451 (brottvikning fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra).
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (273. mál) 2413.
Varamaður tekur þingsæti 2314.
Yfirlýsingar í tengslum við kjarasamninga (248. mál) 2345.
Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (271. mál) 2314.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2340, 2341, 2344, 2349, 2352, 2354, 2355, 2386, 2405, 2461.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2313.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2314.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2314, 2346, 2350, 2386.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2336.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2441.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2364, 2400, 2451, 2461.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2341, 2343.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2413.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2491.
Björn Dagbjartsson 2423.
Davíð Aðalsteinsson 2341, 2343, 2348.
Eiður Guðnason 2345, 2354, 2387, 2477.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2443.
Friðjón Þórðarson 2344, 2447.
Guðmundur Bjarnason 2352, 2410.
Guðrún Helgadóttir 2437, 2493.
Gunnar G. Schram 2439, 2443, 2444, 2450.
Halldór Blöndal 2410.
Hjörleifur Guttormsson 2318, 2352.
Ingvar Gíslason 2453.
Jóhanna Sigurðardóttir 2394, 2495.
Jón Baldvin Hannibalsson 2328, 2353, 2354, 2501.
Karl Steinar Guðnason 2349, 2424.
Kristín Halldórsdóttir 2390, 2428, 2449, 2507.
Ólafur Þ. Þórðarson 2353, 2432.
Páll Pétursson 2351.
Pálmi Jónsson 2345, 2349, 2353.
Ragnar Arnalds 2470.
Skúli Alexandersson 2313, 2344, 2417.
Stefán Valgeirsson 2315, 2352, 2399, 2426, 2480.
Steingrímur J. Sigfússon 2355, 2405, 2481.
Svavar Gestsson 2508.

EFRI DEILD

34. fundur, mánudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Leigunám gistiherbergja, 1. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þegar ákveðið var að halda hinn svonefnda leiðtogafund hér á landi kom fljótlega í ljós að erfiðleikar mundu verða með gistirými. Var haft samband við öll helstu hótelin og þau beðin að rýma eins mikið af gistiherbergjum og frekast væri kostur. Fljótlega varð þó ljóst að þau áttu í verulegum erfiðleikum með slíkt og kom fram ósk þess efnis að til að auðvelda að rýma hótelin yrðu sett bráðabirgðalög um leigunám gistiherbergja á eftirgreindum hótelum: Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu. Ákveðið var af ríkisstjórninni að verða við þessu, enda ljóst þá eftir allítarlega athugun að hjá því yrði ekki komist ef hýsa þyrfti þann fjölda sem til fundarins var talið að mundi koma. Reyndar var þetta gistirými ekki nema brot að því sem þörf var fyrir og eingöngu ætlað fyrir þá aðila sem væru í fylgdarliði leiðtoganna.

Hér er því flutt frv. til laga um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna og er þar um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði *málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Leigunám fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég nú mæli fyrir um leigunám fasteigna vegna leiðtogafundarins er af sama toga spunnið. Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum. Þó er aðdragandi þess nokkuð annar en í sambandi við leigunám á gistiherbergjum.

Öryggisverðir leiðtoganna lögðu á það áherslu mjög fljótlega eftir að fundarstaður var ákveðinn og þeir höfðu kynnt sér allar aðstæður þar að mannaferðir yrðu engar í húsunum sem að Höfða snúa. Um þetta var töluvert rætt fram og aftur. Töldu íslensk stjórnvöld í raun ekki þörf á þessu og mætti ná sama árangri með tilliti til öryggis með gæslu í þessum húsum. En í ljós kom að m.a. hafði húsnæði þar verið leigt eða ráðgert var að leigja húsnæði erlendum sjónvarpsstöðvum og fleirum sem vildu fylgjast náið með fundarstað. Var því að lokum eftir vandlega athugun á þessu máli ekki um annað að ræða en að fallast á þessa kröfu öryggisvarða og ákveða að taka húsnæðið leigunámi frá föstudagskvöldi kl. 6 til sunnudagskvölds kl. 6.

Þetta frv. er, eins og ég sagði áðan, flutt til staðfestingar á þeim bráðabirgðalögum sem gefin voru út í þessu skyni.

Rétt er að geta þess að hvort tveggja þetta sem ég hef nú mælt fyrir, þ.e. leigunám gistiherbergja og leigunám fasteigna, kann að hafa í för með sér nokkrar kröfur á ríkissjóð. Þær eru ekki frágengnar, en þess vil ég geta að það hefur komið fram ein krafa í tengslum við leigunám gistiherbergja upp á 1,8 millj. kr. Hún er frá Gildi hf. sem hefur með veitingar á Hótel Sögu að gera og telur að þeir hafi orðið fyrir skaða vegna lokunar hótelsins á kvöldin þegar þar er að sjálfsögðu mikil veitingasala, sérstaklega um helgar. Fjórar kröfur hafa komið fram vegna leigunáms á húsnæði í kringum Höfða. Ekki hefur verið tekin afstaða til neinna þessara krafna og reyndar var ákveðið að safna þeim öllum inn. Sérstök nefnd fjallar um þær og er ríkislögmaður m.a. nefndinni til ráðuneytis og annast athugun á lögmæti slíkra krafna.

Ég get því ekki gefið upplýsingar um kröfur vegna leigunáms á húsnæði í kringum Höfða, en að sjálfsögðu getur sú nefnd sem fær málið til meðferðar fengið um þær nánari upplýsingar. Þá kann að vera að meðferð þeirra verði lengra komið.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Frv. felur í sér að gjalddagar verða tveir á innheimtu þungaskatts að því er tekur til bifreiða sem eru léttari en fjögur tonn og greiða ekki kílómetragjald samkvæmt mæli. Eins og nú háttar til samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru er þungaskattur á þessum bifreiðum innheimtur í einu lagi. Gjalddaginn er 1. janúar ár

hvert, en eindaginn 1. apríl.

Mikillar óánægju hefur gætt meðal gjaldenda með að ekki skuli vera mögulegt að greiða skattinn a.m.k. í tveimur eða jafnvel fleiri áföngum á ári hverju. Í því frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að fjölga gjalddögum í tvo þannig að gjaldtímabilin á hverju ári verði framvegis tvö. Hið fyrra frá 1. jan. til 30. júní með gjalddaga 1. jan. ár hvert og hið síðara 1. júlí til 31. des. með gjalddaga 1. júlí ár hvert. Á þennan hátt er að því stefnt að dreifa greiðslubyrði vegna þungaskattsins á sanngjarnari hátt en verið hefur.

Frv. felur ekki í sér neina breytingu á heildartekjum af þungaskatti á þessu ári, en þær eru áætlaðar 160 millj. kr. samkvæmt fjárlögum þessa árs af þeim bifreiðum sem greiða árgjald þungaskattsins. Frv. gerir enn fremur ráð fyrir því að það komi, verði það samþykkt á hinu háa Alþingi, til framkvæmda þegar á þessu ári. Fyrir því mælist ég til þess að hv. þingdeild hraði svo sem kostur er afgreiðslu málsins.

Ég tel að ekki þurfi að fara fleiri orðum hér um. Hér er um að ræða veigamikinn tekjustofn og eðlilegt að mínu mati að skipta innheimtu skattsins á tvo gjalddaga til að jafna greiðslubyrðinni með eðlilegum hætti á þá sem skattinn greiða. Ég legg því til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

37. fundur, mánudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 279. mál (sjúkradagpeningar). — Þskj. 506.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 2. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430, n. 518.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Í nál., sem er á þskj. 518, kemur fram að fjh.- og viðskn. mælir einróma með samþykkt frv.

Eins og segir í athugasemdum við frv. er það flutt í tengslum við stofnun þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd, þ.e. Ísland, Færeyjar og Grænland, en samningur þar að lútandi var undirritaður að Höfn í Hornafirði hinn 19. ágúst s.l. af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Mál þetta var skýrt af hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir frv. fyrir skömmu í hv. Nd. Ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, en ítreka að nefndin mælir með samþykkt frv.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta þess getið hér vegna þess að ég er áheyrnarfulltrúi í hv. fjh.- og viðskn. en komst ekki til að sitja fund nefndarinnar, að ég styð þetta mál eindregið fyrir hönd Kvennalistans. Þetta er hið ágætasta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson) (frh.):

Herra forseti. Ég mun nú reyna að vekja athygli á þeirri viðleitni sem átt hefur sér stað hér innanlands til að dreifa valdi aftur út til héraðanna. Það má segja að þetta hafi verið gert eftir tveimur leiðum, annars vegar þeirri leið að ríkisreknar stofnanir kæmu þar upp útibúum og þessi útibú störfuðu, að vísu missjálfstætt eftir stofnunum. Vegagerðin er nokkuð gott dæmi um þetta. Vissulega eru þessi útibú til mikilla bóta, en þau eru engu að síður í miklu tengslaleysi, ef svo mætti komast að orði, við sveitarstjórnir þessara svæða og mjög misjafnt viðhorf þeirra sem þar starfa hvort taka beri eitthvert tillit til sveitarstjórna.

En við erum einnig með í okkar fræðslulögum dálítið sérstætt kerfi. Þar höfum við komið upp útibúum samkvæmt grunnskólalöggjöfinni sem eru með þeim hætti að það er starfandi stjórn yfir hverju umdæmi, yfir hverju útibúi ef svo mætti komast að orði, en framkvæmdastjórinn aftur á móti er embættismaður ríkisins. Þetta kerfi gengur aldrei upp

einfaldlega vegna þess að enginn getur þjónað tveimur herrum og það má segja að þær umræður sem hafa verið í þinginu að undanförnu staðfesti þetta. Að vera annars vegar með stjórn yfir sér sem er skipuð af sveitarfélögunum og eiga hins vegar að lúta forsjá ráðuneytisins hlýtur að leiða til þess að það verði átök hjá viðkomandi starfsmanni um það hvorum beri að fylgja að málum ef þessir aðilar eru ekki samstíga. Ég held að það sé umhugsunarefni fyrir þá sem hafa hlýtt á þá umræðu hvort það sé ekki rétt hjá þeim að gera að tillögu sinni það sem hæstv. menntmrh. lagði til þegar hann var hér á Alþingi og þessi lög voru til umfjöllunar á sínum tíma, en það var að fræðslustjórinn væri starfsmaður sveitarfélaganna. Það var hans skoðun þá og hlýtur að vera rökrétt að fyrst stjórnin er í því tilfelli heimamanna sé eðlilegt að fræðslustjórinn sé starfsmaður þeirrar stjórnar.

Ég get um þetta hér vegna þess að það eru margir sem segja í dag að þriðja stjórnsýslustigið sé ekki nauðsynlegt. Það sé hægt að koma á fót valddreifingu í gegnum sveitarfélögin eða með því að koma upp útibúum. En þeim mun meir sem við skoðum þær leiðir, þeim mun augljósara virðist það vera að þær rekast á þau markmið sem við erum að setja okkur. Ef á að færa meiri fjármunalega ábyrgð til þeirra sem eiga að bera ábyrgð á stjórnuninni hlýtur það að vera nokkuð viðurkennt að þriðja stjórnsýslustigið þurfi að koma til sögunnar. Ef fræðslustjórinn t.d. væri ráðinn starfsmaður stjórnar fræðsluskrifstofanna má segja sem svo að fræðsluskrifstofurnar væru að taka fjármálalegar ákvarðanir meira og minna sem menntmrn. ætti fyrst og fremst að sjá um að útvega peninga til og ekki neitt samræmi á milli ákvörðunarvaldsins um fjármálalega ákvörðun og stjórnunarinnar.

Ég tel að þeir sem nú hika við að styðja þriðja stjórnsýslustigið verði að fara að gera sér grein fyrir því og m.a. þeir sem setið hafa lengi á þingi og fylgst með undanhaldi hinna dreifðu byggða svona langan tíma og gera það upp við sig að taka þessa ákvörðun ekki. Það er líka ákvörðun. Hvort sú ákvörðun er byggð á því að menn nenni ekki að hugleiða þessa hluti, vilji koma sér undan því að vera bendlaðir við einhverja ákvörðun, má deila um, en það er ekkert minni ákvörðun að taka ákvörðun um að gera ekkert. Það er hægt að setja það upp í línurit og það er hægt að sýna fram á að slík ákvörðun þýðir í framkvæmd að landsbyggðin mun ekki á næstu árum halda þeim mannafla sem hún hefur í dag og því síður að hún muni halda því hlutfalli af mannaflanum sem hún heldur í dag.

Ég veit ekki hvort Alþingi Íslendinga hefur áhuga á því að iðka þá sjálfsgagnrýni, ef svo mætti komast að orði, að meta hve mikið af þessum ákvörðunum beinlínis stuðlar að því að auka hraðann í þessari þróun. Við höfum vissulega Byggðastofnun og það fer ekkert á milli mála að hún vinnur gegn því að allt safnist saman á einum stað, en flestar ákvarðanir sem miða að því að koma nýjum stofnunum á fót vinna þveröfugt.

Það var eitt frv. strand á Alþingi Íslendinga í fyrravetur, náðist ekki samstaða í þinginu um að fjölga stofnunum. Hvað haldið þið að hafi gerst? Ríkisstjórnin afgreiddi það eftir að þingið var farið heim vegna þess að það verður kjarnorkuslys í Rússlandi. Og ég er ekki búinn að sjá að með því kerfi sem við búum við geti nokkur þm. landsbyggðarinnar komið í veg fyrir að þessi þróun haldi áfram. „Það er sama þótt þú sért góður maður og gegn og gangir í hlé eins og drengur, saklaus og feiminn", sagði Steinn Steinarr og kannske á þetta við hv. ritara sem nú gengur úr salnum, ágætan dreng, þm. Norðurl. e. Ég efa ekki að viljinn er til staðar að verja það að Norðurl. e. haldi velli, þar eflist byggð og mannfjöldi verði svipaður í hlutfalli af þjóðinni og verið hefur. Spurningin er aðeins sú: Er mögu-leiki samkvæmt þeim leikreglum sem við höfum sett upp að koma í veg fyrir þessa þróun? Ég held að það verði ekki stöðvað nema menn sameinist um að koma á þriðja stjórnsýslustiginu. (**HBl:** Hver sagði að þm. hefði verið að fara út úr salnum?) Það gerist ekki alltaf en stundum gerist það að þeir sem eru í ræðustól hafa þau áhrif á háttalag manna hér að þeir hætti við að yfirgefa salinn og það gerðist í þessu tilfelli.

En hvað sem því líður og þó að við blöndum gamni saman við þá alvöru sem hér er á dagskrá vænti ég þess að mönnum sé ljós sú mikla alvara sem liggur á bak við þá vinnu sem gerði kleift að þetta frv. er lagt fram. Menn settust niður og hugleiddu hvað það var sem lýðræðisþjóðir í Evrópu og Bandaríkjunum höfðu sem mótvægi gegn miðstýringunni. Hvað höfðu þessar þjóðir sem mótvægi gegn miðstýringunni? Það kemur í ljós, ef þetta er skoðað, að þær þjóðir höfðu þriðja stjórnsýslustigið sem mótvægi gegn miðstýringunni og þó að við séum fámennir standast þau rök ekki að vegna fámennisins eigi ekki að vera hér þriðja stjórnsýslustigið. Þetta voru nefnilega rökin sem voru notuð á okkur í sjálfstæðisbaráttunni: Þessi þjóð er of fámenn til að geta verið sjálfstæð. Það breytir engu um leikreglurnar hvort þjóðin er fjölmenn eða fámenn. Við getum rekið hér lýðræðisþjóðfélag þó að við séum fámenn. En ef við teljum að við þurfum ekki að taka kerfið allt upp, teljum að við sleppum með því að hafa bara sveitarfélög og ríkisvald, erum við að neita því að taka tillit til sögulegra staðreynda um uppbyggingu lýðræðisþjóðfélaganna í kringum okkur. Þá erum við að reyna að koma okkur undan því að bera ábyrgð á byggðaþróuninni í landinu.

Ég vil minna á að í skýrslu Byggðanefndar, sem dreift hefur verið til þm., kemur fram að fulltrúar allra flokka sem þar sátu sjá á því ýmsar ljósar hliðar að Reykjavíkurborg hafi náð þeirri stærð sem hún hefur náð og geti þess vegna í dag þjónað vel sínu hlutverki. En ef þróunin heldur áfram á þann veg að ýmis landsvæði tapi fólki í miklum mæli, eins og allt bendir til, horfir illa. Þá horfir í það, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að svo gæti farið að

þetta land ætti enga höfuðborg. Og hvers vegna ætti það enga höfuðborg? Vegna þess að rökfræðilega séð getur aðeins verið til höfuðborg ef til eru fleiri borgir. Verði hún eina borg Íslands er hún þar með ekki lengur höfuðborgin. Hún er borgin. Og borgríki sögunnar hafa fæst staðist. Þau hafa flest liðið undir lok. Það geta menn einnig kynnt sér með því að lesa spjöld sögunnar.

Nú vil ég ekki, herra forseti, hafa þetta mál lengra. Ég vona að þetta mál fari til nefndar sem fyrst. Það er búið að vera lengi á dagskrá. Og ég vona að sú nefnd, allshn. Nd., sjái sér fært að afgreiða málið til þingdeildarinnar á þessu þingi og þar sé hægt að taka ákvörðun um hvort menn vilja gera þá veigamiklu breytingu sem hér er verið að leggja til og hvort menn almennt vilja taka ákvörðun um að breyta íslensku stjórnarskránni. En svo vel vill til að formaður allshn. Nd., hv. 2. þm. Reykn., hefur sennilega unnið meira að stjórnarskrármáli en aðrir Íslendingar fyrir þá stjórnarskrárnefnd sem hefur starfað lengi með ýmsum formönnum og mætti satt best að segja fara að skila endanlegu áliti.

Umræðu frestað.

Stjórnsýslulög, 1. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 522.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnsýslulaga. Í upphafi stjórnarsamstarfsins skipaði ég sem forsrh. nefnd til að athuga stjórnsýslukerfið og til að einfalda og gera meðferð mála í stjórnsýslunni skilvirkari.

Þessi nefnd hefur unnið að ýmiss konar málum í þessu sambandi og hafa sum verið flutt hér, m.a. mál um ríkisendurskoðun sem færð var undir Alþingi og sömuleiðis á síðasta þingi frv. um Stjórnarráð Íslands sem varð ekki afgreitt og ég mun reyndar ekki endurflytja. Að þessu máli var unnið á síðari stigum í starfi nefndarinnar og til að hraða því starfi fól ég hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að semja frv. til stjórnsýslulaga. Það er frv. sem ég mæli nú fyrir.

Ég held ég megi fullyrða að þetta er í fyrsta sinn sem lagt er fyrir Alþingi frv. til stjórnsýslulaga. Í því eru fólgin tvö meginmarkmið, annars vegar að efla réttaröryggi í þjóðfélaginu og hins vegar að auka hagkvæmni og skilvirkni í störfum stjórnvalda. Áður hafa komið fram hér á hv. Alþingi tillögur í þessu efni. Á þinginu 1980–81 flutti Ragnhildur Helgadóttir till. til þál. um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi. Í grg. með þeirri till. sagði m.a.:

„Tillaga þessi er flutt til að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdarvaldsins skýrari og traustari. Í því sambandi er að mati flutningsmanns nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem tryggir rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar.“

Þessi tillaga hlaut samþykki þingsins. Síðar, þ.e. á þinginu 1983–84 flutti hv. þm. Gunnar G. Schram og fleiri þáltill. um undirbúning almennrar stjórnsýslulöggjafar. Sú tillaga varð ekki útrædd á því þingi en endurflutt og samþykkt hinn 20. júní 1985.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að leiddar verði í lög fáar grundvallarreglur um meðferð mála í stjórnsýslunni. Hér á landi var lengi vel litið á dómstólana og stjórnkerfið sem tvo gjörólíka heima. Málsmeðferð fyrir dómstólum tók fyllsta tillit til réttaröryggis borgaranna en meðferð mála hjá stjórnvöldum byggðist fyrst og fremst á því að afgreiða mál með sem fyrirhafnarminnstum og ódýrustum hætti. Þetta var og væri jafnvel enn sjálfsagt ef mikill eðlismunur væri á þeim álitaefnum sem þessum aðilum er ætlað að leysa úr. Svo er þó alls ekki. Stjórnvöld fjalla oft og tíðum um mál þar sem í húfi eru miklir hagsmunir, persónulegs og fjárhagslegs eðlis, og málin verða ekki að öðru leyti með neinum áþreifanlegum hætti skilin frá hefðbundnum dómsmálum. Af þessum sökum hefur stjórnarfarsréttur annars staðar en á Íslandi, ekki síst annars staðar á Norðurlöndum, verið að sveigjast í átt til réttarfars. Menn hafa í auknum mæli beint sjónum að rétti hins almenna borgara gagnvart hinu opinbera og breytt réttarreglunum í samræmi við það.

Um þróun þessara mála í nágrannalöndunum má geta þess að Norðmenn og Svíar hófu þegar eftir síðari heimsstyrjöld undirbúning að setningu almennra stjórnsýslulaga. Undirbúningur hinnar nýju löggjafar tók langan tíma í báðum löndunum. Það var ekki fyrr en 1967 að sett voru í Noregi lög um meðferð mála í stjórnsýslunni. Fjórum árum síðar voru svo hin sænsku stjórnsýslulög samþykkt eftir tæplega 30 ára langan aðdraganda. Þessi tvenn lög eru um margt mjög ólík. Norsku stjórnsýslulögin eru mun lengri og ítarlegri en þau sænsku og auk þess öðruvísi uppbyggð. Sé betur að gáð svipar þessum lögum þó ótrúlega mikið saman, m.a. er markmiðið það sama, að tryggja réttaröryggi á sviði stjórnsýslunnar án þess þó að draga verulega úr hagkvæmni eða skilvirkni hennar. Gildissviðið er einnig áþekkt og þau hafa að geyma nokkurn veginn sömu efnisatriði.

Danir og Finnar fetuðu í fótspor Norðmanna og Svía þótt þeir færu sér öllu hægar. Í Finnlandi voru sett lög um málsmeðferð í stjórnsýslunni á árinu 1982 en dönsk stjórnsýslulög voru samþykkt í árslok 1985 og gengu í gildi um síðustu áramót. Danir völdu þann kost að taka einungis helstu meginreglurnar um meðferð mála hjá stjórnvöldum í stjórnsýslulög sín. Má segja að því fordæmi hafi verið fylgt við samningu þessa frv.

Við setningu reglna um málsmeðferð í stjórnsýslunni eru það öðru fremur tvö sjónarmið sem hafa þarf í huga eins og áður var getið, annars vegar réttaröryggissjónarmið og hins vegar sjónarmið um hagkvæmni og skilvirkni í störfum stjórnvalda. Til greina kæmi að setja ítarlegri reglur um þetta efni sem mundu tryggja réttarstöðu manna með áþekkum hætti og gert er með reglum réttarfars um meðferð mála fyrir dómstólum. Hætt er hins vegar við að of ítarlegar reglur mundu gera alla stjórnsýslu þyngri í vöfum, hæggengari og kostnaðarsamari.

Því hefur verið haldið fram að íslensk stjórnsýsla sé ekki aðeins ung að árum í samanburði við stjórnsýslu flestra nágrannaþjóðanna heldur sé hún einnig harla frumstæð. Íslenskt þjóðfélag hefur tekið algjörum stakkaskiptum á fáeinum áratugum en stjórnsýslan hefur þróast mun hægar. Íslensk stjórnsýsla býr að mörgu leyti ekki yfir þeirri hagkvæmni og skilvirkni sem krefjast verður af henni og réttaröryggi borgaranna er ekki nægilega tryggt eins og nú háttar. Hér á landi er ekki að finna fastmótaðar stjórnsýslureglur byggðar á stjórnvaldsúrskurðum eins og annars staðar tíðkast. Stjórnvaldsúrskurðir eru fátíðir hérlendis og er ástæðan sú að yfirleitt er reynt að leysa úr flestum málum með óformlegri hætti, langoftast aðeins munnlega. Þetta tekur að vísu stuttan tíma í hvert sinn en skapar á móti óþolandi réttaróvissu auk hættu á mismunun. Ekki er von að borgararnir kunni skil á því hvað rétt er og rangt við einstakar stjórnarathafnir þegar embættismennirnir hafa oft og tíðum óljósar hugmyndir um það sjálfir.

Það sem eflaust hefur aftrað almenningi frá því að leita réttar síns gagnvart hinu opinbera er sú staðreynd að hér á landi fyrirfinnst enginn sjálfstæður aðili, algjörlega óháður stjórnsýslunni, sem ætlað er að hafa eftirlit með stjórnvöldum, annar en hinir almennu dómstólar. Sú leið að skjóta máli til úrlausnar dómstólanna er hins vegar bæði kostnaðarsöm og seinvirk. Sú spurning hefur því vaknað hvort tilvist umboðsmanns Alþingis eða annars óháðs aðila, er hefði eftirlit með málsmeðferð hjá stjórnvöldum, tryggði ein sér að ekki yrði gengið á rétt borgaranna í skiptum þeirra við hið opinbera. Þeirri spurningu verður að svara neitandi. Að vísu veitti slíkt eftirlit ákveðið aðhald en umboðsmaður hefði að öllum jafnaði þá fyrst afskipti af einstöku máli að eitthvað hefði farið úrskeiðis.

Í stjórnsýslulögum er aftur á móti að finna leiðbeiningar um það hvernig stjórnvöld eiga að fara að í hverju einstöku tilfelli. Því má segja að slík löggjöf hafi fyrirbyggjandi áhrif. Við þetta bætist að hér á landi hafa ekki myndast fastmótaðar stjórnsýsluvenjur eins og gerst hefur í öðrum löndum, t.d. Danmörku. Það yrði því afar erfitt, nánast útilokað, fyrir umboðsmann, þótt lærður væri, að eiga allt í einu að fara að skera úr því hvað er rétt og hvað rangt við málsmeðferð íslenskra stjórnvalda ef ekki væri til að dreifa almennum lagareglum um helstu atriði í málsmeðferðinni.

Þess vegna er samhliða þessu frv. lagt fram frv. til laga um umboðsmann Alþingis. Á það er lögð afar rík áhersla að þessi tvö frv. hljóti umfjöllun og afgreiðslu samtímis. Þær meginreglur sem í frv. þessu er lagt til að lögleiddar verði í stjórnsýslunni næðu síður tilgangi sínum án umboðsmanns og umboðsmaður væri nánast á flæðiskeri staddur án slíkra reglna vegna þess að erfitt er að beita reglum af þessu tagi gagnvart stjórnvöldum án nokkurrar stoðar í settum lögum.

Í ljósi þess að ráðherrar eiga í flestum tilvikum síðasta orðið í stjórnsýslu ríkis er gerð tillaga um það í frv. þessu að settar verði strangar reglur um málsmeðferð í ráðuneytum þegar fjallað er um stjórnsýslukærur og annars konar ágreining um rétt og skyldur manna utan stjórnkerfisins. Með þessum hætti er leitast við að vanda til meðferðar mála á síðasta stjórnsýslustigi. Þótt þetta kunni að íþyngja ráðuneytisstarfsmönnum nokkuð verður að telja að hér sé um að ræða lágmarkskröfur er gera verður til ráðuneytisúrlausna af þessu tagi, kröfur sem sjálfsagðar eru, enda í heiðri hafðar í mörgum ráðuneytum nú þegar.

Mun ég nú fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv. eins og ég tel tilefni til en vísa að öðru leyti til athugasemda við þær sem fylgja. Eðlilegt og rétt er að meginreglur stjórnsýslulaganna taki til allrar stjórnsýslu hins opinbera, þ.e. þeirrar starfsemi sem handhafar framkvæmdarvalds hafa með höndum. Dómstörf hljóta hins vegar eðli málsins samkvæmt að falla utan gildissviðs laganna. Sömu sögu er að sjálfsögðu að segja um löggjafarstörf Alþingis.

Í 2. gr. er að finna skilgreiningu nokkurra þeirra meginhugtaka sem fram koma í frv.

Í 4. gr. frv. er mælt fyrir um almenna leiðbeiningaskyldu þeirra sem vinna við stjórnsýslu. Hér er um að ræða almenna leiðbeiningaskyldu en ekki skyldu til að veita sérfræðilega ráðgjöf. T.d. ber starfsmönnum að veita almennar upplýsingar um hvert menn skuli snúa sér til þess að ná rétti sínum í skiptum við hið opinbera og leiðbeina þeim um hvernig leggja skuli mál fyrir.

Í 5. gr. er lögfest sú meginregla að enginn megi taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef hann hefur einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit.

Í 6.–11. gr. frv. eru ýmsar reglur sem ætlað er að tryggja réttaröryggi borgara í samskiptum við stjórnvöld. T.d. er stjórnvaldi ætlað að vekja athygli málsaðila á að mál hans sé til meðferðar. Gert er ráð fyrir að hann eigi að öðru jöfnu kost á að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál hans varða, megi tjá sig um málefni áður en íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun er tekin. Þá getur aðili máls krafist þess að mál hans verði ekki afgreitt fyrr en honum hefur gefist kostur á að kynna sér málsgögn. Hann getur krafist rökstuðnings fyrir íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Þá er gerð tillaga um að lögfesta hinn almenna rétt málsaðila til að skjóta stjórnvaldsákvörðun til æðra

stjórnvalds.

Í III. kafla frv., 12.–18. gr., er að finna sérstakar reglur um málsmeðferð hjá ráðuneytum. Lagt er til að gerðar verði ríkari kröfur til meðferðar mála í ráðuneytum en annars staðar í stjórnsýslunni og er sérstök ástæða til þess ef ákvörðun lægra settra stjórnvalda hefur verið skotið til ráðuneyta.

Virðulegi forseti. Ég hef leitast við að skýra megintilgang og aðalákvæði þessa frv. Ég dreg ekki dul á að ég tel fulla þörf á að settar verði reglur til þess að efla réttaröryggi borgaranna í samskiptum sínum við stjórnvöld. Jafnframt tel ég þörf á að auka hagkvæmni og skilvirkni í íslenskri stjórnsýslu. Ég tel að með því að lögfesta reglur um meðferð mála í stjórnsýslunni sé stórt skref stigið í þá átt.

Á hitt vil ég leggja áherslu, sem raunar hefur áður komið fram í máli mínu, að nauðsynlegt er að samhliða stjórnsýslulöggjöf verði samþykkt lög um umboðsmann Alþingis sem hefði með höndum nauðsynlegt eftirlit með því að reglurnar um málsmeðferð í stjórnsýslunni væru í heiðri hafðar í hvívetna.

Mikil vinna hefur verið lögð í frv. það sem ég nú mæli fyrir. Því hefur verið hreyft hér á Alþingi alloft eins og ég rakti í upphafi míns máls og þeir menn sem fengu það verk að undirbúa frv. hafa kynnt sér ítarlega lagaákvæði í löndum í kringum okkur. Ég vil því leyfa mér að fullyrða að málið sé allvel undirbúið og það er einlæg von mín að þetta mál megi afgreiða á því þingi sem nú situr ásamt því frv. um umboðsmann sem ég mun mæla fyrir hér á eftir.

Ég vil leggja til, virðulegi forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls langar mig til að segja nokkur orð í framhaldi af ræðu forsrh. um það frv. til stjórnsýslulaga, 293. mál, sem hér er á dagskrá.

Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur lagt fram þetta frv. og forsrh. af hennar hálfu mælt fyrir því á fundi hér í deildinni í dag. Það er vegna þess að hér er um mjög tímabært, nauðsynlegt og gagnlegt mál að ræða sem er setning almennrar stjórnsýslulöggjafar hér á landi. Slík löggjöf hefur fram að þessu ekki verið á okkar lögbókum og má segja að í því hafi falist skortur á eðlilegu og sjálfsögðu réttaröryggi fyrir hinn almenna borgara þessa lands. Með því frv. sem liggur fyrir er bætt úr því.

Eins og fram kemur í grg. sem fylgir þessu frv. hefur málinu verið hreyft tvisvar sinnum á Alþingi áður. Á þinginu 1980–1981 flutti Ragnhildur Helgadóttir þáltill. um undirbúning almennra stjórnsýslulaga og á fyrsta þingi eftir síðustu kosningar, á þinginu 1983 flutti ég ásamt nokkrum þm. öðrum frá öllum stjórnmálaflokkum þáltill. sem var þá 112. mál þess þings, 107. löggjafarþingsins, um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. var sú þáltill. samþykkt hér á hinu háa Alþingi þann 20. júní 1985.

Það ber að fagna því að ríkisstjórnin hefur í samræmi við þessar viljayfirlýsingar Alþingis í þingsályktunarformi fengið sérfræðinga til þess að undirbúa þá löggjöf og semja það frv. sem hér liggur frammi. Þar er að minni hyggju farin alveg rétt leið. Hér er um tiltölulega fáar grundvallarreglur um framkvæmd mála í stjórnsýslunni að ræða en ekki mjög ítarleg ákvæði um einstaka málaþætti í því efni. Aðalatriðið er að við höfum í íslenskri löggjöf skýrar grundvallarreglur um meginatriðin, um meginefnisþættina sem marka hér stefnuna.

Það er vitanlega ljóst að nauðsynlegar eru skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í samskiptum þeirra við yfirvöld. Fram til þessa hefur skort í löggjöf, eins og ég sagði áðan, reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, bæði form- og efnisreglur, varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þá andmælum við meðferð og ákvörðunum stjórnvalda eftir því sem þeim hefur þótt efni standa til.

Íslenskur stjórnarfarsréttur hefur m.ö.o. byggst hingað til að mjög miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð hafa verið tiltölulega fáar. Af þessu hefur leitt að þeir sem hafa þurft að leita réttar síns hjá stjórnvöldum, hvort sem það er í ráðuneytum eða hjá hinum ýmsu embættismönnum ríkisins, hafa oft staðið höllum fæti. Þeim hefur iðulega ekki verið ljóst hver réttur þeirra er við málsmeðferðina, m.a. hvort þeir megi koma á framfæri skoðunum sínum og sjónarmiðum við meðferð þeirra eigin mála í ráðuneytum eða hjá opinberum embættismönnum og þá ekki síður hvort þeir megi koma fram sjónarmiðum sínum við ákvarðanatöku og þá í hve ríkum mæli. Þetta hefur verið mikill galli í okkar réttarfari og gefur auga leið að öll réttarstaða borgaranna gagnvart ríkisvaldinu, gagnvart hinu máttuga ríkisvaldi, hefur orðið mun lakari en æskilegt væri.

Það eru þessi grundvallarsjónarmið sem lágu að baki þeirri þáltill. sem flutt var af okkur nokkrum þm. á þinginu 1983–1984 og samþykkt var.

Það eru einmitt þessi sjónarmið sem fram koma þar og það er tekið á þessum málum í því frv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að rekja það efnislega. Það er ekki við hæfi hér við 1. umr. Til þess gefst tækifæri eftir að frv. hefur verið kannað í allshn. Nd. en það fer nú þangað til meðferðar. Í megindráttum má segja að hér sé um mikið framfaraspor að ræða og, eins og ég gat um í upphafi máls míns, ástæða til þess að fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram sem hér var kynnt af forsrh. Ég tek síðan undir þá von að af því verði að þetta frv. verði samþykkt sem lög á þessu Alþingi, áður en því verður slitið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og sést hér á dagskrá og þingstörfum í dag er verið að ræða stjfrv. og mæla fyrir þeim. Úti í þjóðfélaginu eru aftur á móti miklar umræður um það að til standi að taka hér fyrir áður en þingi verður slitið eftir fáeinar vikur mjög þýðingarmikil mál. Stjórnarandstaðan hefur ekki haft neinar fregnir af þessum málum að því er ég best veit, a.m.k. ekki minn þingflokkur, nema af blaðafregnum og þar sem hæstv. forsrh. er hér viðstaddur leyfi ég mér að spyrja: Hvenær er þess að vænta að tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á skattalögum og tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í bankamálum liggi fyrir?

Eins og kunnugt er er starfandi nokkur hundruð metra frá þessu húsi einn af ríkisbönkunum sem hefur orðið fyrir stórkostlegum fjárhagslegum búsifjum á síðustu árum, m.a. núna undanfarið, vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki komið frá sér neinum tillögum í sambandi við málefni Útvegsbankans. Það er auðvitað stóralvarlegt mál ef málefni Útvegsbankans eiga að fá að ganga þannig fyrir sig, enn þá marga mánuði, áður en til aðgerða verður gripið. Það er jafnljóst, virðulegi forseti, að verði ekki gripið til aðgerða, þ.e. verði ekki mál flutt hér inn í þingið núna næstu sólarhringa, verður Útvegsbankamálið ekki leyst fyrir kosningar. Sá dráttur sem orðið hefur í því máli skrifast auðvitað á reikning viðskrn. og hvernig það hefur haldið á þessu máli, skrifast á reikning þeirra sem hafa viljað taka framkvæmd á kenningum Miltons Friedmans fram yfir veruleika íslensks efnahagslífs, sem er að taka á bankakerfinu og vandamálum þess. Ég vil þess vegna leyfa mér að inna hæstv. forsrh. eftir því í umræðum um þingsköp hvenær þess sé að vænta að þessi mál verði flutt hér inn í þingið í formi þingskjala eða gagna sem lögð yrðu fyrir þingflokka stjórnarandstöðunnar.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Svo háttar um bæði þau mál sem hv. þm. nefndi að þau eru til meðferðar í viðkomandi ráðuneytum, annað hjá hæstv. fjmrh. og hitt hjá hæstv. viðskrh. Að þeim er unnið þar af fullum krafti. Að máli um staðgreiðslukerfi skatta er unnið m.a. í samráði við ýmsa aðila í þjóðfélaginu, t.d. fulltrúa sveitarfélaganna, og jafnframt tekið tillit til þeirra óska sem fram komu frá aðilum vinnumarkaðarins. Grundvallarhugmyndir, sem að baki liggja, hafa verið kynntar og ræddar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar.

Ég get því miður ekki svarað því hvenær frv. verður tilbúið þótt ég viti að að því er unnið mjög ötullega. Ég skal koma þeim óskum til hæstv. fjmrh. að stjórnarandstaðan fái að kynnast málinu svo fljótt sem hann sér tök á því. Ég er hv. þm. sammála um að til að auðvelda meðferð þess máls á þingi er sú málsmeðferð að öllum líkindum nauðsynleg með tilliti til þess hve skammur tími er til stefnu. Ég mun því ræða þetta við hæstv. fjmrh.

Um bankamálið svonefnda er svipað að segja. Það hefur að vísu haft miklu lengri aðdraganda og málsmeðferð en er núna í athugun hjá stjórnarflokkunum eftir að mistókst að koma á fót þeim einkabanka sem Seðlabankinn lagði til að gert yrði. Það var tillaga hans nr. eitt. Er nú verið að athuga sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka og ýmis atriði í því sambandi. Ég geri ráð fyrir að niðurstaða af þeirri athugun liggi fyrir allra næstu daga. Sömuleiðis get ég upplýst hv. þm. um það að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum liggur í raun flest allt fyrir í því máli ef það verður niðurstaðan að sameina Útvegsbanka og Búnaðarbanka. Frv. ætti því að geta verið tilbúið mjög fljótlega. Ég vil ekki heldur nefna dagsetningar í þessu sambandi en hæstv. viðskrh. og allri ríkisstjórninni er að sjálfsögðu ljóst, eins og hv. þm., að það er afar aðkallandi og reyndar óhjákvæmilegt að málefni Útvegsbankans verði afgreidd á þessu þingi.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið. Ég lýsi því yfir f.h. Alþb. að við erum reiðubúin til þess að taka á þessum málum strax og færi gefst. Ég tel í rauninni að það sé fyrir neðan allar hellur ef þessu þingi lýkur án þess að tekið verði á þessum málum báðum sem er verið að ræða um. Þar mega engar tafir verða á. Hitt er náttúrlega engin hemja þegar svo skammt er eftir af þinghaldi að stjórnin skuli ekki sjá til þess að upplýsingar berist jafnharðan og athugun fer fram til stjórnarandstöðuflokka. Það er í rauninni ekki nokkur hemja. Ég vil gagnrýna það mjög alvarlega og fara jafnframt fram á það við hæstv. forsrh. að hann greini ríkisstjórn sinni frá því að hér hafi komið fram óskir um það frá Alþb. að þessi mál berist hér inn hið allra fyrsta, ef ekki í formi þskj. þá til okkar þingflokks, þannig að unnt verði að fara yfir málið tafarlaust.

Umboðsmaður Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 523.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um umboðsmann Alþingis. Ég gat þess áðan, er ég mælti fyrir frv. til stjórnsýslulaga, að mjög væri æskilegt ef ekki nauðsynlegt að þessi tvö frv. fylgdust að. Aðdragandi og undirbúningur þessa frv. er mjög svipaður því sem ég lýsti í fyrri framsöguræðu

minni. Undirbúningur hófst hjá þeirri nefnd sem ég skipaði í upphafi stjórnarsamstarfsins. Reyndar hefði verið unnt að leggja þetta frv. fram hér fyrr, en þeir sem til voru kvaddir töldu svo nauðsynlegt að þessi tvö frv. fylgdust að ég ákvað að bíða með framlagningu þessa frv. þar til frv. til stjórnsýslulaga væri tilbúið.

Í þessu frv. er lagt til að stofnsett verði embætti umboðsmanns Alþingis. Hlutverk hans yrði að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt því sem nánar er fyrir mælt í frv. Mönnum hefur orðið æ ljósara með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdarvaldi að tryggja þarf betur en gert er að réttur sé ekki brotinn á einstaklingum, að rangindum verði ekki beitt við málsmeðferð hjá stjórnvöldum landsins og að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því að lögum sé fylgt.

Með því að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis samhliða því sem lögfestar væru reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni skapar þingið einstaklingum tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti. Er með því tvímælalaust komið til móts við vaxandi óskir almennings um hert aðhald að stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og stjórnsýslunarmönnum frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaðurinn rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Hvílir þá sú skylda á stjórnvöldum að taka mál upp að nýju til afgreiðslu og úrskurðar í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins.

Með þessum hætti er stuðlað að auknu réttaröryggi borgaranna, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og virkari.

Hugmyndin um embætti umboðsmanns þjóðþingsins er komin frá Norðurlöndum. Áður hafa ýmsar tillögur verið fluttar á hinu háa Alþingi, eins og rakið er m.a. í athugasemdum við frv. Á 92. löggjafarþingi 1971–1972 var samþykkt þáltill. Péturs Sigurðssonar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Á 94. löggjafarþingi 1973–1974 var lagt fram stjfrv. um umboðsmann Alþingis, en það varð ekki útrætt. Á 98. löggjafarþingi 1976–1977 var Pétur Sigurðsson 1. flm. frv. um sama mál og varð það ekki útrætt. Á sama þingi flutti Benedikt Gröndal frv. til l. um umboðsnefnd Alþingis sem þjóna átti hliðstæðu hlutverki. Á 100. löggjafarþingi 1978–1979 fluttu Ellert B. Schram og fleiri þáltill. þar sem skorað var á ríkisstjórnina að leggja fram frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Sú till. varð heldur ekki útrædd. Á 108. löggjafarþingi 1985–1986 fluttu Gunnar G. Schram og fleiri frv. um umboðsmann Alþingis sem var samhljóða stjfrv. frá 1973. Það frv. varð ekki útrætt og hefur verið lagt fram á ný af sömu þm. á þessu þingi. Það frv. sem þar er um að ræða var flutt á þinginu 1973–1974 af þáv. ráðherra Ólafi heitnum Jóhannessyni og var að mestu leyti samið af Sigurði Gizurarsyni nú bæjarfógeta á Akranesi. Með því frv. fylgdi ítarleg og vönduð grg. og þykir rétt að vísa til hennar í heild. Hana er að finna í Alþingistíðindum A-deild 1973–1974, bls. 703–727.

Af því sem ég hef nú rakið má sjá að þessu máli hefur æðioft verið hreyft hér og reyndar tilraunir gerðar að fá embætti slíks umboðsmanns lögfest bæði af ríkisstjórn og af hv. alþm. og liggur m.a. frv., sem áður hefur verið flutt eins og ég hef rakið nú, í nefnd hér á hinu háa Alþingi.

Eins og ég einnig nefndi á þetta rætur að rekja til fyrirkomulags sem tíðkast núorðið á Norðurlöndum. Þegar samanburður er gerður við nágrannalöndin kemur í ljós að embætti umboðsmanns var sett á stofn í Svíþjóð árið 1809 og er því orðið æðigamalt, í Finnlandi 1919, í Danmörku 1954 og í Noregi 1963. Þykir reynslan af þessu fyrirkomulagi góð og ýmis ríki veraldar hafa farið að fyrirmynd Norðurlanda í þessu efni.

Samkvæmt frv. þessu stendur umboðsmaður Alþingis utan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem sjálfstæður og hlutlaus aðili. Hann fjallar um þau mál sem fólk ber undir hann þegar því þykja stjórnvöld hafa gert á hlut sinn. Þannig á umboðsmaður að geta orðið hlífðarskjöldur borgaranna gegn mistökum eða vanrækslu frá hendi stjórnvalda. Hann rannsakar mál og segir álit sitt. Það gerir hann fólki að kostnaðarlausu og með sem skjótustum hætti. Honum er ætlað að kanna mál með hlutlausum hætti og ekki að verða málflytjandi almennings gegn stjórnvöldum. Fyrir þá sök eru stjórnvöld líklegri til að virða álit hans. Þótt umboðsmaður sé trúnaðarmaður Alþingis ber honum jafnframt að gæta hlutleysis og sjálfstæðis gagnvart því. Þingið á ekki að hafa áhrif á afgreiðslu hans á einstökum málum. Hins vegar verður umboðsmaður vitaskuld að fara eftir ákvæðum laga um umboðsmann og reglum sem sameinað Alþingi kann að setja um störf hans, sbr. 15. gr. frv.

Alþingi kýs umboðsmann sem trúnaðarmann sinn. Honum er þannig skipaður sess utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Tengsl hans við Alþingi eru til þess fallin að auka honum álit og veita orðum hans mikið vægi.

Staða umboðsmanns stendur og fellur með því áliti sem hann nýtur því hann hefur ekki vald til að knýja fram vilja sinn og skoðun. Til starfsins þurfa því að veljast menn sem almennrar viðurkenningar njóta.

Umboðsmaður þarf að vera þeim kostum búinn sem krafist er af hæstaréttardómurum og lögfræðikunnátta er þar ómissandi. Hins vegar er lögð á það áhersla að án laga um málsmeðferð í stjórnsýslunni yrði umboðsmaður nánast á flæðiskeri staddur því að erfitt er að beita reglum af þessu tagi gagnvart stjórnvöldum án nokkurrar stoðar í settum lögum. Mun ég nú víkja nánar að einstökum greinum frv.

Gert er ráð fyrir því í 1. gr. frv. að umboðsmaður

sé kosinn af sameinuðu þingi að loknum hverjum kosningum til Alþingis. Er talið að það sé til þess fallið að auðvelda umboðsmanni störf ef hann sækir umboð sitt beint til meiri hluta þess þings sem situr hverju sinni. Er hér stuðst við danska fyrirmynd, en í stjfrv. frá 1973 var gert ráð fyrir að kosning umboðsmanns væri hverju sinni til fjögurra ára án tillits til þess hversu lengi þing sat og þurfti kjörtímabil umboðsmanns og Alþingis því ekki að fara saman. Gera verður ráð fyrir að umboðsmanni sé styrkur í því að hafa ætíð meiri hluta þings á bak við sig þótt hins vegar megi ganga að því sem vísu að umboðsmaður sem staðið hefur sig vel verði endurkjörinn þótt þingmeirihluti breytist, enda er hér alls ekki um pólitískt starf að ræða.

Í 2. málsgr. 1. gr. er fjallað um hvernig fara skuli ef umboðsmaður lætur af starfi áður en kjörtímabili lýkur. Í samræmi við danskar reglur og í samræmi við þá skipan að umboðsmaður sækir umboð sitt beint til Alþingis þykir einnig eðlileg sú regla að meiri hluti allra alþingismanna geti vikið umboðsmanni úr embætti. Í stjfrv. frá 1973 var gert ráð fyrir að ⅔ hluta atkvæða í sameinuðu þingi þyrfti til að svipta umboðsmann starfi sínu og var þar stuðst við norsku regluna.

Í 2. gr. frv. er sett meginregla um hlutverk umboðsmanns. Ætlast er til að umboðsmaður bregði við og kanni stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga þegar hann fær til þess sérstakt tilefni, t.d. kvörtun eða með öðrum hætti vitneskju um atvik sem hann telur rétt að kanna nánar. Þá er lögfest að málefni manna beri í stjórnsýslunni að afgreiða eftir almennum lagasjónarmiðum en ekki geðþótta. Sú regla hefur raunar verið talin gilda hér eins og í öðrum réttarríkjum þótt ólögfest sé.

Í 3. gr. frv. er fjallað um valdsvið umboðsmanns gagnvart sveitarstjórnum. Að vissu marki ráða sveitarfélög sjálf málefnum sínum, en sæta hins vegar eftirliti landsstjórnarinnar samkvæmt því sem ákveðið er í lögum. Þetta frv. tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til þess hvaða ákvarðanir sveitarstjórna eru bundnar eftirliti landsstjórnarinnar. Um það er fjallað í öðrum lagaákvæðum. T.d. má þar benda á 11. gr. frv. til stjórnsýslulaga sem lagt er fram samhliða þessu frv. Valdsvið umboðsmannsins gagnvart sveitarstjórnum verður hins vegar það sama og landsstjórnarinnar. Telja verður nauðsynlegt að umboðsmaðurinn hafi sjálfstæða stöðu í einstökum málum og taki ekki við fyrirmælum annars staðar frá og er í 4. gr. frv. leitast við að tryggja það.

Í 5. gr. er kveðið á um að umboðsmaður taki mál til meðferðar, þ.e. gagnaöflunar og rannsóknar, hvort heldur er eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess að vísað er frá þeim kvörtunum sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru augljóslega ekki á rökum reistar. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar. Að sjálfs sín frumkvæði tekur umboðsmaður mál til meðferðar ef honum þykir tilefni til, t.d. vegna vitneskju úr fjölmiðlum. Umboðsmaður er ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls heldur getur hann tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar sem enginn einn starfsmaður eða stjórnvald er riðið við.

Í 6. gr. er kveðið á um formskilyrði sem kvörtun þarf að fullnægja. Þá er einnig kveðið á um fresti í málum sem bera skal undir umboðsmann og nánar um það fjallað í athugasemdum með frv.

Í 7. gr. er fólgin víðtæk heimild umboðsmanns til að krefja stjórnvöld um upplýsingar og jafnframt heimild til að krefjast vitnaleiðslu um atvik er honum þykja máli skipta.

Eðli málsins samkvæmt er í 8. gr. kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns og starfsmanna hans sem helst jafnvel þótt látið sé af starfi.

Í 9. gr. er ákvæði sem ætlað er að tryggja að málsmeðferð sé drengileg gagnvart því stjórnvaldi sem í hlut á. Jafnan ber að gefa stjórnvaldi kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur því með álitsgerð.

Í 10. gr. er fjallað um hverjar lyktir kvartanir til umboðsmanns geti fengið. Í fyrsta lagi kann mál að vera svo vaxið að það uppfylli ekki skilyrði laganna til að mega hljóta meðferð og ber þá að tilkynna kvartanda það og ljúka þar með málinu. Gangi mál hins vegar alla leið lýkur því með álitsgerð. Áhersla skal lögð á að álitsgerð umboðsmanns er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir kvartandann né fyrir stjórnvaldið sem hlut á að máli. Í álitsgerð geta falist tilmæli, gagnrýni, ráð eða leiðbeiningar, allt eftir eðli málsins hverju sinni. Er þetta sami háttur og ríkir í Noregi og Danmörku, þ.e. að álitsgerðir umboðsmanns eru ekki formlega skuldbindandi. Hins vegar er þess að vænta hér eins og þar að álit umboðsmanns verði jafnan talið vega þungt þannig að farið sé að áliti hans og tilmælum.

Auk þess að segja álit sitt á lagaatriðum getur umboðsmaður látið uppi álit á því hvort stjórnvöld hafi farið að með nægilegri nærgætni eða sanngirni. Þannig má hann láta uppi álit á hreinum matsatriðum sem ekki hafa beina lagalega þýðingu í skiptum aðila. Þá er í þessari grein einnig gert ráð fyrir þeirri sjálfsögðu reglu að umboðsmaður geri yfirvöldum viðvart ef um er að ræða brot sem varða viðurlögum.

Umboðsmaður Alþingis getur samkvæmt ákvæði 11. gr. frv. látið til sín taka ef hann verður þess áskynja að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Gætu þeir t.d. verið fólgnir í misræmi milli ákvæða, prentvillum, óskýrum texta og einnig í efnisákvæðum svo sem mismunun milli manna, reglugerðarákvæði, skorti lagastoðar o.s.frv.

Samkvæmt 12. gr. frv. skal umboðsmaður árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi sína og getur úrlausn hans í einstökum málum orðið leiðbeinandi í fjölda annarra mála. Í 2. málsgr. þessarar greinar er kveðið á um að komi í ljós stórvægileg mistök eða

afbrot stjórnvalds getur umboðsmaður látið þar við sitja að gefa Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn sérstaka tilkynningu um málið. Er honum ekki skylt að fjalla einnig um málið í ársskýrslu.

Í 3. málsgr. 12. gr. er ákvæði sem ætlað er að veita umboðsmanni vörn gegn ágangi fjölmiðla og annarra sem sækjast munu eftir vitneskju um hvernig umboðsmaður hefur farið með mál. Er algjörlega lagt í vald umboðsmanns hvernig hann skýri opinberlega frá málum.

Í 13. gr. frv. er að finna ákvæði sem tryggja eiga virðingu, fjárhagslegt sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns í starfi.

Þá er 14. gr. til þess fallin að tryggja enn betur sjálfstæði umboðsmannsins með því að hann ræður sjálfur hverja hann velur sem starfsmenn sína.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að það öðlist gildi sem lög sama dag og stjórnsýslulög sem ég mælti fyrir áðan. Ég hef lagt á það áherslu að þessi tvö frv. þurfa að fylgjast að.

Ég vil jafnframt leggja á það áherslu, sem áður hefur komið fram í máli mínu, að ég tel að með samþykkt þessara frv. væri stigið mjög stórt skref í þá átt að tryggja borgurum þessa lands öryggi í samskiptum sínum við stjórnvöld. Á því tel ég fulla þörf og tala þar af töluverðri reynslu. Ég hef orðið var við það, og satt að segja í vaxandi mæli á síðari árum, að borgarar landsins koma til ráðherra, oft ekki síst til forsrh., með málefni sem þeir telja að ekki hafi fengið rétta og eðlilega málsmeðferð í stjórnkerfinu, oftast hjá stjórnarráði eða stofnunum ríkisins, stundum reyndar einnig í dómkerfinu.

Án þeirra stjórnsýslulaga sem ég mælti fyrir áðan og án umboðsmanns er oft erfitt að greiða götu slíkra aðila. Þótt það sé reynt eins og kostur er er ekki sá stuðningur þar á bak við sem nauðsynlegur er. Ég hef því sannfærst um það, virðulegi forseti, betur og betur með hverju árinu að orðið er tímabært í okkar þjóðfélagi, sem stöðugt verður stærra og flóknara, að starf umboðsmanns verði sett á fót. Vil ég leyfa mér að vona að það geti orðið á þessu þingi.

Í nefnd liggur annað frv. um umboðsmann sem ég hef lítillega minnst á og er að mörgu leyti mjög sambærilegt við þetta. Ég hef minnst á, hygg ég, tvö atriði sem eru á annan veg og nokkur fleiri munu þau vera en smávægileg. Ég tel mikilvægt að þessi frv. verði unnin saman og frá nefndinni megi síðan koma frv. sem menn geta orðið ásáttir um og fáist lögfest á þessu þingi.

Ég vil svo gera að tillögu minni að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég tek til máls um frv. til l. um umboðsmann Alþingis sem er stjfrv., 294. mál þessa þings, og hefur forsrh. nýlokið við að mæla fyrir því hér í deildinni við 1. umr.

Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. liggur þegar fyrir Alþingi frv. um þetta sama mál. Það er 28. mál þess þings sem nú situr og er frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Flm. eru auk mín Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson. Þetta sama frv. var flutt á síðasta þingi af sömu flm. án þess að hljóta þá afgreiðslu. Nú hafa þau tíðindi gerst að fram er komið stjfrv. um þetta sama mál sem við heyrðum kynnt af hálfu forsrh. fyrir skammri stundu. Það frv. er nánast samhljóða því frv. sem við fjórir þm. Sjálfstfl. flytjum á þessu þingi og fluttum í fyrra. Það er raunar ekki nýtt mál í þingsölum heldur hefur því allnokkrum sinnum verið hreyft hér áður, ýmist í frumvarpsformi eða formi þáltill., og þá af þm. úr ýmsum flokkum og eitt sinn sem stjfrv. Frv. okkar byggir í megindráttum á fyrra frv.

Eins og ég sagði er sáralítill munur á frv. okkar þm. Sjálfstfl. og þessu stjfrv. Eins og fram kom í framsöguræðu forsrh. er þar fyrst og fremst um að ræða tvö atriði, þ.e. hvenær umboðsmaður skuli kjörinn af Alþingi. Það er gert ráð fyrir í stjfrv. að það sé eftir hverjar kosningar, en í hinu frv. á fjögurra ára fresti, og jafnframt að ekki þurfi nema meiri hluta þings til að víkja honum úr starfi en í frv. okkar þm. Sjálfstfl. er gert ráð fyrir að þar sé um ⅔ hluta þm. að ræða.

Efnislega er þetta sama frv. Það leiðir því af sjálfu sér að ég fagna því að ríkisstjórnin hefur nú haft frumkvæði um að leggja fram frv. til l. um þetta mál því að óneitanlega gefur það manni meiri vonir um framgang góðra og nýtra mála hér á Alþingi ef þau eru lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hér er tvímælalaust um mjög merkt mál að ræða og miklu merkara en þingheimur virðist hafa áttað sig á á liðnum árum, því alloft hefur þessu máli verið hreyft hér, og sennilega miklu merkara en fólk almennt áttar sig á einnig. Það er einfaldlega vegna þess að þjóðfélagið hefur tekið gífurlegum stakkaskiptum á síðustu áratugum og jafnvel á síðustu árum. Vegir stjórnsýslunnar eru orðnir miklu flóknari, boðleiðir ógreiðari milli borgaranna og stjórnvalda og miklu óljósara fyrir hinn almenna borgara hvaða ráðum hann á að beita til að leita réttar síns oft og tíðum. Stofnun embættis umboðsmanns Alþingis er ein leið og kannske besta leiðin til að greiða úr þeim erfiðleikum sem borgarinn á í þegar hann freistar þess að leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum í þjóðfélaginu. Það þarf að vera á grundvelli skýrra lagareglna sem er ástæða þess að nauðsynlegt er að samþykkja þá stjórnsýslulöggjöf sem um var rætt undir síðasta dagskrárlið.

Við gerðum tillögu um að sett yrði á stofn embætti umboðsmanns Alþingis því að þar er um að ræða hinn sanna vin „litla mannsins“ í þjóðfélaginu, ef orða á þetta í hnotskurn. Það er maður sem á að tryggja réttaröryggi borgaranna í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins. Það er kjarni málsins. Með því að setja þetta embætti á laggirnar skapar þingið einstaklingnum í þjóðfélaginu, öllum borgurum, tækifæri til þess að leita réttar síns með skjótum og

áhrifaríkum hætti í málum sem ekki heyra beint undir dómstólana. Dómstólaleiðin er vitanlega alltaf fær, en það eru mörg mál sem ekki heyra undir dómstólana og það hefur ekki verið ljóst hvernig menn hafa átt að ná rétti sínum í þeim efnum. Hér er tvímælalaust komið til móts við vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum. Það hafa verið uppi ýmsar raddir um það ásamt óskum um meiri valddreifingu, þ.e. aukið aðhald að stjórnvöldum og hreinskiptni þeirra og skilvirkni í skiptum við borgara landsins. Umboðsmaðurinn er embættismaður sem ekki heyrir undir ráðherra. Hann heyrir undir Alþingi og hann er maður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir á einhvern hátt hafa verið misgert við sig. Hann rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um hvernig menn skuli fá leiðréttingu sinna mála. Þá hvílir sú skylda á stjórnvöldum að taka mál upp að nýju til afgreiðslu og úrskurðar í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins.

Þetta er í mjög fáum orðum hlutverk þessa nýja embættis, þessa nýja starfs. Með þessu verða mannréttindi tvímælalaust betur tryggð í þjóðfélaginu en nú er og stjórnsýslan, sem mörgum þykir nú orðið mikill frumskógur, gerð miklu skilvirkari og réttlátari en nú er. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu.

Menn segja: Er ekki ástæðulaust að vera að bæta einni silkihúfunni enn ofan á þær sem fyrir eru í stjórnkerfi ríkisins? Hér er vitanlega um einhvern kostnað að ræða sem af slíku embætti leiðir. Þó svo að hér sé fyrst og fremst um einn mann að ræða þarf hann ugglaust einhverja aðstoð, en sá kostnaður er sáralítill miðað við þann árangur og mikilvægi og þýðingu þess starfs sem hér er gerð tillaga um.

Ég minni á í þessu sambandi að auk þess að þetta mál hefur verið síðustu tvo áratugina árangurslaust til umræðu í sölum Alþingis hefur stjórnarskrárnefnd Alþingis, sem situr að störfum, fyrir nokkru gert tillögu í þessu efni. Í skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem *send var þingflokkunum í janúar 1983, er lagt til að í* stjórnarskránni verði embætti umboðsmanns lögbundið, þ.e. það verði ekki aðeins fest í lögum frá Alþingi heldur einnig sett í stjórnarskrá landsins til frekari tryggingar. Í þeim tillögum stjórnarskrárnefndar er umboðsmanninum kosið hið forna heiti „ármaður" og lagði nefndin til að eftirfarandi stjórnarskrárákvæði væri tekið upp og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa það stutta ákvæði, en þar segir svo:

„Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum. Sérhver sá sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda getur leitað til ármanns um erindi sitt."

Um þessa tillögu voru fulltrúar allra flokka í nefndinni sammála og lögðu til að þetta yrði tekið upp við endurskoðun stjórnarskrárinnar og þessi tillaga var tekin óbreytt upp í frv. það til nýrra stjórnskipunarlaga sem formaður nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen þáv. forsrh., lagði fram á 105. löggjafarþinginu vorið 1983.

Ég tek undir þau orð hæstv. forsrh. að allshn. skoði bæði þessi frv., sem eru nauðalík eins og ég sagði, og felli þau saman í eina heild og lýsi að lokum þeirri von minni að þetta frv., svo gagnlegt sem það er, megi verða að lögum á yfirstandandi þingi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að koma á framfæri fáeinum skýringum til viðbótar því sem ég sagði áðan, sérstaklega með tilvísun til þess að það liggja fyrir tvö frv.

Frv. það sem hv. þm. vísaði til og ég rakti reyndar nokkuð var flutt af Ólafi Jóhannessyni 1973–1974. Ég held að ég fari rétt með að það sé óbreytt flutt nú af hv. þm. Það er rétt að meginmunur á þessum tveimur frv. felst í því sem ég lýsti áðan og fram kemur í 1. gr., um kjör umboðsmanns, en það er einnig annað sem felur í sér nokkurn mun. Í frv. því sem ég mælti fyrir er gert ráð fyrir að sameinað Alþingi setji reglur um störf umboðsmanns, en í eldra frv. er gert ráð fyrir að sameinað þing kjósi fimm manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns.

Ég tek undir að þetta eru ekki mjög miklar breytingar. En til viðbótar þessu er ýmis framsetning nokkuð frábrugðin, kannske orðalagsmunur og fleira þess háttar sem eru ekki efnislegar breytingar. Þó vil ég geta þess að þegar vinna að þessu máli hófst fyrir þremur árum eða rúmlega það kom mjög til tals að flytja stjfrv. frá 1973–1974 nánast óbreytt, en horfið var frá því. Þeir sérfræðingar sem til voru kvaddir töldu að þar þyrfti að breyta ýmsum atriðum, eins og nú hefur verið rakið, og alveg sérstaklega lögðu þeir áherslu á að frv. til stjórnsýslulaga fylgdi. Það er raunar sú vinna sem fyrst og fremst hefur tafið að þetta frv. um umboðsmann væri flutt. Það var niðurstaða þeirra að hann væri, eins og ég sagði áðan, nánast á flæðiskeri staddur ef ekki yrðu sett lög um meðferð mála í stjórnkerfinu.

En ég tek undir það með hv. þm. um leið og ég læt þessar frekari skýringar koma fram, sem skýra jafnframt hvers vegna fyrra frv. var ekki flutt, að það er einlæg von mín að allshn. fjalli nú um þetta mál. Hún hefur þegar haft nokkuð lengi til meðferðar það frv. sem legið hefur fyrir þinginu og ég vænti þess að það sé þegar komið í skoðun. Ætti það að flýta fyrir meðferð málsins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð til að fagna *þeirri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem felst í* því frumkvæði að flytja frv. til laga um umboðsmann

Alþingis svo og frv. til laga um stjórnsýslu. Það er enginn vafi í mínum huga að þetta er bæði löngu tímabært og kærkomið frv. Ég furða mig eiginlega á því að jafnsjálfsagt mál skuli ekki hafa fengist samþykkt fyrr á Alþingi. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en ég las þessi frv. bæði að þetta mál hefði verið svo lengi í meðförum þingsins.

Eftir tæpra fjögurra ára setu á Alþingi geng ég ekki gruflandi að því að það er mjög nauðsynlegt að slíkur aðili starfi í tengslum við þingið vegna þess að á tæpum fjórum árum hafa okkur þingkonum Kvennalistans borist fjölmörg erindi sem sannarlega ættu miklu meira erindi til umboðsmanns Alþingis eða einhvers sem hefði svipaðan starfa með höndum en til okkar, jafnvel þó við höfum reynt að leysa þau eftir bestu getu. Þess vegna vona ég að þetta frv., og bæði frv. reyndar því þau styðjast hvort við annað, verði samþykkt á þessu þingi. Við munum sannarlega stuðla að því eins og við best getum. Við eigum ekki sæti í allshn., en ég vil fara fram á það að önnur hvor okkar þingkvenna sem sitja hér í Nd. fái að fylgjast með afgreiðslu þessa máls sem áheyrnarfulltrúi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

41. fundur, þriðjudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Helgi Seljan):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 27. jan. 1987:

„Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. landsk. varamanns taki 2. landsk. varamaður Sjálfstfl., Sturla Böðvarsson sveitarstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Kristín Halldórsdóttir,
forseti Nd."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka þetta kjörbréf til meðferðar. Fundinum er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sturlu Böðvarssonar sveitarstjóra, en þess er óskað að vegna forfalla 1. landskjörins varaþingmanns Sjálfstfl. taki Sturla Böðvarsson, sem er 2. landsk. varaþingmaður Sjálfstfl., sæti á Alþingi í fjarveru hv. þm. Ólafs G. Einarssonar 9. landsk. þm. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (Helgi Seljan):

Sturla Böðvarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og býð ég hann hér með velkominn til starfa.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar ⅕ þm. er kominn með fjarvistarleyfi hlýtur það að vera umræðuefni hér á þinginu hvort forseti hafi kynnt sér 34. gr. fundarskapa, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Það hlýtur að vera eðlilegt að þeir sem fara af landi brott um lengri tíma kalli inn varamenn. Geri þeir það ekki skapa þeir erfiðleika við nefndarstörf í þinginu þar sem svo er ákveðið að ákveðinn fjöldi þm. þurfi að mæta svo að nefnd geti haldið fund og í sumum tilfellum gerist það að það eru tvær nefndir samtímis að störfum sem viðkomandi þm. á sæti í. Ég tel að það sé mikil nauðsyn að einhver heildarregla sé sett um hversu lengi þm. geta verið með fjarvistarleyfi án þess að kalla inn varamann. Og ég vil beina þeim orðum mínum til forseta að hann upplýsi hve stór hópur þeirra sem hér eiga hlut að máli er erlendis og hve lengi þeir aðilar munu verða því að vissulega hlýtur á það að reyna þegar jafnstór hópur er orðinn fjarverandi og ⅕, hvort það sé forsvaranlegt að standa þannig að málum að ekki séu kallaðir inn varamenn.

Forseti (Helgi Seljan):

Út af orðum hv. 5. þm. Vestf. vil ég upplýsa hann um að ég hef lesið 34. gr. og átti reyndar þátt í að ganga frá henni í núverandi þingsköpum. Sá sem nú gegnir störfum forseta hefur ekki rannsakað svo ástæður þeirra sem beðið hafa um fjarvistarleyfi. Í raun og veru hefur sá sem hér stendur meiri áhyggjur af þeim sem ekki mæta og biðja ekki um fjarvistarleyfi því að meginskylda manna ef þeir geta

ekki mætt af einhverjum ástæðum er sú, eins og hv. þm. kom inn á, að biðja um fjarvistarleyfi ef þeir af einhverjum ástæðum geta ekki sótt þingfundi.

Ég hef ekki rannsakað ástæður hvers og eins þeirra þm. sem hér hafa beðið um fjarvistarleyfi. Ég reikna með því að það séu góðar og gildar ástæður í hvívetna. Um það hefur verið deilt í hve ríkum mæli menn skuli taka inn varamenn þegar farið er út til stuttrar dvalar, tveggja, þriggja daga eða eitthvað svoleiðis, *og jafnvel verið gagnrýnt á Alþingi, en* hins vegar veit ég að hv. 2. varaforseti Sþ. muni verða mér hjálplegur að koma þessum skoðunum áleiðis til aðalforseta Sþ. þegar hann kemur frá útlöndum.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það getur oft verið spurning hvenær eigi að kveðja til varamenn í fjarveru aðalþingmanna. Það hefur orðið til umræðu hér áður svipað tilvik. Ég tel það út af fyrir sig eðlilegt að ef þm. eru fjarverandi á fundartímum, ég tala nú ekki um dag eftir dag, séu kvaddir til varaþingmenn.

Það kemur upp í huga minn við þessa umræðu hvort hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson muni hafa kvatt inn varamenn í sínum fjarvistum á undangengnum mánuðum. Nú hefur hv. þm. verið — að vísu innanlands — fjarverandi. En það skiptir í mínum huga ekki máli hvort menn eru hérlendis eða þarlendis ef þeir eru fjarverandi á annað borð. Þessari spurningu hlýtur hver og einn að beina til sjálfs sín eins og annarra. Þess vegna spyr ég: Hefur hv. þm. kvatt inn varamann í sínum fjarvistum undanfarið? Og þá kemur kannske spurningin: Hversu miklar fjarvistir eru það? (**Menntmrh.:** Nú vandast málið.) Nú vandast kannske málið, hæstv. menntmrh. Og vandamálið hefur verið ærið mikið hjá hæstv. ráðh. undanfarið þó ekki bætist við. En þetta er spurning sem hver og einn þm. verður að velta fyrir sér. Ég tala nú ekki um ef þingið er hálflamað vegna þess að þm. eru fjarverandi sem mér sýnist að nokkru leyti a.m.k. vera.

Forseti (Helgi Seljan):

Út af síðustu orðum hv. 3. þm. Vestf. vil ég taka fram að deildarfundir munu hafa gengið fram með nokkuð eðlilegum hætti í gær og sömuleiðis sé ég ekki betur en nú sé allvel mannað í þingsal og hafi verið, þannig að ekki sé bein ástæða til þess að reikna með neinni lömun þingstarfa af þeim ástæðum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur borið við og þó sjaldan að ég hef orðið veðurtepptur og ekki komist til þings. Það verður ekki vandtalið ef eftir verður leitað, en ég hef tilkynnt forseta slíka hluti eða reynt að koma boðum þar að lútandi.

En varðandi það hvort þm. eigi að vera erlendis og óska eftir fjarvistarleyfum hlýtur hugsunin að beinast að því hvaða regla gildi um ráðherra. Það fer enginn ráðherra úr landi með sitt vald. Hver og einn einasti verður að skilja það eftir hér áður en hann yfirgefur landið. Svo einfalt er það mál. Þyki hv. 3. þm. Vestf. það torskilin fræði vil ég í einföldu máli segja honum að ég fæ ekki séð að það geti verið rökrétt að önnur regla eigi að gilda um þm. Það er ekki einkamál ráðherra hvort hann verður að skilja valdið eftir í landinu eða hafa það með sér til útlanda. Og þegar þingsköp voru samin á sínum tíma hvarflar það ekki að mér að mönnum hafi dottið í hug að sú regla yrði upp tekin að menn gætu dreift sér um plánetuna á þingtíma án þess að skilja það vald sem þingmennskunni fylgir eftir hér heima. Ég einfaldlega gagnrýni að þannig skuli að málum staðið. Og þó að forseti segi að það komi ekki niður á þinginu að þetta sé gert hygg ég að það blandist engum hugur um að svo er í mjög mörgum tilfellum. Það er frestað að taka mál fyrir og ræða þau vegna þess að það eru fjarvistir.

Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta, en vona að öllum sé ljóst hvað það er sem ég tel raunverulega ámælisvert í þessum efnum. Og þegar hv. 9. landsk. þm. óskar eftir að varamaður verði kallaður til met ég hann fyrir það. Hann gerir sér grein fyrir því að hann starfar ekki á tveimur stöðum samtímis.

Forseti (Helgi Seljan):

Aðeins út af því að hér sé um alvarlegt mál að ræða skal tekið undir það að vissulega eru allar fjarvistir býsna alvarlegar þegar mikið er að gera á Alþingi og mörg mál þarf að taka fyrir. Ekki er það svo samt sem áður að mörg mál verði tekin út af dagskrá fundanna í dag af þeim ástæðum. Hins vegar tek ég það fram að það er sjálfsagt að á sameiginlegum fundi forseta og formanna þingflokka sé þessi vandi ræddur, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur komið inn á, og skal ég koma þeirri orðsendingu hans á framfæri við réttan aðila.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég trúi því ekki að jafngrandvar einstaklingur og hæstv. forseti er, sem nú situr í forsetastól, haldi því fram að hér hafi fundarhöld ekki verið með óeðlilegum hætti í gær í deildum. Ég held að það hafi verið. Hver orsökin kann að hafa leitt til þess skal ég ekkert um fullyrða, hvort það hafi verið fjarvistir erlendis eða innanlands. En annað hvort hefur verið. Það skiptir í mínum huga ekki meginmáli hvort menn eru í útlöndum eða hvort menn ekki sækja fundi vegna þess að þeir eru einhvers staðar annars staðar en hér. Það hlýtur að gilda að mínu viti nokkuð sama um þá hluti. Og það er ekki í fyrsta skiptið sem það kemur fyrir af ýmiss konar völdum að hér er nánast ekki fundarfært. Það gerðist síðast í gær. Þetta hygg ég að öllum sé ljóst.

Síst skyldi ég beina einu eða neinu til hæstv. núv. forseta þó að hann sitji í þeim stól núna til að stýra fundi. Allra manna síst ætti hann slíkar gagnrýnisraddir skildar.

Tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda, ein umr.

Fsp. ÁJ, 199. mál. — Þskj. 211.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég ber fram fsp. til fjmrh. um tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda. Spurt er:

„1. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda á árinu 1985?

2. Hver er uppsafnaður söluskattur af landbúnaðarvörum á árinu 1985?“

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Spurt er: „Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda á árinu 1985?“ Það hefur verið lagt mat á tekjur ríkissjóðs af rekstrar- og fjárfestingarvörum í búrekstri á árinu 1985. Niðurstöður þeirra athugana sýna að ætla má að tekjur ríkissjóðs af rekstrar- og fjárfestingarvörum geti numið allt að 450 millj. kr. á árinu 1985. Sú upphæð skiptist þannig að aðflutningsgjöld nema 80 millj. kr., uppsafnaður söluskattur 280 millj. og fóðurgjald, grunngjald, 90 millj. eða samtals 450 millj.

„Hver var uppsafnaður söluskattur af landbúnaðarvörum á árinu 1985?“ Lausleg áætlun gefur til kynna að uppsafnaður söluskattur í rekstrarkostnaði landbúnaðarvara nemi um 380 millj. kr. nettó á umræddu ári. Þá er átt við uppsafnaðan söluskatt í öllum búrekstri. Sú upphæð greinist þannig í sundur að uppsafnaður söluskattur í rekstrarkostnaði bænda er 280 millj. kr., eins og fram kom í svari við fyrra tölul. fsp., og uppsafnaður söluskattur vegna slátrunar, kjöt- og mjólkurvinnslu 100 millj. kr. eða samtals 380 millj.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör. Mér þykir athygli vert að þessar staðreyndir liggja á borðinu. Það er löngum lögð áhersla á það að frekar séu gjöld af landbúnaði en tekjur, en þarna koma greinargóðar upplýsingar um að málið er ekki svo einfalt. Þarna eru þættir sem skipta verulegu máli og undirstrika að mínu mati mikilvægi landbúnaðarins í landinu.

Rekstur jarðskjálftamæla á Suðurlandi, ein umr.

Fsp. ÁJ, 219. mál. — Þskj. 234.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. fjmrh. um rekstur jarðskjálftamæla á Suðurlandi.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hafa íslensk stjórnvöld tekið afstöðu til þess hvort þau samþykkja að kosta rekstur þeirra jarðskjálftamæla á Suðurlandi sem norrænir jarðskjálftafræðingar hafa sótt um styrk til hjá Norðurlandaráði?“ Þar er um að ræða um það bil 6 millj. kr. sænskra. Og spurt er hvort tekin hafi verið afstaða til þess hvort þessir mælar verði settir upp.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig er áætlað að þessi tækjabúnaður nýtist best við forvarnir og fræðslustarf?“

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrri tölulið spurningarinnar vil ég taka þetta fram: Fulltrúi jarðvísindamanna, sem standa að þessu verkefni, fór þess á leit við fjmrn. að íslensk stjórnvöld gæfu vilyrði fyrir því að rekstrarkostnaður jarðskjálftamælanna yrði greiddur af íslenska ríkinu svo framarlega sem styrkur fengist frá Norðurlandaráði til að koma þeim upp. Að höfðu samráði við samgrn. var fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun falið að rita bréf til fulltrúa vísindamannanna þar sem greint er frá jákvæðri afstöðu stjórnvalda til verkefnisins og að ríkissjóður muni greiða rekstrarkostnað jarðskjálftamælanna ef til kemur í samræmi við það sem ákveðið verður í fjárlögum ár hvert. Þess má svo geta að við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1987 var samþykkt að heimila 500 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni á þessu ári.

Varðandi 2. tölul. fsp. vil ég, með leyfi forseta, vitna í minnisblað frá fulltrúa vísindamanna þar sem segir um verkefnið sem svar við 2. tölul. fsp.:

„Það gagnasöfnunarnet og úrvinnslukerfi vegna jarðskjálfta sem jarðskjálftafræðingar á Norðurlöndum sækja nú um fjármagn til frá norrænu ráðherranefndinni á að hafa eftirfarandi eiginleika:

Að mæla nákvæmlega og safna gögnum um jarðskjálfta á Suðurlandi, m.a. um mjög smáar hræringar sem þarna eru algengar eins og víða annars staðar þótt almenningur verði þeirra ekki var.

Að vinna úr þessum mælingum nánast samstundis upplýsingar sem varða spennuástand svæðisins.

Að vera um leið söfnunar- og úrvinnslumiðstöð fyrir ýmsar aðrar jarðeðlismælingar sem koma að gagni í þessu sambandi.

Að mynda gagnabanka sem nýjar mælingar og hræringar eru samstundis bornar saman við til að uppgötva fljótt breytingar á ástandi.

Verði þetta mæla- og gagnanet þannig að veruleika skapast tækifæri til að safna og vinna úr gögnum í þeim mæli sem útilokað væri með núverandi aðferðum. Um leið er hraði úrvinnslunnar í þessu kerfi svo mikill að hann nægir fyrir jarðskjálftaspár þegar þekkingin verður orðin slík að jarðskjálftaspár verða mögulegar.

Flestir jarðskjálftafræðingar telja að það muni

verða kleift að gefa út gagnlegar jarðskjálftaspár. Hins vegar er ekki ljóst hversu lengi við verðum að bíða þess. Það getur verið mjög mismunandi eftir jarðskjálftasvæðum, m.a. vegna mismunandi eiginleika jarðskorpunnar en ekki síður vegna mismikillar gagnasöfnunar sem fram hefur farið.

Það er ekki nokkur vafi á því að fyrirhugað jarðskjálftanet á Suðurlandi og samstarfið við önnur Norðurlönd um það mun leiða til gífurlega aukinnar þekkingar og skilnings á eðli þessa jarðskjálftasvæðis til gagns fyrir þá sem þar búa og fyrir þá sem búa á öðrum jarðskjálftasvæðum á Íslandi og reyndar um allan heim.

Varðandi beint forvarnargildi er það alls ekki útilokað að þetta kerfi getið komið að gagni til viðvörunar strax þegar uppbyggingu þess er lokið og rekstur þess er kominn í fullan gang.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Það er ljóst að á jákvæðan hátt, fast og ákveðið hefur verið tekið á þessu mikilvæga máli sem varðar viðkvæmasta svæði landsins í jarðskjálftamælingum.

Það er sýnt af þeim upplýsingum sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. að það er ráðgert að færa nokkuð út það svið sem upphaflega var talað um af hálfu vísindamanna í áætlun Norðurlandaráðs. Þar á ég við sérstakar mælingar á efnabreytingum í borholum og útvíkkun á sprungukerfi og það var einnig gott að heyra að fjmrh. hefur tekið undir það jákvætt. En ég vísa til þess að ég flutti fyrr í vetur till. til þál. um uppsetningu viðvörunarbúnaðar og rannsóknir á jarðskjálftasvæði Suðurlands þar sem sérstaklega er fjallað um þessa þætti og voru ekki inni í norrænu áætluninni. En þarna sýnist mér að stefni í rétta átt að reynt sé að skjóta loku fyrir mistök í þeim efnum sem gætu átt sér stað ef ekki væri unnið faglega og vísindalega að rannsókn þessa máls.

Nýjungar í vinnslu landbúnaðarafurða, ein umr.

Fsp. DA, 240. mál. — Þskj. 257.

Fyrirspyrjandi (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Eins og hv. alþm. vita er í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar vikið að landbúnaðarmálum og þar er m.a. að finna eftirfarandi klausu, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á nýjungar í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði."

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu brýnt er að þessi þáttur sé vel ræktur. Því hef ég leyft mér á þskj. 257 að bera fram svofellda fsp. til landbrh.:

„Hvernig hafa stjórnvöld stuðlað að nýjungum í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði?"

Ég tel nauðsynlegt að það liggi fyrir með hvaða hætti núv. hæstv. ríkisstjórn hefur unnið að þessu máli og vænti svars frá hæstv. ráðherra.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 257 hefur hv. 5. þm. Vesturl. spurt um hvernig stjórnvöld hafi stuðlað að nýjungum í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði. Landbrn. hefur viljað gera það sem í þess valdi stendur til að koma á nýjungum og hagræðingu í vinnslu og sölu búvara, enda þótt það hljóti fyrst og fremst að hvíla á fyrirtækjum þeim sem þetta annast að stunda þá starfsemi þar sem þau búa yfir mestri þekkingu og reynslu á þessu sviði. Starf ráðuneytisins hlýtur því að beinast mjög að því að stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem að þessu vinna og styðja við bakið á þeim. Þar hefur ráðuneytið lagt sig fram eins og hægt hefur verið.

Ástæður fyrir því að ráðuneytið sinnir þessari starfsemi eru að sjálfsögðu margar eins og m.a. kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, en þar má benda á að áhrif verðlags búvara ná til margra þátta þjóðfélagsins og í öðru lagi hefur ábyrgð og þátttaka stjórnvalda í þessum efnum óneitanlega aukist verulega með tilkomu búvörusamninganna þar sem ríkið leggur á sig beina söluábyrgð.

Í þessu skyni hafa stjórnvöld fyrst og fremst beitt þremur aðferðum:

a. Með beitingu á reglugerðum sem eru hvetjandi til þess að upp verði tekin aukin hagræðing á þessu sviði.

b. Með skipan nefnda ellegar samstarfshópa hagsmunaaðila þar sem unnið er að sameiginlegum markmiðum og reynt að finna lausnir á þeim vanda sem við blasir. Jafnframt er reynt að auka fræðslu- og rannsóknarstarfsemina með eflingu skóla, rannsóknastofnana og sérstaks námskeiðahalds.

c. Með beinum lánum eða styrkjum sem veitt eru til einstakra verkefna sem tryggt er að komi allri atvinnugreininni að notum eða eru í samræmi við einstök markmið sem sett eru á hverjum tíma, eins og t.d. byggðamarkmið.

Hvað kindakjötið varðar hefur ríkissjóður í samræmi við ákvæði í samningum milli Stéttarsambands bænda og ríkisins um afurðamagn lagt fram á síðasta ári um 10 millj. kr. til að efla sölustarfsemi kindakjöts með auglýsingum og kynningarátaki innanlands umfram það sem söluaðilar sjálfir vörðu til þessara hluta. Þar má nefna auglýsingar í kjölfar aukinna niðurgreiðslna, átak markaðsnefndar vegna auglýsinga á fjallalambinu sem öllum mun vera í fersku minni og kynningu á hagkvæmni þess fyrir neytendur að kaupa kjöt í heilum og hálfum skrokkum. Þar var m.a. gerður veglegur bæklingur ásamt kynningu á árangri nýja kjötmatsins.

Markaðsnefnd landbúnaðarins, sem í sitja m.a. fulltrúar landbrn. og viðskrn., var efld stórlega og réði hún sér starfsmann sem hefur unnið mikið að sölustarfsemi á kindakjöti. Gert var t.d. sérstakt átak þegar leiðtogafundurinn var hér og menn voru sammála um að það hefði tekist vel.

Jafnframt þessu hafa stjórnvöld fylgst nánar en áður með sölumálum og gripið inn í þegar ástæða hefur þótt til og möguleikar verið fyrir hendi til að auka sölustarfsemina. Það bar tvímælalaust árangur á s.l. ári og má benda á að sala á kindakjöti í júlí- og ágústmánuði s.l. var um 900 tonn í hvorum mánuði eftir svona söluátak og var það miklu meira en í mánuðinum þar á undan.

Hvað erlenda markaði varðar má nefna að sölutilraun Félags sauðfjárbænda til Bandaríkjanna var styrkt sérstaklega og nam sú upphæð 1,5 millj. kr.

Markaðsnefnd hefur einnig unnið að málum þar og kannað það erlendis, en það er því miður óhætt að segja að þar mun þyngra fyrir fæti með sölu á kjöti en nokkru sinni fyrr.

Efling hagræðingar í vinnslunni er mikið verkefni og því var skipuð nefnd fyrir allnokkru til að gera úttekt á sláturhúsum og starfsemi þeirra. Hún er búin að vinna mikið starf og mun vera að móta sínar tillögur nú á lokastigi.

Matvæladeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur að undanförnu lagt mikla vinnu í rannsóknir á kindakjöti. Má þar nefna rannsóknir á nýjum geymsluaðferðum. Um beinan árangur af aðgerðum stjórnvalda er ekki gott að segja, en í landbrn. hefur verið gerð áætlun um að beinn árangur af sölustarfsemi á síðasta ári, sem það stóð fyrir, hafi numið milli 500 og 1000 tonnum.

Um mjólkina má segja að gildi það sama og sagt hefur verið um kindakjötið. Niðurgreiðslur á smjöri hafa verið auknar verulega og ríkissjóður og Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafa lagt rúmlega 3 millj. kr. til kynningar á mjókurvörum. Osta- og smjörsölunni hefur verið veittur sérstakur styrkur til að halda vörukynningar í verslunum og jafnframt hefur verið ákveðið að að auðvelda að selja smjör til bakara á lægra verði til þess að það verði notað í stað annarrar vöru. Mjólkurdagsnefnd hefur verið styrkt með fjármagni úr Framleiðnisjóði og margt fleira mætti nefna.

Þá er að geta þess að á s.l. hausti fól ég nefndinni sem gerði úttekt á sláturhúsunum að fjalla einnig um mjólkurbúin og hefur hún þegar hafið það starf. Væntanlega gengur það nokkuð greiðlega fyrir sig vegna þess að það tengist á ýmsan hátt sláturhúsaathuguninni og ætti því að greiða fyrir að þessu verki verði lokið.

Um árangur af mjólkursöluherferðinni er kannske erfitt að fullyrða líka, en þó er hann augljós. Það má benda á að á síðasta ári var sala á mjólk og mjólkurvörum 3,5% meiri en á árinu á undan. Mikill hluti af þeirri aukningu varð síðari hluta ársins þegar árangur af þessari vinnu hafði skilað sér betur.

Fyrirspyrjandi (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þegar tími er naumur, eins og gerist í fyrirspurnatíma, eru því takmörk sett hversu nákvæmlega er hægt að fara í sakir. Eigi að síður þakka ég hæstv. ráðh. fyrir þessi svör. Ég hvet eindregið til þess að það verði duglega unnið áfram að sölumálum landbúnaðarvara. Það er engum blöðum um það að fletta að sölustarfsemin er einn brýnasti þátturinn sem taka þarf á. Ég ætla hins vegar engan dóm að leggja á hvernig til hefur tekist. Ég ætla þó ekki að mótmæla því sem fram kom í svari hæstv. ráðh. að að hluta til hafi ráðstafanir sýnt árangur. En ég þakka hæstv. ráðh. svörin.

Aðstoð við foreldra veikra barna, ein umr.

Fsp. KH, 263. mál. — Þskj. 381.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Aðstöðumunur birtist okkur í ýmsum myndum í þjóðfélaginu sem við viljum þó gjarnan kenna við velferð. Ein þessara mynda hefur nýverið skýrst fyrir þeirri sem hér talar vegna þess að góð vinkona mín varð fyrir því áfalli að barnið hennar varð veikt og hefur þurft að dveljast langdvölum á sjúkrahúsi, á Landspítalanum. Sú er reyndar búsett hér í grenndinni og hefur ekki þurft að brjóta upp heimili sitt eða ferðast um langan veg til að geta verið hjá barninu sínu í veikindum þess, en hún hefur hins vegar orðið fyrir gífurlegu vinnutapi og tekjumissi og kostnaði vegna ferða þótt ekki sé lengra að fara. Heimilishald hefur vitanlega farið úr skorðum og allt er þetta til viðbótar við það tilfinningarót og sálræna álag sem fylgir alvarlegum veikindum, ekki síst þegar börn eiga í hlut.

Í gegnum alla þessa reynslu, sem nú hefur staðið í þrjá mánuði, hefur hún svo kynnst hópi barna og foreldra í svipuðum aðstæðum sem þó geta orðið miklu erfiðari og óviðráðanlegri en hér hefur verið lýst. Nokkrar mæður veikra barna, sem eru til meðferðar á Landspítalanum, hafa kynnst vel á undanförnum vikum og mánuðum og kalla sig í gamni grátkonurnar, en öllu gamni fylgir alvara og vildi ég nú heldur sæma þær heitinu hversdagshetjur. Þær hafa tekið saman nokkrar staðreyndir sem tala sínu máli. Við skulum heyra dæmi:

Fyrsta dæmið er um fimm manna fjölskyldu frá Vesturlandi. Elsta barnið, tíu ára, hefur dvalist meira og minna á sjúkrahúsi s.l. þrjú ár. Læknar mæla eindregið með því að barnið fari ekki út fyrir Reykjavíkursvæðið að vetrarlagi. Móðirin fær eftir langa leit íbúð til leigu á 20 þús. kr. á mánuði og tekur til sín yngri börnin. Faðirinn er bundinn búi heima.

Annað dæmi: Fimm manna fjölskylda frá Vestfjörðum. Yngsta barnið, eins árs, hefur dvalið á

sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu. Fjölskyldan tekur sig upp frá heimabyggð og flyst á mölina í litla íbúð. Faðirinn fer á sjó til að geta séð fyrir sér og sínum.

Þriggja manna fjölskylda frá Norðurlandi vestra. Barnið, fimm ára, hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna í sjö mánuði. Fjölskyldan flytur úr heimabyggð, leigir íbúð á 27 þús. kr., ég vek athygli á leiguupphæðinni, 27 þús. kr. á mánuði, meðan hús þeirra stendur autt heima. Þau geta ekki leigt það.

Fimm manna fjölskylda frá Norðurlandi eystra. Yngsta barnið, sjö ára, hefur dvalist á sjúkrahúsi í hálft ár. Móðirin fékk íbúð leigða í þrjá mánuði á 10 þús. kr. á mánuði og telst mjög heppin.

Fimmta dæmið er fjögurra manna fjölskylda frá Suðurlandi. Yngra barnið er eins árs. Það hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu og móðirin á þeytingi milli landshluta, býr hjá vinum og vandamönnum. Fjölskyldan hugleiðir að bregða búi og flytja nær borginni til að geta verið samvistum við barnið.

Hér er dæmi um fimm manna fjölskyldu frá Suðurlandi. Yngsta barnið, eins árs, hefur dvalið á sjúkrahúsi meira og minna frá fæðingu. Fjölskyldan brá búi og býr í lítilli íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Og síðasta dæmið er um sex manna fjölskyldu frá Suðurnesjum sem er þó ekki lengra frá höfuðborgarsvæðinu en það. Yngsta barnið er þriggja ára og hefur dvalist á sjúkrahúsi s.l. þrjá mánuði og verður þar væntanlega næstu árin. Fjölskyldunni er eindregið ráðlagt af læknum að flytja nær borginni. Hún leigir íbúð á 20 þús. kr. á mánuði á meðan nýtt hús þeirra stendur autt í heimabyggð og er hvorki hægt að leigja það né selja.

Þessi upptalning er eins og gefur að skilja fjarri því að vera tæmandi. Allar þessar fjölskyldur hafa orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu þar sem mæðurnar hafa í flestum tilfellum unnið launuð störf. En eins og nærri má geta er hér um mikinn vanda að ræða og því spyr ég á þskj. 381 um aðstoð við foreldra veikra barna. Þar sem ég er komin yfir tímamörk ætla ég ekki að lesa upp þær spurningar, en vænti svars frá heilbrmrh.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvernig er háttað aðstoð við foreldra veikra barna á landsbyggðinni sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum vegna læknismeðferðar?“

1. Svarið að því er varðar almannatryggingalögin er að þau fjalla ekki um slík tilvik.

2. Heimildarákvæði eru til í reglugerð um sjúkrasjóði stéttarfélaga um styrkveitingar til félagsmanna í þessum tilfellum.

3. Kjarasamningar hafa aðeins komið inn á þessi mál en ekki þó hvað snertir langtíma fjarveru starfsmanna frá vinnu.

4. Heimilt er að veita lækkun á tekjuskattsstofni skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi, er fatlað eða vangefið og er á framfæri umsækjanda og er þá tekið tillit til útgjalda umfram venjulegan framfærslukostnað. Í svipuðum tilfellum eru einnig heimilar greiðslur vegna örorkustyrks fyrir börn.

5. Sveðastjórnir um málefni fatlaðra svo og viðkomandi sveitarstjórnir hafa veitt styrki af þessu tilefni, en engar fastar reglur eru þar um.

2. liður fsp. var: „Fá foreldrarnir greiddan ferðakostnað og hvernig er þeim greiðslum háttað?“

Svarið er þetta: Samkvæmt reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands í reglugerð nr. 70/1982 telst sérstakt fargjald fylgdarmanns því aðeins ferðakostnaður sem sjúkrasamlag greiðir að sjúklingurinn sé tólf ára eða yngri eða ósjálfbjarga. Greinarmunur er gerður á endurgreiðslum vegna langra ferða annars vegar og stuttra og tíðari ferða hins vegar.

Að því er varðar langar ferðir er gert ráð fyrir því að fjallað sé sérstaklega um sjúklinga sem þurfa að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. þrisvar á tólf mánaða tímabili en tvisvar á næstu tólf mánuðum ef þörf verður á framhaldsmeðferð. Sjúklingur þarf að framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1100 kr. en síðari ferðir að frádregnum 550 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri skal miða við hann.

Að því er varðar stuttar og tíðar ferðir er þetta að segja: Sjúklingur þarf að koma til meðferðar eða eftirlits a.m.k. átta sinnum á fjögurra vikna tímabili. Eftir fyrsta mánuðinn endurgreiðir sjúkrasamlag ⅔ hluta kostnaðar við farnar ferðir, enda sé fyrir hendi vottorð læknis með staðfestum komudögum. Síðan endurgreiðir samlag á sama hátt kostnaðinn hálfsmánaðarlega gegn framvísun læknisvottorðs. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með áætlunarbíl eða skipi á hverjum tíma, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Ef ætla má að sannanlegur ferðakostnaður sé lægri skal miða við hann. Ferðakostnaður innanbæjar með leigubíl milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar reiknast einnig til endurgreiðslu samkvæmt framlögðum skýrum kvittunum, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili né bifreið í eigu venslamanns hins sjúka.

Samkvæmt 43. gr. almannatryggingalaganna endurgreiðir sjúkrasamlag ⅞ af einu fargjaldi fylgdarmanns sjúklings í áætlunarferð og er þá ekki sett skilyrði um aldur sjúklings heldur sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo farið að fylgdar sé þörf. Ekki er tekið sérstaklega tillit til þess hvort um foreldri sjúklings er að ræða né heldur það gert að skilyrði sérstaklega.

Í þriðja lagi var spurt: „Hafa foreldrar í eitthvert hús að venda meðan á meðferð stendur?“

Sjúkrahótel Rauða krossins hefur boðið sjúklingum utan af landsbyggðinni upp á gistingu á meðan á meðferð barns stendur. Þannig fær eitt foreldri sem fylgir barni sínu, sem er í meðferð hjá lækni eða í göngudeildarþjónustu sjúkrahúss, gistingu endurgjaldslaust, en sjúkrahótelið þiggur daggjald fyrir hjá sjúkratryggingum. Sé barnið lagt inn á sjúkrahús fellur daggjaldsgreiðslan niður og foreldrið verður þá að greiða fyrir sig sjálft. Daggjald sjúkrahótels Rauða krossins er í dag 1421 kr. Sjúkrahótelið mun flytja bráðlega í nýtt húsnæði við Rauðarárstíg þar sem 28 gistirými standa til boða eins og nú er, en forsenda fyrir þeim flutningi eða kaupum á öðru húsi fyrir sjúkrahótelið er einmitt sú að þar verði aðstaða til gistirýmis fyrir foreldra sem eru með börn sín til lækninga í borginni og það eins þó að barnið sé vistað á sjúkrahúsi ef þörfin er talin brýn að foreldrið sé nærri, eins og oft mundi að sjálfsögðu vera. Þegar barnið væri komið á sjúkrahús er gert ráð fyrir að unnt væri að hýsa foreldrið gegn vægu gjaldi. Til þess þarf þátttöku stjórnvalda og ég fyrir mitt leyti er því hlynnt að það sé gert því að mér er ljóst að hér er vandi á ferðum sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Gistiheimili Landssamtakanna Þroskahjálpar í Melgerði 7, Kópavogi, býður upp á gistirúm fyrir fjóra aðila ásamt börnum. Árið 1985 var um 2000 gistinætur að ræða á þessu heimili. Foreldrum er veitt ókeypis gisting meðan á meðferð stendur og eins þótt barnið sé lagt inn á stofnun meðan húsnæði leyfir. Gistiheimilið er kostað af félmrn.

Að tilstuðlan samtakanna Samhjálp foreldra gáfu kvenfélagið Hringurinn, Rauði krossinn og Krabbameinsfélag Íslands ríkisspítulunum tveggja herbergja íbúð við Leifsgötu 5 í Reykjavík þar sem fyrirhugað er að hafa gistiaðstöðu í lengri eða skemmri tíma fyrir aðstandendur tveggja barna með illkynja sjúkdóma. Ríkisspítalarnir munu annast rekstur íbúðarinnar, en greiðslur fyrir afnot af íbúðinni eru enn óákveðnar, en stefnt er að því að þeim verði mjög stillt í hóf ef þær verða þá einhverjar.

Ljóst er að margt er enn ógert í þessum efnum. Margir foreldrar veikra barna svo og þeir sem koma til Reykjavíkur af landsbyggðinni til að leita sér lækninga eiga oftast nær ekki í önnur hús að venda en hjá vinum og ættingjum eða þá í húsnæði sem þeir taka sjálfir á leigu meðan á meðferð stendur. Í nokkrum tilvikum hefur ráðuneytið haft milligöngu með að útvega húsnæði og þá hefur oft verið leitað samkomulags við félagsmálastofnanir, annaðhvort hér í Reykjavíkurborg eða þá á höfuðborgarsvæðinu, og það í sumum tilfellum tekist og öðrum ekki.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Mér virðist ljóst af svörum hennar að því miður taka ekki lög né reglur á þessum vanda í raun og veru og er fjarri því að nóg sé að gert. Ég kannast við þá kosti sem hæstv. ráðh. nefndi og ég held að það sé afskaplega ljóst, það er það a.m.k. í mínum huga, að þeir duga ekki, duga engan veginn. Ég náði reyndar ekki nákvæmlega skýringum hennar á því hvaða kostir foreldrum bjóðast vegna ferðalaga, en samkvæmt upplýsingum sem ég hef eru ferðir foreldris til og frá heimabyggð ekki greiddar fyrr en farnar hafa verið, ja, ég hélt að það væru þrjár ferðir, mér heyrðist hæstv. ráðh. segja tvær ferðir fram og til baka, þannig að það þarf alla vega að leggja töluvert út fyrir fram. Það er í mínum huga ljóst að þetta er ekki fullnægjandi því að auk angistar vegna veikinda barna sinna, tvístraðra fjölskyldna, öryggisleysis samfara búferlaflutningum o.fl. þurfa þessir foreldrar að fást við mikinn fjárhagsvanda. Það kemur oft til dagvistunar systkina veika barnsins svo að móðirin geti dvalið á spítalanum og kostnaður við það er talsverður. Ég veit um dæmi þess að móðir búsett úti á landi hefur ekki farið heim til sín í þrjá mánuði vegna þess að hún hafði ekki efni á því að lána ríkinu fargjaldið.

Það er húsnæðisvandinn sem er verstur fyrir þetta fólk og það voru mér nokkur vonbrigði að heyra ekki um nein stórhuga áform um að taka á þeim vanda. Mæður utan af landi hafa oft búið hjá vinum og vandamönnum og það sjá allir að það gengur ekki til lengdar.

Alþm. utan af landi kannast við þann vanda sem er samfara tvöföldu heimilishaldi og miklum ferðalögum heiman og heim. Fjármálayfirvöld sýna því skilning og greiða þann kostnað. Ég held að það minnsta sem við gætum gert væri að reyna að leysa húsnæðisvanda þessa fólks, þ.e. foreldra veikra barna. Ég held að það væri ráð að ríkið eða ríkisspítalarnir og sveitarfélög sameinuðust um íbúðir í Reykjavík sem væru leigðar þá fyrir rekstrarkostnaði og leigðu þetta fjölskyldum utan af landi. Þetta er ekki kröfuhart fólk. Það biður ekki um lúxus heldur öryggi. Í mörgum tilvikum gætu mæður veikra barna sameinast um íbúð því að sá stuðningur sem þær geta veitt hver annarri er mikilvægari en fermetrafjöldi.

Að lokum vildi ég upplýsa þingheim um að það er ekki nóg með það að foreldrar veikra barna verði fyrir fjárútlátum, óþægindum og tekjutapi heldur leggja þeir mikla vinnu af mörkum á sjúkrahúsunum sem munar um í þeim alvarlega skorti á starfsfólki sem þar ríkir. Ég skora á hæstv. heilbrmrh., sem ég held að hafi skilning á þessu máli, að kanna þetta betur og finna lausn bæði nú þegar og til frambúðar.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft mikilsverðu máli sem ástæða er til að gefa betri gaum en gert hefur verið. Ég held að ljóst megi vera af orðum hæstv. heilbrmrh. að þetta rúmast ekki innan almannatryggingalöggjafarinnar sem við búum við. En það er eigi að síður mjög stórt skarð sem höggvið er í afkomu einstakra fjölskyldna í landinu. Kannske er það ekki stór upphæð á landsvísu og í slíku góðæri

sem við Íslendingar erum nú taldir búa við ætti þjóðinni ekki að verða það um megn að kippa hér í liðinn. Þetta er mjög breytilegt eftir því hvar fólk er búsett á landinu. Það eru stærri skörð sem þetta heggur í afkomuna hjá fólki sem á heima úti á landsbyggðinni en í nágrenni Reykjavíkur þó að skarðið sé alltaf stórt.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. minntist á sjúkrasjóði stéttarfélaga og kjarasamninga stéttarfélaga. Ég er þeirrar skoðunar að launafólk eigi ekki að þurfa að kaupa sér rétt af því tagi sem hér um ræðir í sjúkrasjóði síns stéttarfélags eða stéttarfélögin sjálf. Hér á samfélagið að sjálfsögðu að koma til skjalanna og borga það sem þarf að borga, en ekki vera að kaupa þetta í gegnum launasamninga með einum eða öðrum hætti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Mig langaði í þessu mikilvæga máli að biðja ráðherra að svara aðeins ítarlegar. Hún benti á tvo kosti. Annar er húsnæði á Leifsgötu sem hefur verið gefið. Mig langaði að spyrja nánar um hvenær það húsnæði kemst í gagnið og hverjum ber það hlutverk að innrétta eða fullgera það húsnæði þannig að það verði íbúðarhæft. Í öðru lagi nefndi hún þær umbreytingar sem eiga að verða á því húsi sem áður var Hótel Hof og Rauðakrossheimilinu er ætlað að flytja í. Hvenær er áætlað að það hús verði tilbúið?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hv. þm. hefur borið fram sjálfstæðar fsp. um gang byggingarframkvæmda á tveimur stöðum í bænum. Það eru vissulega byggingarframkvæmdir sem koma þessu máli við. En fsp. er þess eðlis að ég tel að það verði að koma sjálfstæð fsp. um þetta atriði og ég skal afla þessara upplýsinga. En svör við þessum spurningum fela ekki í sér beint svar við þeirri fsp. sem hér liggur fyrir á þskj. og ber að svara samkvæmt þingsköpum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. Mér finnst þessi ítrekun hv. 3. landsk. þm. koma í mjög eðlilegu samhengi við þessa umræðu.

Lækningarmáttur jarðsjávarins við Svartsengi, ein umr.

Fsp. GGS, 287. mál. — Þskj. 514.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég hef borið fram á þskj. 514 fsp. til heilbrmrh. um könnun á lækningamætti jarðsjávarins við Svartsengi, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverjar eru niðurstöður rannsóknar þeirrar á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi sem fram hafa farið síðustu misseri af hálfu landlæknisembættisins?“

Ástæðan til þess að þessi fsp. er fram borin er sú að fjölmargir Íslendingar og raunar útlendingar einnig bíða með eftirvæntingu eftir því að heilbrigðisyfirvöld landsins ljúki þeim rannsóknum sem undanfarið hafa staðið yfir á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi. Nú þegar hafa fjölmargir þeir sem af húðsjúkdómum þjást, ekki síst af sjúkdómnum psoriasis, leitað sér bata við böð í Bláa lóninu svonefnda sumir með allgóðum árangri en aðrir með prýðilegum árangri.

Það liggur hins vegar í augum uppi hve mikilvægt er að fá það á hreint og kannað í sérfræðilegri rannsókn hver er raunverulega lækningarmáttur vatnsins í Bláa lóninu og á hvern hátt er skynsamlegast að nota það til lækninga. Við hvaða sjúkdómum er það áhrifaríkt? Þannig er eðlilegt að spurt sé. Áhuga á að fá svör við slíkum spurningum er ekki aðeins að finna innan samtaka þeirra mörgu sem af húðsjúkdómum þjást heldur einnig m.a. hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Hugmyndir liggja þegar fyrir um byggingu heilsuhælis og baðlækningastöðvar við Bláa lónið í Svartsengi eða í nágrenni þess og er ekki að efa að það gæti orðið hin nytsamlegasta stofnun. En það er ljóst að sérfræðilegt álit heilbrigðisyfirvalda mun miklu skipta um framgang þess máls og er raunar forsenda fyrir því að hafist verði handa um slíkar framkvæmdir.

Því er að vonum beðið með eftirvæntingu víða á Suðurnesjum og raunar miklu víðar en þar, ég held ég megi segja um land allt, eftir fregnum af því máli sem hér er spurt um, þeirri rannsókn heilbrigðisyfirvalda sem í gangi mun hafa verið að undanförnu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Landlæknisembættið hefur frá því sumarið 1985 staðið fyrir rannsókn á lækningarmætti jarðsjávarvatns við Svartsengi og hér er rætt um lækningarmátt við sjúkdómnum psoriasis. Rannsóknin er gerð að frumkvæði Alþingis og með fjárhagslegum stuðningi heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins. Sumar og haust 1985 tók 21 psoriasis-sjúklingur þátt í rannsókninni. Sjúkdómurinn var á misháu stigi og aldursdreifing hópsins veruleg. Settar voru fram þrjár tilgátur um áhrif böðunar í Bláa lóninu. Sönnuð þótti tilgáta um að þátttakendum þætti sér líða betur eftir böðun en fyrir hana.

Hlutlægt mat á psoriasis-einkennum leiddi í ljós afhreistrun, þ.e. hornhúðin á útbrotum þynnist. Samræmi var milli þess og að þátttakendum þótti kláði minnka og draga úr útbrotum. Roði og útbreiðsla minnkaði ekki. Minnkun steranotkunar var ekki marktæk.

Landlæknisembættið lítur á þessa rannsókn sem

forrannsókn og því nauðsynlegt að framkvæma ítarlegri rannsókn. Forsendur þess eru einkum að forrannsókn hefur ekki fært sönnur á árangur böðunar, en gefið vísbendingu um jákvæðan árangur. Því hefur landlæknisembættið nú í samvinnu við húðlækningadeild Landspítalans hafið samanburðarrannsókn.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna lækningarmátt jarðsjávarvatns við Svartsengi með því að bera saman árangur af daglegri böðun í Bláa lóninu í þrjár vikur og við hefðbundna meðferð á psoriasis, þ.e. ljósameðferð á göngudeild húðlækningadeildar Landspítalans.

Sjúklingar eru fyrst skoðaðir af læknum húðsjúkdómadeildar og ef vissum skilyrðum er fullnægt eru þeir teknir með í könnunina. Þátttakendum er skipt í tvo hópa sem fá sitt hvora meðferðina. Hending ræður í hvorum hópnum einstaklingur lendir.

Annar hópurinn baðar sig í Bláa lóninu þrisvar sinnum á dag, eina klukkustund í senn í þrjár vikur. Hinn hópurinn fær meðferð á göngudeild húðlækningadeildar Landspítalans með UVB-ljósum fimm sinnum í viku. Lengd meðferðar á göngudeild er óákveðin þar sem meðferð er einungis gefin einu sinni á dag fimm daga vikunnar. Báðir sjúklingahóparnir eru skoðaðir fyrir meðferð og síðan á viku fresti þangað til meðferð lýkur. Ljósmynd er tekin á húðsjúkdómadeild á Vífilsstöðum áður en meðferð hefst og við lok meðferðar. Psoriasis telst gróinn þegar ekki finnst húðþykknun eða roði í blettum. Samkvæmt rannsóknaráætlun er talið nauðsynlegt að a.m.k. 16 sjúklingar taki þátt í rannsókninni. Nú þegar hafa níu sjúklingar lokið þátttöku. Gert er ráð fyrir að rannsókn ljúki á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að flytja hæstv. heilbrmrh. þakkir fyrir þau svör sem hún flutti við þessari fsp. um könnun á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi. Mér þykja það góðar fregnir, sem fram komu í máli ráðherrans, að þær forrannsóknir sem þegar hafa farið fram af hálfu landlæknisembættisins á þessu svæði hafi gefið vísbendingar um jákvæðan árangur eins og ég hygg að ráðherra hafi nákvæmlega tekið til orða. Það eru í sjálfu sér mjög ánægjuleg og raunar mikil tíðindi. Það er því eðlilegt að landlæknisembættið hafi viljað halda áfram þessari rannsókn þó forrannsókn sé lokið og það voru góð tíðindi að gert er ráð fyrir að þeirri rannsókn ljúki á þessu ári. Ekki síst í ljósi þess hve jákvæðar þær vísbendingar eru sem þegar hafa fengist.

Ég vil fá að bæta því við að hér er vitanlega um mjög mikilsvert heilbrigðismál að ræða vegna þess að um er að ræða spurninguna um lækningarmátt jarðsjávarins, ekki aðeins að því er snertir þennan sérstaka sjúkdóm þó að athygli hafi fyrst og fremst beinst að honum. Meðferð hefur verið ýmiss konar, m.a. hafa sjúklingar leitað bata erlendis með framlögum frá heilbrmrn. sem maður skyldi halda að þyrfti ekki ef þetta liggur ljóst fyrir eða í miklum mun minna mæli. Hér er einnig spurningin um aðra húðsjúkdóma, gigtarsjúkdóma og ýmsa aðra sjúkdóma, þar sem nýta mætti í framtíðinni þá miklu heilsulind sem margir telja að fyrir hendi sé í Bláa lóninu.

En eins og ég sagði í mínum inngangsorðum er erfitt fyrir leikmenn að slá nokkru föstu í þessum efnum og því var upphaflega beðið um þá sérfræðilegu rannsókn sem nú er meira en hálfnuð.

Ég vil aftur fagna þeim upplýsingum, sem fram komu hjá ráðherra, að lokaniðurstöður muni væntanlega liggja fyrir undir lok þessa árs. Í ljósi þess er hægt að kanna það mál, sem ég vék einnig að, hvort ekki er rétt að koma þarna einnig upp baðlækningaaðstöðu og heilsuhælisaðstöðu á þessum slóðum fyrir þá sem þangað vilja leita.

Skýrsla OECD um íslenska menntastefnu, ein umr.

Fsp. StB, 268. mál. — Þskj. 390.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson):

Herra forseti. Á þskj. 390 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. um skýrslu OECD um íslenska menntastefnu. Spurning þessi er í þremur liðum:

„1. Hver eru áform ráðherra um úrlausn þess vanda í íslenskum menntamálum sem lýst er í skýrslu menntamálanefndar OECD um könnun á íslenskri menntastefnu?“

Þetta er í raun og veru kannske það atriði sem helst þarf svara við.

„2. Hvað hefur ráðuneytið gert í þessum efnum síðan skýrslan barst?“ Henni er að nokkru svarað með svari við 3. lið, þ.e. þar er spurt:

„3. Verður Alþingi gerð grein fyrir efni skýrslunnar.“ Nú hefur ráðherra lagt þessa skýrslu fram, að vísu á framandi tungu. Það verður nú að taka undir að nokkru leyti álit þeirra manna sem þessa skýrslu vinna að það kann að vera hægt að draga í efa gagnsemi þess að leggja skýrslur fram jafnvel hér á hinu háa Alþingi á framandi tungum, þ.e. það er ekki alveg tryggt að allir skilji þær.

En þó kemur fram í skýrslunni eða í viðauka við skýrsluna hvað ráðuneytið hefur gert eða telur sig hafa gert í þeim efnum sem hér eru gagnrýnd síðan skýrslan barst.

Skýrsla þessi er þó nokkuð yfirgripsmikil og tekið á mjög mörgum atriðum og allflest gagnrýnd. Þau eru gagnrýnd svo harðlega sums staðar að einhverjir hafa nefnt þessa skýrslu „svarta skýrslu“ um íslensk menntamál. Það verður samt sem áður að viðurkenna af sanngirni að auðvitað var það ekki hlutverk þessara aðila að koma hingað bara til að hæla íslensku menntakerfi. Þeirra hlutverk var fyrst og

fremst að koma hingað og greina helstu galla á menntakerfinu sem þeir fundu burtséð frá þeim hugsanlegu kostum sem við það kunna að vera.

En í helstu atriðum gagnrýna þeir aðilar sem að þessari skýrslu standa grunnskóla m.a. vegna þess að þar sé t.d. um of mikinn aðskilnað að ræða milli barnaheimila og forskóla. Þeir álíta að tilraunaskólar á grunnskólastigi séu mjög einangraðir. Þeir álíta að sérskólar séu utan gátta í menntakerfinu. Þeir álíta t.d. að þær breytingar sem voru gerðar á kennsluháttum, eins og t.d. í samfélagsfræði, virðist ekki hafa náð nægilegri fótfestu og þeir spyrja hvað sé að gert til að bæta málakennslu. Einnig benda þeir á að jöfnuður milli landshluta í menntunarmálum Íslendinga sé mjög langt frá settu marki.

Hvað framhaldsskólum viðvíkur gagnrýna þeir ekki aðallega að það vanti raunverulega framhaldsskólapólitík á Íslandi heldur telja þeir kennsluna gamaldags, sem þeir jafnvel kenna mjög mikilli eftirvinnu, en þeir taka saman í tveimur atriðum í upphafi athugasemda sinna að tvennt hafi skorið í augu. Það er að atvinnulíf Íslendinga, langur vinnudagur, dragi hreint og beint úr þátttöku og samvinnu fullorðinna í menntun barna og unglinga og að þetta verði kannske enn verra fyrir þá sök að skipulag menntunar á Íslandi dregur dám af milljónaþjóðum í stað þess að laga sig að íslenskum aðstæðum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Skýrsla OECD um íslenska menntastefnu barst menntmrn. í lokahandriti um miðjan janúar. Hefur síðan verið unnið að því að fjölfalda hana til dreifingar á ensku til að byrja með. Unnið er að því að þýða skýrsluna þannig að unnt verði að fá umræðu á breiðari grundvelli um efni hennar.

Í síðari hluta skýrslunnar koma meðal annars fram viðbrögð íslensku sendinefndarinnar á fundi menntamálanefndar OECD í París. Af þeim má sjá að unnið er að lausn nokkurra þeirra vandamála sem sérfræðingar OECD benda á í íslenska menntakerfinu. Tilgangur könnunar OECD á menntastefnu Íslands er ekki að segja fyrir verkum heldur aðstoða okkur við að bæta menntakerfi okkar með ábendingum um hvað betur megi fara að mati gesta sem sjá stöðuna frá öðru sjónarhorni, að vísu í afar skamman tíma því hér mun viðdvöl þeirra hafa verið sex dagar.

Frá því að skýrslan barst 14. jan. í lokahandriti hefur sem fyrr segir verið unnið að fjölföldun hennar og að lokum má þess geta að skýrslunni hefur verið dreift til alþm.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson):

Herra forseti. Það kemur fram í þessari skýrslu að hún er upphaflega gerð 9. maí 1986 og hefur því legið þó nokkuð lengi fyrir í ráðuneytinu og það kemur líka fram í fundargerð þess fundar sem hæstv. ráðh. gat að þar svara menn af Íslands hálfu með þeim hætti að það er greinilegt að þeir telja sig vera að bregðast við ýmsum gagnrýnisatriðum þessarar skýrslu þannig að það er kannske ekki furða þó að spurt sé að því hver áform ráðherra um úrlausn þess vanda sem hér er lýst séu, en þrátt fyrir nokkuð dyggilega hlustun fékk ég ekki heyrt að hæstv. ráðh. svaraði því beinum orðum hver eða hvort einhver áform væru uppi um beina atlögu að þeim vandamálum sem lýst er þarna í skýrslunni.

Við vitum að auðvitað stóðu þessir menn ekki lengi við hér á landi við rannsókn þá sem hér fór fram, en þess ber einnig að geta að þarna eru á ferðinni mjög færir sérfræðingar og að menntmn. OECD hefur orðið þó nokkuð mikla reynslu í því að vega og meta menntakerfi hinna ýmsu landa sem að OECD standa þannig að menn byggðu þarna ekki á sandi heldur á nokkuð traustum grunni. Þannig ber að skoða allt það sem sagt er í þessari skýrslu, ekki sem álit ókunnugra gesta heldur álit sérfróðra manna um málefni sem þeir hafa mikla þekkingu á.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli á hv. Alþingi. Hér er svo sannarlega um ógnvekjandi skýrslu að ræða og mér þótti mjög miður að heyra ekki í svari ráðherra að hann hefði uppi nein áform til að taka á þeim vanda sem fram kemur í skýrslunni og sem greinilegt er að er bæði umfangsmikill og á sér djúpar rætur í íslenskum menntamálum. Ráðherra bar því við að hann hefði ekki fengið lokadrög skýrslunnar fyrr en í þessum mánuði, en eins og kom fram áðan hjá fyrirspyrjanda hafa heilleg drög að þessari skýrslu legið fyrir frá því í vor eða snemmsumars þannig að það er engin afsökun að skýrslan hafi komið of seint fram til þess að ráðherra hefði nú þegar uppi einhver áform í þessum efnum.

Ég skora á hæstv. ráðh. að leggjast nú í þessa skýrslu og lesa hana vendilega og láta síðan hendur standa fram úr ermum í þessum málum.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég fagna því að þessi skýrsla hefur komið til umræðu á Alþingi. Eins og hæstv. menntmrh. vék að er óhjákvæmilegt að hún verði tekin hér til miklu ítarlegri umræðu en tilefni gefst til í fyrirspurnatíma. Það eru margar ábendingar mjög athyglisverðar sem fram koma í skýrslu þessara gesta og sumar þeirra alluggvænlegar þó ekki sé kveðið fastara að orði.

Ég vil aðeins nefna tvennt að því er varðar Háskóla Íslands. Fyrra atriðið er að helmingur stúdenta hættir námi eftir fyrsta árið og af þeim sem innritast í Háskóla Íslands útskrifast aðeins 25%. Það sjá allir hvílík sóun hlýtur að felast að baki þessum tölum fyrir Háskólann, fyrir þjóðfélagið en ekki síst fyrir námsmennina sjálfa. Hér eru vitanlega ýmis ráð sem grípa má til.

Í öðru lagi er það dómur skýrsluhöfunda, og það er mjög mikið íhugunarefni fyrir Háskóla Íslands og

ekki síður fyrir Alþingi Íslendinga, sem stjórnar fjárveitingum til þessarar stofnunar, að rannsóknir við Háskóla Íslands séu á lágu stigi, beri miklum mun minni árangur, séu miklum mun minni að gæðum en búast mætti við af slíkri stofnun og þeir benda á ástæðurnar til þess sem m.a. eru að aðeins er um að ræða 215 stöðugildi, en Háskólinn telur 4500 stúdenta. Helmingur kennslunnar og vel það fer fram með aukakennurum sem hafa hana sem íhlaupavinnu flestir hverjir.

Hér er um alvarlegar ábendingar að ræða sem ber að taka alvarlega og ég þykist vita að menntmrh. muni beita sér fyrir umræðu um þessi mál á næstunni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson):

Herra forseti. Ég hef þegar talað tvisvar þannig að ég á ekki rétt á að gera nema örstutta athugasemd. Ég verð að viðurkenna það hér úr ræðustól að það vekur mér furðu að ráðherra sem hefur þessa skýrslu fyrir augum sínum, sem lýsir menntakerfinu okkar með þeim hætti sem hún lýsir, og það eru sérfróðir menn sem gera það, ég legg áherslu á það aftur, ekki gestir, og þeir gera það að beiðni, að hann skuli ekki taka þar til höndum mjög duglega svo alþekktur sem hann er á öðrum slóðum sem einhver mesti kerfisbani á Íslandi.

Áfengissölubúðir, ein umr.

Fsp. HS, 290. mál. — Þskj. 519.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 519 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Hvert er álit fjmrh. á yfirlýsingum forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að fyrirtækið muni taka upp þann hátt að selja áfengi í almennum verslunum?

2. Telur ráðherra slíkt samræmast anda áfengislaganna?

3. Sé svo, mun ráðherra þá stuðla að þeirri breytingu á áfengismálastefnu sem í því felst að leyfa áfengissölu í almennum verslunum þar sem seld er nauðsynjavara og þar sem börn og unglingar koma tíðum, bæði með foreldrum og án fylgdar þeirra?“

Hér er spurt vegna yfirlýsinga þess annars ágæta manns sem stýrir nú Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og mér hafa þótt nokkuð undarlegar og glannafengnar í raun og veru miðað við það hvernig ég skil núverandi áfengislög. Hann vill greinilega freista þess að leysa mál Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á þeim stöðum þar sem samþykkt hefur verið áfengisútsala með þeim hætti að þar verði komið á einhverjum bás í almennum verslunum, einhverjum bás í kaupfélaginu þar trúlegast þá, sem er venjulega stærsta verslunin á þessum stöðum. Þar er um mikla breytingu að ræða frá því sem verið hefur og frá því sem ég tel áfengislög segja til um.

Ég tel því að við þessu verði að fást skýr svör. Það má reyndar segja að fyrirhugaðar áfengisútsölur í verslunarmiðstöðvum hér í Reykjavík séu nokkur prófsteinn á þetta mál einnig og þyrfti eflaust athugunar við sömuleiðis, en hér er þó um það að ræða að enn lengra verði gengið og einhver tiltekin deild í þessum verslunum verði með áfengisútsölu sem gengur þvert á það sem ég vil kalla anda áfengislaganna og ég tala nú ekki um þær ályktanir sem sjálf ríkisstjórnin hefur í raun og veru staðið að um takmarkaðra aðgengi að áfengi en nú er og er meginmál Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem hún hefur lagt til að framfylgt verði fram til ársins 2000.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í tilefni af þeirri fsp. sem hér hefur verið borin fram vil ég taka fram að af hálfu fjmrn. eru ekki á döfinni neinar tillögur um breytingar á þeim lögum og reglum sem gilt hafa um skipan á sölu áfengis sem viðhöfð hefur verið um langan tíma. Í raun réttri tel ég mig með þessu hafa svarað öllum liðum þessarar fsp.

Fsp. byggir á tilvitnun í ummæli forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þau ummæli eru ekki tilgreind orðrétt í fsp. sjálfri. Ég hef ekki heyrt þau eða séð þau á prenti og óskaði því eftir því að forstjóri Áfengisverslunarinnar gerði grein fyrir málinu af sinni hálfu. Í bréfi sem hann hefur skrifað af því tilefni segir þetta:

„Ráðuneytið hefur sent forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fsp. Helga Seljans um áfengissölubúðir til umsagnar.

Um 1. liðinn: Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur aldrei lýst því yfir að fyrirtækið muni taka upp þann hátt að selja áfengi í almennum verslunum.

Um 2. liðinn: Það er mat forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að tilhögun sú sem felst í meintum yfirlýsingum forstjórans hafi ekki lagastoð.“

Þá segir enn fremur í þessu bréfi:

„Á s.l. ári samþykktu íbúar fimm kaupstaða fyrir sitt leyti að leyfa opnun vínbúða í heimabyggð sinni. Stjórnir þessara sveitarfélaga hafa beint þeim tilmælum til fjmrh. að opna vínbúðir. Fjmrn. hefur ekki talið til þess líkur að nýjar útsölur verði opnaðar í ár, m.a. af fjárhagsástæðum. Áfengis- og tóbaksverslunin rekur nú tólf vínbúðir. Reynslan er sú að lágmarksfjöldi afgreiðslumanna í vínbúð er þrír, jafnvel þar sem minnst er umleikis. Það þjónar ekki hagsmunum ríkissjóðs og því meginmarkmiði Áfengisverslunarinnar að afla ríkissjóði tekna að opna útsölur í fámennum byggðarlögum verði það gert með þeim hætti sem tíðkast hefur.

Um mitt sumar verður vínbúð opnuð í svonefndri Kringlu í Reykjavík ásamt 80 öðrum verslunum. Innangengt er milli verslunar ÁTVR og stærstu

matvöruverslunar landsins. Við Laugarás í Reykjavík er vínbúð í sömu verslunarsamstæðu og matvörubúð og svo var einnig á Snorrabraut til skamms tíma. Með hliðsjón af þessu hefur forstjóri ÁTVR látið í ljós þá skoðun að leita ætti samstarfs við verslanir sem reknar eru í kaupstöðum þar sem opna má vínbúð. Samstarf væri í því fólgið að ÁTVR ætti og ræki vínbúð sem hýst væri í nánum tengslum við aðra verslun. Yrði um það samið að afgreiðslumenn þeirrar verslunar gætu hlaupið undir bagga í Áfengisversluninni, t.d. í þeim tilvikum að afgreiðslumaður þar veiktist eða yrði að fara bæjarleið af einhverjum ástæðum.

Forstjóri ÁTVR hefur einnig látið þá skoðun í ljós að heppilegra væri að leita samstarfs við t.d. veiðarfæraverslun eða byggingarvöruverslun en matvöruverslun. Þessi skoðun er studd þeim rökum að börn og unglingar eiga sjaldnar leið í þessar verslanir en í matvöruverslandir. Enn fremur má benda á það að óheppilegra gæti verið að raska samkeppni matvöruverslana með tengingu einnar þeirra við vínbúð en semja við sérverslun sem ekki ætti sér keppinaut í byggðarlaginu."

Tilvitnun lýkur í bréf forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þar sem hann gerir grein fyrir þeim ummælum sem vitnað er til í fsp. Ég ítreka að lokum að það eru ekki á döfinni af hálfu fjmrn. neinar tillögur um breytingar á þeirri skipan sem staðið hefur varðandi sölu á áfengi.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. ráðh. sem taka af öll tvímæli. Ég teldi reyndar að ef svo hefði ekki verið hefði Alþingi þurft að taka hér af tvímæli með því að breyta áfengislögum á þann hátt ótvírætt að hér væri ekki um neina möguleika af þessu tagi að ræða.

Hvað snertir bréf forstjóra ÁTVR finnst mér það sanna að hann hefur farið á flot með þessar hugmyndir, kannske ekki beint gefið yfirlýsingar um það, það er e.t.v. fullmikið sagt, en hann hefur farið á flot í fjölmiðlum einmitt með þær hugmyndir að leysa þessi mál. Fer kannske vel á því að forstjórinn er að nefna veiðarfæraverslun sérstaklega, til að veiða menn til að fara þarna inn og kaupa áfengi, og getur vel verið að frá sjónarhóli sölumannsins sé það býsna snjöll hugmynd að tengja þetta saman.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú, en fagna því að hæstv. ráðh. leggur þann skilning í áfengislögin að hér sé um óframkvæmanlegan hlut að ræða miðað við núverandi aðstæður. Það er vitanlega það sem gildir í þessu efni.

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, þriðjudaginn 27. jan., að loknum 41. fundi.

Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, fyrri umr.

Stjtill., 272. mál. — Þskj. 478.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. utanrrh. mæli ég fyrir till. til þál. um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986."

Með þáltill. þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd sem undirritaður var á Höfn í Hornafirði 19. ágúst 1986. Samningurinn er birtur sem fskj. með till. sem liggur frammi. Hann er árangur af starfi norrænnar embættismannanefndar um samstarf Færeyja, Grænlands og Íslands.

Að öðru leyti vísa ég til framsöguræðu hæstv. forsrh. um lagafrv. um þetta efni og legg til að till. verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til utanrmn. með 31 shlj. atkv.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991, fyrri umr.

Stjtill., 289. mál. — Þskj. 517.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 517 er till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991.

Hinn 28. júlí 1974 samþykkti Alþingi ályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu í landinu. Á grundvelli þeirrar ályktunar skipaði þáv. landbrh. Halldór E. Sigurðsson nefnd manna til að gera landgræðslu- og gróðurverndaráætlun. Nefndin samdi áætlun fyrir árin 1975–1979 sem samþykkt var af Alþingi og fjárveitingar veittar til hennar.

Í lok þess tímabils fól þáv. landbrh. Steingrímur Hermannsson þeim mönnum sem skipuðu nefndina að gera tillögur um hvernig best verði staðið að

áframhaldi landgræðslu- og gróðurverndarstarfs þannig að afturkippur komi ekki í slík störf þegar fjárveitingar skv. ályktun Alþingis 1974 nýtur ekki lengur við. Nefndin samdi álit sem var kynnt þingflokkum.

Pálmi Jónsson þáv. landbrh. skipaði árið 1980 nýja nefnd til að fjalla um gerð nýrrar landgræðsluáætlunar og áttu m.a. þingflokkarnir fulltrúa í þeirri nefnd. Á grundvelli starfs þeirrar nefndar var lögð fram þáltill. á Alþingi 1982 um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun fyrir árin 1982–1986. Höfuðmarkmiðin í till. voru að stöðva sandfok og aðra jarðvegseyðingu, vinna gegn gróðurskemmdum og gróðurrýrnun, koma beit og annarri gróðurnýtingu hvarvetna í það horf að gróðri fari fram, tryggja að skóglendi rýrni ekki og bæta þau sem skaðast hafa, rækta nýja skóga til fegrunar, nytja, skjóls, útivistar og jarðvegs- og gróðurverndar, stuðla að endurgræðslu örfoka og ógróinna landa sem unnt er að breyta í gróðurlendi, efla rannsóknir til að treysta sem best grundvöll og öryggi þeirra framkvæmda sem unnið verður að samkvæmt framanskráðu.

Alþingi samþykkti 20. apríl 1982 þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–1986. Samtals skyldi greiða á fimm árum 71 225 000 kr. og verðbætur reiknast á framlög áranna 1983–1986 miðað við framlag ársins 1982.

Á síðasta ári þessarar áætlunar fól landbrh. sömu aðilum og unnu að áætluninni 1982–1986 að vinna að gerð nýrrar landgræðsluáætlunar sem byggði á því að landgræðslu- og landverndarverkefni yrðu hið minnsta jafnumfangsmikil og þau voru samkvæmt síðustu áætlun. Nefndarmenn hafa allt frá árinu 1982 fylgst með framkvæmd landgræðsluáætlunar, átt fundi með forstöðumönnum þeirra stofnana sem hafa farið með framkvæmd áætlunarinnar og farið í kynnisferðir.

Við undirbúning þeirrar þáltill. sem nú liggur fyrir var leitað eftir samstarfi við sveitarstjórnir á suðvesturhluta landsins um upplýsingar varðandi þau vandamál og viðfangsefni sem menn vildu leggja mesta áherslu á. Þá var áhersla lögð á að greina sem best á milli hefðbundinna verkefna viðkomandi stofnana og þeirra sem unnið er að samkvæmt landgræðsluáætlun. Þannig er það nýmæli að staðsetja viðfangsefnin og lýsa þeim með greinargerð frá stofnun eins og gert er í viðfangsefnalista Landgræðslu ríkisins. Væntanlega er áhugavert fyrir alþm. að sjá hvar áformað er að vinna að landgræðslu og þar með auðveldara að fylgjast með framkvæmdum og árangri.

Vert er að geta þess að hlutur samkvæmt lið 4, samvinnuverkefni, er nokkru hærri en á fyrri áætlun. Væntanlega verður mestu af fé samkvæmt þesssum lið varið til samvinnuverkefna þeirra stofnana sem aðild áttu að síðustu áætlun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Hins vegar er gert ráð fyrir að stuðla í auknum mæli að fræðslustarfsemi og leiðbeiningum um gróðurvernd og landgræðslu, t.d. með fræðslu í fjölmiðlum og auknu kennsluefni í skólum, einkum bændaskólum, en kennsluefni á þessu sviði er af skornum skammti.

Við undirbúning þessarar þáltill. fól nefndin forstöðumönnum Landgræðslu ríkisins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Skógræktar ríkisins að semja yfirlit hver fyrir sína stofnun um framkvæmd áætlunarinnar 1982–1986. Yfirlitið fylgir þáltill. og má finna þar margvíslegar áhugaverðar upplýsingar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér hversu mikilvæg landgræðsla og gróðurvernd eru. Það er ánægjulegt að sjá þann árangur sem víða er að finna af því starfi sem unnið hefur verið á undanförnum árum og áratugum og á það við bæði um skógrækt og almenna landgræðslu. Á sviði skógræktar hafa menn orðið reynslu af því að hún er möguleg hér og þeir möguleikar allgóðir. Á sama tíma sem það er áhyggjuefni sumra Evrópuþjóða og reyndar víðar að skógarnir þar séu að deyja af völdum mengunar erum við sem betur fer lausir við þann vágest og getum því litið bjartsýn á framhaldið að því leyti. En verkefnin sem þarf að vinna eru geysilega mörg og því nauðsynlegt að reyna að samræma vinnubrögðin og skipuleggja sem best eins og reynt er að gera í þessari þáltill. miðað við það fjármagn sem þar er til ráðstöfunar þó að vissulega megi segja og leggja áherslu á að æskilegt væri að þjóðfélagið sæi sér fært að leggja þar hærri upphæðir til árlega. En engu að síður er hér gert ráð fyrir að ná mjög mikilvægum áföngum í þessari baráttu og verkefni sem er svo mikilvægt fyrir framtíð búsetu í landinu.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til síðari umræðu og hv. fjvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling atvinnu og byggðar í sveitum, fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 218. mál. — Þskj. 233.

Flm. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. á þskj. 233 um eflingu byggðar og atvinnu í sveitum. Flm. auk mín eru þm. Halldór Blöndal og Árni Johnsen.

Þegar litið er til löggjafar sem tengd er íslenskum landbúnaði má með vissum hætti segja að þar beri hæst fimm lagagerðir. Hér á ég við jarðræktarlögin frá 1923, afurðasölulögin frá 1934, framleiðsluráðslögin frá 1947, lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins 1962 og svo lögin um framleiðslu og sölu á búvörum frá árinu 1985, búvörulögin eins og þau eru oftast nefnd.

Setningu þessara laga fylgdi jafnan mikil umræða og í sumum tilvikum grundvallarágreiningur og harðar deilur. Fræg er t.d. sú umræða sem átti sér

stað vegna jarðræktarlaganna og kennd er við 17. gr. þeirra laga. Samkvæmt henni var eignarréttur bænda á þeim framkvæmdum sem nutu framlags takmarkaður þannig að við eignaskipti áttu framlögin að dragast frá söluverði.

Þá eru ekki síður í minnum hafðar þær hatrömmu deilur sem urðu við setningu afurðasölulaganna frá 1934. Þá var stundaður blómlegur landbúnaður í Reykjavík og nágrannabyggðum. Þessir bændur undu því illa að nálægð þeirra við markaðinn væri í engu virt þeim til hagsbóta og húsmæður í Reykjavík voru einnig óánægðar þar sem sölustöðum með mjólkurvörur var fækkað.

Um miðjan fimmta áratuginn fór fram mikil umræða um málefni landbúnaðarins. Um þær mundir urðu miklar breytingar í sveitum landsins. Atvinnulíf í þéttbýlinu varð fjölbreyttara, atvinnan meiri og stöðugri. Þeir voru því margir sem sáu kjörum sínum betur borgið í þéttbýli en í sveitum landsins þar sem mikilla átaka var þörf í endurnýjun húsakosts og ræktun ef tryggja átti bærilega afkomu.

Segja má að stofnun Stéttarsambands bænda og setning framleiðsluráðslaganna hafi orðið niðurstaða þessarar víðtæku umræðu og bundið enda á þann ágreining sem var um þessar mundir um málefni landbúnaðarins.

Árið 1962 fara öldurnar svo enn að rísa. Sjóðir landbúnaðarins, Byggingar- og Ræktunarsjóður, voru vanbúnir til að mæta þeirri öru uppbyggingu sem átti sér stað á sjötta áratugnum. Ný lög voru sett um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Bændasamtökin mótmæltu af mikilli hörku framleiðendagjaldinu sem innheimt var af öllum búvörum, en m.a. vegna þess að innan samtakanna var pólitískur ágreiningur um málið voru ekki hafðar í frammi neinar aðgerðir gegn málinu af hendi heildarsamtaka landbúnaðarins. Hins vegar var að tilhlutan nokkurra búnaðarsambanda leitað til dómstólanna til að ógilda ákvæði laganna um framleiðendagjaldið og voru þar í forsvari nokkrir af fremstu bændum landsins á þeirri tíð.

Þær lagasetningar sem hér hefur verið minnst á og raunar margar fleiri á vettvangi búnaðarmála hafa átt það sameiginlegt að miða að umbótum í sölumálum og þó sérstaklega að skapa grundvöll fyrir aukna framleiðslu í landbúnaði til að bæta kjör þeirra er þann atvinnuveg stunda. Ein ákvörðunin tók við af annarri sem áttu það sameiginlegt að efla íslenskar sveitabyggðir með nýrri tækni, bættum húsakosti og aukinni ræktun. Þetta var hin opinbera pólitíska stefna sem bændur landsins féllust á. Ágreiningur innan þeirra raða var ekki um markmið, raunar ekki heldur um leiðir þótt stundum hafi úfar risið þegar viðkvæmar ákvarðanir voru teknar til umfjöllunar.

Upp úr miðjum síðasta áratug fóru mál að skipast með öðrum hætti. Verðlag innanlands fór hækkandi og útflutningsbótarétturinn dugði nú ekki lengur til að verðbæta þá framleiðslu sem var umfram innanlandsneysluna. Þess vegna þurfti að huga að nýjum leiðum, breyta stefnunni í landbúnaði til samræmis við breytt viðhorf í markaðsmálum.

Árið 1979 rann svo upp stund hinna stóru atburða í landbúnaði. Með breytingu á framleiðsluráðslögum og jarðræktarlögum var mótuð ný stefna að sögn þeirra sem þá voru í fyrirsvari.

Ákvæði um framleiðsluviðmiðun, búmark, var sett í lög, heimild var tekin upp til álagningar kjarnfóðurgjalds, framlög samkvæmt jarðræktarlögum voru skert, en jafnframt ákveðið að heildarframlag samkvæmt þeim lögum skyldi vera að meðaltali það sama og var árin 1978 og 1979. Þannig átti að fá fjármagn til uppbyggingar nýrra atvinnuhátta í sveitum landsins.

Um þessar breytingar varð ekki mikill ágreiningur innan bændasamtakanna. Eina andstaðan sem ég minnist kom fram frá sjálfstæðismönnum á búnaðarþingi sem töldu þessar aðgerðir ómarkvissar og voru þeim andvígir. Óþarft er að fjölyrða það hér að þessi áform mistókust.

Enda þótt offramleiðsla væri áfram viðvarandi og færi vaxandi er á leið var það ekki nema hluti af þeim vanda sem landbúnaðurinn stóð nú frammi fyrir. Þannig fóru rekstrarskilyrði mjög versnandi á þessum árum. Hlutdeild launaliðar í verðlagsgrundvellinum lækkaði á árunum 1978–1983 úr 42% í 27% eða um 36%. Á sama tíma hækkaði hlutdeild vinnslu og dreifingar úr ca. 22% í tæp 27% og jókst því um 23% á sama tíma. Niðurstaðan varð þannig vaxandi fjármagn til atvinnuvegarins en minni laun til bændanna í landinu.

Þessi verðlagsþróun gekk þvert á öll hugsanleg markmið um samdrátt í framleiðslunni. Þannig útheimti lækkandi hlutdeild launa í búvöruframleiðslunni fleiri framleiðslueiningar ef afkoman átti ekki að versna og ekki var heldur staðið við yfirlýsingar um eflingu nýrra búgreina til að auðvelda samdráttinn í þeim hefðbundnu. Á árunum 1980–1983 áttu þessar fjárveitingar að nema alls 122,6 millj. miðað við verðlag ársins 1985. Hins vegar komu einungis til skila 55,1 millj. kr. eða 45% af því fjármagni sem loforð voru gefin út um árið 1979. Þegar upp var staðið frá þessari veislu var rekstrarhalli, sem bundinn var í lausaskuldum bænda, orðinn ½ milljarður kr. Sá halli varð aðeins til á þremur árum.

Niðurstaðan varð því sú að hvort tveggja brást, stefnan og stjórnin. Á bændastéttinni buldi áróður um kostnaðarsaman og jafnvel óþjóðhollan atvinnuveg. Bændastéttin var því bæði svikin og særð þegar svikamyllan var loksins stöðvuð.

Frá setningu búvörulaganna eru liðin tæp tvö ár. Því má ætla að sá tími sé of stuttur til að unnt sé að meta áhrif þessarar löggjafar til hlítar.

Í greinargerð fyrir tillögunni um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum landsins eru áhrif búvörulaganna þó skýrð að nokkru og mat lagt á þróun þessara mála. Ég fullyrði að jafnskýr stefnubreyting hefur tæpast átt sér stað á jafnstuttum tíma.

Eins og fram kemur í 1. gr. búvörulaganna er eitt aðalmarkmið þeirra að færa framleiðsluna sem næst innanlandsmarkaðnum. Svo sem kunnugt er á að ná

þessu markmiði með samningi milli ríkisvalds og bænda um tiltekið framleiðslumagn sem tryggi bændum fullt verð fyrir þá framleiðslu.

Fyrir liggur að hér hefur náðst mikilvægur árangur. Framleiðslan tekur nú í vaxandi mæli mið af búvörusamningi og bilið á milli framleiðslu og innanlandsmarkaðar færist stöðugt til meira samræmis.

Það sem athygli vekur er að þessi samræming á sér stað með tvennum hætti, þ.e. samdrætti í framleiðslu og aukningu markaðar. Þetta á þó sérstaklega við um mjólkurframleiðsluna.

Mikið hefur verið talað um samdrátt í neyslu mjólkur og mjólkurvara og þær voru ófáar fréttasendingarnar sem út gengu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um minnkandi neyslu mjólkur og mjólkurvara. Auðvitað hafði þessi umræða neikvæð áhrif á markaðinn og viðhorf til landbúnaðarins. M.a. þess vegna er óskiljanlegt hvað hún lét forustumönnum landbúnaðarins blítt og létt í munni. En nú bregður svo við um nokkurt skeið að ekkert heyrist um ástand mjólkurmarkaðarins.

Á árinu 1986 var innanlandssala á mjólkurvörum samsvarandi ca. 100 millj. lítra af mjólk og jókst frá árinu áður um ca. 3,5%. Athygli vekur hversu salan er jöfn yfir árið og að ekki gætir þeirra sveifluáhrifa sem áður áttu sér stað. Er þetta góðs viti og bendir til að mjólkurvörur séu að treysta stöðu sína á markaðnum.

Það ár sem nú er nýbyrjað tekur við ca. 3,5% stærri mjólkurmarkaði en síðasta ár gerði. Þetta þýðir í raun að ef verðlag verður stöðugt má fullyrða að mjólkurmarkaðurinn innanlands samsvari 102–105 millj. lítra af mjólk sem er svipað og núverandi búvörusamningur gerir ráð fyrir.

Öllu erfiðara er að meta markaðsaðstæður í kindakjötssölu, m.a. vegna þess að þar grípa tímabundin verðlækkunaráhrif inn í. Þannig varð t.d. mikil söluaukning á dilkakjöti á tveimur síðustu mánuðum ársins 1985 sem dró að sama skapi úr sölu síðasta árs.

Augljóst er hins vegar að sala á kindakjöti síðar á árinu var mun betri og ekki er fjarri að ætla megi að mánaðarleg sala kindakjöts nemi um 800 tonnum, þ.e. 9500 tonnum á ári.

Þegar mat er lagt á aðstæður í sauðfjárbúskap verður að hafa í huga að þar eru búin smærri en t.d. í nautgriparækt og afkoman þar af leiðandi lakari. Þá má það ekki heldur gleymast að sauðfjárbúskapur er dreifðari um landið og að jaðarbyggðir í heilum landshlutum byggja afkomu sína að stórum hluta á sauðfjárrækt. Hér fer því saman styrkur eða veikleiki byggðar og búskapar. Þessar staðreyndir verða menn að hafa í huga þegar aðstæður í landbúnaði eru metnar.

Sá árangur í markaðsmálum landbúnaðarins er m.a. til orðinn vegna áhrifa búvörusamningsins og þannig mikilvæg sönnun þess hve það ákvæði búvörulaganna er mikilvægt þar sem með búvörusamningnum eru tvinnaðir saman hagsmunir ríkisvalds og landbúnaðar um að sala á framleiðsluvörum í hefðbundnum búvörum haldi markaðshlutdeild sinni. Að þessari reynslu fenginni er unnt að taka nýjar ákvarðanir varðandi nýjan búvörusamning eins og tillagan á þskj. 233 kveður á um.

Ef að því ráði yrði horfið mundi það hafa mikilvæg áhrif til að auðvelda þá breyttu hætti sem nú eru að eiga sér stað í landbúnaðinum. Þeirri óvissu í framleiðslumálum sem bændur hafa staðið frammi fyrir væri vikið til hliðar en það auðveldaði þeim stórlega að meta afkomu og möguleika til úrbóta þar sem sérstakra aðgerða er þörf. Jafnframt mundi það auðvelda þá margháttuðu umfjöllun og um leið aðgerðir þeirra aðila sem um málefni landbúnaðarins fjalla og taka mið af þeim breytingum sem nú eiga sér stað í landbúnaðinum.

Þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um skiptingu á búvöruframleiðslunni milli bænda hafa vissulega valdið mikilli umræðu og margháttuð gagnrýni komið þar fram. Þess vegna væri afar traustvekjandi fyrir bændur að búvörusamningurinn yrði framlengdur út aðlögunartímabilið.

Vert er að íhuga hvernig eitt aðalmarkmið búvörulaganna um aukna nýtingu heimaafla og sparnað í rekstri hefur orðið í reynd. Samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum hafa áburðarkaup dregist saman að magni frá árinu 1984 um 15% sem jafngildir ca. 109 millj. kr. sparnaði. Þessi áhrif til sparnaðar koma enn skýrar fram í kjarnfóðurkaupum. Þannig má ætla að kjarnfóðurnotkun í mjólkurframleiðslu hafi dregist saman um ca. 23% að magni og að sparnaður í kjarnfóðurnotkun í hefðbundnum búgreinum muni nema um 160 millj. kr.

Til að auðvelda bændum aðlögun að breyttum framleiðslumarkmiðum hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til að draga úr tilkostnaði við landbúnaðinn.

Ég hef fengið upplýsingar hjá Búnaðarfélagi Íslands um hverjar breytingar hafa orðið á jarðræktarframkvæmdum á milli áranna 1984 og 1986. Á árinu 1986 numu framlög til framkvæmda í landbúnaði samkvæmt jarðræktarlögum 162 millj. kr. Miðað við sömu verðlagsforsendur hafa þessar greiðslur minnkað frá árinu 1984 um 108 millj. kr. eða um 60%.

Þá er ekki síður athyglisvert að íhuga hvernig framlögin hafa færst á milli framkvæmdaliða og taka þannig mið af breyttum áherslum í landbúnaði.

Svipaðrar þróunar gætir í útlánum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þannig hafa lán til fjárhús- og fjósbygginga dregist stórlega saman. Lán til hlöðubygginga hafa staðið í stað, en aftur á móti til nýbúgreina hækkað um 153% frá árinu 1984.

Í stuttu máli sagt eru áhrif búvörulaganna þessi: Tilkostnaður landbúnaðarins hefur minnkað, framkvæmdir eru í samræmi við markaðsaðstæður, kjör í landbúnaði hafa batnað. Hér hafa bændur enn einu sinni sýnt að þeir eru tilbúnir að færa störf sín til þeirra viðhorfa sem mörkuð stefna ákvarðar. Til viðbótar við aðra þjóðfélagslega hagsmuni skapar

þetta landbúnaðinum ný sóknarfæri til eflingar byggðar og bættra kjara í sveitum landsins.

Til frekari skýringa vísa ég til till. okkar þremenninganna á þskj. 233, en þar kemur m.a. fram að fækkun starfa í sveitum landsins á sér langan aðdraganda. Áhersla er lögð á skipulagða atvinnusókn í sveitum á grundvelli þeirra markmiða er búvörulögin ákvarða.

Hún vekur athygli á aðstöðu þeirra bænda er framkvæmdu á óðaverðbólguárunum og við takmarkaða framleiðslu búa en skulda mikið. Hún vekur athygli á þeirri staðreynd að vandi eins verður ekki leystur með því að færa hann til þess næsta. Þess í stað verði gerðar ráðstafanir til að treysta afkomu þessara manna með nýrri framleiðslu.

Till. bendir á að aðild Útflutningsráðs sé nauðsynleg til að skipuleggja markaðssókn fyrir dilkakjöt svo að það starf verði trúverðugt. Lögð er áhersla á endurhæfingu leiðbeiningarþjónustunnar og rannsóknir í þágu landbúnaðarins og að búvörusamningurinn verði framlengdur.

Með till. okkar um eflingu byggðar og atvinnu í sveitum landsins höfum við flm. sett fram þá staðföstu skoðun okkar að íslenskur landbúnaður standi traustum fótum og miklir möguleikar séu þar enn ónýttir. Till. okkar leggur fram skýrari áherslur í framfaramálum landbúnaðarins en áður hafa komið til umfjöllunar á Alþingi upp á síðkastið. Þess vegna er hún mikilvægt innlegg til jákvæðrar umræðu og ákvarðana um málefni landbúnaðarins og því vel við hæfi að Alþingi afgreiði hana með jákvæðum hætti.

Ég hef lokið máli mínu, forseti, en geri það að tillögu minni að að lokinni umræðunni verði till. vísað til atvmn.

Forseti (Ólafur Þ. Þórðarson):

Til að fyrirbyggja misskilning um ræðutíma segir svo að frsm. hafi allt að 15 mínútur og aðrir þm. og ráðherrar allt að 8 mínútur. Heimilt er hverjum þessara aðila að tala tvisvar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Margt er skrýtið í kýrhausnum. Hér hefur eitt undarlegt tríó hv. þm. Sjálfstfl. tekið sig saman og flutt einhvers konar till. um atvinnu- og byggðamál sveitanna í tengslum við búháttabreytingar undir forustu hv. 11. landsk. þm. Ásamt honum flytja till. hv. þm. Árni Johnsen úr Vestmannaeyjum og Halldór Blöndal.

Það vakti athygli mína fyrst þegar ég leit þetta þskj. að þar átti ekki sæti í hópi flm. hæstv. fyrrv. landbrh., núv. hv. 1. þm. Norðurl. v., og sætti það nokkurri furðu að Sjálfstfl. skyldi ekki nýta sér starfskrafta þess hæfa og mæta þm. þegar farið var að flytja tillögur um landbúnaðarstefnu úr þeim ágæta flokki á annað borð. Ég vil segja það, herra forseti, að þetta er einhver kátbroslegasti málflutningur sem ég hef lengi orðið vitni að hér á hv. Alþingi þegar þrír þm. úr stjórnarliðinu, úr stærri stjórnarflokknum undir forustu hv. formanns landbn. Ed. taka sig til og flytja allt í einu einhverja sýndarmennskutillögu um úrbætur í landbúnaðarmálum eða atvinnumálum sveitanna. Þetta er í sjálfu sér ekki svo kátbroslegt vegna þess hvernig till. er, þó að ýmislegt megi nú um hana segja. Hitt er öllu broslegra að hv. 11. landsk. þm., sem er 1. flm. till., er einn dyggasti og ötulasti stuðningsmaður landbúnaðarstefnu hæstv. núv. landbrh. og má varla orðinu halla svo hv. þm. sé ekki hlaupinn hér upp í ræðustólinn til að verja landbúnaðarstefnuna og fullyrða að þetta sé allt í himnalagi og allt sé nú gott sem gerði hann, hæstv. landbrh.

Því er óhjákvæmilegt að spyrja: Hvers vegna þá þessa till.? Er nokkur ástæða til að flytja till.? Er þetta ekki allt í fínu lagi hjá hæstv. landbrh.? Mér hefur skilist það undanfarið. Auðvitað er þessi tillöguflutningur sem slíkur fyrst og fremst vantraust á hæstv. landbrh.

En það kunna að vera einnig nokkrar skýringar á því af hverju hv. 1. þm. Norðurl. v. er ekki í hópi tillöguflytjenda. Ég fæ nefnilega ekki betur séð en grg., í raun og veru till. sjálf svo ekki sé nú minnst á framsöguræðuna, sé ein samfelld árás á hv. þm. Pálma Jónsson og feril hans sem landbrh. á sinni tíð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég stórefa að hv. 1. flm. standi undir því að vera að ráðast sérstaklega á Pálma Jónsson og þá landbúnaðarstefnu sem hann reyndi að fylgja á sinni tíð. Ég leyfi mér að efa það, herra forseti, að hv. 1. flm. standi undir því að vera svo dómharður um þennan flokksbróður sinn og störf hans í landbrn. á sinni tíð. Fullyrðingar sem hér koma fram um stjórnun landbúnaðarframleiðslunnar á þessum árum standast ekki ýmsar hverjar og þær ályktanir sem flm. dregur þaðan af síður.

Ef við lítum aðeins á till. nánar, herra forseti, fyrir þingtíðindin þannig að mín skýring á þessu komist þangað inn og lesum 1. mgr. till. er hún svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra að hlutast til um að skipulagt átak verði gert til atvinnuuppbyggingar í sveitum til að vega upp á móti samdrætti í hefðbundnum landbúnaði svo að byggðin í landinu treystist. Jafnframt verði könnuð áhrif hinnar mörkuðu framleiðslu á afkomu bænda og ráðstafanir gerðar til úrbóta þar sem þeirra er þörf.“ Síðan er þetta talið upp í sex liðum.

Hvernig byrjar grg., virðulegur forseti, fyrir till. Hún byrjar svona:

„Búvörulögin, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1985, fólu í sér marghátttuð nýmæli um stjórn búvöruframleiðslunnar og aðlögun að tilteknum framleiðslumarkmiðum.“

Svo kemur næst: „Jafnframt voru teknar skýrar ákvarðanir um hvernig bæri að mæta þeim áhrifum sem af breyttum búháttum mundu óhjákvæmilega leiða.“

Það segir í upphafi grg. að teknar hafi verið alveg skýrar ákvarðanir um það á sínum tíma þegar búvörulögin voru sett hvernig ætti að mæta sam-

drættinum og áhrifum af lagasetningunni. Til hvers þá þessa till., herra forseti? Hér er svo augljóslega um mótsagnir að ræða, þar sem annars vegar er talað um allar þær ráðstafanir sem þurfi að gera og þessi till. eigi að ganga út frá og hins vegar er fullyrt að búvörulögin hafi leyst þennan vanda. Þar og þá hafi verið teknar skýrar ákvarðanir um hvað gera þurfi og síðan ekki söguna meir. Það furðar mig, herra forseti, að sjá svona plagg lagt hér fram sem þskj. Ég verð að segja það alveg eins og er.

Síðan koma í þessari grg. fyrst og fremst árásir á hv. 1. þm. Norðurl. v. eins og ég hef þegar rakið og þarf ekki að hafa um það fleiri orð þó ekki sé það nú stórmannlegt sem þar er sagt.

Það eru ýmsar aðrar fullyrðingar í grg. og fskj. sem ástæða hefði verið til að fara ofurlítið ofan í, en ég satt best að segja hirði ekki um það eða nenni. Ég get þó ekki annað en mótmælt alveg sérstaklega fullyrðingu á bls. 5 þar sem segir og það meira að segja skáletrað:

„Sú mikilvæga staðreynd liggur hins vegar fyrir og er óvefengjanleg að eitt allra mikilvægasta markmið búvörulaganna, að draga úr kostnaði í rekstri landbúnaðarins, hefur þegar náðst."

Þessu mótmæli ég, herra forseti. Þetta er þvættingur. Þetta er hreinn þvættingur vegna þess hvernig að framleiðslustjórnuninni hefur verið staðið. Það hefur vantað þann pólitíska kjark sem hefði þurft til að reyna að tryggja að framleiðslustjórnunin leiddi til sem allra mestrar lækkunar framleiðslukostnaðar. Flatur niðurskurður sem tekur framleiðsluréttinn jafnt af öllum þýðir stórkostlega ónýtta fjárfestingu í landbúnaðinum. Það liggur í hlutarins eðli þannig að það er satt best að segja alveg furðulegt að menn skuli vera svo barnalegir að setja svona hluti á prent og það meira að segja í grg. í þskj., að þessi markmið hafi bara þegar náðst, punktur, skástrikað. Og ég spyr aftur, herra forseti: Til hvers þá þessa till. úr því að þetta er allt saman komið í höfn? Það er búið að binda þetta glæsta fley í höfn. Vandamál landbúnaðarins hafa verið leyst.

Ég get út af fyrir sig tekið undir liði 5 og 6 í tillgr., enda höfum við margoft lagt á það áherslu að einmitt þessa hluti þyrfti að gera, huga að markaðsmálunum og vinna þar skipulegar en gert hefur verið. Það er skynsamlegt úr því sem komið er að hugsa sér að lengja búvörusamningana eða aðlögunartímann þannig að bændur viti lengra fram í tímann að hverju þeir ganga. En hér er ekki á nokkurn hátt tekið á þeim höfuðvandamálum, þeim grundvallaratriðum sem verður að fara að skera á í sambandi við stjórnun búvöruframleiðslunnar og það er þetta, herra forseti, að það gengur ekki að halda þessum flata niðurskurði á alla bændur landsins áfram án tillits til aðstæðna. Það er algerlega útilokað að það geti gengið að framleiðslusamdrátturinn verði jafnmikill og raun ber vitni og að honum verði útbýtt flatt yfir alla stéttina án nokkurs tillits til aðstæðna. Það samrýmist ekki þeim áherslum sem við verðum að leggja gagnvart nýtingu landkosta. Það brýtur byggðirnar sundur og slítur og það hlýtur að leiða af því byggðahrun í þeim sveitum sem standa tæpast.

Og að lokum þetta, herra forseti, úr því að ræðutíma mínum er lokið, enda þarf ég ekki að hafa um þetta makalausa plagg fleiri orð. Ég gat ekki skilið hv. 1. flm. öðruvísi hér áðan en í raun og veru væri í garð gengin gullöld og gleðitíð hjá íslenskum bændum. Þetta væri allt í raun og veru í fína lagi, kjör þeirra væru að stórbatna ár frá ári og allt væri þetta mjög til bóta. Þessar fréttir eru örugglega nýjar fyrir svo til öllum bændum landsins. Ég legg því til, úr því að þessi stóri sannleikur hefur verið fluttur úr ræðustól á hv. Alþingi, að hv. 1. flm. leggi land undir fót, fari hringinn og taki líka Vestfjarðakjálkann með og segi bændum frá því að allt þeirra streð, öll þeirra fundahöld, öll þeirra mótmæli séu á misskilningi byggð. Það sé nefnilega þannig að þeir hafi aldrei haft það betra. Þeir séu í raun og veru á góðri leið með að verða forríkir og allt sé þetta í himnalagi og þessi fundahöld, þessi mótmæli og mörg hundruð manna fundir í hverju héraðinu á fætur öðru sé allt saman misskilningur því að hv. þm. Egill Jónsson hafi uppgötvað það að aldrei hafi verið betra að búa, aldrei hafi verið önnur eins gleðitíð.

Ég legg því til og geri að tillögu minni til hv. flm. að hann hætti að nudda með þetta þskj. sitt, leggi þess í stað, eftir því sem tími leyfir honum frá þingstörfum, land undir fót og færi bændum þessi gleðitíðindi sem hann hefur þeim að færa.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þegar maður virðir fyrir sér hvernig þessi mál hafa þróast get ég tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að maður er hissa á þessum tillöguflutningi og þeirri sýndarmennsku sem er á ferðinni. Ég minni á að þegar þessi búvörulög, sem svo eru kölluð, voru samþykkt hér á hv. Alþingi urðu um það miklar deilur og var ekki létt verk að fá samstöðu um þetta mál. Sá sem hér stendur setti fram skilyrði fyrir því að standa með þessum lögum á þeirri tíð. Þar sem tíminn er svo stuttur get ég ekki farið út í þetta að öðru leyti en því að ég vil minna á að ég er hér með þá framsöguræðu sem ég flutti við 2. umr. í sambandi við lögin um framleiðslu og sölu búvara og sagði þá m.a. til þess að sýna hver voru viðhorf mín, enda vita það þeir hv. þm. sem unnu með mér í nefndinni og ég hef ekki fleiri orð um það. Ég les upp, með leyfi forseta:

„Með a-lið 9. brtt. er lagt til að eftir 1990 og þar til endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram skuli útflutningsbætur árlega nema 4% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar." Skv. frv. átti þetta að falla niður algerlega í árslok 1990. „Ákvæði IX. kafla frv. miða að því að aðstoða landbúnaðinn með aðlögun og breyttum markaðsaðstæðum. Við vitum ekki hver verður árangur þeirrar aðlögunar að fjórum árum liðnum. Í 38. gr. frv. er í samræmi við þetta ákvæði um að þessi ákvæði skuli tekin til

endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku laganna með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingar nýrra búgreina. Með umræddri brtt. er tryggt að réttur bænda til útflutningsbóta verði ekki með öllu felldur niður nema til komi frekari umfjöllun Alþingis þar sem metið verður hvernig til hefur tekist með árangur af þessari lagasetningu. Þessi endurskoðun á fyrst og fremst, að mínum dómi, að vera til að meta hvernig hefur til tekist að ná því markmiði sem lögin fela í sér og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem hafa hvað eftir annað verið endurteknar, þ.e. að byggja upp annan atvinnurekstur til þess að mæta því tekjutapi sem verður vegna þeirrar framleiðsluminnkunar í hefðbundnum búgreinum sem er talin nauðsynleg a.m.k. við þær aðstæður í markaðsmálum sem nú blasa við.

Ég hef þá trú að eftir fjögur ár verði staðan sú að það verði langt frá því að það mark hafi náðst að byggja upp atvinnurekstur í strjálbýli sem komi í veg fyrir þá framleiðsluminnkun sem manni sýnist nú blasa við. Við skulum vona að það verði breyting í þessum málum þannig að slík minnkun þurfi ekki til að koma. Þessi endurskoðun á því að mínu mati fyrst og fremst að byggjast á því hvort þurfi að herða róðurinn til að ná þessu marki, þ.e. að það fólk sem býr í strjálbýli hafi tekjumöguleika sem eru í einhverju samræmi við tekjur annarra stétta og að fjárhagsaðstoðinni, sem felst í 37. gr. og á að fara til þessarar uppbyggingar, verði ekki hætt heldur miklu fremur að ef of skammt hefur verið gengið verði hún aukin þar til við náum því marki sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér, bæði í málefnasamningnum sem gerður var þegar ríkisstjórnin var mynduð og í yfirlýsingum um að reyna að halda landinu í svipaðri byggð og nú er."

Mér þykir nauðsynlegt að rifja þetta upp nú vegna þess að þetta sýnir í sjálfu sér það viðhorf sem við, margir framsóknarmenn, höfðum til þessara mála. Og ég verð að segja það að við reyndum líka að fara mikið hægara í þessum samdrætti, að þetta næði a.m.k. til 10 ára, að útflutningsbæturnar yrðu ekki lækkaðar eins hratt og var ákveðið og fyrst og fremst að það yrði búið að byggja upp eitthvað annað jafnhliða og áður en samdrátturinn ætti sér stað. Nú er það því miður staðreyndin að það er verið að svelta suma bændur út af jörðunum vegna þess að þessi uppbygging kemur ekki nógu fljótt. Okkar afstaða þegar þessi lög voru samþykkt sýnir það að við höfðum rétt fyrir okkur, við óttuðumst að svona færi, en það fékkst ekki að ganga lengra með neinu móti, fyrst og fremst fyrir það að þeir sem unnu með okkur og vinna með okkur í ríkisstjórninni fengust ekki til að ganga lengra. Þetta er sannleikurinn í málinu og þetta vita a.m.k. þeir sem unnu með okkur í landbn. og raunar miklu fleiri.

Það er auðvitað góðra gjalda vert ef það er meiningin og alvara í þessu máli að breyta nú um og taka undir það sem við héldum fram og taka mið af því sem hefur gerst á þessum tíma. Og auðvitað er það alveg rétt að það er nauðsynlegt, og það var lagt til líka í þessari ræðu sem ég var að vitna í, að semja til margra ára þannig að menn vissu hvar þeir stæðu, en það hafðist ekki heldur fram þá. E.t.v. eru þessi umskipti af tvennum toga, annars vegar vegna þess hvernig horfir í landbúnaðinum og að öðru leyti vegna þess að það er stutt til kosninga.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég held að það sé misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að sú till. sem hér er á dagskrá sé einhver árás á mig eða þá landbúnaðarstefnu sem ég fylgdi sem ráðherra. Till. er ekki árás á þá stefnu. Till. er á hinn bóginn flutt af þremur þm. Sjálfstfl. vegna þess að þeir hafa komist að raun um varðandi búvörulögin, þó góð séu á ýmsan máta og feli í sér miklar breytingar til hins betra, þá þurfi annað og meira að koma til heldur en þau gera ráð fyrir og heldur en framkvæmt hefur verið á þeirra grundvelli.

Till. sannar það að þessir hv. þm. Sjálfstfl. slá því föstu að nú sé svo ástatt, þótt aðeins rúmlega eitt og hálft ár sé liðið frá því að búvörulögin tóku gildi, að nú þurfi að fela fjmrh. og landbrh. að hlutast til um skipulagt átak, eins og segir í tillgr., til atvinnuuppbyggingar í sveitum til að vega upp á móti samdrætti í hefðbundnum landbúnaði. Þetta hygg ég að sé rétt. Því miður er svo ástatt í landbúnaði að á þessu er full þörf.

Ég get lýst fylgi mínu við þessa till. og ég lýsi fylgi mínu við þá töluliði sem á eftir fara í tillgr., til að mynda eins og segir í 6. tölul. að búvörusamningur milli bænda og ríkisvalds verði framlengdur um tvö ár. Þetta þýðir það að flm. telja að það þurfi a.m.k. að treysta stöðuna nú, að teygja úr aðlögunartímabilinu þannig að menn viti betur hvar þeir standa og tóm gefist til, hvort tveggja í senn, að fá svigrúm til þeirra aðgerða sem taldar eru upp og ekki síður hitt að gera nú alveg sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar til að mæta samdrættinum.

Búvörulögin byggðu m.a. á því að gert var ráð fyrir að verja verulegu fjármagni, í rauninni mjög miklu fjármagni, til uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra í sveitum landsins til þess að vega upp á móti samdrætti í hinum hefðbundnu greinum. Ef samdrátturinn fer hraðar en uppbygging nýrra atvinnutækifæra þá verða skörð í byggðina, þá hrynur afkoman og þá hrynur byggðin. Ég skil það svo að þessi till. sé flutt til þess að svo fari ekki og til þess að efna nú til nýs og skipulegs átaks sem tveimur hæstv. ráðherrum er ætlað að hlutast til um.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um till. sjálfa sem ég met að hafi þennan tilgang. Ég vil hins vegar segja það að í grg. till. eru nokkrar missagnir og jafnvel örlaði aðeins á því í ræðu hv. 1. flm.

Í fyrsta lagi segir í grg. till. að í ljós hafi komið að ekki var um markvissar ráðstafanir að ræða með þeirri stjórnun á búvöruframleiðslunni sem gripið hafi verið til áður en búvörulögin tóku gildi. Ég rifja það upp að gripið var til skarpra ráðstafana til þess

að hafa hemil á mjólkurframleiðslunni sem þá var komin í 120 millj. lítra. Og ég minni á það að í minni tíð sem landbrh. var mjólkurframleiðslan innan við 105 millj. lítra að meðaltali á ári á meðan neyslan var að meðaltali rúmlega 100 millj. lítrar.

Hér segir einnig: „Kjarnfóðurnotkun í mjólkurframleiðslu hélst að mestu óbreytt og eftir 1981 fer kúm að fjölga.“ Kjarnfóðurnotkun til mjólkurframleiðslu, í nautgriparækt, í sauðfjárframleiðslu og til hrossa minnkaði á milli áranna 1979–1980 og 1980–1981 um rúmlega 36%. Þetta liggur fyrir og óþarfi í góðri till. að koma með slíkar missagnir.

Hv. framsögumaður sagði að nú gerðist hvort tveggja að það væri samdráttur í framleiðslu, sem er rétt, og það væri aukinn markaður. Aukinn markaður er auðvitað vafasamt. Ég minni á það að þann tíma sem ég var í sæti landbrh. var innanlandsneysla af kindakjöti á bilinu 10 000–10 800 tonn á ári. Nú hefur hún fallið og hv. þm. Egill Jónsson gerði ráð fyrir að hún gæti orðið um 9 500 tonn á ári ef vel gengi. Á þeim tíma var mjólkursalan innanlands að meðaltali rúmlega 100 millj. lítra eins og þegar hefur verið sagt. Á árinu 1985–1986 hafði hún fallið niður í 96,8 millj. lítra en hún er að glæðast núna og það er vel. Á hinn bóginn er það auðvitað missagt að síðan búvörulögin voru sett hafi neysla og markaður fyrir þessar vörur aukist.

Ég held að það séu kannske því miður ekki nægilega staðfestar upplýsingar sem sanni það að bændur landsins búi nú við vaxandi og góðan hag. Að vísu komu góðar tekjur árið 1985 vegna þess að þá kom í fyrsta skipti uppgjör á einu ári og auk þess uppbætur frá árinu á undan. Ég hef þær fregnir frá fjármálastofnunum í mínu byggðarlagi að þar sé árið 1986 snöggtum lakara hvað afkomu landbúnaðarins snertir og það kemur mér sannarlega ekki á óvart. Það er vel ef hið gagnstæða er í öðrum landshlutum.

Um mjólkurframleiðsluna segir að kúm hafi fjölgað eftir árið 1981. Það er rétt. Þeim fjölgaði þá á milli ára um 80 talsins, en 1981 hafði þeim fækkað til að mynda frá 1979 um 1000. Og það var reyndar svo að eftir að leið á árið 1983 jókst mjólkurframleiðslan og að mínum dómi hefði þurft að taka nokkuð skarpar í taumana á árinu 1983 heldur en gert var, en þá jókst mjólkurframleiðslan, sem sýnir m.a. það sem hér er í gögnum sagt að 1985–1986 hafi hún numið 111,5 millj. lítra. Þegar árferði fór batnandi þurfti að taka skarpar í tauma eins og gert var á árinu 1980, í því eina góðæri sem var á því tímabili sem ég var við forustu í þessum efnum, sem varð til þess að mjólkurframleiðslan náðist á einu ári úr 120 millj. lítra niður í 103 millj.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, með því að segja að ég tel að hægt sé að fagna þessari tillögu. Tillgr. sýnir það að við þurfum á auknum aðgerðum að halda til þess að bæta úr því ástandi sem við er að etja. Þrátt fyrir ágæt lög hefur ekki tekist eins og þyrfti að vega upp á móti samdrættinum og þess vegna þarf nú nýtt átak eins og hér er gert ráð fyrir og betri og tryggari aðlögunartíma.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Í þeirri till. sem hér er til umræðu er drepið á allmörg atriði sem miklu máli skipta í sambandi við stöðu og framtíð landbúnaðarins. Ég held að flestum sé það ljóst að þau atriði, sem þarna er talað um að leggja áherslu á, eru í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í búvörulögunum eins og hv. flm. rakti. Ég held að þeir sem þekkja til í landbúnaði geti ekki gert ráð fyrir einhverjum svo skyndilegum breytingum þar að allt verði gert á einu eða tveimur árum. Til þess að koma á mjög miklum breytingum þarf þar lengri aðlögunartíma. Þess vegna er held ég augljóst og var að sjálfsögðu vitað fyrir fram að ekki mundi takast að hrinda öllu í framkvæmd á fyrsta ári sem þessi núgildandi lög voru í gildi. Hins vegar var staðan orðin þannig að það var mjög knýjandi að grípa til róttækra aðgerða. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði hefur árferði verið gott á síðustu árum. En það var ekki aðeins það, því að þegar samningar höfðu verið gerðir um afurðamagn og fyrsta reglugerðin var gefin út til þess að deila því magni út á meðal bænda, þá kom það glöggt fram hversu margir það voru sem sögðu: Ég þarf að auka mína framleiðslu mikið frá því sem hefur verið vegna þess að ég hef verið að byggja upp síðustu árin og það kallar á aukna framleiðslu. Við sem þekkjum til í landbúnaði vitum það líka að þegar ungt fólk tekur við af þeim eldri þá krefst það meiri umsvifa og meiri framleiðslu.

Það er þetta sem gerir stöðuna erfiða. Og þar sem markaðsaðstæður sniðu svo þröngan stakk sem raun ber vitni þá hlaut þarna að verða erfitt um vik og því varð samdrátturinn að koma fyrr en æskilegt var og, eins og hér hefur komið fram, áður en búið var að byggja upp.

En það er algjör misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að það sé nú verið að taka þá stefnu að fara í flatan niðurskurð. Það var sú stefna sem gilti samkvæmt gömlu framleiðsluráðslögunum, það var hinn flati niðurskurður. Á grundvelli þeirra var gefið út nýtt búmark þannig að útgefið búmark í mjólk mun hafa verið u.þ.b. 145 millj. lítra á sama tíma og fullt verð er tryggt fyrir 106–107 millj. lítra. Í kindakjötinu er það þannig að það er búmark fyrir rúmlega 18 400 tonn á sama tíma sem fullt verð er tryggt fyrir 11 800 tonn, þ.e. fullvirðisréttur eða fullt verð er tryggt fyrir 60% af útgefnu búmarki. Það er þetta sem sníður svo þröngan stakk. Nú var hins vegar farið inn á þá braut að reyna að fá menn til að breyta um atvinnuhætti þannig að meira rými skapaðist fyrir þá sem áfram héldu búrekstri. Þetta hefur Alþb. kallað eyðibýlastefnu en ég vil fullyrða að ef farið væri eftir ráðum Alþb. og haldið áfram framleiðslu þá er það hin raunverulega eyðibýlastefna.

Markaðsaðstæðurnar eru þannig að til þess að flytja út mjólk þarf að greiða nærri 40 kr. með hverjum mjólkurlítra á sama tíma og bændur fá 26 kr. í grundvallarverð. Það þýðir að það þarf að greiða nærri 4 millj. kr. með búi sem framleiðir 100

þús. lítra af mjólk, þ.e. um 30 kúa búi. Og eftir árið standa menn í sömu sporum nema að því leyti sem það litla brot sem hefur lent sem kaup til bóndans rennur í hans vasa. Með því hins vegar að fara þá leið sem ákveðin var, að leigja búmark, þá er hægt að greiða fjórum til fimm bændum kaup með sama fjármagni á meðan þeir eru að fá umþóttunartíma og að byggja upp nýja atvinnustarfsemi þó að hún sé ekki komin í gang. Vissulega hefði verið æskilegra að þessi nýju atvinnutækifæri hefðu verið komin, þessi uppbygging hefði átt sér stað fyrr, en það er samt sem áður miklu betra að verja fjármagninu þannig til þess að sem stærstur hluti af því sem við höfum til umráða renni sem kaup til bóndans en ekki til þess að greiða með vörunni sem verður að flytja út. Þannig er með þeirri stefnu sem farin er hægt að hafa fjóra til fimm bændur kyrra í sveitunum í staðinn fyrir einn ef farið væri að því ráði að bjóða ekki þeim mönnum sem vildu hætta að hætta við sína framleiðslu.

Ég vil því algjörlega mótmæla því að það sé verið að svelta bændur út af jörðum. Þvert á móti, það er verið að reyna að stuðla að því að menn geti verið kyrrir í sveitunum og það eru mörg dæmi um það að þessar ráðstafanir hafi leitt til þess. Það munu allir þekkja sem vilja vita, það eru staðreyndir sem hægt er að fá upplýsingar um. Ég vildi gjarnan að þeir sem hér fullyrða að hagur bænda sé bágari nú en áður komi með einhverjar tölur því til staðfestingar. Ég vil t.d. benda á að það hefur aldrei verið gert jafnmikið fyrir þá sem skuldugir eru til þess að styrkja þeirra stöðu eins og var gert á s.l. ári með breytingu á lánakjörum Stofnlánadeildarinnar og þegar lausaskuldirnar, lánin, voru flutt frá veðdeild Búnaðarbankans yfir í Stofnlánadeildina og stórbætt lánakjörin. Það gjörbreytti stöðu þeirra sem þar voru með miklar skuldir. Það hefur áður verið bent á það hér í umræðunum hversu mikil framför það var fyrir bændur að fá afurðaverðið greitt að fullu.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram. Að sjálfsögðu þarf að gera betur. Það er ekki allt leyst á einu ári en það er verið að vinna að þessum atriðum og það sem bent er á í þessari till. er það sem sett hefur verið sem markmið að vinna eftir þegar lögin gengu í gildi.

Ég vonast til þess að hægt sé að framlengja samninga við Stéttarsambandið í tvö ár í viðbót eins og lagt er til í 6. lið þessarar greinar og í sambandi við 5. liðinn þá eru í gangi viðræður við Útflutningsráð og forstöðumann þess um samstarf og samvinnu í sambandi við markaðsmál erlendis. En eins og ég sagði fyrr í dag, þar er því miður þyngra fyrir fæti en líklega nokkurn tíma fyrr.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til þess að taka undir þessa till. Mér finnst hún og sérstaklega þó grg. góð. Það eru miklar upplýsingar í grg. sem eru mjög þarflegar að fletta upp á fyrir þá sem vilja bændum vel. Mér finnst miklu fremur að þeir sem saka flm. um sýndarmennsku ættu að líta í eigin barm því það hlýtur að vera nokkur sýndarmennska í því fólgin að geta verið á móti þessari till. ef menn á annað borð vilja bændastéttinni vel.

Það má svo sem segja að þessi búvörulög og þær reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim hafi valdið nokkrum úlfaþyt og upphlaupum á fundum víða um land. Við ööru var kannske vart að búast. Menn þurfa vissan aðlögunartíma til að átta sig á því hvað er að ske og auðvitað er skerðing á frjálsræði í atvinnugreinum aldrei neitt sérstakt fagnaðarefni. Það var það heldur ekki í sjávarútvegi, þó svo að bændur og samtök þeirra, eins og reyndar allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, kæmust að þeirri niðurstöðu að skást viðmiðun, skást viðmiðun eða kvótakerfi var það þar sem miðað var við frammistöðu manna einhver undanfarin ár. Hinu get ég svo sem ekkert neitað að af landfræðilegum ástæðum hefði kannske verið heppilegra fyrir Norðlendinga að þriggja ára viðmiðun hefði gilt en ekki tveggja ára, en það er annað mál. Þetta var samkomulag meðal bændasamtakanna og er alveg sjálfsagt að fylgja því eftir og raunar ekkert annað hægt.

Ég get vel skilið það að hæstv. landbrh. hafi ekki átt sjö dagana sæla undanfarið við að sannfæra bændur um nauðsyn þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til, en það er því miður algjör óskhyggja og óraunsæ óskhyggja að einhverjir markaðir finnist t.d. fyrir okkar dilkakjöt, þar sem við getum flutt út dilkakjöt í einhverjum mæli á verði sem nokkur leið er að sætta sig við. Auðvitað skilja þetta margir og flestir ábyrgir bændur. Á þessum fundum, sem haldnir hafa verið og ályktunum frá þeim bændafundum þar sem mótmæli hafa verið uppi höfð, skortir tillöguflutning um raunhæfar aðgerðir sem tryggja sama markmið, þ.e. að búvörueframleiðslan verði sem næst innanlandsneyslunni.

Ég get ómögulega tekið undir það sem kom hér fram hjá einhverjum hv. þm. áður að afkoma bænda árið 1986 hafi verið léleg. Ég held einmitt að hún hafi verið frekar góð. Ég hef að vísu ekki beinharðar tölur en eftir því sem mér hefur heyrst á því landsvæði sem ég þekki best til held ég að afkoman hafi verið góð. Jafnvel þó að tekjur hafi á einhvern hátt verið örlítið minni þá hefur tilkostnaður á mjög mörgum búum orðið miklu minni. Það stafar að einhverju leyti af góðu árferði, en með tilkomu þessara nýju laga og reglugerða hafa menn virkilega reynt að draga saman tilkostnað í áburðarkaupum og fóðurbætiskaupum. Þetta eru nú þeir tónar sem ég heyri. Það getur vel verið að menn tali öðruvísi upp í mín eyru en annarra félaga minna úr Norðurl. e. sem hér hafa talað.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ef þessi till. kemur til hv. atvmn. þá vonast ég til þess að ég geti lagt henni lið þar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að einn af fulltrúum Sjálfstfl. í þeirri nefnd sem vann að samningu

búvörulaganna, hv. 11. landsk. þm., hefur lagt fram till. til þál. um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum vegna breyttra búhátta.

Það fer ekki á milli mála að þessi þáltill., ef hún boðar stefnu Sjálfstfl., er stefnubreyting til betri áttar. Það fer ekki á milli mála. Og á það mun reyna mjög hvort um er að ræða samdóma stefnubreytingu hjá þeim aðilum sem sátu í nefndinni sem vann að samningu frv. því þannig vill til að formaður atvmn., hv. 4. þm. Reykv., átti einnig sæti í þeirri nefnd sem vann að samningu frv. um framleiðsluráðslögin og á það mun mjög reyna hvort þessi tillaga kemur aftur fyrir þingið til atkvæðagreiðslu á þessu þingi. Ég tel að hér sé um jákvæða stefnubreytingu að ræða og það má segja að stefnubreytingin sé öll á þann veg sem hv. 3. þm. Norðurl. e. lagði áherslu á í sinni ræðu þegar hann talaði fyrir þessu máli er það kom úr nefnd í Nd. á sínum tíma. Það má segja að tekin hafi verið upp sú stefna sem hann lagði þar áherslu á að þyrfti að koma til viðbótar. Ég fagna því að þetta skuli upp tekið, að auka áhersluna á að efla byggð í sveitum landsins með því að efla atvinnuna, en vissulega er þetta stefnubreyting.

Ég tel augljóst að búið sé að ná verulegu valdi á þessari breytingu hvað mjólkurframleiðsluna snertir en hættan í sauðfjárræktinni liggur í því að innanlandsmarkaðurinn hefur á undanförnum árum verið að dragast saman. Ég tel að þess vegna þurfi að taka markaðsmálin alveg sérstaklega til umfjöllunar í því sambandi því að verðlagning vörunnar hér innanlands hlýtur að skipta verulegu máli. Viðhorf hæstv. fjmrh. í þeim efnum hefur því allafgerandi áhrif á það hversu til tekst með sölu á sauðfjárafurðum hér innanlands.

Ég vil taka undir það sem sagt er í grg. með þáltill. og snýr að Vestfjörðum, að sveitirnar þar eru dreifðar og fámennar og því sérstök hætta á ferðum. Taflan um vinnuafl og fullvirðisrétt vekur aftur á móti vissa undrun mína því að ég átta mig ekki á því hvort það fær staðist að það sé Norðurl. e. og Vestfirðir sem hafi einna mestu framleiðsluna samkvæmt fullvirðisrétti á mann. Ég efa það að þessi tafla sé að öllu leyti rétt. Mér sýnist að þarna hafi orðið einhver mistök í uppsetningunni. Hins vegar er ekki ólíklegt að niðurskurður á Vestfjörðum vegna riðu hafi átt þátt í því að samdrátturinn þar verður meiri en annars staðar, 8,49%. Og það er okkur ærin nauðsyn að fá leiðrétt gagnvart Vestfjörðum. Ég tel að það hafi verið mistök að skipta svæðunum niður í jafnlitlar framleiðslueiningar og gert var og það hafi skapað vissa erfiðleika hvað þetta snertir.

Það fer ekki á milli mála að 1. flm. þessarar þáltill. er með sínar rætur í íslenskri mold og ég ætla honum að fylgja þessu máli af fullum heilindum, ég efa það ekki. Satt best að segja vona ég að líta megi svo á að það sé stefnubreyting hjá Sjálfstfl. hvað það snertir, að mönnum sem koma utan af landinu sé ljóst að það verður að fá lengri aðlögunartíma og hvernig sem mál skipist gagnvart ríkisstjórn að loknum kosningum liggi það ljóst fyrir að þeir vilji binda það nú áður en þing fer heim með samþykkt þessarar þáltill. að ekki komi neitt annað til greina en að skapa störf í sveitunum fyrir þá skerðingu sem þar á sér stað vegna samdráttar í hinum hefðbundnu búgreinum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu ekki þurft aðra ferð hingað í ræðustólinn vegna þessarar till. en út af orðum hæstv. landbrh. vil ég aðeins segja það að hann hefur auðvitað misskilið stórlega stefnu Alþb. í þessum efnum eða sleppt því algjörlega að kynna sér hana, sem er nú ekki ráðlegt af virðulegum landbrh., ef hann heldur því fram að það sé einhver sérstök stefna Alþb. að framleiða landbúnaðarvörur utan endis. Það er mikill misskilningur. Það hefur birst bæði í þáltill. og málflutningi okkar hér á undanförnum árum að við erum sammála því að það þurfi að hafa stjórnun á landbúnaðarframleiðslunni og við höfum lagt fram ýmsar tillögur um hvernig skuli að því staðið. Við setningu búvörulaganna á sínum tíma gagnrýndum við ýmislegt í þeim lögum og bentum á hvernig við teldum að betur mætti standa að því að skipuleggja framleiðsluna og bregðast við þeim samdrætti sem þar var boðaður og að einhverju leyti var, að allra manna mati sem ég þekki, nauðsynlegur. Ég hef engan Íslending heyrt halda öðru fram en að einhverju leyti hefði þurft að hafa stjórn á framleiðslunni og sjálfsagt var, eins og markaðsstaðan var þá, óhjákvæmilega um einhvern samdrátt að ræða.

Við höfum hins vegar lagt á það mjög mikla áherslu að framleiðslunni yrði skipað eftir svæðum með tilliti til landkosta og byggðasjónarmiða að reynt yrði að ná saman um einhverja hóflega einingu, stærðareiningu, í búrekstri og gera hana arðbæra sem slíka. Og ég segi það sem mína skoðun, það er kannske of mikið sagt að það sé skoðun flokksins, að við höfum talið, þeir menn sem ég hef mest unnið með innan míns flokks að stefnumörkun í landbúnaðarmálum, að það væri óhjákvæmilegt að færa til framleiðsluna með vissum hætti, þannig að sauðfjárframleiðslan yrði t.d. að hluta til færð frá þeim svæðum þar sem byggðin stendur sterkast og skilyrði til annars búskapar og annarrar atvinnu væru best. Svo að skiljist hvað ég á við vil ég nefna t.d. svæði eins og Suðurlandsundirlendið og Eyjafjarðarsvæðið að hluta til. Það er engin spurning um það að þar mætti draga úr sauðfjárbúskapnum og færa hann út á þau jaðarsvæði sem standa tæpast og það væri skynsamleg ráðstöfun að mínu mati. Og þá hef ég vonandi komið með eitt „konkret“ dæmi sem hæstv. landbrh. getur þá hugsað um.

Til að gera þessa hluti þarf pólitískan kjark. Það þarf að þora að standa frammi fyrir mönnum og segja: Því miður er óhjákvæmilegt að grípa til sársaukafullra aðgerða og við teljum skynsamlegast og best að þær séu svona og svona. Auðvitað mundu margir bændur, hvort sem er á Suðurlandsundir-

lendi eða í Eyjafirði, ekki fagna því að þurfa að láta af sauðfjárbúskap sem atvinnugrein. En ég er viss um að það er svigrúm til tilfærslna á þessu svæði og það væri skynsamlegt í mörgu tilliti, sérstaklega út frá byggðasjónarmiði. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að verið sé að framleiða kindakjöt og búa með sauðfé í ýmsum þéttbýlustu sveitunum nálægt fjölmenni á sama tíma og framleiðsluréttur bændanna á Hólsfjöllum er skertur. Það er auðvitað hrein vitleysa og endileysa frá byggðasjónarmiðum. Á sama tíma og hið opinbera aðstoðar bændur á Hólsfjöllum við að keyra ljósavélar til þess að þeir geti búið þar við sæmileg lífsskilyrði eins og aðrir, þá er framleiðslurétturinn tekinn af þeim og undirstöðunni kippt undan fótum þeirra með þeim hætti. Þarna er auðvitað vinstri höndin að gera hluti sem sú hægri vinnur í móti. Þetta er endileysa og til skammar fyrir stjórnkerfið að slíkir hlutir skuli eiga sér stað og ætti auðvitað að skoðast út frá sjónarmiði byggðamálanna alveg sérstaklega.

Við höfum í þingflokki Alþb. m.a. skrifað hæstv. forsrh. sem yfirmanni Byggðastofnunar og farið fram á það við hann að hann feli þessari stofnun að skoða þau áhrif sem þessi samdráttur sé líklegur til að hafa. Það eru ekki bara sveitirnar sjálfar sem við höfum áhyggjur af, heldur einnig og kannske ekki síður þéttbýlið sem er að verða fyrir þungum áföllum og miklum tekjusamdrætti vegna minnkandi umsvifa í landbúnaðinum, vegna samdráttar í úrvinnslunni og vegna þess að bændurnir kaupa minni þjónustu sem eðlilegt er með minnkandi tekjum. Og varðandi það að afkoma bænda sé nú líklega bara góð, menn biðja hér um tölur um hana, held ég að þurfi engar tölur. Það er alveg ljóst að góðærið svokallaða skilar sér ekki með sama hætti út í sveitirnar og það ætti að gera að hluta til. Erfiðleikar bændanna og viðskiptaaðila þeirra, eins og kaupfélaga eða afurðasölufélaga, ættu að vera öllum mönnum kunnir. Ég hélt að það þyrfti í sjálfu sér ekki að fara fleiri orðum um það. Það liggur alveg fyrir að vöxtur þjóðartekna, sem á þriggja ára tímabili 1985–1987 er áætlaður 17%, er ekki að fara ofan í vasa bændanna með sama hætti, það leyfi ég mér að fullyrða. Ég er alveg sannfærður um að hv. 1. flm. till. fengi naumast nokkurn einasta bónda í landinu til að trúa sér þó að hann reyndi að segja honum það. Og það verður svo að segjast um þessa till. að öðru leyti: Ef hv. flm. er þetta svona mikið alvörumál og þetta er svona mikið og vinsælt mál í Sjálfstfl., hvers vegna er þessu þá ekki hrint í framkvæmd? Nú hefur hv. þm. aðstöðuna, hann tilheyrir stjórnarliðinu. Hv. þm. og 1. flm. er formaður landbn. Ed., samstarfsmaður hæstv. landbrh. Ég hygg að hann hefði átt að reyna að ná þessum áhersluatriðum í gegnum sinn þingflokk og reyna svo að hrinda þeim í framkvæmd. Eftir hverju er verið að bíða? Leggja hér fram einhverja tillögu sem dagar uppi í umræðum rétt fyrir kosningar í staðinn fyrir að drífa þá í framkvæmdunum. Ég tel að hv. flm. hefði átt að fara þá leið ef þetta er honum slíkt alvörumál. Hann getur ekki borið því fyrir sig að hann hafi ekki aðstöðuna til þess sem stjórnarþingmaður.

Það er einnig dálítið athyglisvert með tilliti til ræðuhalda hv. 1. flm. að hann hafði ekkert, ef ég man rétt, að athuga við ráðstöfun fjár úr Framleiðnisjóði sem rædd var hér á virðulegu Alþingi fyrir jól. Ég hefði haldið að honum, sem sérstökum talsmanni þess að efla atvinnu og byggja upp í sveitunum til að mæta samdrætti í landbúnaðarframleiðslunni, hefði átt að vera allra manna sárast um fé Framleiðnisjóðs sem var einmitt ætlað í þetta sérstaka verkefni, ekki til að laða fram aukinn samdrátt heldur til þess sérstaklega, og það var margundirstrikað við afgreiðslu búvörulaganna, til að byggja upp, til að styrkja aðra atvinnustarfsemi svo að það gæti orðið að einhverju leyti flutningur úr framleiðslu hefðbundinna búvara yfir í aðra atvinnustarfsemi í sveitunum. Fé Framleiðnisjóðs var sérstaklega ætlað og tekið frá í það verkefni. En ég man ekki eftir að hv. 1. flm. hafi gagnrýnt þá ólöglegu ráðstöfun, eins og ég hef talið, sem átti sér stað á fé Framleiðnisjóðs s.l. haust og hefði hann þá, ef hann ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur, átt að taka þann þátt málsins upp.

Það sem er vandamálið þegar rætt er um afkomu bænda, og ég vil láta það vera mín síðustu orð, er auðvitað það að einhver meðaltöl í þeirri grein eru meingölluð og segja ekki alla söguna frekar en annars staðar. Það vita allir sem eitthvað þekkja til í sveitum landsins að aðstaða og afkoma bænda er geysilega misjöfn og að eitt erfiðasta vandamálið við úrlausn landbúnaðarmálanna, yfir höfuð, er hvað aðstaða og afkoma er geysilega misjöfn. Það er auðvitað hægt að finna bændur, sem betur fer, í velflestum sveitum sem hafa sæmilega afkomu. Að sjálfsögðu finnast dæmi um gróna roskna bændur sem eru lausir við svo til alla fjárfestingu af sínum býlum og hafa um langt árabil haldið búrekstri sínum í stöðugu og svipuðu formi og hafa þokkalega afkomu. En því miður er það mikill minni hluti. Það er mikill minni hluti íslenskra bænda sem þannig er ástatt um. Allur fjöldinn, svo ekki sé nú minnst á yngri bændurna og þá sem staðið hafa í fjárfestingum, er í miklum erfiðleikum. Það þarf ekki að þrátta um það, hv. alþm., það þarf ekki að þrátta um það. Það liggur alveg fyrir og ég þarf ekki að nefna neinar tölur í því sambandi. Þess vegna er það að jafnvel þó að hv. þm. Egill Jónsson gæti fundið einn og einn mann í einni og einni sveit sem mundi trúa því að afkoma bænda væri mjög góð og batnandi yrði það engu að síður mikill meiri hluti, sennilega 80–90%, því miður, sem mundi koma af fjöllum þegar hann fengi þessar fréttir og allur þorrinn mundi vita hið gagnstæða úr eigin vasa, úr eigin bókhaldi, því miður. Þannig er það og ég hygg að það þurfi ekki að bíða eftir skattaframtölum bænda, sem koma auðvitað á sínum tíma á þessu ári, til þess að fá sönnur á því að árið 1986 var þeim þungt í skauti og sá tímabundni ávinningur í eitt skipti sem þeir höfðu

af greiðslubreytingunum, sem ég að sjálfsögðu tek undir að kom bændum til góða, kom fram á því ári og honum verður ekki til að dreifa á hinu síðasta, því miður, þannig að afkoma bænda verður mun lakari á því ári.

Flm. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir við þessa till. og alveg sérstaklega þykir mér vænt um þær brýningar sem koma fram um að hún verði látin ganga fram til atkvæðagreiðslu á Alþingi. Sérstaklega þykir mér vænt um það vegna þess að menn eru að láta að því liggja að það muni ekki öllum þm. Sjálfstfl. finnast kannske fýsilegt. Ég þakka þessar brýningar og vona að þær verði m.a. til þess að flýta afgreiðslu þessarar till.

Hér hefur komið fram frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að það hafi verið mikil átök í kringum afgreiðslu búvörulaganna og ekki örgrannt um að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafi verið að tala í svipuðum dúr. Ég kannast ekki við þennan ágreining. Ég kannast ekki við ágreining í sambandi við VIII. kafla búvörulaganna. Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson er hér meðal áheyrenda og við sömdum þennan kafla. Efnislega var kaflanum ekki nokkurn skapaðan hlut breytt í meðferð Alþingis. 38. gr. kveður á um að það sé lögbundið að endurskoða skuli lögin að þessu leyti áður en aðlögunartímabilinu lýkur. Það er sagt í 38. gr. að á árinu 1989 eigi endurskoðuninni að vera lokið með *tilliti til þess að það sé hægt að meta hver áhrifin eru* þá orðin. Það var nákvæmlega enginn ágreiningur um þetta. Ég spurði Þórarin Sigurjónsson um það áðan, þann heiðursmann, og ekki mundi hann eftir þeim ágreiningi. Eins og ég segi, ég minnist þess ekki að það hafi hallað einu einasta orði á milli okkar Davíðs Aðalsteinssonar þegar við gengum frá þessu máli. Menn eru því að reyna að gera sig að miklum mönnum á afskaplega veikum forsendum.

Það var raunar nokkuð athyglisvert hvernig hv. þm. Steingrímur Sigfússon talaði áðan. Það var líka nokkuð athyglisvert að það var annar tónn í ræðunni þegar hann kom hér upp í seinna skiptið. Í fyrra sinnið sem ræðumaður talaði fjallaði hann aðallega um hvað þetta væri gagnslaust plagg, tillagan, og marklaust. En í síðari ræðunni talaði hann hins vegar um það hvers vegna ég notaði ekki aðstöðu mína til þess að koma málefnum landbúnaðarins í betra horf sem stjórnarþingmaður. Ég get bara minnt á það að í mörgum öðrum tilvikum en varðandi búvörulögin hafa verið teknar mjög mikilvægar ákvarðanir til betri hags fyrir bændur í landinu. Ég minni t.d. á breytingar sem voru gerðar í fyrra á viðskiptum landbúnaðarins við Stofnlánadeild landbúnaðarins og spara bændum á þessu ári 78 millj. kr. greiðslur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það eru ekki nema tiltölulega fáir bændur, þeir sem skulda mest og hafa þyngstu byrðina, sem þessi sparnaður kemur niður á. Ég minni á að það voru teknar miklar ákvarðanir fyrir tveimur árum með breytingum á jarðræktarlögunum sem núna verða endurflutt innan fárra daga. Þær breytingar gera það að verkum að fjármagn til nýrra búgreina hefur stóraukist samkvæmt jarðræktarlögunum. Ég bendi á að fjármagnskostnaður við byggingu loðdýrahúsa hefur verið lækkaður um 50% vegna beinna ráðstafana af hendi ríkisstjórnarinnar. Það er því vissulega víða sem unnið er að bættum hag bænda í landinu og á ég að sjálfsögðu minn þátt í því eins og aðrir stjórnarþingmenn.

Það er svo annað mál að markmiðin í VIII. kafla búvörulaganna, og það er hárrétt sem kemur fram í grg. og hv. þm. Steingrímur Sigfússon las hér upp, eru alveg skýr, þ.e. að gerðar verði þær breytingar á að í staðinn fyrir útflutningsbótaréttinn sem áður var komi mikið fjármagn inn, 1,5 milljarða kr., á fimm árum til atvinnusóknar og aðlögunar og til að auðvelda bændum aðlögun í landbúnaði. Þetta er afar skýrt. Það er líka skýrt að þessi mál á að taka til endurskoðunar og endurmats á fjórða ári þessa tímabils. Þetta er skýrt. Það er svo aftur annað mál að úti í landbúnaðinum hafa þessi markmið ekki verið nógu skýr og menn hafa verið þar sumir hverjir seinir til verka, sumar hverjar þessar stofnanir, og það hefur ekki enn þá náðst fram nógu markvisst starf til að koma þessu skipulagi á.

Máli mínu til stuðnings skal ég aðeins tilfæra orð tveggja forustumanna í landbúnaði. Annar þeirra er nýkjörinn formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga og hinn er einn af reyndari ráðunautum og bændum, *Einar bóndi á Skörðugili*. Í ræðu hans um áhrif búvörulaganna á þessum fundi kom m.a. fram að samdráttur í heföbundnum búgreinum þyrfti að nema ca. 4% af framleiðslu þeirra greina í sýslunni. Þar var einnig sýnt fram á að uppbygging í nýjum búgreinum, einkum loðdýrarækt, er þegar orðin miklu meiri en nemur þeim samdrætti, en formaður Búnaðarsambandsins sýndi líka fram á að búin væru of smá, enda þótt meðalstærð búa í Austur-Skaftafellssýslu sé vel ofan við meðalbústærðina í landinu, og einmitt sá væri vandinn sem við væri að fást. Jafnframt skýrði Reynir Sigursteinsson frá áformum Búnaðarsambandsins um byggingu og eflingu nýrra búgreina í sýslunni, ekki ólíkt því sem bændur þar höfðu áður gert með skipulögðu ræktunarátaki sandanna.

Og svo að ég vitni í orð Einars á Skörðugili hljóða þau þannig: Við skulum byrja á því að gera okkur grein fyrir því að þetta eru staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir og hætta að troða skóinn hver niður af öðrum. Það er óraunhæft tal að ætla að taka áunninn rétt af þeim bændum sem höfðu kjark og áræði til að fjárfesta og leggja undir á framfaraárunum þegar við allir höfðum sömu möguleika að undanskildum þeim allra yngstu. Það skapar aðeins öfund og illindi að lifa í slíku samfélagi og er okkur ekki samboðið. Við þurfum að einbeita okkur að framtíðaruppbyggingu og leita þeirra úrræða sem telja má líklegast að passi hverjum og einum til að leysa vandann. Hér á Búnaðarsambandið að grípa

inn í. Það þarf að breyta starfsháttum ráðunauta okkar og jafnvel bæta við manni til þess að heimsækja alla bændur sem eru með minnsta fullvirðisréttinn og aðra sem óska þess og hafa ekki þegar snúið sér að annarri atvinnu til að auka tekjur sínar. Ráðunautarnir eiga að koma heim á bæina, skoða allar aðstæður, gera rekstraráætlun með bóndanum, benda honum á þá möguleika sem sjáanlegir eru.

Þetta segir Einar m.a. Og þetta er nú ærið mikið annar tónn en kveðið hefur við í landbúnaðarumræðunni að undanförnu og það er einmitt undir þessar raddir sem ég vil taka.

Það þarf ekki að vera deiluatriði á milli mín og hv. þm. Pálma Jónssonar hvernig til tókst með framleiðslustjórnun í þeirri tíð sem hann var landbrh. Það vekur gjarnan athygli að þegar ég minnist á það tímabil hafa Alþýðubandalagsmenn það eitt að segja að ég sé að gera árásir á Pálma Jónsson. Ekki hafa þeir annað um þetta tímabil að segja þegar á það er minnst.

Ég held að það sé komin reynsla á að það hafi ekki verið neinum manni fært að hafa hemil á landbúnaðarframleiðslunni með þeim stjórnunaraðgerðum sem voru teknar upp árið 1979. Það var að vísu eitt ráð sem hv. þm. Pálmi Jónsson hafði kjark í sér til að beita og þurfti satt að segja mikið til. Það var þegar hann lagði 200% kjarnfóðurgjald á árið 1980. Það er hárrétt, sem kom fram í ræðu hans þá, að það sló mjög á mjólkurframleiðsluna. Það var svo annað mál að bændur tóku því ekkert vel frekar en ýmsu öðru og mér er til efs að það hefði verið liðið að beita því þannig. Við þurfum ekki heldur að vera að deila um tölur. Ég fékk upplýsingar frá Búnaðarfélagi Íslands um notkun á kjarnfóðri í nautgriparækt og hún hefur aðeins eitt ár verið undir 700 kg á hverja fullmjólka kú, og það var árið 1980, fyrr en núna á allra síðustu árum sem kjarnfóðurnotkunin hrapar niður.

Já, það hafa heyrst fyrr á þessu þingi kvartanir yfir því frá þm. Alþb. að það væri lítið ráðrúm til að tala um landbúnaðarmál og hv. þm. Steingrímur Sigfússon hefur verið að biðja um að það væri gefinn kostur á slíkri umræðu. Ja, ekki var nú innleggið hjá honum afar mikið í þeim efnum og efnislega hef ég ekki heyrt Alþýðubandalagsmenn núna á síðustu árum, ekki heldur séð það í skrifum þeirra né ræðum hér á Alþingi, hafa neitt annað ráð en hækka útflutningsbótaréttinn, veita meira fjármagn í að flytja landbúnaðarvörur úr landi. Þetta kom m.a. fram í ræðu ekki ómerkari manns en hv. fyrrv. fjmrh. Ragnars Arnalds. Það er þess vegna afar mikilvægt að menn meti hvernig staðið var að þessum málum þegar Alþb. hélt um lyklana hjá ríkissjóði.

Það voru að vísu ekki háar upphæðir sem lagt var upp með árið 1979 með verðtryggingarákvæðum í jarðræktarlögunum. Þau ákvæði skiluðu á fjórum árum einungis 122 millj. kr., en það komu inn í þessi verkefni úr ríkissjóði þá 55 millj. kr., rétt aðeins ríflega. Langsamlega stærsti hlutinn af þessu fjármagni kom inn á fyrsta árinu og var þá búið að taka ákvörðun um að ráðstafa því til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að gera henni kleift að starfa með eðlilegum hætti. Alþb. ætti því ekki mikið að hafa sig í frammi þegar þessi mál eru rædd. A.m.k. er fortíð þess með þeim hætti og þær efnislegu ábendingar sem fram hjá þeim hafa komið á síðari árum eða síðari tímum, sem sé þær að auka útflutningsbótaheimildina og reyndar að sjá fyrir bærilegum fullvirðisrétti til bændanna á Hólsfjöllum. (**SJS:** Hvað með niðurgreiðslurnar?) Þetta er afar þýðingarmikið að menn athugi. (**SJS:** Hvað með fortíð Pálma Jónssonar?) Niðurgreiðslurnar í tíð Ragnars Arnalds lækkuðu um 50% að raungildi (**SJS:** Þetta er lygi.) þannig að það er eins með það og annað.

Tími minn er liðinn, herra forseti. Ég skal ekki syndga upp á náðina frekar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hv. 1. flm. að þessari till. fullyrti í ræðustól að það hefði ekki verið neinn ágreiningur á milli flokkanna um búvörulögin svokölluðu. Hann virðist hafa gleymt því hvað gerðist þegar var verið að hlaupa á milli í sambandi við störf landbn. Nd. til að reyna að fá einhverju hnikað til. Þá stóð hann eins og klettur í hafinu að breyta engu. Það var aftur annað með suma flokksbræður hans, þá sem voru í landbn. Þá á ég við hv. þm. Eggert Haukdal og hv. varaþm. Pál Dagbjartsson. Ég geri mér grein fyrir að ef þeirra stuðningur hefði ekki komið til hefðu ekki náðst fram þær breytingar sem urðu í Nd. Þær voru allmargar og þýðingarmiklar.

Það var t.d., svo að ég taki dæmi, ég hef ekki möguleika að lesa það allt saman upp, í sambandi við 19. gr. Í frv. voru það 3% sem áttu að fara í verðjöfnunargjald sem hefði orðið til þess, ef það hefði verið samþykkt, að það var ekki hægt að jafna á milli landshluta. Við stefndum að því að fá hækkunina upp í 6%, en það var samkomulag að það yrði 5,5%. Ég gat um það áðan að það hefði komið fram, enda held ég að þeir sem hlustuðu á það sem ég las upp úr ræðu minni frá þessum tíma hafi heyrt að það kemur fram sá ágreiningur sem þá var. Ágreiningurinn var um að það yrði að byggja upp eitthvað annað áður en samdrátturinn yrði. Ég geri ekki lítið úr því sem hefur verið gert, alls ekki. En það er alveg staðreynd, hvað sem hver segir, að það er óvissan sem angrar ýmsa bændur og þeir eru í erfiðleikum, sérstaklega þeir sem stunda sauðfjárbúskap, í mjög miklum erfiðleikum margir hverjir. Ef menn hafa ekki heyrt mál þeirra þykir mér það nokkuð undarlegt.

Það var mikill ágreiningur um það að í frv. stóð að 4% áttu að enda í árslok 1990. Við sem vorum í meiri hlutanum vildum endilega og settum það skilyrði að þetta félli ekki út. Rökin voru þau að það yrði ekki búið að byggja upp annað á þessum tíma eins og blasir við í dag. Þar sem ræðutíminn er svo takmarkaður vil ég bjóða hv. 1. flm. að við gerum

athugun á þessum lögum og stjórnarflokkarnir komi með brtt. við búvörulögin þannig að það náist sá tilgangur sem hæstv. ríkisstjórn hefur hvað eftir annað lýst að hún stefni að, þ.e. að reyna að halda byggðinni í svipuðu formi og hún er núna, því að í sjálfu sér er þáltill. aðeins ályktun Alþingis sem hefur ekki neinn lagalegan rétt, en ef hv. þm. meinar það og vill berja það fram að fá þarna breytingar og tryggja stöðu landbúnaðarins er einfaldast að koma með brtt. Ég skal vinna að því með honum og ég veit að flokksbróðir minn, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, mundi leggja okkur lið og fleiri góðir menn. Það er leiðin sem hv. þm. hefur til að undirstrika það sem hann vill gera í þessu máli og ég efast ekkert um að hann vilji það. En ætli það sé ekki eins og var þegar við vorum að ræða þetta frv. um búvörulögin að hann sé bundinn í báða fætur um að standa að því sem niðurstaða nefndarinnar var. En hvað voru margar breytingar, hv. þm., gerðar á frv. frá því að það kom úr höndum nefndarinnar og þangað til það var samþykkt á Alþingi? Hefur hv. þm. athugað það? Það hefði verið gaman að því að hann hefði sett það í grg. með till. hvað þær hefðu verið margar í það heila.

Við vissum hvernig þetta var og ég verð að segja hv. þm. að ég hef gert samasemmerki við það að Páll Dagbjartsson er ekki lengur í framboði fyrir Sjálfstfl. og hans afstöðu í sambandi við búvörulögin. Ég veit ekki hvort aðrir gera það, en ég hef gert það. Og ég skora á hv. þm. að setjast niður og sýna í verki hvernig Sjálfstfl. stendur að þessum málum með því að flytja með okkur brtt. Hann getur svo sannarlega flutt hana í Ed. þó að við leggjum honum lið með að ná samkomulagi hvernig þær skuli vera. Hann má vera þar fyrir mér, 1. flm., en ég skora á hann að taka þessu tilboði að flytja tillögur um breytingu á búvörulögunum í anda þess sem hann hefur hér talað og það er að það verði uppbygging svo mikil og séð um það í sveitunum að til þess komi ekki að bændur þurfi að fara af jörðum sínum eins og ég, hvað sem aðrir segja, tel að blasi við ef ekki verður gert frekara átak í þessum málum miðað við það fjármagn sem er ætlað til þess. Því miður er staðan svo hvað sem hver segir.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram hjá einhverjum ræðumanni, að það var dálítið annar tónn í síðari ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. þar sem hann sagði að það þyrfti vitanlega að hafa stjórn á framleiðslunni og það ætti að gera það einhvern veginn öðruvísi. Ein ábending kom fram hjá honum, að það ætti að fækka fé á Suðurlandi og í Eyjafirði.

Ég verð að segja að í fyrstu umferð finnst mér ólíkt aðgengilegra að kanna hverjir telja sér ávinning að því að draga úr framleiðslu og gefa sig fram til þess. Sérstaklega hafði ég þá í huga svæði þar sem riðuveiki geisaði, en ég hef áður látið það koma fram á Alþingi að ég teldi að það væri mjög mikilvægt mál. Og á það yrði látið reyna áður en farið væri að koma til manna og segja: Nú skalt þú fyrirvaralaust hætta þínum búskap og hverfa að öðru. Þar sem ekki eru sérstakar aðstæður þarf nokkurn aðlögunartíma til að breyta svo um atvinnuhætti eins og sveitabúskapurinn er.

En þróunin hefur verið í þá átt síðustu árin að fækka fé á mestu þéttbýlisstöðunum, en hins vegar nokkurn veginn eða alveg haldið í horfinu þar sem sauðfjárræktin er mikilvægust. Ég lýsi því yfir hér að ég tel að gengið sé lengra í þessa átt, en ég tel rétt að byrja á þann hátt sem gert var.

Þegar eftir að Byggðastofnun tók til starfa óskaði ég eftir samstarfi við hana um þessi mál og aðstoð. Það varð þá niðurstaðan að byrja á að gera úttekt á loðdýraræktinni og tillögur um hana þar sem það er sú nýja búgreinin sem menn telja vera mikilvægasta. En ég verð því miður að viðurkenna að það starf Byggðastofnunar hefur gengið miklu hægar en ég vonaðist eftir þó að nú sé lofað skýrslu um þetta hvern dag sem líður. En ég hef ítrekað oft síðan að ég vildi að Byggðastofnun hæfi störf á öðrum sviðum og það hefur reyndar verið gert með samstarfi við hana, til dæmis nefndarskipun um skipulagningu sauðfjárræktarinnar sem sérstök nefnd er að störfum um og væntanlega gerir þá tillögur í þá átt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að tala um áðan.

Ég skal ekki fara í miklar deilur um afkomu bænda því að ég tel að ég þurfi að hafa einhverjar tölur í höndunum til að geta fullyrt mikið um það þó að hv. 4. þm. Norðurl. e. segist ekki þurfa neinar tölur. Ég vil þó mótmæla því að það séu 80–90% bænda nú verr staddir en áður og undirstrika það, sem hér hefur verið bent á, að breytingin á lánakjörum stofnlánadeildarinnar kom sér að sjálfsögðu best fyrir þá sem lakasta hafa aðstöðuna, þá sem eru skuldugir. En það er svo því miður í landbúnaðinum eins og öðrum atvinnuvegum að mönnum búnast misjafnlega vel af ýmsum ástæðum og hjá því er aldrei hægt að komast.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. kallaði fram í og spurði um niðurgreiðslur. Ég tel þá að það sé rétt að ég að lokum láti það koma fram að fyrsta verk núv. ríkisstjórnar í landbúnaðarmálum var að ákveða aukningu á niðurgreiðslum sem nam á þriðja hundrað millj. kr. til að halda niðri verði á kindakjöti. Miðað við núgildandi verðlag er það rúmlega tvöföld sú upphæð. Þannig skildi fjmrh. Alþb. við fjárlögin þegar hann lét af störfum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég held að sú staðreynd hafi komið fram í þessum umræðum að það var og er við mikinn vanda að etja í landbúnaðarmálum. Staðan var þröng og því urðu menn að leggja út í úrræði sem að öðrum kosti hefði ekki verið farið í. Það er af þeim sökum sem ég benti á að mótmæli Alþb. við ákvörðunina frá s.l. hausti um að gefa mönnum tækifæri til að leigja eða selja búmark væri eyðibýlastefna því að það væri hægt að láta 4–5 bændur hafa laun á meðan þeir væru að vinna að uppbyggingu með sama fjármagni og það kostaði að greiða með afurðum frá einum bónda. Ég

tel hiklaust að sú ráðstöfun hafi verið rétt og ef sú leið hefði ekki verið farin hefðu fleiri bændur hlotið að verða að hætta búskap eða þá að orðið hefði í enn þá ríkara mæli, en vegna lagaákvarðananna í framleiðsluráðslögunum gömlu, að halda áfram að þjappa öllum niður. Og hefði það verið betri kostur?

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að blanda mér í þessa umræðu. Hins vegar sé ég mig til þess neyddan vegna þess að ég var nefndur í þessari umræðu.

Hv. 11. landsk. þm. vék að því í sinni síðari ræðu að ekki hefði verið neinn meiningarmunur eða munur á afstöðu okkar til ákveðinna lagagreina í títtnefndum búvörulögum, þ.e. 36. og 37. gr. búvörulaganna. Ég minni hv. 11. landsk. þm. á að þegar nefndin leitaðist við að setja á blað skiptingu milli útflutningsbóta og ráðstöfunarfjár til búháttabreytinga, þ.e. til Framleiðnisjóðs, hafði nefndin til hliðsjónar yfirlýst stefnumið ríkisstjórnarinnar. Sannleikurinn er sá að ríkisstjórnin endurnýjaði sinn stjórnarsáttmála a.m.k. að hluta á sumrinu 1984, í ágúst/september. Þar var þess getið að á næstu fimm árum yrði því sem næst jafnvægi á milli framleiðslu landbúnaðarvara og innanlandsneyslu. Ekki var orðalagið fortakslaust. Ég skal viðurkenna það. En mitt mat er að við hv. þm. Egill Jónsson höfum á vissan hátt verið sammála um að ekki yrði á þeirri stundu, þ.e. þegar búvörulögin voru til meðferðar eða frv. undir það síðasta, gengið lengra í átt til þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hafði markað. M.ö.o.: ríkisstjórnin hafði lagt til hraðari samdrátt en niðurstaðan varð og 36. og 37. gr. búvörulaganna vitnar um.

Ég geri ráð fyrir því og ég ætla reyndar að fullyrða það að við hv. þm. Egill Jónsson höfum kosið á *sínum tíma* að þarna yrði farið hægar í sakir. A.m.k. vildi ég að svo yrði. Hins vegar endurtek ég: Mitt mat var að lengra yrði ekki gengið að svo stöddu til samkomulags.

Nú hefur bryddað á því að jafnvel aðilar innan ríkisstjórnarinnar hafa látið eftir sér hafa að það þyrfti lengri aðlögunartíma. Ekki vík ég mér undan að taka undir þau sjónarmið, síður en svo, enda er það fullkomlega í samræmi við þær skoðanir sem ég hafði um þau mál á sínum tíma.

Herra forseti. Ég hef ekki ætlað mér að hafa fleiri orð í þessari umræðu. Vegna till. til þál. sem hér er á dagskrá get ég tekið undir efni hennar í meginatriðum, þ.e. þá áherslupunkta sem eru sex talsins og drepið er á undir ályktuninni sjálfri. Reyndar hefur það komið fram í þessari umræðu að að þessum málum er unnið meira og minna. Ég tel þó af hinu góða að einstakir þm. láti með þessum hætti vilja sinn í ljós gagnvart svo mikilvægum málum og tel fullkomna ástæðu til að þakka hv. 11. landsk. þm. fyrir að flytja þessa till. og sýnir það auðvitað að hann hefur mikinn áhuga fyrir því að framkvæmd þessara mála fari vel úr hendi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil fyrst leiðrétta þann misskilning að ég vék ekki að störfum nefndarinnar sem samdi frv. varðandi það atriði að þar hefði komið fram afdráttarlaust ágreiningur um á hve löngum tíma aðlögunin þyrfti að eiga sér stað varðandi innlendan markað. Hins vegar vék ég að því í máli mínu að hv. 3. þm. Norðurl. e., formaður landbn. Nd., hefði á ótvíræðan hátt í sinni framsöguræðu fyrir nál. gert grein fyrir að aðlögunartíminn væri of stuttur og hann hefði í þeim málflutningi undirstrikað það sem væri vilji þeirra sem nú flyttu þessa þáltill. Ég vil leiða nokkur rök að þessu og vekja athygli á töflu á bls. 8 þar sem kemur fram að samdrátturinn er nú samkvæmt gögnum sem hér eru sett niður orðinn 393 ársverk, mundi fara í 819 ársverk ef farið yrði algerlega í að samræma innanlandsframleiðsluna við þann markað sem hér er.

En það sem okkur hefur tekist að skapa af ársverkum í sveitunum í loðdýraræktinni eru 202 ársverk eins og kemur fram á bls. 14 í þessu skjali, en á bls. 16 segir aftur á móti varðandi álit þeirra og eflingu byggðar:

„Nýjar búgreinar verði stórefldar, m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

Miðað verði við að aukinn fjöldi í landbúnaði leggi til a.m.k. tvöfalt fleiri ný störf en tapast vegna samdráttar í hefðbundnum búgreinum."

Þetta undirstrikar það svo að ekki fer á milli mála að flm. þáltill. er ljóst að til að ná þessu markmiði verður að lengja aðlögunartímann. Það fer ekki á milli mála. Ég tel þess vegna og tek undir það að það er af hinu góða þegar lagt er til að búvörusamningur milli bænda og ríkisvalds verði framlengdur um tvö ár. Það er af hinu góða. Það er tillaga um að gengið verði frá því í tíð núv. landbrh., hrein traustsyfirlýsing á hann hvað það snertir að framlengja þessa búvörusamninga þannig að búið sé að ganga frá samningum í það heila fyrir um fimm ára tímabil miðað við það sem áður hefur verið samið. Ég tel að það séu nokkuð stór tíðindi í þingsölum, megi treysta því að flm. hafi Sjálfstfl. á bak við sig í þessum efnum þannig að þessi till. fari í gegnum þingið, en það hef ég lagt áherslu á að gerist vegna þess einfaldlega að ég er sannfærður um að það er grundvallaratriði svo að hægt sé að koma í veg fyrir verulega og varanlega byggðaröskun að menn flýti sér hægt í þeirri stöðu sem þessi mál eru.

Á Vestfjörðum hefur tekist að skapa 13 ársverk í loðdýrarækt, en samdrátturinn í hinum hefðbundnu búgreinum er nú þegar orðinn 33 ársverk og það fer ekki á milli mála að þar hallar verulega. Þau svæði sem hafa tekið best við sér í að hefja upp tapið og taka nýjar búgreinar í sína þjónustu eru Norðurland eystra og Norðurland vestra. Norðurland eystra hefur náð 65 nýjum ársverkum í loðdýrarækt en þar hefur samdrátturinn orðið 77 ársverk. Þarna er sáralítil skekkja búin að eiga sér stað og það er vel.

Ég held að flm. eigi ekki að kvarta undan því

þegar lýst er yfir stuðningi við þessa till. þó að það sé vissulega hárrétt athugað hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að lagasetning og breyting á lögunum væri betri kostur þar sem það væri skýrt fram tekið að menn vildu lengja þennan aðlögunartíma. Hitt er engu að síður til bóta að þingið lýsi yfir vilja sínum og framkvæmdarvaldið, innan þess rýmis sem er í lögunum, taki tillit til þess.

Ég tel að menn þurfi að gera sér grein fyrir því og leiða umræðuna meira yfir á það svið að hver starfsmaður í frumatvinnugrein skapar níu störf í þjónustu. Verði mönnum þetta ekki ljóst í þeirri stefnu sem mörkuð verður um hinar dreifðu byggðir þá verða það ekki aðeins sveitirnar sem verða fyrir þessum skell, heldur má slá því föstu að þeir byggðakjarnar sem þjóna þessum svæðum verði fyrir miklum og varanlegum áföllum.

Flm. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég skal ekki bregðast trausti forseta með því að tala hér langt mál. Það eru aðeins tvö atriði sem mig langar að minnast hér á. Annað er það, sem ég mæli sérstaklega til hv. þm. Ólafs Þórðarsonar en mér þykir heldur vænt um hans málflutning, að vandinn í þessari till. eins og hann er skilgreindur er ekki einvörðungu varðandi samdráttinn í hefðbundnum búgreinum og þess vegna, eins og þessi hv. þm. vitnaði til, er miðað við að það náist fram helmingi fleiri ársverk en samdrættinum nemur á grundvelli þessarar till. Ef ég mætti benda á súlurit á bls. 7 kemur þar fram að frá árinu 1976 til ársins í ár hefur störfum í landbúnaði fækkað um 2000, sem er 22%. Till. gerir ráð fyrir því að farið verði að vinna þetta upp.

Að öðru leyti vildi ég aðeins segja það, út af því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson var að tala hér um og bjóða mér kostaboð að vera meðflm. að einhverri till. Framsfl., að það er ekki ein einasta áhersla í þessu plaggi hér sem ekki er hægt að framkvæma eftir búvörulögunum eins og þau eru núna, þannig að það þarf nákvæmlega enga breytingu að gera á búvörulögunum til þess að ná fram þessum markmiðum. Þá geri ég reyndar ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut að Sjálfstfl. eigi aðild að næstu ríkisstjórn og geti haft áhrif á endurskoðun þessara laga á grundvelli 38. gr. sem kveður á um að fyrir lok aðlögunartímabilsins eigi að endurskoða þessi lög og taka næstu ákvarðanir um það hvernig framhaldið verður með tilliti til þess til hvers aðlögunartíminn hefur leitt, þessi fimm ára aðlögunartími.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það varð naumast ráðið annað af orðum hv. síðasta ræðumanns en að alþingiskosningar væru orðnar óþarfar því það væri sjálfgefið og sjálfsagður hlutur að Sjálfstfl. yrði í ríkisstjórn um aldur og ævi. En ég vil gera hér athugasemdir vegna, ég vil segja, virðulegur forseti, hlálegra tilburða hv. 11. þm. til að falsa söguna svo að segja jafnóðum og hún gerist. Hann hélt því fram hér áðan að niðurgreiðslur hefðu lækkað stórlega í tíð Ragnars Arnalds sem fyrrv. fjmrh. Hér er um furðulega fullyrðingu að ræða þar sem það liggur fyrir skjalfest í skriflegu svari við fsp. hér á Alþingi að niðurgreiðslur hækkuðu ár frá ári í tíð Ragnars Arnalds sem fjmrh. en snarlækkuðu svo á fyrsta heila árinu sem núverandi hæstv. ríkisstjórn bar ábyrgð á fjárlögum frá því að vera 1864 millj. kr. árið 1982 á verðlagi ársins 1985, 1306 millj. kr. árið 1983 og niður í 770 millj. fyrsta heila árið sem núverandi ríkisstjórn sat að völdum árið 1984. Árin 1985 og 1986 hefur þarna verið um svipaða upphæð að ræða og í fjárlögum ársins 1987, yfirstandandi árs, er um 1 milljarður og 90 millj. undir þessum lið á verðlagi yfirstandandi fjárlaga, sem er svipuð upphæð að raungildi og var árið 1984. Þannig að hér hefur orðið um geysilegt fall að ræða í niðurgreiðslum, þær hafa hrapað niður um rúman helming frá því sem þær voru í tíð fyrri ríkisstjórnar og verið allan tímann sem þessi ríkisstjórn hefur verið að völdum. Þetta liggur fyrir skjalfest og það þýðir ekki fyrir hv. 11. landsk. þm. að koma hér upp og ljúga þegar gögnin liggja fyrir og það er hægt að sækja þau hér í næsta herbergi til skjalavarðar Alþingis. Ég mótmæli svona fjarstæðukenndum málflutningi hér og tel hann hv. þm. til skammar.

Að lokum, herra forseti, þeir geta naumast ætlast til þess hæstv. landbrh. og hv. 11. landsk. þm. að við umræður um annað dagskrármál sé gerð tæmandi grein fyrir stefnu stjórnmálaflokka í landbúnaðarmálum, enda geri ég ekki ráð fyrir því að þeir séu svo barnalegir að ætlast til þess að það sé hægt. Ég nefndi nokkur atriði sem ég teldi að þyrfti að leggja áherslu á í sambandi við stjórnun landbúnaðarframleiðslunnar, ekki vegna þess, herra forseti, að ég teldi þau tæmandi og einhlít, heldur til að gefa dæmi um það sem við höfum lagt áherslu á. Ef hv. þm. geta ekki tekið mark á slíkum málflutningi og tekið orð manna gild fyrir því að hér sé verið að gefa dæmi en ekki að lýsa stefnunni í heild sinni, þá er ekki hægt að eiga orðastað við þá hvort sem er og þýðir þá ekki að ræða það frekar.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Flutningur þessarar till. er yfirlýsing um það að efasemdir okkar, sem vorum í andófi og töldum ýmislegt athugavert við búvörulögin þegar þau voru sett, hafa verið réttar. Við minnumst þess að á sínum tíma, þegar þau komu fram á vordögum 1985, þá voru þau svo fullkomin og góð að dómi höfunda að engu mátti breyta og það lá á að drífa þau fram í hvelli. Sem betur fer tókst við meðferð þeirra að færa þau aðeins til betri vegar þó að þar væri hvergi nærri að gert eins og þurfti.

Við endanlega meðferð frv. voru útflutningsuppbætur minna skertar en til stóð, þær áttu að falla alveg niður á fimm árum, en það tókst að halda þeim í 4% árið 1990. Höfuðgalli frv. var sá að féð var tekið allt of hratt frá hefðbundnum landbúnaði.

Það fé sem hafði áður farið í útflutningsuppbætur skyldi fara til að byggja upp nýjar búgreinar. Og þó að þetta hafi verið framkvæmt þessi árin þá kemur fram í Morgunblaðinu um síðustu helgi nokkuð góð lýsing á hvernig að þessari uppbyggingu nýrra búgreina hefur verið staðið. Þar kemur nefnilega fram að hún er nánast blekking, uppbyggingin í mörgum héruðum hefur verið hverfandi lítil og nánast engin sums staðar. Á sama tíma hefur verið tekið mikið fé með minnkun útflutningsuppbótanna úr heðbundnum búgreinum og sjá allir að ráðstöfun alls þess fjár, sem hefur verið tekið burtu úr þessum héruðum og átti að færast í nýbúgreinar sem kæmu í staðinn, hefur reynst á brauðfótum.

Það er gagnlegt að þessi þáltill. verði samþykkt en það þarf að breyta búvörulögunum áður en Alþingi fer heim í vor. Það verður að framlengja aðlögunartímann, það verður að draga úr skerðingu útflutningsuppbóta, það verður að fá meira fé til að koma í veg fyrir að byggðin eyðist. Markmið laganna voru góð að mörgu leyti. Við vildum fá staðgreiðslu búvara og það hefur nokkurn veginn tekist. Bændur voru nógu oft og lengi búnir að bíða eftir sínu kaupi. En framkvæmd laganna hefði mátt fara betur. Ef vel hefði verið staðið að henni er ljóst að við stæðum betur í dag. Það hefði þurft kröftugan byggðastefnumann til að standa í ístaðinu og fara með landbúnaðarmálin á þessum tíma. Það er ljóst. En ég vona að áður en Alþingi fer heim takist samkomulag meðal stjórnarsinna um að breyta lögunum og koma þannig í veg fyrir þá landeyðingu sem fram undan er, ef ekkert verður að gert.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Það líður nú nokkuð á daginn og ekki skal ég verða til þess að draga umræður hér mikið á langinn eða efna til deilna. Og ég skal reyna að spara stóru orðin sem mér finnst ekki að allir hafi gert hér, a.m.k. fannst mér það ekki hér áðan hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann var að senda 1. flm. tóninn.

Ég verð að segja það til þeirra Alþýðubandalagsmanna, sem svo mjög leggja sig fram nú að tala til bænda og telja sig vera, ja nánast þá einu sem hafa einhvern skilning á landbúnaðarmálum, að ég man þá tíð þegar þeir ekki fyrir mörgum árum síðan mönnuðu sig upp í það í einni kosningabaráttunni að gefa út sérstakt bændablað af Þjóðviljanum sínum. Þá stakk það nokkuð í augu að þeir sendu þetta blað að vísu á hvert einasta sveitaheimili í landinu, en það fengu það líka engir aðrir. Fastir áskrifendur Þjóðviljans fengu ekki þetta blað. Af hverju ekki? Vegna þess að stefnan gekk ekki upp og málflutningurinn. Þannig að ég gef ekki mikið fyrir málflutning Alþb. í landbúnaðarmálum.

Ég kem hins vegar fyrst og fremst hér upp vegna ummæla hæstv. landbrh. hér áðan þar sem hann vék að Byggðastofnun og þeirri úttekt sem Byggðastofnun hefur verið fengin til þess að vinna að í sambandi við loðdýraræktina. Ráðherra vék að því að verkið gengi hægt hjá Byggðastofnun og vissulega er það rétt. Vissulega er það rétt að það hefði verið betra að verkið hefði getað gengið hraðar en því miður er það nú svo að Byggðastofnun hefur allt of lítið fjármagn úr að spila sem m.a. kemur mjög niður á því að við verðum að spara í mannafla hjá okkur í þessari stofnun.

En hvað úttektinni á loðdýraræktinni viðkemur vil ég taka það fram hér og segja frá því að vinnu við umrædda skýrslu er lokið og ég veit ekki betur en að skýrslan hafi farið í prentun í dag. Hér er um mjög ítarlega skýrslu að ræða og miklar upplýsingar um loðdýraræktina sem ég vona að verði mönnum að leiðarljósi til frekari uppbyggingar í þessari atvinnugrein sem ég er bjartsýnn á að muni létta mönnum róðurinn. Það er nauðsynlegt að taka þessa starfsemi út og gera henni sem best skil vegna þess að það eru margir sem líta nú mjög til þess að fara út í þessa grein.

Það má einnig segja frá því hér að Byggðastofnun fjallar nú um þann vanda sem við blasir í landbúnaðinum. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. hafa rætt þessi mál við stofnunina og óskað eftir því að þar fari vinna í gang í sambandi við þann vanda sem við blasir í sveitum landsins. Ég get einnig skýrt frá því hér að sú vinna er hafin og ég vonast til að í sameiningu geti menn fundið einhverjar leiðir til að draga úr þeim erfiðleikum sem þarna hafa skapast.

Ég ætla ekki að eyða tímanum, eins og ég sagði hér í upphafi, í að fjalla um þessa þáltill. á þskj. 233 og þá umræðu sem hér hefur farið fram, en ég verð að segja að eftir að hafa hlýtt á mál manna sýnist mér verulegur grundvöllur til þess að menn nái saman í þessu máli til að koma á betri skipan og mér fyndist eðlilegast að menn gerðu það. Eðlilegast finnst mér að það verði hæstv. landbrh. sem beiti sér fyrir því að menn reyni að ná samstöðu til þess að bæta úr þeim göllum sem hér hafa orðið á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landkynning að loknum leiðtogafundi, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 234. mál. — Þskj. 251.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Á þskj. 251 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um áætlun um landkynningu að loknum leiðtogafundi stórveldanna. Flm. auk mín eru hv. þm. Haraldur Ólafsson og Stefán Guðmundsson. Ályktunargreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að gerð verði og framkvæmd skipulega sérstök áætlun um kynningu erlendis á íslenskri vöru, þjónustu og ferðamálum í því skyni að nýta

þann byr sem við Íslendingar fengum í fréttaljósi leiðtogafundarins.“

Þessi till. til þál. gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin hafi frumkvæði um að kveðja saman þá sem vinna að útflutnings-, markaðs- og ferðamálum til þess að leggja á ráðin um skipulegt átak með hliðsjón af fréttaljósi leiðtogafundarins.

Að öðru leyti og enn frekar vísa ég til grg. og þeirrar umfjöllunar sem leiðtogafundurinn fékk.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Ég legg til að till. verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 235. mál. — Þskj. 252.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu. Flm. auk mín eru hv. þm. Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson og Stefán Guðmundsson. Ályktunargreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að nú þegar verði komið á fót menntastofnun sem veiti fræðslu á sem flestum sviðum matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.“

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Í febrúar 1984 var birt álit nefndar sem skipuð var 1982 af þáverandi menntamálaráðherra til þess að gera tillögur um námsbrautir þar sem fram fer grunnmenntun til starfa eða frekara náms á sviði matvælaiðnaðar og hótel- og veitingarekstrar. Nefndin lagði til að kennsla í hinum ýmsu greinum á matvæla- og hótelsviði yrði í einum skóla.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að aukin menntun og bætt fyrirkomulag, sem fælist í því að koma á fót myndarlegri fræðslustofnun á þeim sviðum sem þáltill. tekur til, sé svo brýnt mál að Alþingi megi ekki láta undir höfuð leggjast að hafa áhrif á þá stefnumörkun.“

Herra forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingasjóður loðdýraræktar, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 236. mál. — Þskj. 253.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Á þskj. 253 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um tryggingasjóð loðdýraræktar gegn verðsveiflum. Flm. auk mín eru hv. alþm. Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson og Jón Kristjánsson. Ályktunargreinin hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum.

Nefnd þessi, sem skipuð verði fulltrúum loðdýrabænda, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, auk fulltrúa landbrn., athugi sérstaklega og geri tillögur um stofnun verðmiðlunarsjóðs er greitt verði til er verðlag á loðskinnum telst hátt, en bæti skinnaverð þegar verð fer verulega niður fyrir meðalverð undanfarinna ára.“

Það er skiljanlegt að hættan á verðsveiflum og tímabundnu lággengi á loðskinnamörkuðum fæli ýmsa frá því að leggja fjármuni í loðdýrarækt. Hefðu menn hins vegar einhverja tryggingu fyrir því að verstu verðsveiflurnar yrðu jafnaðar út með ákveðinni verðmiðlun mundu miklu fleiri treysta sér til að fara af stað og greinin þar með eflast mun hraðar sem heild og samkeppnisaðstaða batna sem því nemur. Því er þessi till. flutt og þess vænst að málið verði kannað rækilega sem fyrst.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling fiskeldis, fyrri umr.

Þáltill., 237. mál. — Þskj. 254.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 254, um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum. Flm. auk mín eru hv. alþm. Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Kristjánsson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því ötullega að fiskeldi geti orðið búgrein á þeim jörðum sem hafa til þess náttúruleg skilyrði.

Að þessu verði m.a. unnið á eftirfarandi hátt:

1. Kannað verði með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum finnist nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn.

2. Komið verði á kennslu í matfiskeldi við báða bændaskólana. — Á Hvanneyri verði komið upp matfiskeldisstöð.

3. Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði gert kleift að vinna í sameiningu að

rannsóknum og kynbótum í matfiskeldi þar á meðal kynbótum á laxi til eldis í fersku vatni.

4. Leiðbeiningarþjónustu verði komið á í fiskeldi, einkum matfiskeldi, með því að Búnaðarfélagi Íslands verði gert kleift að ráða landsráðunaut í matfiskeldi og búnaðarsamböndunum að efla leiðbeiningarþjónustu sína þannig að þau geti einnig sinnt þessari grein meðal bænda sem hafa möguleika til fiskeldis."

Herra forseti. Þessi till. skýrir sig sjálf. Hún er stutt og greinargóð. Ég legg til að till. verði vísað til atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

35. fundur, miðvikudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Skipan opinberra framkvæmda, 2. umr.

Stjfrv., 124. mál (yfirstjórn verklegra framkvæmda). — Þskj. 128, n. 524.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda.

Nefndin hefur rætt frv. og kallaði m.a. til viðræðu fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta mál kemur allmjög inn á verksvið sveitarfélaga vegna verkefnaskiptingar þeirra og ríkisins. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en geta má þess að Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Frv. felur það í sér að Fjárlaga- og hagsýslustofnun tekur yfirstjórn opinberra framkvæmda að sér í auknum mæli eins og kom fram þegar mælt var fyrir frv. á sínum tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Opinber innkaup, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129, n. 525.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um opinber innkaup.

Þetta frv. fjallar um að yfirstjórn opinberra innkaupa sé falin sérstakri stjórn sem sé skipuð þremur mönnum. Tilgangurinn er sá að samræma starfsaðferðir um þau opinberu innkaup sem Innkaupastofnun ríkisins og innkaupadeildir einstakra ríkisstofnana annast.

Nefndin hefur rætt frv. og kallað til viðræðu fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt en eins og kemur fram í nál. var Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var því miður ekki viðstödd lokaafgreiðslu þessa máls í hv. fjh.- og viðskn. Eins og fram kom við 1. umr. málsins hér í deildinni hef ég ýmislegt við það að athuga.

Það eru einkum þrjú til fjögur atriði sem ég er ekki alls kostar sátt við í þessu frv. Það fyrsta er að finna í 2. gr. frv. þar sem segir að yfirstjórn opinberra innkaupa skuli vera falin þremur mönnum. Mér finnst það heldur fámenn stjórn þegar um jafnumfangsmikil og fjármagnsfrek innkaup er að ræða eins og opinber innkaup eru. Þarna hefði ég viljað sjá heldur fleiri aðila.

Í öðru lagi þá finnst mér síðasta setningin í 5. gr. frv. heldur óvarlega orðuð. Þar segir: „Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir." Ég hef ekki trú á að þetta eigi eftir að valda vandræðum en betra orðalag hefði að sjálfsögðu verið hægt að hafa þarna.

Það sem ég hef einkum við frv. að athuga er þó að finna í 6. gr. þess. Þar stendur: „Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar." Ekki hef ég á móti því að kaup á vörum og þjónustu séu boðin út en mér finnst fráleitt að binda hendur Innkaupastofnunar með þessum hætti. Ég tel að hún þurfi á hverjum tíma að hafa nægilegt svigrúm til að hafa það verklag sem hagkvæmast er hverju sinni og þess vegna hefði ég talið að heppilegra hefði verið að þarna hefði staðið: Sé sú leið farin að bjóða út kaup á vörum og þjónustu skal o.s.frv.

Að síðustu hefði ég viljað sjá eitthvert ákvæði í þessu frv. um að áherslu skuli leggja á það að kaupa innlendar framleiðsluvörur þegar ríkið gerir sín innkaup. Hér er ekkert slíkt að finna og tel ég það miður. Af þessum ástæðum mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir álit nefndarinnar sem mælir með því að frv. verði samþykkt. Ég geri það fyrst og fremst vegna þess að ég tel að efni frv. sé til bóta miðað við það skipulag sem nú er ríkjandi. Hins vegar er ekki þar með sagt, eins og ég tók fram á nefndarfundinum, að frv. sé algott eða að þar geti ekki hugsanlega fundist ýmsir hnökrar á. Ég minni á þær athugasemdir sem hv. þm. Skúli Alexandersson kom fram með við 1. umr. málsins. Hann benti á það, sem ég vakti reyndar líka athygli á í nefndinni sem fjallaði um málið, að ekki væri í þessu

frv. neitt vikið að skyldum ríkisvaldsins til þess að beina innkaupum ríkisins að innlendri framleiðslu.

Í þessu sambandi er rétt að minna á það að í tíð seinustu ríkisstjórnar hafði iðnrn. uppi verulegar aðgerðir til þess að hvetja opinberar stofnanir til að velja frekar innlenda framleiðslu en erlenda. Mér er það t.d. minnisstætt að í ríkisstjórninni á árunum 1980–1983 voru þessi mál oft til umræðu og þar voru allir sammála um að ríkisvaldið hlyti að hafa frumkvæði að því að beina innkaupum opinberra aðila að innlendri framleiðslu. Auðvitað var því eðlilegt að iðnrn. hefði þarna vissa forustu.

Ég ætla ekki að rifja upp hvaða aðgerðir iðnrn. hafði í frammi á þessum árum en vek bara athygli á því að eftir að ný stjórn tók við voru þessar aðgerðir að engu gerðar og opinber innkaupastefna af þessu tagi var ekki lengur til eftir að nýir menn voru komnir í ráðherrastóla. Þetta er mjög bagalegt og vissulega hefði verið ástæða til að víkja að þessum þætti málsins í frv. sem fjallar um opinber innkaup. Hins vegar viðurkenni ég það að frv. sem slíkt fjallar meira um aðrar hliðar málsins. Það fjallar ekki sérstaklega um þessa hliðina sem iðnrn. hafði forgöngu um í fyrri stjórn, heldur er hér meira verið að endurskipuleggja stjórnarfyrirkomulag Innkaupastofnunar ríkisins. Það er verið að setja yfirstjórn yfir stofnunina og skilgreina hlutverk hennar að öðru leyti.

Frv. þetta er flutt af fjmrh., enda heyrir Innkaupastofnun ríkisins undir fjmrn., en þær aðgerðir sem ég er hér að ræða um eru kannske frekar flokkaðar undir fagráðuneyti og þá einkum iðnrn. og þess vegna hafa þau sjónarmið ekki komið inn í þessa mynd, enda sem sagt annað ráðuneyti sem á hér í hlut.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að hér er um stórmál að ræða. Ég vek athygli á þessu vegna þess að hér er um vanrækslusynd að ræða af hálfu núv. stjórnar. Það er illt til þess að vita að fyrri viðleitni stjórnvalda til að marka opinbera innkaupastefnu að þessu leyti skuli hafa verið að engu gerð í tíð núv. stjórnar og að það starf sem fyrri stjórn lagði fram í þeim efnum skuli hafa orðið til einskis.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að yfirstjórn opinberra innkaupa skuli falin sérstakri stjórn sem er skipuð þremur mönnum og fjmrh. skipar stjórnina til tveggja ára í senn. Auðvitað hlýtur það að vera álitamál hvernig stjórn af þessu tagi skuli vera. Ekki væri óeðlilegt að stjórnarandstaða ætti þess kost að koma á framfæri athugasemdum sínum og ábendingum við stjórn stofnunar af þessu tagi og þá hefði auðvitað stofnunin þurft að vera fimm manna og hefði þá verið eðlilegt að kjósa til hennar á Alþingi. Ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv. Ég er ekki að segja með þessu að alþm. ættu að skipa stjórn stofnunarinnar, það væri auðvitað engin þörf á því út af fyrir sig. En það væri vissulega ekki fráleitt að fleiri gætu komið ábendingum sínum og hugmyndum að í þessu máli en eingöngu embættismenn, sem væntanlega mundu skipa þessa stjórn.

Með þessum athugasemdum sem ég hef greint frá læt ég þessu lokið. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að í heildina tekið horfir samþykkt frv. til hins betra og það eru mörg skynsamleg ákvæði í frv. Þess vegna hef ég mælt með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vitamál, 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Í 4. gr. hafnalaga sem afgreidd voru 1984 segir svo: „Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgrh. til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.“

Þessi breyting á hafnalögum var gerð í samræmi við þá þróun sem hefur verið undanfarin ár í ríkisstofnunum að forsetaskipun forstöðumanns hefur verið felld niður og þar með æviráðning en þeir í þess stað skipaðir af viðkomandi ráðherra til ákveðins tíma. Það sást yfir að gera breytingu á lögunum um vitamál í samræmi við þessa breytingu hafnalaga og því er þetta frv. flutt. Þar er ákvæði um það að vitamálastjóri sé skipaður af samgrh. til fimm ára eins og er með Hafnamálastofnun. En þó að embættin séu tvö lögum samkvæmt er það sami maður sem gegnir þessum embættum og því er þetta frv. flutt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Nauðungaruppboð, 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstvirtur forseti. Frv. það sem hér er lagt fram og fjallar um breytingu á lögum um nauðungarupp-

boð, nr. 57/1949, er samið af réttarfarsnefnd er starfar á vegum dómsmrn. að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, en frv. var sérstaklega unnið af einum nefndarmanna, Markúsi Sigurbjörnssyni borgarfógeta, í samstarfi við Jónas Gústafsson borgarfógeta en þeir eru báðir þessum málum mjög kunnugir.

Frv. fjallar um tiltölulega afmarkaðan þátt réttarfars við nauðungaruppboð, atriði þar sem talið er brýnt að koma á endurskoðun, svo sem nánar kemur fram í grg. frv. Er með frv. stefnt að því að sú meginbreyting verði gerð á framkvæmd nauðungaruppboða á fasteignum að uppboðssölur sem fyrir fram þykir ljóst að verði ekki endanlegar fari fram á skrifstofu uppboðshaldara að undangengnum auglýsingum þar um. Jafnframt er ráðgert að uppboð á skipum og loftförum fari ávallt fram á skrifstofu uppboðshaldara þótt um endanlega sölu sé að ræða. Sú breyting er lögð til m.a. til þess að fyrirbyggja að eigendur skipa og loftfara geti komið í veg fyrir uppboðssölu með því að halda eign sinni utan lögsagnarumdæmis uppboðshaldara en slíks munu vera nokkur dæmi á liðnum árum.

Er samhliða þessari breytingu lagt til að bundið verði í lög að önnur uppboðssala fari fram án þess að fram komi krafa þess efnis. Þá er enn fremur ráðgert að endanleg sala fasteignar eigi sér að jafnaði ekki stað fyrr en með þriðju uppboðssölu sem fram fari á viðkomandi eign. Með þeim hætti verður reynt að kalla fram sem hæst boð í eignina.

Með því að þriðja uppboð, hin endanlega sala, yrði væntanlega fátíð aðgerð má búast við að aðrir en veðhafar í eignina gefi opinberum auglýsingum um slíkt uppboð gaum og verður að ætla að betri möguleiki skapist til að fá viðunandi boð í eign en eftir gildandi reglum. Loks er með þessu aukið það ráðrúm sem uppboðsþola gefst til að leitast við að afstýra endanlegri uppboðssölu.

Auk þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd ráðgerir frv. breytingar á ýmsum öðrum reglum uppboðslaganna sem ekki verður vikið að frekar í þessari framsögu.

Frv. felur í sér breytingar er varða uppboðsbeiðanda, uppboðshaldara og uppboðsþola. Miða þær að því að einfalda framkvæmd fyrir alla aðila, draga úr kostnaði við uppboð sem lendir á uppboðsþola, svo og draga úr óþægindum fyrir uppboðsþola.

Eins og fram kemur í grg. með frv. eru eiginlegar uppboðssölur tiltölulega fáar miðað við fjölda uppboðsbeiðna og fjölda tilvika þegar uppboðshaldari og uppboðsbeiðendur fara á eign uppboðsþola til að halda uppboð fyrri eða síðari nauðungarsölu. Er þar gerð grein fyrir fjölda uppboðsmála í Reykjavík þar sem langsamlega flest mál eru til meðferðar en slík mál eru einnig mörg utan Reykjavíkur. Tekur yfirlitið yfir árin frá 1983 fram til 1. nóvember á fyrra ári. En nú liggja fyrir tölur til loka þessa árs. Á þessu tímabili hefur fjöldi afgreiddra fasteignauppboða í Reykjavík ekki aukist verulega en hins vegar hafa aðgerðir orðið að ganga lengra ár frá ári áður en skuldara hefur tekist að afstýra uppboðssölu. Var fjöldi afgreiddra fasteignauppboða í Reykjavík 3750 á síðasta ári, á móti 2924 á árinu 1983. Fjöldi aðgerða jókst hins vegar á þessu tímabili þannig að ferðum uppboðshaldara á eign til að framkvæma nauðungarsölu fjölgaði úr 499 í 1628. Aukning á endanlegri uppboðssölu var svo hlutfallslega mest eða úr 8 í 54.

Með þeirri breytingu frv. að ákveða þrjár uppboðssölur en áskilja einungis þá síðustu á fasteigninni sjálfri sparast veruleg ferðalög og tími uppboðshaldara og uppboðsbeiðanda og sá innheimtukostnaður sem leggst endanlega á uppboðsþola. Með þessu losnar uppboðsþoli og við óþarfa óþægindi og niðurlægingu sem opinberar auglýsingar og sjálft uppboðshaldið með tilheyrandi mannsöfnuði á eigninni hefur í för með sér. Með því að færa yfirgnæfandi fjölda þessara tilvika á starfsstöð uppboðshaldara má losna við þessi óþægindi og kostnað og er frv. flutt í því skyni. Er það gert á þann hátt að hagsmunir uppboðsþola verði á engan hátt fyrir borð bornir.

Eins og áður greinir felur frv. í sér nokkrar aðrar breytingar á framkvæmd nauðungaruppboða, sem ekki þykir ástæða til að tíunda hér, og er vísað til greinargerðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki fjölyrða frekar um efni frv. og leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð þó hér væri vissulega ástæða til að hafa uppi nokkurt mál um það baksvið sem þetta frv. felur í sér. Ég fæ þetta mál í nefnd og þar fæ ég tækifæri til að ræða það og fá frekari upplýsingar og eins er hægt að ræða þetta við síðari umræður málsins. Það er augljóst af lestri þessa frv. að réttarfarsnefnd hefur hér lagt til brýnar og nauðsynlegar breytingar og þær eru hiklaust til bóta fyrir þá sem eru þolendur þess arna, bæði varðandi, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, ónæði, óþægindi og niðurlægingu sem opinberar auglýsingar og sjálft uppboðshaldið með tilheyrandi endanlega sölu við þriðju uppboðssölu.

En málið er auðvitað það að baksvið alls þessa er það sem við hljótum að hugsa kannske fyrst og síðast um, það baksvið sem hæstv. ráðh. kom nokkuð inn á og sem varðar svo mjög spurninguna um lífshamingju manna í mörgum tilfellum, ræður örlögum þeirra. Það er síðasti dálkurinn á bls. 3 sem ég á þar við. Í þeirri töflu sem þar er birt um endanlegar aðgerðir varðandi uppboð sem hefur fjölgað á þessu svæði einu úr átta í, eins og ráðherrann nefndi áðan og þá taldi ég að hann væri að leiðrétta töluna 46, 54 miðað við áramót, þannig að þarna hefði fjölgað um átta frá því sem í frv. er greint, upp í 54. Prósentuaukningin er býsna mikil.

Það er ekki ljóst hvaða eignir hér er um að ræða, en auðvitað sækir að manni sá grunur að í meginhluta tilfella sé hér um að ræða íbúðarhúsnæði fólks. Það kemur ekki fram eins og ég sagði, en fæst væntanlega upplýst í nefnd hvað mikill hluti þess arna snertir einmitt íbúðarhúsnæði fólks. Þá vek ég kannske sérstaka athygli á mismuninum frá árunum 1985–1986 sem er nær tvöföldun á þessu svæði einmitt vegna þess að á árinu 1985 voru gerðar sérstakar ráðstafanir eða átti að gera og í framhaldi af samningum átti að gera sérstakar ráðstafanir til að auðvelda íbúðareigendum sem mikið skulduðu að koma sínum málum í það horf að hjá uppboði yrði komist. Þessar tölur segja aðeins hina alvarlegu sögu á Reykjavíkursvæðinu og segja hana reyndar ekki alla vegna þess að eins og ég sagði áðan getur verið um atvinnuhúsnæði eða atvinnufyrirtæki að ræða einnig sem hafa komið til endanlegs uppboðs. En ég hygg þó og hef fyrir mér nokkuð í því að enn dapurlegri sé kannske samanburðurinn við landsbyggðina í þessum efnum þar sem a.m.k. í mínu nágrenni var það svo til óþekkt með öllu fyrir nokkrum árum að íbúðarhúsnæði fólks væri selt á nauðungaruppboði. Það var þá nokkurn veginn óþekkt. Nú veit ég því miður nokkur dæmi þess á síðustu árum að slíkt hafi orðið. Ég er því hræddur um að á landsbyggðinni hafi þróunin orðið enn ískyggilegri hvað þetta varðar.

Ég held að þetta baksvið hljóti að vera nauðsynlegt að skoða um leið og við tökum þetta frv. til meðferðar sem tvímælalaust er til bóta fyrir þá þolendur sem verða fyrir því óláni að lenda með eignir sínar á nauðungaruppboði og fá ekki fyrir þær nema brot af því sem þeir annars hefðu fengið í yfirgnæfandi tilfellum.

Þetta vildi ég aðeins segja nú þó að um þetta mætti hafa langt mál. Ég hygg að það sé rétt hjá okkur í nefndinni, en formaður nefndarinnar er ekki hér staddur nú, en ég mun koma því á framfæri við hann, að við fáum sambærilegar tölur frá landsbyggðinni og hér eru frá Reykjavíkursvæðinu svo við getum séð þá breytingu sem orðið hefur á fjölda nauðungaruppboða þar á síðustu árum sem ég hygg að sé miklu meiri stökkbreyting en þó er hér, og er þó nóg um það að þar hafa endanleg uppboð sjöfaldast á þessu stutta árabili.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Auðvitað er það hárrétt hjá hv. 2. þm. Austurl. að sú sjöföldun uppboða sem átt hefur sér stað á s.l. þremur árum hlýtur að vekja menn til umhugsunar og ætti virkilega að gera það, knýja menn til að hugleiða hvað býr að baki og hvað hefur farið úrskeiðis í okkar þjóðfélagi sem annars kennir sig við velferð.

En ég er í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta frv. og vildi kannske í 1. umr. nota tækifærið til að spyrja ráðherra beint hvort sú nefnd sem að gerð þessa frv. starfaði, réttarfarsnefnd, hafi hugleitt aðrar leiðir til uppboða eða sölu á lausafjármunum en núna eru farnar. Markmið uppboðsins er endanlega að þeir sem að uppboðinu standa, annars vegar skuldarinn og hins vegar kröfuhafinn, verði báðir fyrir sem minnstum skaða og þá sérstaklega sá aðilinn sem á peninga þarna í húfi. Það er þess vegna eðlilegt að leitað sé þeirra leiða við skuldauppgjör sem fram fer með þessum hætti að ná inn sem mestu verði fyrir þær eignir sem verið er að selja og staðreynd er að þeir sem upplifað hafa uppboð, sérstaklega á lausafjármunum, vita að þar fara hlutir oft á svo ótrúlega lágu verði að það nálgast ekki einu sinni að greiða þann kostnað sem á uppboðsgerðina er fallinn hvað þá heldur að standa að einhverju leyti undir endurgreiðslu þeirra skulda sem það á þó að mæta. Það hefur verið í umræðu hér kastað fram þeirri hugmynd að lausafjármunir yrðu ekki seldir á uppboði heldur yrðu þeir eiginlega framboðnir eins og í verslun, þ.e. verslun þar sem menn gengju að því vitandi að þar væri um hluti að ræða sem teknir hefðu verið úr vörslu eigenda í þeim tilgangi að ná inn aftur sem mestu af verði þeirra til að greiða skuldir sem á þeim hvíla. Menn sem hugleitt hafa þessa möguleika hafa leitt viss rök að því að þannig mætti hugsanlega fá hærra verð fyrir lausafjármuni en á tilviljunarkenndu lausafjármunauppboði á laugardagsformiðdegi þar sem menn koma stundum næstum eins og til að skemmta sér og bjóða í þá hluti sem þar eru boðnir oft og tíðum mjög skrýtnar upphæðir miðað við verðgildi.

Mig langaði eiginlega til að spyrja ráðherrann hvort sú nefnd sem að samningu þessa frv. stóð hefði hugleitt og skoðað aðrar leiðir í þessum efnum eða hvort þessi þankagangur hefði ekki skotið upp kollinum í nefndinni þegar frv. var samið.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstvirtur forseti. Hv. 8. þm. Reykv. spurðist fyrir um athugun á sölu lausafjármuna á uppboði. Það efni var ekki til sérstakrar umræðu í sambandi við þetta frv., en það hefur áður verið til umræðu bæði í dómsmrn. og við nefndina og menn hafa rætt um hvort þar væri hægt að koma á betri skipan þannig að það tryggði betur hag uppboðsþola. En ekki hafa komið fram ákveðnar brtt. um það.

Það er sérstaklega eitt atriði sem minnst hefur verið á og er kannske ekki alveg það sama og hv. þm. nefndi hér, þ.e. að kynna betur uppboðin, þá muni sem á uppboðinu eru, áður en uppboðið fer fram þannig að mönnum gefist kostur á að skoða þá með einhverjum fyrirvara, en samt sem áður færi uppboð fram en ekki sala eins og í venjulegri verslun því ég held að erfitt sé að taka réttinn af veðhafa til að krefjast uppboðs. Þetta mundi að sjálfsögðu þýða að þarna þyrfti mikið húsrými og allumfangsmikla starfsemi, en sennilega mundi það í sumum tilvikum auðvelda eigendum að fá heldur meira verð út úr sínum munum en það sem fæst með núverandi tilhögun. En eins og hv. þm. sagði mun það oft ekki nægja einu sinni fyrir þeim kostnaði sem krafist er

vegna uppboðsins og þeirrar kröfu sem á þessum munum hvíla.

Þetta atriði hefur verið til umræðu og athugunar, en menn hafa ekki komið auga á einfalda leið til úrbóta.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég vil aðeins við þetta bæta, vegna þess að ég gleymdi því þar sem ég stóð hér í stólnum áðan, að þriðja leiðin er kannske leið á milli þeirra tveggja sem hér hafa verið ræddar, þ.e. annars vegar uppboðs með þeim hætti sem við þekkjum og þess að selja vöruna líkt og í verslun væri. Sú leið er næst þeirri leið sem hæstv. ráðh. lýsti stuttlega, en hún er sú að það fari fram útboð í stað uppboðs með þeim hætti að þeir sem áhuga hafa geti skoðað þann varning sem til sölu er á uppboðinu með nægilega góðum fyrirvara og skili síðan tilboðum í einstaka vörur eða fleiri í einu, og skili lokuðum tilboðum til uppboðshaldara. Ég held að það þurfi ekki að gera neina könnun til að átta sig á því að slík tilhögun skilar óneitanlega hærra verði fyrir þá hluti sem verið er að bjóða til sölu en þegar opið uppboð fer fram með uppboðshaldi og frammíköllum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191, n. 526.

Frsm. menntmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. menntmn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands. Þessar breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum, felast í því að orðunum „að jafnaði“ er bætt inn í 2. tölul. 15. gr. laganna annars vegar og hins vegar að í stað „fastra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands, í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði“ komi orðin: fastra kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands o.s.frv. Er þetta gert til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á deildaskipun Háskólans frá því að lög nr. 38/1971 voru sett, en ástæðan til þessara brtt. mun vera sú að það geti reynst óheppilegt að hafa jafnfortakslaust ákvæði um kjör forstjóra og er í gildandi lögum. Þær ástæður geta skapast að heppilegra sé að hafa svigrúm til þess að framlengja ráðningu forstjóra Rannsóknarstofnunar uppeldismála, enda séu þeir aðilar sem standa eiga að kjöri forstjóra sammála um það.

Þessi breyting nú mun vera gerð af gefnu tilefni þar sem ekki er hægt að endurráða forstöðumann, sem allir eru sammála um að vilja endurráða, nema þessi breyting laganna komi til. Hér er um að ræða prófessor Sigríði Valgeirsdóttur.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og mælir einróma með að það verði samþykkt. Árni Johnsen var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

38. fundur, miðvikudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 3. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Meðferð einkamála í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 303. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 535.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 85 frá 1936 sem hér liggur fyrir er samið af réttarfarsnefnd, en sú nefnd starfar að endurskoðun réttarfarslaga og hefur á undanförnum árum skilað ýmsum tillögum er lögfestar hafa verið. Voru þar á meðal ítarlegar tillögur er leiddu til breytinga á einkamálalögum er tóku gildi 1. jan. 1982, sbr. lög nr. 28/1981. Með þeim breytingum var málsmeðferð í einkamálum gerð einfaldari og greiðari og afgreiðsla dómstóla skilvirkari.

Með því að nokkur reynsla hefur fengist af þessum breytingum kannaði réttarfarsnefnd meðal dómenda og hjá stjórn Lögmannafélags Íslands hvernig lögin hefðu reynst og leitað eftir umsögn þeirra um lögin og ábendingum og tillögum ef einhverjar væru.

Frv. þetta er samið í ljósi þeirra athugasemda og

með hliðsjón af öðrum atriðum sem réttarfarsnefnd taldi ástæðu til að endurskoða, en almennt voru þær breytingar sem gerðar voru 1981 taldar til bóta og ánægja með þær. Þá er lagt til að ákvæðin um áskorunarmál verði felld inn í einkamálalögin sem sérstakur kafli.

Breytingarnar sem lagðar eru til í þessu frv. eru allmargar, í 24 greinum auk breytinga vegna áskorunarmála og mun ég ekki rekja þær allar, en rétt er að nefna nokkrar, svo sem þær að kveðið er skýrt á um aga- og áminningarvald forstöðumanns dómaraembættis gagnvart dómara og dómarafulltrúa svo og heimild forseta Hæstaréttar til að veita forstöðumanni dómaraembættis áminningu.

Kveðið er skýrar á um meginregluna um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði. Þingvottur skuli vera einn í stað tveggja. Heimild er til að höfða sjálfstæð vitnamál. Kveðið er á um að málflutningur skuli vera munnlegur nema annað sé ákveðið. Heimild er til að dómkveðja aðeins einn matsmann ef deilt er um litla hagsmuni. Heimild er til að dæma vexti af málskostnaðarkröfu. Loks má nefna ákvæði um að forsendur úrskurða sem kærðir eru til Hæstaréttar skuli fylgja skjölum máls þangað. Forsendur er hins vegar að jafnaði ekki skylt að færa í þing- eða dómabók.

Þá er ákvæði er kveður á um að úrskurðir í fógetaskipta- og uppboðsmálum og þinglýsingamálum sem fela í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefni skuli byggðar á forsendum, en nú skuli forsendur einungis fylgja úrskurði ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið nokkur atriði sem felast í frv. til l. um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði. Ég vísa að öðru leyti til prentaðrar grg. með frv. og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er á dagskrá hefur verið rætt á allmörgum fundum hér í hv. deild og það er eðlilegt því að það er sjaldgæft hér á hv. Alþingi að einn þm. flytji frv. um nýja stjórnarskrá í heilu lagi sem að mörgu leyti felur í sér allmiklar breytingar á stjórnskipulagi íslenska lýðveldisins.

Því er lýst yfir í framsögu og umræðum um þetta mál að aðaltilgangur þessa frv. sé að stöðva fólksflóttann frá hinum dreifðu byggðum landsins hingað á suðvesturhornið. Ég get tekið undir það sjónarmið. Ég held að það sé alveg ljóst að það er engum hagur að mikil röskun verði á byggðinni í landinu og það er allra síst hagur fyrir þennan landshluta hér, höfuðborgarsvæðið t.d., að fólk streymi í of stórum stíl inn á þetta svæði. Við höfum upplifað slíka tíma áður, t.d. á fimmta og sjötta áratug þessarar aldar. Það hafði í för með sér gríðarlega mikla erfiðleika fyrir sveitarfélögin á þessu svæði og það má segja að e.t.v. núna fyrst sé þetta svæði að jafna sig eftir það mikla innstreymi fólks hingað á sínum tíma. Skipulag byggðarinnar fór mjög úr skorðum. Menn minnast að hér risu óskipuleg svæði á jaðarbyggðunum allt í kringum Reykjavík og nágrenni og öll þjónusta fór mjög úr skorðum og dróst mjög aftur úr. Það var ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að byggja upp þjónustu fyrir þessa öru fólksflutninga hingað til þessa svæðis. Því held ég að það sé alveg ljóst að það er engum í hag, hvorki byggðunum hér og því síður byggðunum út um land, að svo mikil byggðaröskun verði.

Þessi fólksstraumur, sem menn nú tala um, hófst í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það voru reyndar þrjár stórskriður sem byrjuðu að falla í tíð þeirrar ríkisstjórnar. Það var verðbólguskriðan, það var kaupmátturinn sem byrjaði að falla og það var þetta mikla streymi fólks frá landsbyggðinni sem þá hófst. Það hefur tekist á stjórnartíma þessarar ríkisstjórnar að stöðva verðbólguna og stöðva kaupmáttarhnignunina, en hins vegar hefur ekki tekist að stöðva þessa byggðaröskun þannig að það er enn of mikið streymi fólks frá landsbyggðinni hingað inn á þetta svæði.

Menn hljóta þá að spyrja að því hvað er til ráða. Ég held að það sé ekkert einhlítt svar til við þeirri spurningu, en ég held þó að grundvöllur þess að byggð haldist í hinum dreifðu byggðum landsins sé blómlegt atvinnulíf.

Ég minnist stjórnartímabils síðustu ríkisstjórnar. Ég nefni sérstaklega hv. þm. Hjörleif Guttormsson af því að ég var á ferð í hans byggðarlagi og skoðaði þau blómlegu og myndarlegu fyrirtæki sem þar eru á sviði útgerðar. Þar hitti ég forstjóra þess fyrirtækis og átti við hann samtal og hann sýndi mér reksturinn. Hann kvað mjög sterkt upp úr með það, og var þó flokksbróðir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að besta byggðastefnan væri að fyrirtækin úti á landsbyggðinni fengju að græða þannig að þau gætu byggt sig upp og þau gætu haldið arðinum í sinni heimabyggð og þar með fært út sína starfsemi. Þá var svokölluð núllstefna ríkjandi hjá stjórnvöldum. Þess var vandlega gætt að rekstur fyrirtækjanna væri í núlli og reyndar hældu stjórnvöld sér af þessari stefnu sérstaklega. Á þessum árum hófst einmitt sú skriða fólksflutninga frá landsbyggðinni sem ekki hefur verið stöðvuð hingað til.

Nú má segja að hnútukast um það hverjir beri hér sök skipti ekki höfuðmáli. Ég held að aðalatriðið sé að reyna að snúa sér að því að leysa þetta vandamál

og reyna að skyggnast djúpt í hver ástæðan sé.

Einn þáttur í skýringunni er atvinnulífsþróunin. Við stöndum frammi fyrir því og höfum staðið frammi fyrir því undanfarna áratugi, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að mannfjöldi í svokölluðum frumgreinum, þ.e. í frumframleiðslu, hvort sem það er á sviði landbúnaðar eða sjávarútvegs, dregst saman og við vitum að mjög margir staðir úti um land byggja fyrst og fremst á frumgreinum. Þess vegna er þetta þróun sem í sjálfu sér er eðlileg. Þetta er raunverulega það sem hefur verið að gerast allt í kringum okkur í mörgum löndum. Ef við berum t.d. saman þróunina í Bandaríkjunum og á Íslandi, hvernig þetta hefur verið allar götur frá því 1870 og tökum Bandaríkin fyrst. Árið 1870 voru í frumgreinum 55% af vinnuaflinu, í iðnaði 17%, framkvæmdum 6% og í þjónustu 22%. Árið 1920 var þetta þannig í Bandaríkjunum að í frumgreinum voru 31% vinnuaflsins, iðnaði 26%, í framkvæmdum 6% og í þjónustu 37%. Árið 1968 voru frumgreinarnar komnar niður í 6% af vinnuaflinu, iðnaðurinn í 25%, framkvæmdir í 5% en þjónustan í 64%. Árið 1985 voru frumgreinarnar komnar í 4%, iðnaðurinn í 20%, framkvæmdirnar í 5% og þjónustan í 71%. Því er spáð að þessi þróun muni enn halda áfram og frumgreinarnar muni árið 2000 verða komnar í 3%, iðnaðurinn í 8%, framkvæmdir í 4%, en þjónustan í 85%. Þetta eru spár og tölur frá Bandaríkjunum.

Mjög svipað hefur verið að gerast hér á Íslandi. Ég tók Bandaríkin einungis sem dæmi af því að þetta er þróun sem hefur verið að gerast allt í kringum okkur. Árið 1870 voru hér í frumgreinum 85% vinnuaflsins, í iðnaði 5%, í framkvæmdum 5% og í þjónustu 5%. Árið 1920 voru í frumgreinunum 60%, í iðnaði 15%, í framkvæmdum 5% og í þjónustu 20%. Árið 1968 voru frumgreinarnar komnar í 21%, iðnaðurinn í 24%, framkvæmdir í 11% og þjónusta í 44%. Árið 1985 voru frumgreinarnar komnar í 13%, iðnaður í 25%, framkvæmdir í 10% og þjónusta í 52%. Frumgreinarnar munu að því er spáð er verða komnar niður í 5% árið 2000, iðnaðurinn í 15%, framkvæmdirnar í 5% og þjónustan í 75%.

Þetta er þróun sem hefur verið að gerast hér á landi og allt í kringum okkur og þróun sem við verðum að átta okkur á og reyna að mæta. Ég býst við að sá stjórnmálamaður sem hefði staðið hér upp á Alþingi t.d. árið 1920 og sagt að mönnum í frumgreinum, þ.e. í landbúnaði og sjávarútvegi fyrst og fremst, ætti eftir að fækka á næstu 40 árum niður í 21% og að íbúarnir og stjórnmálamenn yrðu að vera við þessari þróun búnir og reiðubúnir til að mæta henni hefði ekki þótt mikill spámaður í sínu föðurlandi og verið úthrópaður sem óvinur landbúnaðar og sjávarútvegs. Jafnvel má segja að maður sem 1968 hefði staðið upp og sagt að enn ætti eftir að minnka í þessum greinum, jafnvel um mun meira en helming á næstu 15 árum, hefði fengið sömu útreið. En þetta er staðreynd sem menn verða að hafa í huga og reyna að átta sig á því hvernig eigi að mæta henni til þess að þessi mikla byggðaröskun, sem við stöndum frammi fyrir í dag, haldi ekki áfram.

Það er greinilegt að frumgreinarnar lækka en þjónustan vex í mjög ríkum mæli. Við getum bara tekið annað dæmi hér á Íslandi um ákveðna þjónustu. Það er þjónusta hins opinbera á ýmsum sviðum. Á tímabilinu 1974–1984 fjölgaði ársverkum hjá ríkinu um 8000, þar af 41% á landsbyggðinni og 59% á höfuðborgarsvæðinu. Það var mun meiri fjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Og mest var aukningin í heilbrigðisþjónustunni. Þar jókst þjónustan um 4000 ársverk og þar af kom í hlut höfuðborgarsvæðisins ⅔.

Menn leita auðvitað ráða í þessum efnum og ræða margt og í þessu frv. er bent á eina leið sem ýmsir hafa staðnæmst við og talið að mundi leysa verulegan vanda í þessu efni. Það er svokallað þriðja stjórnsýslustig eða stjórnsýslustig á milli sveitarfélaga og ríkis. Ég segi fyrir mig að ég er mjög andvígur þessu og ég held að þarna séu menn að grípa einhverja patentlausn sem eigi að leysa allan vanda varðandi byggðaröskun hér á landi sem ég óttast að mundi geta haft þveröfug áhrif.

Það eru margar ástæður fyrir því að ég er andvígur þessu þriðja stjórnsýslustigi. Ég nefni t.d. að auðvitað eru takmörk fyrir því hvað 240 þús. manna þjóð getur komið sér upp flóknu og margþættu stjórnkerfi. Að hafa þrefalt stjórnkerfi fyrir þessa fámennu þjóð, sveitarfélög, fylkisstjórnir og svo aftur ríkisstjórn og ríkisvald, er auðvitað fjarri lagi. Ég nefni líka að mörgum finnst nú nóg komið af opinberum afskiptum af lífi fólks og auðvitað munu þau stóraukast við að setja inn enn nýtt stjórnsýslustig. Það er ekki aðeins verið að tala um nýtt fylkisþing, sem verður sérstaklega kosið, heldur fylgir því heilmikið embættismannakerfi, fleiri stofnanir, fleiri embættismenn, fleiri opinberir starfsmenn sem ég tel að við eigum ekki að stefna að. Ég held að þó að talað sé um að þetta sé til að auka lýðræðið feli það í sér andstæðu sína. Í rauninni sé hér um andlýðræðislegt fyrirkomulag að ræða því að valdið er í raun flutt meira frá fólkinu til fleiri stjórnsýslustofnana en nú er og jafnvel stjórnsýslustofnana sem eru á stöðum sem menn hafa ákaflega lítil tengsl við. Þó að við tölum um fjórðunga eða jafnvel kjördæmi í þessu sambandi er ljóst að fylkisþing á einstökum stöðum úti á landi mundu alls ekki vera í neinum lífrænum tengslum við fólk á hinum ýmsu stöðum í viðkomandi umdæmi. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að nýtt hrófatildur í stjórnsýslu þessa lands leysi ekki málið.

Því hefur að vísu verið haldið fram að þetta hafi í för með sér að flytja eigi verkefni frá ríki til fylkisþinga og þar með nær fólkinu. Ég dreg stórlega í efa að það muni verða þannig í raun. Hv. 5. þm. Vestf., sem er flm. þessa frv., tók t.d. dæmi um verkefni af þessu tagi hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem væru samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og umferðarkerfið á höfuðborgarsvæðinu, en hér er ein-

mitt um að ræða verkefni sveitarfélaga sem hann taldi eðlilegt að fylkisþingin fengju, sem sagt að flytja verkefni í þessu tilviki frá sveitarfélögunum á þessu svæði til þessa svokallaða fylkisþings. (ÓÞÞ: Það eru bæði ríkið og sveitarfélögin sem sjá um þetta í dag.) Allt umferðarkerfi innan þessara svæða er á vegum sveitarfélaganna. Skipulagsmál svæðisins eru á vegum sveitarfélaganna. Hins vegar tekur ríkið þátt í kostnaði á vissum þáttum þess, þ.e. svokölluðum stofnbrautum þar sem um er að ræða æðar gegnum sveitarfélögin, en það eru sveitarfélögin sem bera höfuðábyrgð á undirbúningi, framkvæmdum og skipulagi þessa svæðis. Ég óttast að svo verði á fleiri sviðum. Ég tel því að þetta fyrirkomulag, sem menn hér eru að ýja að að eigi að leysa byggðavandann, muni ekki gera það í raun þannig að menn verði að leita annarra leiða til að leysa byggðavandann. Þá held ég að eitt skærasta leiðarljósið í því efni eigi að vera að átta sig á hvaða þróun er að verða og hvernig við getum brugðist við henni.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins s.l. sunnudag var fjallað mjög ítarlega um þetta á grundvelli blaðagreinar sem Sigurður Guðmundsson, starfsmaður Byggðastofnunar, hafði látið frá sér fara fáum dögum áður í blaðinu. Ég vil, með leyfi forseta, vitna til þessa bréfs, en þar segir:

„Það er nánast óbærileg tilhugsun, að byggð á Íslandi dragist svo mikið saman, að þjóðin verði að langmestu leyti búsett á suðvesturhorni landsins. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér rækilega grein fyrir því sem hér er að gerast. Peningaaustur í vitlausar framkvæmdir, sem engu skila nema taprekstri, er ekki lausnin á þessum vanda.

Sigurður Guðmundsson víkur að því í grein sinni hvernig við skuli bregðast. Hann segir m.a.:

„Allflestir útgerðarstaðanna þurfa að stækka þannig að þjónusta geti vaxið og atvinnulíf orðið fjölbreyttara. Til þess að svo geti orðið þarf að bæta samgöngur milli þeirra til að stækka þjónustusvæði og jafnvel atvinnusvæði. Leita þarf leiða til að lífskjör verði sambærilegri við þéttbýlli svæði. Síðast en ekki síst þarf að efla atvinnustarfsemi á stöðunum og þá alveg sérstaklega þjónustu."

Líklegt má telja, að framvinda næstu ára verði með svipuðum hætti og forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar nefnir hér sem æskilegt markmið. Með sama hætti og landbúnaðurinn mun að mestu einskorðast við þær sveitir þar sem best er að búa má búast við að útgerðarstaðirnir renni meira saman, ýmist með því að fólk flytji á hin þéttbýlli svæði, t.d. á Vestfjörðum þar sem töluvert þéttbýli hefur myndast við Djúp, eða á þann veg að miklar samgöngubætur tengi byggðirnar saman þannig að í raun verði um samfellda byggð að ræða eins og t.d. er smátt og smátt að verða á svæðinu Ísafjörður, Hnífsdalur, Súðavík og að nokkru leyti Bolungarvík. Undir slíka þróun er sjálfsagt að ýta af hálfu opinberra aðila. Þó vekur það óneitanlega áhyggjur að sjá þá stöðnun sem virðist vera í vexti Akureyrar. Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið er einmitt það þéttbýli á landsbyggðinni sem hefur nú þegar komið upp vísi að nánast allri þeirri þjónustu sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Samgöngubætur í Eyjafirði valda því að tengingin milli t.d. Akureyrar og Dalvíkur hlýtur að vera mun meiri en áður. Samt sem áður er stöðnun á þessu svæði. Hvers vegna?"

Þannig lýkur Reykjavíkurbréfi.

Höfundur þess hefur ekki lausn á þessum málum frekar en aðrir, en ég bendi á það áður en ég fer úr þessum ræðustól að á síðasta flokksráðsfundi Sjálfstfl. þann 14. og 15. nóv. s.l. voru byggðamálin eitt meginefni þess fundar og þar voru fengnir sérfróðir menn til að flytja erindi um þetta efni og Sjálfstfl. gerði síðan ályktun um byggðamál. Ég vil ljúka ræðu minni með því að vitna í þessa ályktun eða lesa hana upp. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefna Sjálfstæðisflokksins mótast af þörfum landsmanna allra og miðar að því að ná varanlegum árangri á öllum sviðum landsmála, þar með talið í baráttunni gegn byggðaröskun. Jafnvægi í efnahagslífi er forsenda þess að lífvænleg atvinnustarfsemi geti þrifist hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Fyrirtæki hvar sem er á landinu verða að búa við jöfn ytri starfsskilyrði. Í byggðum landsins hlýtur atvinnurekstur að byggja á staðarkostum og því hugviti og framtaki sem býr í íbúunum sjálfum. Góðar samgöngur eru nauðsynleg forsenda byggðar í landinu. Með bættu samgöngukerfi er unnt að draga mjög úr aðstöðumun fólks og opna leið til nýrrar og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

Á næstu árum mun fleira fólk leita í þjónustugreinar. Það er því brýnt að íbúum landsbyggðarinnar verði gert kleift að byggja upp slíka atvinnustarfsemi og auka þannig fjölbreytni atvinnulífsins og skapa ný atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Í þeirri miklu aukningu á opinberri þjónustu sem átt hefur sér stað í landinu hefur þessa ekki fyllilega verið gætt og er ein ástæða þess að fólk hefur flutt úr hinum dreifðu byggðum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur sem fyrr áherslu á það að sjálfstæði sveitarfélaganna verði aukið og þar með áhrif íbúanna í þeim málum er snerta þá sjálfa, fjölskyldu þeirra og nánasta umhverfi. Flokkurinn hafnar hugmyndum um millistjórnsýslustig og þar með verulegri aukningu í umsvifum hins opinbera. Reynslan sýnir að sveitarstjórnum er treystandi til þess að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin. Þess vegna beitir Sjálfstæðisflokkurinn sér fyrir skýrari verkaskiptingu og eðlilegri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Þetta var ályktun flokksráðsfundar Sjálfstfl. 14. og 15. nóv. Eins og ég sagði áðan var það eitt meginefni þess fundar að ræða þann mikla vanda sem nú steðjar að landsbyggðinni og birtist í auknum fólksflutningum hingað á þetta svæði. En ég ítreka að ég tel að nýtt stjórnsýslustig sé ekki leið í þessu efni. Ég held að grunnurinn að því að treysta byggðirnar sé að blómlegt atvinnulíf megi þar þróast og umfram allt að menn stuðli að því að þeim

atvinnugreinum sem hafa á undanförnum árum og munu augljóslega á komandi árum taka til sín fólk á kostnað frumgreinanna, þ.e. þjónstustarfsemi ýmiss konar, verði á landsbyggðinni gert kleift að koma upp í ríkari mæli en nú er.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Í mjög löngu máli sínu fyrr í þessum umræðum fjallaði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mikið um byggðamálin og svo gerði einnig hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Þessum aðilum var það báðum sameiginlegt í þeirri umfjöllun að áfellast Framsfl. sérstaklega vegna þess hvað þeim þótti hann hafa dugað illa í málefnum landsbyggðarinnar. Það er kannske meginástæða þess að ég er kominn í þennan ræðustól. Mig langar að grípa á nokkrum þáttum málsins.

Hv. þm. fjallaði um fólksfækkunina á landsbyggðinni og sagði svo að „menn væru að smala fólkinu af landsbyggðinni". Það var galli á málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að mér fannst, og það vill oft verða svo þegar fjallað er um mál úr þessum ræðustóli að mönnum láist að koma með einhverjar haldbetri leiðir til lausnar þeim vandamálum sem um er fjallað. Það var einmitt í þá gryfju sem hv. þm. báðir tveir, Hjörleifur Guttormsson og Jón Baldvin Hannibalsson, féllu.

Það er hollt fyrir menn að líta til átta í þessum málum, svo sannarlega eru þau í brennidepli í dag, og líta þá aðeins til baka áður en við förum að varða nýjan veg til framtíðar. Það eru ekki svo margir hér í salnum að þeir sjái ekki þessa töflu sem ég er með hérna fyrir framan mig og sýnir atvinnuskiptingu þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Hvaðan er þetta?) Hvaðan er þetta? Það skiptir ekki meginmáli hvaðan það er, en tölurnar eru réttar, hv. þm. (**Gripið fram í:** Er það öruggt?) Það er öruggt, já. Þetta er atvinnuskipting þjóðarinnar frá árinu 1960 og fram að árinu 1983. Þar kemur fram að árið 1960 voru 10,1% í fiskvinnslu, 8,2% fengust við fiskveiðar og 16% voru í landbúnaði. Í iðnaðinum voru 15,5% og við byggingariðnað 10,7%, en í þjónustugreinunum voru þetta 39,5%. Árið 1983 er þetta hins vegar orðið svo að í fiskvinnslunni eru 9%, í fiskveiðunum 5% og landbúnaðurinn, sem var með 16%, er kominn ofan í 6%. (**KP:** Hverjir réðu ferðinni?) Frá 1960 til 1983? Þar komu margir við sögu. Þar er ekki við neinn einn flokk að sakast, hv. þm. Karvel Pálmason. Við komum kannske aðeins að því síðar. Iðnaðurinn heldur sínum hlut bærilega. Hann var með um 15,5% árið 1960, en er með 15% árið 1983 og svo gerir byggingariðnaðurinn einnig. En þjónustugreinarnar, sem voru árið 1960 með 39,5%, eru komnar árið 1983 með 55%. Þetta sýnir okkur hver þróunin hefur verið og þetta er ekki að gerast hjá okkur í dag.

Ég gat þess hér í gær þegar menn töluðu um vandann í landbúnaðinum að þar er vissulega að mörgu að hyggja. Alþýðubandalagsmenn tala nú hvað hæst í þeim efnum og vilja láta líta á sig sem einhverja sérstaka vini bændanna. Mér er það minnisstætt að fyrir einar kosningarnar, ég held að það hafi verið um það bil sem ég var að byrja af alvöru í pólitík, þá gáfu þeir út blað þar sem þeir voru að kynna áhuga sinn á landbúnaðinum og hvað þeir teldu að væri nauðsynlegt að gera fyrir bændafólkið í landinu, dreifðu þessu með Þjóðviljanum sínum. En það var merkilegt við þetta blað að bændablaðið fór aðeins til bændanna sjálfra. Það fékk enginn þéttbýlisbúi að sjá. Það féll nefnilega ekki saman við annan málflutning Alþýðubandalagsmanna. Þeir þurftu að tala alveg sérstaklega við bændur. Þetta finnst mér koma víðar fram í málflutningi þessara manna, því miður.

Ef við skoðum nú ársverkin, og ég ætla að fara aðeins meira í tölur um þann mikla fólksflótta sem menn eru að tala um af landsbyggðinni, þá er ég hérna með tölur fyrir framan mig frá árinu 1971 til ársins 1986 sem sýna hvernig þróunin hefur verið. Það tekur ekki langan tíma að renna yfir þetta. Þá sjáið þið að á Vesturlandi hefur á þessu tímabili fjölgað á tíu árum, en orðið fólksfækkun á fjórum árum. Á Vestfjörðum hefur fjölgað á þessu tímabili á átta árum en fækkun verið á fimm árum. Frá 1971 er þetta þannig á Norðurlandi vestra að þar hefur þó fjölgað fólki í ellefu ár á þessu tímabili, en hins vegar hefur þar fækkað því miður á þremur árum. Mest er þó fækkunin á þessu ári. Í Norðurlandi eystra hefur fjölgað á þessu tímabili á tólf árum en fækkað á þremur árum. Á Austurlandi hefur fjölgað á fjórtán árum en fækkað aðeins á einu ári. Það var árið 1984 en þá fækkaði um 0,2%. Á Suðurlandi hefur fjölgað á þrettán árum en fækkað á tveimur árum.

Þetta segir okkur nokkra sögu og ég held að menn ættu að fjalla um þessi mál á annan hátt en menn hafa gert hér ef við viljum reyna að leita lausnar á því vandamáli sem við er að fást í hinum dreifðu byggðum landsins.

Það þarf enginn að vera hissa á því þó það hafi hrikt víða í á landsbyggðinni miðað við það tímabil sem við höfum nú verið að ganga í gegnum. Þar er ég að tala um bæði það sem hefur gerst hjá okkur í sjávarútvegi og einnig það sem gerst hefur í landbúnaðarmálunum. Það þarf enginn að vera hissa á þeim málum.

Einnig er athyglisvert að líta aðeins á aðrar tölur sem er aukning ársverka án landbúnaðar — og ég tek það fram: aukning ársverka án landbúnaðar eftir kjördæmum. Það er merkileg viðmiðun ef við tökum landbúnaðinn einan út, þá ættum við að fá nokkurn samanburð í þessum efnum.

Jón Baldvin Hannibalsson vék nokkuð að þessu atriði í sínu máli en þetta er tafla úr Vinnumarkaðnum 1984. Þar kemur fram að á Reykjanesi er þessi fjölgun mest, ársverka án landbúnaðar, 12,4%. En hver skyldi vera næstur? Hvaða staður eða hvaða svæði, hvaða kjördæmi landsins ætli komi næst í fjölgun ársverka án landbúnaðar? Reykjavík? Nei, það er nefnilega ekki Reykjavík sem kemur næst heldur er það Norðurland vestra sem kemur næst

með 9,1%. Reykjavík er hins vegar með 6,8%, er þar í 3. sæti. Vesturland er með 3,9%, Vestfirðirnir 5,1%, Norðurland eystra 5,5%, Austurland 5,7% og Suðurland 4,7%. Þetta sýnir okkur þróunina. Og það hefur vissulega á þessum árum verið reynt að gera átak í þessum málum. Þetta sýnir okkur að veruleg uppbygging hefur átt sér stað í þjónustugreinum á hinum ýmsu stöðum á landinu og við skulum ekki vanmeta það.

Þetta hefur gerst á sama tíma og tekist hefur að koma verðbólgunni úr 130% niður í um 10% og það hefur tekist án þess að til kæmi atvinnuleysi. En á einu einasta ári viðreisnarstjórnarinnar sálugu, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var að tala hér um, töpuðust hvorki meira né minna en 740 000 vinnudagar vegna atvinnuleysis og verkfalla. Við erum að tala um 0,7% atvinnuleysi á s.l. ári. Það er gott fyrir stuðningsmenn væntanlegrar viðreisnarstjórnar að hugsa til þessara ára. Það er ljóst að fyrir okkur sem landsbyggðina byggjum eru þetta örugglega ár hinna glötuðu tækifæra og ég vonast til þess að menn átti sig á því að kalla ekki slíkt yfir sig aftur. Þessar tölur, sem ég hef hér verið að lesa, sýna okkur og sanna hvar atvinnuuppbyggingin hefur verið og hvenær hún hefur verið.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom einnig í sínu spjalli inn á nýju sveitarstjórnarlögin. Því miður missti ég af ræðu hæstv. félmrh. Ég reikna fastlega með því að hann hafi svarað því, en hv. þm. var ákaflega undrandi á því gerræði að þm. leyfðu sér að samþykkja nýju sveitarstjórnarlögin. Það er ekki óeðlilegt að menn staldri þar við þegar menn eru að fjalla um þessi mál. Það er slæmt að hv. þm. er ekki hér, en það er nauðsynlegt að minna hann á að Samband ísl. sveitarfélaga mælti mjög með afgreiðslu þessa máls og hvetti beinlínis til þess að sveitarstjórnarlögin næðu fram að ganga. Það er fásinnna að halda því fram að ekki hafi verið haft samráð eða samtöl farið fram á milli manna í þessum efnum þegar Samband ísl. sveitarfélaga ekki bara biður um heldur hvetur þm. til að samþykkja það frv.

Hv. þm. eyddi líka nokkrum tíma ræðu sinnar til að fjalla um skiptingu aflaverðmætis upp úr sjó eftir kjördæmum landsins. Það var út af fyrir sig mjög fróðleg lesning. En það var einn galli þar á. Hv. þm. talaði aðeins um árið 1984. En til þess að fá yfirsýn yfir málið er nauðsynlegt að skoða málið allt, ekki síst ef menn vilja lesa eitthvað út úr þeim prósentum sem gætu bent okkur eitthvað til vegar um þróun byggðar í landinu. Þess vegna ákvað ég að skyggnast inn í þessi mál og sé ástæðu til að hafa yfir þm. ítarlegri tölur en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði.

Ég geri mér grein fyrir því að þessar tölur segja okkur ekki nákvæmlega allt um byggðamál og afkomu einstakra kjördæma. Tökum t.d. loðnubátana á Reykjavíkursvæðinu. Þeir leggja upp í hinum ýmsu kjördæmum landsins. Ég geri mér því grein fyrir að þetta er ekki alveg hundrað prósent rétt viðmiðun út af fyrir sig. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði ekki fyrir því að geta þess í sínum tölum, en ég sé hins vegar ástæðu til að gera það.

Á Suðurlandi voru þetta árið 1970 um 13,1%, 1984 11,6%, en var 1985 komið í 9,8%. Reykjavík og Reykjanes voru árið 1970 með 25,3%, árið 1984 20,3%, en 1985 var þetta komið niður í 17,3%. Á Vesturlandi var þetta árið 1970 um 7%, fór upp í um 10%, en árið 1984 var þetta komið niður í 9,6% og 1985 í 8,7%. Vestfirðirnir voru árið 1970 með 9,2%, fóru upp í 12,9%, en 1985 voru þeir með 10%. Rétt er að taka fram að árið 1984 voru þeir með 12,9%, en voru komnir ofan í 10% 1985. Norðurland eystra var með 6,3% 1970, en árið 1985 er Norðurland eystra komið úr 6,3% upp í 13,2% og Austfirðir úr 10,3% upp í 14,9%. Norðurland vestra, þar sem fækkunin er hvað mest á s.l. ári, var með 2,1% árið 1970. Árið 1985 er Norðurland vestra komið með 7,9%. Þetta sýnir okkur hver þróunin er og að hverju menn hafa verið að vinna. Þeir sem halda því fram að hér hafi ekki verið reynt að vinna að framgangi landsbyggðarinnar og að byggðamálum koma svo sannarlega af fjöllum.

Athyglisvert er að erlendis er landað árið 1970 26,7%, en 1983 og 1984 losar þetta rétt um 10%. 1985 er þetta komið upp í 18,2%. Það er hér á suðursvæðinu og trúlega nokkuð á Vestfjörðum sem við sjáum að það er um meiri útflutning að ræða og trúlega er það gámaútflutningurinn sem kemur þar töluvert mikið inn í.

Ég held að þetta sýni okkur betur en margt annað að menn hafa verið að byggja upp atvinnutækifæri úti á landsbyggðinni og ég segi að hér hefur komið hvað frekast til byggðastefna Framsfl. Þessar tölur sanna okkur það betur en margt annað.

Ég verð að segja að ég hlustaði af nokkurri athygli á hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson þar sem hann fjallaði í ræðu sinni um sjávarútvegsmálin. Ég viðurkenni að þar fannst mér margt rétt sagt og kveða við nokkuð annan tón en mér hefur fundist áður vera. Ég skal ekki segja um hvort þar getur spilað eitthvað inn í að formaður kvótanefndar er orðinn fyrsti maður á framboðslista Alþfl. í Reykjavík, en alla vega var talað í nokkuð annarri tóntegund en hv. ræðumaður hefur áður gert þegar hann hefur fjallað um sjávarútvegsmálin.

Hver man ekki umræður um stjórnun fiskveiða? Hver man ekki allt talið um að stjórnun fiskveiða mundi leiða atvinnuleysi og kreppu yfir landsbyggðina? Hver man ekki allt það spjall? Það er ekkert vafamál að það þurfti að taka til hendi í sjávarútvegsmálum og það þurfti þó nokkurn kjark til að taka á þeim málum þá. Stjórnarandstæðingar drógu ekki af sér á þeirri tíð að reyna að gera þessa stjórnarstefnu og stefnu núverandi sjútvrh. eins tortryggilega og hægt var, en ég er að minnsta kosti sannfærður um að við máttum ekki þar seinni vera. (**GJG:** Voru ekki allir stjórnarandstæðingar þrælklofnir í málinu?) Jú, stjórnarandstæðingar voru það og að vísu hef ég heyrt suma segja það úr stjórnarlið-

inu líka að þeir væru ekki allir kvótamenn. Það er rétt.

En til þess að menn glöggvi sig á stöðunni, hvert við vorum komnir þegar gripið var til þessara ráða, er fróðlegt að skyggnast aðeins um. Árið 1960 var þorskaflinn við Grænland um 450 000 tonn. Árið 1985 veiddust aðeins um 14 000 tonn við Grænland. Hér voru menn sem töldu að það væri allt í lagi að halda áfram slíkri veiði eins og viðgengist hafði.

Auðvitað má öllu ofgera í þessum efnum sem og öðrum. Hvar stæðum við Íslendingar nú ef slíkt hefði hent? Það kom í hlut Framsfl. að hafa frumkvæði að mótun skynsamlegrar fiskveiðistefnu þar sem fjórir meginpunktar voru hafðir að leiðarljósi. Að okkur tækist að lifa af ávöxtum þess er hafið gefur án þess að ganga um of á höfuðstólinn sjálfan. Að auka hagkvæmni í sókn. Að auka gæði og nýtingu aflans. Að auka fjölbreytni veiðanna.

Hér í þingsölum töldu menn og víðar að þetta væri einhver allsherjar eyðingarstefna og mundi leggja allt í rúst. Annað hefur komið í ljós. Talið er að um 10% sparnaður hafi náðst í útgerðarkostnaði á botnfiskveiðiflotanum á árinu 1985 og það er staðreynd að afkoma þessarar undirstöðuatvinnugreinar okkar Íslendinga hefur ekki verið jafngóð í fjölda, fjölda ára.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Jón Baldvin Hannibalsson komu einnig inn á húsnæðismálin og töldu að þar væri allt að fara norður og niður og ekkert vafamál hver sökudólgurinn væri. Auðvitað var það Framsfl. sem þar bar höfuðábyrgð. (Gripið fram í.) Það er rétt, segir formaður Alþýðubandalagsins. Hann fór nú einu sinni með þennan málaflokk og það var mitt hlutskipti að starfa með honum að húsnæðismálunum þegar ég gerðist þm. og ég man hvernig það fór allt saman fram. (**Gripið fram í:** Er ástæða til að rifja það upp?) Nei, ég ætla ekki að rifja það upp. (**SvG:** Láttu vaða.)

Við skulum aðeins halda okkur við staðreyndirnar í dag. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri húsnæðisstjórnar, segir um nýja húsnæðislánakerfið að þar sé ekki aðeins um breytingar að ræða heldur sé þar frekar að tala um byltingu. Hann segir að það séu gífurlega miklar og jákvæðar breytingar fyrir þá sem við eiga að búa. Það er vissulega rétt að samdráttur hefur orðið í húsbyggingum landsbyggðarinnar meðan þessi mál sem ég hef gert að umtalsefni hafa verið í smíðum og menn hafa verið að reyna að færa til betri vegar. En hvað er svo að frétta í dag af þessum málum þegar menn telja sig sjá svartnættið eitt?

Í fréttabréfi frá Húsnæðisstofnun segir, með leyfi herra forseta:

„Á vegum upplýsingavinnslu Húsnæðisstofnunar hefur verið gerð tölfræðileg athugun á fyrstu umsóknum samkvæmt nýja lánakerfinu er stofnuninni hafa borist. Er þar um að ræða umsóknir um byggingarlán og lán til kaupa á notuðu húsnæði, þ.e. F-lán og G-lán. Skipting umsókna eftir landshlutum vekur vissulega athygli. Á undanförnum árum hefur hlutur landsbyggðarinnar í lánveitingum Húsnæðisstofnunar dregist saman þannig að hlutur landsbyggðarkjördæmanna sex, þ.e. fyrir utan Reykjavík og Reykjanes, í byggingarlánum, F-lánum, og lánum til kaupa á notuðu húsnæði, G-lánum, frá Byggingarsjóði ríkisins var aðeins rúm 20% árið 1985."

Núna fyrir áramótin var farið yfir þessi mál og umsóknir sem borist höfðu. Hvað kom þá í ljós? Þá kom í ljós að hlutur landsbyggðarinnar af öllum umsóknum var kominn upp í nær 40%. Það er erfitt þegar menn sjá alls staðar myrkur og það jafnvel um miðjan dag. Ég held að þeir menn sem vilja fjalla um vanda landsbyggðarinnar ættu að gera það á annan hátt en þeir hafa verið að gera og ég hef minnst á áður.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fjallaði einnig um skólamálin og áhrif skólamálanna á landsbyggðina og þróunina þar. Við skulum aðeins litast þar um og skoða málin, hvað hefur verið að gerast.

Ef skyggnst er til framtíðarinnar er öllum hugsandi mönnum ljóst að það er bæði rétt og okkur Íslendingum nauðsynlegt að fjárfesta meira í menntun en við höfum áður gert ætlum við okkur að byggja það land sem getur boðið þegnum sínum hliðstæð lífskjör og gerast best meðal annarra þjóða. Þetta held ég að við hljótum öll að geta verið sammála um. Hin mikla fjölgun nemenda í Háskóla Íslands sannar okkur betur en nokkuð annað að það uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið við byggingu skóla á landsbyggðinni hefur skilað sér og það ríkulega.

Ég ætla aðeins að nefna nokkur dæmi þannig að menn átti sig á því hvað hefur verið að gerast á þessum síðustu árum. Ég minni á uppbyggingu Fjölbrautaskólans á Akranesi. Ég minni á uppbyggingu Menntaskólans á Ísafirði. Ég minni á uppbyggingu Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki. Ég minni á byggingu Verkmenntaskólans á Akureyri. Ég minni á byggingu Menntaskólans á Egilsstöðum. Ég minni á byggingu Fjölbrautaskólans á Selfossi og ég minni á byggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Ætla menn svo að halda því fram að það hafi ekkert verið gert í þessu máli? Vissulega hefur margt verið gert. Ég er sannfærður um að sú mikla fjölgun sem orðið hefur í Háskóla Íslands er fyrst og fremst vegna þess að ungu fólki á landsbyggðinni voru með þessu búin betri skilyrði til mennta en áður var gert. Nú er það hins vegar okkar að sjá til þess að þetta fólk geti að námi loknu snúið heim og fengið þar störf við sitt hæfi. (**Gripið fram í:** Allir sálfræðingar, já.) Nei, það eru ekki allir sálfræðingar en víða í kjördæmunum eru þeir til, það er rétt, og við höfum fjallað mikið um það undanfarna daga.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma, herra forseti, í spjall um þessi mál. Þó gæti ég gert það vegna þess hvað mér fannst þessir tveir menn víkja mikið að byggðamálunum sérstaklega og þá Framsfl. Ég held hins vegar að við eigum eftir kannske innan fárra

daga að taka upp umræðu um byggðamálin, ég veit að svo mun verða og þá er ég viss um að verða hér líflegar umræður. (**EBS:** Er þetta ekki allt í góðu lagi?) Nei, ég gat um það, hv. þm. Ellert B. Schram, þm. Reykv., að það væri við viss vandamál að fást og ég gat um hver þau væru úti á landsbyggðinni. En það er blinda að sjá ekki það sem menn hafa verið að gera til þess að reyna að sporna þar við fæti.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vék að blaðagrein sem Sigurður Guðmundsson, starfsmaður Byggðastofnunar, skrifaði í Morgunblaðið og blaðið síðan lagði út af. Það má koma því að að Byggðastofnun vinnur nú mjög að því að reyna að rétta hlut landsbyggðarinnar og kanna hvernig við megum bregðast við þeim vanda sem ég gat um í upphafi máls míns sem fyrst og fremst á sér stað í sveitum landsins. En það er mikill misskilningur og þekkingarleysi manna ef þeir halda að vandamálið á landsbyggðinni sé eingöngu vegna þess að fólk hafi ekki atvinnu. Það er mikil einföldun. Á mörgum stöðum á landsbyggðinni þar sem fólk hefur flutt í burtu er mikil atvinna og allbærilegar tekjur, það er ekki af því sem fólk er að flytja. Það eru aðrir þættir sem við verðum að standa saman um að byggja upp, sem landsbyggðarfólk krefst og þarf að fá.

Eitt af því er t.d. hugmynd Byggðastofnunar um að byggja upp stjórnsýslumiðstöðvar í kjördæmum landsins til þess að flytja vald frá Reykjavík og færa það nær fólkinu sem þar byggir. Þetta mál er í mikilli umfjöllun og ég er sannfærður um að það er ein leiðin til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar. Hins vegar verð ég að segja það í sambandi við verkefnaflutninginn að ég er talsmaður þess að verkefni verði í auknum mæli flutt frá ríki til sveitarfélaga, en það verður ekki gert án þess að séð verði til þess að fjármagn fylgi þar með. Ég er sannfærður um það að sveitarstjórnarmenn eru fyllilega hæfir til að fjalla um þau mál miklu meira en hingað til hefur verið gert og ég er því mjög fylgjandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þennan fund meira um sinn en ég er sannfærður um það að áður en við skiljum í vor eigum við eftir að taka upp allsnarpa umræðu um byggðamálin og þá getum við farið ítarlegar yfir sviðið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að hv. 5. þm. Austurl. talaði í þessari umræðu fyrir nokkrum dögum, eins og rækilega hefur komið fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var á mælendaskrá, trúi ég, en mun hafa veikindaforföll og hefur því ekki haft aðstöðu til að taka þátt í þessari umræðu í dag. Ég tel það nú sanngirnismál að fara fram á það við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað þannig að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi aðstöðu til þess að svara þeim vísindum sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti áðan, svo að ekki komi nú annað til, auk þess sem þetta er hin merkasta umræða og sjálfsagt að reyna að ræða þessi mál ofan í kjölinn þó að maður hefði nú getað haldið af ræðu hv. síðasta ræðumanns að það væri búið að leysa öll vandamál landsbyggðarinnar í eitt skipti fyrir öll vegna skeleggrar forustu Framsfl. Ég hygg að það sé misskilningur þannig að það er full ástæða til að ræða málið áfram. Ég fer fram á það við virðulegan forseta að umræðunni verði frestað ef nokkur kostur er þangað til hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getur verið hér á staðnum.

Forseti (Kristín Halldórsdóttir):

Vegna þessara tilmæla bendi ég á að þetta mál hefur verið til umræðu á a.m.k. fjórum þingdeildarfundum og þar sem mér finnst mál til komið að þessari umræðu ljúki var ætlun mín að reyna að ljúka henni í dag. Mér var ljóst að hv. 5. þm. Austurl. hafði kvatt sér hljóðs og var á mælendaskrá. Hann hefur veikindaforföll og var ekki heldur á síðasta fundi þar sem þetta var enn til umræðu. Hann hefur ekki haft samband við forseta sjálfur til að biðja um frestun umræðunnar og þar sem ekki er verið að afgreiða málið frá deildinni heldur aðeins til nefndar, og væntanlega verður tækifæri til að ræða málið betur, hefði ég talið eðlilegt að reyna að ljúka umræðunni í dag. Ég mælist til þess að haft verði samband við hv. 5. þm. Austurl., þar sem ég vil engu gerræði beita sem varaforseti, og hann spurður hvort það sé hans eindregin ósk að umræðunni verði frestað svo að málið yrði 5. fundinn á dagskrá.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég hef verið að ýta á það að þetta mál fari til nefndar en mér er ljóst að það eru mikil sanngirnisrök í því að þm. sem er fjarverandi vegna veikinda og hefur verið á mælendaskrá fái að tala við þessa umræðu. Það má segja sem svo að það liggi ekki fyrir hversu ákveðnir menn verða að afgreiða þetta mál úr nefnd þó að ég muni að sjálfsögðu þrýsta á það þar einnig og ég get ekki lagst gegn því að það verði orðið við tilmælum hv. 3. þm. Reykv. þó að ég sé sammála þeirri tillögu hæstv. forseta að hafa samband við viðkomandi þm.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kannað þetta mál, að vísu ekki beint við hv. þm. Hjörleif Guttormsson heldur hv. þm. Helga Seljan, og hef um það upplýsingar að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vildi gjarnan fá kost á því að taka þátt í þessari umræðu. Ég bendi á það að það er kannske ekki mjög líklegt að málið fái hraða meðferð í nefnd og það er alls ekki víst að þetta frv. komi til meðferðar aftur í deildinni. Það er alls ekki víst, svo að ég taki ekki dýpra í árinni, með fullri virðingu fyrir hv. flm. og þeim sem að frv. standa og með tilliti til þess að mér er ekki kunnugt um að almenn byggðamálaumræða fari hér fram um önnur mál á næstunni held ég að það sé ekkert út í hött að bera þessa ósk fram við hæstv. forseta. En auðvitað verður hann að ráða því hvað gerist í málinu og ég beygi mig fyrir úrskurði

forseta í því en bendi á að hv. flm. hefur tekið undir það að ósk mín sé sanngjörn í þessu efni.

Forseti (Kristín Halldórsdóttir):

Já, forseti finnur til mikillar ábyrgðar og ég fellst á þau rök að það sé ekki hundrað í hættunni þó að þetta mál fari ekki til nefndar í dag enda ólíklegt að það tækist vegna fámennis. Það munar sjálfsagt ekki um einn fundinn í viðbót. Ef ég man rétt var þetta fyrst á dagskrá á deildarfundi fyrir jól. A.m.k. er þetta fjórði fundurinn sem það er á dagskrá og er nú ljóst að það verður á dagskrá í fimmta sinn. Ég mun því verða við réttmætum tilmælum um frestun þessarar umræðu.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, fimmtudaginn 29. jan., kl. 3 miðdegis.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991, frh. fyrri umr.

Stjtill., 289. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Efling atvinnu og byggðar í sveitum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 218. mál. — Þskj. 233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Landkynning að loknum leiðtogafundi, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 234. mál. — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 235. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 31 shlj. atkv.

Tryggingasjóður loðdýraræktar, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 236. mál. — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til atvmn. með 31 shlj. atkv.

Efling fiskeldis, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 237. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 138. mál. — Þskj. 144.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipun embættismannanefndar til að fjalla um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem er 138. mál þessa þings á þskj. 144. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Haraldur Ólafsson og hv. þm. Svavar Gestsson. Mig langar til þess að lesa tillgr., með leyfi forseta:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu íslenskra stjórnvalda að kjarnorkuvopn skuli aldrei leyfð í íslenskri lögsögu felur það utanríkisráðherra að beita sér fyrir því á fundi utanríkisráðherra Norður-

landa að sett verði á laggirnar embættismannanefnd á vegum Norðurlanda sem kanni möguleika á og geri tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum."

Ekkert ríki á Norðurlöndum hefur nú kjarnorkuvopn á yfirráðasvæði sínu og öll löndin hafa með aðild að samningnum um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum (Non-Proliferation Treaty) skuldbundið sig til þess að taka ekki við né framleiða slík vopn.

Skoðanakannanir meðal fólks á Norðurlöndum hafa sýnt eindregna andstöðu gegn kjarnorkuvopnum og vaxandi fylgi við hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði. Í könnun Ólafs Þ. Harðarsonar um „Viðhorf Íslendinga til öryggis- og utanríkismála", sem gerð var sumarið 1983 og gefin út af öryggismálanefnd 1984, kom fram að 86% þeirra sem tóku afstöðu voru fylgjandi hugmyndum um kjarnorkuvopnalaus svæði.

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til fylgt þeirri stefnu að kjarnorkuvopn skuli alúrei leyfð í íslenskri lögsögu og hefur hún verið í samræmi við þann vilja þjóðarinnar sem kemur fram í ofangreindri könnun.

Þessi stefna var áréttuð í þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum 23. maí 1985, en þar segir, með leyfi forseta:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985."

Í framsögu fyrir þessari till. túlkaði formaður utanríkismálanefndar þann landfræðilega skilning á kjarnorkuvopnalausu svæði í Norður-Evrópu að um *væri að ræða svæði í Norður-Evrópu sem næði* að minnsta kosti yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna og allt frá Grænlandi til Úralfjalla. Þetta er afarstórt svæði. Hins vegar stendur einnig í till., eins og ég áður nefndi, með leyfi forseta:

„Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985."

Á s.l. ári hafa þingmenn á Norðurlöndum hist til að ræða þá hugmynd að Norðurlönd verði yfirlýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

Þá er fyrst til að taka að engin ákvörðun um skilgreiningu á landsvæði hefur enn verið tekin í þingmannahópnum, þ.e. í þeirri þingmannanefnd sem hist hefur til að ræða hugmyndina um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði. En margt hefur verið rætt í því sambandi, t.d. Kolaskagi og Eystrasalt og mörg önnur svæði. Umræðan er því á engan hátt takmörkuð en í fullum gangi jafnt um skilgreiningar landsvæða sem um annað er að málinu lýtur.

Í annan stað fóru fulltrúar allra flokka og samtaka á Alþingi og voru flestir reyndar meðlimir í utanrmn. á fund þingmanna frá Norðurlöndunum sem haldinn var í Kaupmannahöfn um mánaðamótin nóv.–des. 1985 til að ræða hugmyndina um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum. Það var í samræmi við samþykkt Alþingis.

Þarna voru mættir fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum og samtökum á þingum Norðurlandanna og sóttu fundinn um hundrað manns. Það kom í ljós á fundinum að skoðanir manna voru nokkuð skiptar um máletni, en samt var ákveðið að halda umræðunum áfram og var mikill meiri hluti fylgjandi því.

Í þriðja lagi ber að taka fram að því áliti sem átti að skila til Alþingis um þetta mál náðist reyndar ekki að skila fyrir þau tímamörk sem gefin voru. Því var skilað síðar og það var í raun mjög ófullburða og var áfangaálit eingöngu.

Nú hefur verið skipuð þingmannanefnd þar sem fulltrúar 15 þingflokka á Norðurlöndum eiga fulltrúa. Þeir hafa þegar haldið fundi og viðræður um þessi mál halda áfram af fullum krafti. Formaður þingmannanefndarinnar, Anker Jörgensen, sendi samhljóða bréf til forsætisráðherra allra Norðurlandanna, þ.e. þeirra Gro Harlem Brundtland, Ingvars Carlssonar, Steingríms Hermannssonar, Paul Schlüter og Kalevi Sorsa, þann 26. ágúst 1986. Efni bréfsins var að tilkynna um áformaða embættismannanefnd sem væri til umfjöllunar hjá utanrrh. landanna og jafnframt um ósk þingmannanefndarinnar að embættismannanefndin yrði skipuð sem fyrst.

Ég hef hér í höndunum afrit af svarbréfum frá Gro Harlem Brundtland, Ingvari Carlssyni og Poul Schluyter sem öll eru samþykk því að nefndin verði skipuð. Ég veit reyndar að Kalevi Sorsa er þessu einnig samþykkur, en hef ekki svarbréf í höndunum eða afrit af því frá honum. Sömuleiðis hef ég ekki í höndum svar hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar, en þætti vænt um að hann svaraði fyrir sig ef hann væri hér á fundinum.

Gro Harlem Brundtland nefnir reyndar í þessu svarbréfi að hún vilji tryggja ríkisstjórn sinni sem breiðastan stuðning í norska þinginu við hugmyndina um skipun embættismannanefndarinnar. Nú er sá stuðningur fenginn.

Fulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi eiga líka sæti í þessari þingmannanefnd. Og það ber að geta þess að það er ótvíræður þingmeirihluti fyrir þessari hugmynd á öllum þjóðþingum hinna Norðurlandanna.

Þessar umræður eru í fullum gangi og það er áætlað að taka ákvörðun um skipan þessarar embættismannanefndar á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem haldinn verður í Reykjavík, þessari borg afdrifaríkra stefnumóta, þann 25.–26.

mars n.k. Sú ákvörðun að leyfa skipun embættismannanefndarinnar sem kanni þetta mál jafnframt starfi þingnefndarinnar, og ég vil taka það afar skýrt fram að það er skilningur allra þeirra sem skipa þessa þingmannanefnd að það sé mjög nauðsynlegt að starf embættismannanefndarinnar þýði ekki eða innifeli að starfið verði tekið úr höndum þingmanna eða að þeir fylgist ekki með heldur verði það samhliða og jafnframt þannig að það starfi bæði þingmannanefnd og embættismannanefnd. Ég tel þessa ráðstöfun bæði sjálfsagða og brýna og ekki fela á neinn hátt í sér stefnubreytingu í utanríkismálum.

Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um þetta mál í þessum umræðum. Málið er enn fyrst og fremst á umræðustigi. Ég tel það vera mjög mikilvægt að Íslendingar eigi fulla aðild að þessum viðræðum á öllum stigum málsins því að þannig getum við best komið hugmyndum okkar og tillögum á framfæri. Ég tel jafnframt að það mundi vera ekki bara misráðið heldur afar hættulegt ef Íslendingar yrðu einir viðskila við hinar Norðurlandaþjóðirnar í svo mikilvægum umræðum um utanríkis- og afvopnunarmál. Þessi till. er flutt til að tryggja að svo verði ekki. Og ég treysti því að hæstv. utanrrh. sjái sóma sinn í því að bera hag íslensku þjóðarinnar fyrir brjósti í þessu máli.

Forseti (Helgi Seljan):

Út af orðum hv. 3. landsk. þm. vil ég taka það fram, eins og fram kom í upplestri forseta áðan, að hæstv. forsrh. er með fjarvistarleyfi í dag.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Tillaga um skipun nefndar sem kanni möguleika á og geri tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum var lögð fram á fundi utanríkisráðherranna í Svíþjóð á s.l. ári af utanríkisráðherra Danmerkur. Hún var áfram til umræðu á fundi utanríkisráðherranna í ágústmánuði s.l., fundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn, og þar var skrifstofustjórum ráðuneytanna falið að athuga hvort grundvöllur væri fyrir stofnun slíkrar nefndar embættismanna og gert ráð fyrir því að utanríkisráðherrarnir gætu tekið afstöðu til málsins á fundi sem verður hér í Reykjavík í marsmánuði n.k. Könnun skrifstofustjóranna stendur yfir, en meðal þess sem þeir eru að athuga eru verkefni og verksvið hugsanlegrar nefndar embættismanna og ætlunin, eins og ég gat um, að því verði lokið fyrir þennan fund ráðherranna.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna hef ég sérstaklega gert grein fyrir því sem fram kemur í ályktun Alþingis um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, ályktuninni frá 23. maí 1985, en þar er hvatt til þess, með leyfi forseta, „að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnavopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu."

Ég hef lagt áherslu á þessi atriði, þ.e. að svæði án kjarnavopna nái einnig til svæða þar sem vitað er um kjarnavopn en ekki aðeins til Norðurlanda sem allir vita að eru kjarnavopnalaus.

Flestir hljóta að vera sammála um það að verr væri af stað farið en heima setið ef hafsvæðunum umhverfis Norðurlönd, svo og kjarnavopnabúrum í nágrenni þeirra, svo sem Kolaskaga, yrði sleppt úr allri umfjöllun um þetta efni á vettvangi norræns samstarfs. Ef það verður gert eru menn að loka skilningarvitum sínum fyrir þeirri ógn og fyrir þeirri hættu sem raunverulega er við að fást. Ég met það svo að það sem í ályktun Alþingis stendur sé forsenda umræðna af okkar hálfu á þessum vettvangi varðandi hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði.

Ég mun að sjálfsögðu greina utanrmn. frá framvindu þess starfs sem verið er að vinna til undirbúnings fundi norrænu utanríkisráðherranna. Með tilvísun til þess sem ég hér hef sagt sýnist mér að samþykkt á slíkri till. sem hér liggur fyrir væri til þess að rjúfa þá samstöðu sem náðist á Alþingi 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í þessari þáltill. er að því vikið að þm. á Norðurlöndum hafa hist til að ræða hugmyndina um að Norðurlönd verði yfirlýst kjarnavopnalaust svæði. Enn fremur er sagt að það sé mikilvægt fyrir Íslendinga að eiga fulla aðild að þessum viðræðum á öllum stigum málsins því að þannig getum við best komið hugmyndum okkar og tillögum á framfæri.

Ég er sammála þessari athugasemd. Tillagan er afdrifarík fyrir íslenska öryggishagsmuni og þess vegna tel ég nauðsynlegt að Íslendingar fylgist með þessum umræðum og komi sínum sjónarmiðum á framfæri. A.m.k. allt fram undir það að komið verði til ákvörðunar. Þá getur það ráðist af því hvort ágreiningur er um þær tillögur sem meiri hlutinn kann að ná samstöðu um. Ég tel það þess vegna misráðið af fulltrúum þingflokks Sjálfstfl. að hafa tekið ákvörðun um að taka ekki þátt í þessu að svo stöddu.

Síðan segir hér, herra forseti, með leyfi:

„Í ráði er að skipa embættismannanefnd sem vinni að tillögugerð jafnframt starfi þingmannanefndarinnar."

Þingflokkur Alþfl. hefur efasemdir um þau vinnubrögð af ýmsum ástæðum. Af sjálfu leiðir að það er ekkert athugavert við það þótt stjórnvöld, utanrrn. í hverju landi fyrir sig, setji niður embættismannanefnd til að velta fyrir sér ýmsum tæknilegum hliðum þessara mála, enda hafa ýmis ráðuneyti gert það. Þar vitna ég t.d. í Colding-skýrsluna norsku, greinargerðir frá Finnum og reyndar ofurlitla samantekt úr íslenska utanrrn. Allt er það út af fyrir sig gagnlegt. Sérstaklega þykir mér Colding-skýrslan norska athyglisverð þar sem rætt er á hlutlægan máta um bæði rökfræðilegar veilur og tæknilega

annmarka á framkvæmd hugmyndarinnar eins og hún hefur yfirleitt verið rædd.

Hitt er annað mál að við höfum efasemdir um að það séu góð vinnubrögð eða skynsamleg að þessi fimm ríki setji niður sameiginlega embættismannanefnd. Ástæðurnar eru ýmsar og þessar helstar:

1. Þetta er auðvitað hápólitískt mál, stórpólitískt mál. Þar af leiðir að það er ekki á færi embættismanna að fjalla um málið fyrr en búið er að taka veigamiklar pólitískar ákvarðanir. Það er ekki í þeirra verkahring, ekki á þeirra færi.

2. Öryggishagsmunum þessara fimm ríkja er ákaflega misjafnlega fyrir komið. Tvö þessara landa eru hlutlaus, þ.e. framfylgja öryggisstefnu sem byggist á vopnuðu hlutleysi. Þrjú þessara landa eru hins vegar aðilar að varnarbandalagi þannig að þau hafa farið ólíkar leiðir í öryggismálum. Mér er hulin ráðgáta hvernig sameiginleg embættismannanefnd ríkja, þriggja sem eru í varnarbandalögum og tveggja hlutlausra, ætti að geta starfað saman að einhverju gagni eða einhverju viti jafnhliða og áður en teknar hafa verið pólitískar ákvarðanir í málinu. Ég álykta hins vegar að það er ekkert við það að athuga og getur verið gagnlegt að embættismannanefndir hver í sínu landi reyni að skýra málið, upplýsa það og rannsaka það til að auðvelda um það skynsamlega umræðu og pólitíska ákvarðanatöku.

Herra forseti. Ég tel tímabært að gera Alþingi grein fyrir afstöðu þingflokks Alþfl. í þessu máli, kynna fyrir þingheimi álitsgerð þingflokksins um þessar hugmyndir um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Rétt er að taka það fram að þessi greinargerð hefur þegar verið afhent formanni þingmannanefndarinnar. Það mun hafa verið gert í byrjun september trúi ég á s.l. hausti. Auk þess hefur þessi álitsgerð verið send utanríkis- og varnarmálaráðuneytum Norðurlanda og Atlantshafsbandalagsríkja og þess vegna tímabært og nú gefst tækifæri til þess að kynna hana rækilega fyrir þingheimi.

Áður en ég geri það vil ég vekja athygli á fréttatilkynningu sem þingflokkur Alþfl. birti um málið á s.l. hausti, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþfl. telur nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld og stjórnmálaflokkar taki þátt í umræðunni um þetta mál milli ríkisstjórna og stjórnmálaflokka á Norðurlöndum þar sem framkvæmd slíkra tillagna, ef til kemur, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska öryggishagsmuni. Þingflokkur Alþfl. gerir það að tillögu sinni að ríkisstjórnir Norðurlandanna þriggja sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu taki þessi mál sameiginlega til umræðu á samstarfsvettvangi Atlantshafsbandalagsins."

Þetta er að mínu viti tillaga sem æskilegt væri að fá rædda og æskilegt væri að fá upplýst m.a. af hálfu hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnar um undirtektir. Er utanrrh. Íslands reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að þetta mál verði tekið upp til sérstakrar umræðu og til sérstaks samráðs innan Atlantshafsbandalagsins áður en lengra er haldið í viðræðum við m.a. tvö hlutlaus ríki?

Í þessari fréttatilkynningu segir einnig, með leyfi forseta:

„Hingað til hafa engar fastmótaðar tillögur legið fyrir um framkvæmd þessa máls. Nú hefur hins vegar verið sett á laggirnar fjölmenn þingmannanefnd sem hyggst láta vinna drög að samkomulagi um framkvæmd málsins og leggja fyrir ríkisstjórnir landanna. Þar með er tímabært að ríkisstjórnir Noregs, Danmerkur og Íslands taki þetta mál upp innan Atlantshafsbandalagsins þar sem einhliða framkvæmd slíkra tillagna á að fara fram á landsvæði sem nú tilheyrir sameiginlegu varnarsvæði Atlantshafsbandalagsins auk þess sem slíkar einhliða aðgerðir samræmast ekki núverandi varnarstefnu bandalagsins. Af þessum ástæðum er ríkisstjórnum landanna þriggja beinlínis skylt að hafa samráð við aðrar bandalagsþjóðir sínar þar sem einhliða framkvæmd þessara hugmynda getur haft neikvæð áhrif á öryggishagsmuni þeirra."

Ég árétta þá spurningu til hæstv. utanrrh.: Hver er afstaða hans til þessa máls? Hefur hann kannske þegar rætt þetta mál við samstarfsaðila sína, utanrrh. þeirra annarra Norðurlanda sem í Atlantshafsbandalaginu eru? Ef svo er, hverjar hafa verið undirtektirnar? Hafi svo hins vegar ekki verið, er hæstv. utanrrh. reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því, áður en lengra verður haldið í starfi þingmannanefnda, ég tala nú ekki um embættismannanefnda, taki hann þetta mál upp við utanrrh. annarra Norðurlanda í Atlantsbandalaginu og beiti sér fyrir því að þetta verði rætt sameiginlega innan bandalagsins?

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að kynna þingheimi álitsgerð þingflokks Alþfl. um málið eins og hún hefur verið birt í heild sinni og send þingmannanefndinni sem um málið fjallar og eins og ég sagði áðan utanríkis- og varnarmálaráðuneytum Norðurlanda og Atlantshafsbandalagsins. Í þessari álitsgerð segir svo, með leyfi forseta:

„Eftir stríð hafa Norðurlönd verið sammála um að velja ólíkar leiðir til að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði. Svíþjóð og Finnland eru utan bandalaga en treysta á eigin varnir. Noregur, Danmörk og Ísland hafa ekki treyst sér til að fara þessa leið. Þessi lönd eru fullgildir aðilar að sameiginlegu öryggis- og varnarkerfi lýðræðisríkjanna. Þetta öryggiskerfi hefur reynst vel í 40 ár í okkar heimshluta, bæði fyrir Norðurlöndin og Vestur-Evrópu í heild. Varnarbandalag lýðræðisríkja byggir á þeirri forsendu að um sameiginlegt varnarsvæði sé að ræða. Yfirburðir Sovétríkjanna á sviði venjulegra vopna valda því að öryggi Vestur-Evrópu hefur í allt of miklum mæli byggst á fælingarmætti kjarnorkuvopna með hótun um beitingu þeirra ef til innrásar eða vopnaðra átaka kemur. Þetta er veiki punkturinn í varnarstrategíu Atlantshafsbandalagsins, bæði hernaðarlega og pólitískt. Vilji ríki Vestur-Evrópu afsala sér

kjarnavopnum er hinn kosturinn að óbreyttum ástæðum sá að stórauka varnarviðbúnað með venjulegum vopnum. Þykir það fjárhagslega og pólitískt ófýsilegt er aðeins ein leið eftir, að ná gagnkvæmu samkomulagi er taki til Evrópu allrar um allsherjarafvopnun, fjarlægingu og eyðileggingu kjarnavopna, fækkun og samdrátt herja og þá hugsanlega í kjölfarið um afvopnuð landsvæði milli bandalaga.

Ágreiningur virðist vera uppi um það hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Almenningur hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum með seinagang og árangursleysi í afvopnunarviðræðum stórvelda. Pólitískt gætir mikillar óþolinmæði. Þess vegna komu upp hugmyndir um að einstök ríki eigi að taka frumkvæði, taka sig út úr bandalögum og reyna að ná sérsamningum um takmörkuð svæði.

Hugmyndin um Norðurlönd sem kjarnavopnalaust svæði sem byggi á tryggingum annars hvors eða beggja stórveldanna um að samkomulagið verði virt er af þessum toga. Frumkvæðið að þessari hugmynd kemur frá Sovétríkjunum. Það er auðvitað í samræmi við meginmarkmið sovéskrar utanríkisstefnu sem er að rjúfa samstöðu lýðræðisríkjanna og sérstaklega varnarsamstarf Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna. Það sem er hagkvæmt út frá sovéskum markmiðum er að öðru jöfnu ekki endilega í samræmi við öryggishagsmuni lýðræðisríkjanna. Varnarsamstarf lýðræðisríkjanna eftir stríð, sem gefið hefur svo góða raun, byggir á mörgum forsendum. Þær eru sögulegar, pólitískar og hernaðarlegar. Ein forsendan er sú að ekkert þessara ríkja getur séð öryggishagsmunum sínum gagnvart Sovétríkjunum borgið á eigin spýtur. Við erum þess vegna allir háðir hver öðrum.

Einhliða aðgerðir eins ríkis eða nokkurra í hóp geta haft mjög neikvæð áhrif á öryggishagsmuni annarra. Aðildin að sameiginlegu öryggiskerfi veitir ekki aðeins réttindi heldur leggur líka skyldur á herðar. Frumskyldan er sú að rjúfa ekki þetta sameiginlega öryggiskerfi með einhliða aðgerðum án undangengins samráðs við bandalagsþjóðir og án þess að vita nákvæmlega hvað komi í staðinn. Einhliða aðgerðir sem raska þessu öryggiskerfi samrýmast einfaldlega ekki þeim skyldum sem bandalagsþjóðirnar hafa sameiginlega tekið á sig. Þess vegna er nú tímabært áður en lengra er haldið umræðum um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum milli þjóðþinga og ríkisstjórna að bandalagsríkin þrjú, Noregur, Danmörk og Ísland, taki þessi mál sameiginlega upp til umræðu á samstarfsvettvangi Atlantshafsbandalagsins. Ef við sættum okkur ekki við óbreytta varnarstefnu bandalagsins ber okkur skylda til að reyna fyrst til þrautar að fá henni breytt í samstarfi og samráði við bandalagsþjóðir. Okkur ber skylda til að kanna hvaða afleiðingar einhliða aðgerðir af okkar hálfu hafa að þeirra mati á öryggishagsmuni annarra ríkja innan bandalagsins. Í þessu felst ekkert afsal á pólitískum sjálfsákvörðunarrétti. Í þessu felst ekki að ríkin líti á sig sem peð í stórveldatafli. Í þessu felst aðeins viðurkenning á de facto samstarfsnauðsyn bandalagsþjóðanna og vilji til að standa við skuldbindingar um heiðarleg og sjálfsögð vinnubrögð milli bandalagsríkja.

Sérstaða Íslendinga í öryggismálum er mikil. Hún markast af legu landsins, hernaðarlegu mikilvægi, varnarleysi þjóðarinnar sjálfrar. Þessar aðstæður valda því að Íslendingar treysta sér ekki til að byggja öryggi sitt á óvopnuðu hlutleysi og voninni um að það verði virt. Þess vegna á hugmyndin um sameiginlegt öryggiskerfi lýðræðisríkjanna djúpan hljómgrunn meðal Íslendinga. Þess vegna er það ekki í samræmi við íslenska öryggishagsmuni að standa að einhliða aðgerðum sem raska ríkjandi öryggisjafnvægi og auka spennu. Þannig erum við algerlega sammála yfirlýsingu af hálfu norsku ríkisstjórnarinnar þar sem segir:

„Það skal tekið skýrt fram að af hálfu norskra stjórnvalda kemur ekki til greina þátttaka í einangruðu og sérstöku kjarnavopnalausu svæði milli Norðurlandanna og Sovétríkjanna einna."

Þetta kemur fram í skjali frá norska utanrrn. og þessa tilvitnun má reyndar finna í erindi sem forseti norska Stórþingsins flutti á ráðstefnu þingmanna á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn og tilvitnunin er höfð í hans erindi. Þess vegna var það forsendan fyrir ályktun Alþingis um kjarnavopnalaus svæði frá 23. maí 1985 að svæðið er skilgreint landfræðilega sem Norður-Evrópa, allt frá Grænlandi til Úralfjalla og tekur til kjarnorkuvopna jafnt á landi, í lofti sem og á hafinu eða í því. Af þessu getur augljóslega ekki orðið nema til komi samkomulagsvilji beggja hernaðarbandalaga í þessum heimshluta. Þetta þýðir að Sovétríkin, sem eru eina ríkið í okkar heimshluta sem beinir kjarnavopnum gegn Norðurlöndum, verði að vinna það til að fjarlægja kjarnavopn úr Eystrasalti og frá Kolaskaga og að vesturveldin gerðu slíkt hið sama, að fjarlægja kjarnavopn á meginlandi Evrópu og umferð kjarnorkuvopnaðra kafbáta í Norður-Atlantshafi. Svo stórpólitískar breytingar á skipan öryggismála í Evrópu gerast ekki með einhliða yfirlýsingum heldur geta þær aðeins orðið sem niðurstaða gagnkvæmra samninga.

Norðurlönd eru eins og allir vita kjarnorkuvopnalaus. Það hefur því enga hernaðarlega merkingu að þau lýsi yfir svo augljósum hlut. Slík einhliða yfirlýsing dugar ekki til að fjarlægja kjarnorkuvopnahótun sem beint er gegn Norðurlöndum. Einhliða trygging Sovétríkjanna um að virða kjarnorkuvopnaleysi slíks svæðis er ekki nóg. Afgönum reyndist ekkert hald í tryggingu sovétstjórnarinnar gegn beitingu vopnavalds sem gefin var í samningi í desember 1978 sem forsenda svokallaðs vináttusamnings þjóðanna. Fjarlæging skammdrægra kjarnorkuvopna sem beint er að Norðurlöndum er heldur ekki nóg. Staðsetning kjarnorkuvopna er ekki aðalatriðið heldur fjöldi þeirra, langdrægni og eyðileggingarmáttur. Vandamálin við eftirlit stórveldanna með kjarnavopnalausu svæði eru óleyst. Skerðing á pólitísku fullveldi sem gæti hlotist af

pólitískum þrýstingi og hótunum stórveldisins í austri gagnvart Norðurlöndum er óaðlaðandi framtíðarsýn. Neikvæð áhrif slíkrar einhliða yfirlýsingar á samningsstöðu lýðræðisríkjanna um gagnkvæma afvopnum eru óæskileg. Niðurstöðurnar eru þessar:

Hugsanlegar einhliða aðgerðir ríkisstjórna á Norðurlöndum, um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaus svæði geta haft neikvæð áhrif á öryggi Íslands. T.d. getur það haft í för með sér fjölgun kjarnavopna í kafbátum á Atlantshafi. Við höfum því hagsmuna að gæta að taka þátt í umræðunni um hugsanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu. Samkvæmt okkar hugmyndum verður slíkt kjarnavopnalaust svæði að ná landfræðilega yfir miklu stærra svæði en Norðurlöndin ein. Það felur í sér nauðsyn gagnkvæmra samninga beggja varnarbandalaga um útfærslu slíkra hugmyndar. Við treystum okkur ekki til að vera aðilar að einhliða yfirlýsingu sem nær aðeins til Norðurlandanna fimm og byggir aðeins á sovéskum tryggingum. Við teljum að ræða eigi þessa hugmynd í breiðara evrópsku og pólitísku samhengi. Við teljum að Atlantshafsbandalagsríkjunum þremur beri skylda til áður en lengra er haldið að taka þetta mál upp til ítarlegrar umræðu við bandalagsþjóðirnar innan Atlantshafsbandalagsins. Við vekjum athygli á að málið er stórpólitískt í eðli sínu. Við teljum því óframkvæmanlegt að setja upp sameiginlega embættismannanefnd fimm ríkisstjórna til þess að fjalla um málið sem er hápólitískt og á að vera í höndum stjórnmálamanna. Fagleg rannsókn á vegum utanríkis- og varnarmálaráðuneyta landanna á ótal vandamálum óleystum sem upp munu koma við framkvæmd kjarnavopnalauss svæðis í Norður-Evrópu er hins vegar af hinu góða."

Herra forseti. Þetta er sá texti sem þingflokkur Alþfl. hefur sent þingmannanefndinni sem nú fjallar um þetta mál. Og áður en ég lýk máli mínu legg ég enn áherslu á það að fyrir utan almenna greinargerð um afstöðu og rökstuðning fyrir henni felst í þessari greinargerð ákveðin tillaga og tilmæli til utanríkisráðherra Íslendinga að hann beiti sér fyrir því, áður en lengra er haldið umræðum um þetta mál við m.a. hin hlutlausu ríki á Norðurlöndum, að þetta mál verði tekið upp til sameiginlegrar umræðu og athugunar innan Atlantshafsbandalagsins. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. svari því hér á eftir.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það talaði áðan einn af leiðtogum jafnaðarmanna á Norðurlöndum. Hann er sá eini í norrænum jafnaðarmannaflokkum sem fylgir afstöðu hinna hörðu hauka í Washington í þessu máli. Ég hef undir höndum bréf frá Anker Jörgensen, formanni jafnaðarmannaflokksins í Danmörku, frá Ingvar Carlsson forsrh. Svía, formanni jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð, og Gro Harlem Brundtland í Noregi þar sem þau öll lýsa því yfir að þau telji sjálfsagðan hlut að setja niður norræna embættismannanefnd til að fjalla um þessi mál og lýsa sig jákvæð gagnvart því á þeim fundi utanríkisráðherra Norðurlanda sem haldinn verður hér eftir nokkrar vikur.

Formaður Alþfl. á Íslandi, ef ég skildi hann rétt, er hins vegar á móti því að svona nefnd verði til og segir jafnframt í ræðu sinni, ef ég skildi hann rétt, að afstaða hans væri sú að það ætti ekki að taka þátt í umræðum um þetta mál í þingmannanefnd fyrr en samráð hefði farið fram um málið innan Atlantshafsbandalagsins og meðal þeirra þriggja Norðurlanda sem eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég vil þá spyrja hann í framhaldi af þessari yfirlýsingu hans áðan: Ber að skilja ræðu hans svo að Alþfl. hafi tekið um það ákvörðun að draga sinn fulltrúa út úr þingmannanefndinni sem fjallar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd? Það væru mikil tíðindi og ill, en það er nauðsynlegt að fá skýr svör við þessari spurningu.

Varðandi það mál sem hann nefndi sérstaklega í ræðu sinni, sem var samráð þeirra ríkja sem eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu við Atlantshafsbandalagið, er rétt að það komi fram með skýrum hætti úr þessum ræðustól að í umræðum innan norrænu þingmannanefndarinnar, sem er undir forustu Ankers Jörgensen, hefur alltaf verið gengið út frá því að þeir sem þar eru og eiga aðgang t.d. að Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins geri grein fyrir þróun þessa máls og umræðum um það innan þingmannanefndarinnar. Auðvitað hlýtur málið að liggja þannig miðað við þann veruleika sem við búum við í þessum efnum. Það er þess vegna að mínu mati ekkert annað en tilraun til útúrsnúnings þegar farið er að reyna að fabrikkera skilyrði eins og það sem hv. 5. þm. Reykv. flutti áðan.

Það er auðvitað ekkert annað en ómerkilegur rógur um þessar tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þegar talað er um það, eins og í grg. Alþfl., að hér eigi að vera um að ræða svæði sem byggist aðeins á sovéskum tryggingum. Auðvitað getur slíkt ekki komið til greina. Auðvitað verður hér að vera um mikið víðtækari tryggingar að ræða um leið og ákvörðun er tekin um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Það hefur alltaf verið gengið út frá því í umræðum um þetta mál að um það verði rætt við stórveldin og ríkisstjórnir aðliggjandi ríkja, t.d. Vestur-Þýskalands svo að dæmi sé nefnt, og ríki sem hafa yfir að ráða kjarnorkuvopnum yfirleitt. Þess vegna er það ekkert annað en tilraun til að gera hugmyndinni ógagn að setja málið þannig upp að t.d. forustumenn jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum séu að flytja þetta mál á þeim forsendum að það byggist aðeins á sovéskum tryggingum. Þannig hefur málið aldrei verið sett upp og verður auðvitað ekki sett upp.

En hið hættulega, herra forseti, við þá afstöðu sem kemur fram hjá formanni Alþfl. á Íslandi er að hann er í rauninni að segja: Ísland á að skilja sig frá hinum Norðurlöndunum strax meðan málið er á umræðustigi. Hann telur að vísu koma til greina að uppfylltum vissum skilyrðum að Íslendingar séu

með í þingmannanefndinni, en hann telur ekki að Íslendingar eigi að vera aðilar að embættismannanefndinni. Það tel ég mjög alvarlegt. Ekki vegna þess að ég telji að embættismennirnir geti tekið í rauninni neinar ákvarðanir, pólitískar ákvarðanir hljóta að ráða hér úrslitum, heldur vegna þess að embættismennirnir vinna á vegum utanríkisráðherranna og geta sem slíkir komið upplýsingum á framfæri við ríkisstjórnir sínar og sem slíkir m.a. komið upplýsingum um þetta mál á framfæri við Atlantshafsbandalagið þar sem það á við þegar um er að ræða þrjú ríki sem eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að ef hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen ákveður að hafna þátttöku í embættismannanefndinni með stuðningi í þingmeirihluta Alþfl. og Sjálfstfl. hér á Alþingi Íslendinga er verið að taka ákvörðun um að Íslendingar verði ekki með í þessum umræðum áfram, þá er verið að taka ákvörðun um að þrýstingurinn á Ísland til að taka við kjarnorkuvopnum á einhverju stigi verði meiri en nokkru sinni fyrr. Og það er hrikalegur ábyrgðarhluti að mínu mati ef formaður Alþfl. beitir hinum nýja meiri hluta krata og íhalds hér í þinginu til að taka jafnafdrifaríkar ákvarðanir. Það er hrikaleg staðreynd ef svo fer.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá skýrt fram hver er afstaða formanns Alþfl. í þessum efnum vegna þess að hún var ekki nægilega skýr áðan. Ég spyr hvort mín túlkun á henni er rétt, hvort hann er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi ekki að taka þátt í embættismannanefndinni og að þessari till. eigi að hafna. Og þá vil ég segja við þennan meiri hluta íhaldsins og krata í þinginu: Þá skuluð þið manna ykkur upp í að afgreiða þessa till. Þá skuluð þið sýna hvað í ykkur býr, hver er ykkar raunverulega afstaða, en ekki reyna að skríða með málið í bakherbergjum og beita þingsköpum til að koma í veg fyrir að það fáist afgreitt á Alþingi eins og þið hafið aftur og aftur gert. Þá skuluð þið sýna hver ykkar raunverulega afstaða er. Og þá er rétt að láta ganga atkvæði um málið þannig að menn skríði út úr holunum og sýni hver afstaða þeirra er í þessum efnum.

Herra forseti. Það er rétt í þessu sambandi einnig að benda á það að eins og hv. 3. landsk. þm. sagði áðan er meiri hluti fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum í öllum þjóðþingunum eins og sakir standa og meiri hluti er fyrir þessari pólitísku stefnu líka á þingum Færeyja og Grænlands. Á fundi vestnorræna þingmannaráðsins, sem haldinn var á Íslandi á s.l. ári, var samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur að skora á stjórnir þessara landa að vinna markvisst að framkvæmd hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Ég hefði viljað beina því til Alþingis Íslendinga á þessu stigi málsins að allir flokkar taki þátt í athugun og undirbúningi málsins, að utanrrh. fallist á að skipuð verði hin norræna embættismannanefnd og að pólitískar ákvarðanir um hvort leiðir þurfa að skilja verði ekki teknar á undirbúningsstigi málsins. Ég tel að sú afstaða sé líka í mikið betra samræmi við það sem fram hefur komið af hálfu Íslands á undanförnum misserum. Í því sambandi vil ég minna á ræður sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Ólafur G. Einarsson fluttu á þingmannaráðstefnu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum misserum. Þeir höfðu fyrirvara í málinu og héldu þeim til haga í ræðum sínum, en sögðu sem svo: Íslendingar eiga auðvitað að fylgjast með málinu, skoða það á hverju þrepi á undirbúningsstigi, engu að slá frá sér á þessu stigi málsins. Það er ekki skynsamlegt.

Ég tel að það væri mikið affarasælla að við fylgdum þeirri stefnu sem allir þingflokkarnir urðu sammála um að fylgja í þessu máli í tengslum við þingmannaráðstefnuna í Kaupmannahöfn þar sem þessir þrír hv. þm. héldu þær ræður sem ég var að nefna.

Ég vil einnig, herra forseti, í framhaldi af ræðu hæstv. utanrrh. fara fram á að hann kveði skýrar að um sína afstöðu til skipunar embættismannanefndar. Ætlar hann að fylgja Alþýðuflokksformanninum í þessu máli og vera á móti skipun embættismannanefndar eða ætlar hann að fallast á tillöguna um skipun embættismannanefndar? Hann svaraði þessu ekki áðan og gerði ekki grein fyrir afstöðu sinni þannig að skýrt væri og til þess að honum detti ekki í hug að hann yrði þar með í þeirri rauðu sveit sem hættulegust er talin um þessar mundir einsamall vil ég leyfa mér að benda honum á bréf sem Poul Schlüter forsætisráðherra Danmerkur skrifaði Anker Jörgensen 18. sept. 1986 þar sem Poul Schlüter segir:

„Ríkisstjórnin mun áfram vinna að því að embættismannanefnd verði sett á laggirnar og m.a. greina utanríkisráðuneyti þjóðþings Danmerkur frá því sem gerist í þessu máli.“

Forsætisráðherrar allra Norðurlandanna hafa tekið undir að það sé nauðsynlegt að skipa þessa nefnd og þess vegna skora ég á hæstv. utanrrh. að standa að því að þessi till. verði samþykkt þrátt fyrir þá afstöðu sem formaður Alþfl. virtist hafa hér áðan.

Ég held, herra forseti, að það sé rétt í tilefni af þessu máli að inna jafnframt hæstv. utanrrh. eftir því: Hvenær kemur skýrsla um utanríkismál til umræðu á yfirstandandi þingi? Það munu ekki vera mjög margar vikur eftir af störfum þingsins ef að líkum lætur. Það er mjög nauðsynlegt að umræður um skýrsluna um utanríkismál fái hér góðan tíma og betri en verið hefur á þingunum mörg undanfarin ár. Ég tel að miðað við þá afstöðu sem áður hefur verið tekin í sambandi við kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ættu allir flokkarnir í þinginu að geta samþykkt þá till. sem hv. 3. landsk. þm. mælti fyrir áðan. Og ég vona að hæstv. utanrrh. og hv. 5. þm. Reykv. sjái við umhugsun að einnig þeir eiga að geta fallist á hana, en ef þeir eru á móti henni er best að

þeir komi til dyranna eins og þeir eru klæddir og sýni afstöðu sína með því að beita hinum nýfengna viðreisnarmeirihluta í þinginu.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur nokkuð verið rætt um þingmannafund sem haldinn var í Kaupmannahöfn í nóvember 1985 og fulltrúar allra þingflokka sóttu, þar á meðal þrír þm. frá Sjálfstfl. Þessi ráðstefna var mjög fjölmenn. Á ráðstefnunni sátu fulltrúar sennilega allra stjórnmálaflokka á Norðurlöndum og þar var rætt almennt um hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Við fulltrúar Sjálfstfl. á þessari ráðstefnu tókum þátt í þessum umræðum eins og reyndar fulltrúar annarra flokka og við lögðum áherslu á það í okkar málflutningi að Ísland ætti að taka þátt í slíkum umræðum og rétt væri að við hefðum áhrif á endanlega niðurstöðu slíkra umræðna því það væri mikilvægt fyrir Ísland að hvorki á Norðurlöndum né annars staðar yrðu teknar ákvarðanir sem gætu aukið kjarnorkuvopn í hafinu umhverfis landið auk þess sem við að sjálfsögðu viljum vinna að og berjast fyrir öllum þeim hugmyndum sem geta leitt til raunhæfrar gagnkvæmrar afvopnunar.

Við kynntum í okkar ræðum ályktun Alþingis frá vorinu 1985 og við lögðum áherslu á að það væri ekki hægt að líta á Norðurlönd sem einangrað fyrirbæri í þessum efnum heldur, þegar rætt væri um kjarnorkuvopnalaus svæði, yrðum við að líta á Norður-Evrópu sem eina heild. Við yrðum að líta á svæðið frá Úralfjöllum til Grænlands, þ.e. að hugsanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði tæki yfir landsvæði sem tilheyrðu bæði Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu og raunar einnig svæði sem væri utan beggja þessara bandalaga, auk þess sem þessi hugmynd ætti að tengjast víðtækara samkomulagi um afvopnun. Við höfnuðum mjög eindregið hugmyndum um einhliða yfirlýsingar eða einhliða ákvörðun um þetta efni. Við héldum því fram að allar umræður um kjarnorkuvopnalaus svæði ættu að fara fram í nánu samráði við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og vera þáttur í þeirri stefnu bandalagsins að gagnkvæm afvopnun ætti sér stað af hálfu beggja þeirra stóru bandalaga sem við oftast ræðum um, þ.e. Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Við bentum enn fremur á að einhliða yfirlýsingar af hálfu Norðurlandanna, hvort sem það væri af þeirra hálfu sem einstakra ríkja eða í heild, væru líklegar til að kljúfa þá samstöðu Evrópuþjóða í Vestur-Evrópu sem ríkt hefur um utanríkis- og varnarmál.

Ég hef í stuttri endursögn reynt að greina helstu atriðin sem fram komu í okkar málflutningi á þessum fundi og hef reyndar litlu við að bæta um stefnu okkar sjálfstæðismanna. Það kom hins vegar fram á þessum fundi að það er mjög mikill ágreiningur um þetta mál á Norðurlöndum og öll er hugmyndin mjög óljós, bæði um það til hvaða landsvæða þetta eigi að taka, hvernig eigi að standa að þessari hugmynd. Ýmsir, sérstaklega þeir sem eru á vinstri væng stjórnmálanna, héldu því mjög ákveðið fram sem sinni stefnu að Norðurlöndin ættu að gefa einhliða yfirlýsingu um að þau væru kjarnorkuvopnalaust svæði og yrðu það að eilífu án tillits til þess hvort fyrir því fengist nokkur trygging hjá einum eða neinum. Þetta voru þeir sem lengst vildu ganga. Aðrir vildu að þetta yrði þáttur í víðtækari samningum um afvopnun og yrði í náinni samvinnu við Atlantshafsbandalagið.

Við sjálfstæðismenn ákváðum í okkar þingflokki að taka ekki þátt í þeirri þingmannanefnd sem sett var á stofn fyrir forgöngu Ankers Jörgensen eftir þessa ráðstefnu í Kaupmannahöfn og átti sú nefnd aðallega að undirbúa aðra ráðstefnu um málið. Ástæðan var fyrst og fremst sú að meðan málið væri í jafnmiklum ágreiningi og meðan jafnstór hópur þingmanna og raun bar vitni hefði þá stefnu að Norðurlönd ættu einhliða að gefa yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði teldum við að vonlaust væri að ná nokkru samkomulagi um þetta efni og tókum þá ákvörðun, a.m.k. fyrst um sinn, að taka ekki þátt í þessari þingmannanefnd. Og við í Sjálfstfl. frá Íslandi erum ekki einir um þessa skoðun því að ýmsir af borgaralegu flokkunum frá Norðurlöndum tóku sömu afstöðu. Nefni ég t.d. Hægri flokkinn í Noregi í því efni.

Það er ljóst að skoðanamunur er mjög mikill og það er líka ljóst að áherslur manna í þessu efni eru mjög mismunandi eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það var mjög athyglisvert hversu hugmyndir dönsku sósíaldemókratanna breyttust í utanríkismálum þegar þeir hurfu úr valdastólum í Danmörku og hvernig áherslur Anker Jörgensen breyttust í utanríkismálum eftir að hann komst í stjórnaraðstöðu og nú er Anker Jörgensen og danskir sósíaldemókratar orðnir eins konar „enfant terrible" innan Atlantshafsbandalagsins og menn líta það með nokkrum ugg til þess hvað mundi gerast og Danmörk væntanlega verða veikasti hlekkurinn í bandalaginu ef sósíaldemókratar kæmust þar til valda á ný.

Svipað var uppi á teningnum í Noregi þegar norsku sósíaldemókrataarnir voru þar í stjórnarandstöðu. Síðan gerðist það að þeir komust í stjórn og þá breyttist algerlega tónninn í norsku sósíaldemókrötunum þegar þeir báru aftur ábyrgð á stjórnartaumunum. Ég las t.d. mér til fróðleiks stefnuræðu Knuts Frydenlund þegar hann var nýtekinn við sem utanrrh., ræðu sem hann hélt í Stórþinginu 6. júní á s.l. ári. Hann var nýtekinn við sem utanrrh. að nýju af hálfu sósíaldemókrata í Noregi. Ég las þessa ræðu. Ég þurfti að lesa hana tvisvar, þrisvar sinnum áður en ég fann nokkuð um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum. Þetta sem var eitt aðalbaráttumál norskra sósíaldemókrata árum saman í umræðum um utanríkismál fannst varla í ræðu Knuts Frydenlund þegar hann kom sem utanrrh. að fjalla um þessi mál á norska Stórþinginu. Það voru sex línur í 27 blaðsíðna ræðu um kjarnorkuvopnalaus

svæði á Norðurlöndum og þessar línur gengu út á að nú þyrfti að skoða þetta mál mjög vandlega, það yrðu settar á laggirnar nefndir í utanrrn. til að skoða þetta og stjórnin mundi áður en langt um líður leggja fram sínar hugmyndir til umræðu í þinginu þannig að hægt væri að ná sem víðtækastri samstöðu í norska Stórþinginu um þetta efni. Hann fór vítt og breitt um veröldina á 27 bls., en minntist varla á kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum, þetta uppáhaldsumræðuefni norskra sósíaldemókrata meðan þeir voru í stjórnarandstöðu.

Af þessu er ljóst að þessari umræðu fylgir ekki mikil alvara. Ég er að vísu ekkert að gera lítið úr því fólki sem virðist hafa á því einlægan áhuga að Norðurlönd geti frelsað sig og kannske heiminn líka með því að lýsa yfir því að Norðurlönd eigi að vera kjarnorkuvopnalaus svæði, en ég tel, miðað við þær hugmyndir sem helst hafa verið hafðar uppi af þeim sem mest um þetta tala, þ.e. að Norðurlönd eigi að lýsa sig einhliða kjarnorkuvopnalaus, að slíkar einhliða ákvarðanir séu ekki líklegar til að vernda frið eða öryggi hvorki á Norðurlöndum né í Evrópu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hv. þm. Svavari Gestssyni er mér ljúft að lýsa því yfir að skoðanir mínar hafa í engu breyst frá því að ég talaði á fundinum í Kaupmannahöfn haustið 1985 og raunar ekki heldur frá því að við einróma samþykktum hina merku ályktun frá 23. maí það ár. Ég efast um að við eigum eftir að betrumbæta þá till. mikið. Hún hefur haft veruleg áhrif, t.d. á hinum Norðurlöndunum þar sem sósíaldemókratar eru farnir að ræða um að svæðið verði að vera stærra en bara Norðurlönd ef það á að verða að einhverju gagni. Þannig var t.d. í stefnuræðu Gro Harlem Brundtland, þegar hún tók við forsætisráðherrastörfum, einmitt um það getið að slík svæði yrðu að ná langt út fyrir Norðurlönd einangruð. Ég hygg að jafnvel Svíar og Finnar séu nú að gera sér grein fyrir því að slíkar yfirlýsingar eru tilgangslausar og ræða nú um að Eystrasalt t.d. yrði að vera innifalið í slíku svæði. Þessi ályktun hefur því þegar haft mikil áhrif og á eftir að hafa þau miklu meiri.

Ég þarf að sjálfsögðu ekki að rifja neitt af því upp sem sagt var í Kaupmannahöfn. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur gert það, gert grein fyrir sjónarmiðum okkar þeirra þriggja sjálfstæðismanna sem þar töluðu, og litlu við það að bæta. Það má bara geta þess að þessar umræður hafa nú verið gefnar út og allar ræðurnar eru tiltækar hverjum þeim sem vill kynna sér þær.

Ég vil auk þess geta þess að þessi mál eru til umræðu í utanrmn., voru síðast á fundi í desember teknar fyrir, allar þær tillögur sem þá voru til nefndarinnar komnar. Undirnefnd hefur starfað að þessum málum og starfar enn. Það verður fundur í utanrmn. á mánudaginn og þar mun hæstv. utanrrh. greina frá fundi skrifstofustjóra utanríkisráðuneyta Norðurlandanna sem haldinn var nú fyrir nokkrum dögum og eins hver framvindan muni verða á næstu vikum. Málið er því í umræðu og verður. Ég hygg að ég þurfi ekki að skýra mál okkar sjálfstæðismanna neitt frekar en hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að minnast á orð hæstv. utanrrh. sem mér fannst í raun ekki gefa afdráttarlausa yfirlýsingu um efni þessarar till. Ég vil gera athugasemdir við mál hans og mun minnast á nokkur atriði.

Hann byrjaði á því að segja að það væri verið að kanna af skrifstofustjórum utanríkisráðuneyta Norðurlandanna hver grundvöllur væri fyrir stofnun slíkrar embættismannanefndar. Hvað á hæstv. utanrrh. við þegar hann talar um hver sé grundvöllur fyrir stofnun slíkrar embættismannanefndar?

Í öðru lagi sagði hann að þessi könnun stæði yfir og henni væri ekki lokið og þar af leiðandi gæti hann ekki svarað því að ekkert væri komið út úr könnuninni. Hvenær lýkur þá þessari könnun? Það er ekki langt eftir þangað til fundur utanríkisráðherranna verður haldinn, 25. mars n.k., né heldur er langur tími eftir af þessu þingi. Og ég vil ítreka þá fsp. sem þegar hefur verið beint til hæstv. utanrrh.: Hvenær má vænta skýrslu um utanríkismál? Því að það er mikilvægt að geta undirbúið sig undir þá umræðu, það eru mörg mál í brennidepli nú sem þarf að ræða og taka afstöðu til í öryggis- og varnarmálum og friðarmálum almennt.

Ráðherra gaf engar persónulegar upplýsingar, þ.e. um sína eigin afstöðu, en ef ég man rétt þá var haldinn fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna í Stokkhólmi á s.l. ári og þar tók utanrrh. afstöðu gegn því að slík nefnd væri skipuð minnir mig. Hann studdi alla vega ekki hugmyndina. Og ég vil ítreka fsp. til hans: Hver er afstaða hans til þessarar hugmyndar, þ.e. þeirrar hugmyndar sem rakin er í efni till.?

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, það er ekki búið að afmarka það svæði sem um verður að ræða. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það. Því vill ekki hæstv. utanrrh. koma sjónarmiðum sínum og ríkisstjórnar sinnar á framfæri í þessum umræðum? Hvað er það sem hann og hinir þm. Sjálfstfl. og hv. 5. þm. Reykv., sem genginn er úr salnum, hvað er það sem þeir hræðast? Hvað óttast þeir við þessa embættismenn? — Ég vil ítreka fsp. mína vegna þess að nú er genginn í salinn hv. 5. þm. Reykv.: Hvað er það sem hann og sjálfstæðismennirnir óttast ef þessi embættismannanefnd verður skipuð? Það er engin pólitísk ákvarðanataka í höndum nefndarinnar, þetta er vinnunefnd fyrst og fremst sem skipuð er til þess að afgreiða ákveðin atriði fyrir þingmannanefndina og vinna jafnframt og meðfram vinnu hennar. Og ég leyfi mér að spyrja: Tíðkast það ekki í samstarfi Norðurlandanna á öðrum vettvangi, t.d. á vettvangi Norðurlandaráðs, að skipaðar séu embættismannanefndir til þess að útfæra ákveðna vinnu fyrir t.d. þingmennina og

þingin? Er almennur ótti við embættismenn á Norðurlöndum? Óttast menn skipun embættismannanefndar? Af hverju stafar þessi hræðsla og hver hefur sagt þessum mönnum að ráðin yrðu tekin úr höndum þeirra, að þeir yrðu sviptir pólitískum ákvörðunarrétti? Ég skil ekki þessa hræðslu. Mér er það alveg óskiljanlegt. Þeir hafa kannske meiri reynslu af Norðurlandasamstarfi sem hefur gefið þeim tilefni til að óttast þetta.

Það var ekkert rætt um mikilvægi þess að einhvers staðar í heiminum væru lýst kjarnorkuvopnalaus svæði. Hér er auðvitað um að ræða ákveðið frumkvæði, ákveðið sjálfstætt frumkvæði, ákveðið lítið skref í átt að afvopnun. Skref til þess að knýja á stórveldin til að lýsa yfir vilja sínum til afvopnunar, til að reyna að opna þá læsingu sem verið hefur milli stórveldanna. Og alls ekki, og ég vitna aftur í mál hæstv. utanrrh., alls ekki til þess að rjúfa samstöðu sem náðist með samþykkt þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, miklu fremur til þess að útfæra hana, til þess að framkvæma hana.

Ég vil víkja í nokkru að máli hv. 5. þm. Reykv. Ég er búin að minnast á þetta með embættismennina, að það er ekki verið að taka ráðin úr höndum stjórnmálamanna, miklu frekar að fá þeim aðstoðarmenn, að fá þeim sérfræðinga til að hjálpa sér til að vinna þetta mál. Íslendingar hafa fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa sitt land kjarnorkuvopnalaust. Sama hafa önnur Norðurlönd gert, t.d. Danmörk. Og þetta hafa þau gert án þess að það breyti nokkru um veru þeirra í Atlantshafsbandalaginu því að hv. þm. kom einmitt með þá röksemd í yfirlýsingu frá Alþfl. að fyrirkomulag þessara landa hvað varðar öryggismál væri svo ólíkt að þau gætu ekki unnið saman. En þau hafa samt sitt í hvoru lagi lýst þessu yfir. Því skyldu þessar friðsömu smáþjóðir, sem njóta virðingar á alþjóðavettvangi, ekki einmitt geta rætt saman um þessar yfirlýsingar sínar sem allar eiga við lönd hvers fyrir sig og sýnt frumkvæði sitt og vilja til afvopnunar með því að ræða þessi mál saman?

Ég vil ekki eyða miklum tíma í að svara hefðbundinni ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem einkennist sífellt af anda kaldastríðs, hræðslupólitík og óvinaímyndum og er undarleg úr huga félagshyggjumanns og jafnaðarmanns, ég hef svo oft komið með mótrök gegn þessu tali. En þó vil ég ítreka og endurtaka einu sinni enn að kjarnorkuvopn tryggja ekki öryggi neins. Það getur engin þjóð bjargað sér eða sínum með því að svara fyrir sig með kjarnorkuvopnum. Til þess eru áhrif þeirra of víðtæk og afdrifarík og þess vegna er heldur ekki hægt að nota neina rökleiðslu sem gengur út frá þessari forsendu vegna þess að forsendan er ekki brúkleg, hún er ekki nothæf og þess vegna er ekki hægt að rökleiða út frá forsendu sem stenst ekki. Það eru falsrök.

Hann talaði einnig um að hann vildi ekki ræða hugmynd sem væri í svona víðu pólitísku samhengi. En hvernig vill hann byrja að ræða hugmyndina? Veit hann ekki að löng ganga byrjar með einu skrefi? Einhvers staðar verður að byrja. Það kann að vera að hann vilji ekki byrja og ég vil ítreka fsp. sem áður var borin til hans: Ætlar hann í raun að beita sér fyrir því að fulltrúi Alþfl. á Íslandi verði ekki áfram með í þessum viðræðum? Ætlar hann að beita sér gegn því að þessi till. verði samþykkt hér á þinginu?

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram að þm. Alþfl. og þm. Sjálfstfl. kynnu e.t.v. að beita sér gegn þessari till. og greiða atkvæði gegn henni. Ég neita að trúa því. Ég neita að trúa því að þeir muni taka svo örlagaríkt skref, og í mínum huga svo hættulegt og fáránlegt skref. Ég bið menn að hugleiða hve örlagarík sú ákvörðun væri að skilja Ísland frá hinum Norðurlöndunum í þessu máli. Ef hin Norðurlöndin ná einhverri sameiningu um það að lýsa svæði sín kjarnorkuvopnalaus þá verður Ísland eitt eftir staðsett í Norður-Atlantshafinu, þar sem aukist hefur vígbúnaður á s.l. árum, það verður eitt eftir af Norðurlöndunum sem ekki yrði yfirlýst kjarnorkuvopnalaust svæði sem hluti af heild. Verður þá hlustað á yfirlýsingu Íslendinga sem þegar liggur fyrir um að þeir vilji ekki kjarnorkuvopn á sínu landsvæði? Verður sú yfirlýsing virt þegar þeir hafa enga samstöðu með öðrum þjóðum í þeim efnum?

Hv. 4. þm. Reykv. taldi að þessi umræða væri of smá í sniðum, það yrði að setja hana strax í stærra samhengi, þ.e. hún ætti betur heima innan Atlantshafsbandalagsins en innan Norðurlandanna sjálfra. Hafa þm. Sjálfstfl. eða hæstv. utanrrh. rætt þessa hugmynd á vettvangi Atlantshafsbandalagsins? Hafa þeir tekið þessa hugmynd upp í umræðum þar, því að þar finnst þeim hún eiga heima? Og þeir hafa aðgang að Atlantshafsbandalaginu. Því vil ég spyrja. Enn vil ég ítreka að hugmyndin er ómótuð því að hv. 4. þm. Reykv. *vísaði henni frá á þeim forsendum* að hún væri svo óljós. En hvenær er það ekki á byrjunarstigi umræðna að hugmyndirnar eru einmitt ómótaðar og óljósar? Í því liggur einmitt styrkur umræðunnar að svo margir geta komið sínum hugmyndum að til þess að móta þá ákvörðun sem endanlega verður tekin. Og ég sé ekki neinn tilgang eða ég sé bara ekki meininguna með því að ganga frá umræðum af því að hugmyndir í umræðum á byrjunarstigi eru ekki fullmótaðar. Ég sé eiginlega ekki samhengið í því. Lítum bara á þá þál. sem var *samþykkt hér á þinginu um* stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Ef ég man rétt þá tók umræðan um þá till. marga fundi og það var svo langt frá því að hugmyndirnar væru fullmótaðar í byrjun. Þær voru ekki bara óljósar, það var ágreiningur um þær, en það tókst að ná samstöðu um þessar hugmyndir sem voru óljósar og margar.

Hv. þm. minntist líka á hegðun manna í eða utan stjórnar. Þá vil ég svara því til að það sem skiptir auðvitað máli er ekki ein grein eftir einhvern mann sem er orðinn ráðherra, það sem skiptir máli er ákvarðanataka þeirrar stjórnar sem hann er aðili að og þess þings þar sem þessi stjórn ríkir. Og ég vil benda honum á að bæði ríkisstjórnin norska og

norska þingið samþykktu skipun embættismannanefndarinnar. Mér fundust það reyndar haldlítil rök hjá hv. 5. þm. Reykv. að vitna til yfirlýsingar frá fyrrv. stjórn Norðmanna. Þau rök geta varla dugað lengur í þessari umræðu. Það hljóta allir að sjá.

Varðandi orð hv. 4. þm. Norðurl. v. þá vil ég segja að þó mikið hafi verið rætt um Kaupmannahafnarfundinn, þá hafa verið fleiri fundir síðan, þeir eru orðnir allmargir. Og ég held að það hafi aldrei verið talað um einhliða yfirlýsingar eingöngu. Alls ekki. Ég er ekki viss um einu sinni að það sé samstaða um slíkt, ég held að um það séu talsvert skiptar skoðanir. Þess vegna er ekki hægt hjá þeim þm. sem það hafa sagt að halda þessu fram af því að það er ekki rétt. Það er engin samstaða um einhliða yfirlýsingar. Það er samstaða um það að ræða málin.

Og ég spyr enn: Hvers vegna í ósköpunum óttast menn það að tala við aðra, jafnvel þó þeir séu ekki sammála þeim í byrjun? Ég hræðist svona útnesjamennsku. Mér finnst hún bera vitni um fordóma, mér finnst hún bera vitni um einangrunarhyggju manna sem búa í litlu landi sem er efst á norðurhjara en verður að hafa samskipti við aðra, ekki síst frændþjóðir sínar. Og gleymið því ekki að í skoðanakönnun, sem ég gat um áðan, þá lýstu Íslendingar einnig yfir því að þeir vildu frekast af öllu hafa samskipti við Norðurlandaþjóðirnar. Svo hvaða ákvarðanir eru menn að taka hérna og í umboði hverra? Ég bara spyr.

Svo vil ég ítreka þessar fsp. sem ég hef borið fram og ég vil alveg sérstaklega biðja hæstv. utanrrh. að lýsa yfir skoðun sinni í málinu.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Í umræðum hér nú hafa verið settar fram fsp. til mín varðandi þetta mál, þ.e. afvopnunarmálið. Í fyrsta lagi þá vék hv. 5. þm. Reykv. að því hvort þetta mál hefði verið rætt við utanrrh. Danmerkur og Noregs sérstaklega, þ.e. við þrír ráðherrar landa sem eru í Atlantshafsbandalaginu. Hann var auk þess með hugleiðingar um hvort málið verði til umfjöllunar hjá Atlantshafsbandalaginu og spurði um mína afstöðu í þeim efnum.

Um leið og ég hef rætt þetta mál við utanríkisráðherra Danmerkur og Noregs þá hef ég gert þeim grein fyrir þeim sjónarmiðum sem koma fram í skýrslu til Alþingis frá því í apríl á s.l. ári þar sem vikið er að því í kaflanum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum á bls. 13. Með leyfi forseta, þá segir þar:

„Ég legg áherslu á þann þátt í ályktun Alþingis að í umræðu um kjarnavopnalaus Norðurlönd sé tekið tillit til stærra svæðis en Norðurlandanna sem þegar eru kjarnavopnalaus. Einnig vil ég árétta að ríki Atlantshafsbandalagsins starfa sem heild í öryggis- og varnarmálum. Vettvangur umræðu um kjarnavopnalausa Norður-Evrópu eða Norðurlönd er fyrst og fremst innan Atlantshafsbandalagsins. Tel ég afar mikilvægt frá sjónarhóli íslenskra öryggishagsmuna að við Íslendingar stöndum vörð um þessa grundvallarstarfsreglu Atlantshafsbandalagsins."

Hér liggur það alveg ljóst fyrir, hér er það svart á hvítu, hvert er mitt sjónarmið í þessum efnum. Við vitum, gerum okkur grein fyrir um hvað er verið að tala. Og það gefur mér tilefni til að víkja nokkuð að því sem hv. 3. landsk. þm. sagði og spurði um. Í ályktun Alþingis frá því 23. maí 1985 segir að um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnavopn, hvetur það til að könnuð verði samstaða um og grundvöllur. Í því er nú gátan fólgin, hver er grundvöllurinn. Ég hef gert grein fyrir því að sá grundvöllur sem við byggjum á er fram tekinn í þál. frá 1985: Fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu jafnt á landi, í lofti, sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Þegar verið er að ræða það að setja niður nefnd embættismanna, ja erfitt þætti mér sem embættismanni að setjast í nefnd og vita ekki hvert væri verksvið nefndarinnar sem ég ætti að starfa í. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu á fundum utanrrh. að fyrst verði markað verksvið nefndarinnar og þegar það liggur fyrir þá hafa menn tækifæri til þess að taka afstöðu til nefndarskipunarinnar. (**SvG:** Hvaða verksvið vill ráðherrann að nefndin hafi?) Verksviðið er tekið hér skýrt fram í þál. frá 1985 og því hefur ráðherrann hvað eftir annað lýst yfir að hún sé hans leiðarljós í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um þessi mál á vettvangi ráðherra Norðurlandanna.

Svo komum við að Stokkhólmsfundinum, því að hv. 3. landsk. þm. vék að Stokkhólmsfundinum og sagði að ég hefði ekki tekið afstöðu, það er alveg hárrétt. Ég tók ekki afstöðu. Hér stóð þessi hv. þm. upp í ræðustól skömmu áður en farið var til þess fundar og spurði: Er það ekki alveg öruggt að ráðherrann taki ekki afstöðu á fundinum? Og svo spurði hann annarrar spurningar: Er það ekki alveg öruggt að ráðherrann mun fylgja þál. frá 1985? Ég svaraði ekki en hér stóð upp þm. Páll Pétursson og sagðist vera sannfærður um það að ráðherrann tæki ekki afstöðu, ég hafði áður sagt það á utanríkismálanefndarfundi, og hann treysti ráðherranum til þess að fara að ályktun Alþingis frá því í maí á s.l. ári. Ég gerði síðan utanrrn. grein fyrir því sem fram fór á þessum fundi. Síðan var haldinn fundur í Kaupmannahöfn seinna á árinu þar sem ráðherrarnir komu sér saman um það að fela yfirmönnum stjórnmáladeilda ráðuneytanna að vinna að því hvert verkefni og verksvið slíkrar nefndar ætti að vera ef til stofnunar hennar kæmi. Það var réttilega bent á það að óvissan í umræðunni stafar auðvitað af því að menn hafa ekkert komið sér niður á það, orðið sammála um, um hvað slík nefnd ætti að fjalla. Og á meðan það liggur ekki fyrir, er þá hægt að ætlast til þess að tekin sé afstaða með eða á móti? Það liggur alveg ljóst fyrir af minni hálfu að verði ekki farið að ályktun Alþingis frá 1985, þá tel ég ekki ástæðu til skipunar slíkrar nefndar.

Ég gat ekki annað heyrt en að hv. 3. landsk. þm. misskildi að einhverju leyti þessa nefndarskipun sem aðstoðarnefnd fyrir þingmenn. Í upphafi held ég að slíkt hafi ekki verið þó svo að nefndir á vegum ríkisstjórna og á vegum Norðurlandaráðs séu oft til þess að aðstoða þingmenn. Ef slík nefnd yrði skipuð, tæki til starfa, þá efast ég ekkert um að samstarf yrði á milli ríkisstjórnarinnar og þingmanna í þeim efnum. En í upphaflegu hugmyndinni, sem kom frá danska þinginu og utanríkisráðherra Danmerkur flutti, lá ekkert fyrir hvert verksvið nefndarinnar ætti að vera né undir hvaða kringumstæðum henni væri ætlað að starfa. Það er ekki fyrr en farið er að ganga eftir því að síðan hefur verið unnið að skoðun á verkefni fyrir nefndina, verksviði þessarar nefndar.

Hvað knýja menn á stórveldin með því að endurtaka það að öll Norðurlöndin séu kjarnorkuvopnalaust svæði? Við knýjum á með því að taka alla Norður-Evrópu, fá tryggingu fyrir því. Í því liggur það.

Varðandi fsp. um skýrslu um utanríkismál þá er þegar hafin vinna við gerð hennar og ég mun reyna að leggja hana svo fljótt fyrir Alþingi sem mögulegt er, en ég veit að hv. þm. gera sér grein fyrir því að það tekur nokkurn tíma. Ég er út af fyrir sig sammála því að við eigum að gefa okkur betri tíma en gert hefur verið til þess að ræða hana þegar hún liggur fyrir þinginu.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Sá málaflokkur sem hér er til umræðu á þessum þingfundi er með mikilvægustu þáttum utanríkis- og öryggismála, þ.e. afvopnunarmál. Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að slík mál komi ítarlega til umræðu hér á Alþingi og það munu þau gera m.a. samfara skýrslu utanrrh. sem senn verður lögð hér fyrir Alþingi. Þess vegna má segja að okkur beri ekki einungis skylda til að fylgjast vel með þróun afvopnunarmála á alþjóðavettvangi, heldur eiga þar ríkari þátt sjálfir en við höfum átt til þessa.

Hins vegar hljóta menn að velta því fyrir sér þegar þessi mál eru hér til umræðu á Alþingi í dag, sem endranær, hvort skynsamlega sé á þeim tekið. Oft og mörgum sinnum hafa menn bryddað hér í þingsölum upp á umræðum um afvopnunarmál undir heitinu „Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum". Það má reyndar nokkrum undrum sæta hve oft menn hafa kveðið þá vísu vegna þess að þar er ekki um mikilvægasta þáttinn í afvopnunarmálum að ræða. Það er einfaldlega vegna þeirrar staðreyndar, sem mönnum virðist furðu oft sjást yfir í slíkum umræðum, að Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaust svæði. Hvaða tilgangi þjónar það þá að þjóðþingin gefi stanslausar yfirlýsingar um þá staðreynd sem öllum er kunn?

Þar að auki hafa Norðurlönd, tvö hlutlaus og þrjú í varnarbandalagi, Atlantshafsbandalaginu, gefið yfirlýsingar um að þau vilji ekki hafa kjarnorkuvopn á sínu landsvæði. Þær yfirlýsingar liggja fyrir og vegna þessa tvenns er ósköp eðlilegt að spurt sé: Hvaða tilgangi þjóna þá þær umræður sem fara nú fram í dag og hafa áður farið fram hér og á norrænum fundum um yfirlýsingar í þessu efni, þegar við lítum til þessara staðreynda?

Ég vil leyfa mér að greina frá þeirri skoðun minni að einhliða yfirlýsing okkar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum mundi vera ógn við öryggishagsmuni okkar Íslendinga vegna þess að öryggishagsmunir okkar sem annarra Norðurlandaþjóða verða vitanlega best tryggðir með afvopnun sem er gagnkvæm, sem er víðtæk og fram fer undir öruggu eftirliti. Þetta eru óhjákvæmilegir þættir í afvopnunarmálum þessa heimssvæðis. Raunar þarf ekki langt að leita til þeirrar stefnu sem Alþingi hefur markað en virðist gleymast, m.a. í umræðum sem þessari, og þó að sífellt sé verið að reyna að draga fjöður yfir hana. Það er í tillögu sem var samhljóða samþykkt, í þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem Alþingi samþykkti 23. maí 1985. Þar er byggt á raunhæfum grundvelli. Þar er ekki talað um einhliða yfirlýsingar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa þennan kafla enn einu sinni vegna þess að það virðist vera mikil tilhneiging til þess að ganga á svig við hann. Í till. segir:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu."

Herra forseti. Hér þarf ekki frekar vitnanna við. Og við þurfum í sjálfu sér ekki að vera að eyða tíma í það að fjalla um eða deila um hver er stefna sú í afvopnunarmálum þessa heimshluta sem Alþingi hefur þegar orðið sammála um fyrir einu og hálfu ári síðan eða senn tveimur. Þetta er sú stefna sem Alþingi hefur markað og mótað. Það er sú stefna að afvopnun taki til alls þessa svæðis í Norður-Evrópu sem hér hefur borið á góma, sem er miklu stærra svæði en Norðurlöndin ein saman sem eru í dag kjarnorkuvopnalaus og hafa lýst því yfir að þau vilja vera það. Þess vegna eru það vitanlega meginmarkmiðin í þeim könnunum sem hér hafa verið til umræðu, í þeim viðræðum sem þm. eiga sín á milli á Norðurlöndum, að framfylgja þeirri stefnu sem hér er mörkuð í þessari till.

Það er eina raunhæfa stefnan í afvopnunarmálum þessa heimshluta og það er eina stefnan sem samræmist öryggishagsmunum okkar Íslendinga. Þá fyrst þegar það er tryggt að kjarnorkuvopn eru fjarlægð af þeim landsvæðum sem liggja skammt utan Norðurlanda og umferð kafbáta búnum kjarnorkuvopnum hverfur úr Eystrasalti og Norðaustur-Atlantshafi — þá fyrst, þegar hægt er að ná samn-

ingum um slíka afvopnun, eru öryggishagsmunir okkar og annarra Norðurlanda tryggðir.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Til mín var beint fáeinum spurningum í framhaldi af þessum umræðum. Fyrsta spurningin var frá 3. þm. Reykv. og hún var þessi: Ætlar Alþfl. að draga til baka fulltrúa sinn í þessari þingmannanefnd sem nú ræðir málin? Svarið er nei, þvert á móti. Ég lét þess getið í minni framsögu að ég teldi það misráðið af Sjálfstfl. hér að hafa ekki fulltrúa í þessari nefnd af þeirri einföldu ástæðu að hér er verið að ræða mál sem varðar mjög íslenska öryggishagsmuni. Mér finnst því eðlilegt að við notum tækifærið þar sem annars staðar til þess að koma á framfæri okkar sjónarmiðum og gæta okkar hagsmuna almennt. Að vísu er hugsanlegt, þó að ég telji ekki á því miklar líkur, að þessi nefnd komist að einhverri sameiginlegri niðurstöðu og það er ekki fyrr en ef málið kemst á það stig, að þá er tímabært að taka afstöðu til þess hvort við eigum erindi í áframhaldandi nefndarstarfi. En meðan málið er á umræðustigi þykir mér einsýnt að við eigum að gæta okkar hagsmuna, kynna okkar sjónarmið hvort sem þau eru í einu og öllu samhljóða sjónarmiðum einhverra annarra.

Oft hefur það heyrst sem gagnrýnisatriði á meðferð íslenskra utanrrh. á þessum mikilvæga málaflokki að þeir gæti þess ekki nægilega að reka það sem menn kalla „sjálfstæða íslenska utanríkispólitík". Hvað svo sem um þá gagnrýni má segja, þá er það sjálfsagður hlutur að við eigum að reka sjálfstæða utanríkispólitík sem markast af hagsmunum Íslendinga og tekur mið af sérstöðu Íslands og það er þáttur þessa máls.

Eins og fram kom í álitsgerð þingflokks Alþfl. hefur það ekki valdið miklum ágreiningi meðal Norðurlandaþjóða hingað til, sú sögulega staðreynd að þær hafa farið ólíkar leiðir í sínum utanríkismálum, sínum öryggismálum og verið býsna ásáttar við það að vera ósáttar, að vera ósammála. Það er alveg óþarfi af okkar hálfu að gagnrýna þær þjóðir sem talið hafa sér fært að tryggja sína öryggishagsmuni með því að lýsa yfir vopnuðu hlutleysi. Finnar eru hlutlaus þjóð utan bandalaga, en styðja það hlutleysi sitt eigin vörnum. Sér í lagi á það þó við um Svía sem hafa lengi kosið að vera utan hernaðarbandalaga en reka hins vegar mjög öflugan her og verja mjög háum upphæðum sem hlutfalli af sinni þjóðarframleiðslu til varnarmála. Sænskt hlutleysi er vopnað hlutleysi og fulltrúar sænskrar utanríkisstefnu hafa ævinlega lagt á það áherslu að sjálfstæði sænskrar utanríkisstefnu sé bundið því að Svíar telji sig geta annast eigin varnir sjálfir og leggja á sig miklar fórnir til þess að gera það.

Hin ríkin þrjú hafa ásamt með flestum öðrum Vestur-Evrópuríkjum komist að þeirri niðurstöðu af biturri reynslu að þau sjái sér ekki fært að tryggja öryggishagsmuni sína á eigin spýtur og hafa því kosið að leita samstarfs við lýðræðisríkin og hafa tryggt öryggi sitt með varnarbandalagi lýðræðisríkja. Þannig að þegar spurt er: Ætla Íslendingar að skilja sig þannig frá Norðurlöndum? eins og hv. 3. þm. Reykv. spurði, þá er það kannske fyrst og fremst röng spurning. Norðurlandaþjóðirnar eru ekki ein heild út frá varnarsjónarmiðum. Þær hafa farið ólíkar leiðir. Engu að síður er samstarf þessara þjóða mikið, náið og gott á mörgum sviðum og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að það geti orðið það áfram þótt þær kjósi að fara ólíkar leiðir í öryggismálum.

Síðan er spurt um efnisatriði þessarar till., þ.e. um að sett verði á laggirnar embættismannanefnd. Hv. 3. landsk. þm. spurði: Eru menn hræddir við embættismenn? Er eitthvað að óttast? Nei, það er ekkert að óttast. Það er sauðmeinlaust lið. Hv. 3. landsk. þm. hafði líka stór orð um að það væri óskaplega örlagaríkt skref ef þessi nefnd kæmist nú ekki á koppinn. Ég verð því miður að valda hv. þm. vonbrigðum. Ég held að það sé frekar smátt mál.

Eins og fram kom í mínu máli, þá er þetta spurning um vinnubrögð. Rökin fyrir því að það sé til lítils og reyndar óviðeigandi að setja upp slíka sameiginlega embættismannanefnd eru mörg og ég nefndi nokkur þeirra.

Í fyrsta lagi. Embættismenn eru til þess að þjóna stjórnvöldum í hverju landi fyrir sig. Þeir endurspegla óhjákvæmilega ríkjandi viðhorf ríkisstjórna í sínum ráðuneytum. Þeir hafa ekki umboð frá neinum til þess að móta sjálfstæða utanríkisstefnu. Það er ekki þeirra verksvið. Þeir geta gert gagn sem sérfróðir menn um öryggismál og ég tók það fram í mínu máli áðan að það væri sjálfsagður hlutur, það væri partur af starfi utanríkis- og varnarmálaráðuneyta, að tryggja sér þjónustu sérfræðinga og embættismanna til þess að rannsaka mál, kanna þau, greina þau, reyna að finna einhvern grundvöll. Það gera þau að sjálfsögðu undir verkstjórn utanrrh., pólitísku yfirvaldi í sínum löndum og það er gagnlegt og ekkert við það að athuga, m.a.s. æskilegt. Í því efni nefni ég alveg sérstaklega Colding-skýrsluna norsku sem var mjög þarft framlag til þessarar umræðu. Hún er ákaflega óljós, lopakennd, en Colding-skýrslan kom henni svona ögn nær jarðneskum viðfangsefnum, skilgreindi svolítið vandamál og var að því leyti þarft framlag.

Það sem ég er að segja er ósköp einfaldlega að þetta er spurning um vinnubrögð og sjónarmiðið er þetta: Tvö þessara ríkja eru hlutlaus, þau eru utan bandalaga. Þrjú þeirra eru innan bandalaga. Það að vera í varnarsamtökum leggur þessum ríkjum ákveðnar skyldur á herðar og ég legg á það megináherslu að það er heimsins eðlilegasti hlutur að þau ríki sem eru í varnarbandalagi ræði um varnarmál við bandalagsríki sín. Það eiga þau að sjálfsögðu að gera sameiginlega vegna þess að ákvarðanir um einhliða aðgerðir geta skaðað hagsmuni annarra ríkja. Þess vegna er það að ég lít svo á að það sé óeðlilegur hlutur að bandalagsríki og síðan tiltekin tvö ríki utan bandalaga setji niður einhverja nefnd

embættismanna til þess að fjalla um hápólitískt mál sem pólitískar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um. Það er einfalt mál.

Á það hefur verið minnst að samkvæmt skoðanakönnunum sé meiri hluti fyrir því að Norðurlönd séu kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er alveg tvímælalaust. Ég gæti trúað að í reynd væri sá meiri hluti 100%, ég gæti trúað að það væri algjörlega ágreiningslaust. Ég þekki ekki einn einasta mann, ekki einn einasta einstakling, ekki einn einasta stjórnmálamann, engan pólitískan hóp sem er andvígur því að Norðurlöndin verði það sem þau eru, kjarnorkuvopnalaust svæði. Þannig að ekki kemur manni á óvart að það liggi fyrir að það væru 99,9% íbúa Norðurlandanna sem vildu að Norðurlöndin væru kjarnorkuvopnalaust svæði. Þau eru það og það er út af fyrir sig ánægjulegt að það liggur fyrir að það er yfirgnæfandi stuðningur við óbreytt ástand að því leyti.

En það er líka staðreynd að skoðanakönnun hér á landi hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga er fylgjandi aðild Íslands að varnarsamtökum vestrænna lýðræðisríkja. Mig minnir að í þeirri könnun Félagsvísindastofnunar sem á því var gerð hafi niðurstaðan orðið sú að um 85% aðspurðra væru fylgjandi því.

Nú er ekkert sem kemur í veg fyrir það að Ísland sé aðili að Atlantshafsbandalaginu en sé um leið kjarnorkuvopnalaust í reynd. Hitt er svo annað mál að það er líka staðreynd að varnarstefna Atlantshafsbandalagsins í okkar heimshluta byggir á því að ef til innrásar á þetta landsvæði kemur, þá liggur fyrir hótun um beitingu kjarnorkuvopna. Kjarnorkuvopn eru ekki vopn í venjulegum skilningi en varnir Vestur-Evrópu og reyndar hins vestræna bandalags hafa á tímabilinu eftir stríð m.a. byggst á þessari hótun. Þetta er hvimleið staðreynd og veldur mönnum áhyggjum en er engu að síður staðreynd. Bandalagið byggist á því að um sé að ræða sameiginlegt varnarsvæði og ef einstök ríki innan bandalagsins geta ekki sætt sig við þá varnarstefnu sem bandalagið byggir á, þá tel ég að þau standi frammi fyrir þeirri spurningu í fyrsta lagi: Hvað vilja þau gera til þess að fá þessari varnarstefnu breytt? Og mættu gjarnan gera það sameiginlega, þau sem vildu beita sér fyrir því, eða í annan stað: Ef þau m.a.s. telja að hafandi gert þá tilraun hafi það ekki leitt til árangurs, þá standa þau auðvitað frammi fyrir þeirri spurningu hvort þau vilji segja sig úr þessu bandalagi og reyna að tryggja sér sérfrið eða reyna að sjá öryggishagsmunum sínum borgið með öðrum hætti.

Þegar menn leggja áherslu á það að líta verði á þetta mál í víðara samhengi, landfræðilega, pólitískt, hernaðarlega, þá þýðir það ósköp einfaldlega að allir vita að það stafar engum hernaðarleg ógn frá Norðurlöndum, jafnvel þrátt fyrir þá staðreynd að þeim er búin ákveðin hernaðarleg ógn frá grannríki sínu. Spurningin er: Fá þau einhverju áorkað ein og sér með einhliða yfirlýsingum eða geta menn gert sér vonir um árangur í afvopnunarmálum með því að lýðræðisríkin komi fram sameiginlega og hafi sameiginlega stefnu í afvopnunarmálum? Það er ekki nóg t.d. að segja: Við óttumst kjarnorkuvorpn. Við viljum afnema kjarnorkuvopn. Það er ekki nóg að segja það. Það verður að leita pólitískra leiða til þess að koma því í framkvæmd. Geta menn gert það? Geta einstök ríki sem skipta litlu máli að því er varðar varnarmálefni eða hernaðarleg málefni almennt, geta þau gert það einhliða með einhverju frumkvæði eða geta þau aðeins gert það með því að treysta samstöðu sína og leita eftir gagnkvæmum samningum? Um þetta er ágreiningur. Ég fyrir mína parta lýsi því yfir að það er grundvallarsannfæring mín að einhliða aðgerðir séu vonlitlar og reyndar skaðlegar og ég tel að eina leiðin sem fær er í afvopnunarmálum sé sú að lýðræðisríkin treysti samstöðu sína í þeim efnum.

Athugasemd var gerð við það að í þessari álitsgerð þingflokks Alþfl. hefði verið vitnað í greinargerð fyrir hönd fyrrv. ríkisstjórnar í Noregi. Á því er sú einfalda skýring að sú ríkisstjórn var við völd þegar greinargerðin var samin og eins og fram hefur komið, þrátt fyrir ríkisstjórnarskipti í Noregi, þá er ekki mikilla breytinga að vænta í reynd á afstöðu norsku ríkisstjórnarinnar.

Hv. 3. landsk. þm. notaði orð eins og „nesjamennsku“ og „einangrunarpólitík“, (**GA:** Útnesjamennsku.) „útnesjamennsku“ og „einangrunarpólitík“. Það er vandséð við hvað hv. þm. á. Sú afstaða sem öryggisstefna Íslands hefur byggst á er ekki einangrunarstefna. Hornsteinn hennar er samstaða lýðræðisríkjanna í varnarsamstarfi. Ástæðan er einföld: Ekkert eitt þessara ríkja getur séð öryggishagsmunum borgið á eigin spýtur. Hún byggist þess vegna á alþjóðlegu samstarfi ríkja sem byggja á lýðræðislegu skipulagi og hafna valdbeitingu í innri málum sínum. Hvort einhliða aðgerðir fáeinna ríkja í Norður-Evrópu eða á Norðurlöndum flokkast undir aukið víðsýni eða andstæðu við útnesjamennsku, það læt ég öðrum eftir að dæma um.

Mér kemur ekkert á óvart þótt hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., og eins talsmaður Kvennalistans séu á öndverðri skoðun við mig eða okkur jafnaðarmenn í þessum málum. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að því er Alþb. varðar. Alþb. og forverar þess hafa allan tímann verið málsvarar þeirrar stefnu að Ísland ætti að vera hlutlaust, að Ísland ætti að bjóða þegnunum upp á það öryggi sem óvopnað hlutleysi býður, væntanlega byggt á þeirri von að það hlutleysi verði virt. Alþb. er andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og það er andvígt veru varnarliðs hér í landinu. Þess vegna er það fullkomlega rökrétt út frá þessum forsendum að Alþb. styðji hugmyndir um það að Íslendingar taki upp einhliða aðgerðir sem leiði að lokum til þess að Íslendingar segi sig úr Atlantshafsbandalaginu. Það er fullkomlega rökrétt og mjög auðskilið og ekkert við það að athuga. Það mætti kannske þykja tíðindum sæta ef afstaða Alþb. væri önnur.

Að því er varðar afstöðu Kvennalistans í utanríkismálum, þá hefur mér yfirleitt virst hún vera í reynd sú hin sama hvort sem forsendur þeirra eru aðrar eða ekki.

Herra forseti. Stundum eru þessi mál rædd út frá þeim forsendum að þeir sem styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu séu þar með aðilar að hernaðarbandalagi. Þeir séu þar með fylgjandi „militarisma“ eða andvígir friðarstefnu. Og þeir sem eru annarrar skoðunar kalla sig gjarnan friðarsinna eða fylgjendur friðarstefnu. Þetta mál gætum við náttúrlega rætt endalaust, en það er ástæða til að spyrja: Hvað er friðarpólitík? Hvað er friðarstefna? Er það hlutleysi? Er það einangrunarstefna? Er það einhliða afvopnun? Eða er það jafnréttmæt skoðun a.m.k. að sameiginlegt varnar- og öryggiskerfi lýðræðisríkjanna geti verið í þágu friðar? Við skulum láta að sinni nægja að vísa til reynslunnar í okkar heimshluta. Á sama tíma og 150–160 blóðugar styrjaldir hafa verið háðar í öðrum heimshlutum, þá hefur a.m.k. Vestur-Evrópa notið friðar. Ég held að það sé hafið yfir vafa ef menn skoða söguna að ein meginforsendan fyrir því er varnarsamsarf vestrænna lýðræðisríkja.

Ég leyfi mér því að halda því fram að varnarsamstarf lýðræðisríkjanna sé friðarpólitík og vísa því á bug að einhliða aðgerðir, einangrunarstefna eða hlutleysi sé líklegra til að stuðla að friði og vísa þá einnig til reynslu þeirra þjóða sem harðast hafa orðið úti í styrjöldum í öðrum heimshlutum á okkar samtíð. Þau hafa ekki notið öryggis af sameiginlegu varnarsamstarfi, þau hafa ekki getað tryggt öryggi sitt upp á eigin spýtur og þau hafa orðið fórnarlömb árásaraðila sem hafa talið sig geta komið fram valdbeitingu vegna þess að þau væru veikari aðilinn. Þetta hefur ekki leitt til friðar.

Í þeirri skiptingu heimsins sem við búum við held ég að það væri æskilegt að þær ríkisstjórnir og þær þjóðir sem styðjast við lýðræðislegt stjórnarfar reyndu að efla samstöðu sína, koma fram sameiginlega sem friðarafl, m.a. í afvopnunarmálum gegn þeim ofbeldisöflum, hvort heldur þau kenna sig við hægri eða vinstri, sem fyrst og fremst eru ógnun við friðinn í heiminum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það hefur kannske skýrst örlítið þetta mál. Mér sýnist að það liggi þannig að Alþfl. ætli náðarsamlegast að taka þátt í þingmannanefndinni áfram undir forustu Ankers Jörgensen með virkum hætti svo sem verið hefur og að Sjálfstfl. muni hins vegar láta það ógert með þeim rökum að hugmyndin sé svo óljós, óskaplega óljós og erfitt að skilja hana að hann treysti sér ekki til að ræða málið, hræddur auðvitað við að verða fyrir áhrifum af þessu liði þarna í Skandinavíu. Með embættismannanefndinni er það þannig að Alþfl. hefur lýst því yfir að hann sé á móti því að hún verði skipuð með þeim rökum að hún sé óviðeigandi og óeðlileg. Einu rökin sem hv. þm. nefndi voru þau að embættismenn ættu að þjóna stjórnvöldum og þess vegna væri ekki rétt að setja niður svona nefnd.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að pexa við hv. þm. um þetta. Ég get kannske gert tilraun til að rökræða þetta mál pínulítið ef menn vilja taka þátt í einhverri rökræðu í alvöru hér um þessi mál og eru ekki búnir að læsa sig fasta ofan í einhverjar skotgrafir sem þeir komast ekki upp úr, einkum þeir sem þurfa alveg sérstaklega á því að halda að sanna að þeir séu vinir hinna vestrænu lýðræðisþjóða til þess að fortíðin varpi ekki skugga á forustu þeirra fyrir flokki íslenskra jafnaðarmanna. En eins og kunnugt er vorum við um skeið saman í flokki, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og honum veitir auðvitað ekki af því að sverja af sér þessa fortíð og er þá gjarnan hægra megin við haukana ef hann mögulega getur og svo er hann náttúrlega í atkvæðastríði þessa dagana, karlanginn, eins og gengur, með leyfi hæstv. forseta.

Það sem ég vildi koma á framfæri í þessu máli er það að ég tel að það sé nauðsynlegt ef þessi umræða á að ganga áfram, ef menn vilja að hún gangi áfram, hvaða skoðun sem menn hafa á málinu út af fyrir sig held ég að það sé æskilegt að utanríkisráðuneytin séu upplýst um þróun mála, séu inni í því sem er að gerast og verið er að ræða um hjá þingunum. Gott dæmi um slík forkastanleg vinnubrögð, ef nota má röksemdir hv. 5. þm. Reykv., er utanrmn. Alþingis Íslendinga. Það kemur iðulega fyrir, ég held reyndar á hverjum fundi nefndarinnar, að þar eru embættismenn, þessir sauðmeinlausu embættismenn sem hv. 5. þm. Reykv. var að tala um hér áðan. Þar kemur líka hæstv. utanrrh. og það má auðvitað ýmislegt að því finna að það skuli aldrei vera haldinn fundur í nefndinni án þess að kalla framkvæmdarvaldið til. En allt um það, menn hafa unað þessu og þetta hefur gengið út af fyrir sig bærilega. Þarna koma þessir embættismenn með ýmsa gagnlega pappíra, ganga skikkanlega frá fundargerðum, koma þeim til skila. Ég held að þetta sé heldur til bóta yfirleitt. Og ég skil ekki af hverju það þarf þá endilega að vera svo fráleitt að norrænir embættismenn komi að þessu máli og skrifi skýrslu til að skýra málið, skýra hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, fara yfir hana rækilega, tína saman meðrök og mótrök eins og gegur, fara yfir þær áherslur sem uppi eru um að þetta kjarnorkuvopnalausa svæði eigi þegar í upphafi að ná til mikið stærra svæðis, fara yfir meðrök og mótrök. Er það ekki einfaldlega aðferð lýðræðisins að menn tali saman og beri saman meðrök og mótrök og komist svo að niðurstöðu eftir að hafa skipst á skoðunum eins og viti bornar verur? Þess vegna skil ég ekki alveg af hverju menn eru að setja sig í þessar stellingar að þetta sé eitthvað af hinu vonda.

Hæstv. utanrrh. sagði að hann mundi vera inni á því að setja niður svona nefnd ef hún fjallaði um mál með svipuðum hætti og ætlast var til af Alþingi á sínum tíma. Hvað er á móti því að hæstv. utanrrh. beini því til kollega sinna að það verði farið yfir

málin með einhverjum slíkum hætti? Ég sé ekkert á móti því. Ég sé ekki að hæstv. utanrrh. Íslands þurfi fyrir fram að setja sig í stellingar í þessu máli og gefa sér það að kollegar hans á Norðurlöndum séu svo skilningsvana og skilningssljóir að það sé útilokað að leiða þá í sannleika um þau viðhorf sem uppi eru á Alþingi Íslendinga í þessu máli. Ég held að málið sé ekki þannig. Ég held satt að segja að það sé nauðaeinfalt, ef menn vilja, að koma saman með erindisbréfið fyrir embættismannanefnd til að greiða úr þessu máli.

Þó að þessar norrænu þjóðir hafi valið sér mismunandi leiðir í þessum efnum, þá held ég að þær eigi fjöldamargt sameiginlegt. Ég held að vonin og hugsjónin um norrænt samstarf á þessu sviði lifi enn þá. Ég held að hún megi lifa. Ég held að það sé engin ástæða til þess að menn séu látnir komast upp með að drepa hana. Ég held að við viðurkennum það öll og séum öll þeirrar skoðunar að við eigum margt sameiginlegt með hinum Norðurlöndunum, m.a. í sögu og menningu. Við höfum svipað félagsmálakerfi, svipað dómskerfi og réttarfarskerfi hjá þessum þjóðum. Við viljum gjarnan eiga samleið, m.a. til að verja okkur, allar þessar þjóðir, fyrir yfirþyrmandi áhrifum stórvelda, þar á meðal engilsaxneskum menningaráhrifum sem eru m.a. notuð sem rök fyrir nánu samstarfi sem við höfum t.d. við Dani um eitt og annað enn þann dag í dag.

Af hverju í ósköpunum þessi óskaplega tortryggni á það að búa til svona embættismannanefnd? Ég vil taka það fram, herra forseti, bara til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég er ekkert sérstaklega embættismannatrúar. Ég er það ekki. En það er hægt að stjórna þeim með mismunandi hætti. Ég er nokkuð viss um að það má stjórna þeim mikið betur en núv. hæstv. utanrrh. gerir, en við sitjum þó uppi með Matthías, hæstv. ráðh., enn þá og það er ekki annarra kosta völ ef við eigum að taka þátt í norrænu samstarfi utanrrh. en að nota þau tré sem til eru, brúka þau vopn sem til eru og þannig stendur það. Ég væri tilbúinn til að hjálpa hv. 5. þm. Reykv. til að standa að og samþykkja till. hans um vantraust á utanrrh. En ég geri ekki ráð fyrir að það sé það sem hann er með till. hér um, heldur setur hann í herðarnar út af þessari embættismannanefnd og hefur allt á hornum sér heldur geðvonskulega í þessu efni. Ég held að hv. þm. ætti bara að reyna að hugleiða málið í rólegheitum með rökum sem ég vona að hann geti gert þó að hann sé í ákveðinni kastþröng í þessum efnum, bæði með tilliti til sinnar *eigin fortíðar og nútíðar*.

Hvernig skyldi það nú vera, ætli þeir sem eru forvígismenn jafnaðarmannaflokka í Vestur-Evrópu séu einhverjir sérstakir óvinir Atlantshafsbandalagsins? Ætli þar séu menn sem séu tilbúnir til að fórna öryggishagsmunum sinna ríkja með þeirri stefnu sem þeir hafa uppi í varnar- og öryggismálum? Skyldi það vera að forustumenn vestur-þýska Sósíaldemókrataflokksins, svo að dæmi sé tekið, séu einhverjir sérstakir stríðsmenn gegn hagsmunum Vestur-Evrópu? Eða forustumenn Verkamannaflokksins í Bretlandi eða forustumenn Verkamannaflokksins í Noregi eða Danmörku eða Svíþjóð? Er þetta ótíndur vandræðasöfnuður sem ekki er hægt að taka neitt mark á? Svo virðist sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi upplifað þessa menn þannig að þetta sé vandræðalið og í rauninni hættulegt *vegna þess að rök þeirra eru ekki þau að þeirra* lönd eigi að fara úr Atlantshafsbandalaginu, en þeir eru með tilteknar kröfur um friðarstefnu í utanríkismálum. Þeir eru andvígir stjörnustríðsáætluninni, andvígir tilraunum með kjarnorkuvopn. En hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur blessað og signað stjörnustríðsáætlunina og talið alveg brýna nauðsyn að halda áfram tilraunum með kjarnorkuvopn.

Ég held að það sé kannske rétt að víkja aðeins að því sem hér hefur komið fram, spurningunni um sjálfstætt frumkvæði. Er það þannig að það sé skoðun viðreisnarmeirihlutans hér í þinginu að Íslendingar megi aldrei undir neinum kringumstæðum hafa sjálfstætt frumkvæði og aðra skoðun á utanríkismálum en Atlantshafsbandalaginu eða Bandaríkjunum þóknast á hverjum tíma? Er það þannig að þið séuð sömu skoðunar og Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem sagði: Það er sama hvað Sjálfstfl. gerir miklar vitleysur í innanlandsmálum, hvort sem það er Borgarspítalinn eða efnahagsmálin, sama hvað það er. Það er alveg sama svo lengi sem hann heldur fast við sína hörðu stefnu í þessum efnum að vera í raun og veru katólskari en páfinn í sambandi við alla mótun utanríkisstefnunnar.

Ég held, og þóttist hafa kynnst því þann tíma sem ég var í utanrmn., að þar væru menn jafnvel úr Sjálfstfl. sem hefðu tiltekinn metnað í þá átt að Alþingi Íslendinga þyrði að taka eina og eina sjálfstæða ákvörðun. Það var m.a. vegna þess sem Morgunblaðið varð vitlaust út í hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson út af samþykktinni sem gerð var hér á sínum tíma og jafnaði honum til hinna verstu svikara Íslandssögunnar sem hefðu ekki gætt hagsmuna Íslendinga í utanríkismálum, menn eins og leiðtogar Sósíalistaflokksins á ýmsum tímum. Ég man ekki alveg hvort honum var líkt við Einar Olgeirsson, en það jaðraði við það. (Gripið fram í.) Nei, það er rétt, hv. þm. Ég heyri að hv. þm. er enn við sama heygarðshornið og þegar hann samþykkti till., hvað sem líður barsmíðum Morgunblaðsins.

En ég undirstrika að í þessu máli erum við auðvitað að ræða um það hvort Íslendingar eiga að geta haft sjálfstætt frumkvæði í þessum efnum og frumkvæði okkar getur verið að taka þátt í þessari könnun á hugmyndinnni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Það eru engin rök á móti málinu sem hv. 4. þm. Reykv. var með hér áðan. Það eru engin rök á móti málinu að það sé svona óskýrt. Það eru engin rök. Þegar mál eru óskýr eiga menn að sameinast um að fara yfir þau og reyna að greiða úr flækjunum.

Ég tel hins vegar að það hafi verið mjög alvarlegt

sem kom fram hjá hv. þm. Gunnari G. Schram áðan. Ég lagði mjög grannt við hlustirnar eins og venjulega þegar hann talar. Í ræðu sinni áðan komst hann þannig að orði að það væri beinlínis hættulegt og ógnun við öryggishagsmuni að lýsa einhliða yfir kjarnorkuvopnaleysi. Hvað er ályktun Alþingis Íslendinga? Hvað er ályktun Alþingis Íslendinga sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson talaði fyrir? Hún er ályktun um kjarnorkuvopnaleysi Íslands. Er hún þar með ógnun við öryggishagsmuni Íslands eða hvað? Getur það verið að eftir röksemdafærslu Sjálfstfl. hafi í rauninni þessir ágætu menn, sem beittu sér fyrir samþykktinni á sínum tíma, brotið þarna grundvallaratriði og með því að lýsa yfir kjarnorkuvopnaleysi Íslands hafi þeir verið að gera samþykkt sem er ógnun við öryggishagsmuni Íslendinga? Mér fannst þessi ræða hv. þm. Gunnars G. Schram benda til þess að í liði Sjálfstfl. væru menn með stóra iðran eftir að hafa gert samþykktina. Og hvernig stendur á því að menn geta fallist á slíka till. varðandi kjarnorkuvopnaleysi Íslands ef menn geta ekki fallist á sams konar till. varðandi kjarnorkuvopnaleysi Norðurlanda og yfirlýsingu um sams konar till. að því er varðar kjarnorkuvopnaleysi Norðurlanda? Þetta er ekki rökrétt og gengur ekki upp þegar málin eru sett upp með þessum hætti.

Nei, herra forseti. Ég óttast að staðreynd þessa máls sé fyrst og fremst sú að það sé verulegur óvilji til þess að sinna þessum málum. Menn vilji það ekki vegna þess að þeir telji sig vera stadda á pólitískum ís þar sem þeir eigi kannske erfitt með að fóta sig, þar sem „stóri bróðir" heldur kannske ekki í hendina á þeim í öllum tilvikum heldur verði þeir að reyna að standa í lappirnar sjálfir. Ég vona, herra forseti, hins vegar að þessi umræða verði til þess að till. mín og hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og hv. þm. Haralds Ólafssonar verði samþykkt.

Ég heyri ekki betur en utanrrh. hafi opnað fyrir það að þessi till. verði samþykkt. Ég vona að hv. formaður utanrmn. sjái til þess að till. verði afgreidd á næsta fundi nefndarinnar. Þá yrði það Alþfl. einn sem yrði í minni hluta hér í þinginu og verður þá bara að hafa það, herra forseti.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef lagt eyrun við þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og skipan embættismannanefndar til að fjalla um það mál. Og þeir snúningar sem verið hafa á þessari umræðu og íhlaup úr og í og annað fram eftir þeim götum hefur mér fundist vera með ólíkindum. Menn hafa komið hér og vitnað hvað eftir annað í ályktun Alþingis um stefnu í afvopnunarmálum Íslendinga frá því í maí 1985 og hefur því verið haldið hér fram eða látið að því liggja, bæði af hæstv. utanrrh. og eins af talsmanni Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., og ekki er annað að skilja af orðum þeirra en þessi ályktun komi í raun og veru í veg fyrir að menn geti sameinast um að ræða um hvort heppilegt væri að gera Norðurlöndin að kjarnorkuvopnalausu svæði. Það er hins vegar enginn vafi á því þegar þessi ályktun Alþingis er skoðuð að vilji Alþingis er sá að endilega skuli kanna allar leiðir til að koma á kjarnorkuvopnalausu svæði í Norður-Evrópu. Og þá spyr ég þá hv. þm. sem telja að þessi hljóðan orða í ályktuninni komi í veg fyrir umræður sem leiða til þess að kannað sé hvort heppilegt sé að gera Norðurlöndin að kjarnorkuvopnalausu svæði: Hvar eru Norðurlönd? Ekki eru þau við Suðurskaut og ekki eru þau í Asíu. Þau eru í Norður-Evrópu. Það er ekki að finna stafkrók í ályktun Alþingis sem gefur til kynna að óheimilt sé með einum eða öðrum hætti að ná því markmiði að gera Norður-Evrópu kjarnorkuvopnalausa í áföngum, að byrja á einu svæði og færa síðan út kvíarnar, enda verður sú viðleitni, hæstv. utanrrh., að gera Norðurlönd að kjarnorkuvopnalausu svæði ekki skilin öðruvísi en svo að þar sé um að ræða eitt skref í áttina að kjarnorkuvopnalausum heimi. Einhvers staðar verðum við að byrja, en jafnvel það virðast menn ekki vilja skilja.

Ég kom hér í ræðustól einnig vegna þess að í þessari ályktun Alþingis er tekið fram að utanrmn. skuli skila áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985, þ.e. fyrir rúmu ári, um þátttöku Íslands í frekari viðræðum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þetta álit hefur ekki komið fram. Og nú langar mig að spyrja hv. formann utnarmn. sem hér situr í salnum: Hvað líður þessari álitsgerð? Það er kveðið skýrt á um það í ályktun Alþingis að þetta álit skuli koma fram. Og það er kveðið skýrt á um það í ályktun Alþingis að kannaðar skuli allar leiðir til að gera Norður-Evrópu að kjarnorkuvopnalausu svæði. Það er ekki nokkur leið að skilja ályktun Alþingis öðruvísi en svo að það eigi að kanna allar leiðir til að ná þessu takmarki. Þess vegna er mér það hulin ráðgáta hvað það er sem menn sjá í þessari ályktun sem kemur í veg fyrir að skipa megi embættismannanefnd til að kanna þessi mál.

Ég tek það reyndar fram eins og síðasti hv. ræðumaður að ég er engrar sérstakrar embættismannatrúar, en ég get ekki séð að það sé vilja og ályktun Alþingis til skaða eða gangi þvert á hana að slík nefnd manna ræði um helstu hliðar þessa máls. Og ég get ekki séð hvernig íslenskir stjórnmálamenn geta verið svona hræddir við umræður því eins og menn vita vinnast ekki þjóðfélagsmál, hvort sem það eru afvopnunarmál eða önnur mál, öðruvísi en að menn ræði málin. Þess vegna er sá ótti sem menn hafa látið í ljós hér í ræðustól um þessi mál gersamlega óskiljanlegur.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, að þetta mál er ekkert flókið. Það er alveg nákvæmlega rétt að ályktunin hljóðar um að vinna að kjarnorkuvopnalausri Norður-Evrópu, eins og þm. margsinnis tók fram, og leita til þess allra leiða, þar á meðal að ræða um kjarnorku-

vopnalaus Norðurlönd. Það höfum við verið að gera. Ég sé ekki að þm. hafi beint verið að halda því fram að þeir væru hræddir við embættismenn. Það er ég aldeilis ekki. En ég lýsti því yfir á síðasta þingi og það gerðu raunar fleiri, t.d. hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., að það væri vafasamt að færa málið af stjórnmálasviðinu, hinni stjórnmálalegu umræðu eins og fer hér fram í dag, inn í embættismannanefndir. Ég skal ekkert segja að það sé rétt, þessi vafi í mínum hug og hv. þm. Páls Pétursson ar t.d. Auðvitað geta stjórnmálamenn rætt áfram og munu ræða áfram um þessi mál þó þau séu jafnframt rædd eitthvað í embættismannanefndum. En ég held að það verði dráttur á því að embættismennirnir skili áliti. Það skal fullkomlega játað að það hefur orðið dráttur á því að íslenskir embættismenn hafi getað aðstoðað utanrmn. og undirnefnd utanrmn. við að koma greinargerðum á framfæri. Þar er auðvitað um tímaskort að ræða. Það er takmarkaður mannafli í utanrrn.

Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri öryggismálanefndar, hefur skýrt mér frá því og nefndinni hve erfiðlega gangi að vinna verk hjá hans stofnun. En hins vegar minnir mig að hann hafi gert ráð fyrir því að einmitt um þetta leyti mundum við geta vænst einhvers álits frá honum og samantektar um málið. Ég ætla einmitt að ganga eftir því hvort það gæti orðið til umræðu eða framlagningar í öllu falli á fundinum á mánudaginn. Ég man ekki nákvæmlega hans tímasetningu, en það mun hafa verið um þetta leyti sem hann var að vonast til þess að geta látið okkur fá einhver skjöl í hendurnar.

Það er rétt að við ætluðum okkur á árinu 1985 að hafa greinargerð í höndum hinn 15. nóvember. Um það leyti var þessi fundur í Kaupmannahöfn og við unnum mikið að undirbúningi hans og mættum þar mörg og töluðum öll. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hafa þær ræður nú allar verið gefnar út í bæklingi og eru aðgengilegar hverjum þeim sem vill kynna sér þær. Þar er það alveg ljóst að það er skoðun ómótmælt, a.m.k. okkar sjálfstæðismanna sem þar vorum mættir, að það væri verið að ræða um kjarnorkuvopnalausa Norður-Evrópu og umræðurnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd væru aðeins liður í því. Það gæti ekki af minni hálfu a.m.k., og enginn að íslensku fulltrúunum mótmælti því, komið til greina nein sérstök yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Þau væru öll kjarnorkuvopnalaus og slík yfirlýsing hefði enga þýðingu aðra en þá að við værum búin að gefast upp á því að reyna að hafa eitthvert víðtækara svæði, svæði sem skilgreint var þannig að það gæti náð frá ströndum Grænlands til Úralfjalla og yfir Norður-Evrópulágsléttuna alla leið frá Norðursjó til Úralfjalla, yfir a.m.k. norðurhluta Þýskalands, Pólland og Ráðstjórnarríkin. Auðvitað er Kolaskagi þar innifalinn sem er partur af Norðurlöndum. Ef það væri skýrt markað að hann væri inni í kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum væri það auðvitað mikill áfangi. Það skal ég játa. Ég skyldi með glöðu geði berjast fyrir því ef það væri hægt að fella Kolaskaga þarna inn í.

En frá mínu sjónarmiði er málið ljóst. Það er verið að vinna að því. Ég held að það gangi ekkert seinna, hv. þm. Sigríður Dúna, að vinna þetta mál, ekkert mikið seinna en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Við höfum fengið greinargerðir frá þeim sem eru auðvitað meiri að vöxtum og kannske einhverjar upplýsingar sem við ekki höfum fengið hér innanlands, en þessu hefur nú verið safnað saman. Auðvitað er ágreiningur þar um þetta mál og þetta hefur verið notað þar í innanlandspólitík og menn breytast nokkuð eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu eins og hér hefur komið fram.

En ég held að ég fari með það mál rétt að Norðurlandaþjóðirnar allar séu að gera sér grein fyrir því að kjarnorkuvopnalaust svæði sem einangraðist við Norðurlöndin ein og þá Kolaskagi ekki meðtalinn er auðvitað tilgangslaus yfirlýsing sem hefur ekkert upp á sig. Ég held að við höfum unnið þetta mál rétt. Það hefur unnist seint. Við erum öll stolt af ályktuninni frá 1985, frá 23. maí.

Þess hefur verið getið að ritstjóri Morgunblaðsins hafi verið ósáttur með að þessar skýringar um Norður-Evrópu væru ekki í ályktuninni sjálfri heldur í greinargerð sem ég flutti af hálfu nefndarinnar með þessari ályktun í minni framsögu. Ég sé lítinn mun á því hvort skilgreiningin er í slíkri greinargerð eða yfirlýsingu eða í till. sjálfri. Mér finnst till. sjálf segja allt sem þarf að segja og ég er nákvæmlega sammála hv. síðasta ræðumanni um það að málið snýst um kjarnorkuvopnalausa Norður-Evrópu. Það má að sjálfsögðu taka það í einhverjum skrefum, en að það séu Norðurlöndin eingangruð hefur ekkert upp á sig. Það yrði að ná til einhvers af öðrum NATO-löndum og Varsjárbandalagslöndum til þess að það yrði einhver árangur sem um væri talandi.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Gátan snýst um grundvöllinn, sagði hæstv. utanrrh., og ég sat og hugleiddi það.

> Gátan snýst um grundvöllinn,
> gerir málin flókin.
> Veit hún samt á vígvöllinn,
> vond er þrætubókin.

Þessi ótrúlega varkárni manna í umræðunni um utanríkismál væri betur komin víðar. Það undrar mig í raun hve þessi samþykkt um stefnu Íslendinga í varnarmálum, sem öllum var velkomin á sínum tíma, er að verða einn versti þröskuldur fyrir jákvæðum aðgerðum í utanríkismálum vegna þess ágreinings um túlkun efnis hennar sem orðinn er uppi. Mig undrar þessi skortur á hugrekki eða hugleysi í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Mér finnst eins og mennirnir segi líkt og þeir myndu segja ef þeir bæðu sér konu: Ég skal biðja þín ef þú segir já. Maður gengur ekki inn í umræðu upp á þau býti að maður fái allt sem maður vill út úr henni. Maður hlýtur að ganga inn í umræðu

með opinn huga og jafnframt möguleika á því að fá eins mikið og maður getur fengið, en ekki að maður fái allt fyrir fram. Og ég verð að segja það hreint út: Ég skil ekki hve miklir hræðslupúkar blessaðir þingmennirnir eru. Hv. 5. þm. Reykv. sagði að embættismennirnir væru sauðmeinlausir. Við hvað eru þeir hræddir? Hvers vegna eru þeir hræddir við að taka þátt í þessari umræðu? Eða eru þeir kannske ekkert hræddir? Er það kannske fyrst og fremst spurning um þægð við einhverja aðra hagsmuni en okkar Íslendinga?

Síðan sagði hæstv. utanrrh. að ég hefði beðið hann að taka ekki afstöðu á fundinum í Stokkhólmi. Ég held að hann viti ósköp vel af því sem áður kom fram í umræðum í utanrmn. og líka hér í ræðustól, þó ég muni ekki glöggt orð mín, að það var spurning um að taka ekki afstöðu gegn skipun nefndarinnar. Það var um það sem hann var beðinn en ekki að hann tæki ekki afstöðu.

Síðan var umræða um mótun verksviðs og ráðherra kvartaði yfir því að þessi mótun verksviðs væri ekki nægilega skýr og þess vegna gæti hann ekki stutt skipun nefndarinnar. Og þá vil ég spyrja hann hvort það sé rétt sem stendur í Morgunblaðinu í gær. Þar er vitnað í grein í Aftenposten og ég ætla að fá að lesa upp úr þessari frétt sem er í Morgunblaðinu, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Blaðamaður Aftenposten segir að það hafi komið í ljós á fundi forstöðumanna pólitísku deilda utanríkisráðuneytanna fyrir skömmu, sem Ólafur Egilsson sendiherra sat fyrir Íslands hönd, að Íslendingar teldu ekki enn neina þörf á sameiginlegri úttekt. Þetta mál væri ætíð ofarlega á dagskrá, m.a. á norrænum utanríkisráðherrafundum. Þá hefði orðið víðtæk samstaða um það á Alþingi vorið 1985 að kjarnorkuvopnalausa svæðið ætti ekki að miðast við Norðurlönd ein heldur svæðið frá Grænlandi að Úralfjöllum. Jafnframt hafi fulltrúi Íslands bent á að þingkosningar stæðu fyrir dyrum hér á landi og við þær aðstæður væri þess ekki að vænta að utanrrh. og ríkisstjórnin vildu stíga afdrifarík skref að því er varðar stefnumótun í utanríkismálum."

Ég spyr hæstv. ráðh.: Er þetta rétt, að Ólafur Egilsson sendiherra, sem sat þennan fund fyrir Íslands hönd, hafi viðhaft þessi ummæli og þá væntanlega í umboði ráðherra? Ég get ekki séð hvaða stefnubreytingu er hér um að ræða ef þetta er rétt.

Síðan talaði hæstv. ráðh. um Norður-Evrópu sem svo margir hafa lýst hér og það víðtæka landsvæði sem þar er um að ræða. Því í ósköpunum ekki allan heiminn í fyrsta skrefi fyrst ráðherrann er svo stórtækur? Ég held þó að hann hljóti að hafa það mikla reynslu af stjórnmálum að hann veit að langflest ef ekki öll mál vinnast í áföngum. Þau vinnast í skrefum. Einhvern tíma verður að byrja og einhver verður að taka fyrsta skrefið. Og við Íslendingar höfum sjálfstæði og við höfum alla okkar sögu á bak við okkur til þess að verða meðal þeirra sem taka fyrsta skrefið.

Hv. 2. þm. Reykn. tók undir það sem aðrir hafa hér margtuggið, þ.e. umræðuna um einhliða yfirlýsingu. Og þá vil ég spyrja: Höfum við Íslendingar ekki lýst einhliða yfir því að Ísland sé og eigi að vera kjarnorkuvopnalaust svæði? Höfum við ekki gefið einhliða yfirlýsingu í þessum efnum? Þarna ríkir engin gagnkvæmni við neitt land, við neina þjóð. Þarna er fyrst og fremst um að ræða einhliða yfirlýsingu af hálfu Íslands um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Þarna er mikið hugrekki. Hvers vegna getum við ekki tekið það út fyrir landsteinana og rabbað við aðrar þjóðir Norðurlanda sem hafa tekið svipaðar ákvarðanir fyrir sinn hag?

Síðan ætlaði ég að minnast örfáum orðum á ummæli hv. 5. þm. Reykv. Ég er ánægð með það sem hann sagði að hann ætlar ekki að beita sér fyrir því að fulltrúi Alþfl. í þessari þingmannanefnd hverfi úr nefndinni. Mér finnst það lýsa hugaðri afstöðu miðað við afstöðu sjálfstæðismanna að þeir skuli treysta sér, Alþýðuflokksmennirnir, að eiga fulltrúa í þessari nefnd og hlusta á umræður annarra. Mér finnst það bara ágætt og ég vona að það ástand endist sem lengst. Hins vegar minntist hann á að stefna hinna Norðurlandanna eða allra Norðurlanda í öryggismálum væri ólík og þess vegna væri ekki um það að ræða að Íslendingar væru að skilja sig frá Norðurlöndunum vegna þess að stefnan væri þegar ólík. En það sem um er að ræða er að skilja sig frá þeirri umræðu sem hér er til umfjöllunar, þ.e. umræðunni um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum.

Hann minntist líka á að skyldur fylgdu því að vera í varnarbandalagi. En löndin sem eru í varnarbandalagi hafa lýst því yfir að þau vilji vera kjarnorkuvopnalaus. Samt hafa þau ekki verið rekin úr Atlantshafsbandalaginu fyrir þá ótrúlegu dirfsku að leyfa sér að lýsa því sjálfstætt yfir að þau vilji ekki hafa kjarnorkuvopn í landinu sínu. Þau hafa ekki verið rekin úr Atlantshafsbandalaginu, hvorki Danmörk né Ísland. Þau eru þar enn. Og því skyldu þau ekki geta hitt grannþjóðir sínar og rabbað um málið? Mér er það óskiljanlegt. Hvernig getur það stangast á við veru þeirra í Atlantshafsbandalaginu?

Síðan kom hann að því, hv. þm., að varnir Vestur-Evrópu byggjast á hótun um beitingu kjarnorkuvopna. Á þá að ganga yfir þessar yfirlýsingar Íslendinga? Þýðir þetta að það á að ganga yfir yfirlýsingu Íslendinga um að kjarnorkuvopn skuli ekki leyfð í landi okkar til þess að tryggja varnir Vestur-Evrópu? Þýðir hún það í raun og veru? Síðan byggir þessi röksemdafærsla á handónýtum forsendum. Það er engan hægt að verja með kjarnorkuvopnum. Ekki eina sál hvað þá líkama hennar. Áhrif slíkra vopna eru þau að það deyja ekki bara þeir sem verða fyrir vopnunum heldur hinir líka, af þeim kulda sem fylgir í kjölfar sprenginganna. Og hann þarf ekki einu sinni að vera fimmbulkuldi. Aðeins nokkurra gráða hitalækkun er nægileg til að eyðileggja gróður og uppskeru, alla fæðu okkar þannig að við getum ekki lifað. Forsendurnar fyrir þessari

rökleiðslu sem varnir Vestur-Evrópu byggjast á eru því gjörsamlega haldlausar. Þær eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Það að varnir Vestur-Evrópu byggjast á hótun um beitingu kjarnorkuvopna þýðir það jafnframt að ef þörf krefur muni verða sett upp kjarnorkuvopn á Íslandi þrátt fyrir yfirlýsingu okkar?

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um að Kvennalistinn væri ekki samferða Alþfl. í utanríkismálum. Hvað segir það um Kvennalistann? Ekki mikið. Alþfl. er ekki samferða jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndunum. Hv. formaður Alþfl. stingur meira í stúf við sína en Kvennalistinn.

Síðan sagði hann að varnarsamstarf vestrænna þjóða hefði stuðlað að friði undanfarna áratugi og taldi upp allar þær hörmulegu styrjaldir sem hafa verið háðar í öðrum heimshlutum. En þá langar mig að koma með aðra röksemdafærslu sem ég hafði hér yfir við umræður um frystingu kjarnorkuvopna. Hún fjallar um mexíkanska sólkónga á miðöldum sem stunduðu mannfórnir til að tryggja að sólin kæmi upp og þeir fórnuðu ákveðnum fjölda ungra manna í þeim tilgangi og sjá: Sólin kom upp! Og þeir héldu áfram að fórna til þess að vera alveg öruggir um að sólin kæmi upp því þeir trúðu því að sólin krefðist þess að þeir færðu fórnir. Og þeir sögðu hver við annan: Sjá, sólin kemur upp af því að við fórnum ungu mönnunum. Þetta er alveg jafngild röksemdafærsla.

Mér finnst hæstv. utanrrh. hafa gefið mér mjög loðin og lítil svör. Ef ég væri kennari í skóla og hann væri nemandi á prófi mundi ég ekki gefa honum hátt. Ég brýni hann til þess að svara skýrar og betur í þessu máli þannig að við vitum í raun hver afstaða hans er.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Mín afstaða er skýr og hefur komið skýrt fram. Ég hef tekið þátt í umræðum á fundum utanríkisráðherranna um þá till. sem fram kom frá danska utanrrh. Ég hef gert grein fyrir því að áður en ég tek ákvörðun um að standa að þeirri till. eða samþykkja hana vil ég vita um hvað hún fjallar, hvert á að vera verkefni þeirrar nefndar sem hér er talað um. Þess vegna er mín afstaða óbreytt eins og hún hefur verið og kom fram strax í upphafi og ég gerði grein fyrir í skýrslu minni til Alþingis á s.l. ári.

Var það önnur spurning? (**GA:** Utanríkisráðherra svaraði ekki spurningu minni um hvenær verður lokið könnun skrifstofustjóranna. Hvenær vitum við hvaða afstaða verður tekin?) Já, það kom líka fram í minni ræðu að það væri gert ráð fyrir því að embættismennirnir lykju sinni athugun svo utanríkisráðherrarnir gætu tekið afstöðu til málsins á fundinum í mars. (**GA:** Fær ekki þingið að vita?) Ég sagði líka í minni ræðu að ég mundi að sjálfsögðu greina utanrmn. frá framvindu þess starfs sem verið er að vinna til undirbúnings fyrir fund norrænu utanríkisráðherranna. Ég gerði grein fyrir þessu öllu í minni fyrstu ræðu í dag. (**GA:** Hvenær?) Jafnóðum, eins og ég orðaði það, verður gerð grein fyrir framvindu þessa starfs eftir því sem það fer fram.

Vegna fsp. út af því sem stóð í Morgunblaðinu skal þess getið að Ólafur Egilsson sendiherra var á þessum fundi til að athuga um verkefni og verksvið hugsanlegrar nefndar embættismanna. Verkefni hans var ekkert annað. Ég get ekki fullyrt eitt eða annað um blaðagrein úr Aftenposten, hvað á fundinum hefur verið sagt, en hitt liggur ljóst fyrir að sá aðili sem fer með þetta vegarnesti, sem ég hér sagði, gefur ekki neinar yfirlýsingar, enda er ég sannfærður um að jafnvarkár maður í orðum og nefndur sendiherra, embættismaður, hefur engar slíkar yfirlýsingar gefið á þessum fundi, enda fundurinn ekki til þess að gefa neinar yfirlýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðstoð við foreldra veikra barna (263. mál) 2544.
Almannatryggingar (279. mál, sjúkradagpeningar) 2515.
Áfengissölubúðir (290. mál) 2555.
Efling atvinnu og byggðar í sveitum (218. mál) 2560, 2617.
Efling fiskeldis (237. mál) 2592, 2618.
Fjáröflun til vegagerðar (295. mál, gjalddagar þungaskatts) 2514.
Kennaraháskóli Íslands (181. mál, Rannsóknarstofnun uppeldismála) 2601.
Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum (138. mál) 2618.
Landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991 (289. mál) 2558, 2617.
Landkynning að loknum leiðtogafundi (234. mál) 2590, 2617.
Leigunám gistiherbergja (291. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2513.
Leigunám fasteigna (292. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2513.
Lækningarmáttur jarðsjávarins við Svartsengi (287. mál) 2549.
Meðferð einkamála í héraði (303. mál, áskorunarmál o.fl.) 2602.
Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar (235. mál) 2591, 2618.
Nauðungaruppboð (297. mál, þriðja uppboð á fasteign o.fl.) 2596.
Nýjungar í vinnslu landbúnaðarafurða (240. mál) 2541.
Opinber innkaup (125. mál) 2593.
Rannsókn kjörbréfs 2535.
Rekstur jarðskjálftamæla á Suðurlandi (219. mál) 2539.
Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (272. mál) 2558.
Skipan opinberra framkvæmda (124. mál, yfirstjórn verklegra framkvæmda) 2593.
Skýrsla OECD um íslenska menntastefnu (268. mál) 2552.
Stjórnarskipunarlög (174. mál, heildarlög) 2516, 2603.
Stjórnsýslulög (293. mál) 2519.
Tekjur ríkissjóðs af rekstrarvörum bænda (199. mál) 2539.
Tryggingasjóður loðdýraræktar (236. mál) 2592, 2618.
Um þingsköp 2525, 2536.
Umboðsmaður Alþingis (294. mál) 2526.
Vitamál (296. mál, skipunartími vitamálastjóra) 2596.
Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (271. mál) 2515, 2602.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Helgi Seljan 2535, 2536, 2538, 2539, 2621.
Forseti Sþ. Ólafur Þ. Þórðarson 2555.
Forseti Nd. Kristín Halldórsdóttir 2616, 2617.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2513, 2519, 2525, 2526, 2534.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2514, 2539, 2540, 2556, 2558.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 2545, 2549, 2550.
Landbrh. Jón Helgason 2542, 2558, 2572, 2583, 2596, 2600, 2602.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2553.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2596.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2621, 2637, 2655.
Árni Johnsen 2539, 2540, 2541.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2536, 2603, 2631.
Björn Dagbjartsson 2573.
Davíð Aðalsteinsson 2541, 2544, 2585, 2590, 2592, 2592.
Eggert Haukdal 2588.
Egill Jónsson 2560, 2579, 2587.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2633, 2650.
Guðrún Agnarsdóttir 2516, 2534, 2549, 2618, 2634, 2652.
Gunnar G. Schram 2523, 2531, 2549, 2551, 2554, 2639.
Helgi Seljan 2555, 2557, 2598.
Jón Baldvin Hannibalsson 2622, 2641.
Jón Kristjánsson 2593.
Karvel Pálmason 2537, 2538, 2548.
Kristín Halldórsdóttir 2544, 2547, 2549.
Ólafur G. Einarsson 2516.
Ólafur Þ. Þórðarson 2516, 2536, 2537, 2574, 2586, 2616.
Pálmi Jónsson 2570.
Ragnar Arnalds 2594.
Salome Þorkelsdóttir 2601.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2553, 2594, 2649.
Stefán Benediktsson 2552, 2553, 2555, 2599, 2601.
Stefán Guðmundsson 2609.
Stefán Valgeirsson 2568, 2582.
Stefán Guðmundsson 2589.
Steingrímur J. Sigfússon 2555, 2576, 2587.
Svavar Gestsson 2525, 2526, 2615, 2616, 2627, 2645.

EFRI DEILD

36. fundur, mánudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Skipan opinberra framkvæmda, 3. umr.

Stjfrv., 124. mál (yfirstjórn verklegra framkvæmda). — Þskj. 128.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Opinber innkaup, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leigunám gistiherbergja, 2. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520, n. 537.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, en Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason voru fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Leigunám fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521, n. 538.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, en eins og kemur fram í nál. voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv. 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527, n. 544.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað þetta mál og mælir nefndin með samþykkt frv. Haft var samband við Ingólf Ingólfsson hjá Frama, stéttarfélagi leigubifreiðastjóra, og upplýsti hann að frv. þetta væri flutt að ósk þeirra sem það varðar, þ.e. fyrst og fremst leigubifreiðastjóra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 1. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta til laga um þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland er runnið frá Norðurlandaráði. Má rekja það til vaxandi starfsemi Norðurlandaráðs á sviði atvinnu- og efnahagsmála sem m.a. hefur komið fram í Norræna fjárfestingasjóðnum.

Á undanförnum þingum ráðsins hefur allmjög verið um það rætt að eðlilegt væri að stuðla sérstaklega að atvinnuþróun á Norðvestur-Atlantshafinu. Þetta var m.a. rætt á fundi Norðurlandaráðs hér á landi 1985 og hlaut þá mjög ákveðinn stuðning. Hafa fulltrúar Íslands hjá Norðurlandaráði fylgt þessu máli mjög eftir.

Niðurstaðan varð því sú að Norðurlandaráð samþykkti að setja á fót umræddan sjóð sem má nefna eins konar byggðasjóð fyrir Norðvestur-Atlantshafið. Sérstaklega mun mikil þörf á ýmiss konar grundvallaruppbyggingu bæði á Grænlandi og í Færeyjum, en Ísland var talið eðlilegur liður þarna á milli vegna staðsetningar, enda ýmislegt sem gera þarf í þessum tveimur nágrannalöndum okkar tengt því sem hér þróast. Veldur því nálægð landanna, Færeyja við austurhluta landsins og Grænlands við vesturhlutann. Öllum má vera ljóst að á milli þessara landa þarf að vera náið samstarf á ýmsum sviðum atvinnumála.

Þetta frv. er lagt fram jafnhliða till. til þál. um staðfestingu á þessum milliríkjasamningi, en frv. er nauðsynlegt vegna þess að umræddur sjóður þarf ýmsar undanþágur frá gildandi lögum, eins og segir t.d. í 2. gr.:

„Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri, gjaldeyrisviðskipti eða heimildir til lántöku erlendis, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.“

Sömuleiðis segir í 3. gr.: „Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekju- og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.“

Í 4. gr.: „Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.“

Í athugasemdum við frv. koma fram ítarlegar skýringar á stofnsetningu sjóðsins og starfsemi hans. Sömuleiðis kemur fram í samþykktum sem fylgja með athugasemdum hvernig fjármagna skal sjóðinn. Er í fáum orðum gert ráð fyrir því að fjármagn það sem rann til Iðnþróunarsjóðs hér á landi á sínum tíma verði flutt í þennan sjóð, m.a. stofnframlag Íslands sem samsvarar 400 þús. bandaríkjadala.

Frv. þetta var flutt heldur seint því að gert var ráð fyrir að meðlimaríki staðfestu samninginn fyrir síðustu mánaðamót, sem nú er komið fram yfir, en það gat ekki orðið fyrr vegna þess að þing kom ekki saman hér fyrr en 19. jan. eins og menn þekkja. En mikilvægt er að þetta mál fái einnig í þessari hv. deild hraða meðferð eins og það fékk í hv. Nd.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

39. fundur, mánudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Fasteigna- og skipasala, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 204, n. 539, brtt. 540.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 539, nál. allshn. Nd. um frv. til l. um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 frá 1986, sem er 193. mál Nd.

Þetta frv. er borið fram, eins og segir í grg. þess, til þess að taka af öll tvímæli um að ákvæði nýsamþykktra laga um fasteigna- og skipasölu frá 5. maí á síðasta ári, um að fasteignasali skuli leggja fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af hans völdum, skuli ná til allra þeirra sem slíka starfsemi stunda. Þar sem orðalag laganna, sem ég vitnaði til, þykir ekki nægilega skýrt í þessu efni að því er varðar þá sem hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt eldri lögum hefur verið valinn sá kostur að bera fram þetta frv. til breytinga á lögunum.

Allshn. hefur fjallað um málið og aflað umsagna ýmissa aðila um það og leggur nefndin til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur á sérstöku þskj. Brtt. er á þskj. 540 og lýtur einungis að gildistökuákvæði frv. Í frv. er gert ráð fyrir að þær breytingar sem það fjallar um taki gildi 1. jan. 1987. Það liggur í augum uppi að sú dagsetning er ekki lengur við hæfi og brtt. nefndarinnar er að lög þessi öðlist gildi 1. júní 1987.

Aðrar breytingar gerir nefndin ekki á þessu frv., en undir nál. rita auk mín Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Guðmundsson, Pálmi Jónsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Guðrún Helgadóttir og Friðjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 540 (ný 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 545.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Frv. það til jarðræktarlaga sem hér liggur fyrir er í veigamestu atriðum staðfesting á lögum nr. 71/1985. Þá var gerð breyting á jarðræktarlögum er gilda skyldi fyrir árin 1985 og 1986. Miðaði sú breyting að því að fella ákvæði jarðræktarlaga um ríkisframlög til jarðabóta að þeirri landbúnaðarstefnu sem mörkuð var með búvörulögunum nr. 46/1985. Hér er því um staðfestingu á þeirri stefnubreytingu jarðræktarlaganna að ræða þótt öðrum atriðum sé einnig nokkuð vikið til.

Frv. var til meðferðar á búnaðarþingi 1986. Það var hins vegar fullunnið af nefnd sem landbrh. skipaði 1984 og undirbjó frv. það til laga um breytingu á jarðræktarlögum sem samþykkt var hér á Alþingi vorið 1985.

Óþarfi er að gera langa grein fyrir frv., en aðalatriði þess má draga saman á eftirfarandi veg:

a. Staðfest eru bráðabirgðaákvæði laga nr. 71 1985 um framlög til jarðabóta, en þau fólust í eftirfarandi liðum: Dregið var úr framlögum sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem til framræslu og grænfóðurræktar. Aukinn var stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun túna, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta. Aukinn var stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt.

b. Kröfur um menntun þeirra ráðunauta er starfa að leiðbeiningarþjónustu innan ramma laganna eru skilgreindar mun nánar en í eldri lögum.

c. Ýmis ákvæði laganna, er fjalla um skilyrði um úttekt jarðabóta, takmarkanir á vegagerð og línulagnir um ræktað land og ræktanlegt svo og um nýbýli og búskaparhæfi jarða, eru einfölduð og stytt.

Vegna breytinga sem orðið hafa í hefðbundnum landbúnaði hafa jarðabótaframkvæmdir verulega breyst. Í grg. með frv. er að finna yfirlit yfir jarðabætur samkvæmt jarðræktarlögum á tímabilinu 1975–1986. Kemur þar m.a. fram að ýmsar nýframkvæmdir, svo sem framræsla, nýrækt og byggingar gripahúsa, hafa dregist mjög saman á síðustu árum svo að nú er þar aðeins um eðlilegt viðhald á þessum sviðum að ræða í samræmi við það framleiðslurými sem til staðar er.

Fjármagnsþörf til framlaga vegna þessara jarðabóta hefur því stórminnkað síðustu tvö árin. Hins vegar hafa framkvæmdir á öðrum sviðum vaxið og ber þar hæst loðdýraræktina, en með lagabreytingunni 1985 var ákveðið að efla myndarlega stuðning við byggingar loðdýrahúsa. Þannig var fjármagninu beint til þeirra greina sem vaxtarmöguleika hafa í takt við markaða framleiðslustefnu landbúnaðarins.

Til að undirstrika enn frekar þá stefnu að beina fjármagni til þeirra verkefna sem brýnust eru eru í 11. lið 10. gr. ákvæði um áætlanagerð um framkvæmdir.

Ég fjölyrði ekki frekar um einstök atriði frv., en undirstrika að lokum að frv. er sem fyrr sagði unnið í náinni samvinnu við búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. KJóh, 280. mál (úthlutun jöfnunarsæta). — Þskj. 507.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir varðar breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.

Það er, eins og deildinni er ljóst, þannig að núgildandi kosningalög eru tiltölulega flókin og þegar þau voru hér til afgreiðslu á sínum tíma létu talsmenn flestra flokkanna í ljós þá skoðun að nauðsyn bæri til að skoða ákvæði þeirra nánar og reyna að finna á þeim betri flöt, ef ég má orða það svo, gera þau einfaldari og skýrari. Í þeim efnum hefur mjög lítið miðað og ekkert komist á blað enn þá, en viljinn átti þó a.m.k. að vera og er væntanlega fyrir hendi.

Þessu frv. til l., sem ég mæli hér fyrir, er ætlað að taka á þeim þætti þessa máls sem hvað helst hefur vafist fyrir mönnum vegna þess hversu flóknar þær úthlutunarreglur eru sem þar eru taldar eiga að gilda. Þetta varðar úthlutun jöfnunarsæta, en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að úthlutun þeirra fari fram í mörgum áföngum. Þar er m.a. kveðið á um að einn áfangi úthlutunarinnar skuli fara fram í því sem menn hafa nefnt öfuga kjördæmaröð, þ.e. það skuli byrjað á því að úthluta í fámennasta kjördæminu og síðan koll af kolli eftir fjölda kjósenda í kjördæmi. Fyrir því að velja þá aðferð að fara eftir öfugri stærð kjördæma við úthlutun getur ekki talist að finnist viðunandi rökstuðningur og ég hef ævinlega verið ósáttur við þessa aðferð.

Í stað þess að finna upp slíkar aðferðir er hér lagt til að afar einföld regla verði látin gilda, regla sem menn kannast við, þ.e. að við ákvörðun á því

hvernig úthluta skuli jöfnunarsætum skuli fara að eins og verið hefur að undanförnu að því leytinu að það verði úthlutað í sömu röð og gert hefur verið áður, landskjörsröð, þannig að fyrsta jöfnunarsætið fari til þess flokks sem hefur flest atkvæði að baki þm. og þannig koll af kolli, nákvæmlega eins og tíðkast hefur við úthlutun landskjörssæta fram að þessu. En í annan stað er lagt til að innan hvers flokks fari úthlutunin líka fram með mjög sambærilegum hætti og núna, þ.e. það verði úthlutað á víxl eftir atkvæðamagni og eftir þingsætahlut sem er það nýja hugtak sem komið er inn í kosningalögin.

Þessi regla hefur verið í gildi og ég held að það sé engin tilviljun að þessi víxlregla hafi verið í gildi vegna þess að meðan kjördæmin eru misfjölmenn og hafa mismarga þm. og eru með misvægi atkvæða er erfitt að finna eina reglu sem úthlutar með sanngjörnum hætti ýmist í stór eða lítil kjördæmi. Það hygg ég að sé skýringin á því að menn hafa valið að vera með tvær reglur í gangi, en eins og menn kannast við er úthlutað á víxl út á atkvæði annars vegar og prósentu hins vegar. Þá fara jöfnunarsætin á víxl í hin stærri og smærri kjördæmin innan hvers flokks.

Þessi breyting miðar að því sem sagt að einfalda reglu úthlutunar á jöfnunarsætum og að mínum dómi jafnframt að því að gera hana sanngjarnari og skiljanlegri því að ég held að hver einasti maður skilji þessa reglu og muni hafa vanist henni.

Vitaskuld er þessi tillaga háð þeim takmörkunum sem gildandi stjórnarskrá setur og það eru ýmsir annmarkar eftir á kosningalögunum, en þá er í rauninni ekki hægt að lagfæra nema með stjórnarskrárbreytingu sem ég tel reyndar að muni verða gerð innan tíðar. Í þessu frv. mínu er einungis fjallað um úthlutun jöfnunarsæta. Hún getur eins gilt án tillits til þess hvaða aðferð væri notuð við úthlutun kjördæmasæta, en hér er í sjálfu sér gengið út frá því að sú aðferð verði látin gilda sem er í núgildandi kosningalögum.

Um hinn svonefnda flakkara er sjálfsagt að taka fram að varðandi hann koma fram sams konar annmarkar og í núgildandi lögum eða svipaðir kannske. Reyndar er það skoðun mín að það væri eðlilegast að afnema þennan flakkara og binda það sæti við kjördæmi eins og önnur samkvæmt stjórnarskrá, en verði það ekki gert verður að gera ráð fyrir úthlutun þessa sætis og það er jafnframt gert í þessari tillögu.

Það er ekki nýtt að jöfnunarsæti séu til úthlutunar í íslenskum kosningalögum. Þeim er ætlað að tryggja jöfnuð milli flokka og þau eru í rauninni nauðsynleg meðan við búum við svo ófullkomna og misvitra kosningaskipan eins og nú er. Þeim er auðvitað ætlað það hlutverk að tryggja að þingstyrkur flokks sé í bærilegu samræmi við heildaratkvæðisstyrk á landinu öllu. Þetta hefur verið það sjónarmið sem gilt hefur og gildir enn samkvæmt gildandi lögum og til þess að tryggja þennan jöfnuð hafa menn í gildandi lögum eins og í fyrri lögum ákveðið að nota svokallaða reglu d'Hondts til að ákveða hvað sé jöfnuður í þessum efnum. En síðan gildir jafnframt að úthlutun innan hvers flokks á jöfnunarsætum eða landskjörnum þm. eins og áður var verður að vera á grundvelli einhverrar sanngjarnrar reglu. Ég tel að það sé nauðsynlegt að sú úthlutun fari fram eingöngu eftir mælikvarða á styrk eins og verið hefur, þ.e. að úthlutunin fari í þau kjördæmi þar sem hver flokkur sýnir bestan árangur en ekki eitthvað annað. Í núgildandi stjórnarskrá er gert ráð fyrir að jöfnunarsætin séu 13 og öll nema eitt séu bundin við kjördæmi, fjögur í Reykjavík, tvö á Reykjanesi en eitt í hverju hinna kjördæmanna sem þýðir að það eru sex á suðvesturhorninu og sex úti á landi.

Ég tel að í rauninni sé úthlutun á jöfnunarsætunum enn þá vandasamari eftir þá breytingu sem gerð hefur verið á stjórnarskránni, þá breytingu sem felur í sér að binda jöfnunarsætin við kjördæmi, og þess vegna sé nauðsynlegt að huga enn betur að því að þær reglur sem menn nota séu sanngjarnar og eigi sér góðan rökstuðning. Þó að menn deili væntanlega ekki um hvaða reglu skuli fylgja til að ná jöfnuði milli flokka, eins og ég gat um, held ég að innan þings sé mikil óánægja og reyndar úti í þjóðfélaginu kannske ekki síður með þá reglu sem er í gildandi lögum um hvernig skuli úthluta innan flokks og þá í hvaða kjördæmi.

Ég sagði áðan að það verkefni að úthluta jöfnunarsætum væri eiginlega vandasamara nú en áður. Það er vegna þess að hver flokkur sem tekur upp jöfnunarsæti í tilteknu kjördæmi er í rauninni að útiloka aðra flokka frá því að fá þar jöfnunarsæti ef um minni kjördæmi er að ræða, en jafnframt að minnka líkur annarra flokka á því að fá jöfnunarsæti í þeim kjördæmum tveimur þar sem jöfnunarsætin eru fleiri en eitt, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi. Þetta þýðir að úthlutunin sjálf á jöfnunarsæti felur í sér eins konar útslátt. Menn eru að slá aðra flokka út. Um leið og einhver flokkur fær jöfnunarsæti í tilteknu kjördæmi er hann að útiloka aðra. Hér er um útslátt að ræða. Þetta tel ég nauðsynlegt að menn hafi í huga, að hér er um eins konar útsláttaraðferð að ræða, og þá liggur beint við að búin sé til röð og síðan sé gengið á þessa útsláttarröð. Sú röð sem menn hafa vanist að búa til í sambandi við landskjör er einmitt röð af þessu tagi. Þetta er útsláttarröð. Sá flokkur sem á mestan rétt á jöfnunarsæti fær fyrstur að velja sér þingsæti. Þess vegna tel ég eðlilegast að þessi aðferð sé einmitt notuð áfram og það sé enn þá frekar þörf fyrir hana í þeim lögum sem eiga að gilda nú samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá en nokkru sinni fyrr.

Eftir er þá að ákvarða hvernig skuli úthluta innan flokks. Sú röð sem á að gilda við úthlutun þingsætanna samkvæmt þessari till. minni er sú sama og hefur verið í gildi varðandi landskjörsröð. Sá flokkur hefur fyrst tækifæri til að velja sér jöfnunarþingsæti eða fá jöfnunarþingsæti sem á mestan rétt eins og verið hefur. Því gerir till. ráð fyrir. En síðan er svo eftir að velja innan flokks og þá legg ég á sama hátt áherslu á að þar liggi veigamikil rök fyrir því hvernig úthlutun er háttað og að menn hafi jafn-

framt í huga að þar er um eins konar útslátt að ræða líka og þess vegna sé nauðsynlegt að það sé á grundvelli styrks, að það fari til hvers flokks í þeim kjördæmum þar sem hann sýnir hlutfallslega mestan styrk.

Hvernig á þá að mæla þennan styrk? Ýmsir mælikvarðar geta verið til eins og atkvæðamagn að baki þm. úteiknað samkvæmt deilireglu d'Hondts eða prósentutala eða þingsætishlutur sem ekki hefur verið úthlutað út á. Þetta eru mælikvarðar sem koma til greina.

Hins vegar, eins og ég sagði í upphafi, er það svo að ef menn velja t.d. að úthluta eingöngu á atkvæðum hrúgar það þingsætum í hin fjölmennari kjördæmin. Ef menn veldu að úthluta einungis á prósentu mundi það úthluta fyrst og fremst út á land. Sú aðferð sem menn hafa nýtt fram að þessu um að úthluta á víxl á atkvæðum og einhverju hlutfalli er því sanngjörn og eðlileg að því leyti að þá fer úthlutun á víxl í hin fjölmennari kjördæmin á Suðvesturlandi og aftur í hin fámennari úti á landi. Þetta er einmitt nauðsynlegt að gerist vegna þess að jöfnunarsætin eru, eins og ég gat um áðan, jafnmörg úti á landi, sex, og þau eru á suðvesturhorninu, en þar eru þau líka sex.

Ég held ég þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég vil einungis bæta því við að þessu frv. til l. fylgja engir flóknir útreikningar, enda hefur þó nokkuð verið reiknað í þessum málum og ég held að það sé mikilvægara að menn komist að niðurstöðu um hvað sé sanngjörn mæling en að menn reikni sér þingsæti út og suður. Sannleikurinn er vitaskuld sá að engin sú regla er til sem ekki má finna einhverja annmarka á hversu lengi sem menn reikna. Ég tel að það sé mikilvægara að við höfum einfalda og skiljanlega úthlutunarreglu en að menn reikni næstum því á sig gat við að leita sannleika og búi jafnvel til argasta óréttlæti í leit sinni að því sem er sanngjarnast og réttlátast vegna þess að það gerir hlutina of flókna.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til svonefndrar sérnefndar sem fjallar um kosningalög.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég varð nokkuð undrandi á að sjá þetta þingmál þegar ég fann það á borði mínu. Kosningalögin hafa verið til meðferðar í sérnefnd þeirri sem hv. þm. var að gera tillögu um að málinu yrði vísað til. Flm. hefur setið flesta fundi nefndarinnar og verið þar mikill áhrifamaður og lagt þar fram hugmyndir sínar og þær hafa hlotið umfjöllun í nefndinni. Við höfum unnið þannig í nefndinni að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu. Það er ljóst að samstaða næst ekki um mjög víðtækar breytingar sem þó raunar sumir okkar nefndarmanna hafa áhuga á að verði gerðar á kosningalögunum. Það er hins vegar að mínum dómi að nást víðtæk samstaða um veigaminni en algjörlega óhjákvæmilegar breytingar og ég vonast eftir því að við getum skilað nál. í þessari viku. Það er fyrirhugaður fundur í kvöld og þá er að sjá hvort við erum að nálgast lokaniðurstöðu. Sumir þingflokkarnir eru búnir að veita umboð í málinu og það kemur í ljós í kvöld um hvað við getum orðið sammála eða alveg á næstunni.

Það er ýmislegt gott í þessum tillögum sem liggja fyrir á þskj. Það er ekki neitt sem ég held að sé nýtt og ekki hefur komið fram í nefndinni. Ég gæti sjálfur hugsað mér að setja upp kosningareglur sem mér þættu henta sérstaklega vel og leggja fram sem þingmál en þannig held ég að hafi ekki tilgang að vinna. Ég tel að það flæki fremur málið en hitt að leggja þetta frv. fram þar sem hugmyndirnar eru þegar til meðferðar í kosningalaganefnd og ágætlega skýrt fram settar. Það ber vonandi ekki að skilja þetta þannig að flm. ætli að kljúfa nefndina eða að Alþfl. ætli ekki að standa að þeirri niðurstöðu sem við getum orðið sammála um í nefndinni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur þingið fjallað um kosningalög oft undanfarin ár með því að kosnar hafa verið sérstakar kosningalaganefndir hér í Nd. eftir að hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram frv. til l. um breytingu á gildandi kosningalögum.

Frv. dómsmrh. felur í raun og veru í sér óhjákvæmilegar tæknilegar lagfæringar sem alltaf hefur legið fyrir að gera þyrfti þannig að um þær þarf svo sem ekki að hafa nein orð. Ef menn hefðu talið þær breytingar sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt til í frv. ríkisstjórnarinnar, sem er í raun og veru samkomulagsfrumvarp allra flokka hér í þinginu, þ.e. þeirra flokka sem hafa fjallað um þetta mál á undanförnum árum, nægilegar væri málið löngu afgreitt.

Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú í kosningalaganefndinni að það væri óhjákvæmilegt að taka þarna til athugunar fleiri atriði. Það er ekki nokkur vafi á því að allir nefndarmenn, hver fyrir sig, hefðu gjarnan viljað taka ýmis atriði kosningalaganna til verulegrar endurskoðunar að ekki sé fastar að orði kveðið. Málið dróst hins vegar svo úr hömlu að það var sett þing í haust án þess að þessi mál hefðu verið ákveðin, flokkarnir höfðu stillt upp sínum framboðslistum allt í kringum landið með tilliti til gildandi kosningalaga, eins og þau voru samþykkt árið 1983–1984, og þess vegna var það auðvitað alveg fráleitt að ætla sér að gera á þessum lögum verulegar breytingar vegna þess að með þeim hætti hefðu menn í rauninni verið að koma aftan að því fólki sem hefur verið að ganga frá framboðslistum þúsundum saman allt í kringum landið núna síðustu mánuði.

Þess vegna var niðurstaðan sú, eins og hv. þm. Páll Pétursson gerði grein fyrir áðan, að það væru aðeins teknar tæknilegar lagfæringar sem samkomulag gæti náðst um. Ég vil upplýsa það hér að þingflokkur Alþb. hefur þegar fyrir tveimur vikum veitt nauðsynleg umboð af sinni hálfu í þessu máli og ég tel að þetta mál liggi þannig að það eigi að vera hægt að afgreiða þetta í kosningalaganefndinni strax í þessari viku enda gangi þeir flokkar sem eftir eiga að fjalla um málið frá viðeigandi umboðum til sinna

manna á þingflokksfundum í dag. Meðal þeirra breytinga sem ég tel líklegt að geti orðið samkomulag um eins og staðan er núna, án þess að ég vilji fara út í það alveg í smáatriðum, ég tel það ekki viðkunnanlegt á þessu stigi, er veruleg breyting á úthlutun jöfnunarsætanna að því er varðar úthlutun þeirra í annarri umferð jöfnunarsætaúthlutunar. Hún gengur núna þannig fyrir sig að það er byrjað á að úthluta fyrst í minnsta kjördæminu og síðan koll af kolli en í þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið hefur verið gert ráð fyrir því að kjördæmin keppi um úthlutun jöfnunarsætanna á grundvelli þingsætishluta án tillits til stærðar kjördæmanna en þó með tilliti til þess sem gerst hefur í fyrstu umferð úthlutunarinnar, þ.e. hvort flokkur hefur fengið úthlutun á 0,8 þingsætishlutum eða ekki.

Mér sýnist að þetta ásamt fleiri atriðum sem horfa til einföldunar og skýringa stefni allt í þá átt að samkomulag eigi að geta tekist. Ég satt að segja hef unnið þannig í nefndinni fyrir hönd Alþb. að reyna að stuðla þarna að sem víðtækustu samkomulagi. Ég geri mér ljóst eins og ég sagði í upphafi að það er óánægja með þessi kosningalög að mörgu leyti. Þó held ég að þegar menn hafa kosið eftir grundvallarreglum þessara laga í eins og 50 ár eða svo verði menn jafnánægðir með þau og gömlu kosningalögin og sáttir við þau þegar menn eru búnir að læra á þetta kerfi. Þetta kerfi er í grundvallaratriðum tiltölulega mjög glöggt og rökrétt og skýrt og það er held ég mikið einfaldara en margur hefur viljað vera láta í umræðum um kosningalögin að undanförnu og gefst vonandi tækifæri til að fara yfir það efnislega í umræðum þegar málið kemur til meðferðar.

Ég endurtek: Ég hef skilið það svo, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., að það væri að nást samkomulag í þessari kosningalaganefnd og með tilliti til þess þá hef hvorki ég né aðrir þm. Alþb. farið að flytja tillögur um einstakar breytingar á frv. eins og það kom frá hæstv. dómsmrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Þar sem hæstv. viðskrh. er viðstaddur þessa umræðu hér í hliðarherbergi vil ég leyfa mér að beina til hans spurningu um þingstörfin og þinghaldið eins og það snýr við frá hans bæjardyrum séð.

Um langt skeið hefur ríkisstjórnin haft til meðferðar vandamál bankakerfisins í landinu. Í lok ársins 1985 lá það fyrir að það yrði að grípa til aðgerða til þess að endurskipuleggja bankakerfið með tilliti til þess hvað vandamál Útvegsbankans voru þá þegar bersýnilega alvarleg. Ég lýsti því þá yfir í desember 1985 að þingflokkur Alþb. teldi óhjákvæmilegt að á þessu máli yrði tekið hið allra fyrsta og lýsti okkur reiðubúin til þess að sinna þessu máli, endurskipulagningu bankakerfisins, m.a. með tilliti til þeirra tillagna sem við höfum aftur og aftur flutt hér í þinginu um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Nú hefur því verið lýst yfir í fjölmiðlum að það sé ætlun núverandi hæstv. ríkisstjórnar að standa þannig að málum að þessi Útvegsbankamál, skipulagsmál bankanna, verði leyst á yfirstandandi þingi, þ.e. fyrir kosningar. Enda veitir ekki af því að á síðasta ári tapaði Útvegsbankinn í raun um 6000 millj. kr. í innlánum frá því sem verið hefði ef hann hefði haft svipað hlutfall í innlánsaukningu og aðrir viðskiptabankar. Á árinu 1985 hélt hann fyllilega í við aðra viðskiptabanka í landinu en svo sígur mjög á ógæfuhliðina á árinu 1986 þannig að í rauninni vantar hann inn í sína innlánsmynd um 6000 millj. kr. á árinu 1986. Hér er auðvitað um hrikalega hluti að ræða, stórkostlegt tap sem þessi banki verður fyrir á hverjum einasta mánuði. Talað er um að hann hafi orðið að greiða af Hafskipsskuldinni einni 150 millj. kr. til Seðlabankans á s.l. ári. Hér er um að ræða svo hrikalegt vandamál að það er útilokað annað en að inna eftir því hvað ríkisstjórnin hyggst gera í þessu máli á næstunni og ég er að bera þessa spurningu fram í annað sinn á þessu þingi. Fyrir tveimur vikum lagði ég þessa spurningu fyrir hæstv. forsrh., hvenær málið kæmi inn í þingið, og hann lýsti því þá yfir að þess væri að vænta mjög fljótlega.

Ég leyfi mér því, herra forseti, með tilliti til þess að hæstv. viðskrh. hlýðir á mál mitt, að spyrja hann: Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fyrir hv. Alþingi tillögur um aðgerðir í skipulagsmálum bankanna sem lúta sérstaklega að því að leysa hin alvarlegu vandamál Útvegsbankans sem eru auðvitað um leið vandamál Ríkissjóðs Íslands? Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. sjái sér fært að svara þessum spurningum þó að fyrirvarinn sé lítill eða enginn.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þessi fsp. kemur hér fram undir þingsköpum. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega um bankamál en það liggur ljóst fyrir að tillögur hafa verið gerðar í þessum málum af þeim sem hefur verið falið að vinna að undirbúningi þeirra og viðræður stóðu um tíma á milli Seðlabanka og tveggja einkabanka. Tveir aðrir einkabankar vildu ekki vera með í þeim viðræðum, upp úr þeim slitnaði og þá var gerð tillaga um aðra lausn samkvæmt tillögum Seðlabankans sem ég þarf ekki að gera að umræðuefni. Þær hafa verið opinberaðar og nú síðustu tvær vikur hefur þessi tillaga verið til umræðu á milli stjórnarflokkanna. Á þessari stundu hefur ekki náðst samkomulag á milli þeirra en málið verður rætt á þingflokksfundum beggja stjórnarflokka í dag og á ríkisstjórnarfundi á morgun og þá væntanlega skýrist það hvaða leið verður farin.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég tel rétt að það komi fram svona

til upplýsingar, úr því að farið er að ræða um þingsköp, að ég átti tal við forseta Sþ. í morgun og lagði áherslu á það við hann að við beittum okkur fyrir því að niðurstaða fengist í það hvaða frv. það yrðu sem yrði lögð höfuðáhersla á að næðu fram að ganga á þessu þingi með tilliti til þess að nú gengur mjög á þingtímann. Ég held að það sé af hinu góða að fá sem fyrst niðurstöðu í það að hvaða verkefnum við þurfum einkum að beita okkur þessa daga sem eftir eru.

Ég held að það sé alveg ljóst að skipulagsmál bankanna verða á þeim forgangslista og ég á ekki von á að það geti dregist mjög lengi úr þessu að við komumst að niðurstöðu. Það er rétt að það komi fram að það hefur ekki staðið á þingflokki framsóknarmanna í þessu máli og það er ekki okkur að kenna að þetta mál hefur tafist. Ég reikna með að taka þetta mál til umræðu í þingflokknum nú síðdegis og ég vona að niðurstaða fáist innan skamms.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið við fsp. minni undir þessum lið, um þingsköp. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs undir þessum lið, um þingsköp, er ósköp einfaldlega sú að það er ekki mjög langur tími eftir af þessu þinghaldi og það er nauðsynlegt að fara að átta sig á því, eins og hv. þm. Páll Pétursson gat um, hvaða mál það eru sem eiga að hafa forgang á þeim vikum sem eftir eru þar til þingi verður slitið.

Eftir blaðafréttum að dæma eru það tvö stórmál sem ríkisstjórnin hefur áhuga á að koma í gegnum þingið. Það eru annars vegar tillögur um skipulagsmál bankanna, í hvaða formi sem þær koma hér inn, og það eru hins vegar tillögur um verulegar breytingar á skattakerfinu, þ.e. ' ðgreiðslufrumvarpið sem gengur undir því nafni. Staðreyndin er sú hins vegar að hvorugt þessara mála er komið inn í þingið og vitað er að það verður úrtökusamt á næstu vikum vegna þess að Norðurlandaráðsþing verður haldið alveg næstu vikur og fjöldi þm. verður þá í burtu þannig að ég óttast það mjög, ef þessi mál fara ekki að sjást, að þá verði ekki tekið á þeim af þeim krafti sem óhjákvæmilegur er. Ég tek það fram í þessu sambandi að stjórnarandstöðuflokkunum hefur verið sýnt minnisblað um skattabreytingarnar. Það er vélritaður snepill upp á þrjár síður og ég hygg að staðgreiðslufrumvarpið, sem svo er kallað, sé ekki til enn þá. Ég hef grun um að þetta frv. hafi t.d. ekki sést í þingflokkum stjórnarflokkanna enn þá, hvað þá heldur meira, þó að liðnir séu tveir mánuðir síðan verkalýðshreyfingunni var gefið fyrirheit um það að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á frá og með næstu áramótum. Ég skil ekki þessar tafir, þennan drátt á málinu, þar sem mjög víðtækt samkomulag á að geta verið um forsendur þess og nota þetta tækifæri til að gagnrýna þann seinagang sem þar hefur komið fram. Um leið lýsi ég því yfir af okkar hálfu að við hljótum nú sem fyrr að leggja áherslu á að komið verði hér á staðgreiðslukerfi skatta og erum tilbúin til að beita okkur fyrir því ásamt öðrum að slíkt mál verði afgreitt hér ef nokkur kostur er.

Varðandi bankamálin er sem sagt ljóst að stjórnarflokkarnir eru ekki tilbúnir, sagði viðskrh. Framsóknarmaðurinn sagði aftur á móti: Framsóknarflokkurinn er tilbúinn. (**PP:** Verður tilbúinn.) Verður tilbúinn, segir hann núna, á því er nokkur munur. (**ÓÞÞ:** Hann er löngu orðinn tilbúinn.) Í öðru tilvikinu var um að ræða sögn í þátíð en hinu í framtíð þannig að það er eins gott að hlusta nákvæmlega á þá framsóknarmenn því þeir eru vanir því að vefja sig inn í reglur málfræðinnar út og suður ef þeir þurfa að smeygja sér fram hjá óþægilegum staðreyndum. Þetta liggur sem sagt fyrir og ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin og bæti því svo við af okkar hálfu að við erum auðvitað tilbúin til þess að taka á þessu máli hvenær sem er og viljum að það verði gert hið allra fyrsta.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á og taka undir þær fsp. sem hafa komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. um að þau mál sem nauðsyn er að þetta þing ljúki afgreiðslu á komi fram sem fyrst og þá ekki síst þau stóru mál sem okkur hafa nú aðeins verið kynnt. Mér er reyndar sama þó þau séu vélrituð eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. en mér er ekki sama um það hversu hrá þau eru látin í hendur okkar. Ég er eiginlega alveg gáttuð á sérfræðingum ríkisstjórnarinnar að láta málin frá sér fara svona hrátt unnin. Ekki nema það komi til að stjórnarandstöðunni sé ætlað að hafa áhrif á gang mála og koma með tillögur á þessu frumstigi.

Hins vegar hafa bæði ráðherra og hv. 3. þm. Reykv. talað um að stutt væri eftir af þessu þinghaldi en það veit í raun og veru enginn hversu langt þetta þinghald á að vera. Það veit í raun og veru enginn fyrir víst hvenær verður kosið. Það gengur eins og munnmælasaga milli manna að það verði 25. apríl og það gengur líka eins og munnmælasaga milli manna að þinginu ljúki um miðjan mars. En hér sitjum við sem vinnum á þessum stað og við vitum ekki hvenær störfum okkar á að ljúka. Þess vegna vil ég koma með fsp. til hæstv. ráðherra sem hér sitja: Hvenær er áætlað að kosningar verði og hvenær er áætlað að þessu þingi muni ljúka? Við verðum öll að taka þátt í þeirri vinnu sem hér verður unnin áður en þingi lýkur og það er lágmarkskrafa að við getum vandað vinnubrögð okkar og það gerum við ekki nema við skipuleggjum þau.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér rétt að það er orðið til baga að ekki skuli liggja fyrir hvenær kosið verður. Það má samt ekki verða til þess að villa mönnum sýn og í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á nauðsyn þess að lög verði afgreidd um staðgreiðslukerfi skatta á þessu ári. Ég tel að það sé búið að heita þjóðinni því að staðgreiðslu-

kerfi verið tekið upp um næstu áramót og þingið allt verði að beita sér fyrir því að það fyrirheit verði efnt. Því var heitið í sambandi við samningana. Ráðamenn þjóðarinnar hafa sagt að þetta muni verða og ég efast ekkert um að þetta eigi vel að geta tekist. Það bendir ýmislegt til þess að það hafi þó nokkuð verið unnið í þessu máli. Þau atriði sem hæstv. fjmrh. hefur sett á blað og kynnt stjórnarandstöðunni benda til þess að menn hafi litið á ýmis þau grundvallaratriði sem skipta máli í þessu sambandi og virðist vera reiðubúnir og að undirbúa sig í alldjarflegar ákvarðanir sem mér líst vel á. Ég tel því að þeir punktar sem þar koma fram geti verið góður umræðugrundvöllur og ég get fullvissað menn um að þm. Alþfl. hafa áhuga á að nýta þennan umræðugrundvöll og eru reiðubúnir til þess að ræða málin út frá þessum punktum við fjmrh. eða aðra stjórnmálaflokka í þinginu. En við leggjum fyrst og fremst áherslu á það að afgreiðslu þessa máls verði hraðað, menn taki sér tíma til þess að standa við fyrirheitið um að nú loksins komi staðgreiðslukerfi skatta. Ég vænti þess og tel reyndar fullvíst að frv. þar að lútandi muni koma fljótlega og að þm. allir muni vera reiðubúnir til þess að leggja sig fram um það að tryggja skjóta og góða afgreiðslu þess.

Þetta vildi ég sérstaklega ítreka, herra forseti, þegar menn tala um þingsköp og hvernig haga eigi framhaldsstörfum þingsins vegna þess að í mínum huga er hér um eitthvert mikilvægasta mál að ræða sem kemur til umfjöllunar á þessu þingi og reyndar á mörgum öðrum þingum og þá verða menn að leggja sig fram um að vinna þau verk sem þarf að vinna í því sambandi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var aðeins vegna orða hv. 3. landsk. þm. um kjördag. Það getur verið að um þetta gangi munnmælasögur eins og hv. þm. nefndi það og það er kannske réttnefni. Málið liggur fyrir mér svona: Forsrh. landsins sem hefur þingrofsvaldið hefur lýst því yfir að verði ekki samkomulag um annað fari kosningar fram 25. apríl.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef, hvort sem menn kalla það munnmælasögur eða eitthvað annað, út úr þingflokki Sjálfstfl. með viðtölum við einstaka þm. hans heyrist mér ljóst að þar sé ekki áhugi á því að kjósa síðar a.m.k. en 25. apríl. Ég hef þess vegna orðað þetta svo að með yfirlýsingu sinni hafi hæstv. forsrh. í raun og veru veitt hv. þm. Halldóri Blöndal þingrofsvaldið. Af þessum ástæðum hef ég gengið út frá því, þar til annað kemur í ljós, að kosið verði 25. apríl en það er vissulega þarft að fara yfir það nánar hvaða lendingu menn hugsa sér að hafa í þessu efni. En í kosningalaganefndinni, sem rædd var undir ákveðnum dagskrárlið áðan, er þetta mál einnig til umræðu, þ.e. framtíðarkjördagurinn í fyrsta lagi og í annan stað hvort hugsanlegt er að ná allsherjarsamkomulagi í þinginu um kjördag í ár. Mér hefur heyrst að það stefndi allt á 25. apríl af þeim ástæðum að hæstv. forsrh. hefur gefið þá yfirlýsingu að ef ekki verði samkomulag um annað verði kosið 25. apríl. Verði kosið 25. apríl er auðvitað alveg ljóst að miðað við allar venjur hér verður að ljúka þingstörfum alveg fyrstu dagana í marsmánuði, það er útilokað annað.

Orkulög, 1. umr.

Frv. KJóh o.fl., 281. mál (umráðaréttur á háhitasvæðum). — Þskj. 508.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á orkulögum á þskj. 508. Þetta frv. felur í sér þá stefnumörkun að sú orka sem er fólgin í háhitasvæðum sé sameign þjóðarinnar, þ.e. að djúphiti á háhitasvæðum sé almannaeign en hins vegar að jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Eins og kunnugt er hefur Alþfl. alllengi haft á stefnuskrá sinni að landið, gögn þess og gæði væru sameign þjóðarinnar og þingmenn flokksins hafa oft áður flutt frv. um það efni og þar áður þáltill. eða verið meðal flutningsmanna lagafrumvarpa um almannaeign, þar á meðal á jarðhita, og það frv. sem hér er flutt er í stórum dráttum samhljóða ýmsum fyrri frv. um þetta efni og algjörlega samhljóða frv. sem var flutt á 108. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt.

Það sem sérstaklega ber að vekja athygli á í sambandi við þetta frv., fyrir utan það sem ég hef þegar rakið, er það að samkvæmt því yrði óheimilt að aðrir aðilar en ríki og þeir sem leyfi ríkisvaldsins fá bori eftir jarðhita á háhitasvæðum og í annan stað að ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota. Að öðru leyti skal skipa hagnýtingu á háhita framvegis með löggjöf hverju sinni þannig að tryggt sé að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina. Síðan er það í þriðja lagi að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa jörð eða hluta úr henni með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku laga þessara, skuli halda rétti sínum óskertum. Að öðru leyti gildir um land á háhitasvæði í eigu sveitarfélaga að sveitarfélögin skulu hafa þar forgangsrétt.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að rekja þetta öllu nánar heldur vísa til framsöguræðu minnar með þessu frv. hér áður, en það skýrir sig að öðru leyti sjálft. Þess má að endingu geta að hæstv. iðnrh. hafði góð orð um það síðast þegar þetta mál var hér flutt að nú skyldi tekið tak og sett lög varðandi þau efni sem hér um ræðir. Eitthvað hefur það nú dregist hjá ráðherranum, en væntanlega verður þessi frumvarpsflutningur til þess að hann taki þá á málinu núna. Við Alþýðuflokksmenn erum að sjálfsögðu tilbúnir til að ræða hugmyndir sem tengjast þessu

eða einhverja sérstaka útfærslu, sem ráðherra kynni að óska eftir að hafa á lagatextanum, sem væri í samræmi við þá stefnumörkun sem hér er.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til iðnn.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 508 er flutt frv. til laga um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, og fyrsti flm. er Kjartan Jóhannsson.

Eignar- og nýtingarréttur jarðhita hefur oft verið til umræðu á Alþingi, enda er um mikilvægt þjóðhagslegt mál að ræða. Reyndar hefur kostnaður einstakra hitaveitna við að afla sér jarðhitaréttinda ekki vegið þungt sem hluti af heildarstofnkostnaði. Sá vandi sem notendur jarðhita hér á landi eiga við að stríða er annar. Erfitt hefur reynst að ná samstöðu um lagabreytingar varðandi jarðhitaréttindi, en nokkrar tillögur hafa komið fram.

Ég vil þá nefna fyrst till. Alþýðubandalagsmanna sem þeir fluttu um að allur jarðhiti undir 100 metrum verði eign ríkisins. Í umsögnum einstakra lögfræðinga hefur verið dregið í efa að slík löggjöf væri samræmanleg eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Auk þess er það mín skoðun að forsendur 100 metra reglunnar séu orðnar breyttar vegna tækniframfara. Fjölmargir einkaaðilar hafa nýtt jarðhita í um og yfir 1000 metra dýpi. Mér er ljóst að Bjarni sálugi Benediktsson var fylgjandi 100 metra reglunni og rökstuddi hana hér á Alþingi 1945, en það var við aðrar forsendur en nú eru.

Annað sem ég vil nefna. Á vegum iðnrn. hefur verið unnið, eins og kom fram hjá hv. frummælanda, að frv. er byggist á þeirri forsendu að allur jarðhiti á afréttum og almenningi verði lýstur eign íslenska ríkisins. Hefur það frv. verið til umfjöllunar á vegum ríkisstjórnarinnar um alllangt tímabil, en hefur ekki hlotið nægilegan stuðning. Þess skal getið að flest helstu háhitasvæðin eru á afréttarlöndum eða í almenningum og því leysti þetta lagafrv. verulegan hluta af því máli sem frv. Alþýðuflokksmanna fjallar um.

Í þriðja lagi vil ég víkja nánar að því frv. sem hér er til umræðu. Samkvæmt frv. skal jarðhitasvæði teljast háhitasvæði ef innan þess finnst 200 gráða hiti ofan við 1000 metra dýpi. Þá er kveðið svo á um að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Frv. Alþfl. er því nær þeim hugmyndum sem verið hafa til athugunar á vegum iðnrn. en hugmyndir Alþýðubandalagsmanna.

Eitt virðast menn þó almennt vera á einu máli um. Það er að sveitarfélög skuli njóta tiltekinna forréttinda til nýtingar á þeim jarðhita sem þannig verður í eigu ríkisins. Telja verður þetta mikilvægt, enda eru sveitarfélögin þeir aðilar sem helst nýta jarðhita hér á landi. Helstu forsendur löggjafar af þessu tagi og eldri löggjöf eru raktar í greinargerð og þarf ég því ekki að endurtaka það hér. Hins vegar árétta ég það sem segir í niðurlagi álitsgerðar lagadeildar Háskóla Íslands í fskj. II með frv., en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða lagadeildar er því sú, að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot ef það verður að lögum. Hins vegar verði að gera ráð fyrir því að það geti í einstökum tilfellum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda."

Samkvæmt áliti lagadeildar getur frv. því takmarkað rétt einkaaðila þó að bætur komi fyrir. Mér væri því meira að skapi ef hægt væri að ná samstöðu um þær tillögur sem ég hef áður nefnt og varða jarðhitaréttindi á afréttum og almenningum. Þær tillögur varða reyndar aðeins afrétti sem ekki eru háðir beinum eignarrétti annarra aðila. Að svo mæltu treysti ég mér ekki til að mæla með samþykkt þess frv. sem hér er á dagskrá þó að það falli nær skoðunum mínum en aðrar tillögur sem til umfjöllunar hafa verið um þetta málefni.

Ég vil geta þess að lokum að á vegum iðnrn. hefur verið unnið að því að finna enn aðrar leiðir til að ráða fram úr þessum vanda og sú vinna er í gangi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að kynna hér frekar þær tillögur sem umrædd nefnd lagði fyrir ráðuneytið og eru nú til athugunar í ríkisstjórninni en ég sé heldur enga ástæðu til að fela þær fyrir hv. fyrsta flm. ef hann óskar eftir að fara yfir þær.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa ræðu hans. Þó að hann treysti sér ekki til þess að mæla með því frv. sem ég hef hér mælt fyrir, þá kom þó fram í máli ráðherrans skilningur á því vandamáli sem hér um ræðir og því viðfangsefni sem hér er við að fást. Og það er vissulega ánægjuefni að unnið skuli að því að finna ásættanlega lausn í þessum efnum innan ráðuneytisins þó að það nái kannske ekki eins langt og ég hefði kosið og nái ekki eins langt og það frv. sem ég hef hér gert að umræðuefni um almannaeign á þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar, heldur einungis um almannaeign á þessari sameiginlegu auðlind á ákveðnum svæðum. En það er það sem skilur á milli þess sem hæstv. ráðh. mælti fyrir og því sem ég hef hér mælt fyrir.

En það er annað í þessu máli sem ég tel að sé sérstakt íhugunarefni. Sannleikurinn er nefnilega sá að áratugum saman hefur þetta mál verið til umfjöllunar hér í þinginu og hæstv. ráðh. benti m.a. á það að fyrrv. forsrh., Bjarni heitinn Benediktsson, hefði haft þá skoðun fyrir 3–4 áratugum síðan að jarðhiti neðan við 100 metra dýpi ætti að vera almenningseign, það væri stjórnarskrárleg forsenda fyrir því. Þetta minni ég á vegna þess að ég vil að það komi ljóst fram hvað umræðan er gömul og að menn hafa í hinum ýmsu flokkum á hinum ýmsu tímum verið að velta þessu máli fyrir sér. En það sem er hrikalegt er það hvað tíminn líður án þess að ákvörðun sé tekin.

Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson er ekki fyrsti iðnaðarráðherrann sem lætur vinna í þessu máli. Hann er kannske ekki 21. iðnaðarráðherrann sem lætur vinna í því en þeir eru orðnir æðimargir. Það er

orðið meira en mál að menn komi sér niður á úrlausn og það verður þá að hafa það þó að hún nái ekki eins langt og sumir vildu gjarnan, eins og ég hef t.d. viljað eða mínir flokksmenn, en þá verða aðrir líka að sætta sig við að hún nái lengra en þeir vilja sem dregið hafa hvað verst lappirnar í þessum efnum og verið hvað afturhaldssamastir. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn leiti víðtækrar samstöðu og láti ekki öfgaöflin, sérstaklega þau öfgaöfl sem ekkert hafa viljað gera í þessum efnum, setja sér stólinn fyrir dyrnar. Svo mikið þjóðþrifamál er á ferðinni eins og kom reyndar fram í máli hæstv. ráðh.

Ég vil að endingu lýsa því yfir að ég er reiðubúinn til samvinnu við ráðherra um hvert það skref sem hann telur eðlilegt og rétt og mögulegt að stíga í þessum efnum því að svo brýnt er málið að það má ekki láta það niður falla einu sinni enn og láta enn mörg ár líða án þess að á því sé tekið. Ég heyri það líka á máli hæstv. ráðh. að hann er í stórum dráttum með sams konar sjónarmið uppi og eru í þessu frv. þannig að það ætti að vera mögulegt að leita leiða til þess að ná saman og fá framgang í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

44. fundur, þriðjudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Snjómokstursreglur, ein umr.

Fsp. HS og HG, 260. mál. — Þskj. 343.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 343 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. ásamt hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni til hæstv. samgrh.:

„1. Er þess að vænta að snjómokstursreglur Vegagerðar ríkisins verði endurskoðaðar á næstunni?

2. Hverjar eru líkur á rýmkun reglna um ruðningsdaga um Oddsskarðsveg og Fjarðarheiði?“

Ekki þarf að orðlengja um eðlilegar kröfur fólks sem við vissa einangrun býr varðandi snjómokstur og einnig meiri sveigjanleika varðandi ruðningsdaga. Ég minni á samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar, senda hæstv. samgrh. í byrjun desember, þar sem býsna fast er að orði kveðið um þörf úrbóta þar sem það er m.a. talið til sjálfsagðra mannréttinda að snjó sé rutt af Oddskarðsvegi þegar þess er kostur. Orðrétt segir þar, með leyfi forseta:

„Það hljóta að teljast sjálfsögð mannréttindi að íbúar þessa stærsta byggðarlags á Austurlandi sitji við sama borð og nágrannabyggðirnar, m.a. með tilliti til sívaxandi samskipta þeirra á milli, svo sem á heilbrigðis-, mennta-, félags- og viðskiptasviði. Þá er það gjörsamlega óþolandi að það skuli margendurtaka sig að fólk kemst ekki leiðar sinnar um Oddsskarð vegna þess að smáfarartálmar loki veginum.“

Í síðari hluta fsp. okkar er einnig vikið að öðru byggðarlagi eystra, álíka settu, sem er Seyðisfjörður. Þaðan hafa oftlega borist óskir svipaðs eðlis.

Þá kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á bréfi til hæstv. ráðherra frá Breiðdalsvík, dags. 15. janúar s.l., sem kemur beint inn á endurskoðun reglugerðar um snjómokstur. Vikið er þar að mögulegum mjólkurflutningum úr Breiðdal í Egilsstaði vegna breyttra aðstæðna á því svæði. Orðrétt segir svo, með leyfi forseta, um Breiðdalsheiði:

„Breiðdalsheiði er ekki eins bagaleg og af er látið. Breiðdalshreppur lét opna heiðina 19. desember s.l. og er hún fær jeppum enn í dag, 15. janúar. Með tilliti til ofanritaðs ítrekar undirritaður tilmæli til ráðherra um að hann breyti reglugerð um snjómokstur á þjóðvegum, Breiðdælingum og nærliggjandi sveitarfélögum til hagsældar.“ Undirritað af sveitarstjóranum í Breiðdalshreppi.

Hér er aðeins að þrem stöðum vikið en fleiri staðir koma vissulega inn í myndina hvað Austurland snertir. Það er því von að víða sé spurt hvort von sé breytinga á snjómokstursreglum í rýmkunarátt og því er þessi fsp. fram borin.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Snjómokstursreglur hafa verið endurskoðaðar á nokkurra ára fresti og þær gefnar út að nýju. Þannig var reglunum breytt í janúar 1977, október 1980 og desember 1985. Allar breytingar hafa leitt til aukningar á snjómokstri. Svo var einnig um breytingarnar 1985. Hin síðustu ár hefur Vegagerðin einnig reynt að viðhafa meiri sveigjanleika í snjómokstri meðan snjólétt er að haustinu. Breyttar reglur 1985 og aukin haustþjónusta hafa aukið snjómkosturskostnað nokkuð frá því sem ella hefði verið. Í ljósi þess að svo skammt er um liðið frá því að reglum var síðast breytt mun ég ekki leggja til að snjómokstursreglum verði breytt á þessum vetri. Er þá einnig horft til þess að fjárframlög til vegamála hafa farið minnkandi að raungildi og því ekki raunhæft að auka hlut snjómoksturs nú.

Innan skamms verður lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um nýja vegáætlun. Þar gefst þm. tækifæri til að endurskoða reglur um skiptingu til hinna ýmsu þarfa í vegamálum. Ef menn vilja auka hlutdeild í snjómokstri gengur það út yfir aðra kafla vegáætlunar en það er þá að sjálfsögðu til umræðu og afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Svar við síðari lið fsp.: Oddsskarð og Fjarðarheiði eru meðal allra dýrustu fjallvega landsins að því er tekur til snjómoksturs. Meðalkostnaður áranna 1981–1984 var 4,1 millj. kr. á Oddsskarði og 3,3 millj. kr. á Fjarðarheiði. Sömu reglur gilda um þessa vegi og aðra dýrustu og erfiðustu fjallvegi landsins, t.d. Breiðadalsheiði og Botnsheiði. Það leiðir því af svari við lið 1 að ekki er að vænta rýmkunar reglna um snjómokstur á þessum leiðum umfram það sem gert var í árslok 1985. Rétt er að geta þess að á

báðum þessum stöðum eru veittir styrkir til snjóbifreiða. Þá má einnig benda á að flugsamgöngur við Neskaupstað hjálpa til að draga úr einangrun þess staðar.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með þau, að vonum.

Hæstv. ráðherra kom inn á það réttilega að þessar reglur sem nú gilda hafi verið settar í desember 1985. Það er rétt, að sjálfsögðu. Þá þegar var óánægja með þessar reglur einmitt varðandi þá fjallvegi sem hann gat um að væru dýrastir en um leið erfiðastir og sem hefur auðvitað mesta þýðingu að séu ruddir reglulega eða sem allra reglulegast vegna þeirrar einangrunar sem viðkomandi byggðarlög búa við.

Hæstv. ráðherra gat um það að brátt mundi vegáætlun verða lögð hér fyrir Alþingi. Hann gat um það að þar gæfist mönnum kostur á því að breyta eitthvað hlutföllum innan vegáætlunarrammans og leggja þá meira í snjómokstur og minna til annarra hluta. Ég minni hæstv. ráðherra á það að þarna hlýtur að skipta öllu máli hvaða heildarfjármagn verður til skipta og inn á það kom hæstv. ráðherra mjög glögglega því að hann sagði að framlög hefðu minnkað til vegamála. Það er m.ö.o. stefna hæstv. ríkisstjórnar að minna sé til skiptanna og þar með minna svigrúm til þess að færa á milli einstakra liða. Það er auðvitað alveg ljóst að því þrengri sem þessi rammi er því erfiðara er vitanlega að færa þarna til svo sem full þörf er á, ekki síður varðandi snjómokstursþáttinn en marga aðra þætti vegamála.

Ég vil svo aðeins segja það að vissulega kostar það sitt að halda leiðum opnum. En það er líka dýrt þegar vegir eru lokaðir. Það kostar marga mikið, ekki bara einstaklinga, ekki fyrirtæki eingöngu, heldur samfélagið líka, auk margvíslegra óþæginda og annmarka í mannlegum samskiptum almennt. Hæstv. ráðherra kom inn á það að sveigjanleiki hefði verið aukinn varðandi snjómokstur. Ég hef nú ekki orðið svo mjög var við það þó að ég viðurkenni að eitthvað hefur verið gert í þeim efnum. Þar mætti miklu meira gera því að allt of oft þykir mér sem hefðbundnir ruðningsdagar séu látnir gilda og ekki sé litið til næstu daga ef veður hamlar opnun á ákveðnum degi. Það er vissulega miður þegar sá ósveigjanleiki gildir allt um of. Öll mismunun í þessu efni einnig, ef hún er stingandi, er af hinu illa og kemur illa við íbúa viðkomandi staðar á margan veg. Hér er í raun og veru um grundvallarþátt að ræða um greið samskipti og samgöngur sem þarf og á að tryggja sem best.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi mál koma til frekari umræðu við afgreiðslu vegáætlunar. Þá tökum við þessi mál upp í heild sinni, m.a. það sem hæstv. ráðherra kom réttilega inn á, að framlög til vegamála eru minnkandi og þar af leiðandi er þrengra um búið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til þess að lagfæra þá hluti sem brýnast er að lagfæra.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það eru auðvitað engin tök á því að gera að umræðuefni reglur um snjómokstur í fyrirspurnatíma en mér finnst ástæða til þess að ítreka að það er nauðsyn á breyttum reglum. Reglur eru annað en það hvernig eftir þeim er farið og sveigjanleikinn við að framkvæma þær. Ég held nefnilega að þar skorti mjög á. Ég hef ástæðu til þess að ætla að það skorti á a.m.k. á nokkrum stöðum sem ég þekki til að sveigjanleiki sé hjá Vegagerðinni um það að fara eftir reglunum. Ég bendi t.d. á að varðandi Botnsheiði og Breiðadalsheiði er gífurleg óánægja ríkjandi vegna þess hvernig staðið er að mokstri á þeim leiðum. Það hefur verið gífurleg óánægja í allan vetur og áður. Ég held að fullkomin ástæða sé til þess, hvað sem mönnum sýnist um það að rýmka um reglurnar sem slíkar, að fara ofan í það með hvaða hætti þær reglur eru framkvæmdar sem fyrir eru.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda og síðasta ræðumanni að það er ekki alltaf sá sveigjanleiki viðhafður í framkvæmdinni sem maður hefði kosið. Oft á tíðum hef ég, þau ár sem ég hef verið samgrh., orðið að beita mér fyrir því að auka þennan sveigjanleika víða á landinu og reynt svona að greiða fyrir eftir bestu getu. Hins vegar verðum við auðvitað að átta okkur á því að við getum ekki orðið við öllum kröfum um mokstur hvaðan sem þær koma. Ef við slökum á á einum stað telur annar staður sig vera beittan ranglæti og gerir kröfur um úrbætur. Þessar snjómokstursreglur eru byggðar á ákveðnum forsendum sem gilda jafnt hvar sem er á landinu. Yfir þetta var farið vandlega í árslok 1985. Engar reglur eru þó það fullkomnar að ekki sé sjálfsagt að endurskoða þær. En ég tel ekki rétt að gera það á þessu stigi. Hins vegar er sjálfsagt að slík endurskoðun liggi fyrir fyrir næsta haust. En á þessum vetri er það ekki fyrir hendi.

Vegna orða hv. fyrirspyrjanda tek ég eftirfarandi fram: Ég sagði að framlag til vegamála væri minnkandi að raungildi. Þrátt fyrir það hefur náðst mjög góður árangur í nýframkvæmdum bæði vegna útboða og lengingar á verktíma. Slitlagsframkvæmdir hafa því aldrei orðið meiri en á síðustu þremur árum. Það lengsta sem komist hefur verið var á s.l. ári, um 280 km, þó að þar sé að vísu að hluta um einbreiðan veg að ræða.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Út af þessum síðustu orðum hæstv. ráðh. vil ég taka fram að ég hélt að það hefði verið olíulækkunin sem hefði verið þess valdandi að menn gátu lagt meira af bundnu slitlagi en ekki útboðsgróðinn, sem hæstv. ráðh. talar svo gjarnan um, því að ekki höfum við eystra orðið varir við að við hefðum rýmra fé til framkvæmda vegna einhvers

útboðsgróða. En ég skal koma því á framfæri núna við endurskoðun vegáætlunar að fá upplýsingar hjá Vegagerðinni um hvað mikið sé til ráðstöfunar á þessu ári af útboðsgróða síðasta árs.

Ávana- og fíkniefni, ein umr.

Fsp. GA, 298. mál. — Þskj. 530.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Vímuefnavandinn hefur að mati flestra farið vaxandi í þjóðfélagi okkar á s.l. árum, ekki síst að mati þeirra sem hafa mest afskipti af fórnarlömbum vímuefnaneyslu. Þessi þróun hérlendis helst í hendur við það sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar. Þó hefur hún orðið talsvert hægari hér en víða annars staðar meðal fjölmennari þjóða og það gefur okkur aukið svigrúm til að bregðast við.

Þrátt fyrir miklar umræður bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum og vaxandi áhyggjur alls þorra fólks hafa stjórnvöld ekki séð ástæðu til þess hingað til að beina sérstökum aðgerðum að því að sinna þeim unglingum sem illa eru staddir vegna vímuefnaneyslu. Neyðarathvarfi hefur samt verið komið á fót af Rauða krossi Íslands og mun ég víkja að því í fsp. hér á eftir.

Enn vantar aðstöðu til að meðhöndla þau börn og unglinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða þó nokkrar fjárveitingar hafi fengist til þeirra mála nú. Ekki er til meðferðarheimili fyrir unglinga sem ánetjast hafa vímuefnaneyslu. Það að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu vímuefnaneyslu er langtum yfirgripsmeira og erfiðara verkefni og varðar í raun jafnframt pólitíska stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar því að mikil vímuefnaneysla er oft nátengd félagslegum vandamálum af ýmsum toga, auk þess sem hún er tengd áfengisneyslu.

Eitt fyrsta verk núv. hæstv. menntmrh. eftir að hann tók við embætti var að vitna í skýrslu frá landlækni um vímuefnaneyslu unglinga og lýsa áhyggjum sínum og vilja til að leita úrbóta. Það var í nóvember 1985. Síðan hefur hann að vísu verið önnum kafinn við að hreinsa íslenska tungu, Lánasjóð ísl. námsmanna, reka mann og annan, kaupa hús og þeyta herlúðra.

Í janúar fyrir réttu ári kallaði hann þó samráðherra sína saman til að samræma aðgerðir og það mun svo hafa leitt til þess að hæstv. forsrh. skipaði þá nefnd sem hér er gerð fsp. um. Nú bíða menn eftir aðgerðum, bíða eftir að heyra verkin tala. Framtak áhugahópa er lofsvert og nauðsynlegt, en stjórnvöld geta ekki firrt sig ábyrgð í þessum efnum. Því spyr ég hæstv. forsrh.:

„Hvað líður störfum framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar sem forsrh. skipaði 25. maí 1986 til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna? Hvenær hyggst nefndin skila áfangaskýrslu eða ljúka störfum?

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar til að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna hefur á undanförnum mánuðum unnið að söfnun upplýsinga og ábendinga víðs vegar að. Eins og nefndinni var gert í skipunarbréfi hefur hún leitað samstarfs við opinbera aðila og stofnanir, félög og áhugamannasamtök og einstaklinga sem sýnt hafa hug á að starfa að þessum málum. Alls hefur nefndin leitað til 28 opinberra aðila eða stofnana, átt fundi með 23 félögum eða áhugamannasamtökum auk nokkurra einstaklinga sem hafa sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum sem nefndinni er ætlað að fjalla um. Nefndarmenn hafa sem fulltrúar síns ráðuneytis haft milligöngu um upplýsingaöflun frá ráðuneytinu eftir því sem tök hafa verið á.

Erlendir sérfræðingar hafa einnig komið á fund nefndarinnar. Fundir hafa verið haldnir nokkuð reglulega eftir því sem við hefur verið komið. Auk þess hafa óformlegir fundir verið margir. Þeim verkefnum sem nefndinni hefur verið ætlað að vinna má skipta í eftirfarandi þætti:

1. Fræðslu þar sem lögð er áhersla á einstaklinginn en ekki efnin og skaðsemi þeirra. Samkvæmt nýjustu rannsóknum sérfræðinga á þessu sviði hefur hin svokallaða „fræðsluaðferð", þar sem fíkniefnin og afleiðing neyslu þeirra hafa verið þungamiðjan í fræðslunni, ekki haft tilætluð áhrif. Slík fræðsla getur jafnvel haft þveröfug áhrif, vakið forvitni og ýtt undir neyslu að mati þeirra sérfræðinga sem við hefur verið rætt. Fræðsla telst til 1. stigs forvarnar.

2. Félagslegar forvarnir, t.d. á vegum barnaverndarnefndar, skóla og sveitarfélaga. Undir þennan lið heyra einnig tómstunda- og félagsstörf ýmiss konar.

3. Áróður og kynning til foreldra og almennings. Þáttur fjölmiðla er mjög mikilvægur í þessu sambandi. Hefur nefndin fjallað um hvaða leiðir mætti nota til þess að áhrifamáttur fjölmiðla nýttist sem best í baráttunni gegn fíkniefnum.

4. Tollgæsla. Á þessu sviði hefur nefndin t.d. kynnt sér sérstaklega hvernig framkvæmd tollgæslu mun verða háttað í nýju flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

5. Löggæsla og löggjöf. Undir þennan þátt heyrir löggjafarsvið ávana- og fíkniefnamála, refsiframkvæmd við brotum á lögum um ávana- og fíkniefni og fangelsismál svo að eitthvað sé nefnt. Fíkniefnadeild lögreglunnar og starfssvið hennar hefur einnig verið til umfjöllunar undir þessum lið.

6. Meðferð og meðferðarúrræði. Telst sá þáttur til 3. stigs forvarnar. Hefur nefndin orðið þess áskynja í viðræðum við hina ýmsu aðila að meðferðarúrræði vanti fyrir ákveðinn hóp ungra fíkniefnaneytenda. Fjöldi ábendinga og tillagna hefur safnast á sviði meðferðarúrræða almennt.

Þá eru talin upp þau sex svið sem nefndin flokkar starfsemi sína undir.

Nefndin hefur talið að ekki væri rétt að skila einstökum tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrr en heildarmynd lægi fyrir undir lok starfs nefndarinnar. Þó gerði nefndin eina undantekningu þar á. Lagði hún til við ríkisstjórnina í desember 1986 að kennsluverkefni, Lions Quest, á ensku, yrði kennt til reynslu á ensku í þremur skólum. Lionsumdæmið á Íslandi hafði snúið sér til nefndarinnar og boðið íslenskum yfirvöldum þetta námsefni til kennslu í skólum landsins. Leitaði nefndin álits skólaþróunardeildar og ýmissa annarra sérfróðra aðila á þessu kennsluefni og hefur það fengið mjög jákvæðar viðtökur. Er það í anda nýjustu hugmynda um fyrirbyggjandi fræðslu á þessu sviði þar sem lögð er áhersla á að styrkja einstaklinginn til sjálfstæðra skoðana og auka hæfileika hans til þess að standast hópþrýsting. Þessar tillögur voru ræddar í ríkisstjórninni og var einróma samþykkt að standa að þeim og tók menntmrh. að sér framkvæmd tillagnanna, en menntmrn. annast að sjálfsögðu alla framkvæmd tilraunakennslunnar sem ráðgert er að hefjist nú í febrúar. Þrír kennarar sem kenna munu efnið hafa þegar sótt námskeið erlendis, en þriggja daga námskeið kennara er skilyrði fyrir því að kenna þetta Lions-námsefni. Auk þess hafa fulltrúar skólaþróunardeildar og Námsgagnastofnunar sótt sama námskeið. Gert er ráð fyrir að tilraunakennslan standi yfir út þetta ár og mun þá verða tekin nánari ákvörðun um þýðingu og staðfærslu í ljósi þeirrar reynslu sem fæst. Sem stendur vinnur nefndin að tillögugerð á þeim sviðum sem áður hafa verið upp talin. Munu þær tillögur fylgja lokaskýrslu nefndarinnar sem er vel á veg komin og þess er vænst að verði lögð fram fyrir lok þessa mánaðar.

Ég vil taka það fram út af orðum hv. fyrirspyrjanda að ég tel það vera mikinn misskilning að ekki sé töluvert unnið að þessum málum. Þessi umrædda nefnd hefur fengið allt það fjármagn sem hún hefur beðið um. Það hefur ekki staðið á því á nokkurn máta. Mér er kunnugt um að þeir sem í nefndinni sitja vinna að þessu máli af mjög miklum áhuga og er það sannarlega vel því að hér er um mikinn vágest að ræða. Ég a.m.k. vænti því mikils af störfum nefndarinnar og hef lagt á það áherslu að nefndarmenn taki þann tíma sem þeir þurfa til að skila góðu og ítarlegu yfirliti sem á megi svo byggja. Ég tel vel að verki staðið í því mikla starfi sem þarna er unnið að skila heildarskýrslu fyrir lok þessa mánaðar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það er greinilegt og mjög ánægjulegt að nefndin hefur verið starfsöm á stuttum starfstíma sínum þó að verkefni hennar sé mjög yfirgripsmikið. Hins vegar tel ég afar mikilvægt að tillögur nefndarinnar komist til þessarar ríkisstjórnar áður en þinginu lýkur þannig að ríkisstjórnin geti hafist handa áður en valdatímabili hennar lýkur um að framkvæma þessar tillögur sem ég þykist fullviss um að séu unnar af alúð og miklum áhuga og vandað til þeirra. Þess vegna m.a. var fsp. borin fram til þess að kanna hvort ekki yrði örugglega hægt að byrja framkvæmdir að einhverju leyti. Ég fagna því að þetta kennsluverkefni skuli vera í þann veginn að hefjast, en það er svo fjarskalega margt annað sem á þarf að taka og ætla ég m.a. að víkja að því við umræður um fsp. sem ég flyt hér á eftir.

Alnæmissjúklingar, ein umr.

Fsp. EG, 224. mál. — Þskj. 240.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 240 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbrmrh.:

„Hvaða ráðstafanir hafa heilbrigðisyfirvöld gert eða hyggjast gera til að mæta þeim vanda er óhjákvæmilega hlýtur að skapast á sjúkrahúsum vegna fjölgunar alnæmissjúklinga á Íslandi á næstu árum.?“

Í Morgunblaðinu s.l. laugardag var frétt á forsíðu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Verður alnæmisfaraldurinn verri en plágur fyrri alda? Alnæmið getur orðið að svo alvarlegri farsótt að plágur fyrri alda, svo sem svartidauði, kúabóla og taugaveiki, komist þar í engan samjöfnuð við. Kom þetta fram í ræðu sem Otis R. Bowen, heilbrigðismálaráðherra Bandaríkjanna, flutti á fimmtudag hjá bandaríska blaðamannafélaginu.“

Nú er það svo að vísu að fréttir um sjúkdóma og heilbrigðismál í dagblöðum eru ekki alltaf ýkja áreiðanlegar, en með fullri virðingu fyrir blaðinu sem hér um ræðir og þeim heimildum þess sem vitnað er til er þetta auðvitað mjög alvarleg yfirlýsing en jafnframt kemur hún kannske ekki svo mjög á óvart. Mér er það minnisstætt að fyrir einum 2–3 árum ræddi ég um þessi mál við lækni. Það var löngu áður en þessa sjúkdóms hafði orðið vart hér á landi. Þá lét þessi íslenski læknir einmitt orð falla í þá veru að það kynni að vera að hér væri á ferðinni ný plága á borð við drepsóttir fyrri alda.

Það er staðreynd að velflestar spár um aukna útbreiðslu þessa hræðilega sjúkdóms hafa staðist með óhugnanlegri stærðfræðilegri nákvæmni þannig að vafasamt er í rauninni að tala um spár. Í Morgunblaðinu 29. nóv. s.l. birtist grein eftir Harald Briem smitsjúkdómalækni sem er einn þeirra er gleggst þekkja til þessara mála hér. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef stuðst er við tímasetningu greiningar alnæmissjúklinganna kemur í ljós að fjöldi þeirra fylgir veldisfalli sem bendir til tvöföldunar á sex mánaða fresti. Reynslan annars staðar sýnir að slík fjölgun sjúklinga verður í byrjun faraldursins. Síðan virðist tvöföldunartíminn lengjast í tólf mánuði að nokkr-

um árum liðnum án þess þó að raunverulega dragi úr útbreiðslunni. Ef gert er ráð fyrir að tvöföldunartíminn lengist að ári liðnu í tólf mánuði á Íslandi má gera ráð fyrir samtals um 20 alnæmissjúklingum fyrir árslok 1987 og um 40 fyrir árslok 1988."

Ef þessi spá er framlengd um eitt ár, þ.e. til loka ársins 1989, og það er ekki svo ýkjalangur tími þangað til, væru alnæmissjúklingarnir hugsanlega orðnir 80 talsins. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er það staðreynd að spásagnir um útbreiðslu þessa sjúkdóms hafa staðist með óhugnanlega stærðfræðilegri nákvæmni.

Ég sé ekki, herra forseti, að ég þurfi að fylgja þessari fsp. úr hlaði með fleiri orðum, en það er alveg ljóst að þetta krefst sérstakra aðgerða í heilbrigðiskerfinu og því er þessi fsp. fram borin.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Spurt er hvaða ráðstafanir heilbrigðisyfirvöld hafi gert eða hyggist gera til að mæta þeim vanda er óhjákvæmilega hlýtur að skapast á sjúkrahúsum vegna fjölgunar alnæmissjúklinga á Íslandi á næstu árum.

Síðustu tvö ár hefur heilbrigðisstjórnin, eins og flestar heilbrigðisstjórnir í heiminum, unnið mjög markvisst að því að mæta þeim vanda sem alnæmi er að skapa og mun skapa í heilbrigðisþjónustunni. Fyrstu viðbrögð voru að sjálfsögðu þau að afla sér sem gleggstra upplýsinga um sjúkdóminn og sjá til þess að vitneskja um hann og þá hættu sem af honum stafaði bærist öllum almenningi sem allra fyrst. Upplýsingaherferð um sjúkdóminn var því hér á landi eins og annars staðar það sem hæst bar á árinu 1985 og raunar enn.

Næsti þáttur var upplýsingastarfsemi vegna starfsfólks heilbrigðisstofnana. Má segja að allt smitgátarkerfi sjúkrahúsanna hafi verið endurskoðað og endurbætt með tilliti til þeirrar hugsanlegu hættu sem af alnæmissjúklingum gæti stafað. Á vegum landlæknisembættisins voru gefnar út mjög nákvæmar reglur til starfsfólks um hegðan þess og umgengni við sjúklinga. Þá var öll vinna á rannsóknarstofum endurskoðuð og endurskipulögð með tilliti til þess að öll blóðtaka færi fram í lokuð ílát til þess að hættan af mengun frá blóði yrði eins lítil og kostur væri.

Þá má minna á þær umræður sem fram fóru hér á síðasta þingi er alnæmi var bætt við í flokk þeirra sjúkdóma sem heyrðu undir kynsjúkdómalögin. Einnig má minna á þær sérstöku fjárveitingar sem fengust til að byggja upp sérstaka rannsóknarstofu sem fengist við rannsóknir á veirusjúkdómum almennt en alnæmi sérstaklega. Þessi rannsóknarstofa verður tilbúin fljótlega, jafnvel fyrir lok þessa mánaðar.

Þá ber að geta þess að á miðju s.l. ári var hafin skimun á öllu blóði í blóðbanka til þess að fyrirbyggja að smit berist við blóðgjafir. Enn fremur er til umræðu nú og stendur fyrir dyrum ákvörðun um að allt blóð sem tekið er á spítölunum verði rannsakað í öryggisskyni, en aðstaða til þess skapast þegar rannsóknarstofan tekur til starfa.

Á nýliðnu hausti hófst sérstök upplýsingaherferð í sambandi við alnæmi. Aukafjárveiting fékkst til þess verkefnis á s.l. ári og á fjárlögum fyrir árið 1987 er sérstök fjárveiting í þessu skyni að upphæð 5 millj. 350 þús. kr. Sú upphæð er að vísu ekki há þegar til þess er litið hvað hér er um að tefla, en á hinn bóginn hefur komið í ljós að mjög margir eru fúsir til að leggja hönd á þennan plóg og hafa þegar gert það.

Fyrir nokkru er kominn út upplýsingabæklingur sem prentaður var í 40 þús. eintökum og sendur heim til allra landsmanna á aldrinum 15–24 ára og í undirbúningi er bæklingur sem á að fara inn á hvert heimili. Verður hann væntanlega tilbúinn eftir nokkrar vikur.

Auk þess má nefna að dagblöðin öll hafa boðið fram liðsinni sitt, m.a. ókeypis heilsíðurúm fyrir auglýsingar í þessu skyni. Morgunblaðið gaf út fjórblöðung um þetta efni þar sem einnig voru ókeypis auglýsingar og fleira af þessu tagi mætti nefna. Ríkisfjölmiðlarnir og sömuleiðis aðrir fjölmiðlar sem senda út á öldum ljósvakans hafa einnig verið mjög hjálplegir í þessari fræðsluherferð. Sérstakt námskeið hefur verið haldið fyrir skólahjúkrunarfræðinga og heilsuverndarhjúkrunarfræðinga vegna fræðslu um þetta efni í skólum.

Herra forseti. Ef fyrirspyrjandi skyldi taka aftur til máls fæ ég kannske tækifæri til að tala hér öðru sinni og mun þá reyna að ljúka þessu svari sem er mjög umfangsmikið eins og gefur að skilja þó að ekki sé tæpt nema á því allra helsta.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir þann hluta svarsins sem þegar hefur verið fluttur og ekki skal ég draga úr því sem gert hefur verið t.d. á upplýsingasviðinu og varðandi ýmislegt annað. Hins vegar bíð ég enn eftir að heyra í svari hæstv. ráðh. og vonandi kemur það síðar hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar á sjúkrahúsum til að tryggja hjúkrun og aðhlynningu þeirra sem við vitum með fullri vissu að eiga eftir að leita til sjúkrahúsanna og heilbrigðiskerfisins vegna þessa hræðilega sjúkdóms. Ég vona eindregið að upplýsingar um það verði að finna síðar í svari hæstv. ráðh.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mig langar til að fá að upplýsa í örfáum orðum sem einn af fulltrúum Alþingis í stjórnarnefnd ríkisspítalanna að sú stofnun, stjórnarnefnd ríkisspítala, hefur ítrekað tekið þessi mál fyrir, sem eðlilegt má teljast, og að innan ríkisspítalanna er viss lausn, a.m.k. tímabundin lausn, hvað varðar vistun sjúklinga sem hér um ræðir í undirbúningi. Læknaráð Landspítalans hefur líklega á flestum fundum sínum s.l. ár fjallað um þetta og verið stjórnarnefnd til ráðuneytis um þau mál.

Það sem ég hins vegar óttast sérstaklega og hvet hv. alþm. og ráðamenn til að hugleiða er sá geysilegi kostnaður sem hlýtur að leiða af glímunni við þennan sjúkdóm, bæði vegna vistunar og ekki síður vegna ýmissa varúðarráðstafana sem óhjákvæmilegt er að gera í rekstri heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Gerð hefur verið spá um áhrif alnæmisfaraldurs á heilbrigðisþjónustuna fram til ársins 1990. Í þessari spá er stuðst við hugsanlegan fjölda alnæmissjúklinga frá október 1986. Í spánni er gert ráð fyrir að lífslíkur alnæmissjúklings á lokastigi séu 12–13 mánuðir, en meðallega hvers sjúklings á sjúkrahúsi séu 16 vikur, að þessi sjúkrahúsvist dreifist eftir ákveðnu munstri sem þykir sennilegt. Lágmarksspá í þessu sambandi er að samtals hafi greinst 40 alnæmissjúklingar í árslok 1989, meðalspá að 80 alnæmissjúklingar greinist á sama tíma og hámarksspá að þeir verði 160. Ef við miðum við meðalspá yrði heildarlegudagafjöldi um 9000 á þessu tímabili. Miðað við þessa meðalspá gætu greinst á þessu ári fimm nýir sjúklingar og þrír látist, á árinu 1988 greinst tíu nýir og fimm látist og á árinu 1989 tuttugu nýir og tíu látist.

Miðað við þessa spá yrðu síðari hluta ársins 1987 að jafnaði 1–2 sjúklingar á sjúkrahúsi, í lok ársins 1988 4–5 og í lok ársins 1989 5–7 að jafnaði á sjúkrahúsi síðari hluta ársins, 3–5 fyrri hluta ársins.

Það er ljóst af öllum þessum tölum að næstu þrjú ár þarf ekki að gera ráð fyrir slíkri fjölgun alnæmissjúklinga á sjúkrahúsum að nauðsynlegar séu neyðarráðstafanir til að koma upp sérstökum sjúkrahúsadeildum vegna þeirra. Sjúklingar með alnæmi vistast nú bæði á Borgarspítala og Landspítala. Það er gert ráð fyrir því að Borgarspítalinn verði valinn sem aðalvistunarstaður, þar er betri aðstaða til einangrunar, en einstök tilvik geti vistast í Landspítala. Vitanlega fer þetta m.a. eftir ýmsum kvillum sem alnæminu fylgja. Eingöngu er um að ræða vistun á sérstökum einbýlum þar sem allrar varúðar er hægt að gæta vegna starfsfólksins sem hjúkrar sjúklingnum. Vissulega skapa þessir sjúklingar mjög mikla vinnu hver fyrir sig, en ekki meiri vinnu þó en fjöldamargir aðrir sjúklingar sem á sjúkrahúsum dveljast. Það er því mat heilbrigðisstjórnarinnar að heilbrigðiskerfið og sjúkrahúskerfið íslenska geti nú þegar leyst þann vanda sem að steðjar í þessu efni og sem fyrirsjáanlegur er á allra næstu árum.

Það er rétt, sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði hér áðan, að ýmsar þessar aðgerðir, sem þó fara fram við það kerfi sem fyrir er, kalla á mikinn aukakostnað í vinnu og varúðarráðstöfunum vegna blóðsýna o.s.frv. Það er ekki tími til að fara nánar út í það hér, en ljóst er að við þessu verður að bregðast í sjúkrahúsarekstrinum á næstu árum. Það er þó mitt mat að ef það sýnir sig að þessi umrædda spá reynist röng gefist tími til að setja upp sérstaka deild á sjúkrahúsi fyrir alnæmissjúklinga. En eins og málið horfir nú við er ekki líklegt að þörf sé á slíkri sérstakri deild fyrr en kemur fram á miðjan næsta áratug eða í lok þess áratugs ef ekki hafa á þeim tíma komið fram nein lyf sem breyta gangi sjúkdómsins eða lækna hann.

Ég vil þó enda á því að leggja áherslu á að sú upplýsingaherferð sem er í gangi og aðgætni almennings sjálfs skiptir í raun og veru mestu máli í þessu sambandi því að árangurinn af því getur ráðið því hvort þessi spá, sem hér hefur verið getið um, stenst eða í henni verði miklu hærri tölur ef full aðgætni er ekki höfð. Þess vegna verður ekki um of lögð áhersla á þýðingu þess að menn bregðist vel við þátttöku í því efni.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég skal gera örstutta athugasemd. Ég leyfi mér að draga í efa að sjúkrahúsin séu tilbúin að bæta við sig sjúklingum þegar við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum leiðir af sér að sjúklingar eru lagðir inn á gangana á sjúkrahúsunum og stofum er lokað. Það hlýtur hver og einn að gera sér grein fyrir því að sjúklingur sem þarf að vera í einangrun kallar á mun meiri vinnu en aðrir sjúklingar og það er ekki mjög algengt á sjúkrahúsum í dag að þau séu margir sjúklingar í einangrun. Það kallar á mjög mikla vinnu og mikla nákvæmni og það hleypur enginn í að sinna sjúklingi ef deild er yfirfull miðað við starfsmannafjölda. Þess vegna vil ég ítreka þá skoðun mína og það hefur áður verið rætt hér á Alþingi: Á ekkert að gera í því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir varðandi skort á starfsfólki á sjúkrahúsunum? Getum við leyft okkur að halda því fram hér í fullri hreinskilni að það verði ekkert vandamál þegar við stöndum frammi fyrir því að eyðnisjúklingum fjölgar og þeir kalla á mun meira starfslið en við höfum til staðar í dag?

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svörin. Það er gott til þess að vita að unnið er að áætlanagerð á þessu sviði og menn hafa viðbúnað og undirbúning. Hins vegar tek ég undir með hv. 8. landsk. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur að það er til lítils að gera það ef ekki fæst starfslið og starfsliðinu eru ekki búin þau kjör að það fáist til vinnu á sjúkrahúsunum. Þá er til lítils unnið.

En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og legg jafnframt á það áherslu að af þessu hlýtur að verða verulegur og vaxandi kostnaður. Í fjölmennum löndum og hjá stórum þjóðum hafa menn látið í ljós áhyggjur um að þessi sjúkdómur og kostnaðurinn vegna umönnunar sjúklinga kynni þar að sliga heilbrigðiskerfið. Við þurfum að hafa gát á okkur í þeim efnum. Þess vegna hygg ég að því fjármagni sem varið er til kynningar, fræðslu og forvarnarstarfs sé vel varið og það beri að auka fremur en hitt.

Hjálparstöð fyrir börn og unglinga, ein umr.

Fsp. GA, 299. mál. — Þskj. 531.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 531 hef ég leyft mér að bera fram fsp. um það hvort áður umrædd framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar um ávana- og fíkniefni geri ráð fyrir áframhaldandi rekstri hjálparstöðvar Rauða kross Íslands að Tjarnargötu 35 í Reykjavík. Einnig hvort ríkisstjórnin muni tryggja nægilegt fé til reksturs stöðvarinnar á þessu ári.

Á þinginu 1984 flutti Kvennalistinn þáltill. um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þessari till. var vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum að stjórnskipuð nefnd væri þegar að vinna að þessu verkefni og gera um það tillögur. Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum til hæstv. heilbrmrh. fyrir alllöngu en þó ekkert verið aðhafst af hálfu stjórnvalda í þessum efnum.

Í desember 1985 hóf svo starfsemi sína hjálparstöð fyrir börn og unglinga á vegum Rauða kross Íslands og er hún til húsa í Tjarnargötu 35 eins og ég sagði áður. Tilgangur stöðvarinnar samrýmist þeim grundvallaratriðum sem Rauði krossinn byggist á og starfar eftir, þ.e. að veita hjálp í viðlögum og sinna fyrirbyggjandi starfi, í þessu tilfelli fyrir unglinga allt að 18 ára aldri. Einnig var þessu framtaki jafnframt ætlað að vera könnun á því hve mikil þörf er á slíku athvarfi, þ.e. hver fjöldi þeirra barna og unglinga er sem eiga í vanda vegna ávana- og fíkniefna og einnig af hvaða rótum sá vandi er runninn.

Stöðin hefur nú starfað í rúmlega eitt ár og verið opin allan sólarhringinn. Á þeim tíma hafa leitað til hennar 80 einstaklingar 137 sinnum, 44 stúlkur og 36 drengir. 68 þessara einstaklinga áttu lögheimili í Reykjavík, en 46 úti á landi og 23 í nágrannabyggðum Reykjavíkur. Meðalaldur þeirra var 17 ár, meðaldvalartími 6,6 nætur.

Öllum kostnaði við rekstur stöðvarinnar hefur verið haldið í lágmarki, bæði með hagsýni en ekki síður með ómældri sjálfboðavinnu. Kostnaður Rauða krossins af rekstri stöðvarinnar var 4,8 millj. á árinu 1986. Stöðin hefur haft samvinnu við opinberar stofnanir og einstaklinga sem sinna þeim vanda er að unglingunum steðjar, eins og t.d. unglingaráðgjöf ríkisins, unglingadeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, SÁÁ að Vogi, félagsráðgjafa og sálfræðinga.

Stöðin er ekki meðferðarstofnun í eiginlegum skilningi, en hjálp hennar er fyrst og fremst fólgin í því að veita bágstöddum börnum og unglingum húsaskjól, öryggi, næringu, svefn- og hvíldaraðstöðu, snyrti- og þvottaaðstöðu og ekki síst aðstoð við að greina vanda sinn með umræðum, hvatningu, stuðningi og ábendingum til lausnar. Aðalreglan við móttöku gesta á stöðina er að viðkomandi óski sjálfur aðstoðar.

Enginn vafi er á því að hjálparstöðin gegnir mikilvægu hlutverki og ótvírætt þörf er fyrir starfsemi af þessu tagi. Rauði krossinn hefur lagt fram fé til reksturs stöðvarinnar fyrir fyrsta ársfjórðung þessa árs, en vegna annarra verkefna og skuldbindinga Rauða krossins treysta forráðamenn hans sér ekki til að leggja af mörkum meira fé til þessarar stöðvar. Velunnarar stöðvarinnar eru nú uggandi um hag hennar í næstu framtíð nema til komi stuðningur frá opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum. Því ber ég fram þessa fsp.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í svari mínu áðan vinnur framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar, sem starfar á þessu sviði, að lokatillögum sínum og gerir ráð fyrir að skila þeim í lok mánaðarins. Nefndin hefur í starfi sínu kynnt sér starfsemi Rauðakrosshússins og hef ég fengið staðfest frá formanni nefndarinnar að það starf er talið þýðingarmikið. Get ég tekið undir hvert orð sem hv. fyrirspyrjandi sagði um það. Ég veit að það er álit nefndarinnar. Nefndin hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að gera heildartillögur og gerði aðeins eina undantekningu, sem ég gat um áðan, með námsefnið. Mér er tjáð að í þeim tillögum sem væntanlegar eru frá nefndinni í lok mánaðarins megi treysta því að tekið verði á þeim vanda sem hér um ræðir. Mér er kunnugt um að einhverjar umræður hafa verið um það hvort sveitarfélög eiga að koma inn í þetta ásamt ríkinu.

Ég tel að treysta megi því að í lok mánaðarins liggi fyrir tillaga um afgreiðslu á því erindi sem nefndinni hefur borist frá Rauða krossinum í þessu sambandi og ég endurtek að fullur skilningur er á að þessari starfsemi verður að halda áfram og reyndar að auka.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við þessa fsp. að þetta er eitt hinna dæmigerðu mála sem liggja kannske á mörkum félagsmálasviðs, heilbrigðissviðs og jafnvel fleiri verkefnasviða ráðuneyta. Þetta mál hefur verið rætt við mig í heilbrmrn. og ég tel að það sé eðlilegt að beita sér fyrir því að hinn eðlilegi vettvangur verði Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hér er um að ræða börn og unglinga frá öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins þannig að það leiðir kannske til þess að það verði ekki eitt sveitarfélag sem tekur þessi mál að sér þó að þetta sé kannske dæmigert félagsmálastofnanamál, þ.e. verkefni félagsmálastofnana sveitarfélaga. En þessa leið vildi ég kanna til þrautar. Ef hún tekst ekki tel ég að ríkið verði með einhverjum hætti að koma til stuðnings því að ég tel að þessi starfsemi hafi sannað gildi sitt og haft mikla þýðingu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir sem sinna börnum og unglingum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég fagna góðum undirtektum tveggja ráðherra, hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrmrh. Hins vegar vil ég leggja ríka áherslu á að

það skiptir í raun ekki meginmáli í gegnum hvaða stjórnunartæki fjármagn til reksturs stöðvarinnar kemur. Aðalmálið nú er að rekstur stöðvarinnar verði tryggður eftir lok aprílmánaðar því að fjárhagslegur grundvöllur hennar er ekki lengur en til aprílloka.

Ég tek undir að þetta er mál sem varðar e.t.v. mörg ráðuneyti, á snertifleti við mörg ráðuneyti. Vandi þeirra unglinga sem til stöðvarinnar hafa leitað er margþættur og hann er mjög oft af félagslegum toga spunninn, að þeim steðja langvinn félagsleg vandamál, og það snýr aftur að stjórnvöldum vegna þess að það varðar beint stefnu stjórnvalda í fjölskyldumálum. Það varðar þá pólitík sem stjórnvöld reka í málum fjölskyldunnar.

Hvað varðar Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er það mjög gott ef þau hafa fjármagn til þess að sinna þessu. Ég kom með tölur áðan sem sögðu að það væru 68 einstaklingar á Reykjavíkursvæðinu, 46 utan af landi og 23 úr nágrannabyggðum Reykjavíkur þannig að þetta er greinilega blandaður hópur, enda er þetta eina neyðarathvarfið fyrir börn og unglinga sem eiga í vanda.

Ég hvet stjórnvöld til þess, verði einhver töf á því að tillögurnar komi fram á þeim tíma sem ætlað var, að sjá til þess að fjárhagsgrundvöllur þessarar stöðvar verði tryggður. Það skiptir mjög miklu máli.

Hvalveiðar og hvalarannsóknir, ein umr.

Fsp. GHelg, 282. mál. — Þskj. 509.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. 1. jan. 1986 tók gildi samningur sjútvrn. fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar annars vegar og Hvals hf. hins vegar sem gerður var til að, eins og þar segir, „auka vísindalega þekkingu á ástandi hvalastofna hér við land og skapa nauðsynlegan grundvöll til endurmats á áhrifum veiðistöðvunar hvalastofnanna fyrir árið 1999. Rannsóknunum var ætlað að auðvelda endurskoðun ákvörðunar um stöðvun hvalveiða sem Alþjóðahvalveiðiráðið tók árið 1982 og Alþingi samþykkti að mótmæla ekki. Gert var ráð fyrir að áætlunin yrði endurskoðuð árlega með tilliti til árangurs rannsóknanna, en í 1. gr. ofangreinds samnings segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Árleg veiði árin 1986–1989 er áætluð 80 langreyðar og 40 sandreyðar. Endanleg ákvörðun um árlegt veiðimagn verður tekin af Hafrannsóknastofnun fyrir upphaf hvers almanaksárs."

Í 3. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Til að standa straum af kostnaði við hvalarannsóknir skal sérhver hvalur nýttur til fullnustu. Skal vinnsla miðuð við að veiddir hvalir séu nýttir til manneldis eftir því sem kostur er. Hvalur hf. tekur að sér að annast vinnslu veiddra hvala og sölu á afurðum. Eru allar ákvarðanir varðandi þau efni í höndum Hvals hf. og kostnaður samfara þeirri starfsemi Hafrannsóknastofnun óviðkomandi."

Í 4. gr. samningsins segir að andvirði allra hvalaafurða skuli alfarið varið til greiðslu kostnaðar er tengist hvalarannsóknum. Skyldi Hvalur hf. standa sjútvrn. skil á 100 þús. kr. fyrir hvern veiddan hval óháð söluverði og greiðslutíma afurða og skyldi sú upphæð háð breytingum á byggingarvísitölu hverju sinni. Reyndist andvirði afurða hærra en til þurfti til að mæta greiðslum af rekstri Hvals hf. og greiðslum til Hafrannsóknastofnunar skyldi það renna óskipt í sérstakan sjóð í vörslu sjútvrn. og því fé skyldi verja til hvalarannsókna.

Á síðasta löggjafarþingi lagði ég fsp. fyrir hæstv. sjútvrh. m.a. um það hvort sala á afurðum væri tryggð t.d. til Japans sem hefur verið aðalkaupandi þeirra. Ráðherra viðurkenndi þá að óvissa væri nokkur í stöðu málsins. Síðan hafa mörg vötn runnið til sjávar. Á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Malmö í fyrra var samþykkt að skv. 2. gr. VIII. kafla samningsins um stöðvun hvalveiða til ársins 1999 skyldu afurðir af hvölum veiddum í vísindaskyni nýttar af veiðiþjóðinni sjálfri. Eftir mikinn þrýsting, ekki síst frá Bandaríkjamönnum, sem olli stöðvun veiðanna um tíma, var ákveðið að Íslendingar skyldu sjálfir nýta 51% afurðanna en 49% skyldu seld úr landi. Þrátt fyrir harðvítuga þjóðerniskennd Íslendinga, vegna erlendra afskipta, sem braust út í verulegu hvalkjötsáti hér á landi um tíma, er vafalaust allnokkuð óselt af afurðum síðustu vertíðar þar sem ekki er vitað um sölu úr landi. Það hlýtur því að vera ástæða til að spyrja hverjar horfur séu nú í þessu máli.

Ég hef því, herra forseti, borið fram fsp. á þskj. 509 til hæstv. sjútvrh. sem hljóðar svo:

„1. Hverjar eru horfur á að áætlun um hvalarannsóknir samkvæmt samningi sjútvrn. við Hval hf., sem tók gildi 1. jan. 1986, standist að því er tekur til a) rannsókna, b) fjármögnunar rannsóknaráætlunar?

2. Hversu miklar hvalaafurðir frá veiðunum árið 1986 hafa selst a) á innlendan markað, b) á erlendan markað?

3. Hefur endanleg ákvörðun verið tekin um veiðar árið 1987?

4. Að hvaða þáttum hafa rannsóknir einkum beinst árið 1986?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það skal tekið fram vegna orðalags 1. tölul. fsp. að samningur sá sem vitnað er til, er gerður var í því skyni að auka vísindalega þekkingu á ástandi hvalastofna hér við land og skapa nauðsynlegan grundvöll til endurmats á áhrifum veiðistöðvunar fyrir árið 1990, er milli Hafrannsóknastofnunarinnar, Reykjavík, annars vegar og Hvals hf.,

Miðsandi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, hins vegar.

Vík ég þá að a-lið 1. liðs. Vegna endurskoðunar áætlunarinnar og nokkurrar óvissu um framtíð rannsóknanna fyrri hluta s.l. árs var nokkru hægar farið af stað en mögulegt hefði verið. Að öðru leyti má segja að áætlun hafi staðist miðað við það sem gert var ráð fyrir í upphafi. Í fyrstu var varið verulegum tíma í endurskoðun áætlunarinnar þar sem tekið var tillit til gagnrýni og ábendinga á einstaka þætti hennar. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar voru birtar í maí 1986. Jafnframt var unnið að öðrum undirbúningi rannsóknanna, svo sem öflun húsnæðis fyrir hina auknu starfsemi og ráðningu starfsfólks. Til bráðabirgða var fengin á leigu aðstaða í húsnæði ríkissjóðs við Sölvhólsgötu 13 en rannsóknirnar munu flytja að Skúlagötu 4 við endurskipulagningu húsnæðis Hafrannsóknastofnunar. Á árinu voru þrír starfsmenn fastráðnir til að starfa við þessar rannsóknir, auk þeirra þriggja sem fyrir voru. Auk þess voru 15 lausráðnir starfsmenn við störf að afmörkuðum verkefnum um skemmri tíma.

Um b-lið er það að segja að í samræmi við samning við Hval hf. og 8. gr. stofnskrár Alþjóðahvalveiðiráðsins var sérhver hvalur nýttur til fullnustu. Vinnsla afurðanna var miðuð við nýtingu til manneldis eftir því sem kostur var. Í samræmi við 4. gr. framangreinds samnings hefur Hvalur hf. greitt um 16 millj. kr. á árinu 1986 til Hafrannsóknastofnunar sem á s.l. ári varði rúmlega 8 millj. kr. til rannsóknanna. Mismuninum verður varið til rannsókna þessa árs. Endanlegt reikningsuppgjör liggur ekki fyrir. Reynist andvirði afurða hærra en framangreind upphæð að viðbættum rekstrarkostnaði Hvals hf. vegna útgerðar hvalveiðiskipa, rekstri vinnslustöðvar og geymslu og sölu afurða skal það sem umfram er renna óskipt í sérstakan hvalrannsóknasjóð í vörslu sjútvrn. Kostnaðaráætlun vegna rannsóknanna 1987 gerir ráð fyrir heildarrekstrarútgjöldum að upphæð 25,5 millj. kr. Stærsti útgjaldaliðurinn í ár verður vegna umfangsmikilla hvalatalninga sem ég mun fjalla nánar um undir 4. lið fsp. og er skipaleiga vegna þessa verkefnis áætluð nema 16 millj. kr. Gert er ráð fyrir að óráðstafað fjármagn í árslok 1987 muni verða u.þ.b. 1 millj. kr.

2. liður: Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hval hf. hafa verið seld á innlendan markað samtals 130 tonn af hvalkjöti og rengi af framleiðslu hvalveiðivertíðarinnar árið 1986. Engar afurðir hafa enn þá verið fluttar á erlendan markað af þessari framleiðslu en útflutningur mun hefjast innan tíðar og verður flutt út það magn sem stjórnvöld hafa heimilað útflutning á, þ.e. 49% kjöts og 49% annarra afurða.

3. liður: Rannsóknaráætlunin gerir ráð fyrir veiðum á 80 langreyðum, 40 sandreyðum og 80 hrefnum árlega út rannsóknartímabilið. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um hrefnuveiðar þar sem m.a. er beðið eftir rannsóknarniðurstöðum úr talningum frá s.l. ári. Engin áform eru uppi um breytingu á langreyðar- og sandreyðarveiðum.

4. liður: Eins og öll áætlunin gerir ráð fyrir hafa rannsóknirnar fyrst og fremst beinst að öflun upplýsinga um stofnstærðir hvala hér við land, um veiðiþol þeirra og þátt þeirra í lífkeðjunni í hafinu.

Söfnun nýrra gagna í Hvalfirði:

Í tengslum við veiðarnar í Hvalfirði voru sem fyrr gerðar athuganir á viðkomu og aldri allra veiddra dýra. Ítarlegum gögnum var safnað um fæðuval og ástand hvalanna, einkum með tilliti til orkubúskapar þeirra. Jafnframt voru gerðar mælingar og tekin fæðusýni á hvalamiðunum til samanburðar. Markmið þessara athugana er að auka þekkingu okkar á þætti hvalanna í fæðukeðjunni og áhrifum umhverfisþátta á lífsskilyrði þeirra. Einnig var tæpur helmingur hvalanna vigtaður í sama tilgangi en slíkt er aðeins unnt með sérstökum tilfæringum í vinnslu hvalsins. Gerðar voru ýmsar mælingar á efnainnihaldi vefja og líffæra. Þá var haldið áfram lífefnafræðilegum athugunum á erfðamörkum hvala, m.a. með nýjum aðferðum sem ætlað er að varpa ljósi á greiningu stofnanna í Norður-Atlantshafi.

Þegar áætlunin var endurskoðuð í fyrra var erlendum vísindamönnum boðin þátttaka í rannsóknum og boðin aðstaða til að starfa að eigin verkefnum. Á árinu 1986 komu 20 erlendir vísindamenn og nýttu sér aðstöðu til vettvangsrannsókna í Hvalfirði. Vísindamennirnir komu frá 15 háskólum eða rannsóknastofnunum í sex löndum, tveir komu frá Kanada, þrír frá Bretlandi, fimm frá Vestur-Þýskalandi, einn frá Svíþjóð, einn frá Spáni og síðast en ekki síst komu átta vísindamenn frá Bandaríkjunum. Erlendu vísindamennirnir unnu að athugunum er snerta ýmsa þætti líffræði hvala. Helstu viðfangsefnin voru: Athuganir á tíðni sjúkdóma, eðlis- og orkufræði hreyfingar hvala, flutningur næringarefna og beinþroskun, líffæra- og vefjafræði, leiðni hljóðs í eyra hvals, mengun í vefjum og líffærum og lífeðlisfræði æðakerfisins.

Söfnun nýrra gagna í leiðöngrum:

Herra forseti. Hér er um nokkuð umfangsmikla fsp. að ræða og vildi ég mega nota síðari hluta tíma míns til þess að ljúka svarinu.

Ljóst er nú að umfangsmikil flugtalning á hrefnu bar góðan árangur. Talningin náði til alls íslenska strandsvæðisins í júní og júlí s.l. sumar. Lokaúrvinnsla fer nú fram og verða niðurstöður lagðar fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní n.k. Reglubundnar talningar og rannsóknir úr hvalveiðiskipum fóru fram í júní, júlí og ágúst. Í fyrra voru gerðar ýmsar breytingar á athugunum í samanburði við fyrra ár sem miða að því að gera gögnin betur fallin til mats á fjölda hvala á tilteknu svæði, þ.e. beinna magnmælinga. Þess má geta að skráning og aðrar athuganir á hvalskipum s.l. sumar útheimta að sjálfsögðu mun meiri þátttöku og árvekni sjómanna en áður hefur tíðkast við venjulegar veiðar.

Í október og nóvember var unnið að ljósmyndun og öðrum athugunum á háhyrningum austanlands en niðurstöður sýndu verulegan fjölda dýra á síldarmiðunum. Búist er við að frekari úrvinnsla gagna

gefi nýjar upplýsingar um greiningu háhyrninga í stofna á Norður-Atlantshafi og áreiðanlegra mat á fjölda dýra hér við land en nú er til. Líklegt er þó að nauðsynlegt verði að halda rannsóknunum áfram í ár og næsta ár.

Úrvinnsla og skipulagning:

Unnið var að skipulagningu ýmissa þátta rannsóknanna, einkum fyrirhugaðra hvalatalninga á þessu ári. Það er umfangsmesta verkefni sem ráðist verður í á rannsóknartímabilinu þar sem a.m.k. þrjú íslensk skip verða við athuganir samtímis. Gert er ráð fyrir þátttöku annarra landa í talningunum. Reiknað er með þremur skipum frá Noregi, einu frá Færeyjum og einu sem styrkt er af norrænu ráðherranefndinni. Einnig er vonast eftir að Danir leggi til skip til hvalatalninga við vesturströnd Grænlands. Gangi þetta eftir mun það verulega auka gildi talninganna og jafnframt verða mesta átak í hvalatalningum sem framkvæmt hefur verið á Norður-Atlantshafi.

Haldið er áfram reiknifræðilegum athugunum á stofnum hvala, m.a. með tilliti til bættrar stjórnunar veiða. Sömuleiðis var unnið við úrvinnslu líffræðilegra sýna frá s.l. ári og frá fyrri árum en það felst m.a. í skoðun sýna, tölvuvæðingu gagnagrunns og útreikningum á niðurstöðum. Hafa ber í huga að mörg verkefnanna eru hluti langtímarannsókna sem ekki skila árangri fyrr en að nokkrum árum liðnum. Stefnt er þó að birtingu allra niðurstaðna eftir því sem þær liggja fyrir strax á þessu ári og að samantekt um rannsóknirnar verði birt í lok rannsóknartímabilsins 1989.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Það vinnst ekki tími til að fara efnislega ofan í þetta mál. Ég tók eftir því í svari hæstv. ráðh. að það er áformað að halda áfram stórhvelaveiðum næsta sumar. Ég bið hæstv. ráðherra að endurskoða þessa ákvörðun sína og athuga vel sinn gang. Það hlýtur að vera svo að við erum með þessu móti að ganga á bak samþykkta okkar hvort sem þær hafa verið réttar eða rangar. Við erum að halda við efnið hópum öfgamanna sem sýnt hafa að þeir láta einskis ófreistað til að stöðva þessar veiðar okkar og ég get ekki séð meðan enn er ekkert flutt út af þessum afurðum að við séum að vinna neinum gagn, fremur skemmta skrattanum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar mjög svo gagnlegu upplýsingar sem ég tel að hafi verið mjög nauðsynlegt að fá. En eftir stendur og ég vil taka undir með hv. þm. Birni Dagbjartssyni að það er ákaflega erfitt að sjá nauðsyn þess að halda þessum veiðum áfram, eins og nú er komið, í blóra við alþjóðlega samþykkt. Ég veit alveg hverju hæstv. ráðh. svarar því. Hann telur sig ekki ganga ólöglega á samninginn og hann hefur rök fyrir því. En það er alveg vitað að Íslendingar hafa sett sig í afar slæma stöðu á alþjóðavettvangi með þessum veiðum.

Nú lítur einnig út fyrir að þetta fé sem Hvalur hf. virðist hafa greitt samviskusamlega hafi farið að verulegu leyti í rannsóknir sem krefjast þess hreint ekki að eitt einasta dýr sé drepið. Eftir þá veiði sem fram fór í fyrra held ég að til hljóti að vera verulegt efni til rannsókna á dýrum sem drepin hafa verið, en menn hafi nú meiri áhuga á því að komast að stofnstærðum, telja dýrin í sjónum, jafnvel úr lofti, og annað slíkt, enda minntist hæstv. ráðh. á talningu og ljósmyndun háhyrninga sem þrjú íslensk skip verða tekin til og það gefur auðvitað auga leið að þær rannsóknir eru í engu samræmi við hvaladrápið sem hér á sér stað og mælist afar illa fyrir, því er ekki að neita.

Fyrst og fremst þótti mér þó áhugavert að heyra hæstv. ráðh. segja að þessar hvalkjötsbirgðir verði fluttar út. Ég hlýt að spyrja hann: Hvert verða þær fluttar út? Hefur verið gerður einhver samningur um sölu á þessari vöru? Það væri þá fróðlegt að heyra hvert vörurnar fara og hvenær.

Ég ætla ekki að mæla bót öfgahópum sem standa fyrir skemmdum á mannvirkjum. Með slíkt fólk verður auðvitað að fara sem aðra lögbrjóta. Það sem mér er miklu ofar í huga er að Íslendingar haldi þeirri virðingu sem þeir hafa haft varðandi alþjóðlega samninga sem við nýtum okkur þegar við þurfum á því að halda en skirrumst ekki við að fara í kringum þegar það er okkur í hag.

Til þess að draga saman spurningar mínar eru þær fyrst og fremst: Hver hefur lofað að kaupa hvalaafurðir af Íslendingum og hvenær? Og hvenær má vænta endurskoðunar eða ákvörðunar um veiðar ársins 1987?

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að undirstrika það að Íslendingar eru með þessum vísindaveiðum ekki að brjóta nein alþjóðalög eða alþjóðasamninga. Hins vegar þykir mér furðulegt að heyra hv. þm., þá tvo síðustu sem hafa talað, koma hér upp og leggjast gegn þekkingarleit, vísindarannsóknum og öflun vitneskju um lífkerfið og lífkeðjuna í hafinu umhverfis landið. Þetta þykir mér furðulegt og enn furðulegra þegar það kemur fram líka, eins og það gerði hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni, að í rauninni eigum við bara að beygja okkur fyrir villimönnum á borð við þá sem komu hingað s.l. sumar og unnu skemmdarverk. Það er ekki háreistur málflutningur, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi mál hafa oft verið rædd hér á þingi og af nokkrum hita en ég hélt að það væri öllum í minni þegar samþykkt var á sínum tíma að mótmæla ekki banni við hvalveiðum. Það var gert á þeim forsendum að við notuðum tímann til þess að afla okkur þekkingar á hvalastofnunum við Ísland. Með þeirri áætlun sem hefur verið í gangi erum við að standa við þá samþykkt sem var gerð á sínum

tíma. Auðvitað geta einstakir þættir slíkrar áætlunar verið álitamál en ég tel það fráleitt að líta svo á að við séum að ganga þar gegn alþjóðlegum samþykktum á einn eða annan hátt. Við hljótum að skoða þessi mál út frá langtímahagsmunum Íslendinga, að nýta lífrænar auðlindir hafsins með skynsamlegum hætti þannig að þær verði varðveittar. Við þurfum ekkert að fara í grafgötur um það að það verða til andstæðingar við veiðar á hvölum og fleiri sjávardýrum eftir að þessu banntímabili lýkur sem við höfum gerst aðilar að og við eigum ekki að vera að beygja okkur fyrir slíkum öflum að nauðsynjalausu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mig langar aðeins til að mótmæla því mjög harðlega að við séum að ganga á bak samþykkta okkar. Ég mótmæli því einnig mjög harðlega að við séum að brjóta alþjóðlega samþykktir. Við höfum farið í einu og öllu eftir okkar eigin samþykktum og alþjóðlegum samþykktum og það er furðulegt að mínu mati að slíkt skuli koma fram hér á Alþingi.

Þessar hvalafurðir sem ég nefndi verða fluttar út en ég sé ekki ástæðu til að upplýsa það hér hvenær það verður gert eða hvert.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég sagði ekki að hæstv. ráðh. væri að brjóta lög. En það er vitað að þessar hvalveiðar eru langt frá því að vera í anda þeirra ákvarðana sem teknar voru í Alþjóðahvalveiðiráðinu og raunar hér á Alþingi Íslendinga.

Menn geta haft á því hvaða skoðun sem er hvort hér er um að ræða raunverulega þekkingarleit eða hvort annarleg sjónarmið ráða málum, svo sem afkoma þess góða fyrirtækis Hvals hf. Ég ætla ekkert að fara út í þá umræðu. Eitt er víst að hv. þm. Eiður Guðnason virðist verða mjög tilfinningaheitur þegar þetta mál er á dagskrá.

Að lokum, herra forseti: Ég hlýt að eiga nokkurn rétt á því að fá að vita hvert hvalaafurðirnar eiga að fara. Hvers vegna er það leyndarmál? Hvert á að flytja þær? Mér finnst það alveg með hreinum ólíkindum að þetta skuli ekki vera upplýst. Það sem við vitum er að sala þessara afurða á að standa undir hinum vísindalegum rannsóknum. Við hljótum að eiga rétt á að vita þetta.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég held að ástæðulaust sé að vera með mjög mikil stóryrði í sambandi við þetta mál eða bera mönnum á brýn að þeir séu að brjóta lög eða alþjóðasamþykktir eða samþykkt þá sem Alþingi gerði í sambandi við hvalveiðar. Ég held hins vegar að það sé full ástæða til þess að vekja athygli á að því miður hefur það ekki tekist sem meginhluti þm. mun hafa ætlast til, að hægt væri að sinna vísindaveiðum á nokkuð trúverðugan hátt, sinna þeirri stefnu sem hæstv. ráðherra hefur haldið fram að við værum að gera á þann veg að þeir sem um þessi mál fjalla tryðu því að við værum að gera þetta fyrst og fremst á vísindalegan hátt. Ég tel að ráðherra hafi ekki staðið sig þarna sem skyldi og komið of mikið fram sem pólitískur leiðtogi og pólitískur málsvari þessa *máls fremur en að vísindamenn hafi verið* látnir túlka þann málstað sem við höfum verið að berjast fyrir, þ.e. að nýta okkar eðlilegu náttúruauðlindir. Þetta hefur verið rekið meira og minna á pólitískum vettvangi og fyrst og fremst á ráðherravettvangi en ekki á vísindalegum vettvangi.

Hjálparkalltæki, ein umr.

Fsp. GHelg, 278. mál. — Þskj. 504.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Á síðustu áratugum hefur það gerst æ algengara að ellilífeyrisþegar og sjúklingar reki heimili sín einir. Öryggið sem nærvera aðstandenda veitti þegar fleiri voru í heimili er ekki lengur fyrir hendi og því leita æ fleiri eftir vist á stofnunum. Oft er um að ræða fólk sem gæti auðveldlega verið áfram á heimili sínu heilsunnar vegna, en öryggisleysi og kvíði veldur því að það treystir sér ekki til að vera á heimilinu lengur þó að því væri slíkt líf að flestu leyti eðlilegra.

Eitt ráð við þessum vanda hefur verið fundið og nú hafa tvö íslensk fyrirtæki hafið innflutning á svonefndum hjálparkalltækjum sem koma notandanum í samband við aðstoðarfólk ef eitthvað ber út af. Hann þarf aðeins að ýta á hnapp til þess. Þeir sem tæki þetta hafa fengið eru sammála um að mikill léttir sé að því að hafa það á heimilinu og tilkoma þess hafi beinlínis gert það að verkum að þeir treysti sér til að búa áfram einir.

Tæki þetta kostar 40–47 þús. kr. Mánaðarleg afnotagjöld eru síðan 1300–2500 kr. eftir gerð tækjanna. Augljóst er að lífeyrisþegar ráða fæstir við svo háar upphæðir enda hefur Tryggingastofnun ríkisins tekið þátt í að greiða tækin og gjöldin að hluta. Tvö fyrirtæki, Vari og Securitas, annast sölu þessara tækja. Báðir þessir aðilar telja aðspurðir að óeðlilegt sé hversu erfitt sé að fá samþykki Tryggingastofnunar fyrir þátttöku í greiðslu og virðist fólk þurfa að vera dauðsjúkt til þess.

Hjálparkalltæki er tvímælalaust mikil nauðsyn fyrir fjölda ellilífeyrisþega þó að þeir séu við sæmilega heilsu. Oft þarf ekki mikið til að gamalt fólk hnjóti og meiði sig og er þá slíkt kalltæki ómetanlegt. Vissan um einmitt þetta, að hægt sé að fá hjálp ef eitthvað óvænt kemur fyrir, er e.t.v. mestu þægindin fyrir hina öldruðu. Það er því að mínu viti mikill misskilningur að einblína á mjög veika sjúklinga þegar greiðslur eru ákveðnar. Ef við hugum að kostnaðinum fer ekkert á milli mála að hjálparkalltæki spara mikið fé ef þau verða til þess að fólk þarf ekki að leita eftir vist á stofnun. Tækið kostar mest

47 þús. kr. eins og áður er sagt. Algengur lífeyrir er nú 22 081 kr. á mánuði. Vist á elliheimili kostar 30 þús. í einn mánuð, vist á hjúkrunardeild um 50 þús. kr. á mánuði. Blandast nokkrum hugur um hvort sé hagkvæmara fyrir þjóðarbúið? Ég hef því á þskj. 504 lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

1. Að hve miklu leyti greiðir Tryggingastofnun ríkisins hjálparkalltæki fyrir sjúklinga og aldrað fólk? Beðið er um sundurliðun á greiðsluhluta stofnunarinnar í stofnkostnaði annars vegar og afnotagjöldum hins vegar.
2. Hverjir eiga rétt á greiðslum?
3. Hvaða meginstefnu hafa stjórnvöld sett Tryggingastofnun ríkisins við afgreiðslu umsókna um fyrrgreind hjálparkalltæki?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Að hve miklu leyti greiðir Tryggingastofnun ríkisins hjálparkalltæki fyrir sjúklinga og aldrað fólk? Beðið var um sundurliðun á greiðsluhluta stofnunarinnar í stofnkostnaði og afnotagjöldum.

Svarið er þetta: Styrkurinn skal nema 90% af kaupverði viðvörunarkerfis sem Tryggingastofnun samþykkir. Að notkun lokinni er skylt að skila tækjunum til Tryggingastofnunar ríkisins og er sjúklingshluti, þ.e. 10%, afturkræfur. Stofnunin og söluaðili annast framkvæmd þessara skila. Greitt skal 80% í mánaðarlegu þjónustugjaldi vegna notkunar viðvörunarkerfisins. Stofnunin semur um nánari tilhögun á greiðslum við vaktstöð.

Þessi hækkun á uppbótargreiðslum með sérstökum styrk vegna þessa var samþykkt í tryggingaráði í fyrra að tilhlutan stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra og þetta er framkvæmdin nú.

Þá er spurt: Hverjir eiga rétt á greiðslum?

Svarið er þetta: Heimilt er að veita styrk til kaupa viðurkennds viðvörunarkerfis eða sendistöðvar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem býr einn eða býr við sams konar aðstæður, enda sé hann svo sjúkur að honum sé nauðsyn á slíku viðvörunarkerfi. Kerfið skal tengt vaktstöð sem starfar allan sólarhringinn. Þeir sjúkdómar sem að jafnaði er um að ræða eru ýmsir miðtaugakerfissjúkdómar, svo sem lamanir, flogaveiki, kransæðasjúkdómar á háu stigi, hjartabilun og svæsnir lungnasjúkdómar. Einnig koma hér til afleiðingar slysa.

Hvaða meginstefnu hafa stjórnvöld sett Tryggingastofnun ríkisins við afgreiðslu umsókna um fyrrgreind hjálparkalltæki?

Svarið er þetta: Reglur þessar taka aðeins til einkaheimila en ekki til neins forms sambýlis eða stofnana þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða kostnað af rekstrinum. Tryggingayfirlæknir skal samþykkja umsókn fyrir fram, enda liggi fyrir nákvæmt vottorð læknis um sjúkdómsástand og þörf þess elli- og örorkulífeyrisþega sem um viðvörunarkerfið sækir.

Tryggingastofnun gerir eftirtaldar lágmarkskröfur varðandi búnað og þjónustu við viðvörunarkerfi: a) Boðyfirfærslukerfið skal vera tengt með símalínu. Það skal þó vera óháð símakerfinu, þ.e. því að fá són í símann áður en unnt er að senda boð. Ástand símalínu skal vera undir stöðugri vakt. Möguleiki skal vera á talsambandi við vaktstöð. b) Kerfið skal tengt vaktstöð sem starfar allan sólarhringinn. Það skal prófa a.m.k. þrisvar sinnum á ári með því að fara í húsnæði notanda þess. c) Viðbrögð við útkalli skulu vera í því fólgin að starfsmaður vaktstöðvar sem hefur lykla að viðkomandi húsnæði fari tafarlaust á staðinn.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Reglur þær sem hún vitnaði til voru ekki endanlega mótaðar þegar fsp. var lögð fram en nú eru þær það og ljóst er að einungis mjög veikir sjúklingar eiga rétt á þessum greiðslum.

Ég tel þetta mjög ranga stefnu. Það má ljóst vera að æskilegt er og eðlilegt að sem flestir geti búið á sínum eigin heimilum og verið virkir einstaklingar í þjóðfélaginu sem allra lengst. Þjóðfélaginu ber að sjálfsögðu skylda til að laga aðstæður hinna sjúku og öldruðu að því samfélagi sem við höfum búið okkur svo að þeir njóti a.m.k. öryggis á heimilum sínum þegar aðstandendur eru ekki lengur til staðar til að annast þá vegna starfa úti í þjóðfélaginu. Auk þess má benda á þá biðlista sem eru við hvert einasta dvalarheimili fyrir aldraða.

Ég tel einfaldlega að hinar nýju reglur Tryggingastofnunar séu allt of strangar varðandi heilsufar og ekki sé sjálfgefið að einungis þeir sem eru sjúklingar fái þessi tæki heldur eigi einnig gamalt fólk að eiga rétt á þessu þó að það sé við þokkalega heilsu, því að dæmi eru til að ekki þarf mikið út af að bera til þess að slíkt fólk geti legið hjálparlaust.

Í hinum nýju reglum eru lágmarkskröfur um búnað og eitthvað hef ég heyrt um að þar þyki öðru fyrirtækinu hallað á sig. En ég held að tvímælalaust séu þau bæði fær um að sinna þessari þjónustu. Ég vil hins vegar til upplýsingar geta þess að mér hefur borist bréf frá Ásmundi J. Jóhannssyni, tæknifræðingi hjá Slökkviliði Reykjavíkur. Hann bendir þar á að óeðlilegt sé að einkafyrirtæki annist þessa þjónustu, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Hann bendir á að í Osló hafi slökkvilið borgarinnar annast þessa þjónustu frá árinu 1979 án endurgjalds. Þar kosta tækin sjálf um 14 þús. íslenskar krónur í stað okkar 43–47 þús. og ársfjórðungsleiga er þar um 900 kr. Útköllin eru hins vegar endurgjaldslaus. Orðrétt, með leyfi forseta, segir Ásmundur:

„Mér hefur þótt það þyngra en tárum taki að horfa upp á að neyð öryrkja og gamalmenna er notuð sem fjárgróðabitbein tveggja fyrirtækja þar sem eingöngu er horft á tekjumöguleika fyrirtækjanna af þessari starfsemi og til að tryggja þá sem best er krafist aðstoðar úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Á slíkan hátt eru þessi mál látin þróast hér

hjá okkur með skeytingarleysi þeirra sem eiga að gæta heilla almennings."

Ég hlýt að stytta mál mitt, herra forseti. Mér finnst rétt að þetta sjónarmið komi fram. Ég skal láta ósagt hvort hægt væri að breyta aðstöðu til að hafa þessi tæki eftir ráðum Ásmundar. Það kann vel að vera að hægt væri að koma því fyrir hér á höfuðborgarsvæðinu, en líklega á annað við utan þess.

Tilefni fsp. minnar var sem sagt fyrst og fremst þessar að mínu mati allt of ströngu reglur Tryggingastofnunar við ákvörðun um hverjir eigi að fá tækin. Ég skora á hæstv. ráðh. að íhuga vandlega hvort ekki sé ástæða til að gefa stofnuninni og þá tryggingayfirlækni sem ræður þessu mestan part fyrirmæli um að öðruvísi skuli að farið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er kannske eðlilegt að geta þess í sambandi við lokaorð hv. þm. um að reglur þessar séu allstrangar að einmitt þetta atriði hefur verið til umfjöllunar í heilbrmrn. alveg nýlega og hjá stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og samstarfsnefnd um málefni aldraðra, þar sem lögð hefur verið áhersla á að nauðsynlegt sé að geta túlkað þessar reglur nokkuð rúmt og einkanlega þá kröfu í reglunum að þetta gildi allt að því eingöngu um fólk sem er algjörlega eitt í heimili. Við teljum að það geti vissulega staðið svo á að sá eða þeir sem eru með hinum aldraða í heimili séu sjálfir svo settir að aðstaða hins aldraða að því er öryggi varðar sé fyllilega sambærileg við það að hann byggi einn.

Sálfræðiþjónusta á Austurlandi, ein umr.

Fsp. HS, 287. mál. — Þskj. 515.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 515 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvernig er nú háttað sálfræðiþjónustu á vegum fræðsluskrifstofu Austurlands?

Hversu margir starfsmenn eru þar að verki nú?"

Í utandagskrárumræðu 20. jan. s.l. ræddi hæstv. menntmrh. um hinn mikla mannafla sem fræðsluskrifstofur hefðu yfir að ráða. Það duldist engum í máli hæstv. ráðh. að honum þótti sem þar hefði verið fullmikið að gert að ekki sé dýpra í árinni tekið og kom það manni á óvart svo mikill valddreifingarmaður sem hæstv. ráðh. segist vera að öðrum kosti. En einnig kom mér þetta á óvart búandi á sama stað og fræðsluskrifstofa Austurlands er til húsa því að þar hef ég ekki orðið var neinnar ofsetningar starfsmanna nema síður væri og veit ég að hæstv. ráðh. hlýtur að kunna á því jafngóð skil og ég.

Í máli hæstv. ráðh. var raunar um alhæfingu að ræða gagnvart fræðsluskrifstofunum almennt, eins og oft hendir þann ágæta mann, en þó kom mér kannske enn mest á óvart þegar hæstv. ráðh. lét að því liggja að fræðsluskrifstofurnar væru að sligast undan fjölda sálfræðinga eða eins og hann sagði, með leyfi forseta:

„...að fræðsluskrifstofurnar væru með sálfræðing á hverjum fingri."

Einmitt þetta atriði, að fræðsluskrifstofurnar væru að manni skildist allar með sálfræðing á hverjum fingri, varð til þess að mér þótti óhjákvæmilegt að vekja athygli á því með fsp. hvert ástand þessara mála er nú í kjördæmi því sem við hæstv. ráðh. störfum báðir fyrir, burtséð frá því þó ég hafi nokkra vitneskju um málavöxtu svo og hitt að ég veit mætavel að hér um véla hans kæru fræðsluráð fyrst og síðast þó að hitt dyljist væntanlega ekki eftir umræðurnar sem undanfarið hafa orðið um þessi mál öll hvar Valdið með stórum staf er.

Þess vegna vildi ég fá skýr svör við þessu einnig til að vekja athygli á því hversu þessum málum er háttað á Austurlandi nú í beinu framhaldi af fullyrðingum hæstv. ráðh. í utandagskrárumræðum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég upplýsti í umræðu utan dagskrár að á fræðsluskrifstofunum hefði — hvað eigum við að segja, á 10 eða 12 ára starfstímabili fræðsluskrifstofanna — mannafli vaxið menntmrn. yfir höfuð sem næmi um þremur stöðugildum. Þetta var það sem ég upplýsti og lét þess reyndar getið að víða væru þeir vel settir með sálfræðiþjónustuna til að mynda, en hún kom þar sérstaklega til umræðu og sérkennsla og stuðningskennsla. Af því sem svo undarlegt það er og fágætt í lögum eru grunnskólalögin útbúin með þeim hætti að um þá þjónustu sérstaklega er tekið fram að hún skuli fara eftir því sem fjárlög ákveða hverju sinni. Ekki nóg með að reglugerðin sé þannig útbúin heldur lögin sjálf. Á þetta er minnt sérstaklega vegna þess að menn hafa látið svo sem afgreiðslur fjárlaganna til þessara þarfa megi hafa að engu.

En ég hef fengið svar frá fræðsluráði Austurlandsumdæmis vegna fsp. hv. þm. og er svar við fyrri lið fsp. á þessa leið:

Vilhelm Norðfjörð sálfræðingur sagði starfi sínu lausu 1. ágúst s.l. Enginn hefur sótt um stöðuna þrátt fyrir auglýsingar í útvarpi og blöðum.

Svar við síðari lið fsp. er á þessa leið:

Vilhelm var ráðinn í hlutastarf frá 1. sept. 1986 til 30. apríl 1987. Sinnir hann ákveðnum málum í samráði við fræðsluskrifstofuna og hlutaðeigandi skóla.

Berit Johnsen uppeldisfræðingur starfar sem sérkennslufulltrúi í fullu starfi og hefur gert frá 1979. Hún vinnur nú m.a. að því að undirbúa tveggja ára nám í sérkennslu fyrir austfirska kennara.

Fræðsluskrifstofan hefur greitt ferðakostnað kennara sem hafa farið til Reykjavíkur til að kynna sér kennslu fatlaðra, t.d. heyrnarskertra barna svo og athuganir félagsráðgjafa o.fl.

„Ég hef lagt áherslu á það“, segir í bréfi fræðslustjórans, „að fræðsluskrifstofan er reiðubúin að greiða götu þeirra barna sem að dómi skólanna þurfa á sérstakri athugun að halda, enda þótt sálfræðingur sé ekki eins og er í fullu starfi við skrifstofuna.“

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Það kemur í ljós í svari hæstv. ráðh. að ekki gilda alhæfingar hans um sálfræðinga á hverjum fingri hjá fræðsluskrifstofunum alls staðar. Í því kjördæmi sem hann ætti allra best að þekkja til er ástandið þannig, eins og hann lýsti réttilega úr bréfi fræðslustjórans á Austurlandi, að þar er nú enginn sálfræðingur við störf heldur hefur sá sem gegndi þessu starfi áður farið í þetta í nokkurs konar íhlaupavinnu núna til að bjarga því brýnasta sem þarf að bjarga.

Ég vildi gera athugasemd við það sem hæstv. menntmrh. hefur komið inn á bæði nú og áður um mannafla á fræðsluskrifstofum. Ég álít að það sé einmitt mjög mikil nauðsyn á því að manna fræðsluskrifstofurnar sem allra best, ekki ofmanna þær á nokkurn veg heldur manna þær sem allra best þannig að þar sé komið saman þeirri þekkingu og því starfsfólki sem best veit um hvar skórinn kreppir á hinum einstöku stöðum, miklu betur, og það er ég viss um að hæstv. ráðh. samsinnir mér um þó hann hafi sagt annað í hita umræðunnar, miklu betur en starfsmenn suður í menntmrn.

Aðeins örfá orð til viðbótar í sambandi við þetta. Hæstv. ráðh. hefur gefið Austfirðingum sérstaka gæðaeinkunn fyrir það að þar hafi heldur fá börn fundist með sérkennsluþarfir. Það kann vel að vera að það sé sérstaklega til þess að hæla Austfirðingum fyrir. Ekki þykir mér það. Ég veit að bæði meðal kennara og foreldra barna sem eiga í erfiðleikum er hér um mikið áhyggjuefni að ræða, að svo skuli hafa til tekist að eingöngu er um íhlaupastarf að ræða hjá sálfræðingi, einkum þar sem það er fullljóst, og það veit hæstv. ráðh. jafnvel og ég, að könnun á högum og aðstæðum barna á þessu svæði er hvergi nærri lokið þrátt fyrir bæði gott starf Vilhelms Norðfjörðs og einnig Berit Johnsen sem hann nefndi réttilega að hefði starfað mjög mikið að þessum sérkennslumálum. Þannig er býsna mikið starf óunnið og þetta veit hæstv. ráðh. jafnvel og ég. Ég veit um mörg dæmi þess þar sem öðruvísi og betur þarf að standa að sérkennslumálum þrátt fyrir, eins og hann vitnaði til bréfs fræðslustjóra, margt það sem vel hefur verið gert og ég viðurkenni stórkostlegar framfarir frá því sem var þegar ég var í skólastjórastarfi austur þar, og þá voru erfiðleikar á ráðgjöf, greiningu og þeirri hjálp sem dygði.

Hæstv. ráðh. kom inn á námskeið varðandi sérkennslu austur þar. Það ber sérstaklega að þakka hæstv. ráðh. fyrir það. Ég dreg ekki úr því. En ég held að forsendan að gagnsemi þeirra námskeiða og þess starfs sem þeir sérkennarar eiga eftir að vinna sé einmitt trygg og örugg sálfræðiþjónusta á svæðinu því okkur Austfirðingum þætti það vissulega framför ef þar yrði ráðinn aftur maður í fullt starf þó að fræðsluskrifstofan hefði ekki sálfræðing á hverjum fingri.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég hygg að ég muni það rétt að ég hafi orðað það svo að í Norðurlandi eystra hefðu af þar til bærum sálfræðingum og sérfræðingum verið greind þrefalt fleiri börn með sérþarfir en í Austurlandsumdæmi. Það er svo nokkuð langt sótt að ég hafi verið með því að kvarta yfir því að of fá börn hefðu verið greind austur þar. (**HS:** Ég þakka fyrir það.) Ég lét þess getið að það hefðu verið greind þrefalt fleiri norður þar en eystra og tvöfalt fleiri en í Reykjaneskjördæmi. Það var um það að segja.

Ég verð að segja að það kann að vera að hann sé fáliðaður, fræðslustjóri Austurlands á Reyðarfirði, en ég held að starf hans og hans skrifstofu þoli fullkomlega samanburð við aðrar fræðsluskrifstofur í landinu. Það kann að vera að á skorti um sálfræðiþjónustuna og þá þarf að bæta úr því og ekki hefur gengið að fá mann í þá stöðu, en yfirleitt held ég að þetta sé afskaplega skilgóður maður í sinni stöðu og eftir hann liggi gott starf, enda veit ég að það er hv. fyrirspyrjandi mér sammála um. Það er ekki allt fengið kannske með mannaflanum.

En ég get líka upplýst, þó ég ætli ekki að gera það að umtalsefni hér og nú, að innan örfárra daga mun ég leggja fyrir brtt. við grunnskólalög sem m.a. snerta beinlínis fræðsluskrifstofurnar og þar mun ég alveg áreiðanlega leggja til að tvískiptingu þessarar þjónustu á vegum menntmrn. og sveitarfélaga verði hætt, að fræðslustjórar þurfi ekki lengur að þjóna tveimur herrum, síst ef þeir skyldu kjósa að þjóna aðeins öðrum en fara á svig við allt sem hinn herrann mælir fyrir um. Og áreiðanlega fylgir ekki sá böggull skammrifi að þetta verði allt gerðir áfram að hálfgerðum fjármálaráðherrum, einum átta í landinu eins og sumir hafa litið á sig. Alveg áreiðanlega ekki. Og sveitarfélögin munu vafalaust áfram taka höndum saman um rekstur fræðsluráða og það verður þeirra mál og segja þá þeim fræðslustjórum fyrir verkum, enda þá með fulla ábyrgð á verkum þeirra, fjárráðstöfunum og öðrum rekstri, að svo miklu leyti sem sveitarfélögin sjálf vilja fela þeim í hendur. Eftirlit með gæðum kennslu og náms verður vafalaust þeirra hlutverk og skipulag á rekstri skóla í umdæmum. En eins og ég segi, þessa skipan mun ég leggja til í mínum brtt., að þessi umsýsla verði færð á herðar sveitarfélaganna.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram hér og nú því það er alveg nauðsynlegt af biturri reynslu að þarna verði á bragarbót.

Heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafar, ein umr.

Fsp. GA, 301. mál. — Þskj. 533.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Á síðasta þingi var lagt fram frv. til l. um breytingar á kynsjúkdómalögum vegna þess nýja skæða sjúkdóms, alnæmis eða eyðni, sem komið hefur til sögunnar á s.l. árum. Umfjöllun um þetta frv. gaf tilefni til að gaumgæfa lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 svo og önnur gildandi lög sem taka til smitsjúkdóma, en þau eru orðin býsna gömul. Má sem dæmi nefna lög um varnir gegn holdsveiki frá 1898 og 1909, berklavarnalög frá 1939, lög til varnar gegn fýlasótt frá 1940, sóttvarnalög frá 1954, farsóttarlög frá 1958, lög um ónæmisaðgerðir og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Nú hefur skilningi manna og þekkingu á eðli smitsjúkdóma fleygt fram á síðustu áratugum. Rannsóknaraðferðir við greiningu þeirra, meðhöndlun með lyfjum eða varnir gegn þeim með bóluefnum hafa tekið miklum stakkaskiptum frá því að lög um þá voru sett. Eru því mörg ákvæði laganna orðin úrelt. Það er þess vegna bæði eðlilegt og reyndar löngu tímabært að endurskoða þau til samræmis við nútímaþekkingu og starfshætti. Einnig er eðlilegt að líta á smitsjúkdóma sem heild við lagasetningu þannig að heildstæð löggjöf nái til allra smitsjúkdóma en hvík og sérstaða verði mörkuð með reglugerðum.

Um þetta fluttu þingkonur Kvennalistans ásamt öðrum þingkonum stjórnarandstöðu svohljóðandi till. til þál. á síðasta þingi sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að skora á heilbrmrh. að láta fara fram svo fljótt sem unnt er endurskoðun og samræmingu á þeim lögum sem taka til smitsjúkdóma. Lagt verði fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á næsta þingi.“

Í umræðum um þessa þáltill. 27. febr. fyrir tæpu ári upplýsti hæstv. heilbrmrh. að tekin hefði verið ákvörðun um að endurskoða sóttvarnalöggjöfina í heild sinni. Sú ákvörðun var tekin í desember 1985, sagði hún. Hún taldi mjög nauðsynlegt að vanda til endurskoðunarinnar þar sem um væri að ræða flókna löggjöf sem fjallaði um réttindastöðu manna og heimildir yfirvalda til að skerða þann rétt. Hún sagðist því leggja mikið upp úr því að hafa með í starfi að endurskoðuninni menn sem hafa mikla reynslu af sjálfri framkvæmdinni. Hins vegar sagði hún einnig að þeir aðilar sem hún hefði ætlað að fela þetta verkefni væru ekki tiltækir fyrr en um vorið 1986 og teldi hún skynsamlegt að doka við eftir því.

Nú vil ég spyrja hæstv. heilbrmrh. á þskj. 533:

„1. Hvenær skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að endurskoða og samræma löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir?

2. Hvað líður störfum nefndarinnar?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Verkefni það sem hér er spurt um hefur vissulega verið til umræðu í heilbrmrn. í langan tíma, en formleg skipun nefndar í þessu skyni varð með bréfi 27. nóv. 1986. Nefndin fékk það hlutverk að endurskoða öll lögin sem gilda um smitsjúkdóma, þ.e. þau lög sem hér voru upptalin, farsóttarlögin nr. 10/1958, sóttvarnalögin frá 1954, ýmis sérlög er snerta sérstaka sjúkdóma, svo sem berklavarnarlögin frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum og ýmis lög um einstaka sjúkdóma sem jafnvel voru sum hver sett um og eftir síðustu aldamót. Þetta er gert í því skyni að samræma og færa til nútíma aðstæðna alla þessa löggjöf. Í nefndina voru skipaðir þeir Sigurgeir Jónsson fyrrv. hæstaréttardómari, sem er formaður, dr. Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og dr. Haraldur Briem sérfræðingur í smitsjúkdómum. Starfsmaður nefndarinnar er Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur heilbrmrn.

Svo er spurt hvað líði störfum nefndarinnar. Svo sem fram kemur af þessu hefur nefndin ekki setið að störfum svo langan tíma að fyrir liggi enn þá nein niðurstaða frá henni. Hér er um gríðarlega viðamikið og flókið mál að ræða sem þarf mjög ítarlega umfjöllun. Ég get einungis sagt að ég hygg að ekki verði þessi nefnd lengur að störfum en nauðsynlegt er þar eð hún er skipuð dugnaðarmönnum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hennar og fagna því að nefndin skuli hafa verið skipuð því að verkefni hennar er brýnt og löngu tímabært, eins og áður kom fram.

Mig langaði til þess að spyrja ráðherra hvort starfslok nefndarinnar væru í raun áætluð, hvort nefndin hygðist t.d. taka mið af þeirri endurskoðun sem farið hefur fram annars staðar á Norðurlöndunum þar sem ýmissi löggjöf um þessa sjúkdóma hefur yfirleitt verið steypt saman í heildstæða löggjöf en var áður í mörgum sérlögum sem voru orðin gömul. En fyrst og fremst vildi ég spyrja ráðherra hvort það væri einhver áætlun um starfslok, hvort þetta væri nefnd sem ætti að starfa í eitt eða tvö ár eða skemur eða lengur en þann tíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Ég get ekki svarað þessu öðruvísi en fram kom í fyrri ræðu minni að nefnd þessi stendur að mínu viti rösklega að verki og ég get ekki búist við öðru en, þegar ég miða við störf þeirra manna sem í nefndinni eru, að svo verði um þessi störf og ég mun ekki stöðva starf hennar á einhverjum tilteknum degi ef hún hefur ekki lokið starfinu þá. Hér er um að ræða viðkvæmara og viðameira verkefni en svo að ég telji rétt að gera það. Hún verður að fá þann tíma sem nauðsynlegt er og henni eru ekki settar skorður um hvort henni beri að hafa þann hátt á að setja öll

ákvæðin í einn lagabálk eða hvort þeir verða tveir eða þrír. Það mun nefndin sjálf gera tillögu um. Það er tæknilegt atriði sem hlýtur líka að varða framkvæmdina og ég vænti tillagna nefndarinnar líka um það atriði.

SAMEINAÐ ÞING

45. fundur, þriðjudaginn 3. febr., að loknum 44. fundi.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 138. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til utanrmn. með 31 shlj. atkv.

Framtíðarskipan kennaramenntunar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 238. mál. — Þskj. 255.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er á þskj. 255, um framtíðarskipan kennaramenntunar. Hún er flutt af mér og fjórum öðrum þm. Alþb., hv. þm. Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Skúla Alexanderssyni og Ragnari Arnalds. Efni tillögunnar er svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða inntak og skipan kennaramenntunar fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig.“

Virðulegur forseti. Ég mætti kannske nefna það að ef hæstv. menntmrh. væri í húsinu þætti mér vænt um að hann væri viðstaddur. **(Forseti:** Það skal athugað. Hann var hér rétt í þessari andrá.) **(Gripið fram í:** Hann er vís með að reka þig úr stólnum.) Já, hann getur reynt það.

„Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum menntmrn. með fulltrúum frá samtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun. Nefndin fjalli m.a. um

1. Hvernig best verði hagað innbyrðis tengslum menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra, bæði til skemmri og lengri tíma.
2. Hvernig tryggð verði nauðsynleg endurnýjun og endurskoðun einstakra greina í kennaranámi.
3. Hvernig tengja megi nám í uppeldis- og kennslufræðum námi í væntanlegum kennslugreinum kennaraefna.
4. Hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja endurmenntun og starfstengda framhaldsmenntun kennara og skólastjóra, svo og menntun annarra starfsmanna í skólakerfinu, og hvernig best verði séð fyrir þörfum landsbyggðarinnar í þessu tilliti.
5. Hvert eigi að vera hlutverk kennaramenntunar stofnana í skólaþróun og nýbreytni í starfi skólanna.
6. Hvernig bæta megi úr skorti á fræðilegum upplýsingum um þróun skólakerfisins og tengsl þess við samfélagið og hvernig tryggja megi nauðsynlegar rannsóknir á þessum efnum.
7. Hvaða breytingar er æskilegt að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná þeim markmiðum sem nefndin gerir tillögur um.

Liður í störfum nefndarinnar verði að afla vitneskju um hvernig háttað er kennaramenntun erlendis, einkum í löndum OECD. Nefndinni verði séð fyrir starfsliði og starfsaðstöðu og við það miðað að hún skili áliti haustið 1988.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Þetta er tillögutextinn, sem ég hef hér farið yfir, en í grg. er farið yfir núverandi skipan kennaramenntunar í landinu, einstakra þátta hennar, ýmis álitamál sem snerta þennan tillöguflutning og þau tilteknu efni sem till. gerir ráð fyrir. Þar er einnig að finna ábendingar um verkefni nefndarinnar í einstökum atriðum.

Þar sem hér er um stórt mál að ræða, sem stundum hefur verið rætt en þó með öðrum hætti hér á hv. Alþingi, vil ég fara yfir nokkur atriði sem fram koma í grg. með till. Ég tel þó ekki þörf á að rekja sérstaklega, en vísa þar til tillögunnar, hvernig núverandi skipan kennaramenntunar er háttað varðandi grunnmenntun, endurmenntun og framhaldsmenntun og annað sem varðar nám kennara, t.d. til BA-prófs í uppeldisfræði í Háskóla Íslands. Það er væntanlega öllum hv. alþm. ljóst hversu mikil sundurvirkni ríkir á þessu sviði og hversu mjög skortir á að þarna sé tekið á málum þannig að séð sé fyrir sem bestri menntun kennaraefna og þeir eigi greiðan aðgang að framhaldsmenntun og endurmenntun í sínum greinum.

Það hafa áður verið gerðar tilraunir til endurskoðunar laga varðandi kennaranám. Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá árinu 1971 var kveðið svo á að efna skyldi til endurskoðunar á þeim að tveimur árum liðnum. Árið 1974 setti þáv. menntmrh. á fót nefnd til að sinna þessu verkefni. Frv. til nýrra laga um Kennaraháskólann var lagt fyrir 98. löggjafarþing 1976–1977 og í framhaldi af því var leitað umsagnar margra aðila. Þetta frv. var síðan lagt aftur fyrir Alþingi 1977–1978, en náði ekki að verða að lögum. Það hafa því verið gerðar atrennur að þessu máli og það hefur verið tekið á einstökum þáttum þessara mála, eins og varðandi Myndlistarháskóla Íslands, en frv. þar að lútandi var lagt fram á þinginu 1984–1985 en náði ekki fram að ganga. Þá skipaði núv. hæstv. menntmrh. nefnd til að endurskoða lög um Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni, en sú nefnd hefur mér vitanlega ekki

lokið störfum.

Ég fagna því, hæstv. forseti, að menntmrh. er viðstaddur þessa umræðu sem svo mjög snertir hans starfssvið. Ég ætla þá að víkja að nokkrum álitamálum sem snerta einstök efni þessarar till.

Eins og fram kemur í þeirri lýsingu sem dregin er upp um skipan kennaramenntunar í landinu er ljóst að ekki er þar um neina heildstæða skipan að ræða. A.m.k. fimm stofnanir sem lítil tengsl hafa sín á milli sjá um menntun kennara á ólíkum stigum og sviðum. Þó má vera ljóst að á mikilvægum námssviðum hljóta kennarar ófullnægjandi undirbúning fyrir starf sitt, jafnvel þótt lög kunni að mæla fyrir um annað.

Að undanförnu hefur gagnrýni á skipan og afköst skólakerfisins og hlut kennara vaxið til muna. Ýmist draga menn í efa að kennarar geti sinnt hinu nýja uppeldishlutverki sem samfélagsbreytingar leggja þeim á herðar í sívaxandi mæli eða þá að þeir gagnrýna ónóga þekkingu kennara í kennslugreinum og telja að nám þeirra í uppeldis- og kennslufræðum og færni til starfs svari ekki kröfum um faglegan undirbúning kennara nú á tímum.

Það má vera augljóst að kennaramenntunin getur ekki svo sem eðlilegt er og nauðsynlegt væri bæði þjónað sameiginlegu hlutverki ólíkra námsstiga og námssviða og sinnt sérstökum markmiðum þeirra í samræmdu skólakerfi nema nokkurt samræmi sé í þeirri menntun sem kennaramenntunarstofnanir láta í té. Til þess að tryggja sameiginlega skipan kennaranámsins þarf að skilgreina námsmarkmið, inntak og námskröfur fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigi, bæði í almennu vísindalegu námi og námi sem bundið er einstökum kennslugreinum. Það þarf að meta vægi og tengsl almennra og sérstæðra þátta í náminu með hliðsjón af kennslu á einstökum starfssviðum og þrepum skólans og jafnframt þarf að skipuleggja nám á sérsviðum með heildarskipan skólakerfisins og sameiginlegt hlutverk kennara að leiðarljósi.

Í ábendingum um verkefni þeirrar nefndar sem tillagan gerir ráð fyrir að menntmrn. skipi eru talin mörg viðfangsefni. Nefndinni verður því að sjálfsögðu ekki markaður þröngur rammi til starfa heldur verður hér fyrst og fremst minnt á fáein meginatriði og snerta þau öll þá gagnrýni sem íslenskt skólakerfi hefur með réttu eða röngu sætt á síðustu misserum.

Til þess að unnt sé að marka stefnu um framtíðarskipan kennaramenntunar er nauðsynlegt að fyrst sé tekist á við þessi álitamál. Þá er það í fyrsta lagi hlutverk kennarans. Í hinum öru samfélagsbreytingum síðustu áratuga hefur uppeldishlutverki heimilanna verið velt í síauknum mæli yfir á kennara og skóla og má í því sambandi minna á skýrslu menntmrn. um endurmat á störfum kennara frá árinu 1985. Í þessu sambandi má benda á einstaka uppeldisþætti eins og einbeitingu, almennan aga og máluppeldi. Einnig er ljóst að skólar þurfa í vaxandi mæli að einbeita sér að því að miðla menningararfi þjóðarinnar og vernda hann, en uppalendur á heimilunum önnuðust það hlutverk langt fram á þessa öld. Svo verður ekki nema tryggð sé víðtæk almenn menntun allra kennara auk sérmenntunar þeirra til starfs. Það er því nauðsynlegt að skilgreina hlutverk kennara og starfsundirbúning í ljósi þessara þátta.

Síðan er það spurningin um umfang og uppbyggingu náms í einstökum kennslugreinum. Allt sem það varðar orkar vissulega tvímælis, hvernig á að standa þar að málum. Jafnvel framhaldsskólakennari kennir sjaldan eina námsgrein, en undirbúningi hans í öðrum greinum en aðalgrein mun oft mjög ábótavant. Skipan og inntak náms og kennslu í greinunum hlýtur að taka mið af skipan náms og kennslu í skólunum jafnframt því sem leitað er þeirrar dýptar sem þekkingarmarkmið greinanna sjálfra mæla fyrir um. Inntak og lengd kennaranáms verða því ekki skilgreind án þess að höfð sé hliðsjón af þessu tvíþætta markmiði.

Þá nefni ég tengsl kennslufræða og einstakra kennslugreina. Það er eitt helsta ágreiningsmál í umræðum um kennaramenntun hvernig haga skuli tengslum kennslufræða við einstakar námsgreinar og aðrar menntagreinar kennaraefna. Engri heildarskipan verður komið á inntak kennaranámsins án þess að leitað sé fullnægjandi lausnar á þessu flókna og umdeilda vandamáli, en slík lausn skiptir sköpum, bæði fyrir fræðilegt ágæti og hagnýtt gildi kennaramenntunarinnar.

Þá er að nefna tengsl fræðilegs náms og hagnýts náms. *Gagnrýni kennara og kennaranema* hefur ekki síst beinst að tengslum fræðilegs og hagnýts náms. Margir hafa talið hið svokallaða hagnýta nám, t.d. kennsluæfingar, standa í of lausum tengslum við annað. Aðrir hafa talið hinn svokallaða fræðilega hluta kennaranámsins of stóran. Það er nauðsynlegt að brjóta til mergjar hvort tveggja, bæði hugmyndina og framkvæmdina. Í þessu sambandi er ástæða til að huga að því hvort ekki sé tímabært að koma á reynsluári fyrir nýbakaða kennara og þá undir stjórn reyndra handleiðslukennara.

Varðandi kennaramenntunina og nýbreytni í skólastarfi ber að minna á að gagnstætt fyrri tíð kalla æ örari þjóðfélagsbreytingar á sífellda þróun skólakerfisins til að bregðast við þeim. Ef vel á að vera þarf kennarastéttin að taka virkan þátt í þróun skólakerfisins og þróunarstarfi skólanna. Það er því eðlilegt að spurt sé hvernig kennaramenntunarstofnanir geti menntað sérhæft starfsfólk til þátttöku í þróunarverkefnum og stuðlað að færni kennara almennt til þeirrar þátttöku, svo og hvernig stofnanirnar geti sjálfar tekið þátt í nýbreytni og þróunarstarfi. Æfinga- og tilraunaskólar eru mjög þýðingarmikill þáttur í skólastarfi og æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands þarf að vaxa ef nýbreytni starfs í skólum á að vera markviss þáttur í skólaþróun.

Þá vil ég nefna hér tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem oft hefur verið til umræðu, m.a. hér á hv. Alþingi. Atriði sem tillagan

varðar vekja til umhugsunar um stofnunargrundvöll kennaramenntunarinnar. Ef kennaramenntun á, eins og eðlilegt er um æðri menntun fagmanna, að vera vísindaleg menntun verður ekki hjá því komist að huga að tengslum kennaranáms við Háskóla Íslands. Athuga þarf hvernig kennaranámsskólarnir gætu unnið saman, tengst skipulagsböndum, menntað til rannsókna og staðið að rannsóknum sameiginlega, skipst á kennurum og nemendum, menntað nemendur sameiginlega og veitt þeim réttindi sameiginlega. Þótt ekki yrði horfið að því í bráð að sameina skólana formlega, svo sem mjög kemur til álita til framtíðar litið, þarf að fara fram athugun á því á hvern hátt verði komið á samvinnu eða sameiginlegri skipan sem gæti leitt til sameiningar stofnananna þegar fram líða stundir.

Rannsóknir og þar á meðal skólarannsóknir eru þáttur sem þurfa að fá mun gildari stuðning og vera mun gildari liður í sambandi við skólastarf en verið hefur og sama gildir um endurmenntun og símenntun. Þetta á einnig við um hinn vísindalega þátt kennaramenntunarinnar og allt sem lýtur að faglegum tökum kennara að reisa fagmenntun þeirra á vísindalegum grunni.

Ég vil þá að lokum, herra forseti, víkja aðeins að starfsaðstöðu og starfsháttum nefndarinnar. Till. gerir ráð fyrir að nefndinni verði séð fyrir nauðsynlegu starfsliði og annarri aðstöðu til að geta rækt vel verkefni sitt og að kostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði. Hér er í senn um vandasamt og allumfangsmikið verk að ræða og það skiptir afar miklu að þar takist vel til. Það er æskilegt út af fyrir sig að hafa sjálfa nefndina ekki fjölmenna og væru 5–7 manns e.t.v. eðlileg mörk í því efni. Þeim mun nauðsynlegra er hins vegar að nefndin geti átt gott samstarf og samráð við þá er mál þetta einkum varðar, stofnanir, samtök og einstaklinga. Slíkt verður ekki rækt nema nefndinni verði búin góð skilyrði til starfa af hálfu menntmrn.

Samkvæmt tillögunni er nefndinni ætlað um eitt ár til starfa, þ.e. miðað er við að hún verði komin af stað með sitt verkefni seinni part komandi sumars.

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, vísa til skrifa mætra manna um þessi efni, manna eins og t.d. rektors Kennaraháskóla Íslands, Jónasar Pálssonar, sem skrifaði ítarlega grein í Morgunblaðið miðvikudaginn 10. des. s.l. og vék að þeim mörgu þáttum sem snerta þörfina á þróun kennaramenntunar í landinu og vék sérstaklega að stöðunni að því er eigin stofnun varðar og minnti þar á að það er kennarinn sem ræður úrslitum um gæði fræðslunnar öllum öðrum fremur.

Ég vil einnig minna á þá skýrslu sem hæstv. menntmrh. kom á framfæri við Alþingi 20. jan. s.l. varðandi stöðu skólamála hér á landi og er unnin af sérstökum hópi manna á vegum OECD sem farið hefur ofan í þessi efni varðandi stöðu mála hér á landi. Í þeirri skýrslu er að finna fjölmargar gagnlegar ábendingar og spurningar, ekki síst sem varða stöðu kennara í landinu, hvernig kennarastarfið er metið eða öllu frekar vanmetið í okkar samfélagi og hversu mikið skortir á að hlynnt sé að námi kennara og aðstöðu þeirra allri til þess að þeir fái staðið að sínu þýðingarmikla verki með þeim hætti sem þeir sjálfir eflaust vilja upp til hópa og sem uppalendur í landinu, foreldrar, tvímælalaust óska eftir að geti orðið.

Ég vænti þess að við þessa umræðu komi það fram hvort á vegum menntmrn. er fyrirhugað að taka á þessum málum og hvaða undirtektir þessi till. fær frá hæstv. ráðherra menntamála.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Hér er auðvitað hreyft mjög mikilvægu málefni og ég vil segja það um þennan málatilbúnað að hann virðist mér vandaður og eiga erindi fyrir nefnd sem fær þetta væntanlega til meðferðar að leita umsagnar um því að öll umræða er mjög mikilvæg. Menntmrn. hefur fengið til Þórólf Þórlindsson úr félagsvísindadeild Háskólans að gera fyrir sig úttekt á Kennaraháskólanum. Skýrsla hans hefur nýlega borist og er um margt fróðleg, en það er verið að kynna sér hana í ráðuneytinu og of snemmt fyrir mig að gefa yfirlýsingar um með hvaða hætti hún verður nýtt og eða annað efni sem menn hafa viðað að sér. Ég upplýsi hins vegar að ráðuneytið gerir sér ljóst að hér þarf að bæta verulega um betur um kennaramenntunina og það á auðvitað við um alla stöðu kennaranna. Menn þekkja kjör kennara, hvernig hefur slaknað á í þeim efnum sem auðvitað helst í hendur við að við erum að verða menntir á þá vísu að þeir sem hæfastir eru snúa sér kannske að öðru og við það er ekki búandi.

Ég vil aðeins segja það að ég fagna þessari till. og ég vænti þess að hún verði til þess að efla umræður um þetta mál sem er okkur mjög mikilvægt. Ég neita því heldur ekki og það er ekkert launungarmál af minni hálfu að ég hef haft, að svo miklu leyti sem ég hef haft tök á að kynna mér ástæður Kennaraháskólans, nokkrar áhyggjur út af skólanum og stöðu hans. Þar er margur góður efniviður og margur sem er fús að leggja mikið og verðmætt starf af mörkum, en ég er ekkert viss um að allt skipulag hans sé með þeim hætti sem best verður á kosið eða öllu heldur: ég er viss um að þar má úr ýmsu bæta. Öllu þessu er ég tilbúinn til að leggja mitt lið eftir því sem kostur er. Sömuleiðis er þess að geta að vegna þeirrar skýrslu sem hér hefur borist frá erlendum aðilum, úttektarskýrslu á stöðu okkar, að þó að of mikið sé nú kannske sagt að kalla hana svarta er hún alvarleg áminning í öllu falli um að við þurfum að taka okkur á í þessum efnum. Þótt þeir færu hratt og fljótt yfir sögu og hefðu stuttan stans vakti það þó athygli mína hvað mennirnir voru fljótir að átta sig á ýmsum aðstæðum, greinilega þjálfaðir menn af fyrri störfum sínum, m.a. hjá öðrum þjóðum, og höfðu langt og mikið nef fyrir það sem þeir þefuðu af. Það fór ekkert milli mála að miðað við hinn skamma tíma sem þeir höfðu til stefnu og takmarkaðar upplýsingar að öðru leyti var ótrúlegt hversu miklu þeir höfðu

viðað að sér. Ég verð að segja það að ég a.m.k. legg töluvert upp úr niðurstöðum og ályktunum þeirra og það er ástæðulaust annað en að taka það mjög alvarlega og nýta það í frekari umræðum og ályktunum og síðar framkvæmdum í þessum málum.

Þetta vildi ég segja núna um málið og enda með því að leggja mikla áherslu á að menn leggist þungt á árar varðandi þetta mikilvæga mál.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir undirtektir hans við þennan tillöguflutning og þann skilning, sem mér fannst koma fram í máli hans, að á þessu máli þurfi að taka fyrr en seinna. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að það er ekki eitt út af fyrir sig nóg að mennta kennara til starfa ef þeir ekki haldast við störfin af ýmsum ástæðum. Að mínu mati skortir mjög mikið á að kennarastarfið í landinu njóti þeirrar virðingar sem því ber og það er áreiðanlega margt sem kemur þar til. Það eru auðvitað launakjörin sem skipta miklu máli, en það er þó fjölmargt í tengslum við skólastarfið í heild og það álit sem kennarastarfið nýtur sem veldur því að menn jafnvel sem hafa sótt góða menntun bæði hér heima og erlendis nýtast ekki sem skyldi til starfa.

Nú er mér vissulega ljóst að ýmislegt hefur verið gert til bóta í sambandi við menntun kennara í landinu. Á það bæði við um Kennaraháskólann og Háskóla Íslands þannig að það hefur ekki allt farið á verri veg, en tímarnir krefjast þess af okkur að á þessum málum sé tekið með öðrum og breyttum hætti. Þær breytingar sem orðið hafa á uppeldisaðstæðum í landinu, þar sem skólarnir hafa í sívaxandi mæli orðið að taka á sig eða átt að taka á sig hlutverk heimilanna sem uppalendur í miklu meiri mæli en áður var, kallar á það að þannig sé búið að starfsmönnum skólanna að þeir fái risið undir þessu stóra og ábyrgðarmikla hlutverki sem á þá er lagt.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar hér. Ég vil geta þess að við undirbúning þessarar till. leituðum við flm. til ýmissa góðra manna sem hafa áhuga og þekkingu á þessum málum og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það mat, sem kom fram í máli hans, að þetta mál væri allvel undirbúið og sjálfsagt mætti þar lengi um bæta. Efnislega er till. um það að menntmrn. taki á þessu máli með nefndarskipan og þó að hér séu tilgreind ákveðin atriði sem nefndinni sé ætlað að huga að sérstaklega ítreka ég að við erum ekki að hugsa um að slíkri nefnd verði markaður mjög þröngur rammi heldur geti hún í rauninni tekið á sínu máli nokkuð út frá eigin mati.

Ég legg svo að lokum áherslu á að svona starf verður ekki unnið nema menn fái til þess tíma og hafi til þess fjárráð og þess vegna er afar brýnt að nefndinni sé búin aðstaða til starfa með starfsliði og starfsaðstöðu sérstaklega miðað við þá ætlan okkar tillögumanna að þetta verk verði unnið fljótt og vel þannig að Alþingi hafi í höndum frá menntmrn. frambærilegar tillögur um endurbætur innan ekki langs tíma.

Ég legg svo að lokum til, herra forseti, að þessari till. verði nú að umræðu lokinni vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarkennsla á vegum Háskóla Íslands, fyrri umr.

Þáltill. RA, 255. mál. — Þskj. 312.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Á þskj. 312 flyt ég till. til þál. um fjarkennslu á vegum Háskóla Íslands. Tillagan er þess efnis að Alþingi feli Háskóla Íslands að stofna og starfrækja fjarkennsludeild, opinn háskóla, sem geri nemendum sínum kleift að stunda háskólanám í heimahúsum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Nám þetta geti allir stundað sem vilja án tillits til búsetu eða fyrri menntunar.

Hér er sem sagt gerð till. um nýjan skóla. Þessi skóli yrði þó ekki sjálfstæð stofnun, hann yrði starfræktur á vegum Háskóla Íslands og í honum yrði boðið upp á ýmiss konar háskólanám í beinum tengslum við það nám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Í till. er áhersla lögð á það að æðri menntun verði gerð aðgengileg fyrir alla, óháð aldri, búsetu eða fyrri menntun.

Það eru í raun og veru tvö efnisatriði í till. sem mestu máli skipta. Í fyrsta lagi það sem felst í orðinu „fjarkennsla“, að menn geti stundað nám fjarri skólastað og þurfi ekki að sækja skóla reglulega, og svo aftur hitt atriðið að inntökuskilyrði í skólann sé óháð aldri eða fyrri menntun eða öðrum þeim skilyrðum sem almennt eru sett fyrir háskólanámi hér á Íslandi.

Fyrra atriðið er það sem nefnt hefur verið fjarnám eða fjarkennsla. Um það hafa verið bornar fram ýmsar tillögur og það mál hefur verið til umræðu á opinberum vettvangi aftur og aftur án þess að málið hafi komist á framkvæmdastig. Síðara atriðið má helst kenna við opinn háskóla, þ.e. að háskólanámið og aðgangur að því sé óskilyrt og menn geti stundað námið án tillits til fortíðarafreka eða árangurs.

Í till. er tæknin nefnd sem nú einkennir mikla fjölmiðlabyltingu sem gengur yfir veröldina og þar eru nefnd tækin útvarp, sjónvarp, myndbönd og tölvan. Allt eru þetta tæki sem geta komið að mjög góðu gagni við skipulagningu fjarkennslu og í raun og veru opna þessi tæki og þessi tækni nýjar og óþekktar leiðir og kennsluaðferðir sem gera kleift að framkvæma það sem felst í þessari till.

Um útvarp og sjónvarp er það að segja að það hefur verið rætt um það í áratugi að nota þennan fjölmiðil meira í þágu almennings til menntunar en miklu minna orðið af því en efni standa til og er það mál út af fyrir sig. En það er rétt að leggja á það

áherslu að útvarp og sjónvarp er ekkert aðalatriði í þessu samhengi. Ég tel að hin nýrri tækni með tilkomu myndbanda og tölvubúnaðar sé kannske enn mikilvægara í þessu sambandi því þá opnast þeir möguleikar að nýta sjónvarpstæknina þó að um sé að ræða skóla sem kannske er meira í líkingu við bréfaskóla en sjónvarpsskóla eða útvarpsskóla. Ég fjölyrði ekki frekar um þennan þátt málsins en bendi á ágæta grein sem dr. Jón Torfi Jónasson, formaður fjarkennslunefndar Háskólans, ritaði í Morgunblaðið ekki alls fyrir löngu þar sem hann gerir einmitt grein fyrir möguleikunum sem eru að opnast á fjarkennslu hjá Háskóla Íslands með tilkomu hinnar nýju tækni.

Eins og hér kom fram hefur Háskólinn og forráðamenn hans sýnt þessu máli mikinn velvilja og áhuga og það hefur verið uppi mikill áhugi í Háskólanum að koma á stofn skóla af því tagi sem ég er hér að lýsa. Það vantar því ekki að áhuginn sé fyrir hendi hjá þeim aðilum sem eiga að koma þessari tillögu til framkvæmda. Hitt vantar að Alþingi lýsi yfir vilja sínum að þetta verði gert og ríkisstjórnin taki sig til og komi málinu á leið.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að í grg. till., sem flutt var í fyrsta sinn í fyrra hér á Alþingi nokkurn veginn í svipuðum dúr og till. er nú, er að finna umsagnir um till. bæði frá útvarpsráði og frá Bandalagi kennarafélaga og þessar umsagnir eru mjög jákvæðar. Báðir aðilar telja till. athyglisverða og hvetja eindregið til þess að kannaðir verði allir möguleikar á framkvæmd hennar.

Nú er það svo að nokkrum mánuðum eftir að þessi till. var flutt hér á Alþingi ákvað menntmrh. að skipa nefnd til að athuga þetta mál frekar. Nú er bráðum ár liðið síðan þessi nefnd var skipuð án þess að nokkuð hafi til hennar heyrst og hæstv. menntmrh. hefur ekki gert þjóðinni neina grein fyrir því hvar þessi mál eru niðurkomin síðan hann mætti á fjölmennum fundi á Hótel Borg þar sem þessi mál voru til umræðu á s.l. vetri. Tel ég því alveg tímabært að hann geri grein fyrir því hér við umræðuna hvernig þessi mál standa og vil spyrja hann að því hvenær megi vænta að álit nefndarinnar komi fram og hvenær hugsanlegt sé að það komi til framkvæmda.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til grg. sem fylgir frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. félmn.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Það er rétt að ég skipaði nefnd þriggja manna, valinkunnra manna, til þess að starfa að upplýsingaöflun og síðar tillögum um framkvæmd og gerð framkvæmdaáætlunar um fjarkennslu. Það var hv. þm. Gunnar G. Schram, útvarpsstjóri Markús Örn Antonsson, og háskólarektor. Þeir gerðu tillögur til mín og þær fólu í sér áætlun um 26 millj. kr. kostnað við rekstur slíkrar fjarkennslu á fyrsta ári, því ári sem er að byrja núna. Þessi áætlun kom fram eftir að tillögur höfðu verið gerðar til fjárlaga og niðurstaðan varð sú að við treystum okkur ekki til að taka upp þessa fjárhæð, ráðuneytið, í tillögugerð okkar við gerð fjárlagafrv. en lögðum fram 10 millj. kr. beiðni. Það endaði nú með þeirri skelfingu að við fengum aðeins 1 075 000 kr., svo ég sé nákvæmur, til þessara þarfa sem auðvitað er rétt til þess að sýnast og þá til þess að standa undir frekari undirbúningi.

Ég hins vegar skal gera gangskör að því að til hv. þm. verði dreift aðalinnihaldi þeirrar samantektar sem nefndin gerði og þeim athugunum sem hún gerði og setti fram í ráðagerðum sínum að þessu leyti. Það skal ég gera áður en þessu þingi lýkur og vinda bráðan bug að því svo menn sjái hvað voru höfuðþættirnir í því sem hún vildi leggja áherslu á og með hvaða hætti að yrði staðið. Því miður tókst ekki betur til um þetta mikilvæga mál, sem ég hef hér greint frá, en ég verð að segja það að ég held að það sé mikil skammsýni ef menn fara ekki að taka verulega hratt til höndum að þessu leyti. Ég gerði það að ég kynnti mér þessi mál á Englandi í janúar fyrir ári síðan og ég verð að segja það að það er tvímælalaust að hér eigum við möguleika á kennslutækni, fræðslutækni með þeim hætti sem áreiðanlega kemur gífurlegum fjölda fólks til góða og fólk getur notfært sér. Og við getum vissulega breytt ýmsu í þjóðfélagsgerðinni, ef maður má orða það svo, við það að vanda til þess og nota fjölmiðla okkar og önnur tæki sem við þegar höfum til þess arna.

Þetta vildi ég að kæmi fram núna. En því miður, skrefið sem stigið var var varla til þess að nefna það því nafni með því að fjvn. og fjármálayfirvöld treystu sér ekki til þess að sjá af neinu sem orð er á gerandi til þessara brýnu þarfa.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem fram komu hjá honum. Ég tel að það hafi verið mjög gott að fá þessar upplýsingar fram. Ég vissi það ekki fyrr, og ég veit ekki til að það hafi komið fram opinberlega, að nefndin hafi skilað af sér störfum og gert þessa tillögu. (**Menntmrh.:** Bráðabirgðaskýrslu.) Bráðabirgðaskýrslu, já já bráðabirgðaskýrslu. Ég hef ekki orðið var við það að sagt hafi verið frá því í fjölmiðlum að þessi skýrsla hafi komið fram, þó hún heiti að vísu enn bráðabirgðaskýrsla, en ég fagna því að hæstv. ráðh. lýsti sig reiðubúinn til að senda þm. þessa bráðabirgðaskýrslu og sérstaklega vil ég hvetja hann til þess að senda hv. félmn. Sþ. skýrsluna því að ég tel að undirtektir ráðherrans og þær upplýsingar sem hann gaf hér áðan um jákvæða niðurstöðu nefndarinnar hvetji Alþingi mjög eindregið til að samþykkja þá till. sem hér liggur fyrir. Ég get hins vegar vel skilið það að til þess að koma málinu fram þarf fjárveitingu á fjárlögum og kannske var þess ekki að vænta, ef málið var það seint á ferðinni að stutt var eftir af afgreiðslutíma fjárlaga, að stór upphæð fengist í þessu skyni núna í haust fyrir þetta ár. En

við verðum þá að reyna að taka saman höndum um það í næsta sinn að undirbúa stærra átak á næsta ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

37. fundur, miðvikudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Leigunám gistiherbergja, 3. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leigunám fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 2. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430, n. 556.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér þekkja allir það mál sem til umræðu er. Það hefur verið á döfinni nokkuð lengi að stofna þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland og margrætt á fundum Norðurlandaráðs t.d. Síðan var þessi fyrirætlun undirrituð í samkomulagi á Höfn 19. ágúst 1986.

Fyrir Sþ. liggur till. til þál. um staðfestingu *samnings um starfrækslu norræns þróunarsjóðs fyrir* Færeyjar, Grænland og Ísland, en frv. það sem hér er til umræðu og afgreiðslu er um nokkrar lagabreytingar sem nauðsynlegar eru í tengslum við fullgildingu þáltill. sem væntanlega verður á dagskrá Sþ. á morgun.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun, 1. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 558.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Frv. þetta er í öllum meginatriðum samhljóða tillögum flugmálanefndar sem skilaði samgrn. skýrslu um framkvæmdir í flugmálum í október 1985. Skýrsla nefndarinnar er birt í heild sinni sem fskj. með frv. og skal hér að mestu vísað til hennar um framkvæmdaáætlun nefndarinnar, meginforsendur og rökstuðning.

Hinn 6. febr. 1984 skipaði ég nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum og skyldi nefndin semja áætlun um almenna flugvelli sem tæki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Þá er nefndinni falið að gera tillögur um tekjustofna og fjárframlög til framkvæmdanna, svo og til rekstrar flugmálanna almennt. Þrjú sérverkefni voru sett nefndinni, þ.e. athugun á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, flugstöð á Reykjavíkurflugvelli og gerð varaflugvallar. Í nefndinni áttu sæti Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., formaður, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþm., Kristján Egilsson flugstjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri og Þorgeir Pálsson prófessor. Pétri Einarssyni flugmálastjóra var falið að starfa með nefndinni og vera henni til ráðuneytis. Margir starfsmenn flugmálastjórnar lögðu sitt af mörkum í starfi nefndarinnar.

Skýrsla nefndarinnar, sem afhent var í október á s.l. hausti eins og áður gat, var síðan rækilega kynnt

á sérstakri ráðstefnu hinn 12. des. 1986. Þangað var boðið alþingismönnum, sveitarstjórnarmönnum, flugrekendum og áhugamönnum um framgang íslenskra flugmála. Nefndarmenn og flugmálastjóri gerðu þar ítarlega grein fyrir efni skýrslunnar og tillögum þeim sem þar eru settar fram. Framsögumenn fluttu erindi og lífleg almenn umræða fór fram. Ráðuneytinu var mikill akkur í þeim sjónarmiðum sem þar komu fram og verður tillit tekið til þeirra við framkvæmd tillagna flugmálanefndar. Í ljósi þeirrar kynningar sem nú var lýst og þess að skýrslan er birt í heild sinni með frv. tel ég ástæðulítið að fara mörgum orðum um innihald hennar, en vil þó við þetta tækifæri stuttlega minna á meginþætti hennar.

Þess skal getið að viðaukar við skýrsluna, sem hafa að geyma sérstaklega sundurliðaða kostnaðaráætlun, könnun meðal innanlandsfarþega og álitsgerð um framtíðarþróun flugumferðar og afhentar voru samhliða skýrslunni, eru ekki birtar í þskj. Nefndin hóf verk sitt með því að draga saman ýmsar gagnlegar upplýsingar um þróun og eðli íslenskrar flugumferðar. Þar eru í rituðu máli og með tölum settar fram niðurstöður um fjölda farþega, tíðni ferðalaga, flughreyfingar á hinum ýmsu völlum auk þess sem fjallað er um skipulag og umfang áætlunarflugsins. Þá reynir nefndin að gera sér grein fyrir áhrifavöldum og framtíðarþróun flugstarfseminnar. Hér yrði litið til fjölmargra atriða, svo sem fargjaldastefnu, ástands annarrar flutningastarfsemi, t.d. áhrif bættra vega á landflutninga o.s.frv.

Í ljósi þessara tölulegu upplýsinga reynir síðan nefndin að spá fyrir um þróun mála tímabilið 1985–1995. Hún kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að farþegum um flugvelli innanlands fjölgi um rúm 100 þús. á tímabilinu, í um 730 þús. eða um 17% og þá er hver farþegi tvíreiknaður.

Vegna framkvæmda á flugvöllum hefur nefndin tillögu um flokkun vallanna og íslenskan staðal við gerð brauta innan hinna ýmsu flokka. Staðallinn er í samræmi við reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, en ekki er hægt að fylgja ýtrustu tilmælum hennar vegna erfiðra landfræðilegra aðstæðna á mörgum flugvöllum hérlendis. Þar sem um frávik er að ræða verður framkvæmdum hagað þannig að síðar megi endurbæta hinn íslenska staðal skapist til þess aðstæður. Hvað varðar búnað flugvallanna, hindranir á og í grennd við þá auk annarra atriða er gert ráð fyrir að farið verði eftir stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Eftir að hafa sett fram og skilgreint það markmið sem nefndin vill að keppt skuli að við hérlenda flugvallagerð tekur hún saman yfirlit yfir núverandi ástand áætlunarflugvallanna og nefndir til brýnustu verkefnin á hverjum fyrir sig. Með samanburði á niðurstöðu þessarar lýsingar og áðurnefndum staðli reynir síðan nefndin að gera sér grein fyrir hvaða verk þarf að vinna svo að takmarkinu verði náð. Framkvæmdum á áætlunarflugvöllum er síðan raðað í forgangsröð, kostnaðaráætlun miðuð við byggingarvísitölu og gengi erlendra gjaldmiðla í janúar 1986 sett fram og verkinu síðan deilt niður á tíu ára tímabil í samræmi við þær forsendur sem nefndin hafði þróað í starfi sínu.

Nefndin tekur fram að einstakar framkvæmdir geti verið svo stórar í sniðum eða mikilvægar af hagkvæmnis- eða öryggisástæðum að þær falli ekki inn í framkvæmdaröðun hennar. Nefnir hún í þessu tilefni flugstöð í Reykjavík, flugbraut á Egilsstöðum og endurnýjun malbiks á flugbrautum á Reykjavíkurflugvelli. Þessar framkvæmdir eru teknar út úr sem sérverkefni í áætluninni. Gerð varaflugvallar fyrir millilandaflug og stækkun og endurbót á flugstjórnarmiðstöð er ekki tekið í kostnaðarútreikninga nefndarinnar.

Heildarkostnaður við framkvæmd tillagna nefndarinnar er áætlaður á verðlagi 1986 2030 millj. og gerði nefndin sérstaka könnun á því hvernig fé fengist til flugmálastarfseminnar, hvernig það skiptist og hvernig heppilegast mundi að standa að útvegun viðbótarfjár. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rekstrarkostnaður flugmálastjórnar jafnaðist að mestu út með tekjum ríkissjóðs af starfsemi tengdri flugi, en framkvæmdaféð væri beint framlag ríkisins. Taldi nefndin varhugavert að leggja ný eða aukin gjöld á flugstarfsemina, en kvað þó koma til álita að hækka flugvallagjald í innanlandsflugi og binda gjaldið tiltekinni framkvæmd, t.d. byggingu flugstöðvar í Reykjavík. Þá var lagt til að eldsneytisgjald yrði framvegis innheimt af öllu flugi en ekki bundið við flug innanlands. Þó var gerð tillaga um gjaldfrelsi flugs milli Íslands og Norður-Ameríku.

Nefndin bendir á að framlög úr ríkissjóði til flugmála séu í litlu samræmi við mikilvægi þessarar starfsemi fyrir búsetu í landinu og í heild sinni og leggur því til að framkvæmdatillögur hennar verði að langmestu leyti fjármagnaðar úr ríkissjóði. Bendir nefndin á í þessu sambandi að heildartillögur hennar fyrir tíu ára tímabil kosti sem samsvari tveggja ára framlagi ríkisins til nýframkvæmda í vegamálum.

Nefndin varð í starfi sínu sammála um að brýnasta atriði í skipulegri uppbyggingu íslenskra flugvalla væri lögfesting áætlunargerðar og mörkun tekna til flugmálaframkvæmda. Hafði hún þá einkum í huga örlög annars ágætrar framkvæmdaáætlunar sem unnin var af flugmálanefnd og afgreidd í formi þál. frá hinu háa Alþingi vorið 1978.

Miðað við reynslu fyrri ára leit nefndin eðlilega til vegáætlunar og framkvæmda á sviði vegamála. Því fylgdi tillögum nefndarinnar frv. til l. um skipan framkvæmda á þessu sviði samgangna. Það er þetta frv. með minni háttar breytingum sem hér liggur fyrir.

Frv. skiptist í tvo meginkafla. Fjallar sá fyrri um flugmálaáætlun, en hinn síðari um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Meginmarkmiðið með lögfestingu ákvæða um flugmálaáætlun er að Alþingi ákvarði reglubundið um skipulega uppbygg-

ingu þessa samgönguþáttar og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdarvaldið. Alþingi fái reglulega yfirlit um störf flugmálastjórnar og með þessum tvennum hætti verði stuðlað að betri nýtingu fjármagns og skipulegri vinnubrögðum. 1., 2. og 4. gr. frv. draga í öllum meginatriðum dám af sambærilegum ákvæðum vegalaga, en í 3. gr. eru taldir flokkar flugmálaverkefna sem skilgreindir eru í skýrslu nefndarinnar.

Í síðari kafla laganna er lagt til að fjármögnun framkvæmda í flugmálum verði með tvennum hætti: með tekjum af eldsneytis- og flugvallagjaldi og með framlagi úr ríkissjóði. Hér eru færð á einn stað ákvæði úr gjaldskrá fyrir afnot flugvalla og meginmál laga nr. 8 frá 1976 um flugvallagjald með áorðnum breytingum og ákveðið að fjár sem þannig aflaðist mætti einungis verja til flugmálaframkvæmda. Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir hækkun eldsneytisgjaldsins eða flugvallagjaldsins í millilandaflugi, en það leiðir af frv. að flugvallagjaldið í innanlandsflugi og öðru því flugi sem greinir í 9. gr. frv. hækkar úr 18 kr. í 100 kr.

Eins og getið var hér að framan gerði nefndin það að tillögu sinni að innanlandsflugvallaskattinum yrði einungis varið til sérstaks verkefnis, flugstöðvar í Reykjavík. Að athuguðu máli og með hliðsjón af sérstöðu slíks verkefnis var ekki talin ástæða til slíkrar sérmörkunar og er því í frv. gert ráð fyrir að gjaldið renni til almennra framkvæmda.

Önnur meginbreyting sem felst í II. kafla leiðir af ákvæðum 5. gr., en þar er gert ráð fyrir að eldsneytisgjaldið verði innheimt á öllum flugvöllum landsins. Eins og nú er innheimtist það ekki á Keflavíkurflugvelli. Áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku verður þó undanþegið gjaldinu.

Ég tel að ekki þurfi að orðlengja frekar um mál þetta. Frv. er skýrt og skorinort. Tilgangur framlagningar þess er auðsær og að baki því liggur mikil vinna eljusamra manna, vinna sem glöggt má virða og meta með lestri skýrslu þeirrar sem frv. fylgir. Málefni þetta hefur einnig verið kynnt sérstaklega öllum þeim sem hagsmuni og áhuga hafa á framgangi íslenskra flugmála, þar á meðal alþm., og er því nokkur von til skjótrar afgreiðslu þess hér á hv. Alþingi.

Samhliða framlagningu þessa frv. hefur verið lögð fram till. til þál. um byggingu nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum, en þar er um að ræða 2000 metra nýja braut og heimild til að taka lán á þessu ári, allt að 60 millj. kr. Það er ekki að ástæðulausu að slík tillaga kemur fram. Hún getur ekki rúmast innan þessa ramma nema ganga á svig við aðrar nauðsynlegar þarfir og því er það mál tekið upp sérstaklega og flutt í því formi af ríkisstjórninni.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. samgn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni merkt mál. Það hefur legið í loftinu í nokkurn tíma að í gangi væri undirbúningsstarf að því að leggja fram frv. um flugmálaáætlun og um skipulagningu framkvæmda að því er varðar flugmál.

Það eru um þrjú ár, það var 7. febr. 1984, síðan hæstv. samgrh. skipaði nefnd til að undirbúa frv. sem hér liggur fyrir ásamt því að vinna að öðrum verkefnum. Nefndinni var falið að hraða störfum svo sem kostur væri. M.a. var ætlast til þess að það væri hægt að hefja framkvæmdir við væntanlega flugstöð í Reykjavík eigi síðar en árið 1986 út frá þeirri áætlun sem hugsanlega væri undirbyggð af þessari nefnd. Það hefði sem sagt verið mikið æskilegra að þessi mál hefðu komið inn á hv. Alþingi fyrr, ekki síst vegna þess að það hefði verið æskilegt að núv. hæstv. samgrh. hefði getað fylgt þessu málefni eftir í ráðherrastól, þó að það geti svo sem þannig farið að hann setjist í ráðherrastól aftur eftir komandi kosningar. En eins og stendur er þetta frv. sem verið er að leggja fram á síðustu dögum þings fyrst og fremst fyrirheit um það sem næsta ríkisstjórn kemur til með að gera í þessum málum.

Það eru að mínu mati ekki reglulega góð vinnubrögð að hefja nú umræðu um þetta mál í hv. deild án þess að þingflokkum hafi gefist tækifæri til að fjalla um málið sérstaklega eftir að það var lagt hér fram. Æskilegra hefði verið að tími hefði unnist til að fjalla um það í þingflokkunum þó að ég geri ekki ráð fyrir að hér sé í eðli sínu um mikil deilumál að ræða. Ég fyrir mitt leyti tel að tillagan um flugmálaáætlun muni njóta stuðnings a.m.k. míns flokks að meginhluta til.

Um hinn þáttinn, fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, mætti segja að væru einhver vafaatriði. Ríkisstjórn sem hefur á undanförnum árum boðað minnkandi skattaálögur leggur nú fram á síðustu dögum þingsins tillögur um sérstakt skattafrv. Ég sé ekki alveg hvernig það fellur heim og saman við að hafa skorið niður framlög til flugmála á undanförnum árum, svo sem fram kemur í nál. þessarar hv. nefndar sem ég hef nefnt áður og kemur greinilega fram í línuriti sem nefndin birtir á bls. 100 í fylgiriti frv. Þar sést greinilega hvert stefnt hefur í sambandi við veitingu fjármagns til þessa þáttar samgöngumála í landinu. Ekki síður á hinn veginn að nú skuli vera gripið til þess ráðs að ætlast til að það fjármagn sem í framtíðinni á að verða til framkvæmda í flugmálum verði að stórum hluta tekið beint af þeim aðilum sem þarna eru notendur. Það er sem sagt ákveðin sérsköttun á farþega og á flugrekstraraðila, þ.e. eldsneytisgjald, til þess að standa undir þessum sérstaka samgönguþætti.

Nú er þessi sérstaki samgönguþáttur mjög mikilvægur, eins og hæstv. ráðh. nefndi, einkum fyrir ákveðnar byggðir í landinu. En það er ekki eðlilegt að til uppbyggingar þessa samgönguþáttar sé verið að skattleggja þá aðila sem fyrst og fremst þurfa að nota flugið. Ég tel ekki eðlilegt að Austfirðingar, sem þurfa að nota flugið meira en aðrir, eigi að borga meira til uppbyggingar þessa samgönguþáttar

en aðrir íbúar landsins, en það hlýtur að gerast með því að greinin sé sérsköttuð til þessara þarfa.

Það er líka annað sem athuga þarf í sambandi við þessa sérsköttun. Oft fer það svo þegar verið er að byggja upp afmarkaða tekjustofna að þegar búið er að nota skattinn í einhvern ákveðinn tíma er sett klausa í fjárlagafrv. um að þrátt fyrir þetta og þetta skuli það fjármagn notað til annarra þarfa þetta tímabil og fari ekki beint inn á þessa afmörkuðu grein. En í þessu frv. hefur reyndar verið tekinn upp nýr háttur í skattinnheimtu. Hann er sá að nú er fjmrn. ekki ætlað að innheimta skatta heldur er það fært undir flugmálastjórn. Mætti kannske gera sér vonir um að með þessu ákvæði sé frekar komið í veg fyrir að þessi sérsköttun lendi í annarra manna kassa en til framkvæmda í flugmálum.

Í 3. gr. í flugmálaáætlun er sett upp verkefnaröðun og flugvellir flokkaðir í flokka. Síðar í grg. með frv. kemur skýrgreining á því hvernig þessi flokkun á sér stað. Þó að þessi flokkun sé sett inn er kannske ekki víst að hún verði notuð í framtíðinni í framkvæmdaröðun, en mér finnst nokkuð vafasöm sú uppbygging eða sú flokkun sem nefndin hefur valið sér að gera. Ég tel að t.d. þátturinn sem byggður er á einangrun staða sé allt of lágt metinn og að þáttur umferðar eða verkefnisþátturinn sé of mikið metinn. Þáttur einangrunar er svo mikilsverður þáttur í sambandi við uppbyggingu flugmála að ég held að hann eigi að vega mjög þungt. Ef við tökum sem dæmi staði eins og Grímsey og Gjögur, sérstaklega einangraða staði, lít ég svo á að þessir staðir eigi að vera í algjörum forgangi í uppbyggingu, að þeir eigi ekki að lenda í neinni uppbyggingarröð og þeirra einangrun sé á þann veg að við hljótum að viðurkenna þetta sem algjöra forgangsstaði. Það skipti varla máli þarna hvort farþegarnir séu þetta margir eða annað eða verkefni séu þetta stór. Ef við ætlum að halda uppi samgöngum við þessa staði verður það að gerast með flugi. Þar er ekki um neinar aðrar leiðir að ræða nema í undantekningartilfellum á sjó. Ég tel að til þessara þátta hafi ekki verið litið nógu mikið í uppröðun í töflu 5.2 á bls. 80 hjá nefndinni.

Það mætti reyndar nefna aðra hluti í sambandi við forgang. Ég tel t.d. að staður eins og Rif á Snæfellsnesi sé að vissu leyti einangraður og eigi að taka mjög tillit til þess að sá flugvöllur sem þar er staðsettur þjónar ekki aðeins sem farþegaflugvöllur fyrir það svæði heldur þjónar hann sem sjúkraflugvöllur fyrir utanvert Snæfellsnes en á utanverðu Snæfellsnesi er ekkert sjúkrahús. Ég tel þess vegna ekki réttmætt að þessi flugvöllur sé metinn á sama hátt og t.d. staðir eins og Blönduós og Stykkishólmur sem hafa sjúkrahús. Ég tel að þarna þurfi að líta á og athuga frekar þessa uppsettu framkvæmdaröðun flugvallanefndarinnar.

Eins og ég sagði þá geri ég ráð fyrir að þetta sé frv. sem margir hafa beðið eftir og margir munu fagna og sjálfsagt mun vera að meginhluta til stuðningur við efni þess. Á næstu dögum mun verða fjallað um það í þeirri nefnd sem ég á sæti í og sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða það mikið frekar. Ég veit að sú hv. nefnd mun leggja sig fram um að vinna þetta mál fljótt og ætti það því ekki að tefjast hér í deildinni og frv. gæti orðið að lögum áður en starfi þessa þings verður slitið. Eins og ég sagði áðan hefði verið æskilegra að frv. hefði verið samþykkt a.m.k. árinu fyrr þannig að við hefðum fengið að fylgjast með starfi hæstv. ráðh. og því hvernig hann hefði framfylgt því frv. sem hann er að leggja fram.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Af hálfu þingflokks Alþfl. lýsi ég ánægju með það að þetta frv. til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum skuli komið fram og minni á það að á ýmsum fyrri þingum, allar götur svo langt sem ég hef traust þingminni, hafa þm. Alþfl. einmitt flutt tillögur í mjög svipaða átt, að gerð yrði framkvæmdaáætlun, flugmálaáætlun, en þær hlutu ekki náð fyrir augum þeirra sem þá réðu og náðu ekki fram að ganga hér á hinu háa Alþingi.

Mig langar hins vegar til að segja nokkur orð við hæstv. ráðh. um vinnubrögðin við þetta. Ekki efast ég um að sú ágæta nefnd sem hér hefur að unnið hefur unnið mjög vel og samviskusamlega. Hún hefur skilað skýrslu sem raunar hefur komið út í tveimur þykkum heftum. Ég minnist þess ekki að þingflokkum hafi verið send þessi skýrsla. Ég varð mér hins vegar úti um hana eftir krókaleiðum vegna þess að mér lék hugur á að vita hvað væri í hana skrifað.

Í öðru lagi áttu ekki allir stjórnmálaflokkar aðild að þeirri nefnd sem þetta verk vann. Ég held að um þetta hefði mátt ná breiðari samstöðu ef svo hefði verið gert. Það hefðu verið æskilegri vinnubrögð. Það er auðvitað líka vel til fundið, eins og gert var í þessu tilviki, að efna til ráðstefnu eins og hæstv. samgrh. gat um. Ég minnist þess ekki að þingflokkum hafi verið boðið að senda fulltrúa á þá ráðstefnu. Hins vegar mun sjálfsagt samgöngunefndarmönnum, einhverjum a.m.k., hafa verið boðið til þessarar ráðstefnu, en sá var þó gallinn á gjöf Njarðar að hún var haldin á þingfundatíma. Það er illt að gera, þegar menn liggja öðrum þræði undir ámæli fyrir að sinna ekki þingskyldu og sækja þingfundi, að svo mikilvægar ráðstefnur, þar sem þm. vilja gjarnan láta til sín taka, heyra og skýra sín sjónarmið, eru haldnar á þingfundatíma og þetta er látið rekast á. En ég endurtek að eftir því sem ég hef haft föng á að kynna mér þessa skýrslu, sem hér hefur reyndar að hluta til verið lögð fram sem fskj. með frv. og það er vissulega af hinu góða, en ég aflaði mér skýrslunnar eftir krókaleiðum, sýnist mér að þarna hafi verið mjög vel að verki staðið og það ber að þakka. Ég held að öllum sé ljóst að flugmálin hafi verið hornreka í samgöngukerfinu og þau hafa verið það mjög lengi. Það hefur skort hér af hálfu stjórnvalda samræmda stefnu að því er varðar málefni samgöngukerfisins og áhersluþætti þar, þ.e. vegi, flug-

velli og hafnir. Þarna hefur verið unnið mjög handahófskennt og með happa- og glappaaðferð oft og tíðum og án samræmingar og skort mjög á að vegið hafi verið og metið hvaða samgönguleiðir væru hentugastar og hagkvæmastar hverju sinni. Þetta stendur vonandi til bóta, en slíka flutningastefnu hefur mjög skort.

Það er auðvitað góðra gjalda vert þegar lagt er til að stórauka framkvæmdir í flugmálum og ég lýsi heils hugar stuðningi við það. Ég hef þó þann fyrirvara á að þar sem skammur tími er síðan þetta frv. til laga var lagt fram hér á Alþingi og skýrsla þeirrar nefndar sem hér um ræðir var alls ekki send þingflokkunum hefur þingflokkur Alþfl. ekki fjallað um þetta mál svo ítarlega að ég geti hér og nú skýrt frá afstöðu okkar að því er varðar fjáröflun til framkvæmda. Það er einfaldlega vegna þess að það mál er ekki fullrætt innan þingflokksins en verður að sjálfsögðu áður en þetta mál kemur til afgreiðslu úr hv. samgn. þessarar deildar.

Guð láti gott á vita, eins og þar stendur. Við höfum langtímaáætlun í vegagerð þar sem við höfum séð hvernig þau markmið sem sett voru, þ.e. um ákveðinn hluta af þjóðartekjum til vegamála, hafa skroppið saman og rýrnað ár frá ári og þar sem við höfum færst fjær og fjær því marki sem upphaflega var sett. Hér hafa menn valið þá leið að setja ekki slíkt mark inn í þetta frv. en bent er á í athugasemdum að með þál. mætti festa þessa upphæð sem ákveðið hlutfall af vergum þjóðartekjum eins og nú er gert í vegamálum.

Ég hef vissar efasemdir um ágæti þess að vinna með þessum hætti vegna þess að það hefur sýnt sig að Alþingi gengur ákaflega illa að standa við þetta og hefur reynst nauðsynlegt í hvert einasta skipti sem hér eru samþykkt lánsfjárlög að hafa þar heilan kafla þar sem hver einasta grein, kannske 10–11 talsins, byrjar á orðunum „þrátt fyrir ákvæði laga“ nr. þetta og þetta skulu framlög samkvæmt þeim ekki nema nema þessu og þessu. Þetta eru vond vinnubrögð, þetta er vond lögfræði, þetta er vond lagasmíð, vegna þess að okkur hér á hinu háa Alþingi og þeim sem ráða ferðinni í ríkisstjórnarflokkunum hefur ekki tekist að standa við þetta, og það gildir þá nokkuð einu hverjir þeir hafa verið, svo að fullrar sanngirni sé nú gætt.

Án þess, virðulegi forseti, að ég hafi þessi orð fleiri að þessu sinni þykir mér sem standa hefði mátt svolítið öðruvísi að vinnubrögðum, undirbúningi og kynningu þessa máls. Það hefði greitt fyrir framgangi þess í þinginu. Ég fagna því samt og lýsi stuðningi við þá meginstefnu sem í því felst en hef nokkurn fyrirvara, a.m.k. þangað til þingflokkur Alþfl. hefur um það fjallað, um fjáröflunarleiðir þær sem gerð er grein fyrir í II. kafla laganna.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um afar gott mál að ræða og ég fagna því að þessi áætlun er komin fram. Þetta mál er það gott að ég get ekki sillt mig um að segja örfá orð við 1. umr. málsins þó að ég eigi sæti í samgn. og fái tækifæri til þess að fjalla um málið í nefndinni.

Það er ljóst að þessi áætlun, ef hún verður samþykkt sem vonandi verður gert, er góður grundvöllur fyrir sókn í flugmálum hér á landi. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því hvað þörfin er brýn í þessum málum. Þessi málaflokkur hefur legið eftir í uppbyggingunni á undanförnum árum og ástand flugvalla og flugmannvirkja um landið hefur engan veginn haldist í hendur við þá tækniþróun sem orðið hefur í flugflota landsmanna og er í mörgum tilfellum orðinn hemill á þá þróun. Það hefur engin áætlun verið til að vinna eftir og þessi málaflokkur hefur verið í algjörri óvissu um fjárframlög ár hvert gagnstætt því sem hefur verið um vegáætlun þó að réttilega hafi verið á það bent að menn hafi ekki getað staðið við þau markmið sem menn hafa sett sér í þeim efnum. Ég má þó fullyrða að vegáætlun sem slík hefur gjörbreytt andrúmsloftinu í kringum vegaframkvæmdir í landinu.

Það er nú svo með vegáætlun að hún byggist að mjög miklu leyti á mörkuðum tekjustofnum þar sem tekjur eru innheimtar af umferðinni í landinu. Það hefur að vísu verið deilt um það og deilt mjög á það að allar tekjur af umferðinni gangi ekki til vegamála en við höfum orðið að taka hluta af þeim tekjum í ríkissjóð til annarra verkefna. Hins vegar er það mál sem ég ætla ekki að orðlengja um enda ekki ástæða til undir þessari umræðu.

Ég var á þeirri ráðstefnu sem hefur verið gerð að umræðuefni um þessa áætlun og þar voru nokkrar deilur um þá mörkuðu tekjustofna sem gert er ráð fyrir til flugsins. Því er ekki að neita að ýmsir flugrekstraraðilar voru með fyrirvara þar á og deildu á áætlun nefndarinnar að þessu leyti. Ég er þeirrar skoðunar að þessi flugmálaáætlun verði að byggjast upp að einhverju leyti á mörkuðum tekjustofnum til þess að hún verði eitthvað meira en orðin tóm. Ég geri þá fyrirvara á því að þeir mörkuðu tekjustofnar renni til flugsins. Ég held að a.m.k. í innanlandsfluginu muni menn greiða þá skatta sem hér hafa verið lagðir til af farmiðum sínum með glöðu geði ef þeir vita að þeir peningar renni til flugsins. Ég veit reyndar af viðtölum við fjölmarga að menn munu sætta sig við það. Það er að sjálfsögðu ekki vinsælt að hafa í frammi skattheimtutal og allra síst á viðsjárverðum tímum svona rétt fyrir kosningar en ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn að standa að slíkri skattheimtu.

Ég get ekki látið þessa umræðu hjá líða án þess að minnast aðeins á flugsamgöngur í mínum landshluta þar sem Austurland er sá landshluti sem ásamt Vestfjörðum er hvað háðastur þessum samgöngumáta, fluginu, til annarra landshluta sökum vegalengda og landshátta. Það er brýnt verkefni fyrir okkur Austfirðinga að fá framkvæmdir í flugmálum og það ber sérstaklega að fagna því að það forgangsverkefni sem nefndinni var gert að athuga, framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli, hefur verið tekið út

úr og er ætlunin að ráðast þar í framkvæmdir. Verkefnið þar er brýnt eins og hefur komið fram hvað eftir annað og er óþarft að endurtaka það í þessari umræðu. Það hefur mikið verið rætt um ástandið á þessum aðalflugvelli okkar Austfirðinga undanfarið í fjölmiðlum og þarf ekki að bæta neinu við um það. Það er ánægjuefni að lagt hefur verið til að ráðast í framkvæmdir og í tekjuöflun eða lántöku í því skyni.

Það er flogið reglulega til sjö flugvalla á Austurlandi annarra en Egilsstaðaflugvallar. Öll aðstaða við þessa flugvelli auk flugbrautanna sjálfra þarfnast nú endurbóta og uppbyggingar. Samkvæmt áætluninni mundi kosta um 250 millj. kr. að koma þessu í nokkuð gott horf ef frá er talin flugbrautin á Egilsstöðum sem kostar um 200 millj. kr. Þess vegna er málið brýnt fyrir okkur Austfirðinga, ég undirstrika það við þessa umræðu. Flugsamgöngur innan fjórðungsins eru okkur afar mikilvægar, ekki síður en milli landshluta, vegna þess hvernig Austurland er landfræðilega séð. Vegalengdir eru þar miklar og fjallvegir margir og einangrun ýmissa byggðarlaga mikil. Hv. 4. þm. Vesturl. nefndi áðan ýmis byggðarlög sem svo háttar til um. Ég get t.d. nefnt byggðarlag eins og Borgarfjörð eystri sem er afar háður flugi. Þó að flutningarnir séu kannske ekki mjög miklir um þann flugvöll er hann afar mikilvægur. Reyndar verð ég að segja það að flugmálastjórn og flugmálayfirvöld hafa sýnt t.d. þessum stað skilning og farið þar í framkvæmdir.

Ég hlýt að vona að skilningur á mikilvægi flugsamgangnanna vaxi í kjölfar þeirrar umræðu sem nú hefur verið um flugmál. Ég vænti þess að það þing sem nú situr beri gæfu til að samþykkja þessa löggjöf um flugmálaáætlun og marka henni þá tekjustofna sem duga til þess að vinna eftir henni. Ég mun a.m.k. ekki liggja á liði mínu í samgn. til þess að svo megi verða og nefndin megi skila sínu verkefni fljótt og vel og ég veit að aðrir nefndarmenn eru sama sinnis.

Ég held að hugarfarsbreyting þurfi að verða í landinu varðandi framkvæmdir í flugmálum. Það er nú þannig einhvern veginn í vegagerðinni að það hefur verið mjög mikill þrýstingur frá almenningi að bæta vegina. Það er kannske vegna þess að menn reyna ástand vegamannvirkja á sjálfum sér en í fluginu er hinn almenni farþegi kannske ekki í eins nánum tengslum við ástand flugmannvirkja op flugleiðsögutækja nema aðeins þegar flugvellir fara á kaf í drullu. Þá rísa menn upp. Ég held að í þessu efni þurfi að verða hugarfarsbreyting því að flugið hér á Íslandi, þar sem veðurfar er margbreytilegt og allra veðra von og náttúrufarið sömuleiðis margbreytilegt, flugið hér er flókið fyrirbrigði og það þarf að búa vel í haginn á allan hátt fyrir öryggi í flugi hér á landi.

Flugið er líka ómissandi öryggisþáttur í okkar samgöngukerfi og það er ómissandi öryggisþáttur í heilbrigðiskerfinu einnig. Það hníga þess vegna öll rök að því að vinda þurfi bráðan bug að úrbótum. Ég vona að sú áætlun sem við erum að ræða í dag marki tímamót í þessum málaflokki.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. sem hér er lagt fram. Ég tel það ákaflega mikilvægt mál og brýnt að hrinda í framkvæmd mjög snöggum og skipulögðum umbótum og endurbótum á flugmálum á Íslandi.

Það hefur þegar komið fram hjá þeim hv. ræðumönnum sem hafa talað á undan mér að flugið er nauðsynlegur ferðamáti og einn mikilvægasti ferðamáti hér á landi. Hins vegar er ástand flugvalla víða úti um land með þeim hætti að það nýtist ekki sem skyldi. Ég held að það hljóti að vera stórt skref í rétta átt að gera langtímaáætlun eins og hér er lagt til.

Ég vil einungis undirstrika að þeir mörkuðu tekjustofnar sem lagt er til að verði teknir upp renni raunverulega til flugs og flugmála. Það hefur verið allt of mikið að því gert að marka tekjustofna og síðan að taka þá af með ákvæðum um undanþágur. Ég tek undir með hv. 4. þm. Austurl. að ég held að hver og einn muni með gleði greiða flugvallagjald ef hann veit að það rennur til þess að bæta flugvelli út um land og flugöryggi í landinu.

En það er eitt sem ég vil minnast á í þessu sambandi og það er nú eiginlega ástæðan fyrir því að ég stend upp. Það er Reykjavíkurflugvöllur. Ég held að það verði að taka Reykjavíkurflugvöll til algjörrar endurskoðunar. Það er ekki lengur fært að hafa þennan stóra flugvöll í miðborg ekki bara Reykjavíkur heldur raunverulega einnig í miðbæ Kópavogs. Það hlýtur að vera framtíðarverkefni að flytja innanlandsflugið suður í Keflavík og taka þá upp hraðar samgöngur þangað, t.d. með einspora braut eins og framsóknarmenn hafa lagt til og barist fyrir fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðustu. Það er raunverulega nú þegar allt of mikil hætta sem stafar af þessum flugvelli. Við höfum reynt það sem búum í grennd við hann að komast ekki heim til okkar vegna flugvéla sem hafa runnið út á Suðurgötuna t.d. Og þó er það ekki verst heldur flugið yfir miðbæinn og yfir miðbæ Kópavogs. Það eru því eindregin tilmæli mín að hæstv. samgrh., sem hefur lagt svo mikla vinnu í flugmálaáætlunina, taki þetta mál til rækilegrar athugunar og ekkert verði gert sem endanlega staðsetji þetta stóran flugvöll hér í miðborg Reykjavíkur.

Það er í sjálfu sér hægt að tína fram fjölmörg rök fyrir því að flytja skuli allt eða mestallt flug af höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur. Þar er stór flugvöllur, mjög vel búinn að öllu leyti. Þar eru stór og mikil flugskýli. Þegar herinn fer losnar þar geysimikið rými. Ég sé að hæstv. samgrh. brosir, en það kemur nú dagur eftir dag okkar, hæstv. ráðh. Enn fremur má geta þess að vegalengdin er í sjálfu sér ekkert gríðarleg. Þetta eru um 50 km og með samgöngubótum þar suður eftir, hvort heldur sem verður með fjórum akreinum eða þá með braut, sporbraut, er hægt að fara þessa leið á um það bil

hálftíma. Vegalengdin er því í sjálfu sér ekki neitt vandamál.

Ég vara eindregið við því að fara að byggja flugstöð á Reykjavíkurflugvelli upp á hundruð milljóna. Í stað þess hefði þegar átt að hanna nýju flugstöðvarbygginguna í Keflavík með það fyrir augum að hún rúmaði einnig innanlandsflugið. Ég veit að það mun með litlum tilkostnaði vera hægt að nýta þá byggingu til þeirra hluta.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er mjög þarft að áætlun sé gerð í flugmálum. Reyndar hefur Alþfl. hvað eftir annað komið með tillögur um að svo yrði gert. Á það hefur ekki verið hlustað en nú er það samt að verða að veruleika.

Ég er þeirrar skoðunar og reyndar margir að það sé mjög eðlilegt að flytja allt innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi nú þegar að hefja undirbúning að því að gera það, ekki aðeins vegna öryggisins sem hlýtur að vera mjög mikið — bæði er það að Reykjavíkurflugvöllur tekur upp dýrmætt land og öryggið er ekki eins og það ætti að vera, hvorki gagnvart íbúunum hér í borginni né flugfarþegum, aðstaða á vellinum er bágborin — heldur líka vegna þess að ég tel tímabært að huga að því að byggja nýja akbraut til Keflavíkur, einstefnuakbraut, sem gerði það að verkum að öryggi þeirra sem aka Reykjanesbrautina yrði margfalt meira en það er. Menn hafa tekið eftir því í fréttum hve slys eru tíð þar og hvað þau eru alvarleg. Það er fjöldi dauðaslysa sem þar hefur átt sér stað vegna þess að vegurinn er hvergi nærri nógu öruggur einkum vegna þess að umferðin er svo mikil. Sú braut sem nú er til staðar var byggð fyrir 20 árum og hefur umferð aukist mjög frá því það var.

Framsóknarmenn munu hafa í borgarstjórn Reykjavíkur verið með hugmyndir um að byggja einhvers konar einsporung eða hvað það heitir. Ég vænti þess að þeir hafi gert sér grein fyrir því hvað slíkt kostar þó það sé varla von á því, en þetta var ein af mörgum vitlausum tillögum sem þeir fluttu fyrir borgarstjórnarkosningarnar þannig að það er ekki ástæða til þess að gera mikið úr því.

Hitt er annað að það er mjög nauðsynlegt að byggja aðra akbraut til Keflavíkurflugvallar og Suðurnesjabyggða til að forða því að sú örtröð verði á þeirri einu akbraut sem fyrir er sem raun ber vitni.

Það kemur fram í flugmálaáætlun að brýnustu framkvæmdaverkefni á Reykjavíkurflugvelli séu: bygging nýrrar flugstöðvar, flughlaðs og akbrauta, endurnýjun malbiks á flugreinum og hlaði, bygging tækjageymslna, endurnýjun flugskýla og endurnýjun aðflugsbúnaðar. Þessar framkvæmdir kosta auðvitað stórfé og sjálfsagt er ekki allt upp talið. Ég hygg að það mætti spara þetta fé allt saman með því að flytja innanlandsflugið til Keflavíkurflugvallar og jafnframt að leggja fé fram til þess að byggja nýja akbraut. Ég bendi á að ekki tekur langan tíma að aka frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur eftir að einstefna er komin suður. Varla verður það meira en hálftími. Hef ég nokkra reynslu af því að aka þennan veg.

Ég reikna líka með því... (**Samgrh.:** Á hvaða hraða?) Ég kýs að svara ekki þessari spurningu, hæstv. samgrh. En ég tel að samfara þessu þurfi að færa Umferðarmiðstöðina, sem nú er á óhentugum stað, og setja umferðarmiðstöð þar sem betri samgöngur eru við strætisvagna þannig að aðkoma verði betri.

Ég hef verið að hugsa um að leggja fram þáltill. um þessa hluti og ég vænti þess að ef svo verður og þegar svo verður fái ég góðan stuðning til samþykktar henni. En ég tel að það sé tómt mál að ætla að halda áfram að nota Reykjavíkurflugvöll. Ég bendi á að erlendis þykir sú fjarlægð sem við erum að tala um til Keflavíkurflugvallar ekki mikil, reyndar lítil. Ég tel að öryggis vegna og allra þátta vegna sé eðlilegt að við framkvæmum þessa hluti og það sem allra fyrst.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki rétt að blanda samgöngumálum Reykjaneskjördæmis inn í þá umræðu sem hér er um frv. um flugmálaáætlun. Þar eru vitaskuld mörg vandamál og mikil slysahætta á þeim vegi og sjálfsagt þarf í náinni framtíð að byggja þar annaðhvort einsporung eða aðra braut þannig að um einstefnu sé að ræða. En það tengist í engu held ég þeirri flugmálaáætlun sem við erum að ræða hér. Að koma með tillögu um að leggja niður Reykjavíkurflugvöll er að mínu mati ákveðin áskorun um að þó nokkur fjöldi þeirra flugvalla sem nú eru í notkun verði lagður niður sem eðlilegir áætlunarflugvellir. Það eru ekki líkur fyrir því að þeir sem nota nú með góðum árangri flugþjónustu við höfuðborgarsvæðið, t.d. eins og vestan af Snæfellsnesi, af Norðvesturlandi og jafnvel frá stöðum eins og Höfn í Hornafirði, fari að setjast upp í flugvél til þess að komast til Reykjavíkur og eiga fyrir hendi ferðalag frá Keflavíkurflugvelli eftir flugfar. (**Gripið fram í:** Það er gaman að njóta náttúrufegurðar.) Ég veit það. Það er alltaf gaman að ferðast um Reykjanesið, en það er kannske ekki alltaf tilgangur þeirra sem eru að ferðast að sjá fagurt og gott umhverfi. Það er ekki alltaf tilgangurinn þó það falli stundum saman.

Ég held að við verðum að búa við það enn um tíma og byggja þessa flugvallaáætlun, sem hér er verið að ræða um, fyrst og fremst á því að hér verði áfram aðalflugvöllur innanlandsflugs þar sem hann er nú. Ég tel að þær áætlanir sem uppi eru í flugmálaáætluninni um að byggja hér upp flugstöð og fullkomnari og betri aðstöðu en hér er nú séu nauðsynlegar til að sinna þessum samgönguþætti. Í langri framtíð er e.t.v. hægt að hugsa sér að sameina utanlandsflugið og innanlandsflugið á Keflavíkurflugvelli, en ég tel ekki tímabært að ræða um það á þessum tíma.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég held að menn séu hér að blanda saman og ræða undir einum hatti hluti sem í rauninni eru aðskildir. Það er í fyrsta lagi talað um að flytja Reykjavíkurflugvöll, eins og sumir tala um. Leggja Reykjavíkurflugvöll niður, eins og sumir orða það. Ég held að það sé óráðshjal og óraunhæft. Ég held að það verði alltaf að vera flugvöllur í eða alveg við höfuðborgina. Ef menn hafa svo mikla peninga að þeir geta lagt niður samgöngumannvirki eins og Reykjavíkurflugvöll og væntanlega þá gert annan nýjan flugvöll einhvers staðar í nágrenni borgarinnar eða alveg rétt hjá, kannske úti í Skerjafirðinum eins og einhverjir höfðu hugmyndir um á sínum tíma, ef menn hafa peninga til þess þá það. Ég held að menn hafi það ekki. Menn horfa girndaraugum á þetta svæði undir húsbyggingar. Það er auðvitað alveg rétt að það væri að ýmsu leyti kannske ákjósanlegt. Þetta er jú inni í miðri borginni. En ég held að menn séu að rugla þarna saman óskyldum hlutum. Það mætti t.d. ræða um það og hugsa sér og flytja rök fyrir því að farþegaflug innanlands með stærri vélum, með vélum á borð við Fokkervélar Flugleiða, væri flutt til Keflavíkur. Að vísu hefur það verulegan kostnað í för með sér fyrir flugfarþega vegna þess að allar flugleiðir verða lengri. Það er alveg sama hvert menn fljúga hér nema kannske vestur á Rif, þá kann að vera örlítið styttra frá Keflavík, en allar aðrar flugleiðir innanlands munu lengjast við það að flytja flugið til Keflavíkur. Engu að síður hygg ég að að því muni koma að innanlandsflug með stærri vélum verður flutt til Keflavíkur kannske á næstu tíu árum eða svo, en það verður alltaf flugvöllur hér í höfuðborginni og það verður að vera flugvöllur hér í höfuðborginni þar sem er stundað ýmiss konar flug með minni vélum. Það má taka dæmi t.d. frá Svíþjóð, frá Stokkhólmi, þar sem voru tveir flugvellir, Bromma og Arlanda. Bromma-flugvöllur er nú umkringdur byggð inni í miðju borgarsvæðinu. Þaðan hefur áætlunarflug með stórum flugvélum verið flutt, en þaðan er enn þá rekið ýmiss konar flug með minni flugvélum. Ég hygg að mjög svipað megi segja hér um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Við leggjum ekki niður svona samgöngumannvirki vegna þess að við höfum ekki ráð á því og það væri mjög óskynsamlegt að ég hygg.

Við höfum veg til Keflavíkur, steinsteyptan veg, og það er verulega kostnaðarsamt á okkar mælikvarða að tvöfalda hann þannig að þar geti orðið tvær akgreinar í hvora átt og einstefnuakstur. En það er auðvitað eins og hvert annað rugl að vera að tala um gerð einhvers konar einteinungs suður til Keflavíkur. Ef menn leggja slíkt fram í alvöru í pólitík, slíkar hugmyndir, hljóta þeir að segja hvað þær muni kosta. Það verða þá væntanlega að vera tvær slíkar lestir samhliða þannig að það sé hægt að hafa tíðar samgöngur þarna. Það sé ekki bundið við að fara bara í aðra áttina. Ég man nú ekki betur en það hafi verið lögð hér fram einhvern tímann af framsóknarmönnum tillaga um járnbraut á Suðurlandi sem hlaut ekki mjög miklar undirtektir. Það er hægt að flytja svona till., en það hefur held ég ákaflega lítið að segja. En þegar menn þykjast ætla að vera hagsýnir með því að flytja burtu Reykjavíkurflugvöll verða menn að gera sér grein fyrir því hvað það kostar að leggja niður slíkt samgöngumannvirki, hvað það kostar að gera annan flugvöll í eða við höfuðborgina og að vera þá reiðubúnir til að útvega fjármagn til þeirra hluta. Í samgöngukerfi þar sem við eigum mjög margt ógert og mörg brýn verkefni á það að leggja niður Reykjavíkurflugvöll og byggja á því svæði hreint ekki að vera forgangsverkefni. Við getum hugsað til þess kannske einhvern tímann töluvert eftir aldamótin.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þeirrar umræðu sem hér hefur skapast um Reykjavíkurflugvöll. Hún er reyndar ekkert ný af nálinni því þessi mál hafa verið nokkuð rædd og þar á meðal í borgarstjórnarkosningum.

Ég er þeirrar skoðunar að Reykjavíkurflugvöllur verði ekki lagður niður í náinni framtíð þó að ég viðurkenni vel þau vandkvæði sem eru vegna legu hans og aukinnar byggðar á þessu svæði. Það er nú einu sinni svo að frá Reykjavíkurflugvelli er stundað margs konar flug, m.a. einkaflug, flugkennsla og annað flug á litlum vélum, auk þess áætlunarflugs sem er stundað þar utan frá landsbyggðinni, frá hinum ýmsu stöðum. Ég held að það sé ekki raunhæft að ætla að þetta flug færist allt saman til Keflavíkur en flugvöllurinn verði hér um næstu framtíð þangað til menn hafa efni á því, sem ég sé ekki fyrir á næstu árum, að byggja flugvöll annars staðar í nágrenni bæjarins.

Ég held að eins og er væri það verulegt óhagræði fyrir innanlandsflugið að færast til Keflavíkur. A.m.k. meðan innanlandsflugið er ekki öruggara en það er núna og fellur oft niður af ýmsum ástæðum held ég að það væri ansi oft óhagræði að því fyrir þá sem þurfa að ferðast mikið a.m.k. að þurfa að fara til Keflavíkur í hvert skipti sem þeir fara út á land því enn þá tekur sú ferð 45 mínútur nema kannske fyrir Karl Steinar. Ég skal ekki segja að hann nái því ekki niður í hálftíma stundum þegar hann er að flýta sér. (**KSG:** Ég sagði í einstefnu.) Sú ferð tekur um 45 mínútur enn þá. Ég held að ef þetta flug fer í náinni framtíð til Keflavíkurflugvallar, sem ég er ekkert að girða fyrir, auðvitað getur sú þróun orðið að það fari þangað á þann stóra völl, byggist það á því að það sé hægt að stytta þennan tíma verulega.

Ég held að það sé ómaksins vert að líta á þennan einteinung eða hvað það nú heitir sem ég ætla ekkert að leggja dóm á. (**EgJ:** Nei, þetta er orðið flokksmál.) Það væri ekki útilokað að líta á hvað þetta kostaði. Ég kannast ekki við að þetta sé neitt flokksmál Framsfl., en ef nýjar hugmyndir eru flokksmál hans er allt gott um það.

En það sem ég ætlaði að segja um þetta mál er að

það er grundvallaratriði sem þessi flutningur verður að byggjast á að menn komist suður eftir á sem stystum tíma. Ég held að það sé óraunhæft að tala um flutning flugvallarins við núverandi aðstæður og að því sé verulegt óhagræði fyrir þessar samgöngur yfirleitt, en ég útiloka ekkert hvað skeður í því efni í framtíðinni.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Það er sérkennilegt að það er eins og komið sé við kvikuna í vissum hv. þm. ef minnst er á að flytja eitthvað af umferðarþunganum af Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkur. Þó að það sé kannske rugl hjá framsóknarmönnum að benda á leiðir til að gera fólki auðveldara og fljótara að komast til Keflavíkur en nú er vil ég aðeins minna á að upphafsmaður þess rugls hér á Alþingi var Valtýr Guðmundsson á sinni tíð. Jón Þorláksson velti mjög fyrir sér og skrifaði ítarlegar og vandaðar greinar álitsgjörðir um járnbrautarlagningu austur yfir fjall. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef þær hugmyndir og áætlanir hefðu orðið að veruleika hefði það gjörbreytt samgöngumálum á Íslandi. Það hefði eflt Suðurland og tengslin við Faxaflóasvæðið að miklum mun og orðið margfalt ódýrara en síðari framkvæmdir í þeim efnum.

En þó ég leyfði mér aðeins að fara nokkur ár og jafnvel áratugi fram í tímann var megininntak þess sem ég sagði einmitt ekki að fara að spreða út peningum heldur þvert á móti að vara við því að hafist væri handa um flugstöð upp á hundruð milljóna króna á Reykjavíkurflugvelli áður en kannaðir hefðu verið til hlítar og gerðar áætlanir um aðra kosti í þeim efnum. Ég vildi miklu heldur á næstu tíu árum sjá því fé varið til að bæta flugvelli og flugöryggi úti um land því það er þó það sem mestu máli skiptir í sambandi við þessa flugáætlun. Og útúrsnúninga vil ég frábiðja mér í því efni. Ég vil að þetta fé renni til þess að bæta flugsamgöngur á Íslandi og fyrst og fremst við dreifbýlið. Það er það sem er meginatriðið. En ég vil ekki að Reykjavíkurflugvöllur sé njörvaður niður með rándýrum framkvæmdum og flugstöðvarbyggingum áður en búið er að ganga frá flugöryggi úti um land.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að flugmálin hafi verið nokkuð afskipt á okkar torfæra landi og það er gott að til stendur nú að taka þau föstum tökum, eins og frv. sem hér liggur fyrir ber með sér. Ég mun athuga þetta frv. gaumgæfilega og ræða það frekar við 2. umr. málsins.

Hér hafa menn nokkuð rætt um Reykjavíkurflugvöll og ég vil að það komi fram að í borgarstjórn Reykjavíkur hefur Kvennalistinn og áður en hann kom þar til Kvennaframboðið ávallt verið eindregið fylgjandi því að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur héðan úr bænum. Við höfum ekki gert sérstakar tillögur um hvert skuli flytja hann, enda er það væntanlega í verkahring þeirra sem vit, þekkingu og kunnáttu hafa á hvar er heppilegt að hafa flugvöll og hvar ekki. En ástæður þess að við teljum óæskilegt að Reykjavíkurflugvöllur sé áfram suður í mýri eru fyrst og fremst þær að flugvallarstarfsemi og bæjarlíf fara illa saman. Af flugvellinum er mikil hávaðamengun og við þekkjum það öll hvílík streita fylgir þeim aukna hávaða sem nútímamenn búa við. Því er til mikils unnið að reyna að draga úr þeirri hávaðamengun ef nokkur kostur er og þess er kostur með því að flytja flugvöllinn. Önnur tegund mengunar sem fylgir þessum flugvelli er loftmengun. Það er ekki lengra síðan en í september á s.l. ári að fimm þm. héðan af hæstvirtu Alþingi sátu ráðstefnu í Stokkhólmi, alþjóðlega ráðstefnu á vegum Norðurlandaráðs, um hvernig mætti koma í veg fyrir loftmengun yfir landamæri. Þar sat m.a. hv. 5. landsk. þm. sem hér talaði ákaft gegn því að flytja Reykjavíkurflugvöll áðan, en þar samþykkti hann ásamt öðrum hv. þm. sem þessa ráðstefnu sóttu, þar var einn frá hverjum þingflokki, að beina því til ríkisstjórnar sinnar að gera allt sem í hennar valdi stæði til að draga úr loftmengun. Það skýtur því nokkuð skökku við að sá hinn sami þm. skuli síðan mæla með því að loftmengandi flugvöllur sé áfram í mesta þéttbýli landsins.

Við vitum það af mælingum sem hafa verið framkvæmdar á Reykjavíkursvæðinu núna nýlega að loftmengun í Reykjavík er ótrúlega mikil, ekki síst miðað við það að hér er yfirleitt rok og maður skyldi ætla að mengunin fyki á haf út eða upp til fjalla. Það gerir hún greinilega ekki. Hún er töluverð yfir borgarsvæðinu og ég held að það sé ástæða til fyrir okkur að íhuga hvernig þessi mál kunna að þróast í framtíðinni. Ef flugsamgöngur aukast enn frá því sem nú er kann hér að verða um verulegt vandamál að ræða.

Menn hafa bent á það sem rök gegn því að færa Reykjavíkurflugvöll að af því kynni að stafa nokkurt óhagræði fyrir þá sem hyggjast nýta sér þjónustu flugvallarins. Það kann að vera, en ég vil þó benda á að fyrir þá farþega utan af landi sem hyggjast fara lengra og fara erlendis er tvímælalaust hagræði að því að sameina þá flugstarfsemi sem núna er á Reykjavíkurflugvelli við þá flugstarfsemi sem er á Keflavíkurflugvelli.

Ég er ekki með þessu að segja að endilega sé heppilegast að færa flugvallarstarfsemina sem er á Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkur. Það kann að vera að svo sé ekki og þarf það einfaldlega að athugast af þeim sem eru sérfróðir um flugvallarmál og skipulag á þessu sviði.

Fjármagn er af skornum skammti, það er svo sannarlega rétt, og það er því ekki forgangsverkefni að huga sérstaklega að Reykjavíkurflugvelli nú á meðan flugmálum dreifbýlisins er háttað eins og er. Ég er sammála síðasta ræðumanni um það að meginátherslu þurfi að leggja á uppbyggingu flugvalla og aðstöðu fyrir flug í dreifbýlinu. En ég held að það sé tímabært að fara að hyggja að því hvað við ætlum að gera varðandi flugstarfsemi í Reykjavík og

í því efni ættum við að hyggja að því að flytja flugvöllinn. Það þarf langan undirbúningstíma og þar sem fjármagn er af skornum skammti má grípa til þess gamla húsráðs sem flestir þekkja nú e.t.v. frá fornu fari. Það er einfaldlega að byrja að safna fyrir því að leggja í þá dýru framkvæmd sem nýr flugvöllur yrði. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið. Ég er alfarið andvíg því að lagt sé í fjárfrekar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli á meðan ekki er búið að athuga nákvæmlega og hyggja vel að því hvort ekki sé réttast að flytja flugvöllinn burtu héðan. Það tel ég að sé réttast og það vil ég að athugað sé betur en gert hefur verið.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umræðum því ég hélt að það væri kappsmál hv. deildarmanna að koma þessu máli sem fyrst til nefndar miðað við þann áhuga sem menn hafa lýst á því að þetta mál næði sem fyrst fram að ganga. Ég tek undir það. En umræður hafa farið hér býsna mikið í annan farveg en ég hugði í upphafi og reyndar farið nokkuð út um víðan völl eða kannske víða velli ef svo mætti segja og þá víða flugvelli að sjálfsögðu, hæstv. ráðh., og er ekkert út af fyrir sig við það að athuga. En auðvitað verður ekki komist hjá endurtekningu vegna þess að hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða þar sem er annars vegar ákvörðun um að gera ákveðna flugmálaáætlun og hins vegar það að taka ákvörðun um ákveðna fjáröflun til að standa undir þeim framkvæmdum sem þessi flugmálaáætlun gerir ráð fyirr.

Ég ætla ekki að fara að ræða um Reykjavíkurflugvöll eða hvort á að flytja allt flug til Keflavíkur. Ég veit að það koma áreiðanlega miklar óánægjuraddir utan af landsbyggðinni ef við flug hingað á suðvesturhornið þarf að bætast ferð frá Keflavík og hingað. Þó hygg ég að það mundi verða miklu meiri óánægja með það úti á landi almennt ef menn færu að verja stórkostlegu fé til flugstöðvarbyggingar á Reykjavíkurflugvelli á meðan svo mikið er ógert í flugvallarmálum og flugöryggismálum úti á landi. Það hygg ég að yrði samt sem áður það atriði sem menn þar mundu gera hvað mesta athugasemd við þrátt fyrir að þetta fólk verði að una við þá þröngu aðstöðu sem það fyllilega sættir sig við á Reykjavíkurflugvelli eins og nú er og ég kannast mætavel við. Menn hafa nefnilega unað því að undanförnu að það hefur verið ein forgangsframkvæmd í flugmálum á Íslandi, flugstöðvarbyggingin á Keflavíkurflugvelli og lántökur til hennar, og með því verið að nokkru leyti afsakað hvað illa hefur verið staðið að flugvallarframkvæmdum almennt.

Ég skal ekki lengja þetta mál mjög því hv. 4. þm. Vesturl. hefur gert grein fyrir skoðunum okkar í Alþb. varðandi þetta og ágætur fulltrúi okkar sat í þeirri nefnd sem hefur lagt fram þetta álit. Það var að vísu ekki fulltrúi okkar flokks í þessari nefnd, það er rétt að það komi skýrt fram út af orðum hv. 5. landsk. þm., heldur var það hæstv. samgrh. sem skipaði hann í þessa nefnd. Og þó ég efist ekki um að hann hafi haft ágætar stjórnmálaskoðanir hans í huga hygg ég að þekking þessa hv. alþm. á flugmálum í gegnum starf hans í flugráði hafi öllu fremur ráðið um þá skipan hjá hæstv. samgrh.

Varðandi fjáröflunina vil ég aðeins segja að öfugt við flokk hæstv. samgrh., sem var réttilega komið hér inn á að hljóðar ævinlega undan öllu sem heitir skattheimta, það gerir hæstv. ráðh. ekki, en flokkur hans eða flokksmenn hans hljóða undan henni í tíma og ótíma, þá segi ég að ég er alltaf til í eðlilega skattheimtu og sanngjarna ef hún rennur í rétta farvegi, ef það er tryggt. Auðvitað vakna spurningar, eins og hér hafa komið fram í umræðunum, um það hvert gildi hefur flugmálaáætlun annars vegar og hvert gildi hefur það að ákveða fjáröflun til framkvæmda eins og með hefur verið farið bæði áætlanir í þessum efnum og ekki síður ýmsa merkta tekjustofna sem hafa átt að fara til ákveðinna þátta. Ég ætla ekki að fara að gera því skóna hér að þetta verði svikið. Óneitanlega dettur manni í hug að það sé lögð áhersla á að koma þessu fram núna rétt rúmum mánuði áður en þingi verður slitið vegna þess að það eru kosningar í vor. Ég ætla ekki hæstv. ráðh. að það sé fyrst og fremst ástæðan því að ég veit að hann hefur áhuga fyrir þessum málaflokki, en óneitanlega setur það mark sitt á það. Og ég sá það um daginn varðandi þann margumrædda flugvöll, Egilsstaðaflugvöll, að hæstv. menntmrh. var ekki í neinum vafa um hverjum hann ætti að gefa alla dýrð af þeirri ákvörðun sem nýlega hefur verið tekin í ríkisstjórninni og við höfum séð í tillöguformi í Alþingi. Hann var ekki í neinum vafa um það, hæstv. ráðh., enda er hann yfirleitt ekki í vafa um neina hluti eins og hæstv. samgrh. veit, og sagði þar að í samráði við þá hv. 11. landsk. þm. og sig hefði hæstv. samgrh. ákveðið að verja 60 millj. kr. til Egilsstaðaflugvallar, enda væri það mála sannast að enginn gerði neitt í samgöngumálum Austfirðinga nema sjálfstæðismenn. Þetta rifja ég upp án þess að ég reikni með því að hæstv. samgrh. fari að sverja af sér eða játast undir að hafa eingöngu haft samráð við hv. 11. landsk. þm. og hæstv. menntmrh. þegar hann tók þessa ákvörðun þó hann taki örugglega mikið tillit til beggja þessara hv. þm. Austurlands.

En ég fagna því sem tillögumaður að ákveðnu fjárframlagi til Egilsstaðaflugvallar fyrir jólin að sú tillaga er fram komin, hverjum sem hún er að þakka. Ég ætla að vona það að hún sé fyrst og fremst því að þakka að menn hafa náð vopnum sínum í þessum efnum, eins og hæstv. menntmrh. segir svo gjarnan, náð áttum, áttað sig á því hvert ástand þessa vallar er orðið, hvert „lífsspursmál“ það er fyrir heilan fjórðung að þessi völlur komist í lag, og hafi hreinlega látið skynsemina ráða, enda gæluverkefni þeirra á Miðnesheiði það langt komið að þeim fer að verða óhætt að taka erlent lán líklega til smáverkefnis eins og Egilsstaðaflugvallar úr því að búið er að taka öll erlendu lánin til flugstöðvarbyggingarinnar suður þar.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það er rétt að umræðan hefur farið út um víðan völl. Meginmálið er að samþykkt verði flugmálaáætlun sem skipuleggi hvar eigi að bera niður við framkvæmdir og líka að gert verði átak í þessum efnum. Það er ekki ástæðulaust þrátt fyrir það að ræða ýmsa þætti eins og byggingu Reykjavíkurflugvallar. Það segir í fskj. frv. að uppbygging í Reykjavík muni kosta um 400 millj. Mér fannst ástæða til þess að nefna það og tel rétt að a.m.k. áætlunarflug verði flutt til Keflavíkurflugvallar og bendi á það í framhaldi af því sem ég sagði áðan að öryggið er hvergi meira en á Keflavíkurflugvelli og það er mjög sjaldgæft ef flogið er ekki þaðan einn dag, þ.e. ef flug fellur niður einn dag á ári. Það er mjög sjaldgæft ef svo verður. En því er öðruvísi farið með Reykjavíkurflugvöll. Það er vegna þess að öryggistæki og aðbúnaður er allur mikið betri á Keflavíkurflugvelli og snjóruðningur betri en á nokkrum sambærilegum flugvelli í heiminum hvar snjóar mikið.

Ég tel ástæðu til þess að því fjármagni sem ætlað er til þessara verulegu framkvæmda verði beint í þann farveg að byggð yrði ný akrein við Reykjanesbraut og þá er fleira sem kemur til. Það er öryggi allra farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll, þeirra sem þurfa að fara til utanlandsflugs m.a. Það má ekki skilja orð mín svo að ég ætlist til að þetta verði að veruleika í fyrramálið, en menn hafa talað þannig. Og mér þykir undrum sæta hvað menn eru óhressir þegar nefndar eru róttækar breytingar. Ég tel tilefnið ærið, tilefnið til þess að horfa fram á veg, og þrátt fyrir að ákveðið verði strax í dag að fara þessa leið mundi taka nokkur ár að koma því í framkvæmd.

Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. að því hvort í 3. gr. frv. sé ætlað að áætlunarflugvellir verði teknir fyrst sem forgangsverkefni, þ.e. flugvellir með 1800 m flugrein og lengri, eða hvað er hugsað í þeim efnum. Reyndar er sagt að Alþingi skuli ákveða árlega hvernig með skuli fara, en áætlunarflugvellir af þessari stærð eru nefndir fyrst í frv.

Annað í frv. er að mestu leyti fjáröflun til framkvæmda í flugmálum og verða sjálfsagt deilur um hvernig með það skuli fara.

En ég fagna þessu frv. og endurtek að ég tel að menn eigi að horfa fram á við, enn framar en hér er gert, og þá á þann veg að forða þeim hættum sem fylgja því að hafa innanlandsflug í Reykjavík og það þurfi að treysta öryggið mun meir en verið hefur.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það skal vera stutt. Aðeins fáein orð vegna þess fyrst sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um járnbrautarsamgöngur. Ég held að við megum þakka guði fyrir að þær voru aldrei teknar upp hér vegna þess að þá hefðum við áreiðanlega vont járnbrautakerfi og enn þá verra vegakerfi en við höfum nú. Ég veit ekki um eitt einasta land í veröldinni þar sem járnbrautafyrirtæki eða járnbrautasamgöngur eru reknar með hagnaði. Þvert á móti eru þetta allt orðin ríkisfyrirtæki, meira að segja í Bandaríkjunum líka, sem eru rekin með bullandi tapi og gerð út á skattgreiðendur. Við megum prísa okkur sæla. Þó að Valtýr berðist fyrir þessu og stofnaði meira að segja tímaritið Eimreiðina, sem nú er reyndar liðið undir lok, megum við þakka fyrir það.

Það kemur ekkert á óvart að hinar hagsýnu húsmæður vilji loka Reykjavíkurflugvelli eða fulltrúar þeirra og flytja hann burt, en það láist eins og venjulega að tala um fjármálahliðina á dæminu. Því er sleppt. Það heyrir ekki hagsýninni til.

Öðru verð ég að lýsa furðu minni yfir, að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sem hefur skemmt sér við það í fjölmiðlum að gefa samstarfsmönnum sínum einkunnir af sínu tagi, skuli leyfa sér að koma hér með málflutning af því tagi sem hún hafði um hönd áðan, þ.e. vitnaði til ágætrar ráðstefnu sem nokkrir þm. sóttu og fjallaði um mengun af ýmsu tagi, mengun frá efnaverksmiðjum og mörgu öðru, og að leyfa sér að nota það sem rök í umræðunum um Reykjavíkurflugvöll að hv. þm. sem hér stendur hafi skrifað undir samhljóða samþykkt þeirrar ráðstefnu sem hér um ræðir og jafna því við Reykjavíkurflugvöll. Að vísu fylgir nokkur mengun flugumferð alveg örugglega og áreiðanlega, en hún er hverfandi á móti ýmsu öðru. Það er hlálegt og raunar sorglegt að þm. sem er menntaður á vísindasviðum skuli leyfa sér að fara með slík rök og slíkan samanburð í ræðustól á Alþingi. Það hélt ég satt að segja að væri fyrir neðan virðingu þessa hv. þm., en nú veit ég að svo er ekki.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Með því að þetta mál gengur til samgn. Ed. Alþingis og þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sé ég ekki ástæðu til að fara mikið efnislega ofan í þetta frv. Ég hlýt þó að fagna því mjög að þetta frv. sé hér lagt fram og raunar aðrar þær ákvarðanir sem þessu máli tengjast. Þar á ég sérstaklega við byggingu flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli, en auk þess, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, mun tæpast nokkurt kjördæmi geta vænst eins mikils árangurs af þeim ráðstöfunum sem hér eru í frammi hafðar af hæstv. samgrh. og einmitt Austurlandskjördæmi því að eins og menn vita nær flugmálaáætlunin til allra flugvalla og að sjálfsögðu kemur hún sér þannig mjög vel fyrir allt Austurland sem eins og við vitum öll byggir mikið á flugþjónustu.

Hv. 2. þm. Austurl. hvíslaði því að mér — ég hafði brugðið mér aðeins af fundi — að þau orð hefðu verið látin falla að hæstv. samgrh. hefði gert þessar tillögur einkum vegna áherslu frá okkur Sverri Hermannssyni. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það sem segir í erindisbréfi nefndarinnar sé tilkomið m.a. vegna okkar óska því að

umræðan um Egilsstaðaflugvöll var vissulega hafin um þetta leyti og m.a. höfðu þm. Austurlands verið boðaðir til fundar austur á Egilsstöðum einmitt um uppbyggingu flugvallarins á Egilsstöðum. Ég hafði samband við ráðherrann um hvaða áform væru uppi áður en ég fór á þann fund og þar staðfesti hann það, sem hér er komið fram, að það væri hans stefna og markmið að stórauka fjármagn til flugmála hér á landi og að Egilsstaðaflugvöllurinn yrði þar forgangsverkefni. Þetta er ekki nýr boðskapur fyrir Austfirðinga.

En vegna þessara sárinda hjá hv. 2. þm. Austurl. má kannske minna á tillögugerð hans og félaga hans Hjörleifs Guttormssonar við 3. umr. fjárlaga þar sem var af þeirra hendi lögð fram till. um að fjárveiting gengi til Egilsstaðaflugvallar upp á 50 millj. kr. Þetta var að sjálfsögðu, eins og ég sagði áðan, við 3. umr. Það er mikil spurning hvaða meiningar hafa fylgt þessari tillögugerð. Að sjálfsögðu var beðið um nafnakall til að fá staðfest hvar þingheimur stæði í þessum mikilvæga tillöguflutningi og í blaði þeirra Alþýðubandalagsmanna á Austurlandi kom svo flennistór fyrirsögn um að þm. Austurlands aðrir en Alþýðubandalagsmennirnir og Tryggvi Gunnarsson hefðu greitt atkvæði á móti þessari till. Sárindi hv. þm. Helga Seljans eru að því leyti ákaflega auðskilin að Alþb. var farið að líma þessar fyrirsagnir upp á vinnustaði á Austurlandi. En tillöguflutninginn sem slíkan dæmdi svo hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan að verðleikum því að í Morgunblaðinu þar sem hann var spurður um hvernig honum litist á áform og tillögur samgrh. um byggingu nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum var svar hv. þm. afar skýrt. Hann hafði ekkert nema gott um það að segja og hann tók skilmerkilega fram að auðvitað væri þetta verkefni af því tagi að það þyrfti að fjalla um það sérstaklega og það þyrfti að vera sérverkefni og það væri ekki hægt að taka þetta mál til meðferðar og afgreiðslu með fjárlögum heldur þar fyrir utan. Hann hefur því svarað tillöguflutningi þeirra sjálfur. Það er út af fyrir sig ástæðulaust fyrir þennan hv. þm. að vera með einhver sárindi í þessum efnum því að auðvitað styður hann þetta mál heils hugar eins og öll önnur góð mál. En fram hjá því verður hins vegar ekki gengið hver er í forustu fyrir þessu máli hér á Alþingi. Það er auðvitað samgrh. og þetta mikla mál er náttúrlega allt saman tilkomið vegna þess að Sjálfstfl. hefur haft forystu.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 6. landsk. þm. spurði hvort framkvæmdir yrðu í sömu röð og áætlunarflugvöllum er stillt upp í 3. gr. frv. Það fylgir hér með uppstilling á framkvæmdum. Það fer ekki eftir í hvaða flokki viðkomandi flugvöllur er heldur er fyrst og fremst verið að byggja upp framkvæmdir og framkvæmdaröðina eftir því sem þörfin er mest og brýnust og ástand viðkomandi flugvalla.

Hins vegar er ráðherra skylt samkvæmt frv. að leggja skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar fyrir hvert reglulegt Alþingi. Á þennan hátt er verið að tengja þessar framkvæmdir meira Alþingi en áður hefur verið. Að vissu leyti er rétt að það hefur verið árlega í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en hér er vissulega brotið í blað og reynt að koma í veg fyrir að hægt sé að stýfa þessar tekjur. Því eru þessi gjöld orðin með þeim hætti.

Ég vil t.d. út af orðum hv. 4. þm. Vesturl. vekja athygli á því að skv. 5. gr. frv., um fjáröflun til framkvæmda, skal greiða sérstakt eldsneytisgjald af flugbensíni og þotueldsneyti sem selt er á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs. Gjald þetta nemur 1,30 kr. af hverjum lítra og 65 aur. af hverjum lítra þotueldsneytis. Með þessu er auðvitað verið að leggja skatt á ýmsa aðra svo að það má ekki túlka það svo, eins og mér fannst því miður koma fram hjá honum, að það væri verið að leggja þyngstu skattana á þá sem notuðu flugið mest innanlands. Með þessu er einmitt verið að létta sköttum af þeim, en hins vegar verða þeir að borga sömu skatta og aðrir sem fljúga til þessa staðar. Það er eiginlega tvennt sem ég tek á mig að hafa breytt frá því sem var í áliti flugmálanefndarinnar. Það er í 5. gr. að heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs. Ég taldi það ósanngjarnt þegar maður fór að athuga þetta mál nánar að leggja slíkan skatt á t.d. farþega sem fljúga milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, Þingeyrar og Ísafjarðar eða Egilsstaða og Neskaupstaðar svo að dæmi séu nefnd. Því var rétt að mínum dómi að hafa þessa heimild inni.

Það hafa orðið allmiklar umræður út af Reykjavíkurflugvelli. Samkvæmt tillögu nefndarinnar átti þetta gjald á hvern farþega að vera eyrnamerkt byggingu flugstöðvar í Reykjavík. Ég taldi rétt að breyta því líka. Þessar tekjur færu alfarið inn í þessa framkvæmdaáætlun. Hins vegar gæti ég flutt mjög langt mál um Reykjavíkurflugvöll. Vafalaust verður Reykjavíkurflugvöllur notaður á næstu árum og það er margt sem mælir með því. En við skulum ekki fullyrða að það verði ekki breytingar á gerðar innan nokkuð langs tíma. Um þetta hefur verið fjallað af öllum helstu aðilum í flugmálum. Við komumst aldrei hjá því, þó að við flytjum flugumferðina t.d. til Keflavíkur, að hafa einhvers staðar miðstöð flugafgreiðslu hér í Reykjavík. Hjá því verður aldrei komist. En ég minni á að ég er mjög flugvanur maður og ekki hef ég tölu á því í hve mörg hundruð skipti á lífsleiðinni ég hef komið á flugvöllinn í Reykjavík og þurft að keyra aftur til míns heima. Man ég eftir að sex daga í röð reyndi maður þetta og suma dagana tvisvar. Ég er hræddur um að þeir væru orðnir dálítið þreyttir sem hefðu ekið til Keflavíkur alla þessa daga. Það er auðvitað rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. að á styttri flugleiðum getur þetta skipt sköpum. Þá fara menn að hugsa sig um. Hins vegar er í vissum tilfellum ákveðin umferð innanlands á milli Keflavíkur og t.d. Akureyrar og flogið hef ég á þeirri leið og það

kemur vafalaust til fyrr að með stærri vélum verði þetta notað.

Hversu margar borgir eru það ekki sem við fljúgum yfir þegar við erum að fljúga til annarra landa? Við skulum taka nágrannaland okkar og það landið sem við eigum einna mest tengsl við, Danmörku. Þar eru alþjóðaflugvellir tveir. Annar er fyrir minni vélar í Roskilde. Ég hef lent líka á þeim velli. Þær hafa verið settar niður þar. Meira eða minna er nú flogið yfir þá borg þó hún sé minni en Reykjavík og vissulega er víða flogið yfir þéttbýli á þessum stöðum. En ég held að þó að umræður hafi orðið allmiklar um þetta atriði sé það ekki svo aðkallandi í þessu frv. og þessari framkvæmdaáætlun og sérstaklega ekki eftir þær breytingar sem ég gerði á frv. frá því sem flugmálanefndin lagði til.

En aðeins út af því sem hv. 5. landsk. þm. sagði varðandi skipun nefndarinnar. Eins og menn sjá þegar þeir líta yfir nefndarskipanina treysti ég mér ekki að fara eftir tilnefningu þingflokkanna og taka frá fimm þingflokkum í nefndina. Þetta er sex manna nefnd. Þarna eru fulltrúar Félags ísl. atvinnuflugmanna sem ég taldi mjög nauðsynlegt að hafa í nefndinni og sömuleiðis er þarna dr. Þorgeir Pálsson sem allir töldu vera mikla nauðsyn að fá í nefndina.

Ég var lengi að hugsa um það að mér fannst nokkuð langt gengið að vera eingöngu með menn af höfuðborgarsvæðinu og þá datt mér allt í einu í hug að spyrja hv. þm. Garðar Sigurðsson, af því að hann er nú frá Vestmannaeyjum og hafði verið í flugráði og áhugamaður um flugráð, hvort hann vildi ekki taka sæti í nefndinni til þess að fylgjast vel með því sem að landsbyggðinni sneri, en það var alveg laust við Alþb. eða stjórnmálaskoðun hans.

Að Birgir Ísl. Gunnarsson var gerður að formanni nefndarinnar var af því að hann á sæti í flugráði og hann var og er mjög kunnugur sögu og gangi þess starfs sem hefur verið unnið á Reykjavíkurflugvelli. Ég taldi það mikinn feng að fá hann til að verða formaður nefndarinnar sem hann var ekkert áfjáður í því að þessi vinna er ekki greidd eins og ætti að greiða. Það er allt of lítið sem er greitt fyrir hana. Sömuleiðis var þarna Andri Hrólfsson stöðvarstjóri hjá Flugleiðum og auk þess deildarstjóri í samgrn., Ragnhildur Hjaltadóttir. Nefndin var því ekki saman sett eftir stjórnmálaflokkum. Með nefndinni vann Pétur Einarsson flugmálastjóri sem vann mjög gott starf og sömuleiðis allir þeir starfsmenn Flugmálastjórnar og margir fleiri sem lögðu þarna hönd á plóginn.

Hins vegar fannst mér leitt hversu störf nefndarinnar drógust á langinn. Hún fór töluvert langt fram yfir þann tíma sem henni var settur, en við verðum að gæta að því að hér er um að ræða menn sem eru í öðrum störfum og sem ekki gátu alltaf farið í það þegar þeir vildu eða ég vildi og því dróst málið á þann veg.

En varðandi kynninguna finnst mér hv. 5. landsk. þm. ekki vera sanngjarn, að gagnrýna kynninguna, því að við héldum í ráðuneytinu fyrst blaðamannafund með allri nefndinni og fréttamönnum þar sem málið var kynnt. Það kom mjög ítarlega í blöðum. Allir fengu fyrstu drög að flugmálaáætluninni. Síðan boðaði deildarstjóri í samgrn., Birgir Guðjónsson, til ráðstefnu. Að hún var haldin á þessum tíma dags var fyrst og fremst vegna þess hversu margir flugáhugamenn utan af landi vildu sækja ráðstefnuna og sóttu hana. Þeir vildu gjarnan komast heim að kvöldi og eyða ekki nóttinni. Því miður var ekki hægt frekar en svo oft áður að hitta svo á tíma að öllum passaði, en ráðstefnan varð að mínum dómi mjög fjölmenn og það tóku þátt í henni allmargir alþm. Þar lá flugmálaáætlunin fyrir og allir gátu fengið hana. Það voru allir boðnir á flugmálaráðstefnuna og látið boð út ganga. Það er rétt hjá hv. 5. landsk. þm. að þingflokkunum mun ekki formlega hafa verið sent þetta og það mega kannske vera mistök, en ekki þurfti að sækja nál. eftir neinum krókaleiðum því að það var bæði mér og starfsmönnum samgrn. mikið kappsmál að sem allra flestir fengju að fjalla um þetta mál.

Hins vegar varð ég fyrir einum vonbrigðum af þessum kynningarfundi og þau vonbrigði mín voru að fulltrúar Flugleiða voru afskaplega óhressir yfir því að ætti að setja gjald á flugrekstrarstarfsemi. Það er eins og fyrri daginn. Þegar á að fara að borga reikninginn vill enginn borga. Það verður að hafa það. Þeir eru sennilega eins óánægðir núna og þá. En þeir verða að átta sig á því þeir ágætu menn og ágætu vinir mínir að hér er verið að vinna þarft verk sem sparar bæði þeirra félagi og öðrum í flugrekstri mjög mikið í rekstri og því verðum við að taka það á okkur.

Ég vil ekki fara í kapp út af þessum málum eða pólitískt karp. Það sem gerði að ekki var hægt að afgreiða till. um Egilsstaðaflugvöll við afgreiðslu fjárlaga var það að ég lagði á það áherslu að þetta plagg hérna, flugmálaáætlun og fjáröflun, færi saman þó að eðli málsins samkvæmt skuli flytja þáltill. í Sþ. en þetta mál í deildum. Það var ástæðan fyrir því að þetta dróst því að við vorum að skoða þetta eftir þennan upplýsingafund.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég þakka öllum þeim sem hafa talað hér og hafa lýst yfir stuðningi og áhuga sínum að koma þessu máli hér fram. Það þykir aldrei spennandi kosningamál að leggja til nokkrum vikum fyrir kosningar að nýir skattar séu lagðir á svo að það hlýtur þá að liggja eitthvað annað til grundvallar framlagningu þessa frv. en kapphlaup um vinsældir. En ég vona og veit að samgn. þessarar hv. deildar mun taka þetta mál til afgreiðslu eins fljótt og unnt er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er liðið fram yfir fundartíma. Það er einn á mælendaskrá sem gefur fyrirheit um að vera mjög stuttorður svo að ég held að það verði að freista þess að reyna að ljúka þessu og koma málinu til nefndar.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Þá veit maður að það er hættulegt að hvísla að hv. 11. landsk. þm. án þess að láta fylgja ærlegar skýringar með svo að hann skilji hvað átt er við. Það lá nefnilega ágætlega á mér í ræðustólnum áðan öfugt við það sem var með hv. 11. landsk. þm. sem hafði allt á hornum sér. Svo að ég skýri þetta út fyrir hv. 11. landsk. þm., með leyfi virðulegs forseta, var ég að gera góðlátlegt grín að grobbi hæstv. menntmrh. í Morgunblaðinu. Síðan kom hv. 11. landsk. þm. upp og endurtók þetta grobb með svolítið öðrum orðum og það var út af fyrir sig allt í lagi. En sárindi hjá mér voru engin því að ég fagnaði einmitt að þetta skyldi fram komið hverjum svo sem það var að þakka.

Ég veit hins vegar ekki hvað hv. 11. landsk. þm. á við með því þegar hann er að tala um að það liggi ekki meining á bak við brtt. sem menn flytja við fjárlög. Mér hefur aldrei flogið í hug að það væri ekki full alvara á bak við tillögur okkar þm. Austurlands í sambandi við fjárlagaafgreiðslu alla og að okkur væri full alvara með að vilja nýja flugbraut á Egilsstöðum. Mér hefur aldrei flogið það í hug. En nú kemur í ljós að hv. 11. landsk. þm. hefur þær grunsemdir að ég hafi aldrei meint neitt með því að vilja flugbraut á Egilsstöðum. Ég hef aldrei og mun aldrei ásaka hann um að hafa ekki haft áhuga fyrir slíkum málum.

Varðandi nafnakallið vil ég leiðrétta hv. þm. Nafnakallið var ekki um aðaltillöguna. Það var um varatillögu sem þarna var nafnakall.

Síðan segir hann að ég hafi afsannað þetta og þá gleymdi hann „restinni". Ég sagði vissulega að til þess að fá framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll þyrfti sérframlag miðað við þau framlög sem hefðu verið til flugmála á undanförnum árum. Og hver skyldi nú hafa ráðið þeim framlögum? Hæstv. samgrh. var að tala áðan og hv. 11. landsk. þm. var að minna á gæsku hans og ágæti í þessu efni. Ég dreg ekkert úr því. En ansi kemur gæskan og ágætið seint eftir þennan langa valdatíma því að hver hefur ráðið þessum framlögum annar en hæstv. samgrh. með dyggri aðstoð hv. 11. landsk. þm.? Þar af leiðandi sagði ég að til þess þyrfti sérfjármagn. Hæstv. samgrh. hefur gert það.

Af því að hann talaði um málgagn Alþb. á Austurlandi, þá er það nú svo sanngjarnt að það setur upp — ekki kannske með flennifyrirsögn — í síðasta blaði: 60 millj. til Egilsstaðaflugvallar. Reiknað með að þessi tillaga verði samþykkt, segir Matthías Bjarnason samgrh.

Þannig er nú farið með mál á þeim bæ ólíkt því sem hv. 11. landsk. þm. vill greinilega vera láta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefur hv. 11. landsk. þm. kvatt sér hljóðs að nýju, en hv. Ed. er komin langt fram yfir venjulegan fundartíma. Ef hv. þm. ætlar aðeins að segja eina setningu er honum hér með gefið orðið.

Egill Jónsson:

Virðulegur forseti. Blaðið sem hv. þm. Helgi Seljan sýndi áðan var alls ekki það sem ég var að vitna til. Ég var að vitna til blaðsins sem sagði frá atkvæðagreiðslunni og tillöguflutningi Alþýðubandalagsmanna við fjárlagagerðina. Það var allt annað blað en hann sýndi hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

40. fundur, miðvikudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. KJóh, 280. mál (úthlutun jöfnunarsæta). — Þskj. 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sérnefndar sem fjallar um kosningalög með 26 shlj. atkv.

Orkulög, frh. 1. umr.

Frv. KJóh o.fl., 281. mál (umráðaréttur á háhitasvæðum). — Þskj. 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 552.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skipan opinberra framkvæmda, 1. umr.

Stjfrv., 124. mál (yfirstjórn verklegra framkvæmda). — Þskj. 128.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda. Frv. hefur þegar verið rætt og afgreitt frá hv. Ed.

Frv. sem hér er til umræðu var samið af sérstakri nefnd sem skipuð var af þáv. fjmrh. vorið 1984. Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þær að opinberar framkvæmdir þarfnist markvissari umfjöllunar en verið hefur á undanförnum árum og tekur þetta bæði til stjórnunar framkvæmda og mats á gildi þeirra og arðsemi að áliti nefndarinnar. Hún telur að það skuli vera ófrávíkjanleg regla að allar framkvæmdir séu metnar með tilliti til fjárhagslegrar hagkvæmni. Þar með er ekki sagt að sú mælistika eigi alltaf að stýra vali verkefna, en það er álit nefndarinnar enn fremur að breytingar þurfi að gera á stjórn opinberra framkvæmda. Styrkari stjórn þarf að hafa á öllum undirbúningi verkefna og framkvæmdir ekki að hefjast fyrr en fyrir liggur ákvörðun um fjármögnun og hraða einstakra verkefna.

Nefndin bendir á tvö möguleika til breytinga. Annar er sá að lögum um opinberar framkvæmdir verði ekki breytt, en öll starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins verði sveigð innan þess ramma sem lög heimila. Hins vegar voru lögð fram frumvarpsdrög af hálfu nefndarinnar um breytingu á lögum þar sem lagt er til að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins verði lögð niður og umfjöllun opinberra aðila um framkvæmdir efld með öðrum hætti. En báðar tillögur nefndarinnar miða að sama marki, þ.e. í fyrsta lagi að því að stjórn opinberra framkvæmda færist í ríkari mæli en nú er til fjármálayfirvalda og þar fari fram mat á hagkvæmni og forgangsröðun verkefna og jafnframt sé ávallt til staðar heildaryfirsýn um opinberar framkvæmdir, en í öðru lagi verði hinn eiginlegi verklegi þáttur framkvæmda leystur meir en nú er af óháðum aðilum samkvæmt sérstökum samningum.

Sá kostur var valinn að gera breytingar á gildandi lögum um þetta efni og leggja niður framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Í landinu eru fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki sem hafa þekkingu og reynslu til þess að takast á við þessi verkefni og eðlilegt þykir að færa þau í ríkari mæli út til þeirra.

Í stærri fjárfestingarverkefnum hefur þótt gefast vel að fela tilteknum aðilum, einum eða fleirum, stjórnun verkefna á þann hátt að yfirsýn náist um öll meiri háttar atriði, samræmingu á störfum hönnuða, verktaka og eftirlits. Þetta hefur verið nefnt verkefnisstjórnun eða samræming og stýring.

Að vel athuguðu máli tel ég að í öllum meginatriðum beri því að fallast á þau sjónarmið sem nefndin setti fram og hef því flutt það frv. sem hér liggur fyrir með þeim breytingum sem þar er kveðið á um.

Það er alveg ljóst að það eru um margt breyttar aðstæður að því er varðar opinberar framkvæmdir, opinbera byggingarstarfsemi, frá því sem var í kringum 1970 þegar núgildandi lög voru undirbúin og samþykkt. Verkþekkingu hefur fleygt fram og landsmenn hafa öðlast dýrmæta reynslu af þátttöku í umsjón stórra og umfangsmikilla verkefna á undanförnum árum. M.a. af þeim sökum er nú þörf breytinga í þessu efni. Það er ástæða til að leggja áherslu á að hér er um mikla fjármuni að tefla sem varið er til opinberrar byggingarstarfsemi og lánsfé, sem gjarnan er til þeirra aflað, er oft og tíðum dýrt. Það er því mjög mikilvægt að leggja upp úr góðri stjórnun þessara mála. Þess vegna vil ég gjarnan sjá meiri afskipti og vandaðri undirbúning að upphafi framkvæmda, en minni afskipti af verkframkvæmdinni sjálfri. Því er lagt til í þessu frv. að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fái aukin völd til að hafa markviss afskipti af byggingum og undirbúningi þeirra á frumstigi, en ríkið semji síðan við óháða aðila til að sjá um framkvæmdir og að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins verði lögð niður. Þá er ástæða til þess að láta reyna á það í auknum mæli að útboð á hönnun og framkvæmdum fari saman þannig að hönnun og framkvæmd verks verði boðin út í einu lagi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um meginefni þessa frv., en vísa að öðru leyti til framsöguræðu fyrir málinu í hv. Ed. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þegar hingað er komið til umræðu frv. til l. um opinber innkaup, sem hv. Ed. hafði til meðferðar, sé ég ástæðu til að fara um það nokkrum orðum.

Það má vera að varðandi vissa þætti þessa máls sé verið að hverfa að hagkvæmari skipan en ríkt hefur í sambandi við meðferð opinberra innkaupa og opinberar framkvæmdir og er skylt að horfa á það með velvilja. Hitt tel ég umræðu vert og nauðsynlegt að ræða við 1. umr. þessa máls að í þessu frv. er á engan hátt vikið að hagsmunum innlendra framleiðenda í sambandi við undirbúning og útboð verka. Virðist vera algerlega gengið fram hjá þeirri stefnu, sem margoft hefur verið rædd hér á hv. Alþingi, að leitast við að nota opinber innkaup og opinberar framkvæmdir til að styðja við innlenda framleiðslu. Það er að vísu allsérkennilegur ferill núv. hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli því að eitt af fyrstu verkum iðnrh. þessarar hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. núv. menntmrh., var að afnema skipan sem ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens hafði komið sér saman um að koma á í sambandi við opinber innkaup, þar sem um var að ræða nefnd sem átti að fylgjast náið með þeim málum, nefnd með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekendamegin og eins af hálfu verkalýðssamtakanna, fyrir utan fulltrúa frá ráðuneytum svo sem eðlilegt er, bæði viðskipta- og

fjármálaráðuneyti. Ég minnist þess að á fyrstu dögum sem ég starfaði sem iðnrh. var mælt hér fyrir till. til þál. um opinber innkaup þar sem hvatt var til þess að taka þau mál með öðrum og fastari tökum en áður hafði verið. Ef ég man rétt var 1. flm. þeirrar till. hv. þm. Eggert Haukdal. Ég tók undir mál hans þá og ég man ekki betur en þáltill. um þetta efni hafi verið samþykkt. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens tók síðan á þessu máli og kom upp skilmerkilegu kerfi til þess að leitast við að nýta meðferð opinberra fjármuna til að styðja við innlenda framleiðslu í landinu svo sem eðlilegt og sjálfsagt er og hvarvetna er gert og það án þess að verið sé að sniðganga alþjóðlega samninga. Hér kemur hins vegar frv. frá ríkisstjórninni þar sem ekki er að finna stafkrók um þessi efni og virðist svo sem hagkvæmnimælikvarðinn eigi einn að gilda í þessum efnum og ekkert tillit sé tekið til þátta eins og þeirra möguleika sem opinber innkaupastefna felur í sér í sambandi við iðnþróun og í sambandi við framkvæmdir mála.

Hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson afnam þá skipan sem komið hafði verið á í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, eins og ég hef þegar nefnt, en hann leitaðist þó við með fyrirmælum að taka á þessu máli og bjóða opinberum stofnunum og ráðuneytum að taka visst tillit til þessara mála. Eftir því var hins vegar ekkert gengið af ríkisstjórninni. Ég spurði í fyrra hér í þinginu hæstv. núv. iðnrh. Albert Guðmundsson um það, hvað liði þessu máli, þar sem hann hafði áður fyrr, m.a. í borgarstjórn Reykjavíkur, leitast við að taka á þessu máli með ákveðnum hætti. Hæstv. iðnrh., sem ég sé ekki að sé viðstaddur hér nú en æskilegt væri vissulega að væri viðstaddur þessa umræðu, hét því að taka á þessum málum. Ég veit ekki betur en hann hafi sýnt einhverja viðleitni í þá átt. En hér er um að ræða lögfestingu á skipan þessara mála og það er því mjög alvarlegt efni að mínu mati ef það á að taka á þessu með þeim hætti sem hér er að stefnt. (**Forseti:** Vegna þeirra tilmæla að iðnrh. yrði hér viðstaddur er það upplýst að hann hefur fjarvistarleyfi.) Ég þakka hæstv. forseta og hlýt að taka tillit til þess, en vænti þess að aðrir ráðherrar, sem hljóta að láta sig þessi mál varða fyrir utan hæstv. fjmrh., tjái sig um það efni sem ég er að vekja hér sérstaka athygli á í sambandi við þetta mál. Ég hygg raunar að ég hafi lesið það í Morgunblaðinu í dag að hæstv. ráðh. væri í förum erlendis vegna sérstakra viðræðna við Alusuisse. E.t.v. hefur hann hleypt heimdraganum í því skyni. En um það vil ég ekkert fullyrða.

En hvað snertir framhald þessa máls tel ég alveg nauðsynlegt að sú þingnefnd sem á að fá þetta mál til meðferðar taki alveg sérstaklega á þessum þætti. Ég tel að hér sé um svo stórt mál að ræða fyrir íslenskan iðnað að það sé með öllu óverjandi fyrir Alþingi að láta þetta mál frá sér fara með þeim hætti sem hér er áformað og mælt er fyrir af hæstv. fjmrh.

Menn hafa stundum nefnt ákveðnar prósentur sem ætti að nota til viðmiðunar þar sem um væri að ræða að taka hagsmuni innlendra fyrirtækja fram yfir erlend fyrirtæki. Það er gert í vissum tilvikum og getur verið góðra gjalda vert. Það er þó ekki meginatriðið út af fyrir sig. Meginatriðið er að innlendir framleiðendur fái um það vitneskju hver eru áform hins opinbera hverju sinni og það með góðum fyrirvara til að geta búið sig undir þátttöku í útboðum og samkeppni við aðra aðila um þessi efni. Þessi opinbera innkaupastefna, sem ég er að mæla hér fyrir, getur verið afar þýðingarmikið tæki í sambandi við iðnþróun til lengri tíma litið. En það lítur út fyrir að hæstv. ríkisstjórn sé blind á báðum augum í þessu máli, eins og raunar í fleiri málum sem snerta innlenda framleiðslu og innlent atvinnulíf, og það er sannarlega bágt til þess að vita. Sú þáltill. sem hv. þm. Eggert Haukdal bar fram og samþykkt var hér á Alþingi á sínum tíma virðist hafa lent heldur neðarlega í handraðanum hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að ræða þetta mál hér mikið frekar, en vil þó benda á hve víða er pottur brotinn að því er manni virðist í sambandi við opinber innkaup og að því er varðar möguleika innlendra framleiðenda til að taka þátt í útboðum þar að lútandi og hvernig opinberar stofnanir leyfa sér að ganga þar jafnvel á undan. Ég hygg mig hafa fregnir um að t.d. í sambandi við húsgagnakaup fyrir hv. Alþingi, sem nýlega hafa farið fram, hafi innlend framleiðsla verið fyrir borð borin. Ég hygg að andmæli hafi komið fram frá innlendum húsgagnaframleiðendum í sambandi við það mál og ég sé sérstaka ástæðu til að inna eftir því hvernig að því hafi verið staðið af hálfu Alþingis og forseta Alþingis að undirbúa það mál, án þess að ég vilji fella einhverja allsherjardóma um þá niðurstöðu að óathuguðu máli. Þetta er aðeins eitt dæmi af ótal mörgum þar sem við erum í rauninni að flytja atvinnu úr landi vegna þess að menn standa ekki á verði og veita ekki innlendri framleiðslu þá möguleika til þátttöku sem skylt er. Það verður ekki gert með einhverri sýndarmennsku og síst af öllu með orðum einum. Það verður að gerast með því að framkvæmdir á vegum hins opinbera séu kynntar innlendum framleiðendum langt fram í tímann.

Þessi mál eru stórmál. Heimakaupin eru stórmál hvarvetna nema hér á Íslandi. Þar liggja þau í þagnargildi. Öll hin Norðurlöndin nota þetta sem gildan þátt í atvinnuuppbyggingu sinni og ekkert við því sagt hjá alþjóðlegum viðskiptasamböndum sem við erum bundin eins og margar fleiri þjóðir. Ég hvet því hv. Alþingi til að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og vara eindregið við því að farið verði að lögfesta þetta frv. eins og hér er upp lagt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að hafa nokkur orð í 1. umr. um þetta frv., frv. til l. um opinber innkaup. Það eru nokkrar athugasemdir sem ég vildi koma með, en ég hygg að þetta mál fari síðan í fjh.- og

viðskn. þar sem gefst tóm til að gaumgæfa það betur.

Í fyrsta lagi er ég sammála því að það er sjálfsagt að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins hvað varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda, eins og stendur í 1. gr., en hins vegar er ég ekki viss um að þessi fámenna stjórn sé heppilegust til að gegna því hlutverki að veita þessari stofnun forustu. Það er spurning hvort stjórnin er of fámenn, hvort það þyrftu ekki að vera fleiri. Hins vegar er það til bóta að hún er einungis skipuð til tveggja ára í senn. Ég vil enn fremur fagna því að forstjóri stofnunarinnar er skipaður til fjögurra ára í senn. Það er greinilega góð ráðstöfun og mætti gera að meginreglu að ráðningar í stjórnsýslustöður væru tímabundnar þannig að vald dreifðist milli manna og fleiri ættu völ á að gegna slíkum stöðum en menn væru ekki æviráðnir.

Í 5. gr. er ákvæði sem segir: „Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.“ Mig langar til að inna eftir því hvað átt er við með þessu, ef hæstv. fjmrh. vildi leggja við hlustirnar. Verður þetta ekki í samráði við stjórn þeirra stofnana sem ráða yfir þessum eigum eða viðkomandi ráðuneyta eða er það alfarið á valdi Innkaupastofnunar að ráðstafa eigunum? Mig langar til þess að inna eftir því hvað er átt við með þessu orðalagi í 5. gr.

Þá er líka vert að velta því fyrir sér hvort eigi að lögbinda útboð með þeim hætti sem gert er í 6. gr., hvort ekki eigi að hafa örlítið opnara ákvæði sem gæti jafnframt tryggt hagkvæmni, en lögbindi ekki útboð með þeim hætti sem hér er gert.

Að lokum, því að ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í þessari umræðu, tel ég verulega ámælisvert að það skuli vanta í þetta frv. öll ákvæði um að leggja áherslu á heimakaup eða að kaupa innlendar iðnaðarvörur. Það hafa margir reynt að beita sér fyrir þessu á undanförnum árum til að styrkja íslenskan iðnað og það er afleitt að hið opinbera skuli ekki ganga á undan með góðu fordæmi. Og ég tek undir þá spurningu sem hér var fram borin áðan. Við vinnum hér í húsi sem er verið að endurnýja að því leyti til að það er verið að kaupa nýjan húsbúnað, teppi, gluggatjöld o.fl. Eftir þeim upplýsingum sem mér hafa borist er ekkert af þessu keypt hérlendis. Þetta er allt keypt að utan. Þetta er erlend iðnaðarframleiðsla. Og ég verð að segja að mér finnst það hreinlega skammarlegt að hér skuli ekki vera íslenskur húsbúnaður. Ég vil inna eftir því hver ákvað þetta. Hvernig voru þessar ákvarðanir teknar? Og við hverja ráðfærðu þeir sig sem tóku þessar ákvarðanir? Var það við einhverja sem vinna í þessu húsi eða var það einungis við þá sem ekki vinna í þessu húsi?

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill benda á að 4. dagskrármálið er um skipan opinberra framkvæmda, en af einhverjum ástæðum hafa þeir hv. þm. sem tekið hafa til máls, eftir því sem forseti best fær heyrt, rætt einkum um 5. dagskrármálið. En þetta skiptir kannske ekki öllu máli því að því kemur að við ræðum 5. dagskrármálið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Opinber innkaup, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um opinber innkaup, sem er 125. mál Ed., og þakka þeim hv. þm. sem gerðu frv. að umtalsefni undir síðasta dagskrárlið.

Meginefni þessa frv. er að það er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna stjórn yfir öll opinber innkaup sem jafnframt yrði stjórn Innkaupastofnunar ríkisins. Tilgangurinn með þeirri skipan er að samræma starfsaðferðir um opinber innkaup, hvort sem Innkaupastofnun ríkisins annast þau eða einstakar stofnanir. Frv. gerir ráð fyrir því að unnt sé að hafa þann hátt á einnig að einstakar stofnanir annist innkaup á eigin vegum. Það fer eftir eðli máls og atvikum hvort hagkvæmara þykir að stofnanir flytji inn vörur sjálfar eða annist innkaup eða feli það Innkaupastofnun ríkisins. Um það verða ekki settar almennar reglur sem gilda fyrir alla þætti ríkisstarfseminnar og því þykir eðlilegt að hafa þann hátt á að hér geti verið um mismunandi skipan að ræða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að útboð verði á opinberum framkvæmdum og í þriðja lagi er lagt til að forstjóri Innkaupastofnunar verði skipaður til ákveðins tíma í senn og er það í samræmi við hugmyndir sem uppi hafa verið á undanförnum árum um að ráða opinbera starfsmenn til takmarkaðs tíma.

Frv. er samið af þeirri nefnd sem fyrrv. fjmrh. skipaði 1984 og fjallaði bæði um skipan opinberra framkvæmda og fyrirkomulag opinberra innkaupa og er í fullu samræmi við tillögur nefndarinnar. Í frv. er ekki kveðið á um, eins og hér var vikið að, með hvaða hætti skuli taka tillit til íslensks iðnaðar eða íslenskrar framleiðslu við kaup á vörum og þjónustu. Eðlilegt þykir að slíkar ákvarðanir séu teknar hverju sinni og þótti ekki rétt að hafa ákvæði um það efni í þessum lögum. Þar koma auðvitað mörg sjónarmið til greina, bæði það sem hér hefur verið vikið að, að ríkið að öðru jöfnu beini kaupum sínum til innlendra framleiðenda í því skyni að styrkja innlenda framleiðslu, en að hinu leytinu verður ríkið að huga að hagsmunum skattborgaranna og haga innkaupum á þann veg að kaupa inn vörur og þjónustu með sem ódýrustum hætti og kostnaðar-

minnstum fyrir skattgreiðendur. Til beggja sjónarmiða þarf að horfa.

Varðandi þá fyrirspurn hvort Innkaupastofnun ríkisins geti upp á eigin spýtur ráðstafað eignum ríkisins, þá er það engan veginn svo. Það eru viðkomandi stofnanir eða ríkisfyrirtæki eða ráðuneyti sem taka ákvarðanir um það og fela síðan Innkaupastofnun að annast framgang þeirra mála. Að þessu var spurt þegar mál þetta kom til meðferðar í hv. Ed. og þar gefin skýr svör við því.

Herra forseti. Ég hef þegar svarað nokkrum athugasemdum sem fram hafa komið við mál þetta í umræðum við hið fyrra mál, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans, en mér fannst röksemdir hans gegn því að setja sérstakt ákvæði inn í lögin um að kaupa íslenska framleiðslu að öðru jöfnu ekki vera nógu sterk. Ég vil benda honum á að það er bæði fyrirhafnarsamt og dýrt að vera Íslendingur, að fá að vera Íslendingur og búa í þessu landi og reka sjálfstæða þjóð. Ég þarf kannske ekki einu sinni að segja honum það, fjármálaráðherranum. Hins vegar vildi ég spyrja hann að því hvort hann væri opinn fyrir því að það yrðu sett ákvæði inn í þessi lög til að styrkja íslenska framleiðslu, ekki ákvæði sem mundu binda heldur að öðru jöfnu. Í það minnsta að athuga í hvert sinn þegar keypt er hvort ekki er völ á einhverju íslensku efni sem mætti nýta áður en menn beindu sjónum að vöru sem e.t.v. er framleidd annars staðar á hnettinum, í löndum þar sem völ er á mjög ódýru vinnuafli, kannske smánarlegu ódýru vinnuafli. Ég vildi inna hann eftir þessu, hvort hann væri opinn fyrir þeirri hugmynd að það kæmi þarna inn ákvæði sem segði að hugað yrði að því að öðru jöfnu að kaupa íslenska framleiðslu þó að það væri ekki lögbundið því að vitanlega gengur þetta frv. fyrst og fremst út á það að auka hagkvæmni.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil biðja velvirðingar á því að hafa tekið þetta mál um opinber innkaup sérstaklega upp áður en hæstv. ráðh. mælti fyrir því, en ég var að afla mér gagna meðan hann mælti fyrir sínu máli um skipan opinberra framkvæmda, en það kemur væntanlega ekki að sök.

Hvað snertir hið fyrra mál gildir það einnig í sambandi við skipan opinberra framkvæmda að þar er auðvitað á sama hátt um að ræða mjög stórt mál sem mikið er rætt í þjóðfélaginu, þar á meðal um hagkvæmni útboða og hvernig að útboðum er staðið. Og ég vil ítreka athugasemdir af minni hálfu þar að lútandi sem hafa komið fram í umræðum í þinginu í sambandi við þau mál og snerta m.a. þróun byggðar í landinu. Þar hafa komið fram tillögur fluttar af hv. 2. þm. Austurl. og fleiri þm. sem eru væntanlega til skoðunar í þingnefnd. Ég tel nauðsynlegt að þessi mál verði í heild sinni skoðuð rækilega, bæði um skipan opinberra framkvæmda og um opinber innkaup. Hér er um svo stór mál að ræða að það er alveg nauðsynlegt að Alþingi taki á þessu. Hér er um fjölda atvinnutækifæra að tefla, ef ekki þúsundir til lengri tíma litið, og ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir þá þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar að afla sér rækilegra upplýsinga um hvernig að þessum málum er staðið hjá nágrannaþjóðum okkar. Eitt er það út af fyrir sig hvað menn setja inn í lög og binda í lögum og annað hvað menn framkvæma í ljósi mótaðrar stefnu. Ég vakti áðan athygli á því, með hversu sérkennilegum hætti núv. hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að opinberri innkaupastefnu, þar sem fyrri samþykktir hafa nánast verið gerðar að pappírsgagni einu saman og það heyrist nánast ekkert á þessi mál minnst á opinberum vettvangi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þinginu frv. til l. um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands flutt af hv. þm. Halldóri Blöndal, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og mér, sem gerir ráð fyrir því að íslensk skipasmíði hafi tiltekinn forgang gagnvart erlendri skipasmíði til lána úr Fiskveiðasjóði og lánafyrirgreiðslu yfirleitt. Það er með öðrum orðum svo að það er yfirgnæfandi þingfylgi á bak við þá skoðun að innlend framleiðsla eigi að hafa vissan forgang þegar um er að ræða samanburð við erlenda framleiðslu. Það er yfirgnæfandi þingfylgi á bak við þá skoðun að mínu mati. Þess vegna teldi ég að það væri eðlilegt að setja ákvæði inn í þau frumvörp sem við erum hér að fjalla um sem tryggja innlendri framleiðslu afgerandi forgang. Ég held að það sé mikil skammsýni að halda því fram að slíkt sjónarmið sé í ósamræmi við hagsmuni skattgreiðenda, eins og hæstv. fjmrh. fullyrti áðan. Ég held þvert á móti að það að halda framleiðslunni í landinu, styðja við bakið á íslenskum iðnaði skapi möguleika á auknum tekjum í ríkissjóð og sé þannig hagkvæmara þegar upp er staðið fyrir þjóðina og fyrir ríkið vegna þess að hvernig sem við veltum þessum dæmum er það rangt, sem hér hefur verið sagt úr þessum ræðustól einhvern tíma, að það sé dýrara að vera Íslendingur. Þegar upp er staðið er það það sem tryggir í rauninni besta efnahagslega hagkvæmni líka. Hér er því ekki aðeins um að ræða almennt stolt fyrir hönd okkar menningar, sögu og þjóðar heldur er alveg ljóst að það er hagkvæmara efnahagslega séð að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á Íslandi en láta sig sogast inn í hinar stóru heildir og beygja sig einlægt undir samkeppnisforsendur hinna erlendu risa eins og hæstv. fjmrh. er í rauninni að tala um.

En ástæðan til þess að ég fór í ræðustólinn, herra forseti, var ekki síst sú að fyrir fjh.- og viðskn. Nd. liggur frv. til l. um breytingu á tollalögunum. Þar er gert ráð fyrir vissum heimildum til fjmrh. til að beita ráðstöfunum þegar um er að ræða niðurboð eða

„dumping" á vörum sem fluttar eru hingað til lands. Þessi frumvarpsákvæði eru óbreytt frá gildandi lögum. Gildandi lög um þetta efni, sem hafa verið í gildi um margra ára skeið, hafa ekki dugað. Það hefur ekki verið framkvæmanlegt fyrir fjmrn. að beita nauðsynlegum ráðstöfunum gegn verðlækkunum erlendis á iðnaðarvörum sem eru fluttar hingað. Fjmrn. hefur ekki haft aðstöðu til þess, ekki tæki og yfirleitt ekki mannskap. Í þessum efnum er þess vegna óhjákvæmilegt að líta á málin sem eina heild og horfa ekki aðeins á tollaheimildir heldur líka á þær heimildir sem stjórnvöld hafa þegar um er að ræða tilboð í vörur og verk sem verið er að vinna hér á landi. Ég held þess vegna að ef við eigum að geta beitt áhrifaríkum aðgerðum gegn „dumping" aðgerðum á alþjóðlegum markaði eigi að vera í lögum um opinber innkaup ákvæði sem heimila fjmrh. sérstaklega að taka þannig á málum að innlendum tilboðum sé tekið frekar en niðurgreiddum erlendum vörum sem aftur og aftur er verið að hrúga inn í landið og að samþykkja á þeim forsendum að um sé að ræða hagstæðari tilboð vegna þess að þau eru ódýrari en eru í raun niðurgreidd og þess vegna á óeðlilegum samkeppnisforsendum miðað við þá samninga sem við höfum gert við EFTA og Efnahagsbandalagið. Þess vegna mun ég í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla beita mér fyrir því að þarna verði sett inn ákvæði sem opna fjmrn. leið í þessum efnum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að ítreka þá fyrirspurn sem ég bar fram til hæstv. fjmrh. — hyggst hann ekki svara henni? — um það hvort hann hefur opinn huga fyrir því að þessu ákvæði verði aukið inn í lögin.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég svaraði þessari spurningu í raun og veru í upphafsræðu fyrir því frv. sem hér liggur fyrir. Það var ekki gert ráð fyrir því þegar frv. var lagt fram að í því væru sérstök ákvæði sem skylduðu opinbera aðila til að kaupa af innlendum framleiðendum. Með því er ég ekki að segja að slíkar reglur eigi ekki að viðhafa og þær geti ekki verið réttlætanlegar. Þvert á móti held ég að það sé full ástæða til þess að opinberir aðilar hafi það í huga og leggi til grundvallar ákveðnar viðmiðanir í þeim efnum. Mín skoðun er hins vegar sú að þetta eigi ekki að fastbinda í þessum lögum. Það væri óskynsamlegt. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að það er nauðsynlegt að íslenskur iðnaður hafi ákveðið samkeppnisaðhald. Við megum ekki búa til þær lagareglur sem auðvelda honum að framleiða fyrir hærra verð en hann í raun og veru getur gert. Sannleikurinn er sá að íslensk iðnfyrirtæki hafa á undanförnum árum tekið gífurlegum framförum og eru stöðugt samkeppnishæfari en áður og í mörgum tilvikum miklu samkeppnishæfari en sambærileg erlend fyrirtæki. En niðurstaða mín er sem sagt sú að það sé eðlilegt að styðjast við ákveðnar meginreglur í þessu efni, en þær verða að vera sveigjanlegar og þær mega ekki vera svo bindandi að hagsmunum skattborgaranna sé fórnað fyrir þessar reglur. Ég hef því ekki talið ástæðu til að setja lagaákvæði inn í þetta frv. um opinber innkaup.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er full ástæða til þess að fara ofan í saumana á því, hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að opinberri innkaupastefnu og hvernig sú stefna hefur raunar verið jarðsett í tíð þessarar ríkisstjórnar. En ég ætla ekki að fara að ganga eftir því undir þessum dagskrárlið frekar en orðið er. Ég vildi hins vegar, vegna þess að það hafa engin svör komið frá virðulegum forseta og hann er kannske ekki fær um að veita svör við því sem snertir innkaup í þágu Alþingis á búnaði hér, óska eftir því að það verði upplýst við fyrstu hentugleika, hvernig að þeim ákvörðunum hefur verið staðið og hvað hafi ráðið þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti er í nokkrum vanda. Forseti hefur engan varaforseta og þó að hann vildi nú víkja úr forsetastóli og taka þátt í umræðum og svara fyrir þetta efni er það ekki hægt. Úr forsetastóli sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta kemur frá Ed. þar sem það hlaut einróma samþykki. Það er lítið í sniðum og einfalt.

Í núgildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands segir svo í 15. gr., með leyfi forseta:

„Vísindalegu starfi Rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði."

Lagabreytingin sem hér er lögð til er að í stað þess að forstjóri skuli fortakslaust til skiptis kjörinn úr hópi fyrrgreindra aðila verði reglu þessari að vísu viðhaldið, en hún verði ekki fortakslaus heldur skuli skotið inn í orðunum „að jafnaði" kjörinn. Þetta eru

allir aðilar sem hlut eiga að máli alveg sammála um vegna einstaklega góðrar reynslu af þeim aðila sem gegnt hefur forstjórastarfi undanfarin ár.

Að breyttu breytanda er talað í þessari lagabreytingu um félagsvísindadeild Háskólans og er það í samræmi við breytingu sem orðið hefur á deildaskipun Háskóla Íslands frá því að þessi lög voru sett.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að umræðu þessari lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 560.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta er á þskj. 560.

Frv. þetta er samið til að sníða af nokkra vankanta sem komið hafa í ljós á lögunum við framkvæmdina, einkum varðandi lánsrétt, þó þannig að ekki verði vikið frá þeirri stefnu sem samningsaðilar og stjórnvöld urðu ásátt um á s.l. vori. Þau atriði sem einkum þótti ástæða til að taka til endurskoðunar lúta að rétti fólks sem ekki er reglubundnir þátttakendur á vinnumarkaði og rétti námsmanna og þeirra sem stunda endurmenntun eða annað nám. Einnig voru stærðarreglur laganna teknar til endurskoðunar. Auk þess er lagt til að sett verði í lögin heimild til lánveitinga, t.d. til félagasamtaka eða sveitarfélaga, vegna kaupa á notuðu húsnæði fyrir viðurkenndar stofnanir, öryrkja eða fatlaða eða vegna íbúða fyrir öryrkja og fatlaða. Ofangreind atriði voru send húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til umsagnar. Í umsögn nefndarinnar kom fram að ef óhjákvæmilegt er talið að flytja nú frv. til breytinga á lögunum þrátt fyrir litla reynslu af framkvæmd þeirra legði nefndin áherslu á að reynt yrði að hafa tillögurnar eins fáar og unnt er og leitast verði við að forðast breytingar á lögunum ef talið er fært að styðjast við reglugerðarákvæði eða jafnvel gildandi lagaákvæði. Með þessum fyrirvara lagði nefndin fram tillögur sínar um þau atriði sem nefnd eru hér að framan í þessu frv. og er frv. í aðalatriðum í samræmi við álit þessarar sérstöku nefndar.

Komið hefur í ljós að nokkuð er um það að fólk vinni ekki reglubundið á vinnumarkaði og getur því átt það á hættu að missa lánsrétt sinn af þeim sökum. Til þess að koma í veg fyrir að tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði valdi missi lánsréttar er lagt til að skilyrði laganna um aðild að lífeyrissjóði undanfarin tvö ár verði rýmkað að nokkru án þess þó að slakað verði á þeirri hvatningu, sem nú er í lögunum, að menn greiði iðgjald í lífeyrissjóð af launum sínum. Hins vegar er þegar fyrir í lögum sérákvæði um þá sem stunda árstíðabundin störf. Hvað sumarleyfi varðar á fólk ekki að missa rétt meðan á því stendur og vegna reglna um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalds af orlofi.

Um þá sem gera hlé á störfum um skeið, t.d. hálft til eitt ár vegna endurmenntunar eða annars náms, má segja að ósanngjarnt geti verið að þeir missi rétt sinn til lána hafi þeir áður verið reglubundnir greiðendur í lífeyrissjóði. Því er lagt til að sett verði sérstakt undantekningarákvæði um slík tilvik.

Hvað varðar námsmenn sem eiga rétt á láni hjá Lánasjóði ísl. námsmanna á þeim nú að vera ljós réttur þeirra til aðildar að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, sbr. 3. gr. laga nr. 72/1982. Í þessu sambandi skal tekið fram að gengið hefur verið frá samkomulagi milli söfnunarsjóðsins og Lánasjóðs ísl. námsmanna um að greitt verði í söfnunarsjóðinn fyrir námsmenn frá og með 1. sept. 1986. Við greiðslu í sjóðinn öðlast námsmenn að hluta til níu mánaða lífeyrisrétt og að hluta til tólf mánaða lífeyrisrétt. Ástæðan er sú að ef námsmaður lýkur námi í maí eða júní fær hann níu mánaða lífeyrisrétt. Ef hann kemur aftur til náms að hausti er honum reiknaður tólf mánaða réttur. Þetta þýðir að komi námsmaður aftur til náms að hausti reiknast námsleyfið inn í lífeyrisgreiðslutímabilið. Framtíðarréttur námsmanna á því að vera tryggður innan ramma núgildandi laga og því er ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um það atriði.

Hins vegar er talin ástæða til að setja sérákvæði vegna vanda námsmanna næstu 1–2 árin þar sem þeir hafi ekki haft tækifæri til að búa sig undir breytinguna sem fólst í lögunum. Því er gert ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða í frv. þessu þar sem gert er ráð fyrir heimild til að undanþiggja námsmenn sækja um lán á árunum 1986–1987 skilyrðum um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samanlagt 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum.

Herra forseti. Ég tel að um þetta mál ætti að geta náðst samkomulag. Þessar breytingar koma skýrt fram í athugasemdum við einstakar greinar frv. Í 1. gr. eru tvær efnisbreytingar. Annars vegar sú að í stað skilyrðisins um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs tvö undanfarandi ár sé nægjanlegt að hafa greitt iðgjald í 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum. Þetta ákvæði kemur fram í frumvarpsgreinunum víða.

Samkvæmt gildandi lögum veldur brotthvarf af vinnumarkaði á síðustu tveim árum áður en lánsumsókn er lögð fram réttindamissi. Hér er t.d. um að ræða þá sem ekki eru reglubundnir þátttakendur á vinnumarkaði, m.a. þá sem skipta um atvinnu eða taka sér stutt launalaust leyfi af ýmsum orsökum. Til að koma í veg fyrir að slíkt brotthvarf af vinnumarkaði um skamman tíma leiði til réttindamissis er hér

lagt til að gerð verði breyting á skilyrði um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða þannig að nægilegt sé að umsækjandi hafi greitt iðgjald til lífeyrissjóðs í 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum.

Eitt atriði hér, þ.e. í 2. gr., er um stærðarútreikninga. Eins og er í lögunum frá því á s.l. ári var viðmiðunin við 170 fermetra. Það er lagt til að stærðarútreikningur verði gerður samkvæmt staðli IST-50, stærðarmörk verði færð í 180 fermetra, enda sé það sambærilegt við núgildandi 170 fermetra sé miðað við staðalinn. En eins og kunnugt er var staðall IST-50 staðfestur af Iðntæknistofnun og tók gildi 1. des. 1986. Þessi viðmiðun við þennan staðal mun einfalda mjög framkvæmd laganna með tölvutengingu við fasteignamatsskrá þar sem staðli verður beitt.

Í 3. gr. er breyting. Það er gerð tillaga um eina efnisbreytingu raunar, þá að heimilt verði að veita lán til kaupa á notuðum íbúðum vegna stofnana eða íbúða fatlaðra eða öryrkja. Breytingin er viðbót við 5. gr. laga nr. 54/1986. Hér er um sanngirnismál að ræða sem getur komið þessum samtökum að notum, en skilyrðið er að viðkomandi félagasamtök hafi hlotið starfsleyfi viðkomandi ráðuneytis.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði sem hefur verið mjög til umræðu í sambandi við framkvæmd þessara laga sem er í raun og veru á byrjunarstigi. Eins og allir vita er verið að ganga frá svörum og staðfestingum í sambandi við lánsréttinn og kemur ýmislegt í ljós sem eðlilegt er við svo mikla breytingu sem þarna er um að ræða. Þess vegna var það eðlilegt sjónarmið hjá húsnæðisnefndinni og aðilum vinnumarkaðarins að hrófla ekki við miklu í sambandi við þessi lög á fyrsta ári nema því sem væri óhjákvæmilegt til að við framkvæmd þeirra væri hægt að taka til greina ákveðin atriði sem varða miklu fyrir marga einstaklinga.

En það sem ég vil nefna hér og hefur valdið miklum vandkvæðum í sambandi við framkvæmd þessara laga er sú meginregla laganna að miða við einstaklingana og lánsþörf þeirra en ekki þegar um er að ræða hjón. Þetta virðist ætla að koma mjög harkalega niður, þannig að ef annað hjónanna, annaðhvort eiginmaður eða eiginkona, hefur ekki fullan lánsrétt dregur það lánsréttinn niður. Í raun og veru má því segja að það sé brotinn réttur á þeim aðila í sambúð sem hefur fullan lánsrétt þar sem hann verður að þola skerðingu vegna hins aðilans. Þetta vildi húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar ekki fallast á að leiðrétta nú og heldur ekki Húsnæðisstofnun, vildu sjá hvernig þetta kæmi út úr heildardæminu. En ég vek athygli á að þetta er mjög umdeilt atriði. Þó að nokkur leiðrétting felist í breytingum sem hér eru lagðar til verður þessi mismunun til staðar hjá allmörgum. Ég teldi eðlilegt að nefndir þingsins athuguðu það nánar hvort hægt væri að ganga lengra í þessari breytingu en hér er lagt til.

Ég treysti því að hv. alþm. greiði fyrir því að þessar leiðréttingar nái fram að ganga. Þær eru allar þess eðlis að þær greiða fyrir framkvæmd þeirra nýju laga sem sett voru á s.l. ári og bæta mjög úr ýmsum agnúum sem komið hafa fram í sambandi við meðferð málsins.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í því frv. sem hér er til umræðu er tekið á nokkrum ágöllum sem í ljós hafa komið við framkvæmd nýju húsnæðislöggjafarinnar og er það vissulega til bóta að á þessum málum sé tekið. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í það sem fram kemur í athugasemdum við þetta lagafrv., en þar segir að nefndin leggi áherslu á að reynt verði að hafa tillögurnar eins fáar og unnt er og leitast verði við að forðast breytingar á lögunum ef talið er fært að styðjast við reglugerðarákvæði eða jafnvel gildandi lagaákvæði.

Þetta er nokkuð einkennandi setning fyrir þá umræðu sem orðið hefur um húsnæðismálin allt frá því að nýju húsnæðislögin tóku gildi og raunar allt frá því að frv. um nýja húsnæðislöggjöf var lagt fram á þingi í febrúar í fyrra. Þar var einmitt niðurstaðan sú þegar Alþingi hafði það mál til meðferðar að þm. voru feimnir við að hreyfa nokkuð við því samkomulagi sem gert var af aðilum vinnumarkaðarins og þó ýmsir alþm. hefðu ýmsar efasemdir við frv. þá varð það engu að síður að lögum. En í nál. meiri hl. félmn., sem fjallaði um húsnæðisfrv., var lögð áhersla á að milliþinganefnd sem starfaði þá í húsnæðismálum skyldi taka fyrir ýmsa veigamikla þætti í frv. sem þm. töldu ástæðu til að skoða nokkuð nánar.

Eins er það svo í áliti þeirrar milliþinganefndar sem hefur skilað af sér að þar eru ekki lagðar til neinar breytingar á þeirri húsnæðislöggjöf sem í gildi er eða nokkur tilraun gerð til þess að endurmeta þær forsendur sem lágu að baki nýju húsnæðislöggjöfinni. Spyrja má af hverju ekki má taka meira á þessu máli og ræða hér betur þær forsendur sem menn gáfu sér í upphafi þegar þetta frv. að nýrri húsnæðislöggjöf var samþykkt. Það má spyrja yfirleitt í þessu efni að því er varðar húsnæðismálin hvort það nægi yfirleitt ekki að fá bara stimpil hjá aðilum vinnumarkaðarins, hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og ASÍ þegar breyta þarf einhverju í sambandi við húsnæðismál, hvort það sé ekki orðinn óþarfi að koma með þessi mál inn á Alþingi vegna þess að það er yfirleitt viðkvæðið að engu megi breyta og engu megi hreyfa.

Herra forseti. Ég tel það brýnt að hér á Alþingi fari fram nokkur umræða um húsnæðismálin og þá reynslu sem fengin er af framkvæmd nýju húsnæðislöggjafarinnar. Þó að ég kynni að eiga það á hættu að ýmsir segi að ég sé með einhverjar útúrlur í þessu efni eða svartagallsraus þá tel ég nauðsynlegt, og skyldu mína reyndar, að koma ýmsu hér á framfæri að því er varðar húsnæðismálin sem skiptir veiga-

miklu máli fyrir það fólk sem treyst hefur mikið á þessa nýju húsnæðislöggjöf, en í henni fólust ýmis fyrirheit til húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Þegar nýja húsnæðislöggjöfin var til umræðu á síðasta þingi skilaði ég séráliti. Snerti það einkum fjármögnunarþátt frv. og forsendur þess sem ég taldi í mikilli óvissu. Ég tel að þær viðvaranir sem ég setti fram þá hafi átt við full rök að styðjast og það hafi komið í ljós á þeim mánuðum sem húsnæðislöggjöfin hefur verið í gildi. Ég tel raunar að forsendur séu brostnar í veigamiklum atriðum sem húsnæðislöggjöfin byggist á. Í fyrsta lagi varðandi útlánaþörf, í annan stað varðandi fjármögnun húsnæðiskerfisins, sem er stórlega vanáætluð og stendur nánast á brauðfótum, og í þriðja lagi hefur sú framkvæmd sem lögin byggja á leitt til stórfelldra hækkana á verði fasteigna á fasteignamarkaðnum.

Ég vil, og tel nauðsynlegt, herra forseti, við umræðu um þetta frv. að gera nokkru nánar grein fyrir því, því ég tel nauðsynlegt að Alþingi taki á þessu máli og að nefndin sem fær frv. þetta til meðferðar kanni einnig þennan þátt mála sem er auðvitað undirstaða þess að hægt sé að framkvæma húsnæðislöggjöfina og standa við gefin fyrirheit.

Það sem blasir við er í fyrsta lagi þetta: Frá því í ágúst s.l. og fram í janúarmánuð, eða á 5–6 mánaða tímabili, hefur verðhækkun á fasteignum orðið um 30%. Þetta jafngildir um 60% verðbólgu á fasteignamarkaðnum á ári. Hækkun í fyrstu viku september hér á Reykjavíkursvæðinu var um 15% og áætla má að meðaltalshækkun hafi orðið 30% á 5–6 mánaða tímabili. Hvað segir þetta fyrir íbúðakaupendur og húsbyggjendur? Ég get tekið dæmi. Þriggja herbergja íbúð, sem kostaði 2,2 millj. í ágúst s.l., kostar nú 2,8–2,9 millj. kr. M.ö.o. þriðjungur, eða 600–700 þús. kr. af láni þeirra sem eru í forgangshópi og kaupa sér notaða íbúð hefur étist upp í verðhækkunum. Að auki hefur útborgunarhlutfallið hækkað úr 71% í nálægt 74–75% á þessu tímabili sem þýðir að útborgun sem reiða þarf fram er um 100 þús. kr. hærri en hún var í ágústmánuði. Þriðjungur af láninu hefur sem sagt étist upp í verðhækkunum og 100 þús. kr. meira þarf að reiða fram fyrir þriggja herbergja íbúð í útborgun.

En hver er skýringin á þessari verðhækkun? Jú, að hluta til getur hún verið sú að það er reynslan að þegar lán hækka í húsnæðiskerfinu þá fylgir þeirri hækkun nokkur hækkun á fasteignaverði. En þetta er þó ekki aðalskýringin. Meginskýringin snýr raunverulega að framkvæmd laganna og ákvæðum laganna. Meginskýringuna má rekja til tveggja samtengdra þátta, þ.e. stýringarinnar á fjármagninu. Ákvæði laganna gera ráð fyrir að þeir sem eru að kaupa og byggja í fyrsta skipti hafi forgang, aðrir verði að bíða. Og hvað þýðir þetta? Þeir sem eiga íbúðir fyrir og vilja stækka við sig, kannske þriggja herbergja íbúð, þeir geta ekki selt sínar íbúðir vegna þess að þeir þurfa að bíða svo lengi eftir lánum en það eru einmitt þær íbúðir sem forgangshóparnir vilja kaupa. Þetta þýðir m.ö.o. að það er svo mikill samdráttur á fasteignamarkaðnum í þessum íbúðum, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum, af því að þeir sem eiga þær fyrir geta ekki selt, að það spennir upp verðið. Af því að ekki hefur verið sett nægjanlegt fjármagn inn í kerfið miðað við ákvæði frv. þá hefur þetta það í för með sér.

Máli mínu til stuðnings, herra forseti, vil ég vitna í bréf Félags fasteignasala, dagsett 1. des. s.l., sem sent var stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einnig fjmrh. og félmrh. Þar kemur það fram að augljóst sé að þeir sem frv. og grg. sömdu og lögðu forsendurnar hafi verið í afarlitlum tengslum ef nokkrum við fasteignamarkaðinn. Síðar segir að miðað við ríkjandi greiðslukjör á fasteignamarkaði sé ekkert sem bendi til þess að árlegt framboð á notuðum íbúðum næstu tvö árin komist nálægt því að vera 2000 íbúðir á meðan þeir sem eiga þessar sömu 2000 íbúðir standa frammi fyrir því að þurfa að bíða í allt að tvö ár. Í þriðja lagi kemur fram í þessu bréfi fasteignasala að söluverð á notuðum íbúðum muni stórhækka, verða óeðlilega hátt í hlutfalli við nýbyggingar vegna óeðlilega mikillar eftirspurnar og lítils framboðs. Síðan segir: „Niðurstaða alls þessa verður sú að úthlutunarmáti lánanna kemur til með að valda stóraukinni þenslu og verðbólgu á byggingar- og fasteignamarkaði en mun ekki draga úr eða koma í veg fyrir þenslu og verðbólgu.“

Síðar í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Það kann því að reynast banabiti hins nýja húsnæðislánakerfis ef því verður haldið til streitu að láta þá sem eiga íbúð fyrir, seljendur, bíða tvöfaldan þann tíma eftir úthlutun lána sem þeir sem eru að kaupa í fyrsta sinn þurfa að bíða. Í fljótu bragði séð virðist eina lausnin á þessu vera aukið lánsfjárframboð um a.m.k. 1000–1500 millj. næstu tvö árin í það minnsta. Verði ekkert að gert strax á árinu 1987 er fyrirsjáanlegt að hið annars ágæta nýja húsnæðislánakerfi mun valda stóraukinni þenslu og verðbólgu sem mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir efnahagslíf þjóðarinnar.“

Í lokin segir hér í bréfi Félags fasteignasala: „Stjórn Félags fasteignasala álítur að hér sé um slíkt stórmál að ræða að það væri ábyrgðarhluti að vekja ekki athygli á því.“

Nú spyr ég félmrh., sem hefur fengið sent afrit af þessu bréfi ásamt hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að hafa að engu viðvaranir þær sem koma fram í þessu bréfi Félags fasteignasala? Ég tel að þær viðvaranir sem hér koma fram séu þess eðlis að það eigi ekki að láta þær sem vind um eyru þjóta, þær eigi að skoðast gaumgæfilega og að hæstv. félmrh. beri skylda til þess að gera Alþingi nánari grein fyrir stöðu mála í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram.

Auk þeirra verðhækkana sem ég hef hér greint frá má einnig skoða málið í öðru ljósi. 30% hækkun á fasteignamarkaði jafngildir því að árleg velta fasteignamarkaðarins hafi aukist um 2,5–3 milljarða kr. á hálfu ári vegna þessara verðhækkana. Af þessari fjárhæð þurfa kaupendur að leggja fram sjálfir um 800 millj. kr. Stefán Ingólfsson verkfræðingur, sem

starfaði hjá Fasteignamati ríkisins, hefur haldið því fram, og það kom fram við umræður þegar húsnæðisfrumvarpið var til afgreiðslu á síðasta þingi, að mesta nettóaukning á lánsfé sem nýju lögin hafi í för með sér séu 4% af veltu fasteignamarkaðarins eða um 400–500 millj. kr. Þetta byggist m.a. á því að lífeyrissjóðslán til íbúðakaupa sem áður gekk beint til sjóðfélaga gengur nú að mestu í hið nýja húsnæðislánakerfi. Í reynd sé því ekki um mikla aukningu að ræða á lánsfé, t.d. ef hjón fengu áður bæði lífeyrissjóðslán og G-lán, þó vissulega séu greiðslukjörin hagstæðari. Því spyr maður nú: Hefur nettóaukning fjármagns á fasteignamarkaðinum með tilkomu nýju laganna étist upp og meira en það vegna þeirra miklu verðhækkana sem ég hér lýsti?

Niðurstaðan er sem sagt sú að 30% hækkun á verði fasteigna á 5–6 mánaða tímabili þýðir 60% verðbólgu á fasteignamarkaðinum á ári og afleiðingarnar fyrir kaupendur eru að þriðjungur af láni forgangshópa hefur horfið í verðhækkanir.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að líta líka á þetta mál út frá öðrum sjónarhóli og það er varðandi biðtíma lántakenda og fjölda lánsumsókna sem liggja fyrir og forsendur um útlána- og fjármögnunarþátt laganna.

Milliþinganefnd sem starfaði í húsnæðismálum hafði greinilega af því nokkrar áhyggjur að því er fjármögnunarþáttinn varðar en þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar hins vegar er litið á breytingarnar í heild og reynt að meta samanlögð áhrif þeirra fyrir húsnæðiskaupendur og samfélagið í bráð og lengd vakna ýmsar efasemdir um ágæti þeirra og þess húsnæðislánakerfis sem nú er við lýði. Kerfið er orðið óhemju stórt og dýrt. Ef starfrækja á kerfið eins og til er ætlast í lögum þarf ríkissjóður árlega í fyrirsjáanlegri framtíð að verja til þess stærri hluta af tekjum sínum en nú er gert og stærri en hann hefur nokkru sinni áður gert. Í ár nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna samtals 1300 millj. kr. sem samsvarar fjórðungi þess sem ríkissjóður fær í formi tekjuskatts. Með hliðsjón af því að þessi háa fjárhæð þarf að verða enn stærri í framtíðinni og í ljósi þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem ríkissjóður á við að etja er ekki hægt að tala um að horfur kerfisins séu bjartar.“

Það er því greinilegt, þó að milliþinganefndin hafi ekki tekið á þessu máli að því er varðar fjármögnunarþáttinn, að hún hefur haft af þessu verulegar áhyggjur þó ekki séu lagðar fram tillögur til úrbóta.

Forsendur ráðstöfunarfjár og útlána byggðust í frv. á síðasta ári á eftirfarandi: Eðlileg eftirspurn eftir notuðum íbúðum næmi 2000 íbúðum á ári en fyrstu tvö árin bættust við 200 íbúðir, þar af 1100 til þeirra sem ekki eiga íbúðir fyrir. Eðlileg eftirspurn eftir nýbyggingarláni væri 1400 íbúðir á ári, fyrstu tvö árin 200 til viðbótar eða 1600, þar af um 800 sem njóta forgangs. Forsendur um útlán fyrstu tvö árin voru því 2200 vegna notaðra íbúða og 1600 vegna nýbygginga.

En hverjar eru staðreyndirnar, hvað liggur fyrir af umsóknum?

1. sept. til 31. des. eða á fjórum mánuðum liggja fyrir 4000 umsóknir. Vegna eldri íbúða 3216 og vegna nýbygginga 850 umsóknir. Fjármagn til ráðstöfunar 1987 að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins er 4,3 milljarðar og meðallán til nýbygginga og eldri íbúða er áætlað um 1500 þús. kr. Þetta þýðir að til að mæta á þessu ári lánsfjárþörf vegna umsókna sem bárust fyrir áramót þarf rúmlega 6 milljarða kr. Mismunurinn á því sem er til ráðstöfunar og þess sem raunverulega þarf er því 1700 millj. kr. og er það ekki fjarri þeirri upphæð sem Félag fasteignasala benti á í sínu bréfi. En þessum mismun, 1700 millj. kr., sem þarf til þess að fullnægja lánsumsóknum sem bárust fyrir áramót, er nú mætt með því að lengja biðtímann. Biðtími nú vegna desemberumsókna er að meðaltali um 15 mánuðir. Það þýðir að þeir forgangshópar sem lögðu fram sína umsókn í des. fá fyrsta hlutann ekki fyrr en í nóv. 1987 og annan hlutann í maí 1988. Aðrir, sem lögðu fram sína umsókn í desember, fá fyrsta hlutann ekki á þessu ári heldur á næsta ári eða í febrúar 1988 og annan hlutann í ágúst 1988. Fjármagn þessa árs nægir m.ö.o. eingöngu til að mæta lánsumsóknum sem bárust í mánuðunum sept., okt. og nóv. á s.l. ári. Desemberumsóknirnar verða að mestu að bíða fram til ársins 1988.

Ég tel að þetta sé mjög alvarleg staða að því er húsnæðismálin varðar vegna þess að fjöldi fólks, íbúðakaupenda og húsbyggjenda, hefur treyst á að fá lánin miklu fyrr en raun er á orðin. Þetta fólk hefur ráðist í það að festa sér kaup á íbúð, tekið til þess skammtímalán í bankakerfinu og hefur treyst á það að geta notað fjármagn úr húsnæðiskerfinu til þess að greiða niður skammtímalán sem það hefur tekið. Ég tel því að ástandið í þessum málum sé mun alvarlegra en menn vilja vera láta.

Það er ekki nóg með það að umsóknir sem bárust fyrir áramót séu um 4000 talsins heldur eru umsóknir sem bárust í janúar 500–600, sem þýðir 18 umsóknir á hverjum degi á móti því að þær voru fyrstu fjóra mánuðina 33 á hverjum degi. Ég tel það mjög varlega áætlað að gera ráð fyrir að á þessu ári berist um 4500 umsóknir eða um 12 umsóknir á dag. Þá hef ég til viðmiðunar, þegar ég geri þessa varlegu áætlun, 12 umsóknir á dag, að þær voru 33 sem bárust á síðustu fjórum mánuðum síðasta árs og 18 í janúarmánuði, þannig að ég tel að hér sé um mjög varlega áætlun að ræða. Af fjármagni næsta árs, 1988, hefur þegar verið ráðstafað allt að 1700 millj. kr. til að fullnægja fjárþörf vegna umsókna sem lagðar voru fram fyrir áramótin. Á verðlagi í janúar 1987 þarf því 6,7 milljarða kr. til að standa undir fjárþörf vegna þessara 4500 umsókna. Þetta þýðir að þó að gert sé ráð fyrir um 700 millj. kr. viðbótarfjármagni frá lífeyrissjóðunum á næsta ári, eins og forsendur nýju laganna byggja á, þá verður aðeins hægt að veita 2600 umsækjendum lán á árinu 1988 af 4500 umsækjendum sem áætla má varlega að sæki

um á þessu ári. Verði ekki um verulega aukningu á ríkisframlagi að ræða verður meðalbiðtími því nú í árslok orðinn hátt í tvö ár eða um 22 mánuðir. Biðtími forgangshópa stefnir því í að verða 19 mánuðir og annarra 25–26 mánuðir.

Verði ekkert að gert og ríkissjóður láti ekki meira fjármagn af hendi í húsnæðislánakerfið, þá mun biðtíminn lengjast enn frá því sem ég gerði grein fyrir, frá því að verða hátt í tvö ár nú um næstu áramót.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Var félmrh. kunnugt um að forsendur frv. stæðust ekki þegar frv. var lagt fram á þingi? Hafði hann undir höndum upplýsingar sem sýndu fram á að þær áætlanir sem voru lagðar fram og komu fram í fskj. með frv. voru vanmetnar að því er varðar til að mynda eftirspurn eftir lánum og að fjárhagslegar forsendur frv. væru langt frá því að vera raunhæfar? Ég spyr: Var hæstv. félmrh. kunnugt um það? Hafði hann upplýsingar undir höndum sem sýndu fram á að áætlanirnar sem frv. byggði á voru óraunhæfar?

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Niðurstaðan sem liggur fyrir er þessi: Verðhækkanir á 5–6 mánaða tímabili eru 30%. Þriðjungur lána forgangshópa hefur horfið í verðhækkanir. Útborgunarhlutfall hefur hækkað úr 71 í nálægt 74–75%. 1,5–1,7 milljarða kr. vantar til þess að fullnægja lánsumsóknum, eingöngu sem bárust fyrir áramótin.

Í öðru lagi. Meðalbiðtími hjá þeim umsækjendum sem lögðu inn umsóknir í des. s.l. eru um 15 mánuðir. Í lok þessa árs má búast við að hann verði hátt í tvö ár. Til þess að biðtími lengist ekki frá því sem hann var í des. s.l., eða 15 mánuðir, þarf á næsta ári um 8 milljarða kr. í húsnæðiskerfið, þ.e. framlag í húsnæðiskerfið þarf að tvöfaldast frá því sem nú er.

Í þriðja lagi. Það hefur þegar verið ráðstafað 1,7 milljörðum kr. af fjármagni næsta árs, ársins 1988, til að standa undir fjárþörf umsókna sem bárust fyrir árslok 1986.

Ég tel alveg einsýnt, herra forseti, að í þessu máli, húsnæðismálunum, er verið að reyna að velta vandanum á undan sér, velta vandanum yfir á næstu ríkisstjórn, eins og þessi ríkisstjórn hefur hvað eftir annað sýnt að hún ætlar að gera. Er þá skemmst að minnast fjárlagahallans við afgreiðslu fjárlaga, þar er öllum vandanum velt yfir á framtíðina, yfir á næstu ríkisstjórn.

Ég spyr: Af hverju má ekki ræða þessi mál? Ég tel að hægt sé að byggja á þeim forsendum sem nú liggja fyrir og ég óska eftir því að hæstv. félmrh. geri Alþingi ítarlega grein fyrir stöðu þeirra mála sem ég hef hér rætt og að nefndin, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, hafi tækifæri til þess að skoða þetta mál og meta allar forsendur upp á nýtt, sem ég tel alveg nauðsynlegt, vegna þess að ella erum við bara að blekkja það fólk sem treysti á nýju húsnæðislöggjöfina, íbúðakaupendur og húsbyggjendur sem voru gefin fyrirheit með nýju húsnæðislöggjöfinni.

Það frv. sem hér er til umræðu gengur allt of skammt til þess að taka á þeim ágöllum sem raunverulega eru á húsnæðislöggjöfinni. Til að mynda tel ég að það þurfi sérstaklega að skoða vanda þeirra hópa sem byggðu eða keyptu á árunum 1983, 1984 og 1985 og reyndar allt aftur til 1980. Ég spyr hæstv. félmrh. t.d. varðandi þessa hópa: Var ekki ástæða til að taka á því máli nú þegar verið er á annað borð að hreyfa við nýju húsnæðislöggjöfinni með þessu frv. hér á þingi? Í nýju húsnæðislöggjöfinni segir að fimm ár þurfi að jafnaði að líða á milli lána. Hvað þýðir þetta fyrir þá hópa sem nú eru í miklum greiðsluerfiðleikum og fengu sín lán á árunum 1983, 1984 og 1985? Ég veit að það er ákvæði í nýju húsnæðislöggjöfinni sem segir að ef fólk missir sínar eignir vegna mikilla greiðsluerfiðleika, þá megi líta svo á að það teljist í forgangshóp. En hvað með þá hópa sem hafa þurft að taka mikil lán á þessum árum, 1983, 1984 og 1985, og eignir þeirra eru að miklu leyti veðsettar þannig að þær eru mjög erfiðar í sölu til að mynda? Verða þessir hópar, sökum þessa ákvæðis um að líða þurfi fimm ár á milli lána, verða hóparnir, sem fengu lán 1983, 1984 og 1985 til að mynda, að bíða núna í tvö ár eftir því að fá fyrirgreiðslu skv. nýju húsnæðislöggjöfinni? Ef það er svo, þá er þetta stór galli á löggjöfinni, ekki síst þegar búið er að mér skilst að loka fyrir þá sérstöku fyrirgreiðslu sem þessir hópar fengu áður hjá Húsnæðisstofnun.

Þegar við ræðum um ágalla frv. getum við litið annars vegar á greiðsluerfiðleikahópinn sem byggði á árunum 1983, 1984 og 1985 til að mynda og annan hóp, sem fékk rétt samkvæmt nýju húsnæðislöggjöfinni, rétt sem hann hafði ekki áður. Þá á ég við þann hóp sem býr kannske í stórum skuldlausum íbúðum eða húsum og er að minnka við sig. Það er talið að þessi hópur geti verið um 15% af heildinni og eigi rétt á um 500 millj. kr. á ári. Dæmi þessa fólks getur litið þannig út að það á við skulum segja raðhús upp á 6 millj. kr. og það vill minnka við sig og fara í 4–5 herbergja íbúð sem kostar kannske 4 millj. Það fær reiðufé í mismun, í þessu tilfelli 2 millj. kr. í mismun á milli hússins sem það seldi og íbúðarinnar sem það kaupir. Samt á þetta fólk rétt á að fá 1200 þús. kr. lán frá Húsnæðisstofnun, ekki til þess að leggja í húsnæði, heldur hefur það þá bara í reiðufé ásamt þeim mismun sem það fær á milli kaupverðs stórrar eignar sem það hefur átt og þeirrar eignar sem það kaupir ef það er að minnka við sig.

Ég tel það fráleitt að við búum við slíka húsnæðislöggjöf, ef það er tilfellið að lokað er á þennan greiðsluerfiðleikahóp af því að hann uppfyllir ekki skilyrðið um að fimm ár líði á milli lána en hinn hópurinn getur fengið 1200 þús. kr. út úr húsnæðiskerfinu þó að fólk í þeim hóp þurfi ekkert á því að halda og fái mismun í reiðufé á milli stórrar eignar sem það á og minni eignar sem það festir kaup á. Auðvitað er þetta stór og mikill ágalli á frv. sem hefði verið nauðsynlegt að taka á.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tíma deildarinnar lengur að því er þetta mál varðar. Ég hefði viljað

ræða líka félagslega hluta húsnæðiskerfisins sem greinilega er skilinn eftir og af áliti milliþinganefndar má ráða að ekki á að taka á. Ég vænti þess að það gefist tækifæri til þess að ræða félagslega þátt húsnæðiskerfisins ef og þegar skýrsla félmrh. um álit milliþinganefndar um húsnæðismál verður tekin til umræðu. Gefist ekki tækifæri til þess þá mun ég við 2. umr. þessa frv. taka sérstaklega fyrir, til að tefja nú ekki tíma deildarinnar, félagslega hluta húsnæðiskerfisins sem er náttúrlega stór þáttur í okkar húsnæðismálum, að hann sé ekki skilinn eftir eins og raunin hefur orðið á.

Ég vil ítreka ósk mína til hæstv. félmrh., og ég taldi nauðsynlegt að koma því á framfæri nú, að hann gefi nefnd þeirri sem fær frv. til umfjöllunar skýrslu um þá þætti sem ég hef gert að umræðuefni, þ.e. hvort hann telji ekki nauðsynlegt að endurmeta allar fjárhagslegar forsendur sem þessi lög byggja á og þá útlánaáætlun sem menn gerðu ráð fyrir í upphafi þegar lögin voru samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt þegar flutt er frv. til laga um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, næst á eftir þeirri miklu breytingu sem gerð var á síðasta þingi, að fara nokkrum orðum um reynsluna af því kerfi sem verið hefur í gildi að undanförnu. Fyrst vil ég þó víkja að því frv. sem hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir og taka það fram að mér sýnist að þær tillögur sem þar er að finna um lagfæringar á lagasetningunni frá í fyrravetur horfi allar til bóta þó að maður hefði getað kosið að sjá ákveðnari breytingar á vissum atriðum og sjálfsagt að athugað verði í nefnd hvort ekki er hægt að ná lengra í þeim efnum. Hæstv. ráðh. nefndi sjálfur erfiðleika sem snerta lánsrétt hjóna og afstöðuna í sambandi við rétt þeirra til lánveitingar og það er vissulega einn af þeim þáttum sem er mjög brýnt að fá fram breytingar á sem næðu lengra en gert er ráð fyrir í þessum tillögum. Ég vil lýsa ánægju með það að frá ríkisstjórninni hafa komið fram nokkrar leiðréttingar á augljósum ágöllum þessara laga sem sett voru í fyrravetur og er það út af fyrir sig þakkarvert.

Hitt er svo annað mál, sem ég ætla að víkja að hér nokkrum orðum, en það er ljóst að ef fara ætti ofan í saumana á reynslunni af löggjöfinni um húsnæðismál frá í fyrra þyrfti lengri tíma en deildin hefur til ráðstöfunar núna í dag. Ég ætla því að reyna að takmarka mig við nokkur atriði af raunar mjög mörgum.

Umræða um þessi mál hefur víða verið í gangi. Ég átti aðild að fundi sem haldinn var austur á Egilsstöðum s.l. sunnudag um þessi mál þar sem hvatt var til umræðna um húsnæðismálin af Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Framfarafélagi manna á Fljótsdalshéraði. Þar mætti framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson, til umræðna og upplýsti ýmislegt sem eftir var leitað í þeim efnum. Ég nefni þetta hér í upphafi vegna þess sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Jóhönnu Sigurðardóttur, um þá miklu þenslu sem verið hefði á fasteignamarkaðnum hér á höfuðborgarsvæðinu undanfarna mánuði, en þarna fyrir austan kvað við allt annan tón í þeim efnum. Þar er ekki sú reynsla sem hún rakti, vafalaust réttilega, í sínu máli varðandi verðþenslu á fasteignamarkaði hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur þvert á móti. Úti á landsbyggðinni víðast hvar blasir við gífurlegt verðfall á fasteignum á þeim tíma sem liðinn er síðan breytingarnar á húsnæðislöggjöfinni voru lögfestar í fyrra. Raunar tengist það ekki þeim breytingum heldur þeirri þróun í byggðamálum sem hefur verið í gangi nú um nokkurra ára skeið og er farin að hafa gífurleg áhrif, m.a. á húsnæðismarkaðinn á þéttbýlisstöðum víðast hvar á landsbyggðinni.

Á þessum fundi á Egilsstöðum var samþykkt stutt ályktun. Ég hef hana ekki handa á milli en vil kom henni á framfæri efnislega. Hún var á þá leið að lög um Húsnæðisstofnun ríkisins yrðu tekin til gagngerðrar endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu og meðal annars hið félagslega íbúðakerfi. Þar komu fram áhyggjur, ekki síst frá sveitarstjórnarmönnum, af reynslunni af Byggingarsjóði verkamanna og hvernig hann reynist gagnvart sveitarfélögum úti á landi. Og síðast en ekki síst var ályktað á þessum fundi þar eystra að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði að verulegu leyti færð út á land, eða þjónusta hennar, ráðgjafarþjónusta og tækniþjónusta, og kemur það heim og saman við þær tillögur um valddreifingu sem ég er eindreginn talsmaður fyrir.

Það sem sérstaklega er ástæða til að vekja athygli á við þessa umræðu er kjarninn í þeirri skýrslu sem nú er loks komin frá félmrh., um álit milliþinganefndar um húsnæðismál sem fékk til meðferðar mörg mjög veigamikil atriði með samþykkt í félmn. þessarar deildar 21. apríl s.l., þar sem vísað var til nefndarinnar tíu atriðum sem rædd voru hér af tilefni fsp. sem ég bar fram við hæstv. ráðh. um daginn og átta atriði eru tiltekin á bls. 2 í þessari skýrslu. Þar á meðal og ekki síst það sem varðar hið félagslega íbúðakerfi, kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði, svo eitt dæmi sé tekið af þeim mörgu sem þarna var vísað til nefndarinnar.

Hæstv. ráðh. hefur ítrekað verið spurður um gang mála í þessari nefnd þar sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa auðvitað haft forustu og fyrst og fremst hefur verið beðið eftir að þeir kæmu sér saman um afgreiðslu mála og stæðu Alþingi skil á tillögum sem lofað var í fyrravor að lægju fyrir í byrjun yfirstandandi þings en hafa ekki enn séð dagsins ljós í öðru formi en ef nefna skyldi það frv. sem hér er kynnt með vissum atriðum til lagfæringar. Að öðru leyti stendur hæstv. ráðh. uppi slyppur og snauður hvað snertir tillögur um það efni sem ríkisstjórnarflokkarnir skuldbundu sig til að standa Alþingi skil á og milliþinganefndinni var falið að fjalla um.

Í skýrslu milliþinganefndarinnar kemur það fram

að það er fyrst undir lok júlímánaðar eða í byrjun heyanna sem nefndin kemur saman til fundar. Það er nú kannske ekki von að vel hafi gengið þegar þannig var að málum staðið af forustu í þessari nefnd að ekki var byrjað að starfa fyrr en á miðju sumri. Síðan er kjarninn í niðurstöðum nefndarinnar sá sem fram kemur á bls. 3 í skýrslunni og ég leyfi mér, herra forseti, aðeins að vitna til þar sem segir:

„Nefndarmenn voru ekki sammála um hvort rétt væri á þessu stigi málsins að gera veigamiklar breytingar á hinu nýja lánakerfi. Þegar komið var fram í janúar 1987 var ljóst að nefndin gæti ekki sameinast um heildartillögur um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Því var ákveðið að freista þess að ná samstöðu um að nefndin setti fram í nál. ýmsar ábendingar og kæmi á framfæri hugmyndum sem höfðu verið ræddar á fundum hennar. Jafnframt var ákveðið að einstakir nefndarmenn kæmu skoðunum sínum og tillögum á framfæri í sérálitum sem fylgdu nál. Líta verður á nál. þetta og þær tillögur og athugasemdir sem hér eru settar fram í ljósi þess sem að framan greinir."

Þetta er tilvitnun í stuttan kafla í þessari skýrslu hæstv. ráðh. til Alþingis sem afrakstur af þessu nefndarstarfi. Þarna kemur fram kjarninn í niðurstöðum þessa nefndarstarfs sem margir hafa bundið miklar vonir við. Þau loforð sem gefin voru um þetta efni voru nánast skilyrði margra þeirra sem studdu þær breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem samþykktar voru undir þinglok í fyrra. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir og er ekkert leyndarmál, og það kemur kannske fram í þeirri vanstillingu sem endurspeglast í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, sem er að finna að því að vikið skuli til þessa þinggagns, að milli stjórnarflokkanna hefur ekki verið neitt samkomulag um meginatriði þessara mála. Þar hefur viðkomandi hv. þm., Halldór Blöndal, að mér er fullkunnugt um, staðið gegn öllum breytingum sem máli skipta, alveg sérstaklega í sambandi við félagslegt íbúðakerfi, og ekki viljað hreyfa sig í þeim efnum og ekki verið samstiga flokksbróður sínum, sem átti sæti í nefndinni og kom fram með margar gagnlegar hugmyndir. En þessi hv. þm. ber öðrum fremur, að ég hygg, ábyrgð á því að þessi mál eru í þeirri stöðu eins og þau liggja fyrir hér í þinginu. Vil ég þó ekki vera að slá neinni skjaldborg um formann nefndarinnar, hv. þm. Guðmund Bjarnason, sem veitti nefndinni forustu. Hann hefur áreiðanlega ekki haft létt verk að vinna gagnvart þeirri afstöðu sem lá fyrir frá hinum stjórnarflokknum.

Í þessari skýrslu er, eins og minnst var á af hv. síðasta ræðumanni, vikið að þeim fjárhagsvanda sem sýnilega blasir við varðandi það kerfi sem lögfest var í fyrra og þann vaxtamun sem ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til að taka á sig í sambandi við húsnæðislánin, en hann er talinn nema um 77 millj. kr. Mismunurinn sem um er að ræða á yfirstandandi ári nemur 77,2 millj. kr. ef miðað er við að lánin séu tekin á 6% vöxtum en lánuð út á 3% vöxtum að meðaltali. Þannig að það fé sem ríkissjóður veitir í ár til sjóðanna dugar til niðurgreiðslu útlánsvaxta í tæp 17 ár eins og það er orðað í þessari skýrslu.

Ég ætla ekki að fara að vitna til langra kafla í þessari samantekt og yfirliti um störf nefndarinnar, þar sem er nánast engar marktækar tillögur að finna nema í sérálitum einstakra nefndarmanna.

Hitt er ástæða til að leggja áherslu á sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, þann mikla fjárhagslega vanda sem núverandi kerfi leiðir af sér og sem blasir við. Ég vil ítreka þá spurningu til hæstv. félmrh., og vænti að hæstv. ráðh. heyri mál mitt, hvernig hann og ríkisstjórnin hyggist bregðast við þeim vanda sem við blasir í sambandi við byggingarsjóðina og talinn er nema yfir 1,5 milljörðum kr. varðandi yfirstandandi ár, bara til þess að fullnægja þeim umsóknum sem fyrir liggja. Það var upplýst af framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins á nefndum fundi austur á Egilsstöðum að þessi óleysti fjárhagsvandi, sem nú væri til athugunar, næmi um 1,5 milljörðum kr. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi 1,7 milljarða kr. og vil ég ekki leggja mat á þann mismun sem þar kom fram. Hitt er auðvitað gífurlegt áhyggjuefni hve biðtími er þegar orðinn langur eftir afgreiðslu lána skv. þessu nýja kerfi, þannig að ef litið er til lánsumsókna í desember s.l. er komið vel fram á næsta ár þegar menn geta gert sér vonir um lánafyrirgreiðslu út úr þessu nýja húsnæðislánakerfi. Það er sannarlega mikið áhyggjuefni og yfirleitt fjárhagsstaðan eins og hún er dregin upp í þessari skýrslu milliþinganefndarinnar, þar sem greint er frá því að þarna sé verið að binda bagga sem ekki sé ljóst hvernig verði leystir til lengri tíma litið. Ætla ég út af fyrir sig ekki að gera það frekar að umræðuefni.

Það blasir sem sagt við að fjárhæðir vantar á þessu ári til að hægt sé að verða við lánsumsóknum úr byggingarsjóðunum sem komu fram á haustmánuðum. Menn hljóta að spyrja hæstv. ráðh. með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggist bregðast við þeim vanda. Í því sambandi er ástæða til að rifja upp að þau framlög sem gert hafði verið ráð fyrir af hálfu ríkisins til byggingarsjóðanna voru lækkuð. Hæstv. ráðh. svaraði því til í Tímanum, aðspurður fyrir nokkrum mánuðum, að þetta væri allt í lagi, þetta ætti ekki að saka, það væri um nægilegt fjármagn að ræða.

Ég vil svo, herra forseti, aðeins nefna það hvernig horfir úti á landsbyggðinni í sambandi við húsbyggingar og þá mynd sem þar blasir við. Í árslok 1986 lágu fyrir flokkaðar 3615 umsóknir um húsnæðislán, um eldra húsnæði og nýbyggingar. Um 60% af þessum lánsumsóknum voru frá Reykjavík og Reykjanesi og er það auðvitað ríflega sá fólksfjöldi sem býr á þessu svæði en hitt blasir líka við að lánsumsóknir hjá landshlutum eins og t.d. Norðurlandi vestra nema aðeins 3,1% af heildarfjölda umsókna. Úr mínu kjördæmi, Austurlandi, er fjöldi umsóknanna 3,8% af heildartölu fyrirliggjandi umsókna, þar af aðeins 35 umsóknir um nýbyggingar.

Vissulega segja þessar tölur engan veginn alla sögu því það kemur ekki fram, nema þá í fáum tilvikum, hvar viðkomandi ætlar að ráðstafa fjármagni því sem sótt er um til húsbygginga, því að samkvæmt lögunum eru engar skuldbindingar um það að tilgreina hvar menn hyggjast verja fjármagninu og flokkun þar að lútandi liggur enn ekki fyrir. Því er ástæða til að óttast að myndin varðandi landsbyggðina hvað snertir þróun húsnæðismálanna og nýbyggingar sé langtum hrikalegri en þær tölur segja okkur sem ég var að vitna til og liggja fyrir frá Húsnæðisstofnun í lok ársins.

Það eru sannarlega stór áhyggjuefni sem blasa við í sambandi við húsnæðislánakerfið og atriði sem er knýjandi nauðsyn að Alþingi taki á. Ég nefni í því sambandi alveg sérstaklega álit fulltrúa Alþb. í milliþinganefndinni um húsnæðismál, Guðna Jóhannessonar, og þá áherslu sem hann leggur á hinn félagslega þátt íbúðabygginga í formi húsnæðissamvinnufélaga og búseturéttaríbúða. Það eru hugmyndir sem ég tek heils hugar undir og hef þegar gert hér á Alþingi og tel að þar sé á ferðinni fyrirkomulag í sambandi við félagslegt íbúðarhúsnæði sem skylt sé að taka á hér á Alþingi og setja um það skýrar reglur í lögum og reglugerðum þannig að unnt sé að útfæra þetta kerfi og fá af því reynslu.

Ég vil ekki með þessum orðum segja að búseturéttarbyggingar leysi allan vanda í þessum efnum eða að þær eigi að koma í staðinn fyrir eignarhúsnæði. Þessi form geta staðið hlið við hlið og þróast hlið við hlið. Það er hins vegar hart til þess að vita að af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu annars ríkisstjórnarflokksins hafi gersamlega verið brugðið fæti við þróun félagslegs íbúðarhúsnæðis sem er þó það sem landsbyggðin a.m.k. hlýtur að líta til alveg sérstaklega.

Ég vænti þess að í tengslum við frv. sem hæstv. ráðh. mælti fyrir, ég hef tekið efnislega undir þær breytingar sem þar liggja fyrir og vænti að þar megi ná lengra, verði farið ofan í þessi mál. Það er alveg nauðsynlegt að húsnæðismálin verði rædd og tekinn til þess nægur tími hér á Alþingi, bæði reynslan af lagasetningunni frá í fyrra og því kerfi sem þar liggur fyrir og er með vissum hætti sprungið fjárhagslega séð, og svo stórkostlegar vanefndir ríkisstjórnarinnar í sambandi við aðra þætti húsnæðismála sem skuldbindandi samþykktir voru gerðar um af stjórnarflokkunum í apríl s.l.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. frú Jóhanna Sigurðardóttir og Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., gerðu húsnæðismálin almennt að umræðuefni hér áðan. Nú liggur það á hinn bóginn fyrir að hæstv. félmrh. hefur lagt fram skýrslu um álit milliþinganefndar um húsnæðismál og hefur verið ákveðið að sú skýrsla verði sérstaklega rædd á fundi Sþ. þannig að ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að víkja sérstaklega að þeim efnisatriðum sem þar koma fram, en vil einungis segja um efni þess frv. sem hér liggur fyrir að hér er um lagfæringar að ræða á þeirri lagabreytingu sem samþykkt var á s.l. vori í kjölfar febrúarsamninganna.

Ég vil vekja athygli á því að í athugasemdum við lagafrv. er villandi frásögn varðandi þau atriði sem þetta frv. felur í sér. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í umsögn nefndarinnar kom fram að ef óhjákvæmilegt er talið að flytja nú frv. til breytinga á lögunum, þrátt fyrir litla reynslu af framkvæmd þeirra, legði nefndin áherslu á að reynt verði að hafa tillögurnar eins fáar og unnt er og leitast verði við að forðast breytingar á lögunum ef talið er fært að styðjast við reglugerðarákvæði eða jafnvel gildandi lagaákvæði. Með þessum fyrirvara lagði nefndin fram till. sínar um þau atriði sem greind eru hér að framan. Frv. þetta er í aðalatriðum í samræmi við álit nefnarinnar.“ Hér er átt við húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins, en húsnæðisnefnd ríkisstjórnarinnar fékk þessar breytingar til umsagnar og var sammála því að þetta lagafrv. yrði lagt fram en vekur athygli á nokkrum atriðum til viðbótar eins og skýrt er frá í skýrslu húsnæðisnefndarinnar. Ég vil að þetta komi fram.

Ég vil líkja vekja athygli á þeim ummælum hv. 2. landsk. þm., ég veit ekki hvort ég hef náð þeim rétt upp en ég hygg að svo sé, þegar hv. þm. sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Það má spyrja hvort það nægi ekki að fá stimpil hjá aðilum vinnumarkaðarins.“ Og skömmu síðar viðhafði hv. þm. þau orð „að engu mætti breyta efnislega“. Auðvitað felst í þessum ummælum sú skoðun hv. þm. að hann sé ósammála í verulegum atriðum því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins náðu á sínum tíma sem líka kom fram í umræðunum í vor þegar hv. þm. skrifaði ekki undir meirihlutaálitið hjá félmn., en Alþfl. einn flokka skar sig út úr. Þeir sem skrifuðu undir nál. voru Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Stefán Guðmundsson, Svavar Gestsson, með fyrirvara, Stefán Valgeirsson, með fyrirvara og Eggert Haukdal. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nál. með fyrirvara, segir í nál. með leyfi hæstv. forseta. En eins og ég sagði skilaði fulltrúi Alþfl. séráliti.

Það er ljóst að afstaða þm. Alþfl. kemur ekki á óvart nú og skal ég ekki hafa mörg orð um það en vil segja varðandi búsetuíbúðir, sem hér var vikið að áðan, að um einstök atriði í þeirri upptalningu sem félmn. benti sérstaklega á kom það fram frá fulltrúa Alþýðusambandsins að ekki hefði verið minnst á kaupleiguíbúðirnar, hvorki í sambandi við samningsgerðina milli aðila vinnumarkaðarins né hefði sú spurning komið upp þegar unnið var að samningu frv. á sínum tíma. Þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir þess vegna um fulltrúa Sjálfstfl. og mig sérstaklega að við höfum brugðið fæti fyrir þróun félagslegs húsnæðis, þá eiga þau ummæli jafnframt við aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa Alþýðusambandsins og fulltrúa vinnuveitenda, og verð ég að segja að mér finnst ég vera í góðum félagsskap þar og skal síðar víkja að þeim þætti málsins.

Það liggur líka ljóst fyrir að þau ummæli hv. 5. þm. Austurl., að stjórnarflokkarnir hafi gefið skuldbindandi loforð í sambandi við afgreiðslu málsins á Alþingi, eru röng. Þau eru misskilningur. Hv. þm. er kunnur að mikilli nákvæmni í sínum málflutningi og hefur orðið það á, sem er ólíkt honum, að fletta ekki upp í þskj. en í þskj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í nál. meiri hl. félmn. frá því í vor:

„Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum, sem varða húsnæðismálin, var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar. Meðal slíkra atriða eru þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á húsnæðislánakerfinu en ekki hefur verið kostur á að fjalla um við meðferð málsins á Alþingi. Í þeim efnum bendir nefndin sérstaklega á eftirfarandi:

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða.
6. Stöðu og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.
9. Þegar líða tekur á sumarið kanni milliþinganefndin hvernig ætlunin sé að framkvæma ákvæði 11. gr. sem virðast geta orðið flókin og erfið í framkvæmd.
10. Hvernig farið skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Þá er haft í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.“

Þetta eru þeir tíu liðir sem um var rætt og eins og skýrt kemur fram í þessum orðum er ekki tekin afstaða til einstakra liða heldur einungis talað um að milliþinganefndin athugi þessi atriði sérstaklega, um það var samkomulagið, en ekki tekin efnisleg afstaða til þeirra. Ég veit að hv. þm. tekur þessa leiðréttingu til greina og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það en það skýrir á hinn bóginn nefndarstörfin.

Í bréfi félmrh. voru þessi atriði tíunduð en ljóst er auðvitað að svo skammur tími er liðinn síðan lögin tóku gildi að ógjörningur var að fjalla sérstaklega um þá reynslu sem fengist hafði af hinu nýja húsnæðislánakerfi og var algjört samkomulag um það í nefndinni að skila áliti núna í janúarmánuði, þó svo að frekari reynsla lægi ekki fyrir, frekar en að draga nefndarstarfið á langinn, ekki síst með hliðsjón af því að kosningar eru nú fram undan, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um það.

Um einstök atriði vil ég aðeins segja það að nýja húsnæðislánakerfið hefur gjörbreytt aðstöðu þeirra sem þurfa að kaupa íbúðir eða byggja íbúðir, gjörsamlega, það er allt önnur aðstaða en áður og þarf ég ekki að orðlengja það. Ég hygg að lán til kaupa á nýjum íbúðum hafi verið 7–800 þús. kr. á verðlagi 1. sept. síðast þegar Alþfl. fór með embætti félmrh. Nú erum við að tala um þrefalt hærri fjárhæð. Þessi fjárhæð er þar að auki verðtryggð á þeim tíma sem líður frá því að lánsloforð er gefið þangað til viðkomandi fær lánið í hendur þannig að munurinn er miklu, miklu meiri. Ég geri ráð fyrir því að ekki væri ósanngirni að segja að lánin hafi í raun verið fjórfölduð á þessum tíma sem breytir auðvitað allri aðstöðu fólks. Enn meiri munur er varðandi þá sem eru að kaupa notaða íbúð.

Ég vil líka vekja athygli á því að það kom fram a.m.k. í máli hv. 2. landsk. þm. nú í vor þegar þessi mál voru til umræðu að hin nýja skipan mundi mjög létta greiðslubyrði þeirra sem eru að eignast íbúðarhúsnæði. Það kom líka fram í máli þess þm., ef ég man rétt, kvíði yfir því hvort unnt reyndist að afla nægilegs fjár til þess að hið nýja húsnæðiskerfi gæti gengið snurðulaust. Á allt þetta verður að reyna.

Menn hafa hér talað um það að dráttur verði á því, lengri dráttur en menn höfðu vænst, að menn fengju húsnæðislánin í hendur. Ég hef ekki kynnt mér sérstaklega hvernig þau mál standa nú, en það lá fyrir þegar hið nýja kerfi var tekið upp að menn gátu ekki gert sér grein fyrir því fyrir fram hversu mikil eftirspurnin yrði eftir lánum, hvort sem til íbúðabygginga eða íbúðakaupa væri að ræða, en hins vegar var húsnæðisnefndin öll, fulltrúar Alþb., Alþfl., Kvennalista og ég hygg einnig BJ, án þess að ég þori að fullyrða það nákvæmlega hvernig málin stóðu þegar hann sagði sig úr nefndinni, en fulltrúar hinna flokkanna voru allir sammála um að það væri æskilegt að sá háttur yrði upp tekinn að Húsnæðisstofnun svaraði fljótt lánsumsóknum og gæfi bindandi loforð um hvenær viðkomandi gæti vænst þess að fá lánafyrirgreiðslu í hendur til þess að auðvelda mönnum að festa kaup á húsnæði eða byggja íbúðir, gætu m.ö.o. hagað kaupum í samræmi við lánsloforð ef um kaup á íbúðum væri að ræða eða byggingarhraða ef um það væri að ræða. Um þetta voru allir stjórnmálaflokkar sammála á þeim tíma og ég hygg að svo sé enn. Það var talinn betri kostur þá að nokkur dráttur yrði á því að hægt væri að veita lánið heldur en hitt að lánin yrðu jafnóheyrilega lág eins og þá hafði verið.

Við vitum að það átti mikinn þátt í greiðsluerfiðleikunum hversu ónóg fyrirgreiðsla Húsnæðisstofnunar var. Þetta er tilraun til þess að koma fram með

lagfæringar. Sú hefur verið skoðun mín — og ég hygg að skoðun aðila vinnumarkaðarins sé enn þá hin sama, ég hef ekki annað frétt, að rétt sé að fá reynslu af þessu kerfi, sjá hvernig það kemur út áður en farið er að setja sér önnur og háleitari markmið í lánsloforðum, reyna heldur að standa við lögin eins og þau eru. Af þeim sökum hef ég verið andvígur því bæði að hækka lánshlutfall til einstakra íbúða úr Byggingarsjóði ríkisins og sömuleiðis að íþyngja meira en gert er Byggingarsjóði verkamanna. Ég held að þetta liggi allt saman fyrir.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði að umtalsefni hér áðan að verð á íbúðum á fasteignamarkaðnum hefði hækkað mjög verulega nú í haust. Ég hef ekki við höndina samanburð á þróun fasteignamarkaðar undanfarin ár en það er hins vegar alveg ljóst að erfiðleikar margra húsbyggjenda eða húskaupenda stöfuðu af því að þeir gátu ekki losnað við sínar eldri íbúðir. Menn voru kannske að stækka af fjölskylduástæðum, kaupa stærri íbúð í staðinn fyrir aðra minni, gátu ekki losnað við þá íbúð og af því stöfuðu hjá mörgum þeir greiðsluerfiðleikar sem þeir komust í á undanförnum misserum. Með þessari breytingu ætti það að lagast. Það má líka færa gild rök fyrir því að fasteignaverð hafi legið niðri fyrri hluta ársins eða í sumar þegar menn vissu að þessi breyting var væntanleg. Öll verða þessi mál að skoðast í samhengi. Það er auðvitað hagnaður fyrir þann sem kaupir að verð íbúða sé sem lægst og þeir sem þess njóta græða á því. Á hinn bóginn hafa menn látið uppi miklar áhyggjur yfir því að fasteignaverð hafi verið óeðlilega lágt á ýmsum stöðum og þess vegna ekki nema eðlilegt, svo ég noti það orð aftur, að verð þeirra hækki nokkuð þannig að menn fái það verð fyrir íbúðirnar sem réttara er, sannvirði. Það eru auðvitað tvær hliðar á þessum málum eins og öðrum.

Ég vil aðeins segja það að lokum að ég styð það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég tel nauðsynlegt að sú nefnd sem það fær til meðferðar athugi sérstaklega hvort með því sé fullnægt þeim þörfum sem stafa af öldruðum eða öryrkjum, til þess að greiða fyrir því að þeir gætu komist í það sem kallað er verndaðar þjónustuíbúðir og sé ekki að öðru leyti ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

Ég vil að síðustu aðeins segja að þetta skref, sem stigið var með lögunum í haust, er langstærsta skrefið sem stigið hefur verið í húsnæðismálum síðan ég byrjaði að fylgjast með þeim málum, og tel að almennar húsnæðisumræður eigi að fara fram í Sþ. en ekki hér undir þessum dagskrárlið og um þetta frv.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka aftur til máls í þessari umræðu nú nema sérstakt tilefni gæfist til og síst þar sem hæstv. félmrh. gerir ráð fyrir því, ef ég hef skilið rétt ummæli sem féllu hér áðan, að rædd verði sérstaklega skýrsla hans byggð á áliti milliþinganefndar í húsnæðismálum nú innan tíðar. Þá gefst færi til að fjalla frekar um stöðu húsnæðismálanna og þau áhyggjuefni sem ég hef þó drepið á hér í fyrri ræðu minni við umræðuna.

En það er vegna ummæla hv. þm. Halldórs Blöndals hér áðan sem ég kveð mér nú hljóðs. Hann var að halda því fram að ég hefði misskilið það umboð og reyndar þá samþykkt sem gerð var í hv. félmn. Nd. 21. apríl s.l. og las upp úr nál. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 1017, takmarkaði sig þar við vissa þætti. Ég vil vegna samhengis hafa hér yfir orð sem ég tók ekki eftir að hv. þm. færi með í sinni tilvitnun en kann þó að hafa verið að hann hafi nefnt það líka, en þar segir, með leyfi forseta:

„Um það er samkomulag í nefndinni að sú milliþinganefnd, sem skipuð var til að endurskoða húsnæðislöggjöfina fyrir ári, skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu. Í þessari milliþinganefnd eiga sæti fulltrúar allra þingflokkanna nema BJ sem kaus að draga fulltrúa sinn úr henni. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti nú í des. s.l. [þ.e. des. 1985] en störf hennar hafa legið niðri eftir að úrvinnsla þessa frv. hófst — að öðru leyti en því að hún átti þrjá fundi með þeirri nefnd sem það samdi."

Síðan kemur sú tilvitnun sem hv. þm. hafði hér yfir og ég ætla ekki að endurtaka. Ég tel að af minni hálfu hafi ekki verið um neinn misskilning að ræða og geti varla ríkt um það neinn misskilningur, að með samkomulaginu í meiri hl. félmn. í fyrravor var gert ráð fyrir því að unnar yrðu tillögur til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til að hægt yrði að leggja frv. fram á haustþinginu varðandi þau atriði sem síðan eru tilgreind í tíu tölusettum liðum í nál. Ég tel það grófa mistúlkun af hálfu hv. þm., með fullri virðingu fyrir honum, að reyna að ganga fram hjá þessu atriði því þetta er auðvitað kjarnaatriði. Þarna skuldbindur ríkisstjórnin sig til þess að leggja fram frv. á haustþinginu, sem reyndar er nú liðið og ekkert frv. kom, svo að það er ekki að ástæðulausu að við stjórnarandstæðingar erum að benda á það að ríkisstjórnin hafi algjörlega brugðist varðandi stóra þætti í þessum málum, sem tengdust afgreiðslu frv. um húsnæðismál í fyrravor, sem voru vissulega mikilvæg atriði. Ég ætla ekkert að vera að draga úr gildi þeirrar löggjafar sem þá var samþykkt og þeirra breytinga þó að ýmsir annmarkar hafi komið þar fram sem bent var á af ýmsum þm. í umræðum að hætta væri á að kæmu upp, m.a. það að fjárhagsdæmið væri ekki rétt fyrir lagt á þeim tíma og ekki reiknað til enda. Um þetta ætla ég ekki nú að ræða frekar.

Ég tel það þó mikið mál og stórmál að það skuli hlaupið frá því af ríkisstjórninni á þessu kjörtímabili að taka á hinum félagslega þætti íbúðamálanna sem skiptir að mínu mati enn meira máli en einkaeignarréttarformið, svo gott sem það getur verið fyrir þá sem það vilja nota. En á meðan menn ekki taka á húsnæðissamvinnufélögum með löggjöf og búsetu-

réttarfyrirkomulagi með löggjöf og ganga þannig frá þeim málum að hægt sé að nýta þau form í sambandi við íbúðir í landinu, þá eru menn ekki komnir nema tæplega hálfa leið vil ég segja, til sæmilegrar lausnar í þessum málum.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Ég vil geta þess hér, eins og fram hefur raunar komið hér í umræðunum, að ég hef lagt fram nokkrar skýrslur hér, m.a. skýrslu um álit milliþinganefndar og skýrslu um starfsemi ráðgjafarstofnunar Húsnæðisstofnunar á s.l. ári. Umræður um þessar skýrslur hafa þegar verið ákveðnar og verða að öllu forfallalausu. Eftir því sem forseti Sþ. hefur tjáð mér gætu þær umræður farið fram n.k. þriðjudag. Miklar umræður um málið út af því geta þá farið fram í sambandi við þessar skýrslur og þá er hægt e.t.v. að skýra málið frekar en við umræðu um þetta mál.

Í sambandi við frv. á þskj. 560 vil ég endurteka að hér er fyrst og fremst um að ræða nauðsynlegar lagfæringar á lögunum. Fyrst og fremst að því er varðar lánsrétt til að auðvelda framkvæmdina á lögunum hjá Húsnæðisstofnun og sníða af agnúa sem hafa komið þegar í ljós, bæði við meðferð á umsóknum og einnig þegar var farið að setja vinnureglur í sambandi við málið í heild.

Ég mun að sjálfsögðu gera ítarlegri grein fyrir þessum málum í heild við þessar umræður ekki síst um milliþinganefndina og eins í sambandi við skýrsluna um ráðgjafarþjónustuna. Í sambandi við það mál vil ég aðeins geta þess um greiðsluerfiðleikalánin sem lögð var áhersla á á s.l. ári að þar var gert ráð fyrir fjármagni að upphæð um 500 millj. Það var búið í byrjun október, eins og kemur fram í skýrslunni, að afgreiða lán upp á 574 millj. Það hefur komið í ljós síðan að það er fullkomin þörf á að halda þessari starfsemi áfram og í samráði við ríkisstjórnina er nú verið að vinna að því þessa dagana að tryggja framhald á þessum þætti mála. Vona ég að það skýrist núna næstu daga. Á því er mjög mikil þörf.

Ég ætla ekki að fara mikið út í þessar umræður sem hér hafa farið fram, ég mun geyma mér hluta af þeim, en ég vil aðeins segja að menn mega ekki gleyma því í þessum umræðum að ákvörðun um lagasetningu á s.l. ári byggðist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um ákveðnar aðgerðir sem byggjast fyrst og fremst á innkomu lífeyrissjóða landsins í miklu meiri mæli en áður hefur þekkst og jafnframt var það skilyrði aðila vinnumarkaðarins í sambandi við þetta að þessi lagabreyting hefði þá þýðingu fyrst og fremst að landsmenn áttuðu sig á því að þeir yrðu að verða þátttakendur í lífeyrissjóðakerfinu. Eins og allir hv. alþm. vita hefur sú ákvörðun verið tekin að hækka framlög til lífeyrissjóðanna sem eru stighækkandi á næstu árum frá síðustu áramótum, þannig að enn eykst það fjármagn sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar og þar með sjálfkrafa það fjármagn sem rennur samkvæmt þessum lögum inn í húsnæðiskerfið.

Þetta hefur hins vegar valdið því að nokkrir agnúar hafa komið fram á stöðu þess fólks sem ekki hefur verið nema takmarkað í lífeyrissjóðunum. Frv. sem hér er til umræðu bætir nokkuð úr þessu og eins samningurinn sem hefur verið gerður við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda fyrir íslenska námsmenn frá 1. september s.l. sem er ákaflega mikilvægt atriði.

Það hefur komið fram í umræðunum og ég þarf ekki að endurtaka það að auðvitað sjáum við ekki enn þá fyrir endann á því hvernig reynslan verður af þessum lögum. Umsóknir um lán samkvæmt þessu kerfi komu inn á tiltölulega stuttum tíma, þ.e. í september, október og nóvember fyrst og fremst, og það hefur verið lögð á það gífurleg áhersla í Húsnæðisstofnuninni, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika á að framkvæma það, því að það þurfti að tölvusetja þetta allt saman, að ljúka útskrift á þessum umsóknum og einnig umsóknum sem komu í desember. Þessu er nú langt komið. Þetta er allt farið út og farin að koma inn svör við ýmsum atriðum sem þurfti að fá upplýsingar um, þannig að það er allt í fullum gangi í afgreiðslu á þessum málum. Að sjálfsögðu er ég fús til þess áður en langt um líður að gefa Alþingi skýrslu um hvernig mál standa í Húsnæðisstofnun. T.d. síðar í þessum mánuði. Þá verða þessi mál farin að verða ljósari, bæði í sambandi við gildar umsóknir og fjármagnsskiptinguna eins og lánsloforðin hafa verið gefin út.

Hv. þm. hafa spurt að því hvort ríkisstjórnin og ekki síst félmrh. hafi gert sér grein fyrir hvernig fjármagnið yrði í sambandi við þessi nýju lög, hvort fjárþörfin væri tryggð o.s.frv. Það er hægt að vísa í grg. með frv. eins og það lá fyrir til afgreiðslu á síðastliðnu ári hér á þingi. Ef fjármagnið yrði ekki nægjanlegt í þeirri óvissu sem lá þá fyrir um hvað yrðu miklar umsóknir kæmi það fram í lengri biðtíma. Það er alveg ljóst. En aðalatriðið í þessum málum er að fólk fái svar um sinn lánsrétt og þó það dragist eða lengist tíminn er það miðað við það fjármagn sem fyrir er. Það er ekkert leyndarmál að auðvitað hefði ég kosið að það fjármagn sem kom frá ríkinu í fyrstu lotu þessa máls hefði verið meira en lá fyrir við afgreiðslu fjárlaga, en ég held að allir geti áttað sig á því að það var ekki hægt að ganga lengra.

Fjárlög eru afgreidd með gífurlegum halla eins og allir vita og það var útilokað að ætla meira fjármagn í fyrstu lotu þessa máls en þar var gert. Ég held að því verði ekki á móti mælt að það var ekki verið að fara á bak við eitt eða neitt. Þetta kom fram í grg. með frv. þegar það lá fyrir Alþingi miðað við það áform, sem þá lá fyrir að yrði samkomulag um, að það yrði 1 milljarður sem kæmi sem beint framlag frá ríkissjóði í Byggingarsjóð ríkisins.

En ég ætla ekki að ræða þetta meira að þessu leyti til. Ég er fús til að gefa upplýsingar um það hér á þingi þegar þetta liggur betur fyrir.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var með upplýsingar eftir framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar.

Ég veit ekki hvernig hann hefur gefið þær upplýsingar því þær upplýsingar er ég ekki búinn að fá enn af þeirri einföldu ástæðu að Húsnæðisstofnun getur það ekki enn þá sem er ekki von. Það er svo margt sem er eftir að fá upplýst í þessu, bæði í sambandi við gildar umsóknir, afföll í umsóknum o.s.frv. sem er að skýrast dag frá degi.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega álit fasteignasalanna. Það má sjálfsagt heimfæra það að með nýjum lögum, hækkuðum lánum hækki hús á fasteignamarkaðnum. En ég verð að segja það að með fullri virðingu fyrir fasteignasölum í landinu er alveg ljóst að þeir hafa ekki komið í veg fyrir að á þeirra sviði hafi verið gerðir sölusamningar og kaupsamningar í mjög miklu magni áður en þessi nýju lög, sem samþykkt voru í fyrra, tóku gildi. Þar er fólk bókstaflega látið skrifa undir samninga um kaup og sölu áður en umsóknarfrestur er útrunninn um lán. Auðvitað geta allir séð hvaða afleiðingar þetta hefur ef það er í stórum stíl verið að gera kaupsamninga og sölusamninga á fasteignamarkaðnum þar sem fólk er beinlínis látið skrifa undir með því fororði að það eigi rétt á lánum án þess að vita það. Það hefur verið farin mjög ítarleg auglýsingaherferð á vegum Húsnæðisstofnunarinnar, bæði í öllum tegundum fjölmiðla, með bréfum og öðru slíku, til að vara við þessu. Ég tel að þetta sé kannske erfiðasta málið sem Húsnæðisstofnun þarf að glíma við næstu mánuði, að reyna að leysa vanda sem fólk er þegar komið í vegna þess að það er látið gera samninga á forsendum sem eru ekki fyrir hendi. Þetta er kapítuli út af fyrir sig sem er erfitt að fást við og allar aðvaranir sem gefnar hafa verið út hafa gengið út á að allir slíkir samningar væru réttlausir gagnvart lánakerfinu ef þannig er á haldið.

Það kemur að vísu fram í bréfi fasteignasalanna til stofnunarinnar að það hafa verið haldnir fundir með þeim og Húsnæðisstofnun og ég hef gert ráðstafanir til þess að það yrði haldinn fundur núna aftur með fasteignasölum um þessi mál til að reyna að ná samkomulagi um skynsamleg vinnubrögð í sambandi við þetta allt saman. Ég vona að það verði mjög fljótlega. Þeir segja sjálfir að þetta jafnist út, þetta taki sinn tíma. Þar með viðurkenna þeir þörfina á því að nýja húsnæðiskerfið verði a.m.k. að eiga ársafmæli áður en verður farið að dæma það algerlega í rúst.

Ég segi það í sambandi við þessar ræður sem hér hafa verið haldnar að auðvitað dettur engum í hug að Húsnæðisstofnun ríkisins eigi að hafa ótakmarkað fjármagn til umráða í sambandi við húsnæðismálin almennt og það sé hægt að byggja eins og hver vill og hver óskar. Við höfum ekki efni á því. Ástandið í opinberum fjármálum er ekki þannig að það leyfi slíka bjartsýni. Þess vegna er alveg ljóst að það verður að stýra fjármagni inn á þetta svið eins og önnur og þannig reyna að draga úr óheppilegum áhrifum. Þess er kannske ekki síst þörf ef við göngum út frá því sem hv. 5. þm. Austurl. sagði um ástand markaðarins úti um land. Þá væri viss öfugþróun í því ef við stuðlum að því jafnhliða að fjármagn á þenslusvæðum væri ótakmarkað í sambandi við þessi mál. Ég hygg að allir séu sammála um að það þarf að hafa vissa stjórn á þessu og að því þarf að vinna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það sem hér hefur komið fram. Það væri hægt að ræða lengi um þetta allt saman. En ég lýsi því yfir aftur að ég mun gera frekari grein fyrir þessum málum þegar skýrslurnar, sem ég gerði hér að umtalsefni, verða lagðar fram til umræðu hér eftir helgina. Einnig er ég fús til þess strax og Húsnæðisstofnun er tilbúin með grg. til mín um fyrstu framkvæmd þessara laga að gefa Alþingi skýrslu í Sþ. um þau mál þannig að það verði ekki neitt vafaatriði hvað um er að ræða í þessum efnum.

En ég legg mikla áherslu á að leiðréttingar sem felast í frv. sem liggur fyrir á þskj. 560 nái afgreiðslu á þessu þingi. Það leysir ótrúlega mörg vandamál sem liggja fyrir í umsóknarkerfinu fyrir stofnunina og fyrir fólkið.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég heyri það á ummælum hæstv. félmrh. og hv. þm. Halldórs Blöndals, sem hér talaði áðan, að þeir vilja bíða með umræðurnar um húsnæðismál almennt þar til fyrir verður tekin skýrsla milliþinganefndar um húsnæðismál og skal ég sætta mig við það og fara því ekki mikið nánar út í þessi atriði. Það var þó ljóst af því sem fram kom í máli hæstv. félmrh., að svo miklu leyti sem hann fór út í þá sálma, að forsendur þær sem frv. byggði á á sínum tíma hafa ekki staðist, þær hafa komið fram í lengri biðtíma eftir lánum vegna þess að fjármagn það sem ætlað var í húsnæðiskerfið hefur ekki dugað til. Þar sem hæstv. félmrh. fór ekki inn á einstök atriði sem ég nefndi og tel mjög mikilvægt að verði rædd hér á þingi og menn geri sér grein fyrir skal ég bíða með að ræða það frekar, eins og ég sagði.

Hv. þm. Halldór Blöndal var óvenjulega hógvær í sínum málflutningi nú þegar hann ræddi um húsnæðismálin, en það fór þó ekki hjá því að hann væri með nokkra útúrsnúninga og villandi ummæli. Hann nefndi t.a.m. að af orðum mínum mætti draga þá ályktun að ég væri ósammála aðilum vinnumarkaðarins og vitnaði þar til sérálits sem ég skilaði þegar félmn. fjallaði á s.l. ári um nýju húsnæðislöggjöfina. Auðvitað voru rök fyrir því að ég skilaði séráliti, en það var ekki þar með sagt að ég væri ósammála því samkomulagi sem þar var gert og vil ég, með leyfi forseta, vitna í nál. mitt frá þeim tíma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þó nokkrir ágallar séu á frv. að því er takmörkun á lánsrétti varðar sem og að fjármögnunarþáttur ríkissjóðs til að tryggja að við ákvæði frv. verði hægt að standa sé í mikilli óvissu, þá styður Alþfl. frv. og þar með það samkomulag sem gert var í nýgerðum kjarasamningum um húsnæðismál."

Það kom sem sagt fram í þessu nál. að þau atriði sem menn greindi á um og voru ástæða þess að ég

skilaði séráliti var fyrst og fremst að því er varðar fjármögnunarþátt frv. og forsendur þær sem útlánaáætlun og fjárþörf byggðist þá á og einnig vegna þess að félagslegi hluti húsnæðiskerfisins var að mínu mati skilinn eftir.

Ég tel að það sem hafi gerst síðan staðfesti það að þau rök sem ég hafði fyrir sérnefndaráliti voru rétt. Ég minni á að það var lögð fyrir Alþingi fyrir stuttu skýrsla um þörf á leiguhúsnæði á landinu öllu þar sem fram kom mikil þörf fyrir leiguhúsnæði á landinu á næstu tveim til fimm árum, talað var þar um 2000–3000 félagslegar íbúðir sem þyrfti að byggja. Ég vitna líka til þess að það kemur fram í þessu nál. milliþinganefndar, þó ég skuli ekki gera það mikið að umtalsefni, að eftirspurn er langt umfram það fjármagn sem Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar. Þar kemur einnig fram að framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga hefur á fundum með nefndinni og með bréfi til hennar bent á að það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu getur ekki risið undir vöxtum og afborgunum af lánum til kaupa á íbúð í verkamannabústað. Að því er varðar félagslega kerfið, og gæti ég auðvitað haft um það mörg orð, tel ég að það standi sem ég hef haldið fram, að það vantar mikið á félagslega hluta húsnæðiskerfisins og það sé hægt að koma til móts við þá hópa sem þurfa á félagslegum íbúðabyggingum að halda.

Að því er varðar fjármögnunarþátt frv. hef ég gert grein fyrir því í máli mínu hér áðan og skal ekki endurtaka það. Það hefur sýnt sig að töluvert mikið fjármagn vantar inn í húsnæðiskerfið á þessu ári til þess að hægt sé að standa við umsóknir og veita til þess það fjármagn sem þarf, þ.e. þær umsóknir eingöngu sem lagðar voru fram fyrir áramótin. Ég tel mig hafa sýnt fram á að áhrifin af nýju húsnæðislöggjöfinni hér á höfuðborgarsvæðinu hafi orðið óeðlilega mikil, að mínu mati, verðhækkun á íbúðum þegar það liggur fyrir að hún er um 30% á fimm til sex mánaða tímabili.

En vegna þess að ég heyrði það á málflutningi hæstv. félmrh. að hann óskar eftir að bíða með umræður almennt um húsnæðismál og vill ekki fara út í að ræða þá hluti sem ég hef gert hér að umtalsefni skal ég einnig bíða með að ræða frekar húsnæðismál og fjármögnunarþátt þeirra sem ég tel mjög mikilvægt að verði rætt á Alþingi.

Ég vil þó fagna því, sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan, að hann ætlar að gera það sem í hans valdi stendur til þess að fyrir Alþingi verði lögð skýrsla um stöðu mála. Ég hygg að þá komi í ljós að það þurfi að endurmeta fjárhagslegar forsendur þessara laga. Ég vildi nú beina því til hæstv. félmrh. hvort hann gæti ekki flýtt þeirri skýrslugjöf frá Húsnæðisstofnun. Ég tel að það liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar sem á megi byggja og að þær upplýsingar geti þá legið fyrir þegar umræðan um skýrslu milliþinganefndar fer fram í næstu viku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

46. fundur, fimmtudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Framtíðarskipan kennaramenntunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 238. mál. — Þskj. 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Fjarkennsla á vegum Háskóla Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. RA, 255. mál. — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Egilsstaðaflugvöllur, fyrri umr.

Stjtill., 317. mál. — Þskj. 559.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal við verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist árið 1987. Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 30 millj. kr.“

Eins og fram kemur í grg. með þessari till. hefur framtíðarskipulag Egilsstaðaflugvallar lengi verið til athugunar hjá flugmálayfirvöldum og skal sú saga ekki rakin hér frekar en minnt á að vorið 1983 lágu fyrir hjá flugráði skýrslur um flugleiðsögukerfi, blindaðflug og brautarstæði á Egilsstöðum ásamt verkfræðilegri úttekt og samanburði á endurbyggingu eldri brautar og gerð nýrrar vestan flugstöðvar.

Flugmálanefnd, sem skilaði lokaskýrslu til samgrn. seint á liðnu ári og fengið hafði málefni þessa flugvallar til sérstakrar umfjöllunar, kannaði fyrirliggjandi gögn og greinargerðir og gerði að því

búnu tillögu til ráðuneytisins um byggingu nýrrar flugbrautar vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti. Framreiknuð kostnaðaráætlun nefndarinnar fyrir 2000 metra braut að viðbættum tækjabúnaði hljóðar upp á 215–220 millj. kr., en tölur þær sem fram koma í grg. eru teknar beint úr skýrslu og taka mið af verðlagsforsendum sem hafa breyst.

Verkefni flugmálanefndar var að taka saman heildarframkvæmdaáætlun fyrir flugvelli sem tæki til flugbrauta, öryggistækja, flugskýla o.fl. og var Egilsstaðaflugvöllur eitt þriggja sérverkefna nefndarinnar. Hin vörðuðu staðsetningu varaflugvallar og flugstöðvarbyggingu í Reykjavík. Það var talið rétt að bíða lokaskýrslu nefndarinnar áður en afstaða yrði tekin til einstakra þátta í tillögugerð hennar. Eitt þeirra atriða sem ljóst var að kæmi frá nefndinni var frv. til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til hennar. Vildu menn bíða eðlilegrar umfjöllunar þess áður en einstök flugmálaverkefni yrðu tekin út úr heildaráætluninni, en ástandi flugbrautarinnar á Egilsstöðum er nú svo komið að ekki verður hjá því komist að grípa nú þegar til sérstakra ráðstafana. Því er þessi þáltill. fram komin.

Það skal sérstaklega tekið fram hér og nú að tillöguflutningi þessum og þeim framkvæmdum sem vonandi fylgja í kjölfarið má alls ekki blanda saman við þá umræðu sem nú er í gangi um byggingu varaflugvallar fyrir millilandaflugið. Það er algört sérmál sem verður að afgreiðast án tillits til flugbrautargerðar á Egilsstöðum.

Þá vil ég að fram komi að þó að ágæt undirbúningsvinna hafi farið fram eru ýmsir lausir endar sem þarf að ganga frá áður en í framkvæmdir verður ráðist. Hér á ég m.a. við nauðsynlega samningsgerð við landeigendur, ábúendurna á Egilsstaðabýlinu og Finnsstöðum og e.t.v. fleiri. Öll þau mál þurfa að vera tryggilega frágengin áður en ráðist verður í framkvæmdir. En minn hugur er sá eftir snögga ferð austur á Hérað að ekki muni slík atriði tefja framgang málsins. Og þó að þessi till. sé ekki lengra á veg komin hef ég lagt á það áherslu við flugmálastjóra að hefja þegar framhald þeirra viðræðna við landeigendur sem voru í gangi fyrir nokkru til að glata ekki tíma og geta notað tækifærið til framkvæmda þegar kemur fram á vorið eða fram á sumar.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði þessari till. vísað til 2. umr. og hv. atvmn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. Ég hef áður tjáð mig um þetta mál í hv. Ed. í gær í umræðum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála og þarf ekki miklu þar við að bæta, en hlýt að koma hér upp til að fagna þessari till. um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli, framkvæmdir sem gjarnan hefðu mátt sjá fyrr dagsins ljós en raun ber vitni en við a.m.k. þm. Austurlands hljótum að fagna að stefnir nú í að verða að staðreynd.

Ég skal taka það fram líka, þannig að það sé áreitnislaust af minni hálfu, að hæstv. samgrh. gaf um það yfirlýsingar, svo notað sé orðfæri hæstv. menntmrh., snemmendis á sínum valdaferli að hann hygðist standa við það að Egilsstaðaflugvöllur yrði gerður flughæfur ef svo má segja, þar yrði ráðist í framkvæmdir. Ég neita því ekki að mér þykir þetta vera allseint á hans annars farsæla ferli. En gott er að það skuli þó komið í kring með þeirri till. sem hér er fram lögð að tryggt skuli fjármagn til þess arna með þessum hætti og þá væntanlega til áframhaldsframkvæmda því svo naumt hefur verið skammtað til flugmála að undanförnu að við vitum það og getum sjálfsagt öll verið sammála um það hér inni að án einhvers sérstaks átaks af þessu tagi hefði verið útilokað að taka það af því nauma fjármagni sem til flugmála hefur verið og það hef ég reyndar gefið yfirlýsingu um áður og þykir sjálfsagt að ítreka hér.

Hitt er svo annað mál að vafalaust hefðum við mátt standa betur að flugmálaþættinum, svo mikilvægur sem hann er orðinn í okkar samgöngumálum í heild sinni og skal ekkert út því dregið að vitanlega hefði átt um langt áraskeið — og þar eiga margir fleiri hlut að máli — að standa betur að fjáröflun og fjármagni til þessarar bráðnauðsynlegu framkvæmdar. Því er ekki að neita heldur að við þm. Austurlands höfum verið mjög sérfræðingahollir í þessum málum, farið mjög eftir því sem færustu menn á þessu sviði hafa lagt til á hverjum tíma. Þannig létum við um nokkuð langt árabil, þeir sem þá sátu á þingi fyrir Austurland, ég vil segja draga okkur á ansaeyrum út af hinum væntanlega Snjóholtsvelli sem sérfræðingar töldu þá hina einu lausn sem hægt væri að byggja á og útilokuðu þá um leið þá lausn sem nú er í sjónmáli. En eftir að álitið kom 1982 ótvírætt um það að þetta væri kleift hefur það legið fyrir að menn ættu að stefna að þeirri lausn sem hér er gert ráð fyrir.

Hæstv. samgrh. lýsti því yfir að enn væru nokkrir lausir endar í sambandi við þetta mál. Auðvitað vonum við að það leysist. En ég vil segja að við höfum lagt áherslu á það í þingmannahóp og sérstaklega hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, man ég eftir, á fundi með flugmálastjóra fyrir líklega meira en ári að ef og þegar að því kæmi að menn gætu gengið til verks á Egilsstaðaflugvelli yrði búið að ganga frá svo sjálfsögðum atriðum eins og samningum við landeigendur um þann rétt sem þarf að semja um við þá svo að hægt verði að ráðast í þessa framkvæmd. (**Menntmrh.**: Sveinn varaþingmaður gefur okkur þá landið.) Sveinn varaþingmaður, segir hæstv. menntmrh. og hefur nú alltaf ráð á hverjum fingri eins og hann hefur sálfræðing á hverjum fingri í fræðsluskrifstofunum. En það hygg ég að hæstv. menntmrh. viti að Sveinn varaþingmaður Jónsson, sem hann á hér við, fer ekki með allar eigur Egilsstaðabúsins og heldur ekki með Finnsstaðaland svo að ég upplýsi nú hæstv. ráðh. örlítið um landafræðina austur þar sem ég hélt að þyrfti reyndar ekki. (**Menntmrh.**: Finnsstaðamenn

eru í flokknum líka.) Sveinn varaþm. fer heldur ekki með það og Finnsstaðamenn eru ekki einu sinni allir í flokknum, því miður, hæstv. ráðh., því að þar er tvíbýli svo að ég upplýsi nú hæstv. ráðh. enn betur um landafræðina þar. Og þó að þar séu vel þenkjandi menn á báðum býlum vil ég ekki flokka þá eindregið yfir í minn flokk á báðum býlum og efast ég um að hæstv. menntmrh. vilji það heldur að betur athuguðu máli.

Þetta hefði vitanlega verið nauðsynlegt. En um þetta mál að öðru leyti vil ég segja það að í ljósi þess sem nú er fram komið getum við ekki annað en fagnað því að hér sést væntanlega fyrir endann á miklu vandamáli sem snert hefur samgöngur heils fjórðungs og áreitnislaust skal þetta mál ganga frá minni hálfu þó að okkur hafi um tíma þótt seint fara í þessum efnum undir stjórn hæstv. samgrh.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þá till. sem hér er fram komin. Ég fagna því að hún hefur komið fram því að með henni er tekið á mjög alvarlegu vandamáli í samgöngum okkar Austfirðinga og um leið þjóðarinnar allrar því að öllum kemur þetta til góða.

Ég ætla ekki að rifja upp ástæðurnar fyrir því að hér er þessi framkvæmd tekin sérstaklega fyrir. Þær ástæður hafa komið svo greinilega fram í fjölmiðlum undanfarið að það þarf ekki þar um að bæta. Egilsstaðaflugvöllur, sem þarna er um að ræða, er miðstöð flugs á Austurlandi. Um hann fara yfir 50 þús. farþegar árlega. Hann er miðstöð sjúkraflugs í heilum landsfjórðungi og hann er miðstöð áætlunarflugs innan fjórðungsins og frá honum er stundað reglulegt millilandaflug til Færeyja.

Það er einmitt af þessum ástæðum, þessu mikla hlutverki Egilsstaðaflugvallar, sem við höfum lagt áherslu á endurbyggingu hans sem nú hefur verið ákveðið að hefja. Við höfum lagt áherslu á að fá upp byggðan góðan flugvöll sem nýtist innanlandsfluginu og þeirri miklu umferð og vonandi vaxandi sem þar er um að ræða. Einnig viljum við ekki loka fyrir þá möguleika að þarna verði stundað millilandaflug í auknum mæli, en ég leiði hjá mér allar varavallarumræður í þessari umræðu um þetta mál. Innanlandsflugið er fyrir okkur númer eitt og að hafa möguleika til þess að taka á móti flugvélum erlendis frá og stunda áfram það Færeyjaflug sem stundað hefur verið.

Ég vona að þetta verk fái góðan framgang og ég hef ekki ástæðu til þess að ætla að landeigendur hvar í flokki sem þeir standa, hvort sem þeir eru varaþm. eða óbreyttir bændur, sýni þessu ekki fullan skilning í þeirri samningagerð sem fram undan er. Auðvitað verður gengið frá samningum við þessa menn eins og lög gera ráð fyrir, en ég hef ekki ástæður til að ætla að það tefji framgang málsins að neinu leyti.

Við þm. Austurlands höfum verið rækilega minntir á þetta mál á undanförnum árum því að þrýstingurinn heima fyrir er mikill og í réttu hlutfalli við hvað þetta er áríðandi samgöngumannvirki í okkar landshluta. Við höfum hins vegar gert okkur grein fyrir því að þarna er um sérverkefni að ræða. Miðað við þær fjárveitingar sem verið hafa til flugmála er þetta dýrt verkefni og verður ekki framkvæmt miðað við núverandi fjárveitingar nema með sérstakri fjáröflun. Við gerðum okkur grein fyrir að það þyrfti að afgreiða þetta mál í tengslum við flugmálaáætlun sem nú hefur verið lögð fram.

Það ber að fagna því að þetta mál er nú fram komið og ég vona og veit reyndar að þm. munu taka þessari till. vel og sjá þá nauðsyn að hún verði afgreidd áður en þingi lýkur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, síðari umr.

Stjtill., 272. mál. — Þskj. 478, n. 555.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Till. þessi til þál. um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland er auðvitað kunn öllum hv. alþm. Till. þessi hefur verið rædd í utanrmn. og mælir nefndin í heild með samþykkt hennar. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Mönnum kann að virðast við fyrstu sýn að hér sé ekki um stórt mál að ræða, en ég hygg þó að það muni geta sannast sem fyrr að mjór sé mikils vísir og vissulega er það mikið ánægjuefni fyrir okkur Íslendinga að þessi sjóður komist á stofn og samband okkar og samskipti við nágrannana, Færeyinga og Grænlendinga, aukist.

Það er raunar svo að allar þjóðir frá Noregsströndum til Kanada þurfa að efla sitt samstarf, ekki síst á sviði hafréttarmála. Þar er ör þróun eins og menn vita. Við höfum náð merkum samningum við Norðmenn og erum nú að sækja rétt okkar bæði á Reykjaneshrygg og eins á Hatton-Rockall-svæðinu, en um það svæði verða einmitt umræður síðar í þessum mánuði með Dönum og Færeyingum. Kannske kemur til þess áður en langt um líður að við tökum líka upp viðræður við Breta og Íra.

Þetta er einn liðurinn í aukinni samvinnu þjóðanna við hin nyrstu höf og ég þykist vita að þessi till. verði samþykkt af öllum viðstöddum hv. alþm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 579).

Staða og þróun jafnréttismála, ein umr.

Skýrsla félmrh., 215. mál. — Þskj. 230.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í desember s.l. var dreift til hv. þm. þremur skýrslum um jafnréttismál. Hér er um að ræða þskj. 231, um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsaldurs, þskj. 230, skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála, og síðast en ekki síst þskj. 229 sem er skýrsla félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Það hefur orðið að samkomulagi að þskj. 229 og 230 verða tekin til umræðu í Sþ. í dag. Það fer vel á því að ræða þessi mál um svipað leyti og sá félagsskapur sem hvað mest hefur barist fyrir réttindum kvenna á Íslandi hefur haldið upp á 80 ára afmæli sitt. Hér er um að ræða Kvenréttindafélag Íslands sem átti 80 ára afmæli 27. jan s.l. Vil ég nota þetta tækifæri til að endurtaka heillaóskir til Kvenréttindafélag Íslands í tilefni afmælisins og þakkir fyrir brautryðjendastarf í 80 ár.

Herra forseti. Í inngangi skýrslunnar á þskj. 230 er vísað til 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er að finna ákvæði um skyldu félmrh. til að leggja á tveggja ára fresti skýrslu fyrir Alþingi um stöðu og þróun á sviði jafnréttis kvenna og karla hér á landi. Þetta ákvæði er eitt af nýmælum laganna. Það er á grundvelli þessa ákvæðis sem skýrsla sú sem hér er gefin hefur verið tekin saman. Við gerð hennar var höfð hliðsjón af samantekt Jafnréttisráðs sem studdist við upplýsingar úr bókinni „Konur hvað nú?“ sem kom út á vegum '85-nefndarinnar og Jafnréttisráðs, „Könnun á stöðu íslenskra kvenna“ sem Jafnréttisráð gaf út 1985 og „Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum“ sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna gaf út árið 1985. Auk þess er leitað fanga í hagskýrslum Framkvæmdastofnunar, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar.

Skýrslunni er skipt í nokkra kafla sem fjalla um afmörkuð svið. Fyrst er gerð grein fyrir löggjöf sem snertir stöðu kynjanna, næst fjallað um menntun, atvinnumál, stjórnmál, forustu og félagsleg atriði. Einnig er gerð stutt grein fyrir afskiptum félmrn. af jafnréttismálum og starfsemi Jafnréttisráðs.

Þar sem hér er um að ræða fyrstu skýrsluna af þessu tagi er í sumum tilvikum nauðsynlegt að gera grein fyrir þróuninni á vissum sviðum undanfarin ár og jafnvel s.l. áratugi. Í framtíðinni er þó hugmyndin að gera einungis grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa frá því skýrsla var síðast gefin út.

Í 2. kafla skýrslunnar er að finna yfirlit um þróun löggjafar hvað varðar jafnrétti kvenna og karla. Þar kemur fram að fyrstu heildarlögin um launajöfnuð kvenna og karla voru sett árið 1961. Í þeim var kveðið á um að laun kvenna í ákveðnum starfsstéttum skyldu hækka til jafns við laun karla á sex árum. Árið 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð. Þar voru tvær meginreglur lögfestar: Um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og um að atvinnurekanda væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Þessi lög voru undanfari laga nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla. Í þessu sambandi má minna á að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að fullgilda ýmsar samþykktir sem snerta jafna stöðu kynjanna, svo sem mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, og samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Loks er að nefna samning Sameinuðu þjóðanna frá 1979, um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem Ísland fullgilti árið 1985.

Árið 1985 voru þáttaskil í sambandi við löggjöf á sviði jafnréttismála. Alþingi samþykkti ný lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í nýju lögunum er að finna mörg nýmæli frá eldri löggjöf.

Sem dæmi má benda á ákvæði 1. gr. Í eldri löggjöf var talað um að tilgangur laganna væri að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla. Í lögum nr. 65/1985 er komist skýrara að orði og talað um að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Lögin fela í sér mikilvæga breytingu hvað varðar skipun Jafnréttisráðs. Samkvæmt 13. gr. er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið auk þeirra aðila sem áttu fulltrúa í Jafnréttisráði samkvæmt eldri lögum. Þessi breyting ætti að tryggja að í ráðinu sitji ævinlega fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að þessum málum.

Um menntun er fjallað í 3. kafla skýrslunnar. Í honum kemur fram að menntun kvenna hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár. Þessu til stuðnings er bent á nokkur dæmi. T.d. kemur fram að meiri hluti þeirra sem skráðir eru í almennt nám á framhaldsskólastigi eru konur en í sérhæfðu námi á framhaldsskólastigi eru karlar í meiri hluta. Á undanförnum árum hafa þannig hlutfallslega fleiri konur en karlar útskrifast úr menntaskólum.

Árið 1944 útskrifuðust alls 114 stúdentar, 90 karlar og 24 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 7,5% en konur 2,1%. Tveimur áratugum seinna útskrifuðust samtals 333 stúdentar, 201 karl og 132 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 12,7% en konurnar 9%. Skólaárið 1983–1984 brautskráðust samtals 1591 stúdent, 634 karlar og 957 konur. Í hlutfalli við tölu tvítugra voru karlarnir 27,9% og konurnar 41,3%.

Sama þróun á sér stað hvað varðar innritun í Háskóla Íslands og lokapróf frá þeim skóla. Sem dæmi má benda á að árið 1974 luku samtals 169

lokaprófi frá Háskóla Íslands, 131 karl og 38 konur. Skólaárið 1982 luku samtals 391 lokaprófi frá Háskóla Íslands, 251 karl og 140 konur. Síðastliðið skólaár 1985/1986 luku samtals 546 lokaprófi frá Háskólanum, 313 karlar og 233 konur. Þessar tölur bera með sér að konum með háskólapróf hefur fjölgað verulega á síðustu árum og nálgast þær óðfluga það mark að vera helmingur þeirra sem ljúka lokaprófi frá Háskóla Íslands. Þótt þessi ánægjulega þróun hafi átt sér stað í Háskólanum þegar á heildina er litið segir hún ekki alla söguna um þróun jafnréttismála í einstökum deildum eða námsbrautum. Á síðustu árum hefur stór hluti kvenna útskrifast frá nýjum námsbrautum, t.d. námsbraut í hjúkrunarfræðum, sjúkraþjálfun og félagsráðgjöf, svo að dæmi séu nefnd. Þessar námsbrautir virðast því vera „kvennanámsbrautir" og leiða til starfs í „kvennastarfsgreinum".

Skipting nemenda Kennaraháskóla Íslands eftir kynjum undanfarin 10 ár hefur verið mjög ójöfn. Árið 1977 hófu 39 karlar nám við skólann. Konur voru 115. Fimm árum síðar höfðu hlutföll kynjanna lítið breyst. Karlar á fyrsta ári voru 25 og konurnar 104. Árið 1986 eru karlar á fyrsta ári 15 en konurnar 107. Þessar tölur úr Kennaraháskólanum staðfesta þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi að kennarastarfið er að verða eingöngu „kvennastarf". Það þarf ekki að taka fram að með tilliti til jafnréttis kynjanna er þessi þróun óæskileg og brýnt að leita leiða til að breyta henni.

Heildartala þeirra kvenna sem stunda iðn- og tækninám hefur einnig aukist. Ef litið er til þeirra námsgreina á sviði iðn- og tæknimenntunar sem konur leggja stund á blasir við mynd hins kynskipta vinnumarkaðar. Í Tækniskóla Íslands heyrir það til undantekninga ef konur leggja stund á aðrar námsgreinar en meinatæknanám. Sömu sögu er að segja af iðnskólanámi. Það heyrir til undantekninga ef konur sækja inn í aðrar deildir en þær sem kenna iðngreinar sem leiða til hefðbundinna „kvennastarfa" á vinnumarkaðinum. Þeir aðilar sem haft hefur verið samband við vegna samningar þessarar skýrslu telja að á undanförnum árum hafi orðið lítil breyting hér á. Skýringarnar á því hvers vegna erfitt hefur reynst að breyta þessu mynstri eru margar. Vafalaust felst ein af þeim veigameiri í ríkjandi hefðum í þjóðfélaginu. Einnig er starfsfræðsla í grunnskólum takmörkuð og að margra áliti ómarkviss að því er varðar jafna stöðu kynjanna. Þá hefur verið bent á að aðstæður á vinnustöðum, einkum verkstæðum í málmiðnaði, séu þröskuldur sem konum reynist erfitt að stíga yfir. Tækni til að flytja til þunga hluti sé ákaflega frumstæð og því reyni enn mikið á líkamsburði starfsmanna. Enn fremur verki annar aðbúnaður starfsmanna og umgengni letjandi á konur að leita sér vinnu í hefðbundnum karlaiðngreinum.

Þessi mynd úr iðnaðinum er síður en svo einsdæmi fyrir Ísland. Það sama er uppi á teningnum í öðrum löndum sem eru skyld Íslendingum í menningarlegu tilliti, t.d. Norðurlöndunum. Í því skyni að leita leiða til að breyta hefðbundnu starfsvali kvenna samþykktu jafnréttisráðherrar Norðurlanda að stofnað yrði til norræns samstarfsverkefnis á þessu sviði. Þetta verkefni hófst í desember 1985 og verður gerð nánari grein fyrir því síðar í þessari skýrslu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að haustið 1983 skipaði ég nefnd fulltrúa aðila vinnumarkaðarins til að kanna áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðinn. Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar áhrif nýrrar tækni á stöðu kvenna í atvinnulífinu í næstu framtíð. Í áliti nefndarinnar er m.a. talin sérstök ástæða til að hyggja að stöðu kvenna. Þær gegni í ríkari mæli en karlar einhæfum störfum sem líklegt sé að leggist af eða breytist. Til að bæta stöðu kvenna þurfi að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþættari og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það.

Enn fremur segir í skýrslunni að mikilvægt sé að möguleikar nýrrar tækni verði nýttir til þess að gera vinnutímann sveigjanlegri þannig að foreldrar eigi þess kost að skipta með sér tekjuöflun og umönnun barna, eftir því sem best hentar hverju sinni. Einnig vekur nefndin athygli á því forskoti á vinnumarkaði sem karlmenn fá við brotthvarf kvenna af vinnumarkaðinum vegna meðgöngu og barnauppeldis á árum sem karlmenn fá tíðum mikilvæga þjálfun á vinnustað. Þessu vandamáli megi m.a. mæta með því að tryggja örugga uppeldisaðstöðu barna og jafna þátttöku foreldra í því starfi og aðstoð til endurþjálfunar.

4. kafli skýrslunnar fjallar um atvinnumál. Í honum er gerð grein fyrir hlutfalli þeirra kvenna sem eru á vinnumarkaðinum. Fram kemur að árið 1984 fengu 77,7% kvenna á aldrinum 20–60 ára einhverjar launatekjur. Árið 1960 var þetta hlutfall 31,4%.

Eitt af því sem mikið hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu er launamunur kynjanna. Allt frá árinu 1961, þegar lög um launajöfnuð kvenna og karla voru sett, hefur verið unnið að því að jafna laun kynjanna. Sérstakir launataxtar fyrir konur heyra sem betur fer sögunni til. Hins vegar er ljóst að ekki hefur tekist að koma á fullum launajöfnuði kynjanna. Á þessu sviði hafa verið gerðar afmarkaðar rannsóknir sem fela í sér vísbendingu um verulegan mun á tekjum kynjanna. Brýna nauðsyn ber til að gera sem fyrst heildarúttekt á stöðu þessara mála. Rétt er að geta þess að forsrh. fól Þjóðhagsstofnun árið 1985 að framkvæma slíka úttekt. Því miður liggur niðurstaða hennar enn ekki fyrir. Ýmsir örðugleikar eru á slíkum samanburði, t.d. hvernig meta skuli vinnutíma, ábyrgð og fleira þess háttar. Í könnun sem kvennaársnefnd framkvæmdi 1976 kom fram að meðallaun kvenna reyndust vera 78,2% af meðallaunum karla á unna klukkustund. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ársverk segir ekkert til um lengd vinnuviku fram yfir dagvinnu, en í skýrslunni kemur fram að vinnuvika karla er að meðaltali lengri en kvenna. Flestir sem hafa athugað

þessi mál eru sammála um að þetta skýri ekki að öllu leyti þann mun sem er á launum karla og kvenna. Í könnunum hefur komið fram mikill launamunur kvenna og karla. Launamunur getur stafað af ýmsu, svo sem menntun, vinnutíma, starfsaldri o.fl., en ekki virðist hægt að skýra launamun kynjanna eingöngu á þann veg.

Ljóst er að hlutfallið á milli launa kvenna og karla hefur nær ekkert breyst á undanförnum árum og sýna kannanir að lítill munur virðist vera á stéttum hvað þetta varðar. Sem dæmi má nefna að verkakonur höfðu 13% lægra dagvinnutímakaup en karlar árið 1983. Á sama ári voru háskólamenntaðar konur í níu BHM-félögum með 17–32% lægri heildarlaun en karlar í starfi hjá hinu opinbera. Samkvæmt skattframtölum fyrir árið 1983 voru meðaltekjur kvenna 64,9% af meðaltekjum karla á ársverk. Meðallaun kvenna í bönkum voru árið 1984 75,1% af launum karla. Þetta eru einungis nokkur dæmi.

Meiri hluti kvenna starfar í ófaglærðum þjónustustörfum eða almennum skrifstofustörfum. Þær eru fáar í ábyrgðarstöðum sem veita framavonir. Kannanir sýna enn fremur að verkaskipting á heimilum hefur lítið sem ekkert breyst. Vinnuálag þar er mest hjá konum. Þessar niðurstöður segja að tvöfalt vinnuálag sé hlutskipti kvenna.

Þátttaka kvenna í atvinnulífinu þarf að verða fjölbreyttari samhliða endurnýjuðu mati á hefðbundnum störfum kvenna.

Í 5. kaflanum er fjallað um stjórnmálaforustu. Þar kemur fram að á stjórnmálasviðinu hefur þó nokkuð áunnist. Árið 1980 var Vigdís Finnbogadóttir kosin forseti Íslands sem væntanlega hefur breytt ímynd þjóðarleiðtoga í augum uppvaxandi kynslóða.

Hlutfall kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum hefur breyst á síðustu árum. Samanburður á hlutfallstölum eftir alþingiskosningar árið 1979 og 1983 sýna að hlutur kvenna hefur aukist úr 5% í 15%.

Hlutfall kvenna af heildarfjölda frambjóðenda í hlutbundnum sveitarstjórnarkosningum hefur farið stighækkandi frá árinu 1974. Þær voru það ár 16% af frambjóðendum, en samkvæmt nýjum bráðabirgðatölum voru þær 38% af frambjóðendum fyrir sveitarstjórnarkosningar árið 1986.

Hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum í kaupstöðum og kauptúnahreppum hefur einnig hækkað frá árinu 1974. Það ár voru þær 8,9% af kjörnum fulltrúum í kaupstöðum. Eftir sveitarstjórnarkosningar árið 1986 er hlutfall þeirra 28,8%. Sama þróun hefur átt sér stað í kauptúnahreppum. Árið 1974 voru konur 5% af kjörnum fulltrúum, en eftir sveitarstjórnarkosningar árið 1986 er hlutfallið 24,2%.

Þrátt fyrir meiri áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum er enn langt í land að konur hafi eðlileg áhrif á opinberar ákvarðanir í landinu. Reynslan sýnir að prófkjör stjórnmálaflokka hafa ekki megnað að auka að neinu marki hlutdeild kvenna í stjórn þjóðfélagsins.

Varðandi önnur forustustörf má nefna að konur í Stjórnarráði Íslands voru árið 1976 43% starfsmanna en árið 1984 hafði þeim fjölgað í 53%. Konum sem gegna ábyrgðarstörfum í stjórnarráðinu hefur fjölgað og nýlega var kona skipuð hæstaréttardómari.

Á hinum almenna vinnumarkaði er nánast sömu sögu að segja en erfiðara er að fá um það greinargóðar upplýsingar. Sem dæmi má nefna að konur veittu fyrirtækjum í Félagi ísl. iðnrekenda forstöðu í 5% tilvika árið 1985 og í Háskóla Íslands eru prófessorar 82, þar af tvær konur.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins voru konur árið 1983 u.þ.b. 9%. Í 12. gr. laga nr. 65 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir: „Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið.“ Hér er augljóslega átaks þörf. Konur eru fjölmennastar í nefndum á vegum heilbr.- og trmrn., félmrn. og menntmrn. Í nefndum á vegum annarra ráðuneyta er að finna mjög fáar konur.

Í hagsmunasamtökum hefur konum í stjórnum og öðrum ábyrgðarstöðum fjölgað til muna en hlutfall þeirra er engan veginn í samræmi við heildarhlutfall þeirra innan samtakanna. Sem dæmi má nefna að í BSRB eru konur um 61% félagsmanna um áramótin 1983–1984 en í stjórn samtakanna árið 1982 voru konur einungis 36% stjórnarmanna.

6. kaflinn er um ýmsa félagslega þætti sem snerta jafnréttismál. Í honum er vakin athygli á ýmsum breytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu og hafa áhrif á jafnrétti kynjanna. Helsta breytingin er fólgin í aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna samfara tæknivæðingu og ýmiss konar sérhæfingu. Þjóðfélagið verður því að laga sig að breyttum aðstæðum.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna hefur gert það að verkum að börn þurfa gæslu utan heimilis. Uppbygging dagvistarstofnana hefur verið hægari en þörfin gefur tilefni til og mörg sveitarfélög eiga langt í land með að anna eftirspurn. Enn er rými á leikskóla algengast. Í stærstu sveitarfélögunum geta einungis forgangshópar, þ.e. einstæðir foreldrar og námsmenn, komið börnum sínum í heilsdagsvist á dagvistarheimilum. Ástæða er til að ætla að skortur á heilsdagsvist sé ein af ástæðum þess hversu algeng hlutastörf eru meðal giftra kvenna, sem svo aftur háir þeim við stöðuveitingar.

Brýna nauðsyn ber til að komið verði á samfelldum skóladegi í grunnskólum landsins með skólamáltíðum og aðstöðu til heimanáms innan veggja skólans. Útivinna beggja foreldra er staðreynd og því mikilvægt að litið verði á grunnskóla landsins sem eðlilegan starfs- og leikvettvang barna yfir daginn með nauðsynlegri gæslu. Menntmrh. skipaði 12. júlí 1983 vinnuhóp til að athuga „tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl“. Hópnum var falið að athuga hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og

skólabarna og skynsamlegt fyrirkomulag nestismála. Vinnuhópurinn hefur skilað tveimur álitum. Menntmrn. gaf álitin út, það fyrra í október 1984 og það síðara í janúar 1986. Meginniðurstaða hópsins er sú að stefnt skuli að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum.

Barneignum hefur fækkað mjög á undanförnum árum. Á árunum 1966–1970 gat hver kona búist við að fæða á ævi sinni 3,1 lifandi börn. Árið 1983 hafði talan lækkað í 2,2 og 1985 í 1,9. Eftir tvo til þrjá áratugi mun minnkuð fæðingartíðni valda fækkun í árgöngum fólks á barneignaaldri, 20–30 ára, en samtímis mun fjöldi roskins og aldraðs fólks fara hlutfallslega vaxandi og þar af leiðandi einnig tala þeirra sem deyja á ári hverju. Það gefur auga leið að þessi þróun hefur margvísleg áhrif á þjóðfélagið, t.d. á stöðu lífeyrissjóða. Augljóslega helst þessi þróun í hendur við skilyrði kvenna til að fæða börn, þegar þær eru auk þess virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þriggja mánaða fæðingarorlof er allt of stuttur tími fyrir foreldra með nýfætt barn. Sveigjanlegur vinnutími er auk þess æskilegur í þessu sambandi. Ákvæði laganna um fæðingarorlof eru nú á lokastigi endurskoðunar.

Í 7. kaflanum er fjallað um afskipti félmrn. af jafnréttismálum. Þau hafa farið vaxandi á þessu kjörtímabili. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því sem segir um aðild Íslands að norrænu samstarfsverkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að fjölbreyttari atvinnuþátttöku kvenna og hamla gegn þeirri þróun að störf skiptist í kvenna- og karlastörf og nefnist sú athugun „Brjótum múrana“. Um er að ræða þriggja ára verkefni og er það framkvæmt samtímis í einu sveitarfélagi í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Á Íslandi ákváðum við að Akureyri yrði fyrir valinu. Norræna ráðherranefndin greiðir stærsta hluta kostnaðarins við framkvæmd þess, þar með talin hálf laun verkefnisstjóra, en félmrn. greiðir hálf laun til viðbótar þannig að verkefnisstjóri er í fullu starfi. Íslenskur verkefnisstjóri var ráðinn frá og með 1. des. 1985 til að sjá um framkvæmdir og athuganir hér á landi. Fyrir valinu varð Valgerður H. Bjarnadóttir sem hefur sýnt mikinn dugnað og útsjónarsemi í starfinu. Rétt er að geta þess að bæjarstjórn Akureyrar hefur með ýmsum hætti lagt þessu máli lið, m.a. séð verkefnisstjóranum fyrir vinnuaðstöðu og veitt annan beinan og óbeinan stuðning. Ráðuneytið hefur skipað sérstaka ráðgjafarnefnd verkefnisstjóranum til aðstoðar. Ráðgjafarnefndin gegnir einnig því hlutverki að skapa tengsl milli verkefnisstjórans og þeirra aðila sem samkvæmt eðli málsins tengjast framkvæmd verkefnisins. Formaður ráðgjafarnefndarinnar er Ólöf Pétursdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Auk hennar eiga sæti í ráðgjafarnefndinni fulltrúar frá félmrn., menntmrn., Akureyrarbæ og aðilum vinnumarkaðarins. Einnig situr Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, í nefndinni en hún á sæti í norrænu jafnréttisnefndinni sem hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins í öllum löndunum.

Ég vil geta þess að framkvæmd þessa verkefnis hér á landi hefur vakið verðskuldaða athygli á hinum Norðurlöndunum til fyrirmyndar.

Á árinu 1985 átti félmrn. hlut að því að senda sendinefnd á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi í Kenýa. Ráðuneytið kostaði för fjögurra fulltrúa af fimm. Meginverkefni ráðstefnunnar var að gera áætlun um framhald þeirra verkefna sem hafist var handa um á kvennaárinu. Lögð var fram viðamikil framkvæmdaáætlun í 373 greinum sem gilda skal til aldamóta. Samþykkt var að halda aftur ráðstefnu um stöðu kvenna að 15 árum liðnum, á árinu 2000. Sendinefnd Íslands skipuðu Sigríður Snævarr, formaður, Esther Guðmundsdóttir, Gerður Steinþórsdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir og María Pétursdóttir.

Félmrn. hefur átt aðild að fleiri verkefnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem snerta jafnréttismál. Benda má á fullgildingu Íslands í júní 1985 á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Í honum eru ákvæði sem skylda stjórnvöld til að koma á jafnri stöðu kynjanna í reynd. Þar er einnig að finna ákvæði sem heimilar sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Ráðuneytið átti einnig aðild að samþykkt sérstakrar ályktunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafnréttismál sem tekin var til afgreiðslu á 71. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf í júní 1985. Gerð er grein fyrir ályktuninni í skýrslu um vinnumálaþingið sem félmrn. gaf út í mars 1986.

Hinn 4. mars 1986 var haldinn fyrsti fundur evrópskra jafnréttisráðherra. Evrópuráðið var fundarboðandi og var fundurinn haldinn í húsakynnum ráðsins í Strasbourg. Viðfangsefni fundarins var aukin hlutdeild kvenna í stjórnmálum og ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Félmrh. sat þennan fund fyrir hönd Íslands. Auk hans sat fundinn Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félmrn. Fulltrúar frá öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins tóku þátt í ráðherrafundinum. Auk þeirra sátu fundinn fulltrúar frá Finnlandi, Kanada, Júgóslavíu og nokkrum alþjóðastofnunum, samtals 105 fulltrúar. Fundinum lauk með ítarlegri ályktunartillögu. Í henni lýsa jafnréttisráðherrarnir yfir þeirri skoðun sinni að virk þátttaka kvenna og karla í stjórnmálum sé mikilvægt skilyrði fyrir þróun og framgang jafnréttis. Ráðherrarnir hvetja aðildarríki Evrópuráðsins til að beita sér fyrir aðgerðum á öllum sviðum þjóðlífsins sem stuðli að jafnrétti kynjanna og þá sérstaklega þeim sem hafa að markmiði að auka hlutdeild kvenna í stjórnmálum og annarri ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. Samkvæmt tillögunni er einnig lagt fyrir Evrópuráðið að stofna til funda og styðja rannsóknarverkefni sem sé liður í framkvmd ofangreindrar stefnu á starfstímabili ráðsins 1987–1991.

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur af hálfu félmrn. verið lögð aukin áhersla á samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar á sviði jafnréttismála. Sóttir

hafa verið fundir norrænna jafnréttisráðherra og fundir sem norræna embættismannanefndin sem fjallar um jafnréttismál hefur gengist fyrir.

Á fundi norrænna jafnréttisráðherra sem haldinn var í Stokkhólmi í nóvember s.l. var samþykkt að halda stóra norræna kvennaráðstefnu í Osló á árinu 1988. Gert er ráð fyrir að nokkur hundruð fulltrúar taki þátt í þeirri ráðstefnu.

Í 8. kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir starfsemi Jafnréttisráðs með setningu laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og voru verkefni Jafnréttisráðs aukin til muna. Verkefni ráðsins eru rakin í 15. gr. jafnréttislaganna.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar sjö manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum verkefnum skv. nánari ákvörðun Jafnréttisráðs.

Fjárveitingavaldið hefur í ár tekið nokkurt mið af auknum umsvifum Jafnréttisráðs. Í fjárlögum ársins 1987 eru ráðinu ætlaðar tæplega 3,6 millj. kr. og er það um 40% hækkun frá árinu 1986. Ég vil taka fram að mjög gott og skipulagt samstarf hefur verið á milli Jafnréttisráðs og félmrn.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni gert grein fyrir helstu atriðum sem koma fram í þskj. 230 sem hefur að geyma skýrslu um stöðu jafnréttis kvenna og karla á Íslandi. Fjölmörg brýn verkefni bíða úrlausnar á þessu sviði. Þar er mikilvægast að eyða því launamisrétti sem er við lýði á milli kynjanna. Í því sambandi þarf að brýna fyrir konum að sækja inn í mun fleiri starfsgreinar en nú er. Hér getur norræna verkefnið á Akureyri orðið að liði. Konur þurfa einnig að láta meira til sín taka á sviði stjórnmála, bæði með því að gefa kost á sér til setu á Alþingi og ekki síður í sveitarstjórnum.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra flytji skýrslu sem þessa á tveggja ára fresti. Þá má minna á það að ríkisstjórnin hefur samþykkt framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég hef því ástæðu til að ætla að næsta skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála beri með sér að okkur hafi miðað verulega áleiðis að því markmiði að fullt jafnrétti ríki á milli kynjanna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Eins og fram kemur í inngangi að skýrslunni er skýrslan og framkvæmdaáætlunin um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, nú hvort tveggja lagt hér fram í samræmi við þær endurbætur sem gerðar voru á jafnréttislögunum vorið 1985. Þetta ákvæði laganna er ein af þeim þremur breytingum sem gerðar voru og verulega horfa til bóta á jafnréttislöggjöfinni, sem í rauninni skipta einhverju máli. Þessi breyting gerir það að verkum að hér á Alþingi gefst færi á að ræða stöðu og þróun jafnréttismála og þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin hefur í hyggju á þessu sviði hverju sinni og er það vissulega vel.

Hinar breytingarnar, sem til bóta horfðu í jafnréttislögunum sem samþykkt voru vorið 1985, varða rýmkun á málshöfðunarrétti Jafnréttisráðs og að heimilt er samkvæmt gildandi lögum að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða sem ætlað er að bæta stöðu kvenna og koma á jafnrétti kynjanna. Þessar þrjár breytingar eru tvímælalaust af hinu góða en vitaskuld þarf miklu meira að koma til en lagabókstafur um jafnrétti kvenna og karla ef það jafnrétti á einhvern tímann að verða að veruleika.

Hér á landi hafa verið í gildi lög um jafnan rétt karla og kvenna frá árinu 1976, eins og rakið er í 2. kafla þessarar skýrslu, og við vitum að þessi lög ein og sér megna afskaplega lítið þegar kemur að framkvæmdum. Jafnréttislög byggja ekki dagvistarheimili, þau afnema ekki það kynbundna launamisrétti sem nú er við lýði á vinnumarkaðinum, þau endurmeta ekki störf kvenna, þau lengja ekki fæðingarorlof, svo að eitthvað sé nefnt af því sem í raun og veru skiptir máli fyrir konur og skiptir máli í því að ná fram jafnri stöðu kvenna og karla. Ég nefni þetta hér vegna þess að sú skýrsla sem við erum að ræða byggir á grunni þessara laga. Þau eru ágæt í sjálfu sér en það er framkvæmdin sem öllu máli skiptir.

Í 2. kafla þessarar skýrslu er rætt nokkuð um þau nýju jafnréttislög sem ég hef hér gert að umtalsefni. Og eins og segir í þessum kafla, þá er tekið fram í lögunum að tilgangur þeirra sé að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla og kemur það í staðinn fyrir „að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla“ eins og var í eldri lögunum. Þarna er vissulega um mikilvæga breytingu að ræða einnig. En þarna komum við aftur að framkvæmdaatriðinu vegna þess að á meðan frumkvæði af hálfu stjórnvalda er ekkert í þá veru að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla, t.d. með því að stuðla að því með einhverjum hætti að afnema launamisréttið, með því að byggja fleiri dagvistarheimili, með því að lengja fæðingarorlof svo dæmi séu nefnd, erum við engu bættari þótt í jafnréttislögunum standi „að koma skuli á jafnrétti“ í staðinn fyrir að „stuðla skuli að jafnrétti“.

Í lokaorðum þessa kafla um löggjöf segir: „Á þennan hátt leggja nýju lögin ríkari ábyrgð á herðar stjórnvöldum en áður hvað varðar jafnrétti kynjanna.“ Þetta er alveg rétt. Ég hef hins vegar ekki orðið vör við það á þeim tæpum tveimur árum sem þessi lög hafa verið í gildi að einhver breyting hafi orðið á hjá stjórnvöldum í þessu efni. Ég hef ekki orðið vör við það hér í þingsölum að komið hafi fram lagafrv. eða þingmál sem á einn eða annan hátt miða að þessu marki. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvar eru málin, hvar eru frv., hvar eru aðgerðirnar sem eiga að koma á jafnri stöðu kvenna og karla? Við getum rætt það nánar þegar kemur að umræðum um framkvæmdaáætlunina hér á eftir því að þar er gerð grein fyrir einstökum málum sem stjórnvöld vilja beita sér fyrir en þau hafa ekki komið fram og þau eru enn sem komið er ekki sýnileg. Þess vegna vil ég

spyrja hæstv. ráðh.: Hvað líður framlagningu mála sem taka á þessum hlutum? Hvenær er þeirra að vænta og hvernig verða þau? Um hvað fjalla þau?

Í þriðja kafla þessarar skýrslu er fjallað um menntun. Þar kemur fram að miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum á menntun kvenna. Menntun kvenna hefur stóraukist, einkum og sér í lagi á háskólastigi. Þangað sækja nú mun fleiri konur til náms en áður var og eins og segir í skýrslunni gefa hagskýrslur til kynna að munur á menntun karla og kvenna fari hraðminnkandi hérlendis. Þetta er rétt og þetta er sannarlega vel því að í menntun felast margvísleg gæði sem seint verða metin á einhverjum vogarskálum. En hér er ástæða til að spyrja: Er mennt máttur eins og orðtakið segir? Í þessum kafla hefði ég viljað sjá að tengd væru saman aukin menntun kvenna og staða kvenna á vinnumarkaðnum því að á undanförnum árum hafa komið fram hámenntaðar láglaunastéttir kvenna. Þess vegna er ástæða til að spyrja: Er mennt máttur? Hún virðist ekki vera það þegar konur eiga í hlut. Og ég held að við þurfum að velta því vandlega fyrir okkur, hvernig á þessu stendur. Hvernig stendur á því að við höfum núna hámenntaðar konur úti á vinnumarkaðnum sem bera mjög skarðan hlut frá borði launalega? Þar má nefna hjúkrunarfræðinga, það má nefna kennara, það má nefna ljósmæður og margar fleiri stéttir. Þetta er fyrirbrigði sem er þekkt víðar en hér á landi. Mér kemur í hug eitt dæmi og það er frá Sovétríkjunum. Þar eru konur læknar að miklum meiri hluta og þar er það að vera læknir láglaunastarf. Hér eru karlar yfirleitt læknar en hér er það að vera læknir hálaunastarf. Þannig að það er alveg greinilega ekki menntunin, hvorki hér né þar, sem skiptir máli í þessu tilviki, heldur hvers kyns viðkomandi einstaklingar eru, hvers kyns stéttin er ef svo má segja, hvort konur eru þar í meiri hluta eða karlar. Á þessu hefði þurft að taka í þessari skýrslu og tengja þennan kafla um menntunarmál við þá staðreynd sem blasir við á vinnumarkaðnum hvað menntun og mat á menntun varðar.

Það sem hér er á ferðinni er að störf kvenna, hver sem þau eru, hvort sem þau krefjast langskólamenntunar eða ekki, eru greinilega vanmetin. Það færir okkur yfir í næsta kafla, um atvinnumál, þar sem talað er sérstaklega um launamuninn og um hugmyndir um hvernig ráða megi bót á honum. Áður en þar að kemur langar mig að huga aðeins að síðari hluta þessa kafla, um menntun. Í síðari hlutanum er talað um iðn- og tækninám og þar kemur fram að konur sækja í ákveðnar greinar í iðn- og tækninámi, greinar sem leiða til hefðbundinna kvennastarfa. Og það bregður svo við að þegar verið er að ræða um iðn- og tækninám þá er það tengt vinnumarkaðnum í þessari skýrslu. Í skýrslunni eru einnig settar fram nokkrar hugsanlegar skýringar á því hvernig á því stendur að konur sæki í ákveðnar námsgreinar í iðn- og tækninámi sem leiða til ákveðinna starfa sem eru kvennastörf. Ástæðurnar sem eru nefndar í skýrslunni eru t.d. hefðir í þjóðfélaginu og það er vissulega sterkur þáttur og örugglega mjög mikilvægur í þessu. Starfsfræðsla í grunnskólum er nefnd. Það er rétt, hún er mjög takmörkuð þrátt fyrir að það hafi verið í lögum síðan 1976 að jafnréttisfræðslu skuli miðlað í skólum og þar hlýtur starfsfræðsla að koma inn í. Aðstæður á vinnustöðum eru nefndar og svo þessi klassíska ástæða sem við könnumst öll við: Það eru líkamsburðir, að mismunur á líkamsburðum kvenna og karla valdi því að konur og karlar sæki í mismunandi störf. Þessar ástæður má allar til sanns vegar færa en það gleymist þarna ein veigamikil ástæða sem er einfaldlega áhugasvið kvenna, hvað konur hafa áhuga á að gera, hverju þær vilja sinna. Það er eitt af því sem liggur alveg örugglega til grundvallar starfsvali kvenna. Áhuginn mótast í uppeldi, mótast af aðstæðum, og því sem konur hafa tækifæri til að tileinka sér. Ég held að við verðum að taka það með í reikninginn að konur og karlar hugsa ekki nákvæmlega eins, hafa ekki áhuga á sömu hlutum og að það er eitt af því sem gerir það að verkum að starfsval kvenna og karla skiptist nokkuð í tvö horn. Ég er ekki viss um að það sé neitt slæmt og kem að því á eftir þegar kemur að atvinnumálunum.

Í lok kaflans um menntun er fjallað um nefnd fulltrúa aðila vinnumarkaðarins sem félmrh. skipaði haustið 1983 og hafði það verkefni að kanna áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðnum. Nefndin vekur athygli á, eins og segir í skýrslunni með leyfi forseta, „því forskoti á vinnumarkaði sem karlmenn fá við brotthvarf kvenna af vinnumarkaðinum vegna meðgöngu og barnauppeldis á árum sem karlmenn fá tíðum mikilvæga þjálfun á vinnustað. Þessu vandamáli megi m.a. mæta með því að tryggja örugga uppeldisaðstöðu barna og jafna þátttöku foreldra í því starfi.“ Því er ég sammála. Ég er hjartanlega sammála því að örugg uppeldisaðstaða fyrir börn er ákaflega mikilvæg og eins jöfn þátttaka foreldra í uppeldisstarfi þótt því verði náttúrlega aldrei komið á með lagaboði. Til þess þarf hugarfarsbreytingu.

Ég vil benda hæstv. félmrh. á það að frá því á fyrstu dögum þessa þings hefur legið fyrir frv. til laga um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Þetta er 10. mál þessa þings og það felur í sér að foreldri sem beiðist lausnar frá starfi sínu til að annast barn sitt á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Þetta frv. tekur til atvinnuöryggis foreldra ungra barna og miðar að því að tryggja það að foreldri sem vill hverfa af vinnumarkaði til að sinna börnum á fyrstu tveimur æviárum barnsins geti gengið að starfi sínu vísu aftur. Þetta er mjög mikilvægt fyrir konur sem eru í meiri hluta þeirra sem hverfa af vinnumarkaði til þessara hluta. Þetta er mjög mikilvægt til þess að konur hafi færi á að byggja upp atvinnuferil sinn jafnt og karlar. Rétt eins og kemur fram í skýrslu hæstv. félmrh. er þetta eitt af þeim atriðum sem hamla konum og draga úr launum þeirra. Nú vil ég spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann sé sammála

þessu frv. og muni ljá því fylgi sitt hér á Alþingi. Það rímar í einu og öllu við það sem fram kemur í skýrslu ráðherrans. Ég vil gjarnan fá að vita hvaða afstöðu hann hefur til þess, hvort hugur fylgir máli, hvort þessi skýrsla er tómur bókstafur á pappír eða hvort til stendur að gera eitthvað í þeim málum sem hún tekur til.

Þá er það kaflinn um atvinnumál. Í honum er fyrst bent á gífurlega aukningu á atvinnuþátttöku kvenna hér á landi sem svo sannarlega hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Eftir því sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér mun þessi mikla atvinnuþátttaka kvenna hérlendis vera einsdæmi í nágrannalöndunum. Síðan segir í skýrslu ráðherra: „Hins vegar er ljóst að ekki hefur tekist að koma að fullu á launajöfnuði kynjanna." Snöfurlega sagt og sérstaklega þessi orð „að fullu" vegna þess að bilið er svo breitt að það verður varla brúað í einu skrefi. Síðan segir hér: „Á þessu sviði hafa verið gerðar afmarkaðar rannsóknir sem fela í sér vísbendingu um verulegan mun á tekjum kynjanna. Brýna nauðsyn ber til að gera sem fyrst heildarúttekt á stöðu þessara mála." Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort þeir sem sömdu þessa skýrslu hafi ekki haft skýrslu Byggðastofnunar, Vinnumarkaðurinn 1984, mannafli, meðallaun, atvinnuþátttaka, tiltæka. Hún kom út í febrúar 1986, fyrir ári. Í þessari skýrslu er að finna margvíslegar upplýsingar um launamun kvenna og karla. Þar kemur m.a. fram að karlar höfðu að meðaltali 57% hærri laun á ársverk en konur árið 1984 og að það eru aðeins 14 ára unglingspiltar og 75 ára karlar og eldri sem fá lægri meðallaun á ársverk en sem nemur meðallaunum allra kvenna. Í þessari skýrslu liggja upplýsingarnar á borðinu og eftir því sem ég best veit er Byggðastofnun að vinna að svipaðri skýrslu fyrir vinnumarkaðinn árið 1985 og munu tölurnar lítið hafa breyst frá því sem var árið 1984. Við höfum upplýsingar um hvernig ástandið er á vinnumarkaðnum. Vissulega er altaf gott að fá meiri og betri upplýsingar, en upplýsingaskortur hamlar ekki því að við getum strax tekið til hendinni og reynt að taka á hinu kynbundna launamisrétti. Þess vegna held ég að það sé rétt að gjalda varhug við því, sem segir hér í skýrslu hæstv. félmrh., „að brýna nauðsyn beri til að gera enn frekari athuganir." Frekari athuganir eru ágætar, en við höfum þegar nógu mikið af upplýsingum í höndunum, nógu mikið af athugunum til að hægt sé að hefjast handa strax. Upplýsingaskorturinn þarf ekki að hamla því.

Síðan kemur fram í skýrslunni að forsrh. hafi falið Þjóðhagsstofnun árið 1985 að framkvæma úttekt á stöðu mála hvað varðar launamismun kvenna og karla og að því miður liggi niðurstaða þessarar úttektar ekki enn fyrir. Þessi úttekt er til komin vegna þess að þingkonur á Alþingi Íslendinga sameinuðust um að fara fram á þessa könnun, fara fram á þessa úttekt. Það eru tvö ár liðin síðan forsrh. fól Þjóðhagsstofnun að gera þessa úttekt. Og nú vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Hvað tefur? Er það það að Þjóðhagsstofnun setji önnur mál í forgang eða hvað er það sem veldur því að þessi könnun er ekki fram komin? Tvö ár er býsna langur tími til að framkvæma könnun á launamismun kvenna og karla. Að kalla eftir frekari upplýsingum er því hálfinnantómt í mínum eyrum. Það hefur verið kallað eftir upplýsingum, það hefur verið farið fram á að þær verði unnar, þær hafa ekki allar komið fram, það hefur þó töluvert af upplýsingum komið fram, nóg til þess að hægt er að hefjast handa, þannig að nú spyr ég hæstv. félmrh.: Hvað hamlar því að hann hefjist handa nú þegar?

Ég vil bæta því við hvað varðar launamisréttið að þótt það sé ágætt að fá frekari upplýsingar eru þetta auðvitað mál sem þola enga bið. Við vitum að það er ekki verjandi fyrir þjóð sem þykist vera jafnréttissinnuð að launabilið milli karla og kvenna sé jafnmikið og raun ber vitni. Við vitum líka að á 26 500 kr. á mánuði er ekki hægt að lifa. Það eru þau lágmarkslaun sem samið var um í síðustu kjarasamningum og það munu vera konur sem í miklum meiri hluta taka þau laun. Við vitum að neyðarástand er að skapast víða í þjóðfélaginu vegna hinna lágu launa kvenna. Það nægir að nefna dagvistarheimili hér í Reykjavíkurborg t.d. Þar hafa fóstrur sagt upp störfum. Og það nægir að nefna sjúkrahúsin þar sem sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar og aðrar láglaunakvennastéttir hugsa sér nú til hreyfings og hafa efnt til fjöldauppsagna. Þetta eru mál sem þola enga bið. Á þeim verður að taka undir eins.

Síðan segir í skýrslunni: „Meiri hluti kvenna starfar í ófaglærðum þjónustustörfum eða almennum skrifstofustörfum. Þær eru fáar í ábyrgðarstöðum sem veita framavonir."

Nú vil ég varpa fram þeirri spurningu hér: Hvað er ábyrgð? Þau störf sem konur gegna á vinnumarkaði eru að miklum meiri hluta umönnunar-, uppeldis- og þjónustustörf. Og er það ekki ábyrgðarhluti að þjónusta, annast um og ala upp? Það hefði ég haldið. Ég held að það sé löngu tímabært að setja spurningarmerki við þann viðtekna skilning sem er að finna í þessari skýrslu og almennt í þjóðfélaginu á því hvað er ábyrgð og hvað er ekki ábyrgð. Ég vil nefna það í sambandi við launaflokka og ábyrgðarmat að fóstra á barnaheimili, sem gætir barna allan daginn, er í sama launaflokki hjá Reykjavíkurborg og maður sem gætir verkfæra í áhaldageymslu. Það er metið jafnmikil ábyrgð að gæta verkfæra og gæta barna. Og ég vil nefna annað dæmi: Meindýraeyðir og ljósmóðir eru í sama launaflokki. Þessi tvö störf eru metin jöfn að ábyrgð. Og nú vil ég spyrja þá hv. þm. sem hér sitja: Er ekki eitthvað bogið við þetta ábyrgðarmat og er ekki kominn tími til að setja við það spurningarmerki?

Síðan segir í skýrslu ráðherra: „Kannanir sýna enn fremur að verkaskipting á heimilum hefur lítið sem ekkert breyst. Vinnuálag er þar mest hjá konum." Tvöfalt vinnuálag er hlutskipti æ fleiri kvenna og þetta er rétt. Þetta er sannarlega rétt. Ég gef hæstv. félmrh. rós í hnappagatið fyrir að hafa þetta hér.

En síðan segir: „Þátttaka kvenna í atvinnulífinu þarf að verða fjölbreyttari samhliða endurnýjuðu mati á hefðbundnum störfum kvenna. Norræna samstarfsverkefnið á sviði jafnréttismála, sem áður er vikið að, hefur þetta m.a. að markmiði."

Það er öruggt mál að þetta verkefni mun ekki verða til þess að tvöfalda vinnuálagið breytist. Til þess þarf hugarfarsbreytingu sem aðeins kröftug umræða um kvenfrelsis- og jafnréttismál getur komið í kring.

En hvað varðar þetta norræna samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála og þá áherslu sem er að finna í þessari skýrslu á það að lausnina á launamisréttinu sé að finna í því „að brýna fyrir konum að sækja inn í mun fleiri starfsgreinar en nú er", eins og segir í niðurlagi skýrslunnar, þá er ég því ósammála. Ég held að það sé engin lausn á launamisréttinu að konur tileinki sér karlastörfin. Þarna er aftur spurning um gildismat. Skoðun okkar Kvennalistakvenna er sú að potturinn sé brotinn að því leytinu til að kvennastörfin eru miklu lakar metin en karlastörfin. Því sé lausnin sú að meta kvennastörfin hærra, að greiða það sama fyrir kvennastörfin og fyrir karlastörfin. Ekki sú að senda konur inn í karlastörfin. Þá má líka spyrja í framhaldi af því: Hver á að vinna kvennastörfin? Eiga þau áfram að vera láglaunastörf? Hver á að vinna þau? Ekki hverfa þau við það að konur tileinki sér karlastörf. Þetta er spurning um verðmætamat. Þetta er spurning um að meta þau störf sem unnin eru í þjóðfélaginu að verðleikum og jafnt hvort sem um konur eða karla er að ræða.

Markmiðum þessa norræna samstarfsverkefnis, „Brjótum múrana", er ég og við Kvennalistakonur því ekki sammála. Við erum ekki sammála því að í þessu felist einhver lausn. Ég bendi einnig á að þessi áhersla í skýrslunni rímar engan veginn við það sem segir í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þar segir í lið 2.4, nýtt starfsmat:

„Hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins sjái um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar, t.d. ýmis iðnaðarstörf, tæknistörf o.fl. Við mat á starfsreynslu skal tekið tillit til heimilis- og umönnunarstarfa."

Þetta segir í framkvæmdaáætluninni, með leyfi forseta, og þessu er ég innilega sammála. Þetta er leiðin, hæstv. ráðh. Í þessari grein í framkvæmdaáætluninni er verulegur fengur. Þess vegna spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum er þá aðra áherslu að finna í skýrslunni sjálfri þar sem áhersla er lögð á að konur þurfi að auka fjölbreytni í starfsvali og fara inn í karlastörfin? Þetta gengur ekki upp. Þetta passar ekki saman. Og ég vona að hæstv. ráðh. svari mér því hér á eftir hvorn pólinn í hæðina hann hyggist taka í þessum efnum. Þeir eru báðir á ferðinni í skýrslu hans og framkvæmdaáætlun og ekki fara þeir saman. Annan hvorn pólinn verður að velja.

Síðan kemur kafli í skýrslu hæstv. ráðh. um stjórnmál og forustu og þar er rakinn sorglega lítill hlutur kvenna á þessum sviðum. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir efni þessa kafla áðan og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Þó sleppti hann tveimur línum sem ég sé ástæðu til að minna sérstaklega á. Hér segir:

„Í sveitarstjórnarkosningunum árið 1982 og alþingiskosningunum árið 1983 komu fram sérframboð kvenna sem virðast hafa haft áhrif á alla flokka að fjölga konum á framboðslistum sínum."

Hér er svo sannarlega sannmælis gætt hjá hæstv. ráðh. og ég gef honum aðra rós í hnappagatið fyrir það.

Síðan segir: „Þrátt fyrir meiri áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum er enn langt í land að konur hafi eðlileg áhrif á opinberar ákvarðanir í landinu. Reynslan sýnir að prófkjör stjórnmálaflokka hafa ekki megnað að auka að neinu marki hlutdeild kvenna í stjórn þjóðfélagsins."

Aftur er ég sammála og aftur get ég gefið hæstv. ráðh. rós í búkkettinn sem hann er nú kominn góða leið með að fá. En það sem er athyglisvert við þennan kafla, um sorglega smáan hlut kvenna í stjórnmálum og á öðrum forustusviðum, er að hér eru engar lausnir settar fram á því hvernig megi breyta þessu. Ég bendi hæstv. ráðh. á að það er til tiltæk lausn og hana er að finna í gildandi jafnréttislögum þar sem sagt er að heimilt sé að beita því sem hefur verið kallað jákvæð mismunun, að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða sem ætlað er að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti kynjanna, m.ö.o. jákvæð mismunun, að taka konur fram yfir á meðan verið er að rétta vegasaltið og koma jafnvægi á. Þessi lausn er fyrir hendi, henni er hægt að beita á sviði opinberrar stjórnsýslu og annars staðar þar sem ákvarðanir eru teknar um skipanir í stöður. Ég spyr hæstv. ráðh. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að þessi heimild jafnréttislaganna verði notuð til að rétta sorglega smáan hlut kvenna í þessum efnum.

Síðan kemur kafli um félagsleg atriði og þar er bent á að „hin mikla atvinnuþátttaka kvenna", eins og hér segir, með leyfi forseta, „hefur gert það að verkum að börn þurfa gæslu utan heimilis."

Síðan segir: „Uppbygging dagvistarstofnana hefur verið hægari en þörfin gefur tilefni til og mörg sveitarfélög eiga langt í land með að anna eftirspurn. Ástæða er til að ætla að skortur á heilsdagsvist sé ein af ástæðum þess hversu algeng hlutastörf eru meðal giftra kvenna sem svo aftur háir þeim við stöðuveitingar."

Þessu er ég innilega sammála, á þessu er enginn vafi. En ég vil benda hæstv. ráðh. á að Kvennalistinn hefur hér á Alþingi flutt frv. til l. um sérstakt átak í dagvistarmálum barna. Þetta frv. kom fram á 107. löggjafarþingi, þ.e. fyrir tveimur árum, og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar með því fororði að hún

léti nú hendur standa fram úr ermum í þessum málaflokki. Síðan hefur það gerst að á fjárlögum ár hvert hafa framlög til dagvistarheimila barna verið skorin niður. Þau hafa ekki hækkað. Þau hafa verið skorin niður. Síðan kemur hæstv. ráðh. hérna með skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála og bendir á að aukning á dagvistarrými sé ákaflega mikilvæg til að rétta hlut kvenna. Hér fara enn þá einu sinni ekki saman orð og gerðir og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hverju þetta sætir. Hvers vegna hefur hann ekki beitt sér fyrir því og fengið það fram að framlög til byggingar dagvistarheimila hafi verið stórlega aukin á undanförnum árum? Við vitum að það er neyðarástand í þessum málum.

Síðan segir í skýrslunni:

„Brýna nauðsyn ber til að komið verði á samfelldum skóladegi í grunnskólum landsins."

Jafnframt er vísað til vinnuhóps sem menntmrh. skipaði 1983 um tengsl fjölskyldu og skóla sem átti að gera tillögur um hvernig bæta mætti þau tengsl. Þessi vinnuhópur skilaði tveimur álitum, því fyrra í október 1984 og hinu síðara í janúar 1986, og meginniðurstaða hans er sú að stefna skuli að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum. Og nú vil ég aftur spyrja um framkvæmdir.

Það eru þrjú ár síðan fyrra álitið kom fram. Það er ár síðan seinna álitið kom fram og það eru þrjú ár síðan hér var samþykkt þáltill. um að stefnt skuli að því að skóladagur í grunnskólum verði samfelldur. Hvernig stendur á því að ekkert hefur verið framkvæmt? Hvar eru framkvæmdirnar?

Síðan segir í skýrslunni: „Fæðingum hefur fækkað mjög mikið." Mikið rétt. Og því er hér haldið fram að þessi þróun haldist í hendur við skilyrði kvenna til að fæða börn og bent á að það sé ýmsum annmörkum háð þegar þær eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þetta höfum við margoft bent á og bent á nauðsyn þess að tekið sé meira tillit til aðstæðna foreldra ungra barna við alla þjóðfélagsskipulagningu hér.

Því næst segir í skýrslunni:

„Þriggja mánaða fæðingarorlof er allt of stuttur tími fyrir forelda með nýfætt barn. Ákvæði til laga um fæðingarorlof eru nú í endurskoðun."

Kvennalistinn hefur borið fram frv. um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex þrjú þing í röð. Þetta frv. hefur aldrei náð því að komast úr heilbr.- og trn. Ed. eftir 1. umr. í Ed. þar sem það hefur verið lagt fram. Enn á ný kemur tvískinnungurinn fram. Annars vegar er viðurkennt í þessari skýrslu að lenging fæðingarorlofs er afskaplega brýn. Hún er það. Það er engin spurning. En hvernig stendur þá á því að þessu máli hefur ekki auðnast að ná út úr nefnd, ekki svo mikið sem út úr nefnd til 2. umr. og atkvæðagreiðslu, hvað þá heldur að verða að lögum og þó hefur það verið borið fram á þremur þingum? Ég bið hæstv. félmrh. um skýringu á því, því enn fara ekki saman orð og gerðir.

Hæstv. ráðh. lét þess getið í ræðu sinni áðan að endurskoðun á ákvæðum laga um fæðingarorlof væri nú á lokastigi hjá heilbr.- og trmrh. Frv. um fæðingarorlof var á málaskrá ríkisstjórnarinnar sem kom fram í upphafi þings. Nú eru sennilega eftir um 6–8 vikur af þessu þingi og því hver síðastur að leggja fram mál sem einhver von er til að fáist afgreidd. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta mál í burðarliðnum, megum við eiga von á því hingað inn í þingið á næstu dögum og hverjar eru áherslur þess? Hvaða niðurstöðu hefur verið komist að í þeirri endurskoðun sem fram hefur farið á ákvæðum fæðingarorlofslöggjafarinnar?

Til viðbótar því sem hér segir um nauðsyn þess að lengja fæðingarorlof og koma á sveigjanlegum vinnutíma til að auðvelda konum að eiga börn vil ég bæta við að dagvistin er þar afskaplega mikilvæg, öruggt dagvistarrými fyrir börn. Atvinnuöryggi foreldra ungra barna sem vilja hverfa af vinnumarkaði um stundarsakir er þar líka ákaflega mikilvægt. En mikilvægast af öllu eru sjálfsagt mannsæmandi laun, laun sem hægt er að lifa af, því að ef fólk sér sér ekki fært að sjá sér farborða nema með því að báðir aðilar vinni úti og vinni meira en fullan vinnudag treystir fólk sér auðvitað ekki til að eiga börn og sjá þeim farborða þannig að launin eru ekki síður mikilvæg en þær félagslegu aðgerðir sem ég hef hér nefnt.

Þá er hér kafli um félmrn. og jafnréttismál. Þar kemur fram að margvíslegt samstarf og skoðanaskipti eiga sér stað og hafa átt sér stað við aðila á erlendum vettvangi um þessi mál. Það er gott. Ekki veitir af að ferskir vindar blási um þessi mál hér á landi. En það er ekki nóg að aflað sé upplýsinga og skiptst á skoðunum við erlenda hugmyndafrömuði hverjir sem þeir kunna að vera í þessum efnum heldur þarf einnig að koma þessum ágætu hugmyndum í verk. En orð eru til alls fyrst og það er vel að slíkt samstarf skuli vera stundað af þó nokkru kappi, eftir því sem mér sýnist á skýrslunni, við hina ýmsu aðila.

Hér er getið um kvennaráðstefnuna sem haldin var í Nairobi í Kenya í júlí 1985 og Ísland tók þátt í og hér er það tekið fram að ráðstefnan hafi afgreitt viðamikla framkvæmdaáætlun um það hvernig ná megi jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað líður þýðingu þessarar áætlunar yfir á íslensku og eins hvað líður þýðingu lokaskjals ráðstefnunnar í Nairobi? Eins vil ég spyrja hann að því hvort einhverjar áætlanir séu uppi hjá íslenskum stjórnvöldum að framfylgja markmiðum þessarar framkvæmdaáætlunar.

Eins er hér greint frá fundi evrópskra jafnréttisráðherra, sem haldinn var í mars 1986, og þar er greint frá því að fundinum hafi lokið með ítarlegri ályktunartillögu og þar sé það sérstakt markmið að auka hlutdeild kvenna í stjórnmálum og annarri ákvörðunartöku í þjóðfélaginu. Ég vil fara þess á leit við hæstv. félmrh. að þessari ályktun verði dreift til þm. þannig að þeir hafi aðstöðu til að kynna sér hana.

Þá er hér greint frá norræna samstarfsverkefninu

„Brjótum múrana". Um það hef ég þegar fjallað og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það.

Síðan er hér að lokum kafli um starfsemi Jafnréttisráðs. Hvað varðar þann kafla sem fjallar um kærur til ráðsins vil ég benda hæstv. ráðh. á að það er nokkuð mikilvægt að breyta jafnréttislögunum á þann veg að heimilt sé að kæra til ráðsins með nafnleynd vegna þess að flestir veigra sér við að fara í opinber mál, ekki síst konur, og þá ekki síst vegna kynjamismununar. Sú breyting á jafnréttislögunum sem gerði aðilum kleift að kæra til ráðsins með nafnleynd væri því mjög til bóta og gæti einnig orðið til þess að við fengjum betri yfirsýn yfir það hvar pottur er brotinn í þessum málum. Við fengjum fleiri kærur sjálfsagt og þar af leiðandi væri betur hægt að gera sér grein fyrir því hvernig hlutunum er háttað en nú er, þar sem konur eða karlar, hvor sem í hlut eiga, þurfa að kæra undir fullu nafni.

Annars er það sem einkum stendur út úr í þessum kafla um starfsemi Jafnréttisráðs það að Jafnréttisráð hefur í raun og veru afskaplega lítið fjármagn til sinnar starfsemi og er það mjög miður. Er ekki nokkur von til þess að það geti sinnt því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt lögunum með þeim fjármunum sem það hefur á undanförnum árum haft til ráðstöfunar. Hér segir í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Það verður að segjast eins og er að sökum manneklu á skrifstofu ráðsins hefur Jafnréttisráð ekki getað sinnt fræðsluhlutverki sínu sem skyldi. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að Jafnréttisráð fengi nýja stöðuheimild svo markvisst mætti vinna að upplýsinga- og fræðslustarfsemi um jafnréttismál."

Það hefur sem sagt tekið mörg ár og er greinilegt að ekki hefur tekist enn að fá eina stöðuheimild til þess að ráðið geti sinnt fræðsluhlutverki sínu. Það nær ekki nokkurri einustu átt að búa svo í haginn að ráðinu sé ekki fært að gegna þeim skyldum sem á það eru lagðar samkvæmt lögum og sýnir e.t.v. einna best það sem ég ræddi um í upphafi að til lítils er að samþykkja ný jafnréttislög ef hvorki er vilji né möguleiki til að framfylgja þeim. Þá skipta slík lög akkúrat engu máli. Þau eru varla pappírsins virði.

Þetta fjármagnsleysi kemur skýrt fram í kaflanum um jafnréttisfræðslu í skólum þar sem fram kemur að hún hafi nánast engin verið. Þó hafa verið ákvæði í lögum síðan árið 1976 eða í ellefu ár um að jafnréttisfræðslu skuli sinnt í skóla-, uppeldis- og menntastofnunum landsins.

Í lok þessa kafla um jafnréttisfræðslu skólanna segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið hefur í fjárlagatillögum ráðuneytisins næsta ár farið fram á stöðuheimild til þessa verkefnis."

Næsta ár! Eftir að ákvæðið er búið að vera í lögum í ellefu ár! Sannast sagna get ég ekki séð að mjög mikill áhugi hafi verið hjá íslenskum stjórnvöldum á því að framkvæma þau lög sem þau hafa sjálf sett um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Þar lýkur þessari skýrslu hæstv. ráðh. og aðeins er eftir að ræða eitt atriði. Í niðurstöðum hennar, sem ég gat um áðan, kemur fram eins og hér segir:

„Mikilvægast er að eyða því launamisrétti sem er við lýði milli kynjanna með því að brýna fyrir konum að sækja inn í mun fleiri starfsgreinar en nú er."

Ég hef þegar rætt um þetta atriði og bendi á að það er ekki líklegt til nokkurrar lausnar á þessum málum og felur auk þess í sér vanmat á þeim störfum sem konur gegna. En síðan kemur í lokin setning sem er ástæða til að eyða nokkrum orðum að. Hér segir, með leyfi forseta:

„Konur þurfa einnig að láta meira til sín taka á sviði stjórnmála, bæði með því að gefa kost á sér til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum."

Ég hef ekki orðið vör við það, hæstv. félmrh., að það sé skortur á því að konur gefi kost á sér til setu á Alþingi eða í sveitarstjórnum. Mér sýnist vera fullt af konum sem gefa kost á sér til þessara starfa. Þar er ekki vandamálið. Vandamálið er að þær komast ekki á Alþingi eða í sveitarstjórnir vegna þess að þær eru ekki í þeim sætum á framboðslistum flokkanna sem fleyta þeim þangað inn. Ég hlýt því eiginlega að taka þessi lokaorð þessarar skýrslu sem hálfgerðan brandara hjá hæstv. ráðh. því að ekki rímar það við neinn veruleika.

Þetta er að sínu leytinu til tilefni til ítarlegrar umræðu um konur og stjórnmál, en ég tek þetta dæmi sérstaklega til að benda á að það sjónarhorn sem er í þessari skýrslu er töluvert skakkt. Í skýrslunni er lítil tilraun gerð til að setja spurningarmerki við það verðmætamat sem ræður ferðinni í íslensku þjóðfélagi í dag og sem gerir það að verkum að staða kvenna og karla er ójöfn. Auðvitað á að taka sérstaklega á þessu verðmætamati í skýrslu jafnréttisráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, en það er ekki gert í þessari skýrslu. Í annan stað rímar þessi skýrsla ekki ævinlega við þann veruleika sem í raun blasir við. Þetta með að konur gefi ekki kost á sér til setu á Alþingi eða í sveitarstjórnum er kannske skýrasta dæmið um slíkt rímleysi.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég hef áður sagt í þessari umræðu, að það er ekki nóg að gefa skýrslur og setja lög um þessi mál. Allt er undir framkvæmdunum komið. Það er það sem jafnrétti kvenna og karla stendur og fellur með. Ég ætla að vona að hæstv. ráðh. svari þeim spurningum sem ég hef beint til hans um þau efni hér á eftir.

Annars vil ég aftur þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa skýrslu. Það er margt í henni fróðlegt og margt sem hefur hér áður komið fram í máli Kvennalistakvenna og annarra sem tekið hafa til máls um þessi mál. Flest hefur fengið misblíðar móttökur en er hér í þessari skýrslu sett fram sem sjónarmið félmrh. Það er þó skref í áttina og hvað sem annars má um skýrsluna segja þá er það vel.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er greinilegt að þessari umræðu verður ekki

lokið alveg bráðlega, en þess er að vænta að henni geti orðið lokið síðar á fundinum. En nú verður gert hlé í bili á þessari umræðu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Farið hefur verið fram á utandagskrárumræðu um nýjustu tilraunasprengingu með kjarnorkuvopnun. Það verður orðið við ósk um þessa umræðu og fer hún nú þegar fram og fer fram skv. 1. málsgr. 32. gr. þingskapa.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á þeirri uggvænlegu staðreynd að í fyrradag sprengdu Bandaríkjamenn í 20. sinn kjarnorkusprengju neðanjarðar í Nevadaeyðimörkinni eftir að hitt risaveldið, Sovétríkin, hafði haldið að sér höndum í meira en 1½ ár í sambandi við slíkar tilraunasprengingar. Ég ætla að nota þetta tækifæri jafnframt til að beina fsp. til hæstv. utanrrh. varðandi afstöðu hans og ríkisstjórnarinnar í þessu afdrifaríka máli.

Það hafa miklar vonir verið bundnar við að einhliða frumkvæði af hálfu Sovétmanna að hætta tilraunasprengingum með kjarnavopn fengi undirtektir hjá gagnaðilanum, Bandaríkjunum, og það hafa komið fram hvatningar úr mörgum áttum á Bandaríkjastjórn að taka þátt í stöðvun með þessi háskavopn, þróun þessara háskavopna.

Eftir að tilraunasprenging fór fram í Nevadaeyðimörkinni í fyrradag, tveimur dögum áður en ráðgert hafði verið, til þess að koma í veg fyrir að mótmælendur innan Bandaríkjanna gætu verið viðstaddir eða reynt að koma í veg fyrir þennan verknað gerðist það á Bandaríkjaþingi að þingflokkur demókrata í annarri deild þingsins gerði samþykkt gegn þessari ákvörðun og vítti forsetann og stjórnina fyrir að eiga hlut að henni og nota ekki tækifærið til að ná fram skrefi til samninga um allsherjarbann, a.m.k. skrefi í þá átt.

Ég vil minna á, herra forseti, að Alþingi samþykkti 23. maí 1985 þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Samkvæmt þeirri ályktun fagnar Alþingi hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins og samkvæmt þeirri ályktun ályktar þingið að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, og fleira er þarna tekið fram sem snertir að binda enda á kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupið.

Það er jafnframt tekið fram í þessari ályktun að leita verði allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Alþingi telur samkvæmt þessari ályktun að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið. Áframhaldandi tilraunasprengingar með kjarnavopn og líkurnar á því að Sovétstjórnin taki nú upp af sinni hálfu sams konar tilraunir á nýjan leik stefna þróun mála, sem menn vonuðu að gæti orðið í rétta átt, í mikinn háska og ég hlýt að spyrja hér: Hvað hefur íslenska ríkisstjórnin aðhafst í sambandi við þetta mál? Ég spyr hæstv. utanrrh.:

1. Hver er afstaða hans og ríkisstjórnarinnar til ítrekaðra einhliða tilraunasprenginga Bandaríkjamanna með kjarnavopn?
2. Hefur ríkisstjórnin borið fram mótmæli við Bandaríkjastjórn vegna þessara nýjustu tilraunasprenginga eða verða slík mótmæli borin fram?
3. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að knýja fram allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, m.a. í ljósi ályktunar Alþingis frá 23. maí 1985?

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mun leitast við að víkja nokkrum orðum að því sem hér hefur fram komið um leið og ég svara þessum spurningum. En ég bendi á að innan tíðar fer fram umræða um utanríkismál þegar skýrsla um utanríkismál verður lögð fram á þingi og ég bíð þess vegna með frekari umræður um þetta mál þar til.

En öll viljum við lifa í heimi sem ekki býr við ógn helsprengju. Það er því markmið okkar að útrýma kjarnavopnum. Vandinn felst eins og endranær í því að finna rétta leið að settu marki.

Við erum þátttakendur í varnarbandalagi sem hefur þá margyfirlýstu stefnu að það mun aldrei grípa til vopna að fyrra bragði. Þetta bandalag hefur gegnt sínu hlutverki vegna fælingarstefnu sem hefur sannfært hugsanlega árásaraðila um tilgangsleysi stríðsaðgerða. Þetta hefur gerst þrátt fyrir augljósa yfirburði Varsjárbandalagsríkjanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar.

Staðreyndin er að kjarnavopn hafa gegnt lykilhlutverki í því að stöðva útþenslu Sovétríkjanna í Evrópu. Í öllum samningum um afvopnun á sviði kjarnorkuvígbúnaðar verður því að hafa hliðsjón af öðrum þáttum vígbúnaðar þannig að afvopnun leiði ekki til minna öryggis og stefni þannig friðnum í hættu. Vestrænum ríkjum er því mikill vandi hér á höndum.

Við viljum heim án kjarnavopna, en um leið viljum við viðhalda því öryggi sem kjarnavopn hafa tryggt til þessa. Í ályktun Alþingis, sem þm. vísaði til hér áðan um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, segir m.a., með leyfi forseta:

„Leita verður allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þó einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Á meðan enn hefur ekki tekist að undirbúa jarðveginn fyrir gagnkvæmt traust milli austurs og vesturs er það mat vestrænna ríkja að það verði að

halda uppi sannferðugum fælingarmætti. Þetta er ástæða þess að Bandaríkjamenn halda áfram tilraunum sínum með kjarnavopn þrátt fyrir óskir manna um að þeim verði hætt. Og hvað stendur þá í veginum? Jú, ágreiningurinn um eftirlitið og reynslan af framferði Sovétmanna. Á sínum tíma, þ.e. á árunum 1958–1961, höfðu Bandaríkjamenn og Bretar frumkvæði að einhliða banni við tilraunasprengingum. Sovétmenn gengust inn á þetta bann meðan þeim hentaði, en á sama tíma og þeir létu í veðri vaka að þeir hefðu hætt öllum slíkum tilraunum létu þeir á laun sérfræðinga sína undirbúa stórkostlega tilraunastarfsemi sem hófst öllum að óvörum í septembermánuði 1961. Á tveimur mánuðum — ég endurtek: á tveimur mánuðum það haust voru sprengdar 40 kjarnorkusprengjur, þar á meðal sú stærsta sem sprengd hefur verið, og allar í andrúmsloftinu.

Þessi spor hræða. Þáverandi forseti Bandaríkjanna, John F. Kennedy, dró þann lærdóm af framferði Sovétmanna að aldrei ætti að setja vestræn ríki í slíkt einhliða bann meðan ekki væru leiðir til þess að fylgjast með framkvæmdinni af hálfu Sovétmanna.

Á fundi Atlantshafsríkjanna í desember s.l. var samþykkt sérstök yfirlýsing, Brussel-yfirlýsing, þar sem Varsjárbandalagsríkjunum var boðið til viðræðna um samdrátt og jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar vopna og herafla. Leiðtogafundurinn í Reykjavík kallaði fram nauðsyn þess að tekist yrði á við þessi vandamál sem forsendur raunhæfs árangurs í viðræðum um fækkun kjarnorkuvopna. Þessar viðræður munu hefjast innan tíðar. Auk viðræðna risaveldanna í Genf um meðaldræg og langdræg kjarnavopn munu þær leiða í ljós vilja til að draga úr þeirri tortryggni sem ég minntist á að framan og er jarðvegur vígbúnaðarins. Verulegur árangur í þessum viðræðum skapar skilyrði fyrir því samkomulagi sem við öll sækjumst eftir að gert verði um bann við tilraunum með kjarnavopnum. Það má því segja að það velti á Sovétmönnum nú við samningaborðið hvernig til tekst, en nú í fyrsta skipti mun í Genf vera kominn á blað texti að samkomulagi. Það er mælistikan sem við höfum, en ekki fagrar yfirlýsingar í fjölmiðlum á Vesturlöndum.

Við munum að sjálfsögðu fylgjast með þessum málum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Þar höfum við verið í samstarfi við vestrænar þjóðir og þar munu þessir hlutir verða til umræðu. Og þar munum við koma fram þeim sjónarmiðum sem við teljum réttust á hverjum tíma.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. er það að vísu ekki nýtt að annað stórveldanna lýsi yfir stöðvun en hitt stórveldið haldi áfram. Bandaríkin hafa á árum fyrr haldið að sér höndum í tilraunum meðan Sovétríkin héldu áfram tilraunasprengingum. Nú hefur þetta snúist við. Það er hörmuleg þróun að þegar einn vill neitar hinn og tilraunasprengingarnar eru þrándur í götu raunhæfra aðgerða. En tilraunasprengingarnar eru þáttur í stærra máli. Hitt er það að á Reykjavíkurfundinum var sérstaklega rætt um takmörkun og stöðvun á tilraunum með kjarnorkuvopn undir viðunandi eftirliti. Það er hörmulegt að tækifærið eftir Reykjavíkurfundinn hefur ekki verið notað til að ná samningum um þetta efni.

Við Alþýðuflokksmenn getum tekið undir með þeim bandarísku þingmönnum sem tala nú um að gluggi tækifærisins hafi verið opinn, en honum hafi verið skellt aftur. Við áteljum því að þetta tækifæri hafi ekki verið notað og Bandaríkjamenn hafi lokað glugganum með nýjustu tilraunasprengingu sinni. En að því er þetta mál allt varðar teljum við nauðsynlegt að Íslendingar ræði þetta mál meðal bandalagsþjóða sinna og beiti sér fyrir því að raunhæfur árangur geti náðst.

Markmiðið í afvopnunarmálum er að tryggja annars vegar að aldrei verði gripið til kjarnorkuvopna og hins vegar að vinna að fækkun þeirra og eyðingu. Þessum markmiðum verður vitaskuld ekki náð nema gagnkvæmni ráði í samdrætti og jafnvægi í vopnamætti. Þetta mun heldur ekki standast nema þetta sé undir öruggu eftirliti og þannig frá því gengið að allir geti þessu treyst. Þess vegna á að stefna að skipulegri afvopnun á raunhæfum tíma með öflugu eftirliti með framkvæmdinni þannig að gagnkvæmt traust geti ríkt og eflst milli þjóða heims. Takmarkið á að vera að tryggja valdajafnvægi og frið við stöðugt minnkandi vopnaburð. Á þetta teljum við að Íslendingar eigi að leggja sérstaka áherslu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að það er eins með afvopnunarmálin og reyndar með jafnréttismálin, sem voru hér til umræðu áðan, að fagrar yfirlýsingar duga lítið. Það eru gjörðirnar sem meira máli skipta. Kvennalistinn hefur þegar sent bandarískum stjórnvöldum mótmæli gegn þeim ítrekuðu tilraunasprengingum sem þar hafa átt sér stað vegna þess að við álítum það vera hörmulega þróun. Við styðjum þann hóp bandarískra þingmanna og annarra Bandaríkjamanna sem hafa mótmælt þessum tilraunasprengingum og beitt sér gegn þeim.

Við vitum eins og margir aðrir að þessar tilraunasprengingar eru í tengslum við það verkefni sem varð aðalþröskuldurinn í viðræðunum hér í Reykjavík á leiðtogafundinum, þ.e. geimvarnaáætlunina. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að því að lýsa hryggð og hneykslun yfir því hvernig þessi áætlun hefur staðið í vegi fyrir frekari afvopnunarviðræðum heldur ætla ég að beina nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh.:

1. Veit hann hve margar tilraunasprengingar er áætlað að gera á þessu ári í tengslum við geimvarnaáætlunina? Hafa bandarísk stjórnvöld upplýst hann um þetta?

2. Hve margar sprengjur mættu Bandaríkjamenn sprengja neðanjarðar áður en íslensk stjórnvöld mundu hreyfa fingur til mótmæla? Eru einhver mörk fyrir þessari hegðun?

3. Hvernig líst honum á ef það hlé á sprengingum sem Sovétmenn hafa gert verður nú rofið, þ.e. að því verður ekki haldið áfram í einhverja mánuði í viðbót heldur verður það rofið og Sovétmenn hefja líka tilraunasprengingar?

Ég vildi biðja hann að svara þessum spurningum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Viðbrögð og svör hæstv. utanrrh. við fsp. mínum hljóta að vekja athygli, ekki aðeins hér innanlands heldur út fyrir landsteinana. Utanrrh. Íslands tekur gallharða afstöðu með stefnu Reagan-stjórnarinnar í kjarnorkuvígbúnaðarmálum. Það liggur hér dagljóst fyrir. Það kemur fram í svörum hans. Hann er þar með andstæður þeim röddum á Bandaríkjaþingi sem hafa fordæmt og varað við þeim tilraunasprengingum sem Bandaríkin hafa haldið uppi endurtekið og sprengt nú hina 20. upp á sitt eindæmi.

Ég fagna því að af hálfu talsmanns Alþfl. við þessa umræðu hafa komið fram önnur viðbrögð. Það er óvenjulegt og nýtt að það komi fram önnur afstaða hjá talsmönnum Alþfl. í sambandi við þessi mál en hjá Sjálfstfl. Þetta ber að þakka og ég vona að það verði framhald í þá átt.

Ég held að málflutningur hæstv. utanrrh. þyki heldur rýr þegar hann er settur undir gagnrýnt ljós. Hann segir: Það er fælingin sem hefur gilt, sem hefur varðveitt friðinn og þess vegna ber að halda áfram tilraunasprengingum og þróun kjarnorkuvopna. Það er ekki áhuginn á að vinda ofan af þeirri þróun sem ræður ríkjum í hugarheimi hæstv. utanrrh. og mig undrar ef hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., er samþykkur þeirri afstöðu sem hæstv. ráðh. túlkaði og talaði þar fyrir munn ríkisstjórnar Íslands. Mér fyndist æskilegt að það kæmi fram við þessa umræðu, t.d. frá hæstv. forsrh., hvort hann sé samþykkur afstöðu utanrrh. í þessu efni sem tekur fullum hálsi undir stefnu Bandaríkjastjórnar.

Ég vil svo að lokum segja, herra forseti, í sambandi við þetta efni: Auðvitað tengjast þessar tilraunasprengingar stjörnustríðsáætlun Bandaríkjastjórnar sem svo mjög hefur verið til umræðu og réttilega var bent á af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Fyrir Alþingi og í utanrmn. liggur till. um að fordæma þá áætlun, þá stjörnustríðsáætlun sem er einn meginþröskuldurinn að margra mati, þar á meðal að mínu mati, helsti þröskuldurinn í vegi þess að hægt sé að ná miklum árangri á vettvangi afvopnunarmála. Það er hörmulegt að íslenskar raddir skuli taka undir með því brjálæði sem þar er á ferðinni og sem á sér formælendur fáa, jafnvel í Bandaríkjunum sjálfum.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Því miður missti ég af fyrri hluta þessarar umræðu. Hæstv. utanrrh. hefur svarað og geri ég að sjálfsögðu engar athugasemdir við það. Ég vil þó vekja athygli á því að við Íslendingar höfum ekki tekið mjög virkan þátt í hernaðaráætlunum Atlantshafsbandalagsins. Við höfum til langs tíma ekki verið þátttakendur þar og þó við höfum aukið þá þátttöku nokkuð nú vil ég láta það koma hér fram að ríkisstjórnin hefur sem slík ekki fjallað um hernaðaráætlanir Atlantshafsbandalagsins.

Ég lýsi þeirri skoðun minni að sprengingu Bandaríkjamanna, sem þeir hafa framkvæmt nú, hlýt ég að fordæma. Ég verð að taka undir að rétt hefur verið fram hönd sem rétt var að taka í og stöðva tilraunir með kjarnorkuvopn ef það mætti verða skref til að draga úr kjarnorkuvopnakapphlaupinu. Ég vil hins vegar lýsa enn þeirri persónulegu skoðun minni að ég tel langmikilvægast í þessu sambandi að samkomulag geti orðið á milli stórveldanna um fækkun kjarnorkuvopna og að sjálfsögðu langhelst útrýmingu kjarnorkuvopna.

Ég bind miklar vonir við þær tillögur sem lagðar voru fram á Reykjavíkurfundinum og treysti því og reyndar veit að þær eru til umræðu enn í Genf. Okkur er tjáð að á þeim muni verða byggt ef samstaða næst um fækkun eða jafnvel útrýmingu kjarnorkuvopna. Það er að sjálfsögðu meginatriðið. Ég er þeirrar skoðunar að bann við tilraunum með kjarnorkuvopn sé að þessu leyti nánast aukaatriði, en þó geti það verið skref í átt að miklu stærri áfanga sem ég lít á sem útrýmingu kjarnorkuvopna. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að mannkynið geti varla sætt sig við annað.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. landsk. þm. Mundi ég ekki upplýsa ef ég vissi í sambandi við þá fsp.? Ég bendi á að það sem um er deilt í þessum málum er eftirlit með afvopunun og það var eitt af höfuðágreiningsmálunum á Reykjavíkurfundinum. Það liggur ljóst fyrir að um leið og hægt verður að fá aðila til þess að setjast að samningaborðinu og koma sér saman um eftirlit mun takast að ná fram því markmiði, sem við öll stefnum að, að hafa kjarnorkuvopnalausan heim.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel að þessar umræður hafi leitt í ljós afar þýðingarmikla staðreynd. Ef marka má talsmenn flokkanna, sem hafa talað í þessari umræðu, er alveg ljóst að hæstv. utanrrh. hefur ekki meiri hluta á Alþingi fyrir þeirri afstöðu sem hann hefur túlkað í þessu máli. Það hlýtur að reyna á það hér í þinginu frekar hvort hann hefur stuðning við þá afstöðu sem hann lýsti.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa óánægju minni með þá afstöðu sem hæstv. utanrrh. tók hér í ræðustól. Mér fannst ræða hans vera óþarflega herská. Mér hefur alltaf fundist að hæstv. utanrrh. hugsaði

fremur eins og dúfa, en nú talar hann eins og haukur. Það eru slæm skipti. Ég held að það sé fráleitt að fara að taka ábyrgð á þessu misráðna, ég vil segja fordæmanlega tiltæki Bandaríkjamanna. Ég hef ekki traust á þessum fælingarmætti. Ég held að fælingarbrjálæðið geti gengið af okkur dauðum einn góðan veðurdag. Ég er ekki bjartsýnn á að meðan þeir menn fara með völd í Hvíta húsinu sem þar ríkja nú komum við til með að upplifa friðvænlegan heim.

Um þingsköp.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Fyrir þremur mánuðum eða nánar tiltekið hinn 6. nóvember s.l. lagði ég fram fsp. til fjmrh. um söluskattsskil sem er prentuð á þskj. 134. Svör við þessari fsp. hafa ekki borist enn. Þau varða hvort dæmi séu um að fjmrn. hafi frestað innheimtuaðgerðum vegna söluskattsskila eða heimilað greiðslu á tolli og söluskatti með skuldabréfum eða jafnvel greiðslu skattsekta. Eins og ég sagði hefur svar ekki borist þó þrír mánuðir séu liðnir. Á hinn bóginn hefur mér verið tjáð að fjmrn. hyggist svara spurningunni með miklu víðtækari hætti en ég hafði gert ráð fyrir og miklu víðtækari hætti en ég hafði gert skrifstofustjóra fjmrn. grein fyrir að óskir mínar væru um eða að fsp. svaraði til að mínu mati. Mér þykir afleitt ef fulltrúar í ráðuneytinu, starfsfólk ríkisins, er sett í að svara meiru en um er spurt vegna þess að þá er verið að vinna þá vinnu að óþörfu og kostnaður af því lendir endanlega á skattborgurum á Íslandi. Þess vegna vil ég beina því til forseta að hann ítreki ekki bara óskina um svar við fsp. heldur líka það að fsp. svari til þess skilnings sem ég hef þegar gert skrifstofustjóra ráðuneytisins grein fyrir og að það sé ætlast til þess að fjmrn. haldi sig við þann skilning en fari ekki að svara einhverri langtum stærri spurningu með ærnum tilkostnaði.

Þessu, herra forseti, vildi ég beina til þín og vænti þess að fá stuðning við það sjónarmið, ekki einungis að fá svar við fsp. heldur einnig að svarið verði með þeim hætti sem til var stofnað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti mun með ánægju aðstoða við það að fá svar við þeirri fsp. sem hér um ræðir og að það verði sem minnstur dráttur á svarinu og að það verði ekki dráttur vegna þess að það sé verið að leitast við að gera svarið víðtækara en efni standa til. Það skal og tekið fram að forseti hefur ítrekað kallað eftir svari við þessari fsp. og síðast s.l. þriðjudag. Þá var svarið sem forseta barst í hendur á þessa leið: Svarið við fsp. er væntanlegt bráðlega. Nú mun verða hert á því að svarið komi. Það skal og tekið fram af þessu gefna tilefni að forseti hefur margoft lýst þeirri skoðun að ráðherrar skuli leggja áherslu á að geta svarað fsp. fljótt og greiðlega og innan þeirra tímamarka sem þingsköp gera ráð fyrir og þá svara eins og efni standa til en síður að draga svar meðan verið er að viða að upplýsingum eða jafnvel að bíða eftir ákveðinni þróun mála sem gefi tilefni til ítarlegra svars.

Staða og þróun jafnréttismála, frh. einnar umr.

Skýrsla félmrh., 215. mál. — Þskj. 230.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála og er hún lögð hér fram í samræmi við ákvæði laga um jafnrétti kynja sem samþykkt voru 1985, og er það gott nýmæli, svo og þær framkvæmdaáætlanir og skýrslur aðrar sem snerta stöðu kvenna sérstaklega og koma hér á dagskrá, þótt síðar verði. Hér er það skýrslan um stöðu og þróun jafnréttismála sem er til umræðu og ég mun gera hana að umtalsefni í nokkrum atriðum án þess að fara út í allt hið marga sem ástæða væri til að ræða um þetta efni. Það gefst tækifæri til þess að taka frekar á því þegar hæstv. ráðh. mælir fyrir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynja og skýrslu um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu.

Ég tel að það sé mjög gagnlegt að ræða þessi mál hér á þingi og fá fram grg. af því tagi sem hér er gert og það sé þakkarvert að hæstv. ráðh. hefur staðið við ákvæði þar að lútandi. Er ég ekki með því að leggja neitt mat á innihald þeirra verka sem hann hefur hér lagt fyrir þingið, þessara skýrslna, því að ég er langt frá því að vera sammála öllu því sem þar kemur fram þó að undir margt af því megi hins vegar taka.

Það sem er augljósast í sambandi við skýrsluna um stöðu og þróun jafnréttismála er hinn mikli munur á orðum og efndum sem þar blasir við, hið mikla djúp sem er staðfest á milli ákvæða í löggjöf varðandi jafnrétti kynja og hins vegar aðgerða stjórnvalda til að ná fram og stuðla að því að þessi ákvæði verði að veruleika. Þegar litið er til verka núverandi ríkisstjórnar, og þar vil ég ekki vera að taka hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir eða út úr, blasir vissulega við að í stað þess að þróun hafi verið í rétta átt í þessum efnum hefur þarna verið um öfugþróun að ræða á mjög mörgum sviðum. Þetta minnir okkur á að ákvæði í lögum ein sér nægja skammt ef sú stefna sem fylgt er í undirstöðuþáttum þjóðfélagsins gengur á svig við anda og efni viðkomandi löggjafar.

Við höfum búið við það undanfarin ár í tíð núverandi ríkisstjórnar að það hefur verið vaxandi mismunun í þjóðfélaginu almennt. Það er nánast sama á hvaða svið er litið, mismununin fer alls staðar vaxandi, og hún hittir fyrir þó alveg sérstak-

lega þá hópa í samfélaginu sem höllustum fæti standa fyrir. Í þeim hópi má telja konur nokkurn veginn upp til hópa, þó að vissulega sé aðstaða hjá konum ekki alls staðar hin sama, misjafnlega slæm þó einstaka geti kannske talið sína stöðu viðunandi. Það er þetta sem er fyrst og fremst umræðu vert í sambandi við þessa skýrslu og minnir okkur á það að ef menn ætla í reynd að ná fram leiðréttingu á þeirri miklu mismunun sem ríkir á allri aðstöðu kynjanna í landinu, karla og kvenna, kallar það á alveg nýja stefnu í undirstöðuþáttum samfélagins. Það varðar bæði opinber málefni og opinberar fjárveitingar, en það varðar auðvitað einnig hinn þáttinn sem ríkisstjórn og Alþingi ræður ekki yfir með sama hætti, þ.e. markaðsþjóðfélagið fyrir utan hinn opinbera þátt, markaðsþjóðfélag sem hefur þróast í ranga stefnu í tíð núverandi ríkisstjórnar þar sem opnað hefur verið fyrir flóðgáttir samkeppni undir hugtakinu frelsi á mjög mörgum sviðum sem orðið hefur einmitt til þess að ýta undir vaxandi mismunun.

Ég vil með þessu ekki gera lítið úr þeirri sérstöðu sem snertir vandamál kvenna og mismunun á stöðu kvenna. Þar er vissulega við að glíma gamlar hefðir í mjög mörgum tilvikum, gamlar og býsna rótfastar hefðir sem við mörg hver vildum gjarnan sjá á bak og ber að sjálfsögðu að leggja ríka áherslu á að vinna gegn á öllum sviðum því að þar er að finna mjög veigamikla undirrót fyrir þeirri mismunun sem við erum hér að ræða.

Grundvallaratriðið til að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna og jafna stöðu kynjanna í samfélaginu er að samfélagið viðurkenni í reynd kynbundið hlutverk kvenna, að samfélagið viðurkenni móðurhlutverkið og uppeldishlutverk kvenna umfram karla og taki á málum í ljósi þessa. Ef menn ekki viðurkenna þetta sem grundvallarþátt í þessu máli komast menn skammt að ég hygg að jafna metin milli kynjanna því að einmitt þarna, í því að samfélagið ekki tekur á þessum atriðum, er að finna undirrót undir hinni miklu mismunun og jafnvel vaxandi mismunun á mörgum sviðum.

Ég bendi á sem dæmi hvernig ríkisstjórnin í raun gengur gegn þeim lögum um jafnrétti kynjanna sem samþykkt voru á Alþingi 1985 með stefnu sinni í efnahagsmálum, með stefnu sinni t.d. í ríkisfjármálum varðandi afgreiðslu fjárlaga ár eftir ár, þar sem framlög til undirstöðuþátta sem snerta einmitt möguleika á leiðréttingu á mismunun milli kynjanna, eins og framlög til dagvistarmála, framlög til skólamála, kjör uppeldisstéttanna og aðrir slíkir þættir, færast til verri vegar, færast í ranga átt í staðinn fyrir að leitast sé við með markvissum hætti að bæta þar úr.

Ég held að það sé til lítils í rauninni að eyða mjög mörgum orðum að þeirri þróun sem við blasir á vinnumarkaði og þeim aðstöðumun sem er hjá konum og sérstaklega láglaunahópunum meðal kvenna, sem fylla láglaunahópana í landinu, ef menn ekki taka um leið á þeirri efnahagsstefnu, þeirri stjórnarstefnu sem fylgt er í landinu.

Það er vissulega mjög þýðingarmikið að unnið sé gegn rótgrónum fordómum og þar skipta fjölmiðlar mjög miklu máli og sú afstaða sem þar er tekin. Hin frjálsa fjölmiðlun sem svo er kölluð er nú ekki öll í þá áttina að bæta þar úr, en þó vil ég út af fyrir sig ekki lasta viðleitni sem gætir hjá góðu fólki á fjölmiðlunum til að vekja athygli á hinni miklu mismunun sem hér um ræðir.

Sama gildir að sjálfsögðu um skólana og fræðslu innan skólakerfisins um stöðu kynjanna og mismunun á stöðu kvenna sérstaklega. Vissulega er þýðingarmikið að á því sé tekið og það hlutverk sé rækt sem lög kveða á um. En þetta kemur fyrir lítið ef framlög til skólamála og þeirra sem starfa í skólum landsins eru með þeim hætti sem raun ber vitni, bæði í sambandi við möguleikana á að koma á samfelldum skóladegi og að búa skólana þannig, bæði hvað snertir starfslið og starfsaðstöðu, að þeir geti með þeim hætti komið í stað heimilanna sem uppeldisstofnanir sem nútímaþjóðfélag raunverulega krefst. Er ég þó ekki þar með að segja að það eigi að færa uppeldishlutverkið alfarið frá fjölskyldunni til skóla eða uppeldisstofnana, síður en svo. Með lengingu fæðingarorlofs og með því að meta með eðlilegum hætti störf heimavinnandi fólks, og þá fyrst og fremst heimavinnandi húsmæðra, er vissulega hægt að ráða bót í þessum efnum og sjálfsagt að taka undir aðgerðir sem að þessu lúta.

Í þessari skýrslu hæstv. ráðh. er vikið að ýmsum atriðum. Ég vil í því sambandi minna sérstaklega á till. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur varðandi úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis, sem er 7. mál þingsins og sem varðar úttekt sem tengist fullgildingu samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem Alþingi staðfesti samhljóða 1985 og hefur að geyma að mínu mati mjög þýðingarmikil ákvæði og að sama skapi er það mikilvægt að þeim samningsákvæðum sé fylgt eftir.

Það gerðist á vorfundi efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland á nú fulltrúa í, s.l. vor að samþykkt var sérstaklega áherðandi tillaga varðandi þennan alþjóðasamning um afnám hvers kyns misréttis gegn konum. Ísland gerðist þar meðflutningsaðili að tillögu innan ECOSOC, efnahags- og félagsmálaráðsins, þar sem ráðið hvetur aðildarríkin sérstaklega til að gera allar mögulegar tilraunir til að leggja fram fyrstu skýrslur sínar um framkvæmdir samkvæmt 18. gr. samningsins og leiðbeiningum nefndarinnar sem fjallar um afnám misréttis gegn konum og að standa stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum að öðru leyti.

Þegar Ísland skilaði lögboðinni skýrslu um stöðu þessara mála s.l. sumar var það því miður ekki sú úttekt sem þörf hefði verið á. Þar var í rauninni fyrir komið nokkrum formlegum upplýsingum á einni blaðsíðu eða svo sem sent var til Sameinuðu þjóðanna varðandi úttekt af Íslands hálfu, íslenskra stjórnvalda, á stöðu kvenna hérlendis og það var

mjög miður að ekki skyldi betur staðið að þessu máli sem Alþingi samþykkti hér um árið. Það minnir sérstaklega á nauðsyn þeirrar úttektar sem ég nefndi hér og till. liggur fyrir um til þál. um að gerð verði. Ég tel það skjóta nokkuð skökku við að þeir sem eru að minna stjórnvöld á þörfina á að fá upplýsingar um öll þau meginatriði sem varða mismunun milli kynjanna skuli, eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir gerði á sínum tíma á Alþingi og minnir enn á í Morgunblaðinu í dag, ekki taka undir þessa till. um að úttekt sé gerð á stöðu Íslands gagnvart þessum alþjóðasamningi sem við höfum gerst aðilar að. Ég hef aldrei skilið rök hv. þm., sem ég hef talið góðan talsmann jafnréttis kynjanna, aldrei skilið afstöðu hennar að þessu leyti, og sé ekki eftir mál hennar hér áðan heldur að það sé neitt samræmi í þeim málflutningi, þar sem hún m.a. var að minna á loforð hæstv. forsrh. um upplýsingar, sem gefið var hér fyrir einum tveimur árum, um að framkvæma heildarúttekt varðandi launamun kynjanna í landinu.

Ég held að það sé þörf á því að nota öll tækifæri í rauninni til þess að draga fram stöðu þessara mála, en hitt er auðvitað jafnljóst að slíkar úttektir einar sér nægja ekki frekar en lagafyrirmæli á Alþingi, ef efndir ganga ekki eftir.

Í einum kafla þessarar skýrslu er vikið að stöðu jafnréttismála á sviði stjórnmálanna, þ.e. stöðu kvenna í sambandi við fulltrúakjör í sveitarstjórnum og á Alþingi, og hæstv. félmrh. vék einmitt að því í sínu máli, ef ég hef tekið rétt eftir, að þar hafi ekki þróunin verið eins og æskilegt væri og meðal annars samkvæmt þeim reglum sem margir stjórnmálaflokkanna hafa tekið upp í sambandi við val fulltrúa til setu í sveitarstjórnum og á Alþingi. Þetta er alveg rétt. Á hitt hlýt ég að benda að það er býsna misjafnlega háttað hvað þetta snertir innan stjórnmálaflokkanna. Það hefur t.d. á vettvangi míns flokks, og vil ég þó ekki vera að gera hlut hans neitt betri en hann er í þessum efnum, því að þar þarf verulega um að bæta til viðbótar við það sem áunnist hefur, en ég vek athygli á því að í sveitarstjórnum eru rösklega 40% fulltrúa Alþýðubandalagsfólks konur, og sker Alþb. sig þar verulega úr hvað snertir aðra stjórnmálaflokka. Ég vek jafnframt athygli á því að við undirbúning komandi alþingiskosninga á vegum Alþb. hefur í mörgum tilvikum tekist að laða konur til þátttöku og fá stuðning við framboð kvenna, sem ég tel afar þýðingarmikinn þátt í sambandi við jafnréttissókn kvenna, að hlutur þeirra á stjórnmálavettvangi verði til jafns við karla, sem næst til jafns við karla og gjarnan mega þær vera fleiri en karlarnir færri út af fyrir sig. Það er kannske ekki spurningin að það sé alltaf alveg hníjafnt á metaskálunum og getur verið erfitt að koma slíku við, en aðalatriðið er að konur hafi eðlilegan hlut í stjórnmálastarfi í landinu, jafnt í sveitarstjórnum sem á Alþingi og annars staðar þar sem ráðum er ráðið.

Á hitt vil ég einnig minna að aðstaða kvenna til að helga sig þessum störfum og taka þátt í þeim til jafns við karla við sömu aðstæður og karlar, möguleikar kvenna í þessum efnum eru sannarlega ójafnir og ólíkir. Þar hallar einnig mjög verulega á. Hindranirnar eru ekki síður þær að konurnar eru undir tvöföldu vinnuálagi í mjög mörgum tilvikum og ef þær eiga svo að bæta við lítt eða ekki launuðum félagsmálastörfum að auki sér hver maður að það er ekki auðvelt hlutverk sem konum er ætlað með þeim hætti.

Launamunur kynjanna í landinu er vissulega mikill, eins og kemur fram í þessari skýrslu og eins og allar tölulegar upplýsingar bera vott um. Þar hefur þróunin gengið í öfuga átt á undanförnum árum, því miður, láglaunahópunum í heild fjölgað og samkvæmt tölulegri úttekt Byggðastofnunar í skýrslunni Vinnumarkaðurinn kemur einmitt fram að þessi mismunun í launum hefur farið vaxandi undanfarin ár. Það er sannarlega hörmuleg þróun á sama tíma og menn í orði margir hverjir reyna að taka undir með annarri stefnu, svo sem eðlilegt er og nauðsynlegt.

Ég bendi svo að lokum, herra forseti, á að það er þjóðfélagsgerðin, hið óhefta markaðsþjóðfélag með vaxandi mismunun sem hittir konur ásamt öðrum hópum, sem minna mega sín í þjóðfélaginu og eiga undir högg að sækja, alveg sérstaklega fyrir. Og það þýðir ekki að ætla sér að ráða bót á þessari mismunun nema menn reynist menn til þess í reynd í stjórnmálum í landinu að taka á þessu ójafnaðarþjóðfélagi og breyta því í þjóðfélag jafnaðar, þar sem þess sé gætt að konur hafi jafna möguleika á við karla og þar sem menn taki á fjölskyldumálum og kynhlutverki kvenna sem sjálfsögðum og eðlilegum þætti. Sé það ekki gert mun okkur seint miða áfram, hvað sem öllum lagafyrirmælum líður.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir að leggja hér fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Það er ekki margt í þessari skýrslu sem ætti að koma hv. alþm. á óvart. Hér er mikið fjallað um atvinnu og menntamál kvenna. En ég ætla að byrja á því að velta fyrir mér hvernig er hægt að eyða því launamisrétti sem er nú við lýði. Þrátt fyrir langar ræður og mörg orð um jafnréttismál hefur ekkert gengið í þeim efnum að jafna það launabil sem til staðar er á milli karla og kvenna. Það er mun frekar að það fari í þá átt að launabilið breikki og nægir að benda á skýrslu sem nýlega var gefin út þar sem launaskrið hafði breikkað þennan mun mjög á undanförnu ári. En hvernig er hægt að eyða þessu launamisrétti? Í fyrsta lagi er það hlutverk ríkisstjórnarinnar að huga að launum þeirra stétta sem vinna í þágu ríkisins og þá vil ég fyrst nefna á sjúkrahúsum, í skólum og þar sem konur eru í meiri hluta, en þar er óánægjan hvað mest í dag. Það þýðir ekki að halda hér fallegar ræður og segja: Það má til með að taka á þessum málum, án þess að taka á því

sem brýnast er í dag og er í verkahring hæstv. ríkisstjórnar að framkvæma.

Ef við veltum líka fyrir okkur af hverju málum er svona komið varðandi konur held ég að eitt atriði í því máli sé að konur eru undir tvöföldu vinnuálagi, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, og þær hafa ekki jafnmikinn tíma og karlmenn til að vinna að félagsmálum, en félagsmál eru m.a. samningar um kaup og kjör. Þær hafa ekki tekið þátt í þeim samninganefndum sem semja um laun. Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að í stjórnum hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er aðeins 32% konur, en í félagsskapnum í heild eru 60% konur. Þær eru helmingi færri í stjórnum og nefndum í hlutfalli við fjölda þeirra í þessum samtökum. Þetta segir okkur einfaldlega að meðan konur hafa ekki tækifæri né tíma til að semja sjálfar um sín laun eða kaup og kjör er ekki von til þess að þessir hlutir batni mjög. Við getum ekki, konur, ætlast til þess að karlmenn sjái um okkar hag. Reynslan hefur sýnt okkur að það gengur ekki upp. Þau mál sem snúa að ríkisstjórninni eru í fyrsta lagi félagslegs eðlis og í öðru lagi er í verkahring ríkisstjórnar að gera betur við þær launastéttir sem hjá ríkinu vinna.

En það er líka hægt að gera margt annað. Við konur getum staðið meira saman. Við getum reynt að brýna hvor aðra og beita okkar ráðum í baráttunni. En það er líka brotalöm þar á. Hér í umræðunni var sérstaklega tekið til niðurlagsorða í þessari skýrslu þar sem segir: „Konur þurfa einnig að láta meira til sín taka á sviði stjórnmála, bæði með því að gefa kost á sér til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum.“ Þetta er að sumu leyti rétt, en konur eru líka helmingur kjósenda og þær geta líka haft áhrif beiti þær sér fyrir því að koma fleiri konum í örugg sæti. Ég held að við megum ekki alltaf líta á það sem hlutverk karlmanna að tryggja okkur rétt. Mér finnst allt of oft í umræðunni að þetta brenni við. Ég hef undanfarin ár setið í nefndum sem ekki hafa setið aðrar konur í, eins og sjútvn., samgn. og fleiri nefndum. Ég held að í okkar verkahring hljóti líka að vera að skipta okkur af atvinnumálum. Við megum ekki lokast í þeirri umræðu að ræða aðeins um félagsleg atriði.

En ég var að tala um þátttöku í stjórnmálum. Þá langar mig aðeins að nefna dæmi sem er þessi vinnustaður, Alþingi. Hvernig skiptast konur eftir kjördæmum á Alþingi? Ég held að það einmitt endurspegli vel hvað konur eiga yfir höfuð erfitt með eða erfiðara með að sækja vinnu sem er langt frá vinnustað og kostar mjög mikla fjarveru frá heimilum. Það eru sex konur á Alþingi héðan úr Reykjavík, það eru tvær af Reykjanesi, það er ein af landsbyggðinni, en af landsbyggðinni eru 35 þm. Af 25 þm. hér í þéttbýliskjördæmunum eru átta konur en ein af 35 af landsbyggðinni. Þetta er einfaldlega spegilmynd af því, sem komið hefur fram í þessari umræðu, að konur hafa ekki sama félagslega grundvöll og karlmenn hafa til að verja sínum tíma til starfa sem krefjast mikillar fjarveru frá heimilum. Það er gott í sjálfu sér að í sveitarstjórnum hefur konum fjölgað. Þar eigum við meiri möguleika, að fjölga konum enn meira í sveitarstjórnum, þar sem vinnustaður er í námunda við heimilið. En ég held að það þurfi margt að breytast áður en við getum átt þess von að fleiri konur komi af landsbyggðinni. Þrátt fyrir að ég voni að svo verði held ég að sú félagslega aðstaða sem við búum við þurfi að breytast töluvert mikið.

Í umræðunum hefur einnig komið fram að mikið hefur verið rætt um jafnréttismál í alþjóðlegum samskiptum. Á þeim fundum sem ég hef átt sæti á, bæði í Mexíkó og í Argentínu, þar sem hafa komið saman þingmenn alls staðar að úr heiminum, hafa konur fundað daginn áður en fundir alþjóðaþingmannaráðsins hafa hafist. Þar hefur verið rætt um þessi mál án þess að þar komi inn í pólitík og þar hafa konur brýnt mjög hver aðra til að standa saman til að fleiri konur geti orðið fulltrúar í sendinefndum þjóðlanda sem senda fulltrúa á þessa fundi og til að konur komist einnig í trúnaðarstöður innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Það hefur verið mjög fróðlegt að hlusta á viðhorf kvenna alls staðar að úr heiminum til þessara mála og þar hefur einnig borið á góma umræðu um lög sem gilda í löndum varðandi, svo ég taki dæmi, barnaheimili eða dagvistarstofnanir. Í tveimur löndum sem ég man til gilda þau ákvæði að ef vinnustaður hefur yfir 100 konur í starfi er þeim vinnustað skylt að reka dagvistarstofnun. Þetta er gott mál út af fyrir sig, en það kom líka fram hjá þessum konum að þetta ákvæði leiddi til meira atvinnuleysis meðal kvenna vegna þess að það voru bara ráðnar 99 konur og hitt karlmenn. Við megum því stundum passa okkur á því að það sem við erum að fara fram á vinni ekki gegn konum. Sem betur fer höfum við ekki mikið atvinnuleysi á Íslandi og dagvistarheimili eru yfirleitt rekin af opinberum aðilum þannig að við þurfum ekki að óttast þessa hættu hér. En ég bendi á þetta atriði sem eitt af því sem er viðfangsefni annars staðar í heiminum.

Einnig var þar minnst á ámóta lög og það frv. sem liggur í Ed. Alþingis um rétt foreldra til að taka sér tveggja ára frí frá störfum. Þegar við erum að tala um foreldra í þessu tilfelli erum við auðvitað að tala um konur. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að velta þessu máli fyrir sér, en við verðum líka að velta því fyrir okkur hverjum kemur þetta til góða. Mér hefur dottið í hug: Ef kona sem fer í tveggja ára frí og önnur kona kemur í hennar stað, hver er þá bættur? Konan sem kemur í hennar stað hefur ekki þessa vinnu nema í tvö ár vegna þess að önnur kona er farin í frí. Ég held að þetta komi ekki til góða láglaunafólki, t.d. í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum, í skólum, því það er alltaf skortur á fólki. Þetta kemur kannske til góða einstaka konu sem er í hárri stöðu. Ég er með þessu ekki að segja að þetta eigi alls ekki rétt á sér, en ég held að við verðum að velta því virkilega fyrir okkur til hvers slík lög leiða og hver ávinningurinn er því við megum ekki setja lög sem

bæta rétt einnar konu á kostnað annarrar.

Það er líka í þessari skýrslu fjallað um atvinnumálin. Þar kemur fram að konur eigi að hasla sér meira völl í hinum hefðbundnu karlastörfum. Ég tel þetta ekki áhersluatriði. Ég tel að það verði að geta verið val kvenna hvar þær hasla sér völl. Það sé ekki eingöngu val um hvar konan fær hæst laun. Þá minni ég aftur á það, sem ég sagði áðan, að ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir því að laun hefðbundinna kvennastarfa verði hækkuð. Það er einnig talað um að oft komi til mismununar vegna ólíkra líkamsburða kvenna og karla, en ég bendi á að ég held að t.d. sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar þurfi að nota sína líkamsburði mun meira en læknar. Hvers vegna eru þá læknar þessi hefðbundna karlastétt, en aftur sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar hefðbundin kvennastétt? Þannig á þetta ekki alltaf saman. Þar koma til menntunarmálin. Það tekur mjög langan tíma að öðlast læknamenntun. En nú er hjúkrunarfræðimenntunin og ljósmóðurmenntunin að verða svo erfið að það eru mun færri konur sem sækja í þessi störf í dag, enda er skorturinn verulegur.

Þegar talað er um menntunarmál kvenna held ég að við megum ekki heldur gleyma því að við verðum að hafa það menntakerfi sem við búum við svo opið að konur eigi þess kost að mennta sig þegar þær eru búnar að ala upp sín börn. Það eru margar konur sem fara í öldungadeildir og mun fleiri mundu fara í starfsmenntun ef þær ættu kost á því. Það eru inni á sjúkrahúsunum t.d. konur sem hafa sinnt þeim störfum og sinna störfum sem heyra undir sjúkraliðastörf, það er víða, en þær eiga þess ekki kost að verða sjúkraliðar nema með mjög löngu námi. Þar er starfsreynslan ekki metin. Ég held að í þessum efnum verðum við að líta til margra átta og staldra aðeins við, vera ekki alltaf að prenta nýjar og nýjar skýrslur heldur staldra við þau vandamál sem við höfum fyrir framan okkur í dag og reyna að leysa eitthvað af þeim áður en við förum að kalla á nýjar og nýjar skýrslur og nýjar og nýjar upplýsingar og tíminn fer allur í að lesa þær upplýsingar sem fyrir liggja.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka umræður sem hér hafa orðið um þessi mál þó ég verði að segja eins og er að því miður virðist áhugi hv. þm. ekki vera mjög sterkur á þessum málum og ekki síst sakna ég þeirra hv. þm. sem hafa mjög kallað eftir skýrslum frá mér um þau mál sem hér eru á dagskrá. Ég vil sérstaklega þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir hrósið sem ég vona að ég eigi einhvern tíma eftir að fá meira en í orði, mér fannst ágætt að fá viðurkenningu á þessu máli.

Þessi skýrsla, sem hér er til umræðu og aðrar sem hér eru komnar fram, eru lagðar fram í fyrsta lagi til að fullnægja ákvæðum laganna og í öðru lagi til að gera tilraun til að setja fram sem raunhæfasta mynd af stöðu og þróun þessara mála hér á landi. Ég tek það fram, sem hefur kannske ekki komið fram í framsögu, að þessi skýrsla er samin og tekur mið af áliti Jafnréttisráðs og ýmsum heimildum um þessi mál á undanförnum árum. Þetta er sú fyrsta sem gerð er samkvæmt ákvæðum laganna og ég vænti þess að framvegis verði auðveldara að taka saman næstu skýrslur um þróun mála á takmörkuðum tíma þannig að þær gefi nákvæmari mynd af því sem gerist á t.d. næstu tveimur árum.

Ég þarf ekki að minna á að framkvæmd jafnréttislaga er í höndum Jafnréttisráðs og tekur að sjálfsögðu til margra ráðuneyta og stofnana hér á landi. Þar kemur við sögu ekki síst menntmrn. og heilbrmrn. svo eitthvað sé nefnt sem hafa til framkvæmda þýðingarmestu málin í sambandi við jafnréttismálin í heild.

Lögin gefa vissulega leiðsögn og möguleika til að hafa bein áhrif á mótun stefnunnar í þessum málum. Ég verð að segja að þó að mönnum finnist lítið miða í þessum málum er hægt að fullyrða að áhrif Jafnréttisráðs fara sívaxandi og aðstaða Jafnréttisráðs fer einnig batnandi mjög. Stöðugildum hefur fjölgað hjá Jafnréttisráði og fjárveitingar hafa verið auknar. Eins og ég tók fram í minni framsögu hefur það aukist um 40% frá síðasta ári. Það er einnig nýtt húsnæði fyrir Jafnréttisráð í sjónmáli sem búið er að taka ákvörðun um og það mun flytja í á þessu ári.

Aðalgagnrýnin sem hér hefur komið fram er að sjálfsögðu um þann þátt sem allir í þjóðfélaginu eru sammála um að úr þurfi að bæta, en það er það launamisrétti sem er viðurkennt í þjóðfélaginu. En við skulum ekki gleyma því að það eru ekki aðeins stjórnvöld sem geta haft þarna bein áhrif á ef þau eru sammála um það heldur eru aðilar vinnumarkaðarins ekki síður áhrifavaldur í þessum efnum. Þar á ég við atvinnurekendur og launþegasamtökin sem semja um kaup og kjör, en sveitarfélögin einnig. Ég held nú samt að við getum verið sammála um að það eru að skýrast línur í þessum málum og einmitt vaxandi umræða um þessi mál og ekki síst fyrir atbeina Jafnréttisráðs og þeirra nýju laga. Menn eru að gera sér grein fyrir því að það verður að takast á við þessi mál þrátt fyrir að við vitum sjálfsagt öll að íslensk vinnulöggjöf er orðin mjög úrelt og tekur ekki á þessum málum í takt við þá kröfu sem samtíminn gerir. Þessu hljótum við að koma til með að breyta eða vinna að.

Ég vil einnig segja að ég er ekki á sama máli og hv. 11. þm. Reykv. um að könnun og upplýsingaöflun á þessu sviði sé ekki nauðsynleg. Auðvitað hljótum við að byggja á slíku og réttar ákvarðanir velta á því að grundvöllurinn sé upplýstur þannig að það sé hægt að taka á málunum á réttum sviðum.

Hvað varðar seinagang hjá Þjóðhagsstofnun. Því get ég ekki svarað. Ég hef spurt um þetta á ríkisstjórnarfundi og fengið þau svör að Þjóðhagsstofnun telji að málið sé miklu viðtækara en hún gerði sér í upphafi grein fyrir og þeir vilji vanda þetta mjög. Ég efast ekkert um að svo verði gert. Það hlýtur að fara að nálgast sú dagsetning að hún

fari að skila þessu af sér. Menn þar vinna að málinu og hafa fengið til þess aðstöðu og fjármagn.

Hv. 2. landsk. þm. spurði mig einnig um frv. sem Kvennalistakonur eru með um rétt foreldra til að hverfa af vinnumarkaði til að sinna uppeldisþörfum barna sinna með rétti til afturhvarfs og launa. Auðvitað er þetta æskilegt markmið. Ég held að við getum öll tekið undir það. En málið er víðtækara: Er hægt að tryggja það fjármagn í atvinnurekstri og opinberri þjónustu sem nægir til að svara þessu? Það er málið. Ef við getum leyst það er ekkert í veginum.

Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að það sé engin lausn að konur tileinki sér karlastörf. Ég get tekið undir það að nokkru, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að auðvitað er þetta þáttur í heildarlausn á þessu máli.

Ég er einnig ósammála hv. 11. þm. Reykv. um norræna verkefnið sem unnið er að á Akureyri og öðrum Norðurlöndunum og sem er kallað að brjóta múra. Mér finnst þetta mjög merkileg tilraun og hef orðið var við það að eins og það er unnið á Akureyri hlýtur það að skila gífurlegum upplýsingum um hvernig nauðsynlegt er að vinna að þessum málum. T.d. hvernig búið er að ákveða hvernig staðið verður að í sambandi við skólakerfið á Akureyri að þessu verkefni finnst mér mjög merkilegt. Vinir okkar á Norðurlöndum eru grænir af öfund yfir því hvað okkur miðar betur að vinna þetta verkefni en þeir hafa komist yfir.

Hv. þm. vildi leggja áherslu á að það fylgdi ekki hugur máli í sambandi við þær upplýsingar og þær áherslur sem koma fram í þessari skýrslu og eiga eftir að koma betur fram í áætluninni sem ég ætla að mæla fyrir hér á eftir, því að það fylgi ekki fjármagn til framkvæmda. Auðvitað getum við deilt um þetta, svo sem um byggingu dagvistunarstofnana, samfelldan skóladag o.s.frv. En hér verður fjárveitingavaldið að svara. Og þó að deila megi um hvort það hefði átt að koma með meira fjármagn til þessa eða ekki nú er aðalatriðið það að við höfum markmiðin til að stefna að. Ég tel að með því að setja upp svona framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórn stendur að séu komin markmið. Það hlýtur að leiða til þess að smátt og smátt þokast málin fram á við og svo hefur verið.

Í sambandi við fsp. um fæðingarorlofið er það rétt að það var á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar að endurskoða fæðingarorlofið og betrumbæta það. Það var sett í það nefnd sem er núna að ljúka störfum. Ég get upplýst það, því miður er heilbrmrh. farinn úr húsinu, að hæstv. ráðh. tilkynnti á ríkisstjórnarfundi í morgun að frv. væri til og hún mundi leggja það fyrir ríkisstjórnina n.k. þriðjudag. Ég fagna því alveg sérstaklega því að þetta hefur verið eitt af þeim málum sem ég hef viljað berjast fyrir að kæmist fram og það væri lagt þannig fram að það væri vilji fyrir því að gera á þessu breytingu.

Ég get upplýst um niðurstöðu kvennaráðstefnunnar í Nairobi. Það er unnið að þýðingu þessarar ályktunar og henni mun verða dreift. Sömuleiðis mun ég dreifa ályktun ráðherrafundarins í Strasbourg á s.l. ári til þingmanna. Ég hélt að ég væri búinn að fá það í hendur, en ég sé það í gögnum hjá mér að svo er ekki. En ég mun láta ganga frá að það verði gert.

Ég reikna með að koma eitthvað meira inn í umræður í síðara málinu sem hér verður tekið fyrir. En í sambandi við þátttöku kvenna á stjórnmálasviðinu o.s.frv. vil ég aðeins segja það til áréttingar að lokaorð mín í þeirri skýrslu eru í raun og veru hvatning. Auðvitað greinir okkur á um hvernig á þessu skal halda, en alla vega er viðurkenning frá minni hálfu á því sjónarmiði að mér finnst að konur eigi að koma meira inn í þessa mynd. En auðvitað get ég tekið undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að þær verða sjálfar að hafa vilja til þess og skapa sér þá aðstöðu sem þarf til að komast til áhrifa í stjórnmálasamtökum o.s.frv. (**GHelg:** Það er nú erfitt í Framsfl.) Það er erfitt í öllum flokkum, hv. þm. Ég held samt, þó að ég hafi ekki tölur, miðað við það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði áðan hvað Alþb. stæði vel í þessum málum, að minn flokkur standi nokkuð vel á þessu sviði í sambandi við sveitarstjórnirnar. En ekki meira um það.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf við sumum af þeim spurningum sem ég beindi til hans áðan. Ég vil leiðrétta það hér þannig að það komi skýrt fram í þingtíðindum að sú sem hér stendur er 11. þm. Reykv. en hvorki 11. landsk. né 2. landsk. þm.

Ráðherrann lagði áherslu á það í ræðu sinni að framkvæmd jafnréttislaganna væri hjá Jafnréttisráði. Ég er ósammála ráðherra um þessa túlkun því að það er ótvírætt af orðanna hljóðan í lögunum að stjórnvöldum er skylt að hafa frumkvæði að því að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Þar af leiðandi hlýtur framkvæmd þessara laga eins og annarra laga sem sett eru á Alþingi að vera í höndum framkvæmdarvaldsins en ekki í höndum einhvers ráðs úti í bæ jafnvel þó að það ráð sé allra góðra gjalda vert. Ég vil því ítreka að ábyrgðin er hjá framkvæmdarvaldinu og hjá Alþingi og það er þar sem menn þurfa að fara að taka á honum stóra sínum og láta framkvæmdir fylgja orðum.

Hæstv. ráðh. ræddi líka um það sem hér hefur nokkuð verið rætt í umræðunni, um launamisréttið og hvernig mætti taka á því. Hann benti á að launþegasamtökin semja um kaup og kjör en ekki Alþingi og vissulega er það rétt. Hins vegar er Alþingi eða stjórnvöldum í lófa lagið að láta þá skoðun sína í ljós með einhverjum hætti að æskilegt væri að launþegasamtökin reyndu í sínum samningum að taka á þessu launamisrétti. Slík skoðun hefur ekki komið fram af hálfu Alþingis.

Annað sem Alþingi og framkvæmdarvaldið geta gert í þessu efni er hreinlega að leiðrétta launamisréttið í sínum eigin ranni, að leiðrétta það kyn-

bundna launamisrétti sem viðgengst hjá ríkisstarfsmönnum. Reyndar liggur nú hér fyrir þinginu þáltill. sem fjallar nákvæmlega um það. Hún fjallar um að endurmeta kvennastörfin hjá þeim starfsmönnum sem hjá ríkinu vinna og með það í huga að taka á kynbundnu launamisrétti hjá ríkisstarfsmönnum. Ég er því miður ekki með þessa till. með mér hér í ræðustól, en ég mun tala um hana frekar þegar við komum að framkvæmdaáætluninni. Þetta geta stjórnvöld gert. Þau geta byrjað heima hjá sér og tekið á launamisréttinu þar.

Hæstv. ráðh. vék í máli sínu að frv. til l. um rétt foreldra til launalauss leyfis vegna umönnunar barna og sama gerði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir sem talaði þar á undan, ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í máli hennar, að það gæti komið niður á konum að útvega þeim rétt eins og þann sem frv. kveður á um. Að vísu sé ekkert atvinnuleysi hér á landi, en það gæti orðið til þess að atvinnurekendur ráði síður konur í sína þjónustu ef þær hafi þennan rétt en ella.

Hérna eru á ferðinni ákaflega hættulegar röksemdir. Þetta er það sama og að segja að allt sem eykur rétt kvenna geri þær að óvænlegum kosti fyrir atvinnulífið. Því meiri rétt sem þær hafa, því hærri laun sem þær gera kröfu til, því óvænlegri kostur eru þær. Þetta eru röksemdir sem ég get alls ekki fallist á því að þær leiða af sér að óbreyttu ástandi verði við haldið og við erum held ég sammála um að það gengur ekki.

Síðan nefndi þm. að það væri nú ansi hart fyrir þá konu sem réði sig í staðinn fyrir þá konu sem færi í tveggja ára leyfi að vera aðeins ráðin til tveggja ára.

Sú kona sem ræður sig í staðinn fyrir konuna sem fer út samkvæmt hljóðan þessa frv. veit að hverju hún gengur. Og spurningin er: Er þá ekki betra að bæði hún og hin konan hafi þennan rétt en að ástandið sé óbreytt? Um það er valið. Það er ekki val um neitt annað.

Hæstv. ráðh. tók vel í þetta frv. og þakka ég honum það. Hann sagði að markmið þess væri æskilegt og ekkert væri á móti frv. ef hægt væri að tryggja fjármagn til að standa straum af kostnaði vegna þess. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að eins og kemur fram í grg. með frv. kostar þetta frv. ekki neitt, ekki eina einustu krónu. Frv. snýst um réttindi sem hafa engan kostnað í för með sér. Þar sem svo er hlýt ég að skilja orð hæstv. ráðh. sem svo að hann sé tilbúinn að styðja þetta frv. og leggja því lið á leið sinni í gegnum þingið.

Hæstv. ráðh. nefndi einnig það sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni að orð og gerðir færu ekki saman og sagði þá hæstv. ráðh. að fjárveitingavaldið yrði að svara til um það. Hæstv. ráðh. er auðvitað fjárveitingavaldið og er því ábyrgur og því þýðir ekkert að skjóta sér á bak við eitthvert óhlutgert fjárveitingavald í þessu efni. Hæstv. ráðh. á sæti í þeim hóp sem hefur fjárveitingavaldið í höndum sér hér á Alþingi.

Það eru komin markmið nú, segir hæstv. ráðh. Það er rétt. Þau hafa reyndar verið til áður en ég tek eindregið undir það með hæstv. ráðh. að vonandi tekst að framkvæma þessi markmið og það sem allra fyrst.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri hér. Ráðherra vék í lok máls síns að síðustu orðum skýrslunnar þar sem konur eru hvattar, eins og hann sagði, til að gefa kost á sér til Alþingis og sveitarstjórna. Ég hef áður nefnt að það sé ekki þar sem potturinn er brotinn. Konur gefa kost á sér. Hvatning er ágæt, en konur þurfa kannske ekki hvatningu. Hún er komin. Konur hafa nógan og fullan vilja til að gefa kost á sér til þessara hluta. Það eru aðrir þættir sem koma í veg fyrir og það veit ég að hæstv. ráðh. er jafnvel kunnugt um og mér.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín lengri nú, en ég fer þess á leit við hæstv. forseta að næsta máli á dagskrá, sem er skýrsla félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, verði frestað til næsta fundar. Hér eru aðeins tveir þm. í þingsal fyrir utan hæstv. félmrh. og hér er um ákaflega mikilvæga framkvæmdaáætlun að ræða. Ég vil, vegna þess hve hér er lítið sóttur fundur, mælast til þess við hæstv. forseta að umræðu um þessa framkvæmdaáætlun verði frestað til næsta fundar í Sþ. í þeirri von að þá verði hér fleiri til að taka þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti metur það jafnan hvað hæfilegt er að gera undir slíkum kringumstæðum sem nú eru og það skal tekið fram að forseti hefur fyrir þó nokkru tjáð þeim sem hafa spurt hann um það hvort þetta mál sem næst er á dagskrá verði tekið á dagskrá að það verði ekki tekið til umræðu.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala mjög langt mál núna. Ég ætla að leiðrétta hv. síðasta ræðumann. Hún hefur ekki getað hlustað á mína ræðu. Það er eðlilegt að hún hafi misskilið það sem ég sagði hér þar sem hún var á hlaupum út og inn úr salnum.

Ég nefndi ekki að það yrðu ráðnir frekar karlmenn í stað kvenna ef þetta frv., sem hér hefur verið til umræðu varðandi rétt foreldra til að ganga inn í starf eftir tveggja ára fjarvist vegna barnsburðarleyfis, yrði að lögum. Það voru alls ekki mínar röksemdir. Ég tók aðeins eitt dæmi varðandi dagvistarstofnanir. Það hafi leitt til þess í öðrum löndum að karlmenn hafi verið ráðnir í stað kvenna. Það var allt annað mál, sem var þar um að ræða, en þetta. Ég vildi koma í ræðustól og leiðrétta það. Það sem ég lagði mikla áherslu á varðandi frv. sem liggur nú í Ed. Alþingis var að það þyrfti að koma í ljós hverjum þetta kæmi til góða og það þyrfti að skoða þetta mál mjög vel og jákvætt. En ég benti á að þetta kæmi ekki láglaunahópunum til góða og nefndi þá m.a. að þetta gæti bitnað á þeirri konu sem gengi inn í starf þeirrar sem færi í frí. Ég held að

ýmis slík atriði verði að vera til umræðu og umhugsunar og við megum ekki samþykkja neitt blindandi.

En mér finnst jákvætt að það sé rætt um þessi mál og mér finnst miður þegar hv. þm. kemur upp með neikvæðan tón og segir að ég haldi því fram að það verði karlmenn ráðnir í stöðurnar mun frekar. Það vildi ég leiðrétta.

En varðandi Jafnréttisráð og það, sem hæstv. ráðh. kom að áðan, að hagur Jafnréttisráðs sé mun betri en hafi verið, verð ég að leyfa mér að segja að 40% hækkun á milli ára á svona lágri upphæð er ekki mikið til að hreykja sér af. Ef við lítum í fjárlagafrv. sjáum við skrifstofur ráðuneytanna, t.d. menntmrn. Bara framlög til þeirrar skrifstofu hækka um 38,4% á milli fjárlaga. Hér er því ekki um mjög háa tölu að ræða. Ég held að það megi mun meira gera í þeim efnum ef á að duga. Þó það hefðu verið 100% hefði það ekki verið mikið í krónutölu miðað við margt annað. Það er einnig rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að auðvitað eru aðilar vinnumarkaðarins þeir aðilar sem semja fyrir mjög stóran hóp kvenna. Ég kom að því í mínu máli áðan að það eru allt of fáar konur sem taka þátt í þeim samningum sem fara fram á milli aðila vinnumarkaðarins. Það er vandamál sem við blasir og þarf að reyna að taka á. Við getum það ekki á hv. Alþingi, en við getum bent á, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að það er hægt að leggja línurnar og það væri hægt að leggja virkilega línurnar ef hæstv. ríkisstjórn mundi hækka verulega þau laun sem gilda hjá opinberum starfsmönnum, hefðbundnum kvennastéttum. Það hefði áhrif út á hinn frjálsa markað og það væri fordæmisskapandi. Ríkisstjórnin gæti því haft virkileg áhrif hafi hún vilja til þess að beita sér.

Efnisskrá.

Alnæmissjúklingar (224. mál) 2682.
Ávana- og fíkniefni (298. mál) 2679.
Egilsstaðaflugvöllur (317. mál) 2778.
Fasteigna- og skipasala (193. mál, trygging) 2660, 2742.
Fjarkennsla á vegum Háskóla Íslands (255. mál) 2712, 2778.
Fjáröflun til vegagerðar (295. mál, gjalddagar þungaskatts) 2658, 2715.
Flugmálaáætlum (316. mál) 2716.
Framtíðarskipan kennaramenntunar (238. mál) 2705, 2778.
Heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafar (301. mál) 2703.
Hjálparkalltæki (278. mál) 2696.
Hjálparstöð fyrir börn og unglinga (299. mál) 2687.
Húsnæðisstofnun ríkisins (318. mál, lánsréttur o.fl.) 2753.
Hvalveiðar og hvalarannsóknir (282. mál) 2689.
Jarðræktarlög (308. mál, heildarlög) 2661.
Kennaraháskóli Íslands (181. mál, Rannsóknarstofnun uppeldismála) 2657, 2752.
Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum (138. mál) 2705.
Kosningar til Alþingis (280. mál, úthlutun jöfnunarsæta) 2662, 2742.
Leigunám gistiherbergja (291. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2657, 2715.
Leigunám fasteigna (292. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2658, 2715.
Opinber innkaup (125. mál) 2657, 2748.
Orkulög (281. mál, umráðaréttur á háhitasvæðum) 2672, 2742.
Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (272. mál) 2782.
Sálfræðiþjónusta á Austurlandi (287. mál) 2699.
Skipan opinberra framkvæmda (124. mál, yfirstjórn verklegra framkvæmda) 2657, 2743.
Snjómokstursreglur (260. mál) 2675.
Staða og þróun jafnréttismála (215. mál) 2783, 2810.
Um þingsköp 2667 (þingstörfin og þinghaldið); 2809 (svar við fsp. um söluskattsskil).
Umræður utan dagskrár 2803 (tilraunasprengingar með kjarnavopnum).
Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (271. mál) 2659, 2715.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2802, 2803, 2809, 2822.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2740, 2741.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2747, 2752.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2659, 2680, 2688, 2807.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2753, 2773, 2783, 2817.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2743, 2748, 2751.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 2683, 2685, 2688, 2697, 2699, 2704.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2673.
Landbrh. Jón Helgason 2661.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2700, 2702, 2710, 2713, 2752.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2668, 2676, 2678, 2716, 2737, 2778.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2690, 2695.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2804, 2808.
Björn Dagbjartsson 2693.
Egill Jónsson 2736, 2742.
Eiður Guðnason 2682, 2684, 2686, 2694, 2722, 2729, 2735.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2658, 2716, 2782.
Guðrún Agnarsdóttir 2670, 2679, 2681, 2687, 2688, 2703, 2704, 2746, 2749, 2751, 2806.
Guðrún Helgadóttir 2689, 2693, 2695, 2696, 2698.
Gunnar G. Schram 2660.
Halldór Blöndal 2767.
Haraldur Ólafsson 2726, 2731.
Helgi Seljan 2675, 2677, 2678, 2699, 2701, 2733, 2741, 2779.
Hjörleifur Guttormsson 2694, 2705, 2711, 2744, 2749, 2752, 2763, 2771, 2803, 2807, 2808, 2810.
Jóhanna Sigurðardóttir 2756, 2776.
Jón Kristjánsson 2657, 2658, 2723, 2730, 2781.
Karl Steinar Guðnason 2727, 2735.
Karvel Pálmason 2678.
Kjartan Jóhannsson 2662, 2670, 2672, 2674, 2805, 2809.
Kolbrún Jónsdóttir 2686, 2814, 2822.
Páll Pétursson 2665, 2668, 2808.
Ragnar Arnalds 2712, 2714.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2731, 2791, 2820.
Skúli Alexandersson 2695, 2719, 2728.
Steingrímur J. Sigfússon 2684.
Svavar Gestsson 2666, 2667, 2669, 2671, 2750.

EFRI DEILD

38. fundur, mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, 3. umr.

Stjfrv., 271. mál. — Þskj. 430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 581).

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 563.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Frú forseti. Á þskj. 563 flyt ég frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, mál sem hefur verið nær tíu ár í aðdrögum og er nú mál að linni, og legg ég enda mjög mikla áherslu á, ef þess er nokkur kostur, að frv. þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi.

En það er frá því að segja að haustið 1977 skipaði þáv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til þess að endurskoða gildandi lagaákvæði um Rannsóknaráð ríkisins, sbr. lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og samtímis aðra nefnd til að endurskoða lög um Vísindasjóð nr. 51/1957, sbr. lög nr. 34/1971. Samkvæmt skipunarbréfi var þeirri nefnd m.a. ætlað að kanna hvort tiltækilegt mundi að stjórnum deilda Vísindasjóðs, þ.e. hugvísindadeildar og raunvísindadeildar, yrði falið að gegna hlutverki rannsóknaráðs, hvorri á sínu sviði undirstöðurannsókna. Þess var óskað að endurskoðunarnefndirnar tvær hefðu samráð og samstarf sín í milli í því skyni að tillögur þeirra gætu orðið sem traustastur grundvöllur ákvarðana um heildarskipan vísindamála. Jafnframt var boðað að nefndirnar mundu verða beðnar að fjalla í sameiningu um tillögur sem fyrir lágu um stofnun sérstaks rannsóknaráðs á sviði læknisfræði.

Í fyrri nefndina, nefndina um Rannsóknaráð ríkisins, voru skipaðir Steingrímur Hermannsson, þáv. framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður, dr. Ásbjörn Einarsson, þáv. deildarstjóri í Rannsóknastofnun iðnaðarins, dr. Björn Dagbjartsson, þáv. forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ellert B. Schram alþm. og Sveinbjörn Björnsson, þáv. stjórnarformaður Raunvísindastofnunar Háskólans.

Í síðartöldu nefndina, sem átti að fjalla um Vísindasjóð, voru skipaðir dr. Ólafur Bjarnason, formaður stjórnar Vísindasjóðs, og var hann skipaður formaður nefndarinnar, dr. Guðmundur Pálmason, þáv. formaður stjórnar raunvísindadeildar sjóðsins, dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar hugvísindadeildar, Guðlaugur Þorvaldsson, þáv. háskólarektor, dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigmundur Guðbjarnason, þáv. formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins.

Vísindasjóðsnefndin skilaði áliti í júní 1981 með tillögum að frv. til l. um Vísindaráð ríkisins. Rannsóknaráðsnefnd skilaði áliti í maí 1982 með tillögum að frv. til l. um breytingar á lögum nr. 64 frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þ.e. þeim ákvæðum er varða Rannsóknaráð ríkisins.

Tillögur nefndarinnar voru í samræmi við sameiginlega málamiðlunarniðurstöðu þeirra um skipan rannsóknaráða fyrir vísindalega rannsóknastarfsemi í landinu. Sú skipan fól í sér að auk Rannsóknaráðs ríkisins, sem fjalla skyldi um hagnýtar rannsóknir í raunvísindum og tækni, yrði komið á fót Vísindaráði ríkisins er greindist í þrjár deildir, náttúruvísindadeild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Jafnframt var gert ráð fyrir samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er ynni að því að tryggja eðlilega samvinnu og verkaskiptingu ráðanna.

Fram kom að vísindasjóðsnefnd hefði hallast að því að stofnað yrði eitt sameiginlegt rannsóknaráð er tæki yfir öll svið vísindastarfsemi í landinu en starfaði í fjórum deildum. Rannsóknaráðsnefnd hafnaði hins vegar þeirri leið þar sem hún taldi að með því móti gæti reynst erfitt að skapa nauðsynleg tengsl atvinnuveganna við rannsóknir í þeirra þágu en tryggja jafnframt sjálfstæði annarrar rannsóknastarfsemi.

Síðan nefndirnar skiluðu áliti hafa tillögur þeirra verið til athugunar og meðferðar með ýmsum hætti. M.a. var fjallað sérstaklega um frumvarpsdrögin á fundi í Rannsóknaráði ríkisins í nóvember 1983 og í framhaldi af þeim umræðum voru tillögurnar sendar ýmsum aðilum til umsagnar. Að tilhlutan menntmrn. var m.a. hugað sérstaklega að möguleikum á því að sameina frumvarpsdrögin með þeim hætti að stofnað yrði eitt vísinda- og rannsóknaráð deildaskipt í stað þess að hafa tvö sjálfstæð ráð, en um þetta atriði höfðu skoðanir reynst skiptar eins og áður segir.

Frv. það sem hér liggur fyrir er í meginatriðum reist á tillögum nefndanna tveggja sem að framan getur. Þó er valin sú leið að sameina ákvæðin um Vísindaráð og Rannsóknaráð í eina löggjöf með allítarlegum ákvæðum um samstarf þeirra, bæði að því er varðar stefnumótun og framkvæmdaatriði.

Meginmarkmið þessa frv. er fjórþætt:

1. Að víkka starfssvið Vísindasjóðs, bæta við ráðgefandi og stefnumótandi hlutverki með myndun Vísindaráðs.

2. Að veita Rannsóknaráði ríkisins ekki aðeins

ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk heldur fela því jafnframt úthlutun rannsóknastyrkja til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna.

3. Að efla samstarf rannsóknaraðila í landinu og skapa vettvang samskipta og verkaskiptingar þeirra sem um þessi mál fjalla.

4. Að treysta fjárhagsgrundvöll íslenskra vísindarannsókna.

Helstu nýmæli sem er að finna í frv. þessu eru í fyrsta lagi að stofnað verður Vísindaráð er greinist í þrjár deildir, náttúruvísindadeild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Gert er ráð fyrir að Vísindasjóður starfi áfram sem fjárhagslega sjálfstæður aðili en verði undir stjórn Vísindaráðs. Vísindaráð tekur að því leyti við verkefnum núverandi stjórnar og deildastjórna Vísindasjóðs, en fær auk þess almennt hlutverk rannsóknaráðs á þeim sviðum vísinda sem starfsemi þess tekur til.

Þá er það í öðru lagi nýmæli að fulltrúum í Rannsóknaráði ríkisins fækkar úr 21 í 7 og verða skipaðir með öðrum hætti en samkvæmt gildandi lögum. Felldur er brott sá þáttur úr verkefnum Rannsóknaráðs sem lýtur að því að ráðið standi sjálft að athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins. Jafnframt er verksvið ráðsins takmarkað við hagnýtar rannsóknir meira en gert er í gildandi lögum.

Þá telst það til nýmæla að gert er ráð fyrir lögfestingu rannsóknasjóðs sem Rannsóknaráð ríkisins veitir styrki úr til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna.

Í fjórða lagi er þess að geta að lagt er til að tæki og annar búnaður, sem keypt verði fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði, skuli undanþegin tollum og öðrum aðflutningsgjöldum. Er hér raunar verið að standa við Flórens-sáttmálann svonefnda sem Ísland hefur gerst aðili að.

Í síðasta lagi ber þess að geta að gert er ráð fyrir fimm manna samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntmrh. skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra. Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

Þetta er það helsta sem ég vil taka fram nú við 1. umr. þessa máls. Ég vil ekki draga neina dul á það að hið háa Alþingi verður vitanlega að gera sér ljósa grein fyrir því að þegar tekið er til við endurskipulagningu með þessum hætti á þessum veigamiklu, viðamiklu og mikilvægu stofnunum verður Alþingi að sjá af stórauknu fjármagni til þessara hluta. Það mega menn gera sér ljóst að á þessum tímum sem nú lifum við, um hina öru þróun tækni og vísinda, verður ekki öðruvísi staðið í ístaðinu af Íslands hálfu nema menn leggi stóraukið fé frá því sem verið hefur til hvers konar rannsókna, hvort heldur eru á vísindasviði eða í þágu atvinnuveganna, allt sem að því lýtur að við bæði fylgjumst með og höfum við í þeirri skjótu framþróun sem á öllum sviðum blasir við.

Ég endurtek áherslu þá sem ég hlýt að leggja á að mál þetta fái skjótan og greiðan framgang á hinu háa Alþingi. Það hefur lengi verið í aðdrögum og mikið og vel til þess vandað og í þeirri gerð sem það er nú virðist það hljóta náð fyrir augum þeirra sem mest hafa að því unnið en lengst af þó ekki orðið á eitt sáttir um með hvaða hætti á skyldi tekið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar 1. umr. um frv. lýkur verði því vísað til 2. umr. og menntmn.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú byrja á því að fagna þeim orðum hæstv. ráðh. sem hann hafði í lok máls síns um þörf stóraukins fjármagns til vísindarannsókna, vísindaiðkana í landinu, ef við eigum að geta haldið í við aðrar þjóðir varðandi þróun í tækni og vísindum í framtíðinni.

Það er í raun og veru orðinn lengri meðgöngutími þessara umbrota við endurskoðun á lögum til Rannsóknaráðs a.m.k. en þau tíu ár sem hæstv. ráðh. gat um. Það var þegar á árunum í kringum 1970 að uppi voru háværar deilur um starfsemi Rannsóknaráðs og þá var skipuð nefnd, árið 1970, til að endurskoða lagaákvæði um ráðið. Sú nefnd starfaði til ársins 1977, náði ekki samstöðu um lagabreytingar og klofnaði í þrennt, en engin af tillögum nefndarinnar náði fram að ganga eða segja má vakti verulega athygli.

Eins og hæstv. ráðh. gat um átti ég sæti í nefndinni sem falið var að endurskoða lög um Rannsóknaráð. Og það er rétt að taka það fram að það var endurskoðun á lögum um Rannsóknaráð sem þeirri nefnd var falin en vísindasjóðsnefndinni var falið að semja ný lög um Vísindasjóð og var samstarfs nefndanna óskað í skipunarbréfum beggja.

Það er nú svo að ég hef nokkrum sinnum skipt um skoðun í þessu máli, hvort æskilegra væri að eitt vísinda- og rannsóknaráð starfaði sameiginlega eða hvort þau væru tvö. Stundum hefur mér fundist að heppilegra væri að sameina og minnka umfang með einu ráði, en síðan hefur oft hvarflað að mér að í rauninni er undirbúningur að Vísindaráði alls ekki nógu langt kominn. Sumar þær deildir sem gert er ráð fyrir eru að vísu burðugri en aðrar, en það verður að játast að sumar deildir sem ætlast er til að verði í Vísindaráði eru alveg ófullburða og þar er töluvert verk eftir óunnið.

Þetta mál var, eins og ráðherrann gat um, alls ekki í einu lagi í upphaflegum tillögum nefndanna. Rannsóknaráðsnefndin gat þá ekki fallist á þá tillögu sem vísindasjóðsnefndin lagði til um eitt ráð og lágu til þess ýmsar ástæður. M.a. töldum við nauðsynlegt að rannsóknir í þágu atvinnuveganna væru í sterkum tengslum við viðkomandi atvinnuveg, þróun hans og framtíð. Fjárhagsleg og önnur þátttaka atvinnurekstrarins í rannsóknastarfseminni þarf að fara vaxandi og um leið áhrif viðkomandi atvinnuvega á starfsemina sjálfa.

Þessu var aftur, að við töldum, allt öðruvísi farið

með rannsóknir í líf- og læknisfræði. Við töldum að það gæti reynst erfitt að skapa þessi nauðsynlegu tengsl fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en tryggja um leið sjálfstæði annarrar rannsóknarstarfsemi. Enn fremur segir í vangaveltum okkar, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknir í þágu atvinnuveganna munu eðlis síns vegna ætíð vera langsamlega viðamestar. Nefndin óttast því að aðrar umfangsminni rannsóknir kunni að hverfa í skugga rannsókna í þágu atvinnuveganna og verði ekki sinnt eins og nauðsynlegt er. Rannsóknaráðsnefndin vekur jafnframt athygli á því að ekki er algengt erlendis að eitt rannsóknaráð skipuleggi eða hafi heildarsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í viðkomandi landi. Í Noregi t.d. eru fjögur öflug rannsóknaráð. Starfsemi þeirra er hins vegar samræmd innan nefndar sem nefna mætti samstarfsnefnd rannsóknaráðanna. Tillögu vísindasjóðsnefndarinnar var því hafnað. Hins vegar var lagt til að rannsóknaráðin yrðu tvö og starfsemin tengd og samræmd með samstarfsnefnd."

Síðan er allmikið vatn runnið til sjávar og vissulega hefur með þeirri umræðu sem átt hefur sér stað síðan þetta álit sá dagsins ljós, líklegast 1981 að mig minnir, og undirbúningi að Vísindaráði eða þeim beinum sem uppistaða verða í Vísindaráði átt sér stað þó nokkur þróun og ég tel að það sé mun nær því að Vísindaráð, eins og það er hér hugsað, gæti tekið til starfa eins og nú er.

Samstarfsnefndin, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrv. og var í raun og veru í hinu upphaflega lagafrv. líka, hefur fengið nokkuð veigameira hlutverk að mér sýnist. Í þeim tillögum sem rannsóknaráðsnefndin skilaði á sínum tíma segir, með leyfi forseta, að ljóst sé „að verkefni Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs geta í ýmsum tilfellum skarast. Rannsóknir á nýtingu auðlinda landsins annars vegar og grundvallarrannsókna á náttúru þess hins vegar eru t.d. nátengdar. Í slíkum tilfellum getur verið nauðsynlegt að koma á samstarfi, draga úr tvíverknaði og ákveða á hvern máta fjármagni til rannsókna er best varið. Æskilegt er jafnframt að einhver aðili hafi yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og stuðli að því að rannsóknaráðin tvö starfi með ákveðin markmið í huga, t.d. með tilliti til þess fjármagns sem fáanlegt er til rannsóknastarfseminnar og skiptingar þess á milli hinna ýmsu greina."

Við gerðum þá ráð fyrir að í samstarfsnefndinni sætu tveir menn, en hér eru þeir fimm og allir skipaðir án tilnefningar. Ég skal ekki segja um það. Sjálfsagt er það alveg jafngott fyrirkomulag.

Eins og ég sagði áður tel ég að það sé miklum mun líklegra að frv. eins og það sem hér er lagt fyrir geti hlotið stuðning og það helst allra sem að vísindarannsóknum starfa en þá var, ekki hvað síst vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í Háskólanum, í rannsóknastofnunum atvinnuveganna og meðal þeirra manna sem þessi mál snerta daglega.

Hæstv. ráðh. gat um nokkrar breytingar sem á þessu eru frá hinum fyrri lögum. Ég get aðeins farið yfir nokkrar þeirra sem við töldum á sínum tíma þýðingarmestar. Þar ber náttúrlega hæst Rannsóknasjóðinn. Rannsóknasjóðurinn er að vísu orðinn veruleiki frá ári til árs, ef svo má segja, s.l. tvö ár og því ber að fagna að hér er hann lögfestur.

Ég veit að um það var uppástunga að fastur tekjustofn yrði markaður til Rannsóknasjóðs og í tillögum sem ég vissi að uppi voru nýverið var stungið upp á fjárhæð sem svaraði 0,2% að mig minnir af fjárhæð fjárlaga hverju sinni. Það vill svo til að þetta er mjög nærri því sem var fyrstu tvö árin sem fé var veitt til Rannsóknasjóðs. Nú er þetta nokkru minna, líklega nær 0,15% eða 0,17%. En við skulum vona að fjárveitingarnar verði af þessari stærðargráðu. Ekki mega þær minnka. Ég vonast til þess að áherslur hæstv. ráðh. hér áður komi að gagni.

Í kaflanum um Rannsóknaráð gert ráð fyrir töluverðri fækkun í ráðinu sjálfu. Í raun hefur það verið svo að framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, sem skipuð er fimm mönnum kosnum af ráðinu sjálfu, hefur farið með hina daglegu stjórn, ef svo má segja, eða verið hið virka rannsóknaráð. Því er ekki að neita fyrir þá sem setið hafa í ráðinu, og ég hef gert það líklega í ein fjórtán ár, að hinir sjö þingkjörnu menn sem sæti hafa átt í ráðinu hafa ekki verið sérstaklega þaulsætnir á fundum þess. Það hlýtur að vera óhætt að álykta sem svo að að einhverju leyti sé það þess vegna að ekki er gert sérstaklega ráð fyrir þingkjörnum mönnum í Rannsóknaráði í þessu frv. Þó geta það auðvitað verið þingmenn sem ráðherrarnir, sem tilgreindir eru, tilnefna. Það er ekkert við því að segja og að sjálfsögðu eiga þingmenn að njóta almennra mannréttinda eins og aðrir og geta verið skipaðir í nefndir þess vegna.

Deildaskipting Vísindaráðs, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr., var alltaf svolítið vandræðaleg. Það var okkur t.d. nokkur þyrnir í augum hvernig fulltrúar skyldu skipaðir á fundi stofnana og félaga sem fást við viðkomandi rannsóknir. Auðvitað er hægt að hugsa sér að slíkar tilnefningar verði nokkuð samhljóða, að menn komi sér saman um þá sem hæfastir eru. Hins vegar er hægt að efna til úlfúðar með kosningabaráttu í þessi störf ef þau eru þá, og við skulum vona að þetta verði áhrifamikil störf, og má vera að hægt hefði verið að finna annað form á tilnefningu þessara tveggja fulltrúa. En látum það nú vera. Ég sé ekki ástæðu til þess að fetta svo mikið fingur út í það.

Það var töluvert rætt um það á sínum tíma, meðan við vorum að hugsa um eitt vísinda- og rannsóknaráð, hvar það ætti heima í stjórnkerfinu. Ýmsum fannst að eðli málsins vegna, þar sem þetta snertir svo mörg svið, væri eðlilegt að það heyrði undir forsrn. Hér er gert ráð fyrir menntmrn. og í rauninni varð sú hugmynd líka ofarlega hjá mönnum.

Ég býst við að hæstv. menntmn. þurfi að vinna hratt í þessum efnum. Ég veit að tíminn er skammur

til loka þings en það er mikil bót að mjög mikið hefur verið fjallað um þetta mál og ég held að ég túlki það rétt að jafnvel þó að menn hefðu séð einhverjar breytingar og eitthvað fara öðruvísi í þessu frv. muni því vera fagnað af þeim sem gerst þekkja og þetta mál mundu fá til umfjöllunar. Ég sé heldur ekkert athugavert við það að hæstv. nefnd taki vinsamlega ábendingum um það sem betur mætti fara. Ég vildi að það kæmi fram sem ég hef hér sagt þar sem ég á ekki sæti í hæstv. menntmn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að komið er fram frv. um skipan vísindarannsókna hér á landi. Það hefur lengi verið beðið eftir þessu frv. og nú er það hér fram komið. Sérstaklega fagna ég þó orðum hæstv. ráðh. í framsögu hans áðan þar sem hann tók fram að menn yrðu að gera sér grein fyrir því að ættu rannsóknir og vísindi hér á landi að eflast að einhverju marki þyrfti stóraukið fé til þeirra hluta frá því sem nú er. Það er svo sannarlega satt og rétt og fagnaðarefni að hæstv. ráðh. skuli brýna það fyrir mönnum.

Það hefur lengi verið ljóst að staða og skipulag rannsóknastarfsemi innan stjórnkerfisins hérlendis hefur þarfnast endurskoðunar og breytinga. Skorti á heildarskipulagi hefur fylgt alvarlegur skortur á fjármögnun til rannsókna hérlendis. Eins og menn vita verjum við Íslendingar minna af opinberu fé til rannsókna en nokkur nágrannaþjóð okkar en þær hafa á undanförnum áratugum aukið mjög fjármagn til rannsóknastarfsemi. Þessi auknu útgjöld eru tengd bjartsýni og skilningi á þeim möguleikum sem felast í nýrri þekkingu og tækninýjungum en á þeim sviðum vænta menn helstra framfara og breytinga á atvinnuháttum komandi ára. Jafnframt er sífellt fleirum að verða ljóst að vísindaleg þekkingarsköpun er álíka mikilvæg fyrir sjálfstæði þjóða og listsköpun, viðhald sérstakrar þjóðtungu og vökul tengsl við menningarrætur og þjóðarsögu. Jafnframt fer þeim einnig fjölgandi sem bera hag Háskóla Íslands fyrir brjósti sem vísindastofnunar en ekki fyrst og fremst sem embættismannaskóla. Það er því vel og í samræmi við tíðarandann að hér skuli loksins hafa séð dagsins ljós frv. til l. um skipan vísindarannsókna hér á landi.

Hæstv. ráðh. tók fram í ræðu sinni áðan að hann hygðist beita sér fyrir því að frv. þetta fengi fullnaðarumfjöllun á þessu þingi og að á þessu þingi yrðu afgreidd lög um vísindarannsóknir hér á landi. Ég fagna þessari yfirlýsingu. Ég er eindregið fylgjandi því að hafa snör handtök í þessu máli en ég vil einnig taka fram að það er nauðsynlegt að háskóla- og rannsóknamenn fái að fjalla um frv. í þeirri mynd sem það er núna. Það hefur komið fram að þessi mál hafa lengi verið til umfjöllunar og margir komið þar að, en ég held að nauðsynlegt sé að þeir sem málið er skyldast og geta talað af reynslu í þessum efnum fái tækifæri til að segja álit sitt á skipan þessara mála eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að hún verði. Til þess þarf að hafa snör handtök í menntmn. og skal ég ekki láta mitt eftir liggja, en þar á ég sæti.

Hvað frv. varðar hef ég nokkrar athugasemdir við það að gera. Í fyrsta lagi varpa ég þeirri spurningu fram hvort æskilegt sé að tvískipta rannsókna- og vísindastarfsemi í landinu með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv., annars vegar í Vísindaráð og Vísindasjóð og hins vegar í Rannsóknaráð og Rannsóknasjóð. Ég hef miklar efasemdir um þessa tvískiptingu og tel í fyrsta lagi að þetta sé of flókið skipulag hjá jafnfámennri þjóð sem hefur ekki og mun að jafnaði ekki vera með svo umfangsmiklar vísindarannsóknir að ekki megi koma þeim haganlega fyrir á einum stað. Um þetta eru skiptar skoðanir eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns og eins og fram kemur í grg. með frv. og ráðherra gerði grein fyrir í framsögu sinni. Þar kemur fram að vísindasjóðsnefnd hefði á sínum tíma hallast að því að stofna eitt sameiginlegt rannsóknaráð yfir öll svið vísindastarfsemi í landinu en að rannsóknaráðsnefnd hafi hins vegar hafnað þeirri leið á þeirri forsendu, eins og hér segir, með leyfi forseta, „að erfitt gæti reynst að skapa nauðsynleg tengsl atvinnuveganna við rannsóknir í þeirra þágu en tryggja jafnframt sjálfstæði annarrar rannsóknastarfsemi". Mér sýnist að hér sé um ástæðulausan ótta að ræða hjá rannsóknaráðsnefnd. Ég held að það ætti ekki að vera mikill höfuðverkur að tryggja sjálfstæði „annarrar rannsóknastarfsemi" með skýrum verkskiptingar- og fjármagnsskiptingarreglum þannig að þetta mætti vel fara saman allt á einum og sama staðnum.

Í öðru lagi, og það er e.t.v. verst við þessa skiptingu, er fjárveitingavaldinu fengið það hlutverk í hendur að skipta því fjármagni sem er til rannsókna- og vísindastarfsemi á hverjum tíma á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Það væri miklu eðlilegra að þeir sem hafa með vísinda- og rannsóknastarfsemi að gera skipti þessu sjálfir enda hljóta þeir að vera betur í stakk búnir en fjárveitingavaldið til að meta það hvor geirinn þarf á meira eða minna fé að halda hverju sinni. Einnig má nefna að þessi skipting, annars vegar í grunnrannsóknir og hins vegar í hagnýtar rannsóknir, er hæpin því í raun og veru eru bara til rannsóknir og sumar geta orðið hagnýtar, aðrar ekki, og það er ekki ávallt vitað fyrir fram hvort rannsóknir geta nýst á hagnýtan hátt eður ei. Ég held því að þessi skörpu skil á milli hagnýtra rannsókna og grunnrannsókna standist ekki neitt veruleikapróf. Þetta þrennt, í fyrsta lagi að hér sé verið að gera skipulagið óþarflega flókið, í öðru lagi að fjárveitingavaldið ákveði í hvers lags rannsóknir skuli beina fjármagninu en ekki vísindamenn sjálfir og í þriðja lagi hæpnar forsendur þess að skilja á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, tel ég einkum mæla gegn því að sú tvískipting sem frv. gerir ráð fyrir sé heppileg. Þetta munum við væntanlega athuga nánar í menntmn. en ég vildi láta það koma fram strax við 1. umr. að þetta er eitt af því sem ég held að nauðsynlegt sé að

athuga betur.

Önnur athugasemd sem ég geri við þetta frv. er varðandi 2. gr. þess. Þar er fjallað um verkefni Vísindaráðs og séu verkefni Vísindaráðs borin saman við verkefni Rannsóknaráðs kemur í ljós að Vísindaráð er nokkuð frumkvæðislaust miðað við Rannsóknaráð. Vísindaráði er ekki ætlað að halda ráðstefnur um stöðu og gang rannsókna hér á landi eins og Rannsóknaráði. Vísindaráði er ekki ætlað að kynna og fræða eins og Rannsóknaráði er ætlað að gera og held ég að það þurfi að samræma betur hlutverk þessara tveggja ráða ef tvískiptingin á að vera við lýði og fá Vísindaráði einnig það hlutverk að fræða og kynna því að það er ekki síður mikilvægt að fræða um og kynna grunnrannsóknir en hagnýtar rannsóknir.

Síðan er það 3. gr. frv. Þar kemur fram að Vísindaráð sem fram til þessa hefur skipst í tvær deildir, annars vegar raunvísindadeild og hins vegar hug- og félagsvísindadeild, á nú að skiptast í þrjár deildir, í náttúruvísindadeild, í líf- og læknisfræðideild og í hug- og félagsvísindadeild. Hérna sýnist mér að áherslan færist í nokkuð auknum mæli inn á svið rannsókna í raunvísindum. Samkvæmt þessu eru komnar tvær raunvísindadeildir í Vísindasjóð og öll hug- og félagsvísindi sameinuð í eina deild. Þar við bætist að Rannsóknasjóði er ætlað að styðja hagnýtar rannsóknir og að svo miklu leyti sem hægt er að gera greinarmun á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum eru hagnýtar rannsóknir yfirleitt á sviði raunvísinda. Áherslan, þunginn, er því greinilega samkvæmt þessu frv. á raunvísindasviðinu. Ég vil vara við þessum áherslum. Í fyrsta lagi vil ég benda á að rannsóknir í hug- og félagsvísindum eru mikilvægar í sjálfu sér og geta haft víðtæk áhrif á þjóðfélagsþróun og skilning manna á þeirri veröld sem þeir byggja. Þess vegna eru þær ekki síður hagnýtar í sjálfu sér en ýmsar rannsóknir á sviði raunvísinda. Í öðru lagi hefur sú hugmyndaumfjöllun og kenningasmíð sem fram fer í hug- og félagsvísindum ævinlega áhrif á það rannsókna- og vísindastarf sem unnið er í raunvísindum. Þarna er um samtengingu að ræða og ekki rétt að skilja alveg á milli þannig að klippt og skorið sé. Mikilvægi hug- og félagsvísindarannsókna er því ótvírætt. Fyrir hendi er tilhneiging til að vanmeta bæði huglægt og hagnýtt gildi hug- og félagsvísinda. Ég vara við þeirri tilhneigingu og bendi á að sé höggvið í þann knérunn er höggvið þar sem síst skyldi. Vitaskuld er það fjármagnið sem veitt er til þessara vísindarannsókna sem endanlega ræður úrslitum, ekki í hversu mörgum deildum Vísindasjóður er, og sé þess gætt að ekki halli á hug- og félagsvísindi í fjárveitingum er ekkert við þessa skipan að athuga. Ég geri hins vegar að umtalsefni þá áherslubreytingu sem þarna virðist vera á ferðinni og vara við henni.

Í 5. gr. er margt að finna en þar er m.a. það nýmæli að styrk megi veita til allt að þriggja ára í senn úr Vísindasjóði. Þetta tel ég til mikilla bóta því að styrkveitingar úr Vísindasjóði hafa sökum fjármagnsskorts verið til allt of skamms tíma. Þó held ég að hyggja megi að því hvort þriggja ára markið sé ekki heldur lágt, því að við vitum það að rannsóknir eða verkefni rúmast ekki alltaf innan þriggja ára marksins, og hvort ekki mætti færa það upp um eitt eða tvö ár til viðbótar.

Síðan langar mig að gera 10. gr. frv. aðeins að umræðuefni. Þar er rætt um tekjur Vísindasjóðs og þar eru þrír tekjustofnar skilgreindir. Það er í fyrsta lagi fjárveiting úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert, í öðru lagi fjárframlag frá Seðlabanka og eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frv. er fjárframlag Seðlabankans aðaltekjustofn Vísindasjóðs. Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðh. hvernig framlagið úr Seðlabankanum sé ákvarðað, hver taki ákvörðun um framlag Seðlabanka til Vísindasjóðs og hvers vegna þessi ákvörðun sé hjá Seðlabankanum en ekki hjá fjárveitingavaldinu. Mér hefur alltaf þótt þetta undarlegt fyrirkomulag og ég vildi gjarnan fá svör hæstv. ráðh. við því hér á eftir.

Þriðji tekjustofn Vísindasjóðs er gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum og það er ágætis fyrirkomulag þar sem slíkar gjafir eru frádráttarhæfar frá skatttekjum á því ári sem þær eru afhentar. Það er ágætt, en ég vil vara við þeirri tilhneigingu sem hefur gætt, þ.e. að því meiri sem gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum eru, því frekar hefur framlag hins opinbera lækkað. Það á ekki að gerast því eins og við vitum er framlag okkar Íslendinga til þessara mála afskaplega lágt. Við munum vera á borð við þróunarlönd eins og Zaire hvað varðar framlag okkar til rannsóknamála miðað við hlutfall af þjóðartekjum og þó að einstaklingar og fyrirtæki gefi í auknum mæli til vísindarannsókna á það ekki að þýða að hlutur ríkisins minnki að sama skapi.

Í 14. gr. frv. er kveðið á um skipan stjórnar Rannsóknaráðs ríkisins. Fram til þessa hefur 21 maður átt sæti í þessari stjórn en nú er gert ráð fyrir að þar sitji sjö menn, skipaðir af menntmrh. Ég er sammála þessu fyrirkomulagi. Ég held að meira en 20 manna stjórn sé of fjölmenn til að geta verið mjög framkvæmdasöm og eins og hv. síðasti ræðumaður taldi held ég að það sé ekki til vansa að nú er ekki gert ráð fyrir að alþm. eða fulltrúar kjörnir af Alþingi eigi seturétt í ráðinu eins og verið hefur. Þegar um vísindamenn hefur verið að ræða er það auðvitað ágætt en annars er vandséð hvaða erindi alþm. eigi til setu í Rannsóknaráði. Þetta ákvæði mun upphaflega hafa verið hugsað til að fá alþm. til að hafa meiri áhuga á vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu. Reynslan er sú að þeir eru ekki þaulsætnir á fundum ráðsins þannig að það hefur ekki tekist að kveikja áhuga með þessum hætti. Ég held því að sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir sé ágæt og af hinu góða.

Einnig langar mig til að gera að umræðuefni ákvæði í 18. gr. frv. um Rannsóknasjóð. Þar kemur fram að Rannsóknaráð ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og skulu þær háðar samþykki menntmrh. Ef við skoðum sambærilegt ákvæði um Vísindasjóð,

það er að finna í 11. gr., segir þar: „Stjórn Vísindaráðs skiptir árlegu ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins en deildarstjórnir taka ákvörðun um styrkveitingar til einstakra verkefna, sbr. 4. og 5. gr.“ Það er ekki gert ráð fyrir að fjárveitingar úr Vísindasjóði séu háðar samþykki ráðherra en hins vegar er gert ráð fyrir að fjárveitingar úr Rannsóknasjóði séu háðar samþykki ráðherra. Vísindaráð er sem sagt miklu sjálfstæðara en Rannnsóknaráð. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. hverju þetta sæti. Getur verið að það sé vegna þess að Rannsóknaráði er ætlað að útdeila meira fé en Vísindaráði og því sé talið nauðsynlegt að menntmrh. hafi þar hönd í bagga? Ef það er hugsunin eru það náttúrlega alvarlegar fréttir fyrir grunnrannsóknir sem eiga sitt að sækja í Vísindasjóð og í öllu falli held ég að það sé of mikil miðstýring að ætla ráðherra að hafa hönd í bagga með styrkveitingum. Ég held að eðlilegra sé að þær séu alfarið á höndum ráðsstjórnanna. Mér þætti vænt um að fá skýringu á því hvers vegna þetta misræmi er á milli Rannsóknasjóðs og Vísindasjóðs.

Að lokum nefni ég samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs sem getið er um í 20. gr. frv. Ef sú tvískipting rannsóknastarfseminnar sem frv. gerir ráð fyrir verður að veruleika held ég að nauðsynlegt sé að efla þessa samstarfsnefnd og gera hana kröftugri en hún er. Ég held að það sé t.d. nauðsynlegt að hún sé ráðgefandi fyrir hagsýsluna og fyrir fjárveitingavaldið um upphæð fjárveitinga til þessara hluta því að samhæfing og samræming á milli þeirrar starfsemi sem fer fram, annars vegar þá í Rannsóknaráði og hins vegar í Vísindaráði, er mjög mikilvæg. Ég held því að það þurfi að hyggja að því hvort ekki mætti auka þá samhæfingu með því að efla samstarfsnefndina.

Virðulegur forseti. Ég hef þá þessi orð hér við 1. umr. um þetta frv. ekki mikið fleiri. Eins og ég hef sagt fagna ég því að þetta frv. er hér fram komið og ég er innilega sammála þeim meginmarkmiðum þess sem koma fram í athugasemdum við frv., að þau séu að efla samstarf rannsóknaaðila í landinu og að styrkja og treysta fjárhagsgrundvöll íslenskra vísindarannsókna. Fjárhagsatriðið er aðalatriðið og þess vegna voru orð ráðherra áðan í þá veru mjög ánægjuleg því að það er sama hversu gott skipulag við höfum á þessum málum, ef við höfum ekkert fé til framkvæmda breytir engu þótt skipulagið sé gott. Engar rannsóknir verða unnar nema fjármagn komi til. Það skiptir miklu að vel takist til við afgreiðslu þessa frv., að það verði vel hugað að ýmsum hlutum. Við þurfum að hafa snör handtök og vinna vel ef þetta frv. á að verða að lögum á yfirstandandi þingi og ég er svo sannarlega eindregið fylgjandi því að lög verði sett á þessu þingi um skipan vísindamála.

Haraldur Ólafsson:

Hæstvirtur forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að þetta frv. skuli fram komið, frv. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Það er fyrir löngu orðið tímabært að taka öll þessi mál til ítarlegrar endurskipulagningar og ég held að þegar á allt er litið hafi tekist nokkuð vel til. Það þýðir ekki að ég hafi ekki ýmsar athugasemdir fram að færa við þetta frv. og þó engar þess eðlis að ég muni tefja framgang þess. Miklu fremur mun ég eftir því sem mér er unnt, sem formaður menntmn. þessarar hv. deildar, reyna að hraða afgreiðslu þess sem kostur er en án þess þó að það gangi svo hratt að ekki sé gætt ítarlega að ýmsum þeim atriðum, bæði sem koma fram í athugasemdum við frv. og eins í þeim athugasemdum sem hv. þm., 5. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv., hafa gert.

Það er enginn vafi á því að þetta frv. er til mikilla bóta og sé rétt á haldið á það að verða til þess að efla mjög rannsóknir á sem flestum sviðum hér á landi.

Það eru örfá atriði sem ég vildi minnast á áður en frv. verður tekið til meðferðar væntanlega í hv. menntmn.

Í fyrsta lagi hefði ég kosið að eitt vísindaráð hefði verið sett yfir allar rannsóknir hér á landi. Ég geri þetta að sjálfsögðu ekki að neinu úrslitaatriði en það er með mig eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. að ég hef nokkrum sinnum skipt um skoðun í þessu máli og stundum höfum við vafalaust verið sömu skoðunar en nú erum við örlítið á öndverðum meiði. Ég held nefnilega að sú skipting sem lagt er til að höfð verði geri í raun og veru ráð fyrir því að samstarfsnefnd þessara tveggja ráða verði hið raunverulega vísindaráð. Það hlýtur að verða svo að fjölmörg mál sem upp koma hljóta að vera á mörkum, þeim mörkum að einungis samstarfsnefndin geti skorið úr hvorum megin þau skuli tekin til meðferðar og afgreiðslu. Á hinn bóginn sé ég ekki ástæðu til að gera þetta að neinu úrslitaatriði. Ég held að hinar jákvæðu hliðar málsins séu svo margar og mikilvægar að það sé meira virði að fá frv. fram eins og það liggur nú fyrir en að fara að grauta í því að breyta því að einhverju verulegu leyti. Hið eðlilega hefði ég þó talið að hér væri eitt vísindaráð með þeim undirdeildum sem gert er ráð fyrir í frv. Það er nefnilega svo, eins og hv. 11. þm. Reykv. minntist á, að mörkin milli hagnýtra rannsókna og einhverra annarra rannsókna eru ærið óglögg og reyndar er sjaldnast vitað, þegar farið er út í beinar rannsóknir, hvort þær skila einhverjum svokölluðum hagnýtum árangri eða ekki. Ég er ekki viss um að rannsóknir sem kallaðar eru í þágu atvinnuveganna séu oft á tíðum annað en grunnrannsóknir sambærilegar við þær sem menn vita í raun ekki hvort skila muni árangri eður ei. Ég held að á þessu sviði verði einmitt erfiðast að setja mörkin á milli Vísindaráðs og Rannsóknaráðs.

Þetta snertir líka annað atriði og það eru fjárveitingar til þessara tveggja ráða. Það mætti ætla að Alþingi væri fúsara að veita fé til svokallaðra hagnýtra rannsókna en annarra og það gæti orðið á kostnað annarra rannsókna eða annarrar vísindastarfsemi sem fram fer í landinu. Ég er ekki að segja að það verði það, en þessi hætta er fyrir hendi, að það verði ekki mjög skýrt og glöggt mat sem lagt

verði á hinar einstöku rannsóknir heldur muni áróðursstaða frekar ráða því hvert fé verður veitt.

Ég held að bein afleiðing af þessum vanda verði að samstarfsnefndin verði hið raunverulega vísindaráð og þar komi fjölmörg atriði til meðferðar og afgreiðslu. Það er nefnilega svo að þetta hlýtur að verða ein heild og þá er spurningin: Eigum við að hafa þetta eitt ráð eða eigum við að halda þessari skiptingu? Ég mun ekki leggja til að þetta verði eitt ráð en ég held að það verði innan fárra ára nær örugglega tekið til athugunar hvort ekki skuli breyta þessum ákvæðum.

Þá er það skiptingin í deildir. Hún er að mínu viti nokkuð eðlileg. Þó verð ég að segja það sem starfsmaður Háskóla Íslands að ég sakna þarna einnar deildar. Ég veit ekki hvort það er viljandi gert eða hvort starf hennar liggur utan við vísindalega starfsemi. Þó er þetta sú deild sem er elst í öllum háskólum heimsins, elst og virðulegust, og fæst ekki bara við eðli mannsins, eins og segir hér í 1. gr. frv., heldur einnig við eðli guðs. Ég varpa einungis fram þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort ekki beri að hafa guðfræðideildina með einhvers staðar í horninu og njóta þess hve vítt áhugasvið hennar er, ekki bara þessi jörð okkar heldur alheimur allur.

Ég get nú varla verið við 1. umr. með einhverja hótfyndni út af 1. gr. í þessu frv. en þó neyðist ég til þess að minnast á tvö atriði í 1. gr. Í fyrsta lagi segir þar í 2. mgr.: „Það er hlutverk Vísindaráðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.“ Þetta minnir mig því miður ákaflega óþægilega á það sem á sínum tíma var kölluð þýsk efnafræði eða þýsk eðlisfræði og jafnvel þýsk stærðfræði á dögum þriðja ríkisins. Er ekki eðlilegra og jafnvel betri íslenska, sem við hæstv. menntmrh. berum báðir fyrir brjósti eins og reyndar allt hið háa Alþingi, að segja hér: vísindarannsóknir á Íslandi. Og síðan er þetta með eðli mannsins. Ég kemst eiginlega ekki alveg yfir það að rekast á þetta í 1. gr. þessa ágæta frv. Ég verð að biðja hæstv. ráðh. að útskýra við hvað er átt og síðan gætum við þá rætt það hvort ekki væri hægt að finna eðlilegri skilgreiningu á hlutverki ráðsins.

Ég tek undir með hæstv. ráðh.: Þó að skipulagning sé góð er þó allt undir því komið að fjármagn og vilji sé fyrir hendi og ég held að verði þetta frv. að lögum séum við Íslendingar búnir að fá í hendurnar gott tæki til þess að efla rannsóknir og vísindastarfsemi á Íslandi og ég fyrir mitt leyti mun stuðla að því að hraða afgreiðslu þessa máls í þessari háu deild.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstvirtur forseti. Ég hafði óskað eftir því á ríkisstjórnarfundi þegar þetta frv. var kynnt að það yrði ekki lagt fram án þess að iðnrn. hefði tækifæri til þess að gera við það athugasemdir. Ég samþykkti þó að það færi til þingflokkanna til þess að þeir gætu fjallað um frv. á því stigi og á þeim tíma gæti iðnrn. rætt frv. betur við hæstv. menntmrh. Það voru gerðar tilraunir til þess að gera það en tókst ekki og ég harma það að þetta frv. skyldi koma fram án þess að tækifærin, sem ég gat um, hefðu gefist því að ég hef mikið við þetta frv. að athuga. Ég tek undir margt af því sem hefur komið fram um ágæti þess og að sjálfsögðu það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að það þarf stóraukið fé til rannsókna. Það þarf náttúrlega líka á sama tíma og svona frv. er samþykkt, og þá tala ég sem fyrrv. fjmrh., að skera einhver önnur útgjöld niður eða þá að auka tekjur þangað til rannsóknirnar sjálfar eða árangur af þeim fer að skila tekjum. Það þarf fjárfestingu til að afla tekna. Við vitum hins vegar hvernig fjárhagur ríkisins er. Við skulum því ekki blekkja hvert annað með því að samþykkja stóraukin útgjöld ríkisins á sama tíma og ráðist er á fjárhag ríkissjóðs þegar um fjárlög er að ræða. Ég vil líka taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. 9. þm. Reykv., og spyrja hann hvort hann gæti ekki betur sætt sig við 2. mgr. 1. gr. frv. ef síðasta orðið í þeirri grein væri orðið „hans“, þá á ég við mannsins.

Í þessu frv. er margt sem stangast á. Hér er talað um tilfærslu verkefna á milli ráðuneyta í mjög stórum stíl, t.d. allar rannsóknir frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, allar rannsóknir Iðntæknistofnunar Íslands sem heyra undir iðnrh. og sé ég þá ekki til hvers þessar stofnanir eiga að vera áfram á starfssviði iðnrh. Af hverju á ekki að færa þær með þessu frv. til Háskólans? Það eru engin verkefni eftir fyrir iðnrn. í sambandi við þessar vísindastofnanir þegar búið er að taka vísindarannsóknir og tæki og ráðstöfun á þeim frá stofnunum því eins og segir hér í upptalningunni í 2. gr., vitna ég þá til 5. liðar: „Vísindaráð ásamt Rannsóknaráði ríkisins lætur skrá yfirlit um tækjaeign rannsóknastofnana og stuðlar að samnýtingu tækja, eftir því sem hagkvæmt þykir.“ Þannig er hið nýja ráð orðið ráðstöfunaraðili á þeim tækjum og verkefnum þessara stofnana sem undir mig sem iðnrh. heyra. Ég er ekki að kvarta undan því. Hitt er annað mál að ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að þegar sameinuð eru verkefni ráðuneyta ber að sjálfsögðu samkvæmt verkaskiptingu ráðherra að færa það undir forsrn. Það er ljóst. Ég tek það fram að við samningu þessa frv. hefur ekkert samráð verið haft við iðnrn. og mér var ekki kunnugt um þetta frv. fyrr en það var lagt fram og harma ég það.

Ég held að meginástæðan fyrir þessu frv. núna sé tillaga sú og framkvæmd á stofnun Eureka. Eureka-verkefnið er það sem kallar á framlagningu þessa frv. eins og það er. Eureka-verkefnið, eins og það er skilgreint í upphaflegu frönsku þýðingunni, er aðallega verkefni iðnrh. á iðnaðarsviðinu. Síðan kemur margt út frá því sem aftur tilheyrir öðrum ráðuneytum eftir því sem verkefnin eru tekin fyrir. Sláandi dæmi um þetta er fyrsta heimsókn fulltrúa frá Eureka í síðasta mánuði. Það voru eingöngu mál á sviði iðnaðar sem þeir vildu ræða og þá helst rannsóknir á nýjungum varðandi skip, fiskiskip aðallega, og byggingu þeirra. Í iðnrn. er unnið að verkefnum sem alls ekki komust á framfæri við þá

vegna þess að þeir voru ekki hér á vegum iðnrn. og höfðu ekkert samband við það. Það er verkefni að fara í gang í iðnrn. í sambandi við nýjungar í skipasmíðum sem er bylting á því sviði ef þær reynast nothæfar. Það er verið að ganga í að teikna það og útfæra betur en gert hefur verið í frumdráttum. Þá er það Eureka-verkefni sem á engan hátt getur heyrt undir aðra heldur en iðnrn.

Einnig segir í 4. lið 2. gr., með leyfi forseta: „Það hefur einnig eftirlit með rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði ráðsins og fjallar um leyfisveitingar til slíkra rannsókna á þeim sviðum þar sem þeirra er krafist samkvæmt lögum." Þetta er undir iðnrh. að verulegu leyti eins og er. Ef tínt er svona frá ráðuneytunum er spursmál hvort ekki þarf að stokka upp ráðuneytin og verkefni þeirra á miklu víðtækara sviði en hér er gert. Sama er að segja um skýrslugerð o.fl. Allt þetta heyrir undir menntmrh. og það er margtekið fram og undirstrikað að það heyrir undir menntmrh. í öllum þeim greinum þar sem rætt er um valdsvið. Það kemur mér ekkert ókunnuglega fyrir sjónir eftir að hafa lesið þetta frv. þó að fram komi hugmyndir, eins og hjá hv. 9. þm. Reykv., um að í frv. vanti yfirráðaréttinn yfir fleiri ríkjum en Íslandi og helst yfir alheiminum eins og hann orðaði það.

Ég óska sem sagt eftir því að frv. verði vandlega skoðað, því verði ekki hraðað svo í gegnum Alþingi að eftir sitji önnur ráðuneyti í sárum með stofnanir, kostaðar af Alþingi, sem eru kannske verkefnalitlar eða verkefnalausar og ætti þá bara að leggja niður við tilfærslu á verkefnunum, þannig að a.m.k. þeim athugasemdum sem iðnrn. hefur við þetta að gera verði komið á framfæri og þær verði kannaðar í nefnd. Ég vil taka það fram að ég er hér með þróunarsögu vísindarannsókna yfir atvinnulíf landsmanna. Fyrstu lög um þessa starfsemi, sem er nú til umræðu og á dagskrá, voru samþykkt á Alþingi 1929, þetta er orðið það gamalt, og á öllum stigum, við allar breytingar, hefur málaflokkurinn verið undir atvinnumálaráðherra eða iðnaðarráðherra, tengt að vísu starfsemi Háskóla Íslands, en það er ekki eins fasttengt og hér er gert ráð fyrir. Ég segi því þessi orð sem varnaðarorð og óska eftir því að nefndin taki þau til alvarlegrar athugunar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd þar sem þetta mál kemur til umfjöllunar þannig að ég ætla ekki að gerast neitt langorður um það hér, enda skal ég viðurkenna það að mig skortir forsendur og þá yfirsýn sem nauðsynleg er til þess að geta myndað mér skoðun á jafnflóknu máli og þetta er, sem ég þekki ekki meira til en raun ber vitni á þessu stigi. Ég ætla því ekki að kveða upp úr um það á þessu stigi. Mér sýnist hins vegar að gert sé ráð fyrir ýmsum mjög athyglisverðum breytingum. Hér er í sumum tilvikum um grundvallarbreytingar að ræða og mér sýnist til ansi mikils ætlast að þingið afgreiði þetta mál á þeim skamma tíma sem eftir er. Þegar svo það við bætist að nú kemur í ljós, eftir að hæstv. iðnrh. hefur talað, að um þetta mál er ekki eining innan ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. segir að ekkert samráð hafi verið haft við sig og sitt ráðuneyti um málið og mælist til þess að slíku samráði verði komið á, sé ég satt að segja ekki miklar vonir til þess að málið geti náð afgreiðslu á þessu þingi. Þó er það sjálfsagt ekki útilokað. Það hefði hins vegar verið betra fyrir framgang málsins ef ríkisstjórnin hefði verið einhuga og ekki komið upp sá ágreiningur sem hér hefur birst af hálfu stjórnarsinna og flokksbræðra í þessum ræðustól nú við 1. umr. málsins.

Hæstv. iðnrh. sagði að þetta mál ætti rætur að rekja til Eureka-áætlunarinnar svonefndu sem Ísland góðu heilli hefur gerst aðili að. Ég fæ ekki séð hvernig það tengist og kemur beint saman. Við erum góðu heilli aðilar þar að, urðum með seinni skipunum, en ég fæ ekki alveg séð samhengið þar á milli. Ég held að þó að þau mál tengist kannske með einhverjum hætti sé ekki beint samhengi þar á milli. En þetta mál fær áreiðanlega ítarlega og vandaða umfjöllun í menntmn., sérstaklega eftir að þessar athugasemdir hafa komið fram. (Gripið fram í.) Já, já, hæstv. iðnrh., ég sé 4. lið 2. gr. en ég sé ekki að það sé algjört meginatriði þessa máls. Það eru mörg önnur mjög mikilvæg atriði sem varða skipulag þessara mála og hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða, sýnist mér í fljótu bragði. En ég ítreka það að mig skortir á þessu stigi þá yfirsýn sem þarf til að geta metið þær breytingar sem hér í felast og hér kemur fram að það er um málamiðlunarlausn að ræða. Ég skal svo sem hvorki hallmæla þessu né mæla því verulega og skilyrðislaust bót en áskil mér rétt til að lýsa þeim skoðunum síðar þegar um málið hefur verið fjallað í nefnd. Æskilegra hefði verið fyrir alla sem hlut eiga að máli að ráðherrarnir hefðu verið á eitt sáttir um þetta mál áður en það var lagt hér fram í þinginu.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Þetta er aðeins örstutt athugasemd. Það er sennilega á einhverjum misskilningi byggt að þetta Eureka-samstarf hafi sérstaklega rekið á eftir framlagningu þessa frv. Það hefur verið ýtt á þetta af hálfu framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs og ráðinu sjálfu nú í tvö þing a.m.k. og það reyndar áður en kom til nokkur samvinna Íslands á vegum Eureka. Eins er það að á vegum þeirra deilda Háskóla Íslands sem hlut munu eiga að Vísindaráði hefur lengi viðgengist ýmis alþjóðleg samvinna, einkum og sér í lagi á sviði læknadeildar, og það er eðlilegt að þess sé getið í 4. lið 2. gr. að sú samvinna heyri þá undir Vísindaráð. Ég held satt að segja að hæstv. iðnrh. þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að það starf breytist verulega sem stofnanir, sem heyra undir iðnrn., hafa haft með höndum innan Rannsóknaráðs ríkisins og hefur verið mikið. M.a. situr í framkvæmdanefnd ráðsins núna Jakob Björnsson, forstjóri Orkustofnunar, og hefur verið

þar mjög virkur þátttakandi. M.a. hafði hann eins og við öll í þeirri framkvæmdanefnd áhuga á því að þetta frv. næði fram að ganga. Ég endurtek það að ég held að ekki geti verið um mjög alvarlegan ágreining að ræða.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Getum við ekki orðið sammála um að kalla þessi samtök Evreka? Hvenær fara menn að tala um Europe hér í staðinn fyrir Evrópu? Þetta er nákvæmlega það sama og Evreka-nafnið er miklu skemmtilegra nafn. Við skulum uppræta þetta Eureka því a.m.k. að minni hyggju kann ég hinu miklu betur.

Ég eyði engum orðum að einhverju togi um undir hvaða ráðuneyti mál eigi að heyra. Nefndin kallar vafalaust á fulltrúa frá iðnrn. og fær að heyra nákvæma útlistun á því sem þeir hafa þar í huga og ég get ekki látið það tefja frekar fyrir mikilvægi framgangs þessa máls. Drögin eru a.m.k. áratugs gömul og þá er Evreka-hugmyndin ekki fædd og Mitterand ekki orðinn forseti svo að ég leiði allar frekari umræður um það hjá mér.

Ég þakka ágætan stuðning sem þetta frv. hefur fengið við 1. umr. Það er ekki margt sem ég þarf að drepa á og fram hefur komið. Ekki skal ég hafa á móti því að hin gamla virðulega guðfræðideild eigi þarna skot, verði fenginn staður. Ég geri ráð fyrir því að í þessari 1. gr., þar sem talað er um eðli mannsins, hafi menn kannske verið að leiða hugann að hugvísindadeildinni og aðild hennar. Það má ekki biðja mig um sérstaka útlistun á þessu. Ég verð þá að fá tíma til þess og vanda mig gífurlega því að hér er ekki lítið undir lagt. Það er líka rétt að ég fellst fullkomlega á það að standa vörð um að efla vísindarannsóknir á Íslandi.

Hv. 11. þm. Reykv. benti á mismuninn sem er á milli Vísindasjóðsins og Rannsóknasjóðsins þar sem undir Rannsóknasjóði er tekið fram að það skuli vera háð uppáskrift menntmrh. Ég held að þetta ósamræmi sé óviljaverk. Þetta hefur verið svona og alveg málamyndauppáskriftir hjá ráðherra á úthlutanir úr Rannsóknasjóði og ég sé enga ástæðu til þess að hafa þetta inni í með Rannsóknasjóðinn og hafa þá samræmið á hinn veginn. Þetta dytti engum lifandi manni í hug, ráðherra, að fara að fetta fingur út í þá vinnu og þess vegna legg ég til að þetta verði samræmt með þeim hætti að út verði tekið það sem segir um þessi afskipti ráðherra í Rannsóknasjóðnum. En þetta hefur verið og þess vegna tollir þetta enn þá inni.

Varðandi fjárveitingar úr Seðlabanka til Vísindasjóðsins er þetta eldgamalt og greinilega til þess gert að afla sjóðnum tekna sem Alþingi hefur verið tregt til þegar í upphafi. Ef ég man rétt, það er þá hægt að gá betur að því, munu lögin um Vísindasjóð vera frá 1957, ég held ég megi segja það, en þegar seðlabankalög eru sett 1961 eru það greinilega bankamálaráðherra og þáverandi menntmrh. í leiðinni, Gylfi Þ. Gíslason, sem fá því framgengt að í seðlabankalögunum er komið fyrir ákvæði til þess að tryggja Vísindasjóði tekjur. Þaðan liggja þessar rætur og hef ég þá ekki frekar um það að segja. Rétt er það að að sínu leyti er þetta kannske ekki að öllu leyti eðlilegt en ég vil ekki dæma um það. Það er auðvitað sama hvaðan gott kemur og við megum ekki draga af okkur í neinu né missa af neinum þeim tekjum sem til þessara þarfa hafa runnið. Við þurfum að bæta stórlega um betur.

Ég var ekki tvískiptingarmaður, ég var samrunamaður í þessari stofnun, eindreginn, allan tímann, en það var hæstv. forsrh. t.d. ekki. Hér hefði ég ekkert frv. lagt fram nema ég trúi því og treysti að VI. kaflinn, 20. gr., um samvinnuna, verði óðar en líður til þess að þetta renni saman í eitt öflugt ráð. Þar er kveðið það fast að orði m.a.s. að þeim er ætlað að koma á hjá sér samstarfi um rekstur skrifstofu og aðra þjónustu og eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um er það ekkert álitamál að til kasta samstarfsnefndarinnar kemur auðvitað ef eitthvað er óljóst um hvorum megin stafs og hurðar eitthvert málið skal liggja. Í því trausti að þetta samstarf verði nokkurn veginn eins og um eina stofnun væri að ræða hef ég fallist á þessa gerð frv. Lengst af voru menn á það stífum gormum í þessu máli að þeir vildu ekki einu sinni að það væri eitt frv. sem lagt yrði fram heldur tvö og þessu haldið með öllu aðskildu. En ég tel þetta það mikinn ávinning og í trausti þessara ákvæða, sem gott samkomulag varð um í lokanefndinni, en að þessari síðustu gerð störfuðu háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðsins, og Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri háskóladeildar menntmrn. féllst ég á frv. Þetta er samkomulagsatriði með þessum hætti sem menn hafa komið sér niður á og ég vona að muni gefa góða raun. Það skiptir auðvitað öllu máli að við náum stórauknu fjármagni til þessara starfa og ég vænti þess nú að þetta ráð, samrunaráða, sem þarna verður, verði ráðgefandi og hið háa Alþingi fari nú eftir niðurstöðum þeirra um fjárþörfina og með hvaða hætti þá þetta fjármagn skiptist milli sjóðanna, því ella náttúrlega getur maður ímyndað sér að um tilviljanakennd vinnubrögð yrði að ræða.

Ég ítreka þakkir mínar vegna þessara jákvæðu undirtekta og enn ítreka ég það einnig að ég óska þess sérstaklega að hv. menntmn. leiti sér strax, til þess að við getum stytt umræðuna hér, upplýsinga hjá fulltrúum hæstv. iðnrh. um hvað einkum og sér í lagi er á ferðinni þannig að það liggi fyrir. Held ég þá að komi fram að menn eru ekki að deila um efni sem ætti út af fyrir sig að þurfa að hamla framgangi þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 123, n. 574, brtt. 575.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til umferðarlaga. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 574 og brtt. sem nefndin gerir á þskj. 575.

Eins og fram kemur í nál. var frv. til umferðarlaga lagt fram á þessu þingi eftir endurskoðun þingmannanefndar sem dómsmrh. skipaði með bréfi sem var dags. 12. maí 1986. Starf þessarar nefndar kemur fram í athugasemdum við það frv. til umferðarlaga sem lagt var fyrir á s.l. hausti sem var 119. mál Ed. Það fólst í því að yfirfara þær umsagnir sem inn höfðu komið við það frv. sem lá frammi á síðasta þingi og gera þær breytingar sem nefndin áleit nauðsynlegar og réttmætt þótti að taka til greina. Þessa þingmannanefnd skipuðu auk mín þeir hv. þm. Eiður Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Helgi Seljan.

Nefndin skilaði af sér með bréfi til dómsmrn. þann 6. okt. og hafði þá farið yfir allar umsagnir sem lágu fyrir um frv. til umferðarlaga sem til meðferðar var á 108. löggjafarþingi og ekki var útrætt þá. Skrá yfir þær umsagnir er að finna í athugasemdum við frv. Það var gerð grein fyrir þeim við 1. umr. málsins. Nefndin kallaði einnig til viðræðu Arinbjörn Kolbeinsson lækni vegna ákvæða sem snerta ölvunarakstur.

Frv. var lagt fram á s.l. hausti eftir þessa endurskoðun, en eigi að síður þótti ástæða til nokkuð ítarlegrar skoðunar enn í nefndinni í heild, þó að fjórir nefndarmenn ættu sæti í þingmannanefndinni.

Nefndin ræddi frv. á sjö fundum í vetur. Þar af voru tveir sameiginlegir fundir með allshn. Nd. Nefndin kallaði einnig til viðræðu fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og fulltrúa Sambands ísl. tryggingafélaga og Tryggingaeftirlitsins vegna þess að í tryggingakafla frv. eru nokkrar breytingar. Ólafur Walter Stefánsson, frá dómsmrn., vann með nefndinni að frv. og veitti henni ráðgjöf og leiðbeiningar. Einnig vann hann með þingmannanefndinni. Það má geta þess að við umfjöllun um frv. á síðasta þingi voru kallaðir til fulltrúar ökukennara.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að nokkur atriði voru ekki útrædd hjá þingmannanefndinni sem undirbjó endurskoðaða útgáfu þess. Það voru m.a. atriði sem varða ökuhraðann, aldur til að stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli og vélsleða, ákvæði um skipan Umferðarráðs o.fl. Nefndin hefur nú sem heild rætt þessi atriði og tekið hluta af þeim upp í brtt. þar sem gert er m.a. ráð fyrir hækkun hámarkshraða. Nefndin ræddi einnig nánar atriði sem varða aldur hjólreiðamanna, lágmarksaldur til þess að hjóla. Á því atriði höfðu verið gerðar breytingar hjá þingmannanefndinni, en við nánari skoðun og samanburð við reglur nágrannaþjóða þótti rétt að hverfa frá þessum breytingum aftur og eru brtt. í samræmi við það.

Nefndin hefur auk þess orðið sammála um ýmsar lagfæringar á orðalagi frv. því að í þessum lagabálki má lengi færa orðalag til betri vegar þannig að það sé skýrara og greinilegra.

Þessar brtt., sem nefndin hefur orðið sammála um, eru fluttar á sérstöku þingskjali. Þess skal einnig getið að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. og fylgja brtt. sem fram kunna að koma á milli 2. og 3. umr. En það er sannast sagna að vegna þess að óðum fer að líða á þingtímann vildum við kappkosta að koma þessu máli inn í umræðu hér aftur, þannig að því þokaði áfram hér í deildinni, því að eins og menn vita á það eftir að fara til Nd. Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. og ég mun nú koma aðeins nánar að.

Fyrsta till. gerir ráð fyrir að 2. og 3. málsgr. 8. gr., sem fjalla um hljóð- og ljósmerki og neyðarakstur, séu umorðaðar. Það er ekki um efnisbreytingu þar að ræða að öðru leyti, en orðalag er gert skýrara að okkar mati.

Við 14. gr. er aðeins um lagfæringar og samræmingu að ræða.

Við 18. gr. er um að ræða breytt og skýrara orðalag. En varðandi 2. málsgr. 18. gr., sem varðar skólabifreiðar, þá er sú grein gerð afdráttarlausari og eru það öryggissjónarmið sem ráða því.

Við 22. gr. eru frekari skýringar og einnig við 30. gr. Þetta eru orðalagsbreytingar sem eiga að vera til þess að greinarnar verði skýrari og tilgangur þeirra skýrar afmarkaður. Sama má segja um 32. gr.

Þá komum við að 37. gr. sem varðar umferðarhraðann. Þar er um efnisbreytingu að ræða. Nefndarmenn voru sammála um það að sá ökuhraði sem gert er ráð fyrir í frv. væri of lágur, hann væri ekki í samræmi við þann bifreiðakost og þau umferðarmannvirki sem nú eru í notkun og það mundi verða erfitt að framfylgja þeim hraðatakmörkunum sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna eru fluttar brtt. sem gera ráð fyrir hækkun almenns umferðarhraða utan þéttbýlis upp í 80 km á klst., 90 km á vegum með bundnu slitlagi og heimild til að ákveða hámarkshraða upp í 100 km þar sem aðstæður eru bestar.

Til samræmis hefur hámarkshraðinn einnig verið hækkaður í 38. gr. Sú grein varðar stærri bifreiðar.

Við 40. gr. kemur ákvæði sem ég gat um fyrr í mínu máli og er sú grein þá samhljóða því frv. sem var til umfjöllunar á síðasta þingi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu eftir nánari athugun og samanburð við reglur nágrannaþjóða, að til þess að hægt sé að framfylgja þeirri grein sé ekki hyggilegt að færa aldursmörkin úr sjö árum og upp í níu ár. Greinin gerir ráð fyrir að barn yngra en sjö ára megi ekki hjóla á akbraut. Þessi aldursmörk eru lækkuð aftur úr níu árum.

Við 72. gr. kemur brtt. „Hver sá sem situr á

bifhjóli eða í hliðarvagni bifhjóls . . .", þ.e. breytingin er sú að hliðarvagninn er tekinn þarna inn í.

Við 84. og 85. gr. er lagfæring á orðalagi.

Við 96. gr. er brtt. sem fjallar um nefnd þriggja manna sem ákveður hvort breyta skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem vátryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Till. gerir ráð fyrir að einn nefndarmaður sé skipaður eftir tilnefningu vátryggingafélaganna. Þetta verði fastur maður en ekki skipaður nefndarmaður í hverju tilfelli eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta er gert að okkar mati til að fá meiri festu í þessi störf, reyna að gera þau skilvirkari en verið hefur. Það er tilgangurinn.

Við 99. gr. er gert ráð fyrir að hér sé um sjálfstæða nefnd að ræða.

Við 108. gr. er um lagfært orðalag að ræða og sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um það.

Síðan kemur gildistökuákvæði í 119. gr. Ýmissa hluta vegna þykir okkur nefndarmönnum rétt að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1988.

Þess ber að geta að það er afskaplega brýnt að okkar mati að kynna þessar lagabreytingar eins vel og föng eru á og nota breytingarnar til að hefja sókn í umferðarmálum og slysavörnum. Við teljum rétt að til þess gefist nokkur tími ef svo fer, sem ég vona, að Alþingi samþykki þessa löggjöf áður en því verður slitið á þessum vetri. Við teljum nauðsynlegt að taka það sérstaklega til athugunar hvernig hægt er að standa að slíku átaki, hvernig hægt er að standa að kynningu á þessum lögum, jafnvel þó það kosti nokkra fjármuni. Við teljum þetta atriði mjög brýnt og teljum því rétt að gildistaka þessara laga verði ekki fyrr en um næstu áramót.

Ég tók það fram fyrr í mínu máli að allir nefndarmenn gera fyrirvara um brtt. sem fram kunna að koma eða þeir kunna að flytja á milli 2. og 3. umr. Ég tel afskaplega brýnt að þessu máli verði hraðað og þær brtt. sem fram kunna að koma gangi til athugunar og afgreiðslu þingsins vegna þess að það er orðið mjög brýnt að koma þessari lagasetningu í gegn, bæði vegna breyttra umferðarmannvirkja, vegna umferðarfræðslu og vegna þess námsefnis sem þarf að gera í umferðarfræðslu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vonast til þess að þetta frv. fái góða afgreiðslu hér svo það geti gengið til meðferðar neðri deildar þingsins eftir að 3. umr. er lokið hér.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikill lagabálkur sem snertir nær því alla landsmenn. Ég vissi ekki, en heyri það reyndar á frsm. allshn., að þetta frv. muni helst eiga að verða að lögum á þessu þingi. Í mínum huga eru nokkur atriði sem eru svolítið óskýr enn þá og jafnvel eitthvað sem vantar. Þó að þetta sé afskaplega vandvirk nefnd er ekki alveg útilokað að henni hafi yfirsést eitthvað örlítið og mig langar a.m.k. til að vekja athygli á því sem mér finnst að hugsanlega mætti betur fara.

Ég þarf ekki að taka það fram að hér vantar öll ákvæði um einteinunga en sú umræða hafði ekki hafist áður en þetta frv. var samið, væntanlega, svo það er nú fyrirgefanlegt.

Við 10. gr. er tekið fram að vegfarandi skuli veita slösuðum mönnum og dýrum hverja þá hjálp sem unnt er, en síðar í greininni stendur:

„Hafi maður látist eða slasast alvarlega má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki." Það virðist sem sagt samkvæmt þessari grein, eftir því sem ég skil hana, að ekki megi lyfta bíl af slösuðum manni eða fjarlægja hann á annan hátt. Ég veit að þetta getur ekki verið meiningin og túlkun laganna hlýtur náttúrlega að vera eftir þessu, en mér finnst svolítið ankannalegt að það skuli standa þarna.

37. og 38. gr. voru til umræðu hjá hv. frsm. allshn. Í upphafi 37. gr. stendur að fortakslaust skuli ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km á klst. Nú vill svo til að ég fer alloft Kringlumýrarbraut, og ég held að það væri örðugt að keyra þar stöðugt á undir 50 km hraða. Ég býst við að maður væri þar stöðugt í hættu vegna framúraksturs og af öðrum orsökum. Ég veit ekki hvort þessi ákvæði sem slík eru nauðsynleg eða hvort haga megi ökuhraða eftir aðstæðum, jafnvel þó í þéttbýli sé, eins og tvímælalaust er í kringum Kringlumýrarbrautina. Ég hef ekkert við það að athuga að ákvæðin um hámarkshraðann skuli hafa verið hækkuð. Hins vegar hefur mér virst, og gæti ég jafnvel talað af eigin reynslu, að hámarksökuhraði hafi viss skekkjumörk í augum löggæslumanna þannig að ekki er farið að beita sektum eða þaðan af strangari ákvæðum, jafnvel þó menn séu örlítið yfir hámarkshraða. Nú hefði ég gaman af að vita hvort menn ætluðust til þess með þessu að 100 km hraði væri þá skilyrðislaust þegar í stað brot sem refsa bæri fyrir.

Í 38. gr. er lagt til að í stað „opinberum vegi" komi: vegi. En ef það ákvæði að ekki megi aka vélsleða á „vegi" hraðar en 30 km á klst. verður ekki brotið oftar en það er virt, þá verð ég hissa.

Eins finnst mér í 45. gr. til nokkuð mikils ætlast að menn standi við það að neyta ekki áfengis eða neinna vímugjafa að loknum akstri ef þeir hafa einhverja ástæðu til þess að ætla að þeim hafi verið veitt athygli og séu grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Mér finnst slíkt ákvæði hljóta að bjóða upp á að það sé brotið, einfaldlega vegna sjálfsvarnartilhneigingar mannskepnunnar. Ég veit ekki hvort hæstv. nefnd hefur fjallað um þetta atriði sérstaklega en vildi láta þessa getið.

Varðandi 47. gr., um töku blóðsýnis, þá hefur mér alltaf fundist að læknir ætti að vera skyldugur til að taka blóðsýni ef þess er krafist og ætti ekki að geta vikið sér undan því á einn eða neinn hátt, jafnvel þó náið skyldmenni eigi í hlut eða þaðan af betri vinir.

Þá leitaði ég einnig að ákvæði og fann ekki, það er kannske mín óvandvirkni, ég er ekki eins vandvirkur og hv. nefnd sjálfsagt, en hvar er þessi umdeilda refsing við að láta það vera að nota öryggisbelti? Ég

vildi spyrja að því, ef mér hefur yfirsést það einhvers staðar, hvar hún sé og hvernig hún eigi að vera. Ég vildi gjarnan fá það upplýst.

Umræðu frestað.

Fasteigna- og skipasala, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 552.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu eins og það hefur verið afgreitt frá hv. Nd. Efni þessa frv. fjallar um það að taka af öll tvímæli um að sá sem annast fasteigna- og skipasölu skuli þurfa að hafa ábyrgðartryggingu. Það er tvímælalaust sá vilji sem ætlast var til að fram kæmi í lögum sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. En þegar átti að fara að setja reglugerð um þau, þá þóttu ákvæðin um þetta ekki nægilega afdráttarlaus, að einnig þeir, sem ekki þurfa nú að fá leyfi og hafa gegnt þessu starfi áður, þurfi að taka slíka tryggingu. Efni frv. fjallar um að taka þarna af öll tvímæli.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

41. fundur, mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Á fundi hv. Nd. s.l. miðvikudag vakti ég máls á því í umræðu um stjfrv. um opinber innkaup að gerð hefðu verið nokkuð sérstæð kaup á húsgögnum fyrir Alþingi. Einmitt sama dag barst í hendur þm. ályktun frá Félagi starfsfólks í húsgagnaiðnaði sem gerði mjög ákveðnar athugasemdir við þessa ákvörðun sem endurspeglast í húsgagnakaupum á vegum þingsins. Hæstv. forseti deildarinnar hafði ekki aðstæður til að veita svör í sambandi við þetta mál eða skýringar af sinni hálfu þar eð enginn var varaforsetinn viðstaddur. Nú vildi ég inna hæstv. forseta eftir því hvort slíkra svara sé að vænta frá forustu þingsins og í hvaða formi það geti gerst þar sem þetta mál er hér ekki sérstaklega á dagskrá. Ég tók orð hæstv. forseta þannig að hann væri af vilja gerður til að veita skýringar á þessu máli.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill að gefnu þessu tilefni upplýsa að forsetar þingsins, allir saman, vinna að því að slík skýrsla verði birt. Á forsetafundi í fyrramálið verður þetta mál tekið fyrir og ég vona að upp úr því styttist í að slík skýrsla verði birt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka þessar undirtektir og tel að hér sé svo stórt mál á ferðinni að það sé nauðsynlegt að fá greinargóðar skýringar á þessum ákvörðunum. Þetta er einn þáttur í sambandi við opinbera innkaupastefnu sem verður til sérstakrar meðferðar í sambandi við stjfrv. sem fyrir deildinni liggur. En það er alveg nauðsynlegt að Alþingi skoði ákvarðanir af þessu tagi sem eru táknrænar og varpa heldur neikvæðu ljósi á afstöðu af þingsins hálfu eins og það liggur fyrir að mér virðist.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir fyrir að hafa fengið þessi svör við þeim spurningum sem fram voru bornar í umræðum um frv. til l. um opinber innkaup. Þar bar ég einmitt fram nákvæmar spurningar um það hvernig að þessum kaupum hefði verið staðið og hverjir hefðu verið með í ráðum. Ég vil jafnframt lýsa því yfir að það hefur komið fram í máli margra þm. innbyrðis að þeir eru óánægðir með að hér skuli hafa verið keyptur erlendur húsbúnaður. Þess vegna vona ég að svörin komi sem fyrst.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Það er 295. mál Ed.

Frv. gerir ráð fyrir því að gjalddagar þungaskatts geti verið tveir á ári hverju, en sú skipan hefur verið á höfð samkvæmt gildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar með þungaskatti að því er varðar léttari bifreiðar en 4 tonn, sem ekki greiða kílómetragjald eftir mæli, að gjalddagi sé einn á ári. Það hefur verið veruleg óánægja með þessa skipan, einkanlega hjá þeim sem hafa atvinnurekstur með höndum. Því hefur verið ákveðið að leggja til að heimilt verði að hafa gjalddagana tvo og gjaldtímabilin tvö, hið fyrra frá 1. janúar til 30. júní með gjalddaga 1. janúar ár hvert og hið síðara frá 1. júlí til 31. desember með gjalddaga 1. júlí. Að því er stefnt, verði þetta frv. að lögum, að það taki til innheimtu á þessu ári og því brýnt að málið fái skjóta meðferð í hv. deild. Ég mælist til þess við hv. nefnd að hún hafi það í huga. Það er ekki gert ráð fyrir því að breyta á neinn hátt innheimtum tekjum af þungaskatti með þessari breytingu heldur einungis að liðka til varðandi innheimtu. Hv. Ed. hefur afgreitt málið og fjh.- og viðskn. Ed. afgreiddi málið samhljóða.

Ég vil, herra forseti, leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Eins og kunnugt er er skiptaverðmæti innan sjávarútvegsins bundið í lögum í samræmi við lög sem sett voru á s.l. vori eftir endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins með fullu samkomulagi hagsmunaaðila sjávarútvegsins. Í framhaldi af samningum sem gerðir voru í janúar s.l. var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún mundi beita sér fyrir því að samkomulag það sem náðist í þeim samningum yrði staðfest með breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þau atriði sem þar greinir eru í aðalatriðum fjögur. Í fyrsta lagi var hlutfall skiptaverðmætis af heildarverðmæti sjávarafla sem landað er innanlands hækkað upp í 75% frá 1. janúar s.l. til 31. maí og síðan í 76% frá 1. júní. Í öðru lagi var ákveðið að tengja skiptaverðshlutfallið innkaupsverði á olíu, þannig að hækkun olíuverðs hér á landi hefði í för með sér lækkun á skiptaverðshlutfallinu, en lækkun olíuverðs leiddi aftur á móti til hækkunar skiptaverðs til sjómanna. Þriðja atriðið, sem samið var um og snertir skiptakjörin beinlínis, varðar ákvörðun skiptaverðs í gámafiskútflutningi. Varð samkomulag um að áður en skiptaverðmæti er reiknað skuli draga frá heildarverðmæti þann tilkostnað útgerðar sem hlýst af þessum útflutningi. Þetta ákvæði tekur gildi 1. júní n.k. Fjórða atriðið snertir skiptakjörin á þeim veiðiskipum sem frysta eigin afla um borð. Eru skiptakjörin mismunandi eftir því hvort um bolfisk eða rækju er að ræða og er þar horfið að sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku laganna um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sem ég gat um áðan.

Þetta frv. er undirbúið í samvinnu við hlutaðeigandi aðila og er fullt samkomulag þeirra í milli um málið. Frv. er flutt til staðfestingar á þeim samningum sem þeir hafa gert um þessi mál.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 564.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. það til vaxtalaga sem hér liggur fyrir er samið af Jónatan Þórmundssyni prófessor. Ég fól honum hinn 29. des. s.l. að kanna stöðu vaxta- og okurmála, m.a. í tilefni af dómi Hæstaréttar 19. des. s.l., og semja nýtt frv. til heildstæðrar löggjafar um vaxtamál. Afhenti Jónatan frv. fullbúið 26. jan. s.l. Athugun málsins og samning frv. tók því aðeins tæpan mánuð. Höfundur hafði í starfi sínu samráð við ýmsa aðila, svo sem viðskrn., Seðlabanka Íslands og einstaklinga sérfróða um vaxtamál.

Tilefni hinna skjótu viðbragða nú í vaxtamálum eru í aðra röndina dómur sá er féll í Hæstarétti 19. des. s.l. og vakti mikla athygli af því að sökunautur í okurmáli var sýknaður að hluta til. Í rauninni var mál þetta ákjósanlegt tilefni til að herða á umfangsmiklu endurskoðunar- og umbótastarfi í banka-, verðbréfa- og vaxtamálum sem farið hefur fram á vegum viðskrn. Öll bankalöggjöfin hefur verið endurskoðuð með lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, er hvor tveggja tóku gildi í upphafi síðasta árs, og síðan með lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, en þau öðluðust gildi hinn 1. nóv. á s.l. ári. Þá gengu í gildi 1. júní s.l. ný lög um verðbréfamiðlun nr. 27/1986 þar sem reynt er að tryggja heilbrigða viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum og verðbréfamiðlun sett undir eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá var

gerð breyting á samningalögum með lögum nr. 11 frá síðasta ári, en þau tóku gildi 1. janúar á því ári, í því skyni að styrkja réttarvernd þeirra sem hafa lakari aðstöðu við gerð samninga ef þeir verða taldir ósanngjarnir eða andstæðir góðri viðskiptavenju. Í þessari breytingu felst aukin neytendavernd, í nafnskráningu skuldabréfa og frv. til l. um dráttarvexti o.fl. Hvorugt varð að lögum þá. Áfram var þá unnið í viðskrn. að undirbúningi löggjafar um vaxtamál.

Við samningu frv. þess sem hér liggur fyrir þótti rétt að fella ákvæði um dráttarvexti inn í heildstæð vaxtalög. Höfð var hliðsjón af hinu eldra frv. og umsögnum sérfróðra aðila um það. Enn fremur af fyrra könnunarstarfi og frumvarpsdrögum um dráttarvexti frá 1980.

Það hefur ótvíræða kosti að setja ein heildarlög um vaxtamál. Með því móti fæst gleggri heildarsýn. Reglur verða einfaldari og markvissari og um sumt má setja sameiginlegar reglur án tillits til vaxtaforms.

Dómur Hæstaréttar frá 19. des. í margumræddu okurmáli varð til þess að flýta lokaþættinum í hinu umfangsmikla endurskoðunarstarfi sem staðið hefur yfir hartnær allan þann tíma sem liðinn er frá því ríkisstjórn og Seðlabanki ákváðu í júlí 1984 að nota heimild laga til að veita innlánsstofnunum frelsi til vaxtaákvarðana. Dómurinn leiddi í ljós ákveðið misræmi í löggjöf sem ekki hafði þá unnist tími til að endurskoða til fulls þótt komið væri langleiðina í því starfi á þessum tveimur árum. Ætli það sé ekki fremur sjaldgæft að heildarendurskoðun á jafnumfangsmiklu sviði og hér um ræðir taki skemmri tíma?

Af dóminum leiðir einnig að ný löggjöf hefði þurft að koma til strax um haustið 1984 ef hin breytta vaxtastefna átti engin eða óveruleg áhrif að hafa á væntanleg okurmál sem enginn vissi um þá. Auk þess var málum svo háttað að sérfræðingar töldu almennt að 3. gr. gildandi vaxtalaga nr. 58/1960 væri fullnægjandi undirstaða okurákvæðisins, en þar er vísað til almennra útlánsvaxta eins og þeir eru hæstir á þeim tíma sem til skuldar er stofnað hjá bönkum og sparisjóðum. Hæstiréttur taldi hins vegar refsiheimildina ekki nægilega skýra og ótvíræða eftir að nýtt hafði verið heimild laga til að flytja vaxtaákvarðanir til innlánsstofnunar undir eftirliti Seðlabankans.

Hæstiréttur setur með dómi sínum á oddinn eitt atriði hinnar mikilsverðu grundvallarreglu um lögbundnar refsiheimildir, þ.e. að þær séu svo skýrar og ótvíræðar að borgararnir þurfi ekki að velkjast í vafa um efni þeirra. Þetta er nauðsynleg forsenda þess að önnur skilyrði reglunnar komi að gagni, þ.e. að refsiheimild sé birt með fullnægjandi hætti áður en verk það er unnið sem reglan tekur til.

Enginn veit fyrir víst fyrir fram hver verður úrlausn dómstóla. Þá væri lítil þörf fyrir dómstóla. Dómar eru til þess að skera úr vafaatriðum og til þess að læra af. Í samræmi við það var strax brugðist við í máli þessu og unnið að þeim lagfæringum sem nauðsynlegar voru.

Ákvæði um vexti og vaxtamál eru nú á víð og dreif í íslenskri löggjöf. Ákvæðum þessa frv. er ætlað að vera almenn löggjöf um vexti, en æskilegt væri að samræma sérákvæði laga hinum nýju lögum ef samþykkt verða.

Um nokkur slík ákvæði þótti þó rétt að flytja tillögur til breytinga, sbr. fylgifrv. þau sem birt eru á fylgiskjölum með frv. Önnur sérákvæði eru látin haldast um sinn, enda þarf samvinna fleiri ráðuneyta til að koma ef gera á heildarúttekt á þessum ákvæðum öllum.

Frv. þetta kemur í stað gildandi laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., og laga um dómvexti nr. 56/1979 og í annan stað hefur það ýmist ný eða fyllri ákvæði að geyma um atriði sem lagasetningu hefur vantað um. Nauðsynlegt er að samræma vaxtareglur og laga þær betur að nýjum viðhorfum og breyttum viðskiptaháttum í þjóðfélaginu.

Fram kemur í almennum athugasemdum við frv. þetta að það taki mið af eftirfarandi forsendum:

Í fyrsta lagi að viðhalda því takmarkaða vaxtafrelsi sem Íslendingar búa nú við eftir þróun síðustu ára til aukins vaxtafrelsis.

Í öðru lagi að treysta og samræma lagaheimildir um ákvörðun vaxta, refsiábyrgð og viðurlög við okri.

Í þriðja lagi að tryggja upplýsingar um öll almenn vaxtakjör hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og reglulega birtingu þeirra í Lögbirtingablaði á sem aðgengilegastan hátt.

Í fjórða lagi að gera vaxtareglur þannig úr garði að þær verði einfaldari og meðfærilegri í allri framkvæmd en gildandi reglur, m.a. í dómsmálum.

Í fimmta lagi að tryggja efnisleg málalok í þeim okurmálum sem enn eru til meðferðar fyrir dómstólum.

Í athugasemdunum er gerð grein fyrir þróun undanfarinna ára í átt til aukins vaxtafrelsis og frumkvæðis innlánsstofnana. Ljóst er að þessi stefnubreyting hefur þegar skilað umtalsverðum árangri. Þannig námu t.d. innlán hjá innlánsstofnunum árið 1984 27,5% af landsframleiðslu, en höfðu árið 1978 farið niður fyrir 20%. Á árinu 1985 var hlutfall innlána af landsframleiðslu 29,1% og árið 1986 31,2%. Raunaukning innlána árið 1985, þ.e. hækkun umfram hækkun lánskjaravísitölu, nemur 9,3% og á árinu 1986 17,1%.

Peningasparnaður í bankakerfinu fer óðum vaxandi þótt hann sé ekki kominn á sama stig og þekkist í nágrannalöndum okkar. Hlutfall peningamagns af landsframleiðslu samkvæmt síðustu handbærum tölum er: Noregur 54,9%, Danmörk 49,3%, Svíþjóð 56,9%, en þar hef ég viðmiðun frá 1982, og Finnland 42,5%.

Á sama tíma hefur einnig átt sér stað töluverð aukning útlána. Á árinu 1985 jukust útlán innlánsstofnana um 30% á móti rúmlega 48% aukningu innlána. Sambærilegar tölur 1986 voru 21% á móti 34%. Raungildi útlána minnkaði því um

tæp 4% á árinu 1985. Þessi aukning innlána umfram útlán hefur leitt til batnandi lausafjárstöðu hjá flestum innlánsstofnunum. Á árinu 1986 jókst raungildi útlána aftur um 5,4%.

Í kjölfar þeirrar hröðu þróunar sem hefur átt sér stað í vaxtamálum og bankalöggjöf síðan um mitt ár 1984 er mikilvægt að renna nýjum stoðum undir réttarreglur um vexti, endurnýja sumt miðað við breyttar aðstæður, lögfesta annað sem hefð er komin á og loks að bæta við nýjum ákvæðum í því skyni að bæta þjónustu við almenning, auka aðhald í lánsviðskiptum og treysta réttaröryggi manna gegn misnotkun hins nýfengna samningafrelsis um vaxtakjör.

Frv. skiptist í fimm kafla. Í I. kafla eru sameiginleg ákvæði um gildissvið laganna. II. kafli fjallar um almenna vexti, oft nefndir samningsvextir frá lántökudegi og fram að gjalddaga. III. kafli er um dráttarvexti, vanskilavexti frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Í IV. kafla eru refsiákvæði um okur mótuð með hliðsjón af takmörkuðu vaxtafrelsi og því nokkuð frábrugðin gildandi ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58 frá 1960 og sömuleiðis nokkuð öðruvísi en vera mundi við fullkomið vaxtafrelsi. Þar eru auk þess ákvæði um önnur réttaráhrif brota gegn lögunum ef samþykkt verða og um málsmeðferð. Og loks eru í V. kafla ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og bráðabirgðaráðstafanir. Eru m.a. gerðar ráðstafanir til þess að öll opinber mál sem höfðuð hafa verið til refsingar fyrir okur en ekki hafa hlotið endanlegan dóm fyrir gildistöku laganna verði rekin áfram fyrir dómstólum og hljóti þar efnisdóm þrátt fyrir ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, um bann við afturvirkum refsiákvæðum.

Í I. kafla frv. eru almenn ákvæði um gildissvið þess. Taka ákvæði þessi jafnt til almennra vaxta, samningsvaxta sem dráttarvaxta, þar með talið vaxtavaxta eftir því sem við á. Í 1. gr. er skilgreint hvers konar kröfur falla undir ákvæði frv. Eru það fyrst og fremst gildar fjárkröfur á sviði fjármunaréttar, en fjárkröfur á öðrum sviðum réttarins, t.d. sifjaréttarkröfur, geta einnig farið eftir þessum reglum ef ekki er öðruvísi kveðið á í lögum.

Skv. 2. gr. er annað endurgjald lagt að jöfnu við vexti í lánssamningum. Skiptir ekki máli hvert endurgjaldið er ef það er raunverulegt endurgjald fyrir lánveitingu, t.d. afföll af skuldabréfum þótt viðskipti séu í formi kaupsamnings ef sannað telst að um dulbúinn lánssamning, lán til eignar, er að ræða. Í þessu felst engin efnisbreyting frá 4. gr., sbr. 6. gr. gildandi laga frá 1960. Athygli er vakin á því að ákvæðið á ekki við um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Skv. 3. gr. eru ákvæði II. og III. kafla frv. um ákvörðun vaxta almennt frávíkjanleg. Þær gilda einungis ef annað leiðir ekki af lögum, samningum eða venju. Sum ákvæði III. kafla eru þó ófrávíkjanleg, sbr. ákvæði 10.–12. gr. um ákvörðun dráttarvaxta og vaxtavaxta. Refsiákvæði 18. gr. byggist á því að ekki sé hægt að semja um hærri vanskilavexti en í þessum ákvæðum greinir.

Í II. kafla frv. felst staðfesting á því aukna vaxtafrelsi sem þróast hefur undanfarin ár með góðum árangri þannig að vaxtabreytingar ráðast fyrst og fremst af verðbólgustigi og efnahagshorfum í þjóðfélaginu. Meginreglan er sú að viðskiptabankar og sparisjóðir ákveða sjálfir þau vaxtakjör sem þeir vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á á lánamarkaðnum. Að öðru leyti verði frjálst að semja um almenna vexti, bæði um vaxtahæð og önnur vaxtakjör.

Takmarkanir á vaxtafrelsinu lántakendum til verndar felast annars vegar í því að vaxtakjör innlánsstofnana eru í ýmsum efnum viðmiðun fyrir lánamarkaðinn að öðru leyti og um skaðabótakröfur og hins vegar í því að frelsið er bundið við ákveðin vaxtamörk ef það er misnotað. Ef maður hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti er það refsivert okur skv. 17. gr. frv. þegar áskildir eru eða teknir vextir eða annað endurgjald umfram gildandi vaxtahámark sambærilegra bankavaxta.

Sama máli gegnir um endurgreiðsluákvæðið í 19. gr. frv. Í því felst engin takmörkun á vaxtahæð nema samningur sé ólögmætur af öðrum ástæðum, t.d. ef ólögmætri aðferð er beitt við samningsgerð. Kemur þá til endurgreiðslu vaxta umfram hæstu gildandi útlánsvexti banka og sparisjóða af hliðstæðum lánum.

Eftir því sem vextir fara meira fram úr gildandi vaxtakjörum innlánsstofnana eykst áhættan fyrir lánveitendur, þ.e. hættan á því að óréttmæt hagnýting teljist hafa átt sér stað og samningur sé þar með ógildur. Frv. tryggir lánamarkaðnum með þessu móti verulegt svigrúm umfram gildandi bankavexti og veitir lántakendum jafnframt viðunandi og raunhæfa vernd gegn misnotkun.

Frv. er ætlað að stuðla að því að viðskipti fari fram með heilbrigðum og heiðarlegum hætti, allir standi sem jafnast að vígi og njóti eðlilegrar verndar gegn misnotkun aðstöðu af hálfu þeirra er hafa viðskiptalega yfirburði. Mikilvægur þáttur í þessari réttarvernd er að sem fullkomnastar upplýsingar liggi ætíð fyrir um þau vaxtakjör sem ríkjandi eru á markaðnum svo menn geti varast að taka á sig skuldbindingar sem eru þyngri en þeir ráða við eða óhagstæðari en þeim standa til boða annars staðar. Hafa ber einnig í huga takmarkað framboð lánsfjármagns hér á landi sem rýrir kosti lántakenda í vali á vaxtakjörum. Í 8. gr. frv. er mikil áhersla lögð á reglulega og aðgengilega birtingu á öllum vaxtakjörum viðskiptabanka og sparisjóða.

Í 4. gr. felst sú aðalregla um almenna vexti eins og verið hefur að engir vextir greiðast fram að gjalddaga kröfu nema um þá sé berum orðum samið eða það leiði af eðlilegri skýringu samnings. Venjur eða lagafyrirmæli kunna að ganga í aðra átt.

Ákvæði 5. gr. er efnislega svipað 1. gr. gildandi laga frá 1960, en þar er ákveðin viðmiðun ef ekki hefur verið tiltekinn vaxtafótur eða fjárhæð vaxta í samningi.

Í 6. gr. er fjallað um breytilega vexti þegar samið er ótiltekið um hæstu lögleyfðu vexti.

Í 7. gr. er nýtt ákvæði um vexti af skaðabótakröfum, bæði innan samnings og utan. Á það að sjálfsögðu eingöngu við ef ekki er á annan veg samið og lagt er til að kröfur um skaðabætur beri almennt vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Eru vextir hér miðaðir við vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum. Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en atvikið átti sér stað, t.d. reikning fyrir viðgerð á eign, skulu vextir miðast við þann tíma.

Ákvæði 8. gr. er ætlað að tryggja almenningi, viðskiptalífi og dómstólum öruggar og aðgengilegar upplýsingar um vaxtakjör innlánsstofnana á föstum og reglulegum tímum. Lögð er í 1. mgr. afdráttarlaus skylda á viðskiptabanka og sparisjóði að tilkynna Seðlabanka Íslands án tafar um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem Seðlabankinn krefst. Fram að þessu hefur Seðlabankinn aflað þessara upplýsinga án beinna lagafyrirmæla. Seðlabankinn er skv. 2. mgr. skyldur til að birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði í aðgengilegu formi öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega svo og vegið meðaltal vaxta að því leyti sem nauðsynlegt er samkvæmt ákvæðum frv. Tilkynning skal birt fyrir lok mánaðar og gilda næsta mánuð eða uns næsta tilkynning er birt. Ekki er gert ráð fyrir birtingu í Lögbirtingablaði nema einhver breyting hafi orðið frá því að síðast var auglýst. Í greinargerðinni eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum, þar á meðal í athugasemdum við 8. gr. á hugtökunum „almenn vaxtakjör" og „vegið meðaltal".

III. kafli frv. fjallar um dráttarvexti, vanskilavexti. Hlutverk dráttarvaxta er tvíþætt. Annars vegar er þeim ætlað að hvetja skuldara til lögmætra efnda á fjárskuldbindingum. Hins vegar er þeim ætlað að bæta kröfuhafa tjón sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum án þess að hann þurfi að sanna í hverju tilviki hvert raunverulegt tjón hans er vegna greiðsludráttarins. Í 9. gr. er gert ráð fyrir slíkum vöxtum að meginreglu til ef vanskil verða á greiðslukröfum. Reiknast dráttarvextir frá og með gjalddaga kröfu sé hann fyrir fram ákveðinn og fram að greiðsludegi. Ef kröfuhafi getur ekki krafist greiðslu nema að undangenginni uppsögn eða tilkynningu með ákveðnum fresti er gjalddaginn fyrst að liðnum þeim fresti, en í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um upphafstíma þegar gjalddagi er ekki fyrir fram ákveðinn. 3. mgr. 9. gr. heimilar þó að reikna dráttarvexti frá öðrum tíma en í 2. mgr. segir ef dómsmál er höfðað til heimtu kröfunnar.

Í 10. og 11. gr. eru ákvæði um ákvörðun dráttarvaxta í íslenskum gjaldmiðli og erlendum gjaldmiðli í 11. gr. Við ákvörðun dráttarvaxta hlýtur að verða tekið tillit til þess að slíkir vextir þurfa, ef þeir eiga að gegna hlutverki sínu, að vera alltaf nokkru hærri en ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma. Verðbólga á Íslandi hefur verið afar breytileg og þurfa lög að vera nothæf hvort sem verðbólga er mikil eða lítil. Við aukið vaxtafrelsi má reikna með því að vextir nýrra útlána miðist fyrst og fremst við ríkjandi verðbólgu og horfur um hana á næstunni. Raunar má búast við að viðskiptabankar og sparisjóðir tryggi að ávöxtun útlána verði almennt hærri en verðbólga á hverjum tíma. Lán til langs tíma geta borið breytilega vexti eða verið verðtryggð.

Ákvæði 10. gr. miðar að því að raunvaxtamunur venjulegra útlána og dráttarvaxta verði óháður nafnvöxtum. Hlutfallið milli endurgreiðslu að viðbættum dráttarvöxtum og endurgreiðslu með venjulegum útlánsvöxtum verður þá nokkurn veginn hið sama hvort sem nafnvextir eru háir eða lágir. Þetta markmið næst hins vegar ekki ef ákveðinni hundraðstölu er bætt við útlánsvexti og enn síður ef bætt er við þá ákveðnu hlutfalli af nafnvöxtum útlána.

Dráttarvextir eru í 1. mgr. 10. og 11. gr. skilgreindir sem ársvextir, en það stendur opið eftir sem áður að fylgja eldri venjum um styttri innheimtutímabil, t.d. um mánaðarvexti eða dagvexti vegna vanskila. Skv. 2. mgr. þessara ákvæða er Seðlabanka Íslands falið að reikna mánaðarlega vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum á föstum reglulegum tíma ef um einhverjar breytingar er að ræða, en ekki er gert ráð fyrir neinum aukaákvörðunum vegna óvæntra breytinga á útlánskjörum banka og sparisjóða.

Ákvörðun dráttarvaxta má hugsa sér eftir tveimur mismunandi aðferðum þótt munurinn á þeim þurfi ekki að verða mikill í reynd. Meðal lögfræðinga eru nokkuð skiptar skoðanir á þessum aðferðum. Aðferð sú sem lögð er til grundvallar í frv. þessu er sú sama og nú er notuð af Seðlabanka Íslands. Hún er í því fólgin að dráttarvextir eru byggðir ofan á almennt gildandi vaxtakjör þar sem þau kjör hljóta að vera til viðmiðunar um tjón er leiðir af vanskilum í almennri lánastarfsemi. Þessi leið tekur fyrst mið af öllum venjulegum lánum í almennri lánastarfsemi. Seðlabankinn byggir ákvarðanir sínar á tveimur þáttum, útreikningi á vegnu meðaltali ársávöxtunar annars vegar og ákvörðun reiknihlutfalls skv. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. hins vegar. Viðskrh. setur nánari reglur um ákvörðun dráttarvaxta samkvæmt þessum greinum, sbr. 3. mgr. 10. gr.

Hin aðferðin gerir ráð fyrir að fastir dráttarvextir, refsivextir, séu byggðir ofan á verðgildisbætur höfuðstóls vísitölu og þá sérstaklega vexti hvers láns. Tekur aðferðin því fremur mið af skaðabótakröfum, ýmiss konar dómkröfum og lánum til langs tíma. Þetta kerfi getur reynst flókið þegar um er að ræða óverðtryggð lán með nafnvöxtum og er óleyst mál varðandi verðtryggð lán.

Rök fyrir verðgildisbótum sem grundvelli dráttarvaxta virðast einkum vera þau að ekki sé á það treystandi að almennt vaxtastig fylgi verðbólgu.

Þetta ætti nú brátt að verða ástæðulaus ótti þar sem aukið frjálsræði í markaðsákvörðun vaxta er að vinna sér hefð í lánsviðskiptum og dómsmálum.

Rétt þykir að taka af skarið í lögum um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig að þeir leyfist fyrst eftir tólf mánaða vanskil og á tólf mánaða fresti eftir það. Ákvæði um vaxtavexti hafa verið í auglýsingum Seðlabankans undanfarin ár, sbr. nú síðast auglýsingu birtri 30. jan. 1987 í Lögbirtingablaði, en hún gerir ráð fyrir svipaðri reglu og þetta frv. Með dómi Hæstaréttar frá því í desember var staðfest að heimild Seðlabankans til ákvörðunar dráttarvaxta skv. 5. gr. laga frá 1960 tæki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Kemur hið nýja ákvæði 12. gr. þannig í reynd í stað 5. gr. gildandi laga frá 1960.

Í 13. gr. er lagt til að skuldara verði ekki gert að greiða dráttarvexti ef um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa er að ræða. Til þess að um viðtökudrátt geti verið að ræða þarf skuldari að hafa bæði vilja og getu til að greiða og hann þarf að hafa gert kröfuhafa löglegt greiðslutilboð eða lagt féð inn á geymslureikning skv. lögum nr. 9/1978. Ákvæði þetta tekur einnig til þeirra tilvika þegar skuldara er rétt að halda að sér höndum um greiðslu, t.d. vegna vanefnda eftir atvikum, fyrirsjáanlegra vanefnda af hálfu kröfuhafa. Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur falli niður með öllu meðan á slíkum viðtökudrætti stendur. Þykir ekki rétt að skylda skuldara til að leggja fé inn á geymslureikning þótt við féð bætist nokkrir bankavextir kröfuhafa til handa.

14. gr. frv. er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. laga nr. 56 frá 1979, um dómvexti, en lagt er til í 21. gr. að þau lög verði numin úr gildi. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögum þegar litið er til þess að hæð dráttarvaxta getur breyst jafnvel mánaðarlega og málarekstur til heimtu kröfu tekur oft langan tíma. Ef frv. þetta verður að lögum mundi krafa bera þá dráttarvexti á hverjum tíma sem af útreikningi Seðlabankans leiddi samkvæmt fyrirmælum 10. og 11. gr. frv.

Lagt er til í 15. gr. að skaðabótakröfur beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. þegar liðinn er mánuður frá þeim degi þegar kröfuhafi, tjónþoli, sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf er á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta. Í mörgum tilvikum liggja fyrir nægilegar upplýsingar um tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta mjög skömmu eftir að tjónsatvik á sér stað. Í öðrum tilvikum þarf að fá mat sérfróðra manna, t.d. á galla söluhlutar og á fjárhæð skaðabóta. Heimild til að krefja um dráttarvexti mundi í slíkum tilvikum stofnast þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlaga lagði fram slíkt mat.

Þegar um líkamstjón er að ræða þarf almennt að leggja fram örorkumat og útreikning sérfræðings á fjárhæð skaðabóta vegna tekjutaps er leiðir af örorku. Rétt þykir í slíkum tilvikum svo og vegna miskabótakrafna að dómstólar geti ákveðið við hvaða tíma dráttarvaxtagreiðslu skuli miða. Tíminn frá slysi þar til unnt er að leggja fram upplýsingar um örorku sem þörf er á til að ákvarða bætur getur verið svipaður og við önnur tjónsatvik, en æskilegt getur verið að bíða lengur með að meta fjárhæð bóta vegna þess að oft kemur ekki í ljós fyrr en alllöngu eftir slys hver verður varanleg örorka. Vextir fyrir tímabilið frá slysdegi og þar til endanlegt uppgjör fer fram mega ekki stuðla að því að annar hvor málsaðila hafi hag af því að tefja málið og mega ekki heldur verða til þess að uppgjöri sé hraðað meira en góðu hófi gegnir til að meta örorkuna sem best. Því er dómstólum hér fengin heimild til að kveða á um vaxtatímabilið hverju sinni.

Í 16. gr. er lagt til að samningsvextir, verðbætur og annað umsamið álag falli niður frá þeim tíma er til greiðslu dráttarvaxta kemur. Leiðir það eðlilega af þeim forsendum sem ákvörðun dráttarvaxta er byggð á í 10.–12. gr. frv. þessa.

Í IV. kafla frv. eru ákvæði um refsiábyrgð fyrir okur, 17. og 18. gr., um endurgreiðslu ólögmæts endurgjalds, 19. gr., og málsmeðferð, 20. gr. Svo sem fyrr er fram komið er refsivert okur skilgreint með nýjum hætti í 17. gr. með hliðsjón af þeirri þróun í vaxtamálum sem orðið hefur á undanförnum árum. Okurhugtak 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58 frá 1960 er úrelt orðið að því er almenna vexti varðar. Hins vegar veitir misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga lántakendum ónóga vernd. Skilyrði þess ákvæðis eru svo ströng að mjög sjaldan reynir á það í framkvæmd. Sama reynsla hefur verið af hliðstæðu ákvæði í Danmörku. Þess vegna þótti rétt þar í landi að styrkja til muna refsivernd lántakenda og annarra sem standa höllum fæti í samningum vegna fjárhagslegra erfiðleika eða annars aðstöðumunar með því að tveimur nýjum lagaákvæðum var á árinu 1975 bætt inn í hegningarlögin.

Markmiðin með hinum nýju ákvæðum IV. kaflans eru þau fyrst og fremst að veita bæði innlánsstofnunum og almenna lánamarkaðnum hæfilegt svigrúm til athafna og þróunar, en veita lántakendum jafnframt viðunandi vernd. Tilhögunin er sú í stórum dráttum að út af fyrir sig má semja um hvaða almenna vexti sem er. En sé farið ólöglega að við samningsgerð, framsal samnings, beitingu hans eða hagnýtingu samkvæmt því sem lýst er í 17. gr. verður hinn brotlegi að gjalda þess að hafa áskilið sér vexti eða annað endurgjald umfram hæstu gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar var stofnað. Eftir því sem þetta bil breikkar og vaxtatakan fer lengra umfram vaxtakjör innlánsstofnana, því meiri er áhættan, bæði hættan á því að dómstólar telji um óréttmæta hagnýtingu aðstöðumunar að ræða svo og á þyngri viðurlögum ef brot sannast.

Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. frv. sem því að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti. Hér þarf að vera um misnotkun aðstöðu að ræða svo grófa að dómstólar telji hana refsiverða.

Orðin „á óréttmætan hátt" eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um varfærnislegt mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins svipað og ólögmætisfyrirvari 248. gr. almennra hegningarlaga, um fjársvik.

Að sjálfsögðu skiptir fjárþröng mestu máli varðandi aðstæður viðsemjandans, en rétt þykir að hafa opið ákvæði um hliðstæðan aðstöðumun aðila, t.d. þar sem annar er háður hinum í starfi, vegna fyrri viðskipta, um útvegun fíkniefna, o.s.frv.

Það atferli er lýst var hér að framan þarf að beinast að því að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá bönkum og sparisjóðum. Þessi síðari mælikvarði okurháttseminnar er fyrst og fremst hugsaður sem viðmiðun í samningum utan bankakerfisins og mælikvarði við mat háttseminnar.

Okurbrot er fullframið við áskilnað vaxta. Samningur þarf ekki að hafa tekist. Um annað endurgjald er áður rætt.

Sem saknæmisskilyrði þarf ákæruvaldið að sýna fram á annaðhvort ásetning eða stórfellt gáleysi. Er það meðalvegur milli gildandi ákvæða í 2. mgr. 6. gr. laga frá 1960 og misneytingarákvæðis hegningarlaga, ásetningur.

Þótt fésektir verði að líkindum algengasta refsingin fyrir okur er þó gert ráð fyrir að alvarleg brot af þessu tagi geti varðað refsivist. Rétt er að taka fram að gæsluvarðhaldi er því aðeins heimilt að beita að fangelsi sé tilgreint í ákvæðinu sem refsitegund, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 2. mgr. 17. gr. er sérstakt ákvæði um eftirfarandi hlutdeild í okurbrotum. Með ákvæði þessu er unnt að ná til „skuggamanna", þ.e. þeirra sem skipta við okrara, fjármagna slíka starfsemi og njóta hagnaðar af henni. Sökunautar samkvæmt þessu ákvæði þurfa að uppfylla öll sömu skilyrði og aðalmenn skv. 1. mgr. Eðli máls samkvæmt er raunar örðugra að sanna sekt á hlutdeildarmennina, ekki síst ásetning eða stórfellt gáleysi. Samkvæmt tveimur fyrstu málsliðunum þarf hinn brotlegi ekki sjálfur að hafa hagnast á viðskiptunum.

Í 3. mgr. 17. gr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um hlutræna refsiábyrgð lögaðila þar sem það á við. Slík ákvæði um refsiábyrgð án persónulegrar sakar eru allalgeng orðin í lagasetningu á síðari árum, einkum til þess að bera niður á svokölluðum efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi fyrirtækja. Í grg. eru þessar lagaheimildir taldar upp. Í sumum ákvæðanna felst auk refsiviðurlaga heimild til leyfissviptingar eða sviptingar starfsréttinda. Er svo einnig skv. 3. mgr. 17. gr. í þessu frv.

Að sjálfsögðu eru sömu sönnunarkröfur gerðar sem endranær. Ekki þykir eðlilegt að lögaðili sleppi þótt hinn brotlegi finnist ekki, t.d. af því að honum hefur verið sagt upp.

Að því er ólöglega dráttarvaxtatöku varðar er byggt á hinum ófrávíkjanlegu ákvæðum 10. og 11. gr. um hámark dráttarvaxta. Hér er því hið víðtæka okurhugtak lagt til grundvallar líkt því sem nú er að finna í 6. gr. gildandi laga frá 1960. Um ákvörðun og birtingu dráttarvaxta eru nú skýrar reglur í tilvitnuðum ákvæðum. Um önnur atriði má vísa til athugasemda við 17. gr.

Endurgreiðsluákvæði 19. gr. frv. svarar til 1. mgr. 6. gr. laga frá 1960. Hugmyndin að baki þessu ákvæði er svipuð og í 17. gr. að öðru leyti en því að hér er um endurgreiðslu oftekinna vaxta að ræða en ekki refsiábyrgð. Nánar um tilhögun ákvæðisins má vísa til þess sem áður segir um II. kafla frv. Refsiverður samningur mundi jafnan vera ólögmætur og því ógildur skv. 19. gr. En samningur gæti verið ólögmætur samkvæmt öðrum réttarreglum án þess að leiða til refsiábyrgðar og mundi þá leiða til sömu niðurstöðu.

Ákvæði 20. gr. er í samræmi við almennar reglur, en tekið hér með til áherslu og öryggis.

Í V. kafla eru einungis gildistöku- og bráðabirgðaákvæði. Lagt er til í 21. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi ef samþykkt verða. Hér er aðeins lagt til að numin séu úr gildi hin almennu lagaákvæði um vexti en ekki hróflað við sérákvæðum á ýmsum sviðum. Með frv. þessu fylgja þó nokkur fylgifrv. til breytinga á lögum sem óhjákvæmilegt þótti að breyta til samræmis.

Í 2. mgr. 21. gr. er tekið af skarið um gildistöku með tilliti til eldri og yngri fjárkrafna.

Með bráðabirgðaákvæði I er tryggt að okurmál þau sem þegar hafa verið höfðuð til refsingar fyrir gildistöku laga þessar geti gengið sinn gang og hlotið efnisdóm. Að öðrum kosti er hætt við að þessi mál væru alveg úr sögunni vegna ákvæðis 2. gr. hegningarlaga um bann við afturvirkum refsiheimildum. Ekki er hægt að dæma eftir heimildum sem numdar hafa verið úr gildi. Að sjálfsögðu er ógjörningur með lögum að endurlífga þau sakarefni sem fella þurfti niður vegna dóms Hæstaréttar frá 19. des. s.l.

Í bráðabirgðaákvæði II er tekin afstaða til ákvæða í eldri lánssamningum um hæstu lögleyfða dráttarvexti eins og þeir eru á hverjum tíma og gildi verðtryggingar eftir að vanskil eiga sér stað.

Í bráðabirgðaákvæði III er kveðið svo á að ákvæði í eldri lánssamningum um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma skuli framkvæmd þannig eftir gildistöku laganna að vextir verði jafnháir vegnu meðaltali vaxta af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir frv. það til vaxtalaga sem hér er til umræðu. Það varðar mikilvægt svið viðskipta og atvinnulífs þar sem mikið er í húfi að lögfesta skýrar heimildir og tryggja réttaröryggi. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðn.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir snertir mjög veigamikinn þátt í pólitískri

umræðu undanfarinna ára frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom til valda og þó alveg sérstaklega þann þátt sem lýtur að þeim breytingum sem urðu á ákvörðunum um vexti sumarið 1984. Frv. sjálft er að mörgu leyti fróðlegt og athyglisvert og einnig sú ræða sem hæstv. viðskrh. flutti upp úr grg. frv. þar sem farið er ítarlegum orðum um efni þessa máls. Ég tel einmitt að það sé mjög mikilvægt að frv. af þessu tagi sé fylgt úr hlaði með ítarlegri efnislegri ræðu og að grg. frv. sé eins vönduð og kostur er.

Varðandi efnisatriði frv. vil ég, áður en ég vík að þeim breytingum sem voru ákveðnar 1984, nefna það atriði að í 10. gr. laga um Seðlabanka Íslands, eins og þau voru afgreidd frá hv. Alþingi, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána."

Ég held að það sé nauðsynlegt að hliðstæð ákvæði og eru í seðlabankalögum verði einnig sett inn í hin almennu vaxtalög þó að það væri ekki nema til þess að það komi skýrt fram í hinum almennu vaxtalögum að ríkisstjórnin á hverjum tíma getur tekið ákvarðanir um að takmarka vexti. Eins og þetta frv. lítur út er í raun og veru ekki opnað fyrir slíka heimild handa ríkisstjórn. Ég tel að það sé slæmt, jafnvel þó að þetta ákvæði sé að finna í seðlabankalögunum, og því teldi ég ástæðu til að kanna hvort ekki ætti að flytja við þetta frv. þá brtt. að hliðstætt ákvæði komi inn í hin almennu vaxtalög og eru í seðlabankalögunum og í lögum um viðskiptabanka.

Varðandi efnisatriði þessa frv. að öðru leyti vil ég benda á að í grg. frv., sem birt er í þskj. sem við höfum hér til meðferðar, segir svo á bls. 12 í athugasemdum um IV. kafla frv.:

„Tilhögunin er sú", segir með leyfi forseta, „í stórum dráttum að út af fyrir sig má semja um hvaða almenna vexti sem er."

Ég tel í raun og veru að hér sé um að ræða orðalag sem opnar fyrir áframhaldandi okurlánastarfsemi þegar þröngt er á hinum almenna fjármagnsmarkaði í landinu og ekki er hægt að segja að framboð og eftirspurn ráði verði á peningum með eðlilegum hætti. Ég tel að þessi setning í frv. sé í rauninni mjög hættuleg og ástæða til að mótmæla henni sérstaklega, jafnvel þó að hún sé í grg. á bls. 12 um IV. kafla frv., vegna þess að hér er því alveg slegið föstu að það er grundvallaratriði þessa frv. að það megi semja um hvaða almenna vexti sem er. Síðan segir í ákvæðum um 17. gr., með leyfi forseta:

„Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. frv. sem því að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti."

Svo segir: „Hér þarf að vera um misnotkun aðstöðu að ræða, það grófa að dómstólar telji hana refsiverða."

M.ö.o.: misnotkunin verður að vera gróf. Og hvað er gróft í þessu efni? Um það er einnig fjallað í grg. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Orðin „á óréttmætan hátt" eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins", segir hér í grg.

Í ræðu hæstv. viðskrh. var þetta hins vegar öðruvísi orðað. Þar var sagt: „Orðin „á óréttmætan hátt" eru ætluð sem eins konar fyrirvari til dómstóla um varfærnislegt mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins."

Ég tel að hér sé komið að kjarna þessa frv., sem sé því: Er ætlunin að loka eins og kostur er leiðum til okurlánastarfsemi hér? Með því að undirstrika grundvallaratriði með þeim hætti sem gert er í grg. um IV. kafla frv. er hins vegar opnað fyrir að okurlánastarfsemi við ákveðnar aðstæður geti þrifist áfram og að sá sem okrinu beitir, sá sem okrar á öðrum, verði að gera það með mjög grófum hætti, eins og stendur í grg., ef hans háttsemi á að teljast refsiverð.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins dæma um hver er nákvæmlega ætlun höfundar frv. með þessum texta eins og ég hef lesið hann hér upp. Það er mál sem verður athugað í hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég á kost á að fara yfir þetta mál og auðvitað hlýtur nefndin að kalla til þá aðila sem einkum hafa komið að samningu þessa frv. Ég tel hins vegar að það að vanta skuli skírskotun til seðlabankalaganna og að því skuli slegið föstu í grg. að það megi í rauninni semja um hvaða vexti sem er, þetta tvennt séu alvarlegustu ágallar frv. eins og ég hef komið auga á þá eftir nokkurn yfirlestur. Þeir kunna að vera fleiri. En það þarf að fást umræða og skýring á þessum atriðum.

Í sambandi við þetta mál er nauðsynlegt að leggja fyrir hæstv. viðskrh. nokkrar spurningar. Það fyrsta sem ég vil inna eftir er með skírskotun til 10. gr. seðlabankalaganna.

Skv. 10. gr. seðlabankalaganna mega vextir hér á landi ekki fara verulega fram úr því raunvaxtastigi sem er í grannlöndum okkar. Ég held að það sé rétt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. viðskrh.: Hefur verið fylgst með þessu að undanförnu? Hvernig hafa raunvextir þróast miðað við það sem er í grannlöndum okkar? Og spurningin lýtur auðvitað að því að ef þeir þróast fram úr því sem er í viðskiptalöndum okkar getur Seðlabankinn og eða ríkisstjórnin gripið inn í.

Hin forsenda þess að ríkisstjórnin megi grípa inn í vaxtaþróun hér á landi er sú að vaxtamunur innlánsstofnana verði óhæfilegur. Um þetta má fara mörgum orðum, en það er nauðsynlegt að fá að vita hvernig vaxtamunur innlánsstofnana hefur þróast frá árinu 1984 þegar vaxtasprengjunni var varpað inn í efnahagslífið þá um sumarið. Mér sýnist á tölum um framlegð bankanna til landsframleiðslunnar að svo hljóti að vera að raunverulegur

vaxtamunur hér á landi hafi aukist verulega. Um þetta hef ég engar upplýsingar séð nýlega og það væri mjög æskilegt ef hæstv. viðskrh. treystir sér til strax við 1. umr. málsins að veita okkur upplýsingar um það.

Ég vil þessu næst víkja fáeinum orðum að aðdraganda þessa máls. Sumarið 1984 var mikill vandi í sjávarútvegi, þurfti að grípa til ráðstafana vegna sjávarútvegsins eins og algengt er. Ríkisstjórnin sat á fundum, undirnefndir að störfum, störfuðu þar undir forustu hæstv. sjútvrh. og hv. 1. þm. Suðurl. sem þá var ekki orðinn ráðherra, formanns Sjálfstfl. Menn gerðu almennt ráð fyrir því í þjóðfélaginu að niðurstaða þessara ríkisstjórnarnefnda yrði sú að það yrðu tilkynntar veigamiklar breytingar til bóta á rekstrarniðurstöðu sjávarútvegsins í landinu. Þess vegna kom það örugglega mörgum á óvart þegar haldinn var blaðamannafundur 30. júlí 1984 þar sem aðalniðurstaða ríkisstjórnarinnar var sú að það ætti að gefa vexti frjálsa. „Innlánsstofnunum veitt frelsi til að ákvarða inn- og útlánsvexti", sagði Morgunblaðið í stórum fyrirsögnum, og formaður Sjálfstfl. lýsti því yfir að þetta væri stærsta ákvörðun sem hefði verið tekin í efnahagsmálum frá því að viðreisnin lagði upp laupana á sínum tíma, en það er nánast að vitna til hins allra helgasta þegar íhaldið vitnar í viðreisnarstjórnina. Morgunblaðið sá ástæðu til þess að hæla ríkisstjórninni fyrir áræðið, skrifaði leiðara 1. ágúst 1984 undir yfirskriftinni „Áræði ríkisstjórnarinnar", og það birtust í Morgunblaðinu viðtöl við forráðamenn Sjálfstfl., m.a. þáverandi viðskrh., sem sagði, með leyfi forseta, á þessa leið: „Vextir munu nú ráðast í fyrsta sinn af framboði og eftirspurn í stað opinberrar vaxtaákvörðunar."

Seðlabankinn tilkynnti 30. júlí 1984 á þessa leið: „Með þessum hætti er stefnt að því að framboð og eftirspurn ráði viðskiptakjörum á peningamarkaðnum og þannig verði stuðlað að betra jafnvægi en verið hefur."

Þetta var m.ö.o. yfirlýsingin 1984. Framboð og eftirspurn átti að ráða verði á peningum. Stefna Sjálfstfl. í þessu efni var komin í framkvæmd, stefna Friedmans, og menn töldu almennt að þetta hlyti að vera þannig að ríkisstjórnin í heild hefði staðið að þessari ákvörðun. Báðir stjórnarflokkarnir hlytu að hafa staðið að þessari ákvörðun. Hæstv. sjútvrh. gegndi þá starfi forsrh. Forsrh. var á Ólympíuleikunum í Los Angeles þessa dagana og lét mynda sig þar með hatt eins og frægt var. En enginn dró í efa að það hlyti að vera alveg augljóst mál að báðir flokkarnir hefðu ákveðið þessa viðamiklu breytingu í peningamálum. En svo gerast tíðindi. Það fellur okurdómur í jólamánuðinum. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vekur athygli á þessu máli í umræðum um fjárlög, enda ekki annað tækifæri til síðustu sólarhringana fyrir þingfrestun, og hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að þetta mál yrði tekið til vandlegrar athugunar af hálfu ríkisstjórnarinnar og m.a. er þetta frv. afleiðing af því. En bak jólum, þegar menn höfðu sett upp jólatrén sín, hvaðan sem þau voru fengin, í hinum dýrlegu görðum hér eða annars staðar, þá fara að koma aðrar yfirlýsingar. Frá öðrum mönnum, hæstv. forsrh. og formanni Framsfl., birtust yfirlýsingar m.a. í DV dag eftir dag, og ég held að það sé rétt að fara fram á það við hæstv. forseta þessarar deildar að hann kalli í hæstv. forsrh. vegna þess að það er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hann nokkurra spurninga um þetta vaxtamál. (**Forseti:** Það verður kannað hvort hæstv. ráðh. er í húsinu.)

Hæstv. forsrh. sagði í viðtölum við blöð, sem birtust fyrstu dagana eftir jól, t.d. í DV 7. janúar s.l. „Ég tel", segir forsrh., „að ákvörðunin hafi verið ótímabær 1984, að markaðurinn hafi ekki verið undir þetta búinn." Þetta er nákvæmlega það sama og t.d. við sögðum, talsmenn stjórnarandstöðunnar, sumarið 1984 þegar við okkur var talað um þessi mál. Og forsrh. hnykkir heldur betur á, það er ekki verið að spara stóru orðin í þessu efni, því hann segir: „Ég segi hiklaust að það sé hneyksli að Seðlabankinn skuli ekki gera sér grein fyrir þessu með alla þá sérfræðinga og alla þá ráðgjöf sem hann hefur." „Með ákvörðunum sínum kippti Seðlabankinn fótunum undan okurlögunum," segir forsrh. snemma árs 1987. Er þá liðið nokkuð á þriðja ár frá því að hin sögulega ákvörðun var tekin. Þá rann upp fyrir honum ljós. Það þurfti okurdóminn til.

Og hæstv. forsrh. landsins segir: „Það skal viðurkennt að hér í ríkisstjórninni voru menn hræddir við þetta, að vextir færu upp úr öllu valdi, en ég held að menn hafi alls ekki hugsað út í það að okurlögin yrðu þar með afnumin. Við skulum ekki gleyma því að Seðlabankinn er ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í öllum peningamálum."

Svo er hann spurður: Á þá að reka þá menn sem gerðu þessi mistök, eins og seðlabankastjóra? Á þá að reka þá? Forsrh. kann auðvitað svör við því eins og öllu öðru. Hann segir, með leyfi forseta: „Þú meinar hvort seðlabankastjórarnir ættu að hætta? Ja, það er vitanlega eðlileg spurning. Mér finnst það dálítið háð því hvað menn telja þetta eðlileg mistök eða hvort þetta er viljandi gert."

Viljandi gert eða kannske bara óvart! Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að af hans hálfu var þetta örugglega óvart og hann er mjög hissa á niðurstöðunum. Hann er óskaplega undrandi oft á því hæstv. forsrh. hvaða afleiðingar hans eigin pólitísku ákvarðanir hafa. Það má segja að það sé það skemmtilega við þetta kjörtímabil hvað forsrh. tekst alltaf að vera barnslega undrandi á ákvörðunum eigin ríkisstjórnar. Það kom alveg sérstaklega í ljós í þessu okurmáli.

Og ráðherrann var ekkert að spara við sig yfirlýsingar. Hann lagði til forsíðu og baksíðu og innsíðu og leiðara í DV hvern einasta dag eftir hátíðarnar. Á þrettándanum sagði hann: „Þetta er gersamlega óeðlilegt ástand sem hér hefur skapast í peningamálum", gersamlega óeðlilegt ástand. Og svo segir hann 5. jan. 1987 eins og til að benda á það að hann hafi gengið á undan með góðu fordæmi undir fyrirsögn-

inni: „Menn eiga að viðurkenna mistök sín“, segir forsrh. Steingrímur Hermannsson um seðlabankamálið. Og í því viðtali segir ráðherrann m.a.: „Öllum geta orðið á mistök, en þá eiga menn líka að viðurkenna þau en ekki að kenna öðrum um eins og gert er í tilkynningu Seðlabankans.“

Síðan segir í DV: „Steingrímur hefur opinberlega kallað málið hneyksli. Í samtali við DV sagði hann hneykslið fólgið í því að gefa vexti frjálsa sumarið 1984 þar sem allir sem nálægt peningamarkaðnum hafa komið vita að á þeim tíma þoldi hann það ekki eins og okurmálið sýndi“, allir sem nálægt peningamarkaðinum hafa komið! Og það var ekki eins og þetta væri maður sem væri að fæðast í gær eða fyrradag. Hann hafði óvart verið í ríkisstjórn frá 1978. Framsfl. hafði verið í ríkisstjórn frá 1971 og er bráðum búinn að slá met Alþfl. í samfelldri stjórnarsetu. En niðurstaða þessa manns er engu að síður sú að hann segir: Allir sem nálægt peningamarkaðnum hafa komið vita að þetta var tóm vitleysa. En samt stendur hann að þessu. Samt stendur varaformaður Framsfl. að þessu. Samt er þetta samþykkt í þingflokki Framsfl. sumarið 1984. Og menn minnast þess enn, sem hafa eitthvert pólitískt minni, hvað þeir voru lúpulegir framsóknarþingmennirnir þegar þeir komu út úr þingflokksherberginu hérna niðri þann dag þegar þessi ákvörðun var tekin vegna þess að ég er sannfærður um að einhverjir menn þar hafa talið þetta afar óþægilega ákvörðun á sínum tíma. Engu að síður bar Framsfl. alla ábyrgð á henni. Ég held að málið liggi einfaldlega þannig að Sjálfstfl. hafi vitað hvað hann var að gera. Hann hafi verið að lögleiða vaxtafrelsi eins og það er kallað, m.ö.o. okur, í því þjóðfélagi sem við búum við í peningamálum þar sem framboð og eftirspurn standast ekki á. Ég held að það sé hins vegar þannig að ýmsir forustumenn Framsfl. hafi áttað sig á þessu líka, en látið beygja sig, látið setja á sig þumalskrúfur vegna þess að íhaldið sagði: Annars gerum við ekkert fyrir fiskiskiptaflotann. Þetta var verslunin sem gekk yfir á milli stjórnarflokkanna þessa daga og það er auðvelt að fletta þessu upp í blöðum frá sumrinu 1984 þegar togaraflotinn, a.m.k. á Austfjörðum, var bundinn við bryggju og hafði verið um langt skeið.

Ég spyr hæstv. viðskrh. að því hvort hann sé sammála forsrh. um að niðurstaða Seðlabankans sumarið 1984 og ríkisstjórnarinnar hafi verið hneyksli. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá það alveg skýrt því að í grg. með frv. viðskrh., sem er jafnframt frv. Framsfl. og hv. þm. Páls Pétursonar og hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem var þá ekki búið að reka úr Framsfl., er syndakvittun fyrir ákvörðunina 1984. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eðlilegt var að Seðlabankinn hætti að auglýsa gildandi hámarksvexti að því marki sem skilyrt ákvörðunarvald í þeim efnum var fengið innlánsstofnunum.“

Sem sagt: stjfrv. ríkisstjórnarinnar. Nokkrum dögum eftir að forsrh. er búinn að jarma um það í öllum fjölmiðlum að ákvörðunin 1984 hafi verið hneyksli segir hann í sínu eigin frv., forsrh., og hv. þm. Stefán Guðmundsson og Stefán Valgeirsson og Páll Pétursson: Þetta var fullkomlega eðlileg ákvörðun. Svo voru menn að biðja um að þjóðin beri virðingu fyrir mönnum sem með þessum hætti tala og segja eitt í dag og allt annað á morgun.

Ég held satt að segja, herra forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að draga þessar staðreyndir fram í sambandi við meðferð þessa máls því að þetta er sami leikurinn og Framsfl. hefur leikið allt þetta kjörtímabil. Þegar upp hafa komið mál sem ráðherrar samstarfsflokksins hafa borið ábyrgð á og illa fer byrjar söngurinn svona: Fyrst kemur forsrh. á síður dagblaðanna og í sjónvarpið og í útvarpið og segir: Þetta voru mistök. Þetta var hneyksli. Ég furða mig á þessu. Ég er alveg steinhissa og undrandi á öllum þessum niðurstöðum.

Svo kemur Tíminn, svo koma blöðin og hinir allir á eftir og segja: Þetta er allt saman Sjálfstfl. að kenna. Auðvitað ber hann höfuðábyrgð. En auðvitað ber Framsfl. stjórnarfarslega ábyrgð á þeirri okurlánastefnu sem var hleypt lausri á þjóðina sumarið 1984. Það er útilokað fyrir þá að skjóta sér undan þeirri ábyrgð. Það er lítilmannlegt að reyna að skjóta sér undan slíkri ábyrgð.

Þessi okurlánastefna birtist okkur ekki aðeins í meðferð Hæstaréttar á okurmálum. Mér liggur við að segja: Því miður er málið allt öðruvísi og þessi stefna snertir mikið fleiri en nokkurn tíma komast fyrir dómstóla með mál sín. Nauðungaruppboðum hefur fjölgað. Þau eru 6–8 sinnum fleiri nú á ári en var í upphafi valdatíðar þessarar ríkisstjórnar. Gjaldþrotamálum hefur fjölgað. Og af hverju halda menn að vandi atvinnuvega t.d. dreifbýlisins skapist og stafi nema af því að þessari stefnu hefur verið fylgt þannig að atvinnuvegirnir hafa eins og almenningur verið beygðir til þess að taka við lánum á okurkjörum. Þessi okurlánastefna, sem íhaldið ákvað með stuðningi framsóknar 1984, veldur samdrættinum í dreifbýlinu. Það er hún sem veldur meginvanda atvinnuveganna í dreifbýlinu líka. Og það er þetta sem menn verða að horfast í augu við. Það á ekki að láta menn komast upp með að skjóta sér undan staðreyndum í þessum málum.

Hæstv. forsrh., hefur hann ekki fundist eða hvað? (**Forseti:** Það hefur verið gerður reki að því að hæstv. forsrh. yrði í salnum eins fljótt og við verður komið, en hann var ekki í húsinu. Hann hefur fengið boðin.) Ég mun þá gera ráðstafanir til að ræða þessi mál við hann við annað tækifæri ef hann ekki kemur núna, en ég held að hann eigi að svara nákvæmlega hér í þessu máli. Hann hefur sitt vald frá meiri hluta Alþingis og hann á að svara hér fyrir okurlánastefnuna sem hann ber ábyrgð á að innleiða hér á undanförnum árum.

Að lokum, herra forseti, eitt atriði í sambandi við þessi vaxtamál sem ég heyri að jafnvel hæstv. viðskrh. er farinn að hafa yfir. Og hélt ég satt að segja að hann seinna en ýmsir aðrir menn yrði mér

liggur við að segja heilaþveginn af þessum vaxtahækkunarmaskínum sem eru í gangi. Ég hélt að hann þekkti það vel til atvinnuvega t.d. í dreifbýlinu að hann færi seint að hafa yfir þær rullur að þetta væri nú heldur til bóta, þessi stefna, af ýmsum ástæðum og ég ætla að fara yfir þær ástæður sem hæstv. ráðh. nefndi. Ástæðurnar eru tvær sem hann nefnir og rökin eru tvíþætt.

Í fyrsta lagi segir hann að hér hafi sparnaður aukist mjög verulega og hann segir þetta í samhengi þannig að ætla má að það sé vegna þess að vextir hafi hækkað. Hvað er til í því? Staðreyndin er sú að sparnaður á föstu verðlagi, sparifé í innlánsstofnunum á föstu verðlagi, hefur verið að aukast á hverju ári frá 1975. Það var verulegt hrun í sparnaði á föstu verðlagi á árunum 1974 og 1975. Ef við setjum árið 1973 sem 100 var sparnaður á föstu verðlagi kominn niður í 75 á árinu 1975. Síðan hefur sparnaður á föstu verðlagi verið að aukast jafnt og þétt og í rauninni, ef maður skoðar þetta út frá hreyfingu innlána á föstu verðlagi sem er eina eðlilega viðmiðunin, *má segja* að hér hafi verið um að ræða nokkuð jafna stígandi allan þennan tíma. Það er ekki hægt með neinum rökum að halda því fram að vaxtahækkunarstefnan, sem var ákveðin 1984, hafi þarna ráðið úrslitum.

Ég held líka að það sé allt annað sem veldur þessari breytingu og það sé fyrst og fremst tvennt. Annað er það að verðtrygging fjárskuldbindinga var heimiluð frá og með árinu 1979. Áður var verðtrygging fjárskuldbindinga hér á landi bönnuð með lögum sem sett voru af Alþfl. og Sjálfstfl. á áratugnum þar á undan. Með verðtryggingu fjárskuldbindinga opnast nýir möguleikar fyrir sparnað og um þá ákvörðun 1979 var enginn ágreiningur í þinginu vil ég rifja upp.

Hitt atriðið, sem skiptir gífurlegu máli í sambandi við aukinn sparnað á undanförnum árum, er sú staðreynd að á þeim áratug sem við erum þarna að horfa yfir og fram á þennan eru að þróast í landinu peningastofnanir sem hafa handa á milli milljarða og aftur milljarða kr. Það eru lífeyrissjóðirnir. Lífeyrissjóðirnir eru verulegur hluti af þessum aukna sparnaði. Það er alveg ljóst. Ég held þess vegna að menn eigi ekki að taka trúanlegar klisjur Þjóðhagsstofnunar, hvort sem þar er Jón Sigurðsson frambjóðandi Alþfl. eða sá ágæti maður Þórður Friðjónsson, sem eru þannig að hærri vextir þýði sjálfvirkt meiri sparnað.

Það hafa verið skrifaðar um það lærðar ritgerðir af hagfræðingum, m.a. hygg ég að ýmsir alþm. hafi fengið slíkar ritgerðir í hendur, þar sem lýst er þróun peningamarkaðar í Kanada t.d. á árunum 1965–1980, *þar sem það kemur greinilega fram að yfirleitt* eru það aðrir þættir en vaxtahæðin sem slík sem ráða úrslitum um hvort sparnaður í þjóðfélaginu minnkar eða eykst. Ég er ekki að segja, herra forseti, að það sé ekkert samhengi þarna á milli. En samkvæmt þessum ritgerðum sem ég hef séð um þróun peningamarkaðarins í Kanada á árunum 1965–1980 er samhengið milli vaxta og sparnaðar ekki það sama og menn höfðu áður talið. Ég hef því verið að leita skýringa á því hvernig stendur á þessari þróun hér á landi og ég held að hún sé þessi: Það er opnað fyrir verðtrygginguna veturinn 1979 annars vegar og hins vegar er hinn stóraukni sparnaður lífeyrissjóðanna þannig að 10% af öllum launum sem menn vinna sér fyrir í landinu, það eru sennilega um 10 000 millj. kr. á síðasta ári, allt þetta fer inn í nýtt lögbundið sparnaðarkerfi. Þetta vildi ég nefna vegna þeirra kenninga sem ég heyri að hæstv. viðskrh. er jafnvel farinn að tyggja upp eftir þeim í Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnun þó ég hefði kannske seint búist við því að hann færi að fara með þá rullu í þessum stól, en auðvitað er hægt að rótast svo í mönnum, jafnvel honum, að þeir fari að taka mark á þessum klisjum.

Herra forseti. Mér fannst það mikilvægt, sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. áðan, að hann viðurkenndi að lögin í landinu voru ekki tilbúin til þess í raun og veru að taka við ákvörðuninni 1984. Í raun og veru gagnrýndi hann með þessum hætti ákvörðun sína 1984. Og hann tók þannig til orða: „Ný löggjöf hefði þurft að koma til þá strax.“ Með þessu er hæstv. ráðh. að segja okkur að þarna var um ótímabæra ákvörðun að ræða, flumbrugang, þar sem ofstækisfyllstu Friedmanistarnir í Sjálfstfl. réðu ferðinni með Framsfl. í bandi. En úr því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn held ég að það sé óhjákvæmilegt að ræða þetta mál örlítið við hann.

Ég rifjaði það upp í ræðu minni áðan að eftir hátíðarnar fóru að birtast viðtöl við hæstv. forsrh. landsins í öllum blöðum, sjónvarpi og útvarpi og víðar þar sem hann sagði: Ákvörðun Seðlabankans 1984 var hneyksli. Og hann gagnrýndi harðlega stjórnendur Seðlabankans og lét að því liggja að þeim hefðu orðið á mjög alvarleg mistök, jafnvel að þeir hefðu framið lögbrot. Nú birtist á vegum forsrh. stjfrv. um vaxtamál þar sem hann í raun og veru tekur það til baka sem hann hefur áður sagt í þessu efni vegna þess að í grg. frv. segir að þessi ákvörðun um að hætta að auglýsa vexti 1984 hafi verið eðlileg ákvörðun. Ég tel að hæstv. forsrh. og flokkur hans, Framsfl., beri fulla ábyrgð á þeim miklu vaxtahækkunum sem gengu yfir eftir 1984 og það sé útilokað fyrir Framsfl. eða hæstv. forsrh. að ætla sér að skjóta sér undan þeirri ábyrgð. Ég tel að það sé í rauninni alveg fráleitt hvernig hann hefur haldið á þessu máli nú að undanförnu nema hann hreinlega viðurkenni að hér hafi verið um stórkostleg pólitísk mistök að ræða, en þar með er hann að segja að stjórnarstefnan í heild hafi verið mistök vegna þess að þessi ákvörðun um vaxtafrelsið 1984 er snúningspunkturinn í allri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Afleiðingarnar sjáum við í nauðungaruppboðunum, gjaldþrotamálunum og erfiðleikum fyrirtækjanna á landsbyggðinni. Ég held að það sé nauðsynlegt við þessa umræðu að fá það skýrt fram: Samþykkti Framsfl. stefnuna 1984? Var hún samþykkt í þingflokki Framsfl.? Ég hygg að svo hafi verið. Ætlar forsrh. og formaður Framsfl. að reyna að skjóta sér

á bak við það í þessu máli að hann var í Los Angeles dagana sem vaxtaokursákvörðunin var tekin og hæstv. sjútvrh. gegndi starfi forsrh., eða hvernig kemur hæstv. forsrh. og formaður Framsfl. hlutunum heim og saman í þessu efni? Auðvitað bar Framsfl. fulla ábyrgð.

Og það væri fróðlegt að heyra hver er afstaða varaformanns Framsfl. í þessu máli sem var forsrh. þá daga sem þetta var að ganga yfir. Telur hann að þessi ákvörðun hafi verið mistök? Telur hann að þessi ákvörðun hafi verið hneyksli? Telur hann að það eigi að víkja bankastjórum Seðlabankans frá eða hvað? Eða er hann ósammála forsrh., sem situr í hinni ráðherraröðinni, í þessu máli? Ég held að það væri eðlilegt að þeir bæru sig aðeins saman og væri fróðlegt að vita hvort hæstv. sjútvrh. er sammála öllum yfirlýsingum forsrh. í þessu máli að undanförnu.

Framsfl. hefur í þessu máli eins og öllum öðrum reynt að leika tveimur skjöldum. Þegar óvinsælar ákvarðanir eru teknar, jafnvel af þeirra eigin ráðherrum, hlaupa þeir til og gagnrýna, eins og hv. Páll Pétursson í landbúnaðarmálunum þegar hann þykist vera manna harðastur á móti þeirri stefnu sem ákveðin hefur verið þar. En ég vil fá það á hreint hér, herra forseti: Hver er afstaða Framsfl. til vaxtanna? Voru það mistök að sleppa vaxtasprengjunni lausri sumarið 1984?

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra bankamála fyrir mjög ítarlega ræðu. Vitaskuld var það meira en tímabært að setja lög um vexti hér á landi. Hitt er þó augljóst að tilefnið er heldur leiðinlegt. Tilefni þess að menn loksins manna sig upp í það að setja lög um vaxtamál er hinn margfrægi hæstaréttardómur frá 19. des. s.l. Eins og hér hefur verið imprað á varð hann tilefni til ýmiss konar skoðanaskipta.

Ég hef löngum velt því fyrir mér hver bar raunverulega ábyrgð á því slysi sem þar varð. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að hér væri um hneyksli að ræða, talaði um alvarleg mistök í Seðlabankanum. Seðlabankinn bar hins vegar af sér ábyrgð og kenndi ríkisstjórninni um. Þannig hefur þetta staðið að okkur hefur gengið illa að átta okkur á hvar ábyrgðin hafi legið, hver gerði mistökin, hvers eðlis var hneykslið. En núna þarf enginn að veltast í vafa um það lengur því að ríkisstjórnin hefur með þessu frv. og grg. með frv. veitt Seðlabankanum algera syndakvittun. Það kemur greinilega fram í grg. með frv. að ríkisstjórnin telur nú að framganga Seðlabankans í málinu hafi verið eðlileg. Í því er fólgin syndakvittun fyrir Seðlabankann.

En þá stendur hinn sökudólgurinn eftir. Ríkisstjórnin hefur með þessu frv. tekið á sig að mínum dómi sök á hneykslinu. Það var þar sem hin alvarlegu mistök voru gerð en ekki í Seðlabankanum.

Það er athyglisvert að skoða yfirlýsingar forsrh. í þessu samhengi vegna þess að forsrh. hafði orð á því að þeir sem bæru ábyrgð á mistökunum ættu að fá yfir sig opinbera rannsókn. Þeir sem bæru ábyrgð á mistökunum ættu helst að segja af sér. Og hin rökrétta niðurstaða í framhaldi af framlagningu þessa frv. og þeirri grg. sem fylgir með er vitaskuld sú, ef forsrh. vill vera samkvæmur sjálfum sér, að það fari fram opinber rannsókn á þeim sem mistökin gerðu. Það fari sem sagt fram opinber rannsókn á gerðum og ákvarðanatöku ríkisstjórnarinnar og að þeir sem ábyrgð báru í þessu efni segi af sér. Og nú liggur fyrir hverjir það voru. Það var ríkisstjórnin. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu forsrh. í kringum jólin liggur því beint við að álykta að nú eigi ríkisstjórnin að segja af sér og hún eigi að láta framkvæma opinbera rannsókn á sjálfri sér. Þetta er vitaskuld niðurstaðan af því frv. sem hér liggur fyrir.

Ákvörðunin um vaxtafrelsi sumarið 1984 var greinilega mjög illa undirbúin og illa frá henni gengið. Við Alþýðuflokksmenn höfðum gert okkur grein fyrir því að sú aðferð við vaxtaákvarðanir sem hafði verið við lýði, sú miðstýring í þeim efnum sem hafði verið við lýði hafði gengið sér til húðar og ekki skilað þeim árangri sem nauðsynlegur var. Þegar ákvörðunin var tekin sumarið 1984 bentum við sérstaklega á það að þó að við vildum innleiða vaxtafrelsi yrði það að gerast að vel yfirlögðu ráði, vera vel undirbúið og vel með því fylgst. Nú hefur komið í ljós að varnaðarorð okkar voru sannarlega tímabær. Nú hefur nefnilega komið í ljós það sem við óttuðumst, að ekki var nægilega vel frá málinu gengið, það ekki nægilega vel undirbúið og ekki nægilega vel með því fylgst. Hæstaréttardómurinn frægi er til vitnis um það og það frv. sem hér er lagt fram er auðvitað staðfesting á því að málið hafði ekki verið nægilega vel undirbúið því að þá hefði þetta frv. í raun og sannleika átt að fylgja strax í kjölfarið.

Ég skal segja það strax og endurtaka að vitanlega hefur verið mikil þörf fyrir samræmda löggjöf um þetta efni. Máltækið segir: „Betra er seint en aldrei.“ En heldur er það nú leitt að tilefnið til flutnings þessa frv. skuli einmitt hafa verið hæstaréttardómurinn frá því í desembermánuði s.l. Engu að síður ber að þakka að frv. af þessu tagi sé komið upp.

En það eru ýmis önnur atriði sem er nauðsynlegt að reifa í þessu sambandi. Eitt þeirra atriða sem hlýtur að koma til skoðunar þegar vaxtamál eru rædd er vaxtastigið sjálft. Vaxtastig á Íslandi hefur verið og er óeðlilega hátt. Í lögunum um Seðlabanka Íslands er sérstaklega til þess vitnað að Seðlabankinn geti gripið inn í þegar vextir reynast vera hærri hér á landi en í grannlöndum okkar. Það ákvæði hefur ekki verið notað. Engu að síður er það augljóslega svo að vextir hér hafa verið mun hærri en í grannlöndum okkar. En hver er orsök þess og hvaða leiðir hafa menn til að hafa hemil á vaxtastiginu? Ein aðalorsök þess að vextir eru hér mun hærri er framferði ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Hún hefur rek-

ið ríkissjóð með miklum halla og jafnað þennan halla með útgáfu spariskírteina sem hafa borið mjög háa vexti. Afskipti ríkisins af fjármagnsmarkaðnum hafa þannig stuðlað að háum vöxtum hér á landi, hærri vöxtum en í flestum grannlöndum okkar.

Mér er spurn: Hvenær ætlar ríkisstjórnin að snúa við blaði í þessum efnum? Hvenær ætlar ríkisstjórnin að beita tækjum sínum þannig að vaxtastig hér komist í eðlilegt horf, vaxtastig sé ekki mun hærra en annars staðar, að hinir almennu vextir séu í samræmi við það sem eðlilegt getur talist? Þessu hlutverki verður ríkisstjórnin vitanlega að gegna, en þessu hlutverki hefur hún ekki gegnt. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Hvenær ætlar ríkisstjórnin að taka til hendinni í þessum efnum og stuðla að því að hér verði eðlilegt raunvaxtastig? Það er meira en tímabært að tekið sé til hendinni í þessum efnum.

Í annan stað hlýtur umræða um vaxtamálin að leiða til þess að menn velti fyrir sér hinni svonefndu lánskjaravísitölu. Eins og kunnugt er hefur lánskjaravísitalan vaðið langt fram úr ýmsum öðrum mælikvörðum í þessu þjóðfélagi. Það þarf ekki að minna menn á hvernig lánskjaravísitalan þaut áfram á sama tíma og laun stóðu nánast í stað og hvert feiknabil myndaðist milli launa og lánskjara. Þetta var fullkomlega óeðlilegt ástand, en það sama hefur átt við gagnvart öðrum mælikvörðum eins og t.d. fasteignaverði. Ég bendi á að það er varasamt fyrir efnahagslífið og það kostar miklar þjáningar hjá ýmsu venjulegu fólki þegar atriði af þessu tagi gerast. Við skulum hafa í huga að inn í lánskjaravísitöluna koma ýmsir skattar og skyldur sem ríkið leggur á. Lánskjaravísitalan er því þannig úr garði gerð núna að ef sköttum er breytt til þess hugsanlega að afla fjár til sameiginlegra þarfa og rétta hlut einhverra í þjóðfélaginu getur það þýtt hækkun á lánum hjá öllum almenningi í landinu og kannske hækkun á skuldabyrði þeirra sem átti að rétta hjálparhönd. Mér er spurn: Hefur ríkisstjórnin ekki í athugun að taka á þessum þætti málsins sem vissulega líka varðar vextina og lánskjörin í landinu? Að maður ekki spyrji að hvort ríkisstjórnin hafi ekki í huga að rétta hlut þess fólks sem var í rauninni gert að öreigum á árunum 1981–1986 þegar lánskjaravísitalan þaut upp úr öllu valdi og fólk gat ekki staðið undir þeirri skuldaaukningu sem þannig varð á vegum lánskjaravísitölunnar á sama tíma og launum var haldið niðri. Þessi hópur hefur eins og kunnugt er verið skilinn eftir. Þeir sem áður öfluðu sér húsnæðis t.d. og þeir sem fara til þess núna munu njóta bærilegra kjara í þessum efnum, en hópurinn sem varð fyrir því að afla sér íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–1986 situr eftir í súpunni og hans hlutur er enn óleiðréttur. Ég minni á hugmyndir sem við Alþýðuflokksmenn höfuð borið fram um úrbætur í þessum efnum og hafa birst hér í þáltill.

Verðtrygging fjárskuldbindinga felur í sér að þær séu miðaðar við einhverja vísitölu. Hér hefur gilt að nota lánskjaravísitölu öllu öðru fremur. En í þessu frv. er m.a. gert ráð fyrir að menn geti samið um breytilega vexti. Ég sé hins vegar hvergi í frv. að það sé gerður greinarmunur á því hvort um fjárskuldbindingar er að ræða sem eru miðaðar við vísitölu eða ekki. En ég tel að á þessu tvennu sé mikill munur og ákvæði um breytilega vexti geti ekki fengið að eiga við með sama hætti þegar um verðtryggðar skuldbindingar er að ræða og þegar um óverðtryggðar skuldbindingar er að ræða. Sannleikurinn er nefnilega sá að í verðtryggingunni sjálfri felst trygging fyrir þann sem lánið veitir að verðbólgu sé mætt með uppskrift skuldarinnar. Hinir breytilegu vextir eru fyrst og fremst hugsaðir til þess að mæta verðsveiflum og eiga þess vegna við í því sambandi þegar ekki er um verðtryggingu að ræða. Sé um verðtryggingu að ræða er mjög óeðlilegt, þegar menn gera fjárskuldbindingar til langs tíma, að menn geti síðar áskilið sér rétt til þess að vera með breytilega vexti ofan á verðtrygginguna og algerlega ótakmarkað. Þessu hafa reyndar ýmsir fengið að kenna á á undanförnum árum þegar vextir á verðtryggðum skuldbindingum fóru hér upp úr öllu valdi um hríð og eru reyndar óeðlilega háir enn þá eins og ég hef áður gert að umtalsefni. Ég tel að nauðsynlegt sé að skilja þarna í milli og að þetta atriði þurfi að skoða alveg sérstaklega.

Það frv. sem hér liggur fyrir er í fjórum meginþáttum eins og ráðherra gat um í framsöguræðu sinni. Ég hef hins vegar tekið á ýmsum öðrum þáttum sem ég tel nauðsynlegt að séu skoðaðir í þessu samhengi. En þeir fjórir þættir sem fram eru settir í frv. varða í fyrsta lagi almenna vexti, í öðru lagi dráttarvexti, í þriðja lagi okur og í fjórða lagi bráðabirgðaákvæði.

Ég get sagt það strax að þættirnir sem varða almenna vexti og dráttarvexti virðast vera til bóta almennt séð, þó vitaskuld séu þar ýmis álitamál sem sjálfsagt er að skoða nánar þegar frv. fer til nefndar. Jafnframt vísa ég til þess sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni hér umfram það sem í frv. er.

Þriðji þátturinn varðar okur og var augljóslega tilefni þess að þetta frv. var flutt og kemur reyndar fram í grg. Auðvitað er mönnum vandi á höndum að skilgreina okur eftir að vextir hafa verið gefnir frjálsir eða vaxtafrelsi hefur verið innleitt. Eins og ég hef áður getið um teljum við Alþýðuflokksmenn að hið miðstýrða fastákveðna kerfi hafi verið búið að ganga sér til húðar og það hafi verið nauðsynlegt að innleiða svigrúm í vaxtaákvörðunum og að að því hafi átt að stefna og það hafi verið spor í rétta átt. En við þessar aðstæður þurfa menn engu að síður að búa til æðiströng ákvæði um hvenær um okur sé að ræða. Ég held að ýmislegt í þeim ákvæðum sem hér er lagt til að eigi við varðandi skilgreiningu á okri sé af hinu góða og sé í rétta átt, en það verður hins vegar að segjast að ákvæðin eru æðirúm og að mínum dómi er sérstök ástæða til að skoða þau ákvæði nánar og athuga hvort ekki megi veita neytendum í þessu sambandi, lántakendum, meiri vernd en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég þykist vita að Íslendingar yfirleitt séu mjög andstæðir okri og hárri vaxtatöku. Ég þykist vita að

það sé líka hið almenna sjónarmið meðal þm., það sé hið almenna sjónarmið í þessari deild. Þá hljóta menn að leggja sig í líma við að sjá til þess að því sjónarmiði sé mætt, sjá til þess að ekki verði ástundað okur.

Ég mun ekki á þessu stigi, herra forseti, fara nánar út í efnisatriði þessa máls. Ég mun heldur ekki leitast við að leggja fram neina aðra mælikvarða á hvernig eigi að skilgreina okur. Eins og ég sagði í upphafi þegar ég byrjaði að ræða það mál veit ég að hér er um vandasamt viðfangsefni að ræða og ég efast ekki um að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, ráðuneyti, Seðlabanki og hæstv. ráðh. hafa lagt sig fram í þeim efnum þegar þeir vita líka hversu mikið er í húfi og hvernig réttarvitund Íslendinga er að því er varðar háa vaxtatöku og okur í þeim skilningi. En ég tel nauðsynlegt að það mál verði rætt nánar og ítarlegar í þeirri nefnd sem fær þetta til umfjöllunar og þar gefst væntanlega tækifæri til að skoða það nánar.

Herra forseti. Ég vil að lokum fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég tel að það sé til mikilla bóta að fella saman í einn lagabálk öll þau helstu ákvæði sem varða vexti. Ég hef bent á fáein atriði sem ég tel nauðsynlegt að séu skoðuð nánar í þessu samhengi. Ég hef varpað fram fáeinum spurningum til hæstv. ráðh. sem svarar væntanlega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að þetta frv. fái ítarlega umfjöllun. Hitt er svo eftir að vita hvernig mönnum tekst til við að ganga frá þessu frv., en ég lýsi því yfir fyrir hönd Alþfl. að við munum leggja okkur fram um að þetta frv. geti haft góðan framgang og munum leggja okkur í líma við að hjálpa til við að ná góðri niðurstöðu við afgreiðslu þessa máls, enda efast ég ekki um að fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni séu reiðubúnir að líta á ýmis þau atriði sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni og tel að skoða þurfi í þessu sambandi.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hafði stór orð um okurmálið sem svo hefur verið nefnt og ýmislegt sem ég hef sagt í því sambandi og er óhjákvæmilegt að ég svari því nokkrum orðum.

Hv. þm. orðaði það sjálfur svo að mistök hefðu orðið í ágúst 1984. Það er rétt. Einnig að mínu mati urðu þá mjög alvarleg mistök. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt, ég tel enn að þau mistök séu hneyksli. Það er hins vegar alrangt, sem hv. þm. fullyrti að ég hefði sagt, að þar hefði verið um lögleysu að ræða. Ég sagði hvað eftir annað að það lagaákvæði sem felur Seðlabankanum að ákveða hámarksvexti er heimildarákvæði og alls ekki er því hægt að segja að nein lög hafi út af fyrir sig verið brotin.

Hv. þm. fullyrti jafnframt að í grg. með þessu frv. væri tekinn af vafi um að ríkisstjórnin liti svo á að framganga Seðlabankans hefði verið eðlileg. Það fæ ég ekki séð. Hann kann að vísa til setningar eins og þeirrar sem er á 6. bls.: „Var almennt litið svo á að orðalag 3. gr. laga nr. 58/1960 væri fullnægjandi þótt sú yrði ekki raunin í dómi Hæstaréttar 19. des. 1986.“ Ég sé ekki, ef við þetta er átt eða annað sem segir í grg., að þessi mistök í ágúst 1984 séu í þessari grg. á nokkurn máta talin eðlileg.

Hv. þm. vildi jafnframt fá að vita hvað gerst hefði í samþykkt ríkisstjórnarinnar í júlí 1984 og er sjálfsagt að fara um það nokkrum orðum. Eins og kunnugt er ákvað ríkisstjórnin þá aðgerðir í efnahagsmálum sem mjög sneru að peningamálum. Í því sambandi lagði Seðlabankinn fyrir ríkisstjórnina ákveðnar tillögur um aðgerðir í peningamálum. Í þeim tillögum var m.a. lagt til að hækka vexti um 2% að lágmarki á innlánum og sömuleiðis lagt til að veita útlánsstofnunum heimild til að ákveða útlánsvexti og eins og sagði þar nokkurn vegnn orðrétt: annaðhvort án nokkurra takmarkana eða innan ákveðinna marka. Þessu var mjög breytt í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 30. júlí 1984 eins og kemur fram m.a. í þessari greinargerð.

Eins og þarna kemur fram var ákveðið að vextir á sparibókum hækkuðu um 2% eða m.ö.o. ekki að lágmarki um 2% og eins og lagt var til. Einnig var samþykkt að veita innlánsstofnunum aukið svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana annarra innlánsvaxta og útlánsvaxta, þó þannig að ekki leiddi til hækkunar á vaxtamun. Ég held að ég megi mæla, þó að ég væri að vísu fjarstaddur þá, fyrir munn þeirra sem þarna voru að eftir fundi með bankastjórum var talið að þetta ákvæði, að ekki leiddi til aukins vaxtamunar, tryggði að útlánsvextir færu ekki upp úr öllu valdi. Reyndar held ég að það hafi vissulega gert það því ljóst er að þegar innlánsvextir eru takmarkaðir, eins og ákveðið var með 2% hámarkshækkun á vöxtum á sparisjóðsbókum, er þar með takmörkun sett á hæð útlánsvaxta.

Í allri þessari meðferð var aldrei nokkurn tíma ýjað að því, eða nokkurn tíma talið líklegt að okurvextir yrðu gefnir frjálsir. Aldrei var um það rætt og kemur greinilega fram í allri umræðu um þetta mál. Vitanlega var það Seðlabankans að ákveða eftir sem áður hvernig hann fullnægði lögum nr. 58/1960 sem fjalla um okurlán. Ríkisstjórnin tók enga afstöðu til þess fremur en hún hafði gert áður hvernig Seðlabankinn gengi frá þeim málum.

Í rauninni var líklegt að Seðlabankinn hafi talið, eins og hann gaf út tilkynningu sína 2. ágúst 1984, að þetta væri tryggt. Svo reyndist ekki vera. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur komust að þeirri niðurstöðu að þarna hefði þess ekki verið gætt. Og ég hlýt að endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að það eru svo vissulega alvarleg mistök hjá Seðlabanka Íslands að ganga ekki betur úr skugga um að tilkynningin eins og hún var gefin út 2. ágúst 1984 væri fullnægjandi samkvæmt okurlögunum. Seðlabankinn hefur að sjálfsögðu fjöldann allan af sérfróðum mönnum til að leita í þessu sambandi og hefði átt að ganga betur úr skugga um það.

Reyndar kom einnig fram í blaðaskrifum um þetta

leyti að ekki hefði verið hugsað til þess hvernig ákveða á hámarksvexti sem eru breytilegir á skuldabréfum, m.a. rætt í ítarlegri grein í Morgunblaðinu ef ég man rétt 20. ágúst 1984. Þar kemur greinilega fram að mistök urðu fleiri en ein, og ég vísa því algerlega á bug að þau mistök hafi verið hjá ríkisstjórninni. Ég vísa því á bug að ríkisstjórnin hafi gert nokkurn skapaðan hlut sem gaf undir fótinn með að breyta ætti því eftirliti sem lög nr. 58/1960 gera ráð fyrir að Seðlabankinn hafi með hámarksvöxtum gagnvart svonefndu okri. Aldrei var, ég endurtek, á það minnst. Aldrei var gefið undir fótinn með að þar ætti nokkurn skapaðan hlut að losa um.

Eins og kemur einnig fram í grg. með frv. breytti Seðlabankinn í desember 1984 allverulega birtingu hámarksvaxta og þar með gildi hámarksvaxta gagnvart lögum nr. 58 frá 1960 og kom sú breytta skipan til framkvæmda 1. jan. 1985. Það er út af fyrir sig athyglisvert að héraðsdómur telur að sú framkvæmd mála sé fullnægjandi gagnvart okurlögunum en Hæstiréttur ekki.

Ég held að mönnum muni einnig vera ljóst að þar er töluverð breyting gerð og má fremur deila um niðurstöðu Hæstaréttar hvað varðar birtingu hámarksvaxta eftir áramótin 1984/1985. Í raun og veru kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Seðlabankinn hafi ekki heimild gagnvart okurlögum að framvísa til viðskiptabankanna þeirri ákvörðun á hámarksvöxtum sem hann gerir í raun með ákvörðun um hámarksvexti eins og framkvæmt er eftir 2. ágúst 1984.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

47. fundur, þriðjudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, ein umr.

Fsp. KSG, 312. mál. — Þskj. 549.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Er ráðherra að beita sér fyrir verulegum breytingum á starfsháttum Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli?

2. Ef svo er, hvaða breytingar eru fyrirhugaðar?

3. Mun ráðherra tryggja starfsöryggi verkafólks sem starfað hefur hjá Íslenskum aðalverktökum eða má þar búast við uppsögnum og atvinnuleysi í framhaldi af hugsanlegum breytingum?

4. Mun ráðherra tryggja forgang Suðurnesjamanna til verktöku á heimaslóð eða verður stórfyrirtækjum í Reykjavík falið að annast þau mál?

5. Er það Verktakasamband Íslands sem er að undirbúa hugsanlegar breytingar í samráði við utanrrh.?“

Ástæðan fyrir því að þessar fsp. eru fram komnar er almennur ótti verkafólks hjá Íslenskum aðalverktökum um að verið sé að gera breytingar sem varðað geti atvinnuöryggi þess. Það liggur ljóst fyrir að breytinga er þörf á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Sú skipan sem varð til upp úr 1950 er ekki endilega það sem eðlilegt er að verði um næstu framtíð. Hvernig staðið er að þeim breytingum varðar ekki aðeins örfáa verktaka heldur fyrst og fremst sveitarfélögin í grennd flugvallarins, atvinnurekendur á svæðinu og þá allra fremst það starfsfólk sem um árarraðir hefur starfað við þessar framkvæmdir.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á þá skipan verktöku á Keflavíkurflugvelli sem nú er. Einkum hefur sú gagnrýni beinst að því að það fjármagn sem er afrakstur þessarar verktakastarfsemi fer beint til Reykjavíkur. Á Suðurnesjum verður sama og ekkert eftir til uppbyggingar eða útlána á þessu svæði sem best sést á því að í svari við fsp. Alþýðuflokksmanna fyrir þremur árum kom fram hér á Alþingi að aðeins 2% af inneignum Íslenskra aðalverktaka voru þá geymd í peningastofnunum á Suðurnesjum.

Ég sá það í einu dagblaðanna að hæstv. utanrrh. var að finna að því að ég hefði séð fundargerð frá stjórn Verktakasambands Íslands. Í tilefni af því vil ég taka fram að slíka fundargerð hef ég ekki undir höndum og hef ekki haft. Hins vegar mun þessi fundargerð vera til í ljósriti mjög víða um Keflavíkurflugvöll og var hún lesin upp fyrir mér á fundi í einu byggðarlaganna þar syðra í síðustu viku. Efni hennar gefur til kynna að verulegar breytingar á verktakastarfsemi séu í augsýn. M.a. kemur fram að BM Vallá, Steypustöðin Ós og Ármannsfell hf., sem reyndar er utan Verktakasambandsins, ætli sér stóra hluti í framkvæmdum þar syðra. Rétt er að geta þess að einmitt á þessum slóðum eru starfrækt fyrirtæki sem gætu tekið þau verkefni öll að sér.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. 6. landsk. þm. leyfi ég mér að vísa til skýrslu sem forveri minn lét gera og lögð var fram á Alþingi. Skýrslan er frá því í apríl 1984. Þar segir svo, með leyfi forseta, á bls. 16:

„Íslenskir aðalverktakar hafa með höndum verkefni er falla undir liði 1–5, en Keflavíkurverktakar verkefni skv. lið 1 og lið 6 að mestu leyti. Hugmyndir um breytingar á verktakastarfseminni verða að taka mið af framtíðartilhögun ofangreindra þátta svo og því samkomulagi sem í gildi er á milli Íslands og Bandaríkjanna um toll- og skattfrelsi á efni, tækjum og þjónustu. Sams konar ákvæði eru í gildi um framkvæmdir Bandaríkjanna í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins svo og milli bandalagsríkjanna innbyrðis varðandi verkefni sem greidd eru úr

sameiginlegum sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Telja verður að athuguðu máli að hvorki sé heppilegt né hagkvæmt að fjölga beinum viðsemjendum varnarliðsins frá því sem nú er. Ástæða er hins vegar til þess að opna fyrir þá möguleika að nýir verktakar hefðu aðstöðu til þess að taka að sér verkefni í auknum mæli og á sama grundvelli og félögin eða tengjast Aðalverktökum og Keflavíkurverktökum. Þá er einnig rétt að kanna ítarlega skilyrði þess að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er. Til þess að undirbúa þetta hefur utanrrh. ákveðið að koma á fimm manna samstarfsnefnd sem í eiga sæti tveir fulltrúar Verktakasambands Íslands, fulltrúi Íslenskra aðalverktaka, fulltrúi Keflavíkurverktaka og fulltrúi ráðuneytisins. Nefndinni verður jafnframt falið að kanna fyrirkomulag þessara mála og reynslu í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins."

Í skýrslu þeirri sem ég lagði fram á Alþingi í apríl á s.l. ári segir svo, með leyfi forseta: „Í framhaldi af yfirlýsingu forvera míns á s.l. ári um þátttöku fleiri verktaka í framkvæmdum varnarliðsins hefur verið unnið að því að opna fyrir undirverktök í vissum verkefnum. Lögð hafa verið drög að því að sjö undirverktakar starfi saman við hafnargerðina í Helguvík sem nú hefst með vorinu. En hluta forframkvæmda var lokið á s.l. ári. Hér er um að ræða stærsta verkefni sem Íslenskir aðalverktakar hafa tekið að sér til þessa. Við byggingu ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi er stefnt að því að undirverktaka verði í höndum heimamanna eftir því sem aðstæður leyfa. Vegaframkvæmdir við báðar stöðvarnar eru í undirverktöku heimamanna. Framangreind undirverktaka er árangur samstarfsnefndar með aðild Íslenskra aðalverktaka, Keflavíkurverktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins. Þessi samstarfsnefnd mun halda áfram störfum í því skyni að kanna skiptingu á fleiri verkefnum."

Annað hefur ekki verið aðhafst í þessum málum af hálfu ráðuneytisins með tilliti til þeirra fsp. sem hér liggja fyrir. Þá er ljúft og skylt að undirstrika að ráðuneytið mun að sjálfsögðu hyggja að starfsöryggi verkafólks sem unnið hefur hjá þessum fyrirtækjum þar syðra og í engu láta ófreistað að hugsa þar um.

Varðandi það sem hv. þm. sagði áðan og vísaði þá til fjármagns fyrirtækisins Aðalverktaka og flutnings þess af Suðurnesjum, þá held ég að þar hljóti að vera mikill misskilningur á ferðinni. Fjármagn þessa fyrirtækis er geymt í Landsbankanum, í Verslunarbankanum, Samvinnubankanum og Sparisjóðnum í Keflavík. Það hefur komið skýrt fram. Landsbankinn, Verslunarbankinn og Samvinnubankinn hafa útibú á Suðurnesjum og þar af leiðandi er fjármagnið í stofnunum sem eru þar syðra. Að ég tali ekki um Sparisjóðinn í Keflavík.

Þingmaðurinn fann að því að ég skyldi gera athugasemd við að hann hefði skyggnst í fundargerðir Verktakasambandsins. Það var svar við því sem kom fram í dagblaði hjá honum og ég vildi aðeins benda á að ef menn hygðust fá vitneskju um hvað væri að gerast í utanrrn. væri alveg tilgangslaust fyrir þá að reyna að hnýsast í fundargerðir Verktakasambands Íslands.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Það er staðreynd sem ekki verður hjá vikist að það eru aðeins 2% af innlánum Íslenskra aðalverktaka í Sparisjóðnum í Keflavík sem er höfuðlánastofnunin þar. Ekkert meira var þar þegar við gerðum þessa fsp. og það var svar þeirra sjálfra þannig að hér er ekki um misskilning að ræða.

Ég vænti þess að þessi nefnd skili einhvern tímann af sér störfum eða ljúki því verkefni sem henni var falið. Ekki er að sjá að svo sé. En hitt er annað mál að menn telja að ýmsar breytingar séu væntanlegar og þykir mönnum syðra, a.m.k. í sveitarstjórnunum, eðlilegt að haft sé samráð við þær um hvernig með þetta verði farið.

Það gengur ekki lengur að verktakafyrirtæki þar syðra eyði öllum sínum peningum í að byggja glæsihallir í Reykjavík og fjármagna aðra þætti hér en skipta sér ekki af neinu sem lýtur að málefnum þar sem fjármunirnir verða til.

Varðandi tilvísun í fundargerð Verktakasambandsins vil ég taka það aftur fram að þessi fundargerð er til víðs vegar um öll Suðurnes. Hvernig það hefur átt sér stað veit ég ekki. Sjálfsagt hafa vildarmenn Matthíasar Á. Mathiesen komið henni á framfæri þar.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja varðandi þessa fsp., en get skýrt frá því hér og nú að ég átti í gær fund með fjórum sveitarstjórnum þar syðra til að ræða ákveðin samskiptamál varnarmálaskrifstofunnar og þessara sveitarfélaga og hyggst ræða við þær þrjár sveitarstjórnir sem eftir eru um samskiptamál þeirra og varnarmálaskrifstofunnar, þannig að a.m.k. ég hef vilja til þess að hafa samstarf eins gott og það getur verið á milli varnarmálaskrifstofunnar og utanrrn. og sveitarfélaga þar syðra.

Umferðaröryggi á Reykjanesbraut, ein umr.

Fsp. GGS, 285. mál. — Þskj. 513.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Á þskj. 513 hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til samgrh.:

„Hvaða ráðstafanir hyggjast umferðaryfirvöld og Vegagerð ríkisins gera til þess að draga úr tíðum slysum á Arnarneshæð og á Reykjanesbraut?"

Þær ástæður sem liggja að baki þessari fsp. eru þær að óvíða á landinu er um jafnháa slysatíðni að ræða og á Reykjanesbraut. Sú staðreynd hlýtur að vekja þá spurningu til hvaða ráðstafana er unnt að

grípa til úrbóta og fækkunar slysa á þessum fjölfarnasta þjóðvegi landsins.

Þar hljóta menn ekki hvað síst að staðnæmast við þau atriði sem lúta að vegagerð og vegaframkvæmdum sem verða mættu til þess að gera umferð á Reykjanesbraut greiðari og öruggari en nú er, ekki síst á þeim köflum brautarinnar sem reynslan hefur sýnt að eru hvað hættulegastir — þar sem flest umferðarslysin eiga sér stað.

Fyrir liggur í skýrslum Umferðarráðs og Vegagerðar um hvaða kafla Reykjanesbrautar er hér að ræða. Í nágrenni Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar hefur slysatíðnin verið mest frá Engidal suður fyrir Hafnarfjörð. Árið 1985 var slysatíðnitalan þar 7,05, en landsmeðaltalið er aðeins 1,7. Fjórum sinnum fleiri slys áttu sér stað á þessum vegarkafla en landsmeðaltalið var og sýnir það glögglega nauðsyn þess að breikka veginn á þessu svæði og fækka vegamótum, en hér er raunverulega orðið um innanbæjarveg að ræða.

Við Arnarneshæð í Garðabæ er einnig brýnna úrbóta þörf og raunar allt norður fyrir Kópavogslæk. Þar hafa mörg slys átt sér stað að undanförnu og úrbætur á vegakerfinu þar eru þegar orðnar mjög aðkallandi. Byggja þarf nýjan breiðan veg í gegnum Arnarneshæð og leggja þar brú yfir fyrir umferð í austur- og vesturátt ef vel á að vera. Það mun reynast allkostnaðarsöm framkvæmd, en óhjákvæmilegt er að hefjast handa um hana hið allra fyrsta vegna hins mikla umferðarþunga og slysahættu sem á þessum vegi er. Það þarf því að vera forgangsverkefni við gerð hinnar nýju vegáætlunar sem brátt mun liggja fyrir Alþingi.

Umferðarljós á Arnarneshæðinni eru aðeins bráðabirgðalausn sem rétt sýnist þó að grípa til meðan varanlegar úrbætur eru gerðar á Reykjanesbrautinni á þessu svæði sem einnig verða að taka til vegarins norður yfir Kópavogslæk.

Þótt umferðarþunginn á Reykjanesbraut sé minni eftir því sem sunnar dregur er slysatíðnin í dag þó hvergi meiri en í Njarðvíkum. Þar er talan 9,09 að meðaltali síðustu árin, en ég minni aftur á að landsmeðaltalið er 1,7. Vonir standa til að hinn nýi flugvallarvegur frá Fitjum ofan byggðarinnar, sem nú er verið að leggja, ráði bót á því hörmungarástandi sem þar hefur ríkt í umferðarmálum.

Vera má að ekki sé enn orðið tímabært að breikka Reykjanesbraut alla sunnan Hafnarfjarðar, eins og stundum hefur heyrst að væri nauðsynlegt, þrátt fyrir tíð slys, m.a. við Kúagerði, og ég minni á að þar áttu sér stað þrjú alvarleg umferðarslys í janúarmánuði. En hjá því verður þó ekki komist að lagfæra alla Reykjanesbautina sunnan Hafnarfjarðar þ.e. þær vegaraxlir sem mikill umferðarháski stafar nú af.

Íbúar í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Reykjanesi hafa miklar og vaxandi áhyggjur af þeirri aukningu umferðarslysa sem á Reykjanesbraut hefur átt sér stað síðustu misserin. Því er hér að því spurt hvað yfirvöld samgöngumála telja helst til úrbóta í þessum efnum.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þær vegarbætur sem framkvæmdar voru á Hafnarfjarðarvegi um Arnarneshæð árin 1975 og 1976 miðuðust við endanlega útfærslu vegarins sem felur í sér að Hafnarfjarðarvegurinn verði sprengdur niður í hálsinn, en Arnarnesvegurinn liggi yfir hann á brú. Þegar þeim var lokið var frekari framkvæmdum slegið á frest þar sem meira þótti liggja á endurbótum Hafnarfjarðarvegar gegnum Garðabæ og síðan nýbyggingu Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Breiðholts.

Við endurskoðun vegáætlunar nú verður væntanlega tekin ákvörðun um hvenær lokið verði við þær framkvæmdir sem eftir eru á Arnarneshæðinni til að Hafnarfjarðarvegur og Arnarnesvegur komist í endanlegt horf. Eins og vegamót Arnarnesvegar og Hafnarfjarðarvegar eru nú stafar umferðinni af þeim hætta sem framtíðarlausnin á að fyrirbyggja.

Það hefur mikið verið rætt um slysahættu á þessum stað og hefur Vegagerðin átt viðræður við lögregluna í Hafnarfirði um úrbætur til bráðabirgða. Í þeim umræðum hefur komið í ljós að bráðabirgðalausnir eru fáar og umdeildar. Helst hefur verið rætt um umferðarljós, en þeim er talin fylgja hætta á öngþveiti í snjókomu og hálku. Það mál er því ekki útrætt. Aðilar eru þó sammála um að slys á þessum stað stafa fyrst og fremst af of hröðum akstri, en lögreglan í Hafnarfirði telur sig ekki hafa bolmagn til að halda hraðanum innan hæfilegra marka á þessari leið. Þess má geta að fjárveitingar, sem veittar eru í því skyni að fækka umferðarslysum, hafa farið til staða á Reykjanesi sem taldir hafa verið enn hættulegri en Arnarneshæðin eins og t.d. í Ytri-Njarðvík og í Mosfellssveit.

Um Reykjanesbrautina er það helst að segja að umferðarslys dreifast um hana alla, enda þótt á þeim kafla sem er vestan Hafnarfjarðar séu þau tíðust í nágrenni Kúagerðis eins og nýleg dæmi minna á. Samt er slysatíðni á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur undir landsmeðaltali.

Í umræðum um slysahættuna á Reykjanesbraut hafa menn orðið sammála um að bundið slitlag á axlir vegarins muni leysa mikinn vanda og koma í veg fyrir mörg slysanna sem stafa af því að vegfarendur lenda í vanda vegna brúna sem oft myndast þegar laust efni á öxlum skolast frá sjálfri veghellunni. Hér er um framkvæmd að ræða sem varla verður framkvæmd nema í áföngum. Það hefur verið leitað lausnar á vanda kaflans um Kúagerði, en þar stafar hættan fyrst og fremst af hálku sem myndast skyndilega við sérstakar aðstæður, hitabreytingu og raka. Þótt til séu tæki sem aðvarað geti við hálkumyndun er ekki ljóst hvort slík tæki mundu leysa vandann á Reykjanesbrautinni.

Þegar vegáætlun verður til afgreiðslu innan tíðar sjá þm. Reykjaneskjördæmis hvað þeim verður ætlað til vegaframkvæmda og hvaða leiðir þeir velja, hvort þeir velji þá leið að ganga frá þeim kafla á Reykjanesbrautinni sem var opnaður á s.l. hausti og töluvert er eftir ógert við eða að hefja þá fram-

kvæmd sem hv. fyrirspyrjandi talar hér um, veg á Arnarneshæðinni. Persónulega tel ég að miðað við það fjármagn sem fyrir er geti það ekki orðið alveg á næstunni að vegurinn verði tekinn niður af Arnarneshæðinni og brú byggð yfir eins og upprunalega er ætlað. Því tel ég þrátt fyrir annmarka og skiptar skoðanir manna í þessum efnum að nauðsynlegt sé að koma þarna upp umferðarljósum.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir svör við þessari fsp. Það kom fram í máli hans að Vegagerðin hefur haft áform um að byggja nýjan veg yfir Arnarneshæð, grafa hann þar niður því að hann er allt of hár eins og hann er í dag og byggja brú þar yfir veginn. Það er vitanlega mjög aðkallandi, en það er jafnframt nokkuð dýr framkvæmd eins og ráðherrann vék að. Engu að síður er hún mjög brýn vegna þess öngþveitis, þeirrar miklu slysahættu sem þarna er um að ræða.

Þegar rætt er um þessa vegagerð og Reykjanesbrautina alla er rétt að minna á að hér er um fjölfarnasta þjóðveg landsins að ræða sem þjónar raunverulega þjóðinni allri en ekki aðeins þeim byggðarlögum sem þarna eiga hlut að máli. Þarna er um að ræða ákaflega mikinn umferðarþunga á einum fjölfarnasta hluta höfuðborgarsvæðisins.

Það ætti þess vegna að vera forgangsverkefni sú áætlun og það áform sem Vegagerðin hefur um að bæta úr skák í þessu efni að því er varðar Arnarneshæðina. Ég minni einnig á veginn þar fyrir sunnan, en slysatíðnin er mjög há í Hafnarfirði, raunverulega frá Vífilsstaðaveginum allt þar til suður fyrir Hafnarfjörð kemur vegna mjög vaxandi umferðar.

Ráðherrann minntist á nauðsyn þess að setja slitlag á vegaraxlirnar á Reykjanesbraut. Ég tek undir það. Það er mjög aðkallandi framkvæmd einnig sem gæti dregið úr þeim slysum sem staðreyndir sýna að hafa átt sér stað undanfarið í verulegum mæli. Ég minni á slysin við Kúagerði á síðustu vikum.

Það er rétt að vegáætlun mun senn verða til endurskoðunar á Alþingi, en með þessari fsp. vil ég enn undirstrika nauðsyn þess að verulegu og auknu fé sé veitt til vegamála á þessu svæði, einu þéttbýlasta svæði landsins, sem mikill þorri landsmanna árlega og oft á ári á leið um, vegna þess ástands sem þar hefur skapast. Hér er um forgangsverkefni að ræða og hér á að vera um slíkt verkefni að ræða í framtíðinni.

Veiði kúfisks, ein umr.

Fsp. SBöð og VI, 314. mál. — Þskj. 554.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Á þskj. 554 hef ég ásamt hv. þm. Valdimar Indriðasyni borið fram svofellda fsp. til hæstv. sjútvrh. um veiðar og vinnslu kúfisks:

„Hvað líður störfum kúfisksnefndar? Liggja fyrir niðurstöður nefndarinnar um markaðsmál, veiðar og vinnslu á kúfiski?“

Ég vil fylgja þessari fsp. úr hlaði með örstuttri greinargerð.

Við þær aðstæður sem við búum við í sjávarútvegi þar sem takmarka hefur orðið svo mjög sókn í þorskstofninn er nauðsynlegt að hyggja sem mest að fleiri kostum við öflun þess sjávarfangs sem mögulegt og hagkvæmt er að nýta. Með öflugri flota og aukinni vélvæðingu og tækni í fiskvinnslu hefur stöðugt verið sótt inn á nýjar leiðir í fiskvinnslunni.

Ágætur árangur hefur orðið af vinnslu á rækju, humri og hörpudiski og hefur sú útgerð aukið á fjölbreytni í vinnslu og veiðum og skotið sterkari stoðum undir afkomu í sjávarútvegi. Er nú svo komið að þessar greinar eru gildur þáttur í sjávarútvegi. Ekki síst í þessum greinum veiða og vinnslu hefur það sannast að þróunarstarf og ítarlegar rannsóknir eru nauðsynlegar þegar hefja á nýtingu nýrra fisktegunda. Á það jafnt við um veiðar, vinnslu og markaðssetningu.

Að mati fiskifræðinga er kúfiskur í verulegu veiðanlegu magni við landið. Þekking á veiðum og vinnslu kúfisks er hins vegar takmörkuð. Til veiða og vinnslu þarf sérhæfðan búnað og því er verulegur stofnkostnaður sem leggja þarf til í upphafi án þess að vissa sé fyrir hendi um niðurstöður.

Svo ná megi sem bestum árangri og komast hjá skakkaföllum vegna byrjunarörðugleika við veiðar og vinnslu er nauðsynlegt að rækilegar rannsóknir og tilraunaveiðar eigi sér stað. Það vakti því vonir þegar svokölluð kúfisknefnd var sett til að undirbúa og kanna nýtingu á kúfiski. Starf nefndarinnar hefur hins vegar ekki enn leitt til niðurstöðu svo að vitað sé. Því er borin fram fsp. til hæstv. sjútvrh. vegna þess að verulegur áhugi er fyrir framgangi þessa máls.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Kúfisknefnd var skipuð þann 30. des. 1983 til að kanna möguleika á veiðum, vinnslu og markaðsmöguleikum á kúfiski. Í nefndina voru skipaðir Björn Dagbjartsson alþm., tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Már Elísson forstjóri, tilnefndur af Fiskveiðasjóði Íslands, og Ólafur Jónsson aðstoðarframkvæmdastjóri, tilnefndur af sjávarafurðadeild SÍS, Eggert Lárusson sölufulltrúi, tilnefndur af Sölustofnun lagmetis, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson forstjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og Finnur Ingólfsson aðstoðarmaður sjútvrh., tilnefndur af sjútvrn. og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Fullyrða má að engin haldbær þekking hafi verið til í landinu á veiðum, vinnslu og markaðsmöguleikum kúfisks. Tækni við veiðar og vinnslu hér á landi var óþekkt. Því hefur nefndin leitað eftir ráðgjöf erlendis frá. Fyrir nefndina hafa starfað fjórir ráðgjafar, tveir bandarískir og Emil Ragnars-

son frá tæknideild Fiskifélags Íslands, Jón Leví Hilmarsson og Friðrik Ragnarsson frá verkfræðistofunni Mega í Reykjavík.

Nefndin taldi nauðsynlegt að fram færi tilraunavinnsla á þeim kúfiski sem veiðist hér við land þannig að hægt væri að ganga úr skugga um að hann sé sambærilegur þeim kúfiski sem veiðist við austurströnd Bandaríkjanna. Nauðsynlegt var talið að fiskurinn væri unninn í þeim vélum og tækjum sem allra líkastar væru þeim sem hann kæmi til með að vera unninn í.

Þar sem tækjabúnaður til vinnslunnar var ekki til hér á landi var nauðsynlegt að flytja kúfiskinn óunninn út til Bandaríkjanna og láta vinna hann þar. Nær útilokað er að komast inn í kúfiskverksmiðju vestur í Bandaríkjunum, en fyrir atbeina Coldwater, dótturfyrirtækis SH í Bandaríkjunum, fékkst leyfi til þessarar tilraunavinnslu í vinnslustöð J. H. Miles og Co. í Norfolk. Tilraunavinnslan fór fram í ágúst 1984. Skelin var veidd á Faxaflóasvæðinu og síðan send í flugvél til Bandaríkjanna.

Það eru niðurstöður sérfræðinga að íslenska kúskelin sé fyllilega sambærileg þeirri bandarísku. Tilraunavinnslan sýndi reyndar heldur minni nýtingu en á bandarísku skelinni. Hins vegar fullyrtu sérfræðingar fyrirtækisins að búast mætti við mjög sambærilegri nýtingu.

Til að kynna sér hvernig er staðið að veiðum á kúskel fóru fiskifræðingarnir Ingvar Hallgrímsson og Hrafnkell Eiríksson til New Jersey og kynntu sér slíkan veiðiskap í byrjun árs 1984. Í september sama ár fóru Finnur Ingólfsson og Sigurjón Helgason frá Rækjunesi hf. í Stykkishólmi til Rhode Island og kynntu sér þar hvernig staðið er að veiðum.

Í mars 1985 kom hingað til lands bandarískur ráðgjafi, Dick Cooter, til ráðgjafar vegna verkefnisins. Leitað var að hentugu skipi hér á landi til breytinga fyrir kúfiskveiðar. Síðari hluta árs 1984 hófst samstarf kúfisknefndarinnar og fyrirtækisins Rækjuness hf. í Stykkishólmi um kúfiskmálin. Í framhaldi af ferð Dicks Cooter hingað í mars og eftir að hann hafði lagt mat á möguleika til að breyta Önnu SH 122, skipi Rækjuness hf., var hafist handa við breytingar á skipinu.

Vitað er að kúfiskur er í nokkru magni hér við land. Hins vegar er útilokað að segja til um stofnstærð og veiðanlegt magn nema hafa til þess sérbúið skip. Kúfisknefndin ákvað að aðstoða Rækjunes hf. eftir föngum við að breyta skipi fyrirtækisins í sérbúið kúfiskveiðiskip. Þeim breytingum er nú lokið og áætlað er að rannsóknir hefjist á næstu vikum, en þær munu fara fram á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Fyrir liggja drög að skýrslu kúfisknefndar og hafa þau legið fyrir síðan í nóvember 1985. Skýrsla nefndarinnar mun hins vegar ekki verða gerð opinber fyrr en séð er fyrir hver árangurinn mun verða af veiðirannsóknunum. Það er skoðun nefndarinnar að niðurstöður stofnstærðarmælinga séu forsendan fyrir því hvort hér verði hægt að stunda kúfiskveiðar og vinnslu með arðbærum hætti í framtíðinni.

Svar við lið 2: Þó svo skýrsla nefndarinnar hafi ekki verið gerð opinber er rétt að það komi fram að arðsemisútreikningar sem kúfisksnefndin hefur látið gera miðað við 230 úthaldstíma á ári, 3600–3800 kg afla á klukkustund, hráefnisverð 4 kr., nýting í vinnslu 9% og afurðaverð fyrir lausfrystan kúfisk á 95 sent pundið benda til þess að um arðsama atvinnugrein geti verið að ræða. Reiknuð hefur verið arðsemi við veiðar og vinnslu út frá mörgum mismunandi gefnum forsendum, svo sem breytilegu hráefnisverði, úthaldstíma, afla á klukkustund, nýtingu í vinnslu og afurðaverði. Í ljós kemur að afli á klukkustund skiptir langmestu máli varðandi veiðarnar. Útreikningar sýna að veiðar gætu verið arðbærar ef hægt væri að veiða 3600–3800 kg á klukkustund. Afli á klukkustund við veiðar í Bandaríkjunum er á bilinu 4400–4600 kg. Það sem mestu ræður um afkomu vinnslunnar er nýtingin í vinnslunni og afurðaverðið. Fullyrt er að nýting í Bandaríkjunum sé á bilinu 8–10%. Þá ræðst það dálítið af því hvernig fiskurinn er hreinsaður. Fullyrt er að afurðaverð á lausfrystum kúfiski í Bandaríkjunum sé í kringum 1 dollar fyrir pundið og hafi farið hækkandi að undanförnu.

Hvað markaðsmálin snertir eru í kúfisknefndinni fulltrúar þriggja sölufyrirtækja, þ.e. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeildar SÍS og Sölustofnunar lagmetis. Kúfiskurinn er unninn á þrjá vegu í neyslu. Hægt er að selja hann ferskan, sjóða hann niður eða frysta hann. Í þeim arðsemisáætlunum sem kúfisknefndin hefur látið gera er gert ráð fyrir að fiskurinn sé lausfrystur til útflutningsins og er ætlað að vinnslan miðist við bandarískan skelfisksúpumarkað.

Hugsanlegir kaupendur í Bandaríkjunum á íslenskum kúfiski eru stórfyrirtæki í súpuframleiðslu. Sum þessara fyrirtækja nota aðallega þennan svokallaða „surf clam“ eða smyrsling í sína súpuframleiðslu, en það er skeljategund sem ekki þekkist hér við land. Önnur fyrirtæki nota eingöngu kúfisk í þessa framleiðslu. Mikill aflasamdráttur hefur orðið á „surf clam“ að undanförnu í Bandaríkjunum. Stafar það af massadauða á skel vegna súrefnisskorts.

Störf kúfisknefndar hafa dregist, það er rétt, eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Sú leið hefur hins vegar verið valin að fara hægt og rasa ekki um ráð fram með því að ráðast í miklar fjárfestingar ef svo færi að óframkvæmanlegt væri að stunda kúfiskveiðar og vinnslu hér á landi. Nefndin valdi að leita eftir samvinnu við aðila sem hafði reynslu af skelfiskveiðum og vinnslu og varð því fyrirtækið Rækjunes hf. í Stykkishólmi fyrir valinu sem samstarfsaðili. Fjárfestingarkostnaður sem það fyrirtæki hefur nú ráðist í er í kringum 40 millj. og er það

fjármagnað af fyrirtækinu sjálfu, Byggðastofnun, Þróunarfélaginu, Fiskimálasjóði og Fiskveiðasjóði, allt með fullum ábyrgðum fyrirtækisins. Sjútvrn. hefur styrkt fyrirtækið lítils háttar í þessu verkefni.

Það sem hins vegar mun ráða úrslitum um hvort hér verði kúfiskveiðar stundaðar í framtíðinni eru niðurstöður þeirra rannsókna á stofnstærð og veiðanlegu magni kúfisks sem eru að fara af stað á allra næstu vikum.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skýr og greinileg svör við fsp. Af svari hæstv. ráðh. má sjá að kúfisknefnd hefur unnið ágætt starf og lagt mikið í að afla þekkingar og sambanda við erlenda aðila sem reynslu hafa af kúfiskveiðum og vinnslu. Er óhætt að segja að vinnubrögð nefndarinnar séu fagleg og til fyrirmyndar þó hægt hafi gengið. Er þess að vænta að á vegum sjútvrn. verði stuðlað að framgangi málsins.

Rækjunes hf. í Stykkishólmi hefur lagt verulega fjármuni í breytingar á skipi fyrirtækisins, Önnu SH, vegna kúfiskveiðibúnaðar og í raun takmarkað mjög nýtingu skipsins til annarra veiða. Því er nauðsynlegt að útgerðin njóti stuðnings ráðuneytisins og fái metið það framlag og frumkvæði sem forsvarsmenn fyrirtækisins hafa haft. Takist að nýta kúfiskinn er ekki ólíklegt að draga mætti tímabundið úr sókn í aðra stofna, svo sem rækju og hörpudisk sem nú er fullnýttur, án þess að valda atvinnuleysi eða samdrætti.

En meginatriði þessa máls er að samstarf ráðuneytis og hagsmunaaðila leiði til þeirrar niðurstöðu að nýta megi kúfiskstofninn og auka með því afrakstur sjávarútvegsfyrirtækja og starfsmanna í þeim byggðum sem geta með bestum og hagkvæmustum hætti nýtt þessa auðlind.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að það er rétt að fara sér hægt í þessu máli, enda hefur það verið gert hjá kúfisknefnd. Mér vitanlega hefur ekki verið haldinn nema einn fundur í u.þ.b. tvö ár. Það sem mig langaði til þess að vita, ef hæstv. ráðh. getur svarað, er hvort opinberu fé hafi verið veitt í verulegum mæli til annars fyrirtækis í sama skyni. Mér er nokkuð kunnugt um að fyrirtæki á Súgandafirði hefur hugsað sér til hreyfings í þessum efnum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég segja að mér er kunnugt um að það fyrirtæki hefur fengið fyrirgreiðslu hjá Byggðastofnun, en sú fyrirgreiðsla er óviðkomandi þessu verkefni og óviðkomandi sjútvrn.

Jafnréttisfræðsla, ein umr.

Fsp. SDK, 324. mál. — Þskj. 567.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Árið 1976 voru fyrst sett lög hér á landi um jafnrétti kvenna og karla. Í 7. gr. þessara laga er kveðið á um jafnréttisfræðslu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki sem þar eru notuð skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð að kynjum sé ekki mismunað."

Sams konar ákvæði er að finna í þeim lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem sett voru vorið 1985.

Það er enginn vafi á því að jafnréttisfræðsla er ákaflega mikilvægur þáttur í að ná fram þeirri hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til þess að um jafnrétti kvenna og karla geti verið að ræða í reynd. Gagnkvæmar skyldur og réttindi karla og kvenna, þær kvenímyndir og karlímyndir sem dregnar eru upp í kennslubókum og öðrum kennslugögnum og fræðsla um hvernig kynjamisréttinu er háttað, allt eru þetta grundvallaratriði jafnréttisfræðslu og mikilvæg til þess að auka skilning á því hvað sé jafnrétti, hvers vegna það sé mikilvægt og hvar því sé einkum ábótavant. Án þessa skilnings verður þessum málum seint komið í betra horf en þau eru í nú og því er jafnréttisfræðsla eitt af undirstöðuatriðum jafnréttis kvenna og karla. Þess vegna spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 567:

„1. Hvernig hefur verið staðið að jafnréttisfræðslu í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum frá samþykkt laga um jafnrétti kvenna og karla árið 1976?

2. Hvernig er framkvæmd jafnréttisfræðslu háttað nú?"

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Með tilvísan til tilvitnunar fyrirspyrjanda í lög nr. 78/1976 og lög nr. 65/1985 og í framhaldi af því að í 10. gr. gildandi laga segir að menntmrn. beri ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð, þ.e. hvernig þessu er háttað í skólakerfinu, á grundvelli framangreinds hefur félmrn. leitað upplýsinga hjá Jafnréttisráði um framkvæmd jafnréttisfræðslu í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum og efnislega kemur eftirfarandi fram í svari ráðsins:

Þegar á árinu 1977 var hafist handa um að koma á jafnréttisfræðslu og umræðu um jafnrétti í skólum. Var fyrst og fremst horft til grunnskóla í því sambandi. Á árinu 1978 var haldinn fundur með námsstjórum, ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs og Jafnréttisráði og í framhaldi af fundinum var settur á stofn starfshópur sem skyldi hafa samvinnu við skólarannsóknadeild menntmrn. um útgáfu námsbóka. Þessi hópur tók þó aldrei til starfa því að svar frá menntmrn. barst aldrei.

Málið var tekið upp að nýju 1981. Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs lagði áherslu á að jafnréttisfræðsla yrði tekin upp í grunnskólum. Farið var yfir námsskrár ýmissa greina og í framhaldi af þeirri vinnu var haldinn fundur með námsstjórum ýmissa námsgreina, m.a. í heimilisfræðum, íþróttum, kristinfræðum, mynd- og handmennt og í samfélagsfræðum. Ráðgjafarnefndin hélt einnig sérstaka fundi með námsstjórum.

Gott samstarf tókst á milli Jafnréttisráðs og námsstjóra í samfélagsfræðum og Jafnréttisráð fékk til yfirlestrar allt námsefni sem hafði komið út í væntanlegri útgáfu í þeirri námsgrein. Einnig tókst samstarf við Námsgagnastofnun sem lét ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs í té allt nýútgefið námsefni til yfirlestrar. Á árinu 1982 var haldið áfram með kynningu á jafnréttisfræðslu í skólum auk yfirlestrar námsefnis á vegum ráðgjafarnefndarinnar.

Á fyrri hluta ársins var gert átak í samvinnu við námsstjóra í handmennt og heimilisfræðum um að bæta kennsluna í þessum greinum. Haustið 1983 var hafinn undirbúningur að ráðstefnu um skólajafnrétti sem haldinn var í mars 1984. Í framhaldi af henni framkvæmdi Jafnréttisráð könnun á fyrirkomulagi í handmenntakennslu í grunnskólum landsins. Skýrsla um niðurstöður þessarar könnunar liggur frammi hjá ráðinu. Í henni kemur fram að á þessu sviði er verk að vinna.

Dagana 21. og 27. sept. 1985 var stofnað til kynningar í Námsgagnastofnun um jafnréttisfræðslu. Jafnréttisráð átti frumkvæði að kynningunni sem haldin var í samvinnu við Námsgagnastofnun, skólaþróunardeild menntmrn., Bandalag kennarafélaga, fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Kennaraháskóla Íslands og Kvenréttindafélag Íslands. Á kynningunni voru sýnd kennslugögn og haldnir fyrirlestrar, einkum fyrir kennara.

Dagana 3.–6. júní 1986 var haldið námskeið á vegum endurmenntunardeildar Kennaraháskóla Íslands á Akureyri um jafna stöðu kynjanna. Á námskeiðinu var fjallað um það atriði hvort skólinn stuðli að jafnri stöðu kynjanna eða hvort hann viðhaldi kynjamismun.

Um þessar mundir eiga sér stað viðræður á milli Jafnréttisráðs og endurmenntunarstjóra Kennaraháskólans um framhald námskeiða þar sem fyrst og fremst verður unnið að viðhorfsbreytingu meðal kennara til jafnréttismála. Þess má geta að frá setningu laga nr. 65/1985 hefur Jafnréttisráð farið árangurslaust fram á stöðuheimild til að geta ráðið fræðslufulltrúa. Fyrrv. og núv. framkvæmdastjórar ráðsins hafa eftir því sem kostur er reynt að sinna allri fræðslu sem beðið er um.

Við þetta má bæta því að á Akureyri er um þessar mundir unnið að framkvæmd norræns samstarfsverkefnis á sviði jafnréttismála. Þetta verkefni, sem kallast Bryd-verkefnið eða Brjótum múrana, hefur verið kynnt hér á Alþingi, m.a. í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála. Nokkrir aðilar standa sameiginlega að framkvæmd þess, m.a. félmrn., norræna ráðherranefndin, Jafnréttisráð og Akureyrarbær. Í tengslum við framkvæmd verkefnisins hafa verið haldnir nokkrir fundir með fræðsluyfirvöldum bæjarins um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu.

Herra forseti. Ég vil að endingu geta þess að ríkisstjórnin vill taka þessi mál föstum tökum. Ég vil í því sambandi minna á grein 3.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem liggur frammi á Alþingi til umræðu. Þar segir, með leyfi herra forseta:

„Hrundið verði í framkvæmd ákvæði 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, um að veitt verði fræðsla um jafnrétti kynjanna í skólum landsins. Samþykkt verði tillaga menntmrn. um stöðuheimild vegna umsjónarkennara í jafnréttisfræðslu. Áhersla verði lögð á að kennslugögn mismuni ekki kynjunum. Félmrn., Jafnréttisráð og menntmrn. reyni í sameiningu að breyta hinu hefðbundna náms- og starfsvali með aukinni náms- og starfsfræðslu.“

Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir viðræðum ofangreindra aðila um frekari framgang þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og það að einhver hreyfing virðist nú vera komin á þessi mál. Það er verk að vinna, sagði ráðherra áðan og vitnaði til skýrslu sem fram kom 1985 ef ég heyrði rétt. Það er svo sannarlega satt því að ákvæði hefur verið í lögum í ellefu ár um að framkvæma skuli jafnréttisfræðslu hér á landi og ljóst var af svörum ráðherra að hún hefur framan af og fram á allra síðustu ár einkum falist í fundum og starfshópum sem ekki hafa starfað og síðan í handmennta- og heimilisfræðslu sem vandséð er hvernig er beinlínis jafnréttisfræðsla.

Sönnun þess hversu skammt á veg jafnréttisfræðsla er í rauninni komin er ef til vill helst að finna í framkvæmdaáætlun félmrh. til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem er 214. mál þessa þings, en það er einn liður í þeirri framkvæmdaáætlun að hrinda í framkvæmd ákvæðum 10. gr. laga nr. 65 frá 1985, um jafnréttisfræðslu. Þar sem þetta er að finna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er ljóst jafnt sem af svörum ráðherra að framkvæmdir hafa verið heldur litlar fram að þessu þótt greinilega sé kominn skriður á málið.

Ráðherra nefndi hérna norræna samstarfsverkefnið sem kallað er „Brjótum múrana“ og lagði áherslu á það inntak, sem sums staðar er að finna í jafnréttisfræðslu, að breyta hefðbundnu starfs- og námsvali kvenna og karla. Eins og hefur áður komið fram í umræðum um þessi mál er ég eindregið andvíg þessari áherslu í jafnréttisfræðslu. Ég held að lausnin liggi ekki í breyttu starfsvali heldur breyttu starfsmati.

Herra forseti. Það sem þetta svar sýnir okkur þó

fyrst og fremst er að það er engan veginn nóg að samþykkja fagurlega orðuð lög um jafnan rétt kvenna og karla. Það er framkvæmd laganna sem á endanum ræður úrslitum um hvort þetta jafnrétti getur orðið að veruleika eða ekki.

SAMEINAÐ ÞING

48. fundur, þriðjudaginn 10. febr., að loknum 47. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Helgi Seljan):

Óskað hefur verið eftir umræðu utan dagskrár um síldarsamninga Norðmanna og Sovétmanna og fer hún nú fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég þakka þá lipurð sem virðulegur forseti sýnir mér með því að leyfa mér að gera örstuttar athugasemdir utan dagskrár. Það er ekki árás á einn eða neinn hérlendis heldur vildi ég aðeins vekja athygli á mjög alvarlegu máli sem snertir okkur mjög, en það er hinn nýgerði samningur milli Norðmanna og Sovétríkjanna um veiðiheimildir Norðmanna fyrir sovésk síldveiðiskip í norskri landhelgi.

Eins og allir vita hefur ríkt gífurlega hörð samkeppni milli Íslendinga og Norðmanna í sölu á saltsíld til Sovétríkjanna. Þótt Norðmenn hafi undirboðið Íslendinga í verði á saltsíld til Sovétríkjanna um 30–35% hafa Íslendingar fram að þessu haft vinninginn og Sovétmenn ekki keypt af Norðmönnum heldur Íslendingum þrátt fyrir mun hærra verð. Mestu mun þarna hafa valdið betri verkun síldar á Íslandi og öruggara og betra síldarmat. Norðmenn hafa unað þessu illa. Einn þátturinn í viðleitni þeirra er að tryggja sér þennan sovéska síldarmarkað eins og kom í ljós um áramótin, en þá gerðu Norðmenn samninga um að sovésk síldarskip fengju að veiða 15 þús. tonn innan norskrar fiskveiðilögsögu. Þetta jafngildir 110 þús. tunnum af hausskorinni síld, en 140 þús. tunnum af heilsaltaðri síld.

Nú er spurning mín til hæstv. sjútvrh. hvort íslenska ríkisstjórnin hafi mótmælt þessum samningi við norsku ríkisstjórnina eða á einhvern hátt látið vanþóknun sína í ljós við norsk stjórnvöld.

Tíminn leyfir ekki að gera grein fyrir þessum ljótu vinnubrögðum, sem eiga sér lengri sögu og eru mjög ljót, sem Norðmenn hafa haft í öllum síldarmálum. Má geta þess að sala okkar til Sovétríkjanna er um 200 þús. tunnur. Mér er kunnugt um að íslensk stjórnvöld hafa lengi óskað þess og margítrekað að haldinn væri fjögurra landa fundur um ráðstafanir til að endurreisa norsk-íslenska síldarstofninn, þ.e. Noregur, Ísland, Sovétríkin og Færeyjar. Allar þjóðirnar hafa samþykkt að slíkur fjögurra landa fundur yrði haldinn nema Norðmenn. Þeir hafa þverneitað. Norsk-íslenski síldarstofninn frá 1983 gaf fyrirheit um verulega endurreisn stofnsins. Íslenska hafrannsóknastofnunin lagði til að veiðar á ókynþroska síld yrðu bannaðar, þ.e. síld sem er smærri en 27 cm. Alþjóðahafrannsóknastofnunin studdi þessa tillögu og samþykkti hana og mæltist mjög eindregið til þess að eftir henni væri farið, enda forstöðumaður íslensku hafrannsóknastofnunarinnar, Jakob Jakobsson, kunnur á alþjóðavettvangi fyrir hæfni sína í þessum málum. En Norðmenn höfðu þessa samþykkt að engu, þrátt fyrir afgerandi samþykkt Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar, og reyndar Sovétríkin líka.

Á árinu 1985 veiddu Sovétmenn í sinni lögsögu 30 þús. tonn af smásíld. Að tilhlutan íslenskra stjórnvalda var sendiherra Íslands í Moskva látinn mótmæla þessu við sovésk stjórnvöld. Hins vegar var enginn síldarafli í sovéskri lögsögu árið 1986. Norðmenn hafa nú á nokkrum árum selt ferska síld um borð í sovésk móðurskip sem Sovétmenn hafa svo verkað um borð og saltað.

Í þessum samningum sem Norðmenn gera við Sovétmenn eru ekki einungis 15 þús. tonn sem Sovétmenn fá að veiða innan norskrar fiskveiðilögsögu heldur er einnig tekið fram að samningsaðilar geti komið sér saman um að auka þetta magn. E.t.v. á það eftir að tvöfaldast.

Útlitið er ekki beint björgulegt. Fyrst koma Kanadamenn og bjóða Sovétríkjunum veiðar, svo og svo mikið, ef þeir kaupa af þeim síld. Nú koma Norðmenn sem óttast gífurlegar njósnir frá hernaðarflota Sovétríkjanna: Gerið þið svo vel, komið inn í landhelgina. Það eru kannske möguleikar á að þið kaupið af okkur síld.

Ég tek það fram að með þessari fsp. er ég ekki að ásaka hæstv. sjútvrh. Ég veit að íslenska hafrannsóknastofnunin hefur fylgst mjög vel með þessum málum og lagt til fjögurra landa fund eins og ég gat um í upphafi og svo hefur ráðuneytið verið vakandi í þessum málum. Spurningin er hvort ekki þurfi einhver kröftug mótmæli sem eftir verði tekið og hvort ekki sé möguleiki að taka þessi mál upp á Norðurlandaþingi þegar íslenskir förumannaflokkar þeysa á það þing.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Alþjóðahafrannsóknastofnunin lagði til að heimilt yrði að veiða 150 000 tonn af síld úr þessum stofni á s.l. ári. Það liggur fyrir að stofnunin hefur lagt til að eingöngu yrði veidd síld sem er yfir 27 cm. Hins vegar hafa Norðmenn ekki viljað binda sig við það og miða við 25 cm. Það áttu sér stað samningaviðræður við Sovétmenn á þeim tíma, en samkomulag náðist ekki. Þá áskildu Sovétmenn sér rétt til þess að veiða sama magn og Norðmenn ætluðu sér að veiða eða 160 000 tonn, 10 000 tonnum meira en Alþjóðahafrannsóknastofnunin

hafði lagt til, eða þá lá fyrir að hætt væri við að veidd yrðu samtals 320 000 tonn. Þá mótmælti íslenska ríkisstjórnin þessum fyrirætlunum á þeim tíma. Veiðar Norðmanna voru hins vegar innan við 100 000 eða 90–100 000 lestir. Þessar veiðar voru bundnar við manneldi þrátt fyrir mikinn þrýsting frá hagsmunaaðilum í Noregi. Á sama tíma veiddu Rússar hins vegar 26 000 tonn af smásíld í sinni lögsögu. Nú finnst hins vegar engin síld í lögsögu Sovétmanna og undir þessum kringumstæðum hafa Norðmenn kosið að ákveða veiðar 150 000 tonna af síld, þar af 135 000 tonn í eigin hlut og 15 000 tonn í hlut Sovétmanna. Þetta er sama magn og Alþjóðahafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Það verður að segja eins og er að Norðmenn hafa haldið sig innan þeirra marka, en hins vegar ekki bundið sig við stærðarmörkin. En á síðustu vertíð voru þó aðeins af þeirra hálfu veidd eitthvað innan við 10 000 tonn af síld sem er innan þeirra stærðarmarka sem Alþjóðahafrannsóknastofnunin hefur lagt til.

Íslensk stjórnvöld ræða þetta mál í hvert einasta skipti sem fundir eru milli Norðmanna og Íslendinga eða Íslendinga og Sovétmanna. Í framhaldi af mótmælum okkar í fyrra tóku Sovétmenn mjög vel í okkar tilmæli og sendu hingað menn á s.l. ári til að undirbúa viðræður. Norðmenn hafa hins vegar ekki enn þá viljað fallast á viðræður um þessi mál þótt það hafi verið ítrekað, bæði á fundi sjávarútvegsráðherra Norðurlandanna í sumar og einnig á fundi sjávarútvegsráðherra Íslands og Noregs nú á haustmánuðum. Þeir lofuðu þó að taka málið til frekari athugunar en ekki hefur komið svar við því. Við óttumst að það kunni að koma til að veiðar hefjist utan landhelgi Noregs og Sovétmanna og þá sé þessum stofni miklu meiri hætta búin en er í dag.

Ég tel ekki, herra forseti, að við getum mótmælt þessu frekar en við höfum gert, m.a. með tilliti til þess að Norðmenn hafa þó haldið sig innan þeirra ráðleggínga sem hafa komið frá Alþjóðahafrannsóknastofnuninni að mestu leyti, og ég tel að okkar mótmæli á undanförnum árum hafi mjög orðið til þess að halda þeim við það.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þeirra ummæla sem hv. 7. þm. Reykv. viðhafði áðan þegar hann sagði: „förumannaflokkar þeysa á þing Norðurlandaráðs.“ Ég vek athygli forseta á því að hann er þá að tala um ráðherra ríkisins, hann er að tala um réttkjörna alþm. og hann er að tala um embættismenn íslenska ríkisins sem eru að sinna samstarfi sem Ísland er aðili að samkvæmt íslenskum lögum og norrænum samstarfssamningum. Annars er það sjálfsagt álitamál hverjir eru fremstir ferðamenn í þessum sal.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Þá veit maður það að ekki má minnast á förumannaflokka og skal því sleppt. Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. tók fram að það sem er alvarlegt í þessu máli er það að með þessum árgangi 1983 og endurrisi þess stofns hefðu verið möguleikar á því að áliti margra fiskifræðinga, ekki síst norskra, að þessi stofn mundi fara að ganga vestur til Íslands, undan austurströnd Íslands, jafnvel norðurströnd, og liggja síðan við á Rauða torginu sem kallað er. En það er dregið mjög í efa, þó það sé rétt að Norðmenn hafi samþykkt 150 000 tonn, hvað varðar smásíldina. Með veiðum smásíldarinnar er verið að útiloka að stofninn nái sér upp. Ég dreg mjög í efa að þeir hafi áhuga á að hann verði svo stór að hann fari að leita ætis vestar, í kringum Ísland. Mér virðist öll þeirra frammistaða vera á þann veg að þeir vilji stöðva þá þróun. Hitt er rétt hjá sjútvrh. að það voru 150 000 tonn sem þeir bundu sig við, en út af fyrir sig þarf tonnatalan ekki að skipta máli heldur hitt að hver tunna af smásíld getur verið tvær eða þrjár á móti hverri einni af stærri síld.

Aðeins til upplýsingar: Sovétmenn veiða um 100 000 tonn úr Kyrrahafi. Sovéskum fiskifræðingi, samstarfsmanni Jakobs Jakobssonar hér við land, tókst að friða þann stofn og hefur náð honum upp. Rússar veiða nú um 100 þús. tonn þar sem þeir veiddu nær ekkert áður.

Það er skemmtilegt frá því að segja og á allra vitorði að forstjóri íslensku hafrannsóknastofnunarinnar má ekki skrifa grein eða láta út úr sér orð svo það sé ekki þýtt, t.d. í Sovétríkjunum. Hans orðstír er þar mikill. En í Kyrrahafi er verið að gera svipað og gert var hér við Suðurlandssíldina. Það þarf auðvitað að ná stofninum upp. En með þessu gegndarlausa smásíldardrápi tekst það ekki. Og allt er þetta til þess að geta náð mörkuðunum af Íslendingum. Væri hægt að benda á einhverja þjóð sem hafi verið óprúttin og ósvífin í samkeppni við Íslendinga á erlendum mörkuðum eru það frændur vorir Norðmenn. Ég vona að þetta móðgi ekki virðulega fulltrúa á Norðurlandaþingi.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir að hefja máls á þessum vanda og sem ein úr förumannaflokki hins íslenska Alþingis get ég lofað hv. þm. því að þessu máli verður vafalaust hreyft á komandi Norðurlandaráðsþingi eins og hann óskaði eftir, og ég er viss um að við verðum ekki í vandræðum með það þar sem hæstv. sjútvrh. er jafnframt samstarfsráðherra okkar í Norðurlandaráði.

Við könnumst við það á hinu háa Alþingi og það er ekki nýtt vandamál að hér skortir vissulega á um samvinnu Norðurlandaþjóða. Við minnumst þess þegar Grænlendingar veittu Efnahagsbandalaginu veiðiheimild, sem var reyndar tekin til umræðu á hinu háa Alþingi, eðlilega, þar sem þar var um sameiginlega fiskistofna að ræða. Ég get upplýst hv. 7. þm. Reykv. um að á morgun hittist sendinefnd Alþingis sem til Norðurlandaráðsþings fer, og ég get lofað honum því að ég mun taka þetta mál upp þar og væri alls ekki fjarri lagi að við bærum fram fsp. á

þingi Norðurlandaráðs um þetta efni til sjútvrh. Norðmanna, Bjarne Mörk Eidem.

Hinu má einnig hreyfa hvort ekki er ástæða til að Norðurlandaþjóðir geri samning um samvinnu á þessu sviði og það munu sjálfsagt mér kunnugri þm. geta fjallað um. En ég held að hér hafi verið vakið máls á máli sem er full ástæða til að ræða við þessar bræðraþjóðir á Norðurlöndum sem við vissulega höfum samvinnu við á mörgum sviðum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er samningur í gildi milli Noregs og Íslands um samvinnu á þessu sviði og Íslendingar hafa hreyft þessu máli á hverjum einasta fundi nefndarinnar frá upphafi. Það hefur einnig fyrir okkar forgöngu verið hafið samstarf á sviði sjávarútvegsmála innan Norðurlandaráðs. Fyrsti formlegi fundur sjútvrh. Norðurlandanna var haldinn hér á s.l. sumri og verður héðan í frá haldinn reglulega.

Aðalatriði þessa máls er að við þurfum að ná samningum milli þeirra þjóða sem eiga rétt í þessum síldarstofni. Við höfum lagt á það áherslu, við viðurkennum að Sovétmenn eiga hér rétt og það er að sjálfsögðu mikilvægt að koma í veg fyrir að smásíld sé drepin með þeim hætti sem gerðist í Barentshafi í fyrra. Því miður hafa Norðmenn verið mjög ófúsir til að hefja slíkar samningaviðræður sem ég vænti að muni breytast, sérstaklega eftir að þeir hafa viðurkennt rétt Sovétmanna til þessara veiða og yrðu að sjálfsögðu að viðurkenna okkar rétt um leið og stofninn fer út úr norsku landhelginni. Við hefðum talið nauðsynlegt að þessi réttur væri formlega viðurkenndur strax þannig að vitað væri hvernig veiðum mætti haga í framtíðinni.

Hrygningarstofninn var um 500 þús. lestir, en eftir að sterkur árgangur frá 1983 kemur inn er hrygningarstofninn orðinn á aðra milljón tonna. Það er þessi stóri hrygningarstofn sem væntanlega mun verða til þess að síldarstofninn geti náð fyrri stærð aftur, en hér var um að ræða stærsta fiskistofn á Norður-Atlantshafi eða um 10 millj. tonn. Ég vildi aðeins vekja á því athygli, herra forseti, af tilefni þessarar umræðu að það er aðalatriðið að þessar þjóðir geti sem allra fyrst náð samkomulagi um skiptingu þessara veiða í framtíðinni og við höfum lagt á það megináherslu að slíkar viðræður hæfust hið fyrsta.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri hv. ræðumenn þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál hér. Ég held að það sé gott að frændur vorir Norðmenn átti sig á því að við teljum hér alvörumál á ferð.

Það segir sig auðvitað sjálft að það er um viðkvæma hluti að ræða þar sem er nýting sameiginlegra stofna, ég tala nú ekki um ef fleiri en tvær þjóðir eiga hlut að máli. Engu að síður hlýtur það að vera áhersla okkar, og það er nauðsynlegt að hún komist óbrengluð til frænda vorra Norðmanna, að við krefjumst þess að um slíka hluti sé haft samstarf og samráð. Það er óeðlilegt að slík ráðstöfun sé ákveðin einhliða af hálfu einnar þjóðar þegar fleiri eiga þar hagsmuna að gæta.

Það verður líka að segjast, herra forseti, alveg eins og er að framkoma frænda vorra Norðmanna í þessu máli kemur á óvart hvað sem um fyrri kynni mætti segja, m.a. vegna þess að þeir, þessir sömu frændur, stunda einmitt nú þessa dagana veiðar innan íslensku lögsögunnar á sameiginlegum stofni og njóta þar sérstakrar velvildar okkar Íslendinga, því að eins og kunnugt er hafa slíkar heimildir ekki legið á lausu og það er ekki útbært af hálfu okkar Íslendinga að hleypa öðrum þjóðum inn í fiskveiðilögsöguna. Því held ég að frændur vorir ættu einnig að gera sér grein fyrir að þær heimildir standa ekki hverjum sem er til boða og það skyldu þeir hugleiða. Ég hvet hæstv. sjútvrh., eins og fleiri hafa hér gert, til þess að fylgja þessu máli eftir af miklum alvöruþunga.

Að síðustu, herra forseti, verð ég að segja það alveg eins og er að mér kemur nokkuð á óvart sá skortur á menningarlegri tilfinningu eða skáldlegum smekk sem gerði vart við sig áðan þegar menn fyrtust nokkuð við þegar tekin var tilvitnun í ágætan menningarlegan kveðskap, tekin skáldleg líking af förumönnum. Mér kom mjög á óvart þetta skáldlega smekkleysi.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, ein umr.

Skýrsla félmrh., 214. mál. — Þskj. 229.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Þskj. 229 hefur að geyma skýrslu félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er sú skylda lögð á herðar félmrh. að leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samkvæmt greininni skal við gerð hennar höfð hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem Jafnréttisráð skal gera, sbr. 2. tölul. 15. gr. laganna.

Félmrn. vakti athygli Jafnréttisráðs á þessum ákvæðum laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla með bréfi 17. febr. 1986. Ráðuneytinu barst framkvæmdaáætlun ráðsins með bréfi 31. júlí 1986. Í aðfararorðum áætlunarinnar kemur fram að við gerð hennar gaf ráðið ýmsum aðilum sem láta sig jafnréttismál varða kost á að koma með tillögur um aðgerðir í jafnréttismálum og tjá sig um stefnumörkun á þessu sviði. Svör bárust frá 14 aðilum og eru þau talin upp í þskj.

Við samningu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar var höfð hliðsjón af 13. gr. laga nr. 65/1985, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í henni er kveðið á um það að Jafnréttisráð skuli annast framkvæmd laganna. Enn fremur er verkefni Jafnréttisráðs nánar tilgreint í 15. gr. þeirra. Þótt aukin ábyrgð á því að koma á jafnrétti kynjanna sé lögð á herðar félmrn. og ríkisstjórnar er framkvæmd laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla í höndum Jafnréttisráðs.

Af þessu má ljóst vera að framkvæmdaáætlun sú sem félmrh. leggur fyrir ríkisstjórn er nokkuð annars eðlis en framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs. Umfang hennar hlýtur að takmarkast við aðgerðir sem ráðuneytum og opinberum stofnunum er lögum samkvæmt rétt og skylt að grípa til á sínum vettvangi án þess þó að ganga inn á verksvið Jafnréttisráðs. Rétt er að leggja áherslu á að eðli máls samkvæmt er það á verksviði Jafnréttisráðs að hafa áhrif á stofnanir og félagasamtök sem standa utan við umsýslu hins opinbera.

Í fyrsta hluta framkvæmdaáætlunar er fjallað um atriði sem mikið hafa verið til umfjöllunar í þjóðfélaginu en það er sá munur sem menn telja að sé á milli launa kvenna og karla. Tiltækar kannanir benda til að launamunur sé til staðar á milli kvenna og karla á vinnumarkaðinum og einnig í þjónustu hins opinbera. Launamunur getur stafað af ýmsu, t.d. menntun, vinnutíma, starfsaldri og fleiru. Ýmislegt bendir til að ekki sé hægt að skýra þennan launamun kynjanna eingöngu á þann hátt. Ríkisstjórnin er sammála um að grípa til eftirfarandi aðgerða til að koma á jafnrétti í atvinnu- og launamálum kynjanna:

1. Könnun á launamun kynjanna. Þjóðhagsstofnun hraði könnun á launamun kynjanna. Niðurstöður hennar verði rannsakaðar nánar með það að markmiði að finna raunverulegar ástæður launamunar.

2. Úrvinnsla upplýsinga. Byggðastofnun sjái um úrvinnslu upplýsinga um konur og karla á vinnumarkaðnum, sbr. ritið Vinnumarkaðurinn 1984. Í ritinu er að finna upplýsingar um meðallaun í ákveðnum starfsgreinum og atvinnuþátttöku.

3. Sveigjanlegur vinnutími. Ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífi.

4. Nýtt starfsmat. Hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins sjái um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar, t.d. ýmis iðnaðarstörf, tæknistörf o.fl. Við mat á starfsreynslu skal taka tillit til heimilis- og umönnunarstarfa.

5. Stofnun fyrirtækja. Félmn., iðnrn., Iðntæknistofnun og iðnþróunarfélög taki höndum saman og efni til námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki.

6. Menntun og fræðsla. Kannanir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum hafa leitt í ljós mikinn mun á menntun kvenna og karla. Þessi munur fer hraðminnkandi. Helstu breytingar felast í vaxandi hlutfalli kvenna sem ljúka stúdentsprófi. Skólaárið 1983–1984 luku fleiri konur en karlar stúdentsprófi. Konum sem ljúka háskólaprófi hefur einnig fjölgað verulega.

Ástæða er til að ætla að námsval kvenna leiði til starfa sem líklegast er að leggist af eða breytist. Til að bæta stöðu kvenna þarf að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþættari og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það. Norræna samstarfsverkefnið, sem hefur að markmiði að stuðla að fjölbreyttari menntun og starfsvali kvenna, er mikilvægt í þessu sambandi.

Á næstu fjórum árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Jafnréttisfræðsla. Hrundið verði í framkvæmd ákvæði 10. gr. laga nr. 65/1985, um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, um að veitt verði fræðsla um jafnrétti kynjanna í skólum landsins. Samþykkt verði tillaga menntmrn. um stöðuheimild vegna umsjónarkennara í jafnréttisfræðslu. Áhersla verði lögð á að kennslugögn mismuni ekki kynjunum. Félmrn., Jafnréttisráð og menntmrn. reyni í sameiningu að breyta hinu hefðbundna náms- og starfsvali með aukinni náms- og starfsfræðslu.

2. Menntun kennara. Kennaraháskóli Íslands fræði verðandi kennara um jafnréttismál í skólum. Sama á við um verðandi fóstrur í Fósturskólanum. Skyldunámskeið um jafnréttisfræðslu verði haldin fyrir alla kennara og starfandi fóstrur. Hér komi til samvinna milli menntmrn., Kennaraháskóla Íslands og Fósturskólans.

3. Endurskoðun námsefnis. Allt nýtt og endurútgefið námsefni verði endurskoðað með tilliti til jafnréttis kynjanna. Sérstaklega skal endurskoða kennslu í handmennt, heimilisfræðslu og íþróttum með það að markmiði að kynin fái sömu kennslu í þessum greinum.

4. Náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf. Í samræmi við 10. gr. jafnréttislaganna taki menntmrn. upp tilraunaráðgjöf í samvinnu við verkefnisstjóra norræna samstarfsverkefnisins á sviði jafnréttismála og fylgist með árangrinum í þeim tilgangi að finna farsælustu leiðina með ráðgjöf og fræðslu um náms- og starfsval. Sérstök áhersla verði lögð á hvatningu til kvenna að læra til tæknistarfa.

5. Fræðsla um fjölskyldumál. Dómsmrn. og Jafnréttisráð hafi samvinnu um útgáfu bæklings um réttindi og skyldur í hjúskap annars vegar og óvígðri sambúð hins vegar. Í samvinnu við landlækni verði hrint í framkæmd I. kafla laga nr. 25/1975 sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

6. Trúnaðarstöður og ábyrgð. Í IV. kafla framkvæmdaáætlunarinnar kemur fram að áhrif kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum hafa aukist á undanförnum árum. Einnig hefur konum í trúnaðarstörfum við Stjórnarráð Íslands fjölgað. Áhrif kvenna í stjórnum og ráðum á vegum ríkisins eru enn of lítil. Í

12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er kveðið á um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Á þessu sviði er átaks þörf með það að markmiði að jafna hlutdeild kvenna og karla sem hafa ábyrgðarstörf og áhrifastöður með höndum í þjóðfélaginu. Til að ná þessu markmiði stefna stjórnvöld að eftirfarandi:

1. Hlutfall kvenna í trúnaðarstörfum. Ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust, sbr. 12. gr. jafnréttislaga.

2. Konur í ábyrgðarstöðum hjá hinu opinbera. Ráðuneytið vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þá eru það félagsleg atriði. Í V. kaflanum er á það bent að á síðustu áratugum hafi íslenska þjóðfélagið gerbreyst. Helsta breytingin er fólgin í aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna samfara tæknivæðingu og ýmiss konar sérhæfingu. Þjóðfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum, en ríka áherslu ber að leggja á það grundvallaratriði að fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og miða verður að því að svo verði áfram. Þess vegna þarf að tryggja heimavinnandi maka fyllstu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðnum.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna gerir þörf á gæslu fyrir börn utan heimilisins brýnni en áður. Lægri fæðingartíðni er umhugsunarefni og virðist haldast í hendur við félagslegar aðstæður útivinnandi kvenna til að fæða og ala upp börn. Þriggja mánaða fæðingarorlof er stuttur tími fyrir foreldra með nýfætt barn. Stjórnvöld telja að bæta verði aðstæður kvenna með nýfædd börn og foreldrum verði báðum gert kleift að ala börn sín upp á þann hátt sem samrýmist launaðri atvinnu þeirra. Sveigjanlegur vinnutími foreldra með ung börn er æskileg og raunhæf leið að þessu markmiði. Á næstu árum skal lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Fæðingarorlof. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leiti leiða til að lengja fæðingarorlof í sex mánuði. Feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs.

2. Réttindi heimavinnandi maka. Tryggt verði að heimavinnandi maki njóti fullra réttinda á við þá sem eru úti á vinnumarkaðnum, t.d. lífeyrissjóðsréttinda og lífeyristryggingar.

3. Samfelldur skóladagur. Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólum. Jafnframt verði grunnskólanum gert kleift að hafa samfellt skólahald til þess að ekki þurfi að úthýsa nemendum þá daga sem skólahald fellur niður.

4. Dagvistun barna. Ítarleg könnun fari fram á þörf fyrir dagvistunarstofnanir, sbr. fyrri kannanir um sama efni. Því verði beint til sveitarfélaga og þau miði áætlanir sínar við þá könnun og þeim fjölskyldum fjölgi sem fái aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheimilum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir fjögurra ára framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ríkisstjórnin hefur hér sett fram áætlun um hvernig vinna má að því markmiði á skipulegan hátt næstu fjögur ár, þ.e. að ná fram jafnrétti kynjanna í samræmi við lög og samþykktir, og ég legg áherslu á það að hér er um alvöruáætlun að ræða.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er komin til umræðu skýrsla félmrh. um svokallaða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég vil segja það í upphafi míns máls um þetta dagskrárefni að sjaldan hefur maður séð einkennilegri fyrirsögn á máli en hér kemur fram miðað við innihaldið, sem er að finna á þessum fjórum blaðsíðum.

Í orðinu „framkvæmdaáætlun“ skyldi maður ætla að væri að finna einhverja markvissa stefnumótun til að ná tilteknum markmiðum. En skýrsla félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar inniheldur lítið annað en frómar óskir og upprifjun á löngu gefnum loforðum og ákvæðum sem hafa verið lögfest, sum fyrir alllöngu. Ég tel að þetta framlag af hálfu hæstv. félmrh. sé ekki aðeins veigalítið heldur í rauninni nánast móðgun við þá aðila sem hafa verið að gera ráð fyrir því að eitthvað kæmi út úr ákvæðum laga um að slík framkvæmdaáætlun yrði lögð fram og hvernig framkvæmdarvaldið hygðist ná þeim markmiðum sem lög bjóða í þessum efnum. En hvað er að finna á þessum síðum? Hæstv. ráðh. hefur lesið það upp og við heyrum það. Við könnumst við flest ef ekki allt það sem þar er að finna því að nýmæli getur það ekki talist og allt er það með óljósum hætti þannig að réttnefni væri kannske að kalla þetta frómar óskir félmrh. um það hvernig ná megi fram jafnrétti kynja. Þetta er ekki marktæk framkvæmdaáætlun, því miður.

Hæstv. ráðh. greinir frá því í skýrslu sinni á fyrstu síðu að Jafnréttisráði hafi verið falið að gera sérstaka áætlun, svo sem lög standa til, og ráðuneytið hafi fengið framkvæmdaáætlun ráðsins með bréfi 31. júní 1986. Ráðherra greindi frá því að í þessari svokölluðu framkvæmdaáætlun væri hins vegar fyrst og fremst um að ræða atriði sem snerta opinbera aðila, og það má vera að það geti talist eðlilegt að leggja mesta áherslu á það, en hitt hefði ég talið ekki aðeins æskilegt heldur sjálfsagt, að láta fylgja þingmáli sem þessu yfirlit yfir framkvæmdaáætlun ráðsins eða framkvæmdaáætlun Jafnréttisráðs í heild sinni ásamt þeim svörum sem borist hafa frá öðrum aðilum, þeim 14 aðilum sem tilgreindir eru, þannig að þessi svör væru aðgengileg Alþingi þegar verið er að líta til þessara mála. Það hefði þó gert þetta þingmál aðeins veigameira, a.m.k. veitt upplýsingar um það hvað Jafnréttisráð hefur fjallað um og þeir

aðilar sem séð hafa ástæðu til að tjá sig um framkvæmdaáætlun þess.

2. kafli þessa þingmáls er um atvinnu- og launamál og þar er vikið í 1. lið að könnun á launamun kynjanna og tekið fram í þessari framkvæmdaáætlun að Þjóðhagsstofnun skuli hraða þeirri könnun. Hér er um að ræða atriði sem snerta vanefndir á gefnum loforðum sjálfs hæstv. forsrh. um slíka könnun, loforð sem gefið var á árinu 1985 en ekki hefur enn verið staðið við. Það er kannske dæmigert að forustan í ríkisstjórninni hefur ekki haft fyrir því að láta vinna þessa könnun sem hátíðlegt loforð var gefið um hér á Alþingi fyrir tveimur árum. Og það er dæmigert fyrir þessa framkvæmdaáætlun einmitt að slíkt atriði er talið þarna upp í 1. lið hennar. Og 2. liður, tölusettur, um þetta þýðingarmikla svið, atvinnu- og launamuninn, er að Byggðastofnun sjái um úrvinnslu upplýsinga, sbr. ritið Vinnumarkaðurinn, rit sem alþm. fá í hendur þegar það kemur út hverju sinni. Það er komið fyrir árið 1985 og við vorum að fá í hendur í byrjun vikunnar, líklega í gær, rit frá Byggðastofnun frá desember 1986, að vísu ekki undir heitinu Vinnumarkaðurinn heldur Byggð og atvinnulíf 1985. Þar er að finna upplýsingar sem segja okkur hvert stefnir í þessum málum, hver þróunin hefur verið og ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna hér til þessarar skýrslu Byggðastofnunar á bls. 18 þar sem segir um meðallaun eftir kyni og aldri á árinu 1985, það er sýnt þarna myndrænt, en í texta segir:

„Árið 1985 voru meðallaun karla nærri 18% hærri en landsmeðaltal allra atvinnugreina. Meðallaun kvenna árið 1985 voru tæplega 26% lægri en landsmeðaltal. Þannig höfðu karlar 59% hærri meðallaun á ársverk en konur. Árið 1984 voru laun karla um 57% hærri en meðallaun kvenna. Árið 1983 54% hærri og árið 1880–1982 52–53% hærri. Vaxandi launamunur milli karla og kvenna eftir þessum mælikvarða á m.a. rætur að rekja til ört hækkandi tekna í fiskveiðum en þar eru ársverk kvenna fá."

Tölurnar tala sínu máli. Það er öfugþróun á þessu sviði ár eftir ár og við höfum enn nýrri upplýsingar, tölulegar, úr sérstakri könnun á rauntekjum starfsstétta, könnun sem gerð var í apríl á síðasta ári í framhaldi af kjarasamningum í febrúar s.l., og sú könnun leiddi í ljós að enn hefði sigið á ógæfuhlið frá árinu 1985 samkvæmt þeim tölum sem framreiddar eru hér í skýrslu Byggðastofnunar.

Ekki vil ég vera að andmæla frómum óskum sem fram koma, eins og t.d. í 3. lið, um sveigjanlegan vinnutíma. Vissulega getur það verið jákvætt skref til þess að auðvelda konum þátttöku á vinnumarkaði að vinnutími sé sveigjanlegur og hér er hvatt til þess að það sé gert og ekki annað út af fyrir sig hægt en að taka undir það að slík athugun sé gerð og því sé þá hrundið í framkvæmd.

Fjórði liðurinn varðandi atvinnulífið og launamálin er um nýtt starfsmat, að hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins sjái um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar. Þetta er auðvitað eitt allra brýnasta verkefnið á þessu sviði, og ef eitthvað væri að baki þessari framkvæmdaáætlun ætti það auðvitað að liggja fyrir, hvernig ríkisstjórnin fyrir sitt leyti ætlaði að hlutast til um að slíkt starfsmat færi fram, ekki aðeins varðandi hið opinbera heldur einnig að því er snertir aðila á hinum almenna vinnumarkaði. Það hefur sýnt sig að ríkisvaldið getur haft áhrif yfir á það svið, ef vilji er fyrir hendi, og ég tel að það sé t.d. sjálfsagt að slíkt starfsmat fari fram með þátttöku viðsemjenda við opinbera starfsmenn, hin einstöku samtök innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo að dæmi sé tekið. Það er framkvæmd á slíkum atriðum og áætlun um það hvernig að því sé staðið sem við hefðum viljað sjá hér.

Vikið er að stofnun fyrirtækja í þessu sambandi og námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Ég vil ekki leggja sérstaklega mat á hvernig til hefur tekist í þessu efni og menn getur greint á um hversu gildur þáttur slíkt sé í sambandi við jafnréttismálin sérstaklega, en hitt tel ég þó mjög góðra gjalda vert að slík hvatning fari fram og aðgerðir sem auðveldi konum þátttöku sem víðast samkvæmt eigin vali á vinnumarkaðinum. Þarna sé að því leyti til um jákvætt átak að ræða með sama hætti og það sem rætt er undir tölulið 3.4. um náms- og starfsfræðslu og starfsráðgjöf. Ég held út af fyrir sig að breikkun í atvinnuþátttöku kvenna leysi ekki ein sér mikinn vanda í sambandi við jafnrétti, t.d. á sviði launamála. Ég hef ekki mikla trú á því að það séu gildir lyklar að því verkefni að leiðrétta þennan mun. En hitt er jafnljóst að það er af hinu góða að auðvelda konum sem víðtækast val í sambandi við störf og því er sjálfsagt að mínu mati að taka undir viðleitni í þessa átt. Samnorræna verkefnið sem Valgerður Bjarnadóttir er vinnandi fyrir varðandi Akureyrarsvæðið sérstaklega er dæmi um þetta. En það eitt er ekki nóg. Það þarf að gera átak miklu víðar og helst sem víðast á landinu í þessum efnum og taka þarf mið af reynslu, m.a. á norrænum vettvangi, til þess að ná árangri í þessu, hvaða álit sem menn hafa á þessu sem tæki til þess að leiðrétta launamun eða annað misrétti gagnvart konum.

Þá kem ég að 3. kaflanum að öðru leyti varðandi menntun og fræðslu. Þar er vikið að könnunum og ákvæðum um jafnréttisfræðslu, menntun kennara, endurskoðun námsefnis o.fl., svo og fræðslu um fjölskyldumál. Ég vil ekki fara mörgum orðum um þetta efni. Sumt var rætt af tilefni fsp. á síðasta fundi Sþ. að því er varðar jafnréttisfræðslu í skólum. Hér er í rauninni um að ræða sjálfsagða hluti þar sem átaks er þörf til þess að ná leiðréttingu fram, en síðan þurfa þeir að sjálfsögðu stöðugt að vera í vinnslu. Slík atriði sem snerta fræðslumál og menntun, allt það sem lýtur að jafnrétti, þurfa að vera í stöðugri vinnslu og ekki annað hægt en að hvetja til þess að það sé gert, og það er í rauninni ítarlegri áætlun um það, hvernig að því skuli staðið

sem eðlilegt hefði verið að hér kæmi fram. Það er t.d. dæmigert fyrir stöðu þessara mála sem kemur fram í tölulið 3.5., varðandi fræðslu um fjölskyldumál, þar sem segir, með leyfi forseta: „Í samvinnu við landlækni verði hrint í framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975 sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.“ — Að hrinda í framkvæmd ákvæðum laga frá árinu 1975. Ja, það er stórmannleg framkvæmdaáætlun þetta, en vissulega betra seint en aldrei, má segja. Hvað skyldi hafa vakið hæstv. félmrh. til að taka til hendi að þessu leyti og setja þetta hér niður? Það er kannske sú umræða sem fram hefur farið í sambandi við eyðni og það sem að henni lýtur. En þetta er nokkuð dæmigert um þá framkvæmdaáætlun sem hér liggur fyrir og það seinlæti sem er megineinkenni alls þess sem snertir leiðréttingu og framkvæmd á ákvæðum laga og reglugerða um jafnrétti kynja.

Í 4. kafla er vikið að trúnaðarstöðum og ábyrgð og vissulega er það, að mínu mati, réttmætt að leitast við af opinberri hálfu að hafa sem jafnasta tölu fulltrúa kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis og opinberra aðila. Það er auðvitað erfitt að lögbjóða þetta að öðru leyti. Um þetta mætti setja bindandi ákvæði. Sum félagasamtök hafa gert það. T.d. hefur sá flokkur sem ég tilheyri, Alþb., sett ákveðnar reglur í sambandi við sínar stofnanir innan flokks um hlut kvenna og ég tel að það hafi verið mjög góðra gjalda vert, það lýtur að starfi innan flokksins og hefur flýtt fyrir þróun sem hefði vissulega þurft að gerast miklu fyrr en hefur verið jákvæð. Hér verða í rauninni hver samtök, hver flokkur og félagasamtök að taka sig á hver fyrir sig, hver á sínum vettvangi, og sýna það í verki að einhver hugur fylgi orðum um þessi efni, jafnframt því sem opinberir aðilar gangi á undan. Í því sambandi hljótum við að minna á ákvæði sem tekin voru upp í jafnréttislögin við endurskoðun þeirra síðast 1985 um heimild til jákvæðrar mismununar, ákvæði sem einnig er að finna í þeim alþjóðasamningi um afnám mismununar gagnvart konum sem samþykktur var á Alþingi vorið 1985 og reynt hefur verið að ýta á eftir framkvæmd á með flutningi sérstakrar till. til þál. hér á Alþingi sem er 7. mál Sþ. Þar er einnig kveðið á um slíka jákvæða mismunun.

Af því að ég kem að því máli nefni ég það hér, sem ég raunar gerði þegar rædd var skýrsla hæstv. félmrh. um þróun jafnréttismálanna um daginn, að mér finnst það mjög sérkennilegt að sá flokkur eða þau samtök sem sérstaklega mæla fyrir hlut kvenna og telja sig standa vörð um hagsmuni kvenna, og þar á ég við fulltrúa Kvennalistans, skuli taka það upp sem sérstakt mál af sinni hálfu og eitt af því sem sýnir sérstöðu þeirra, að leggjast gegn þeirri úttekt á þessum alþjóðasamningi og stöðu Íslands að því er varðar mismunun gagnvart konum, eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur ítrekað séð ástæðu til þess að gera. Ég átta mig ekki á rökunum og ég átta mig ekki á því hvernig á því stendur að á sama tíma og með réttu er ýtt á eftir að staðið sé við loforð hæstv. forsrh. frá 1985 varðandi könnun á launamun kynjanna skuli vera lagst gegn því að opinberir aðilar geri úttekt á stöðu Íslands gagnvart þessum alþjóðasamningi um mismunun gagnvart konum hérlendis samkvæmt þessum alþjóðasamningi sem staðfestur var í júní 1985 að mig minnir.

Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta, herra forseti, að lesa umsögn Jafnréttisráðs um þessa tillögu eins og hún liggur fyrir, hún er ekki löng:

„Jafnréttisráði hefur borist til umsagnar till. til þál. um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis, sbr. bréf yðar dags. 24. nóv. 1986. Með fullgildingu Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum var að mati Jafnréttisráðs stigið mikilvægt skref í átt til jafnréttis kvenna og karla.

Í till. þeirri til þál. sem hér er til umfjöllunar er lagt til að gerð verði úttekt á ýmsum þáttum þjóðfélagsins, hvernig þeir þættir horfa við ákvæðum samningsins. Samkvæmt lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það hlutverk Jafnréttisráðs m.a. að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni hvað varðar stöðu kynjanna og koma með tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna. Sú úttekt sem hér um ræðir er að umfangi langt umfram það sem Jafnréttisráð hefur af fjárhagsástæðum getað staðið fyrir. Ráðið telur að umrædd úttekt geti verið gagnleg til að framfylgja ákvæðum laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Af þeirri ástæðu er Jafnréttisráð hlynnt þáltill. enda verði ráðinu tryggðir nauðsynlegir fjármunir til verkefnisins.“ Undir bréfið ritar f.h. Jafnréttisráðs Elsa S. Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri. Þetta er bréf dags. 22. des. 1986 til félmn. sameinaðs Alþingis sem hefur þessa þáltill. til meðferðar.

Í 5. tölulið þessarar skýrslu um svokallaða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er vikið að félagslegum atriðum í sambandi við jafnréttismálin, aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna samfara tækniveðingu og ýmiss konar sérhæfingu, og m.a. sagt: „Þess vegna þarf að tryggja heimavinnandi maka sömu réttindi á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum.“ Hér er vissulega um geysilega stórt mál að ræða og eitt hið stærsta í þessu samhengi, jafnréttismálanna. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu af minni hálfu að hér þarf að auka allar aðgerðir í þessum málum, þær þurfa að lúta að því að auka valfrelsi kvenna varðandi það efni, og raunar mega karlar vera þar líka sem fjölskyldufeður, varðandi valfrelsi um það hvort viðkomandi leitar starfa úti á vinnumarkaðinum eða er heimavinnandi. Allar aðgerðir þurfa að ganga út frá þessu að mínu mati. Það er varhugavert að grípa til aðgerða í þessu samhengi sem hægt væri að nota af stjórnvöldum og þröngsýnum aðilum vinnumarkaðar til þess að ýta konum út af vinnumarkaðinum inn á heimilin. Það yrði að vera þeirra mál. Það þurfa því að vera til staðar uppeldisstofnanir, barnaheimili og önnur nauðsynleg gæsla og aðstaða í skólum

landsins til þess að konur geti tekið þátt í atvinnulífinu með eðlilegum hætti en geti einnig valið um að vera heimavinnandi og sinna þeim þýðingarmiklu störfum sem á heimilunum eru unnin, hvort sem það eru uppeldisstörf eða önnur heimilisstörf. Í sambandi við heimilisstörfin sem verða nú sérstaklega til umræðu í sambandi við annað þingmál vil ég nefna það, að einmitt það hversu fjölþætt heimilisstörf eru á að vera hvetjandi í þessu sambandi, einnig í sambandi við starfsmat og tillit sem tekið sé til heimilisstarfa varðandi starfsmat, einnig stjórnunarþáttur heimilisstarfanna. Því að hvert heimili er, má segja, fyrirtæki, það er líkt og fyrirtæki þar sem þeir sem helga sig því og fá þar reynslu safna mjög þýðingarmikilli reynslu sem getur gagnað vissulega í öðrum störfum.

Varðandi fæðingarorlof, sem hér er nefnt í sambandi við félagsleg atriði, vil ég leggja á það áherslu, og það hefði ég viljað sjá í svonefndri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar, að lengd fæðingarorlofs væri tvöfölduð nú þegar, lengd úr þremur mánuðum í sex mánuði strax. Það væri eitthvað sem bragð væri að, hæstv. félmrh., ef slík ákvörðun lægi fyrir í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar, að ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir slíku, og þá sem áfangi að því marki að lengja fæðingarorlof upp í a.m.k. eitt ár sem væri ekki óeðlilegur tími, að mínu mati. Það er svo mál sem menn geta rætt út af fyrir sig hvernig að þeim málum er staðið varðandi upphæð og varðandi það hvernig slíkum greiðslum er komið til aðila í sambandi við fæðingarorlofið. En ég held að það sé a.m.k. lágmarkskrafa að grunngreiðslurnar þar séu hækkaðar. Svo er það auðvitað eðlilegt að um það sé samið sem víðast að konur haldi óskertu kaupi eða að fjölskylduaðili sem tekur fæðingarorlof haldi óskertu kaupi þann tíma sem hann nýtur fæðingarorlofs.

Það er ekki falleg aðstaða sem konum er búin sem ætla sér hlut á vinnumarkaðinum með það skamma fæðingarorlof sem hér er í gildi og þær félagslegu aðstæður sem þeim eru búnar til eðlilegrar þátttöku. Það er umhugsunarefni, hvort menn reyna að nýta sér það samviskubit sem því fylgir áreiðanlega hjá fjölda kvenna að þurfa að leita út á vinnumarkaðinn til þess að afla nauðsynlegra tekna fyrir heimilið, börn sín og heimili, en hafa í rauninni ekki til þess boðlegar aðstæður. Það hefði verið æskilegt að sjá í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar tekið á þessum málum þannig að þessi félagslegu atriði væru mörkuð í framkvæmdaáætlun en ekki bara einhverjar frómar óskir og orð á blaði þar sem innihaldið er nánast ekkert af hálfu framkvæmdavaldsins.

Ég held að líka sé mikilvægt í þessu samhengi að tryggt sé í samningum sem víðast að foreldrar geti tekið sér lengra leyfi frá störfum og gengið inn í störf eftir ákveðinn tíma, t.d. að tveimur árum liðnum, og að réttindi heimavinnandi maka séu tryggð með öllum tiltækum ráðum. Samfelldur skóladagur, sem er 3. töluliður í 5. kafla þessarar áætlunar, er eitt af þeim atriðum sem Alþb. hafði forgöngu um hér á Alþingi fyrir nokkrum árum, að ýta við framkvæmdavaldinu að taka á því máli. Það var sett niður nefnd, eftir að samþykkt hafði verið þáltill. þar sem fyrsti flm. var hygg ég hv. þm. Guðrún Helgadóttir, af menntmrn. til þess að gera úttekt á þessum málum um samfelldan skóladag, skólamáltíðir o.fl. og nál. liggur fyrir. Maður hefði viljað sjá eitthvað í framkvæmdaáætlun félmrh. sem byggði á þessari úttekt, eitthvað marktækt. En hvað lesum við hér? „Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólum.“ Hvernig? Með hvaða hætti? Hvaða tryggingar? Í hvaða áföngum? Ekkert.

Við getum í þessu samhengi vísað til OECD-skýrslunnar um menntamálin, stöðu skólamálanna í landinu, þar sem einmitt er vikið að stöðunni að þessu leyti og því sem er sérstakt fyrir Ísland varðandi þennan rofna skóladag og langt sumarleyfi í sambandi við skólann. Það hefur svo sem lengi verið sagt og heyrst oft hér á Alþingi að markmiðið ætti að vera að hafa langt sumarleyfi og leyfa börnum þátttöku í atvinnulífinu og kynni af atvinnulífinu. En ætli möguleikarnir til þess hér á höfuðborgarsvæðinu séu t.d. miklir að veita börnum á mótunarárum þann aðgang og það uppeldi sem ástæða væri til? Ég hygg nefnilega að það þurfi að líta til þess, og ekki síst varðandi forskólann og fyrstu skólaárin, einmitt að lengja skóladaginn, ekki endilega til formlegrar kennslu heldur, eins og sagði að mig minnir í skýrslu hæstv. félmrh. sem rædd var hér í síðustu viku, til þess að skólarnir geti verið starfs- og leikvettvangur barnanna með nauðsynlegri gæslu. Hvernig ætli ástandið sé hér í henni Reykjavíkurborg að þessu leyti? Ætli séu ekki eitthvað milli 100 og 200 pláss á svokölluðum skóladagheimilum? Og hvað ætli þau séu mörg börnin sem ganga með lykil um hálsinn og hafa í rauninni enga gæslu eftir að stuttum skóladegi lýkur á meðan foreldrarnir eru úti að afla tekna fyrir heimilið? Það hefði verið bragð að því, hæstv. félmrh., að það hefðu sést hér í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar hugmyndir um það hvernig markmiðinu um samfelldan skóladag, og það sem lesa mátti í skýrslu ráðherrans um að skólarnir eigi að vera starfs- og leikvettvangur barnanna með nauðsynlegri gæslu, hvernig því ætti að ná fram, hvernig framkvæmdarvaldið ætlaði að standa að slíku. En um það er ekkert, frekar en varðandi önnur atriði, orð á blaði án nokkurrar áætlunar um það hvað þá ákvarðana hvernig að þeim skuli staðið.

Fjórði og síðasti liðurinn varðandi þessi félagslegu atriði er svo kannske kórónan á sköpunarverkinu í þessari svokölluðu framkvæmdaáætlun hæstv. ráðh., það er um dagvistun barna. Hvað skyldi standa þar?

„Ítarleg könnun fari fram á þörf fyrir dagvistarstofnanir, sbr. fyrri kannanir um sama efni. Því verði beint til sveitarfélaga og þau miði áætlanir sínar við þá könnun og þeim fjölskyldum fjölgi sem fái aðgang að dagvistarstofnunum og skóladagheim-

ilum.“

Kannast menn nokkuð við 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana sem gerð var, ekki í tíð núverandi ríkisstjórnar, fyrir allmörgum árum síðan, sem var verkefni þessarar ríkisstjórnar að standa að að framfylgja en hefur verið svikin í reynd og framlög til dagvistarmála af hálfu ríkisins skorin niður ár eftir ár og rýrnað að raungildi? Það eru efndirnar í þessum málum og síðan á að fara fram ítarleg könnun. Það er hið eina sem sagt er hér og síðan það hugsjónamál að ýta þessum málum yfir á sveitarfélögin eins og m.a. hefur heyrst frá hæstv. menntmrh., sem er sérstakur hugsjónamaður hygg ég í þeim efnum, og má vera að hæstv. félmrh. taki undir með honum að því leyti að þau miði áætlanir sínar við þetta og hitt. Ekki skal ég hafa á móti því að sveitarfélögum sé gert kleift að standa að dagvistarmálum, leggja þeim lið með öðrum og meiri hætti en nú er, en hvar eru tillögur ríkisstjórnarinnar um tekjustofna sveitarfélaga og annað sem lýtur að því að gera þeim kleift að taka á þessum málum? Það hefði verið æskilegt að sjá eitthvað af því, að vera búinn að fá eitthvað í hendurnar hér á Alþingi af marglofuðum till. og frv. í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið mál mitt úr þessu þó af mörgu sé að taka þegar litið er á þennan feril núverandi stjórnar sem ég gerði að umræðuefni reyndar nokkuð þegar til umræðu var þróun jafnréttismálanna eins og hæstv. ráðh. gaf skýrslu um hér um daginn. Þessi þróun endurspeglar vaxandi misrétti í samfélaginu í heild sinni þar sem ríkisstjórnin hefur haft forgöngu um að ýta undir óheft markaðslögmál í samfélaginu sem leiða til vaxandi mismununar á einu sviðinu af öðru og sem hittir fyrir þá aðila og þá hópa í samfélaginu sem höllustum fæti standa fyrir, konur þar alveg sérstaklega sem fjölmennan hóp, en auðvitað marga aðra hópa sem þurfa á öðru samfélagi að halda en því samfélagi vaxandi auðhyggju sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og staðið fyrir.

Jafnrétti kynja og leiðrétting á hlut kvenna er stórt mál út af fyrir sig, en það er ekki einangrað málefni þó að eðlilegt sé að ræða það og fjalla um það í einstökum atriðum sér á parti, vegna þess að það er njörvað niður meira og minna af gömlum fordómum í samfélaginu, hefðum og fordómum sem þarf að brjóta niður og fá breytingar á fyrr en seinna. Annars eru margir þættir þessara mála samslungnir samfélagsgerðinni að öðru leyti. Hvaða áhrif skyldi það t.d. hafa í þessum málum að Íslendingar búa við eina lengstu vinnuviku sem þekkist í veröldinni, a.m.k. hinum iðnvædda heimi? Hvaða áhrif skyldi það hafa að menn þurfa að leggja á sig hér tvöfaldan vinnudag til að afla tekna og konum er sumpartinn nauðugum ýtt út á vinnumarkaðinn af þeim sökum? Og hvaða áhrif skyldi það hafa á fjölskyldulíf í landinu og félagslega aðstöðu kvenna í landinu og aðstöðu þeirra til að taka gildan þátt í þjóðlífinu, hvort sem það er inni á heimilunum, á vinnumarkaðnum eða í félagsstörfum þar sem vinnuálagið og aðrar félagslegar aðstæður kvenna eru ein grófasta hindrunin fyrir því að konur geti rétt hlut sinn og sótt fram með eðlilegum hætti og þjóðfélagið fái að njóta hæfileika þeirra svo sem eðlilegt væri?

Herra forseti. Ég hefði kosið að sjá hér ríkisstjórn og félmrh. mæla fyrir marktækri áætlun lögum samkvæmt um aðgerðir til þess að ná fram jafnrétti kynja, til að standa við lög og samþykktir í þessum efnum í stað þess plaggs sem hér hefur verið kynnt og hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir og ég hef gert hér að umtalsefni.

Það er alveg ljóst að eins og á fleiri sviðum verða þau verk ekki unnin af núverandi ríkisstjórn og það kannske kemur engum á óvart ef litið er á feril hennar að öðru leyti í sambandi við þjóðmálin. Það verður verkefni annarra að taka á því ef þessi markmið eiga að nást fram, annarra afla í þjóðfélaginu en þeirra sem hafa staðið hér fyrir vaxandi auðhyggju í landinu og vaxandi mismunun sem ekki síst bitnar á konum þessa lands.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er nú komin til umræðu skýrsla félmrh. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þegar skýrsla hæstv. ráðh. um þróun og stöðu jafnréttismála var til umræðu hér á síðasta fundi í Sþ. þá ræddi ég allítarlega um þessi mál og ætla því að vera heldur stuttorðari nú og vísa til þeirrar ræðu minnar í umræðum um þessa skýrslu.

Eins og fram kemur í inngangi að skýrslunni er hún lögð fram í samræmi við þær endurbætur sem voru gerðar á jafnréttislögunum vorið 1985. Síðan kemur fram að það er ekki fyrr en í febrúar árið 1986 eða fullum sjö mánuðum eftir samþykkt laganna sem félmrn. vekur athygli Jafnréttisráðs á því að skýrslu sem þessa beri að leggja fram. Það tók sem sé ráðuneytið sjö mánuði að koma þeim skilaboðum til Jafnréttisráðs að þessi skýrsla væri orðin skylduverk og verð ég að segja að mér finnst það ekki mjög snöfurlega að verki staðið hjá félmrn. og hæstv. félmrh. sem virtist leggja töluvert kapp á að fá hin nýju jafnréttislög samþykkt á vordögum 1985. Má vera að þetta sýni okkur nokkuð sem ég hef áður gert að umtalsefni, og er reyndar einnig eins og rauður þráður í gegnum þessa framkvæmdaáætlun, að eitt eru orð og annað eru framkvæmdir í þessum málum yfirleitt.

Í þessari skýrslu sem hér er nú til umræðu segir að framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé í höndum Jafnréttisráðs. Þetta finnst mér harla undarleg túlkun á jafnréttislögunum þar sem framkvæmd allra laga, hvort sem það eru lög um jafnan rétt kvenna og karla eða einhver önnur lög, hlýtur vitaskuld að vera í höndum framkvæmdarvaldsins en ekki í höndum ráðs úti í bæ þótt slíkt ráð, og í þessu tilfelli þetta ráð, sé allra

góðra gjalda vert. Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta: „Umfang hennar“ [þ.e. framkvæmdaáætlunarinnar] „hlýtur að takmarkast við aðgerðir sem ráðuneytum og opinberum stofnunum er lögum samkvæmt rétt og skylt að grípa til á sínum vettvangi án þess þó að ganga inn á verksvið Jafnréttisráðs.“

M.ö.o. er þarna sett fram sú skoðun um framkvæmd jafnréttismála að þau séu í höndum annars vegar Jafnréttisráðs og hins vegar í höndum ráðuneyta og opinberra stofnana, og að framkvæmdin felist í því að framkvæma það sem þegar er að finna í lögum um þessi mál. Hér er ekki að finna eitt einasta orð um frumkvæði, um frumkvæði Alþingis eða frumkvæði framkvæmdarvaldsins í þessum málum. Framkvæmdarvaldið, í þessu tilfelli hæstv. ráðh., sér það greinilega ekki sem skyldu sína að leggja til einhverjar nýjungar á sviði jafnréttismála, að bera fram hér einhver lagafrv. sem horfa megi til bóta, heldur aðeins að framkvæma það sem þegar stendur í þegar samþykktum lögum. Og sú framkvæmd er að meiri hluta til að mati hæstv. ráðh. í höndum Jafnréttisráðs en ekki í höndum hans sem framkvæmdarvaldið hefur í sínum höndum.

Ég vil vekja athygli á þessari lagatúlkun sem kemur fram í inngangi þessarar framkvæmdaáætlunar og mótmæla henni vegna þess að ég tel hana í fyrsta lagi ekki rétta og í öðru lagi hlýtur það að vera skylda jafnréttisráðherra á hverjum tíma að eiga frumkvæði í þessum málum, en ekki bara að sjá til þess að það sem þegar hefur verið samþykkt sé framkvæmt.

Síðan kemur kafli um atvinnu- og launamál og þar er í fimm liðum að finna þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst standa fyrir á næstu fjórum árum í þessum efnum. Ekki eru það nú rismiklar framkvæmdir, ekki síst þegar hafðar eru í huga niðurstöður nýjustu skýrslu Byggðastofnunar, Byggð og atvinnulíf 1985, sem dreift var hér á Alþingi í gær. Í þessari skýrslu kemur fram að munurinn á launum kvenna og karla hefur farið vaxandi frá árinu 1980, og hefur vaxið á árunum milli 1980 og 1985 um 5–6%. Í þessari skýrslu kemur einnig fram að konur hafa árið 1985 59% lægri meðallaun á ársverk en karlar og hefur þá þessi hlutfallstala aukist um 2% frá árinu áður, árið 1984 var hún 57%. Þetta eru beinharðar tölur um ástandið í þessum málum. Og hverjar eru þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin ætlar að standa að? Jú, hér stendur að það eigi að kanna launamun kynjanna. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að við höfum nógar kannanir. Við höfum rit Byggðastofnunar, bæði þetta nýjasta sem ég hef gert hér að umtalsefni, það sem kom út í fyrra og tók til vinnumarkaðarins árið 1984, við höfum könnun sem forsrh. fól Þjóðhagsstofnun að vinna og búin er að vera í vinnslu í tvö ár og hlýtur að koma úr vinnslu hvað úr hverju. Okkur vantar ekki kannanir og það tekst ekki að vinna bug á þessu kynbundna launamisrétti með könnunum heldur með aðgerðum. Það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Það vantar aðgerðir en ekki kannanir.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér að umræðuefni í ræðu sinni áðan að Kvennalistinn væri ekki alls kostar sammála till. hans sem gerir ráð fyrir allsherjarúttekt á kynjamisréttinu hér á landi í samræmi við tillögu sem samþykkt var á Alþingi vorið 1985, um fullgildingu á alþjóðasáttmála um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Það er einmitt á þessum sömu forsendum sem við erum ekki fylgjandi þeirri þáltill., vegna þess að við vitum að það er hægt að svæfa öll mál með tímafrekum könnunum. Við vitum að lífeyrissjóðakerfið t.d. er búið að vera í könnun árum saman og það kemur ekkert út úr því og það er ekkert hægt að gera vegna þess að það er verið að kanna málið. Þess vegna óttumst við Kvennalistakonur að víðtækar kannanir, eins og till. þm. kveður á um, geti orðið til þess að svæfa mál, mál sem enga bið þolir, þar sem verður að grípa til aðgerða undir eins, og þess vegna erum við ekki fylgjandi þessari þáltill. Við höfum ekkert á móti því að fram komi auknar upplýsingar og að kannanir séu gerðar, en að það sé markmið í sjálfu sér dugar ekki í dag. Ástandið er of slæmt til þess.

Annað atriði sem við höfum gegn till. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er það að þar er gert ráð fyrir að vinnuhópur manna, sem ef ég man rétt er að hluta til skipaður þm. eða fulltrúum þingflokka og að hluta til embættismönnum, gefi skýringar á þeirri kynjamismunun sem á sér stað hér á landi. Við vitum það Kvennalistakonur að þær skýringar, sem á hverjum tíma eru fram settar á misrétti því sem hér er á milli kvenna og karla, byggjast á afstöðu. Það er ekki hægt að skýra neitt misrétti í heiminum gjörsamlega óháð afstöðu, ég tala nú ekki um ef fulltrúar þingflokka eiga að fara að skýra þetta, sem hafa pólitíska afstöðu og hafa það fyrir starf að hafa pólitíska afstöðu, eiga að fara að setja fram slíkar skýringar. Það er ekki vinnandi vegur. Jafnréttismál eru pólitísk mál eins og önnur mál og þess vegna erum við alfarið andvígar því að það verði kveðinn upp einhver lokadómur, nokkurs konar Salómonsdómur um það af hverju þetta misrétti stafar, því sitt mun sýnast hverjum í því efni. Það er annað sem við höfum á móti till. hv. þm.

En það er fyrst og fremst þetta: Að svæfa ekki mál, sem verður að taka á undir eins með könnunum sem taka langan tíma. Þess vegna og ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram í gær í skýrslu Byggðastofnunar um hið kynbundna launamisrétti hér á landi, þá þykja mér þessar framkvæmdir sem ríkisstjórnin ætlar að standa að á næstu fjórum árum í atvinnu- og launamálum kvenna hér á landi heldur en ekki máttlausar.

Það á að kanna launamuninn eins og hér segir í 1. lið.

Í 2. lið segir að það eigi að vinna úr upplýsingunum. Það hefði ég nú í raun og veru haldið að væri nokkurn veginn sami liðurinn því ef þú kannar eitthvað og safnar upplýsingum um það þá hlýtur þú að vinna úr þeim líka.

3. liðurinn sem nefndur er er sveigjanlegur vinnu-

tími. Hann er allra góðra gjalda verður og við Kvennalistakonur erum eindregið fylgjandi því að sveigjanlegum vinnutíma verði komið á sem víðast. En hins vegar breytir hann ekki launamisréttinu í veigamiklum atriðum. Sveigjanlegur vinnutími sniðgengur það að mestu. Hann er hagræðingaratriði en hann breytir ekki launum kvenna og karla.

Síðan kemur 4. liðurinn, um launa- og atvinnumál, og eini liðurinn sem einhver fengur er í í þessum hluta framkvæmdaáætlunarinnar er sá liður sem kveður á um nýtt starfsmat. Ég fagna því mjög að sjá þennan lið hér því að ég held að greiðasta leiðin til að leiðrétta hið kynbundna launamisrétti sé einmitt með nýju starfsmati þar sem kvennastörfin eru endurmetin og þeir þættir sem einkenna þau, eins og þjónustu-, umönnunar- og uppeldisþættir verði metnir til jafns og lagðir að jöfnu við þá ábyrgðar- og frumkvæðisþætti sem einkenna karlastörfin. Að vísu hefði ég viljað sjá hér hvað varðar þennan lið að fleiri aðilar en hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins ættu að framkvæma þetta mat. Það er nauðsynlegt að hafa þarna einhverja hlutlausa aðila og hefði ég viljað sjá að þarna ætti Jafnréttisráð líka hlut að máli, Kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem allar hafa með höndum að safna upplýsingum um launakjör kvenna og karla, og að síðustu Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ég vil benda hæstv. félmrh. á það að fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um endurmat á störfum kvenna. Það er 11. mál þessa þings og kveður á um það að fram skuli fara nýtt starfsmat, eins og það sem liður 2.4 í framkvæmdaáætlun ráðherra kveður á um, hvað varðar störf kvenna í félögum ríkisstarfsmanna eða öðrum stéttarfélögum, þ.e. allra þeirra kvenna sem hjá ríkinu vinna, hvort sem þær tilheyra ríkisstarfsmannafélögunum eða öðrum stéttarfélögum eins og Sókn, Framsókn og öðrum slíkum. Þessi till. er hugsuð sem fyrsta skref í áttina að gagngeru endurmati á kvennastörfunum. Hún er hugsuð á þann veg að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi, endurmeti kvennastörfin heima hjá sér og að þetta gæti síðan orðið fordæmisskapandi úti á vinnumarkaðnum þannig að launakonur sem ekki starfa hjá ríkinu geti á grundvelli þessa endurmats fengið sín störf einnig endurmetin.

Og nú vil ég spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann sé ekki samþykkur þessari þáltill. þar sem hún er samhljóða lið 2.4 í framkvæmdaáætlun hans og hvort hann sé ekki tilbúinn til að veita henni lið og samþykki sitt hér á þessu þingi.

5. liðurinn í aðgerðum varðandi atvinnu- og launamál kvenna er síðan stofnun fyrirtækja. Þar er lagt til að opinberir aðilar taki höndum saman og efni til námskeiða fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Það er auðvitað ágætt og allt af hinu góða. Það hlýtur náttúrlega að vera langtímamarkmið sem þarna er og ljóst þykir mér einnig að ekki verður þessi liður til þess að vinda bráðan bug að því að útrýma því hrikalega launamisrétti sem nú er við lýði í þjóðfélaginu milli kvenna og karla.

Á heildina litið eru þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin ætlar að standa að á næstu fjórum árum, og ég bið hv. þm. að taka eftir því að þetta er fjögurra ára áætlun, þetta er ekki eitthvað sem á að gerast núna í vor eða sumar, heldur á næstu fjórum árum, það er ekki hátt risið á þessum framkvæmdum miðað við hvílíkt vandamálið er á þessum sviðum.

Síðan kemur kafli hér í framkvæmdaáætluninni um menntun og fræðslu. Þar er bent á það að munur á menntun kvenna og karla fari hraðminnkandi. Þar segir, með leyfi forseta: „Ástæða er til að ætla að námsval kvenna leiði til starfa sem líklegt er að leggist af eða breytist, sbr. skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála.“

Þessa setningu vil ég biðja hæstv. félmrh. að skýra út fyrir mér hér á eftir því að ég skil alls ekki hvað hér er átt við. Á hæstv. ráðh. við að þau störf sem konur gegna, eins og fóstrustörf, hjúkrunarstörf, kennslustörf, þvottur, ræsting, matreiðsla, að þetta muni leggjast af? Ekki fæ ég séð hvernig þjóðfélagið á að geta gengið ef þessi störf leggjast niður. Ég verð að segja að mér er það alveg fullkomlega óskiljanlegt hvað hæstv. ráðh. á við hér og vona að þessi undarlega setning sé ekki vísbending um það að þau störf sem konur inna af höndum séu heldur lágt metin hjá hæstv. ráðh. sjálfum. Ef hann heldur að þau leggist hreinlega af er þá nokkur von til þess að hann telji þau mikilvæg?

Síðan er í þessum kafla lögð áhersla á að nauðsyn beri til að atvinnuþátttaka kvenna verði fjölþættari en nú er og að konur verði hvattar til að læra til tæknistarfa, eins og hér stendur í lið 3.4. Ég ræddi þetta ítarlega þegar við ræddum um skýrslu félmrh., um stöðu og þróun jafnréttismála, á síðasta fundi í Sþ. en ég vil aðeins endurtaka það að ég og við Kvennalistakonur erum gjörsamlega ósammála þessari áherslu í starfs- og launamálum kvenna og teljum hana engu fá breytt, þó ekki væri nema vegna þess að ef leysa á launavandann, þennan vanda sem við blasir, að konur hafa nærri 60% lægri laun en karlar úti á vinnumarkaðnum, með því að beina öllum konunum í karlastörfin, þá vaknar sú spurning: Hver á að vinna kvennastörfin? Ég held að hæstv. ráðh. verði ekki að þeirri von sinni að þau leggist af. Ég get ekki séð hvernig þjóðfélag á að þrífast án umönnunar barna, án þvotta, án ræstinga, án kennslu, án ljósmóðurstarfa o.s.frv., öll þessi láglaunuðu kvennastörf, hvort sem þau byggja á menntun eða ekki. Það er því engin lausn að beina konum inn á tæknistörf og inn á karlastörfin. Lausnin hlýtur að liggja í því, eins og kemur reyndar fram í lið 2.4 í þessari framkvæmdaáætlun, hún hlýtur að liggja í því að endurmeta kvennastörfin og meta þau til jafns við störf karla.

Í kaflanum um menntun og fræðslu er að finna aðgerðir þær sem ríkisstjórnin hyggst standa fyrir á næstu fjórum árum á þessu sviði. Þær eru í fimm liðum og ber þar fyrst að nefna jafnréttisfræðslu og má segja að allir hinir fjórir liðirnir sem fylgja

þessum lið um jafnréttisfræðslu eru ekkert annað en útfærsla á fyrsta liðnum. Í 2. lið er talað um menntun kennara, þar þarf að koma til jafnréttisfræðsla. Það er talað um endurskoðun námsefnis, þar þarf að gæta jafnréttis. Það er talað um náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf, þetta eru allt saman tegundir af jafnréttisfræðslu. Og fræðsla um fjölskyldumál, sem ég tel mjög af hinu góða. En þetta er allt saman útfærsla á þessum eina lið, að það skuli hrinda í framkvæmd ákvæðum 10. gr. laga nr. 65 frá 1985 sem kveða á um jafnréttisfræðslu. Þetta eru framkvæmdirnar, þetta eru markmiðin sem er að finna í þessari framkvæmdaáætlun á sviði menntunar og fræðslu á næstu fjórum árum. Ákvæði hefur verið í lögum frá árinu 1976 um jafnréttisfræðslu, það hefur verið í lögum í 11 ár og nú er það sem sagt sett fram sem markmið sem náð skuli á næstu fjórum árum að hrinda þessu ákvæði í framkvæmd. Ekki er nú hátt risið á þessu heldur, því miður.

Ég hefði haldið að það væri sjálfsagt mál að framkvæma gildandi lög og það þyrfti ekki að setja það í sérstakar framkvæmdaáætlanir að framkvæma þau. Svo virðist hins vegar vera. Og sýnir það okkur í rauninni sorglega stöðu þessara mála hér á landi.

Í 4. kafla er talað um trúnaðarstöður og ábyrgð og eins og þar segir er átaks þörf á þessu sviði, mikið rétt. Aðgerðir, ef má skilja lið 4.1. og 4.2. á þann hátt að þar sé um aðgerðir að ræða, eru í þá veru að ráðuneytið vinni að því, eins og hér segir, með leyfi forseta, „að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985". Þetta er sú grein laganna sem heimilar tímabundna jákvæða mismunun og ég vil eindregið hvetja hæstv. félmrh. til að nýta sér þessa lagaheimild og beina því til samráðherra sinna og allra ríkisstofnana að þær nýti sér þetta til að rétta þann sorglega smáa hlut sem konur hafa á þessum sviðum.

Í kaflanum um félagsleg atriði er í fyrsta lagi bent á að þau séu ákaflega mikilvæg hvað varðar jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla og síðan er að finna framkvæmdaáætlun í fjórum liðum um það hvað skuli gera á hinu félagslega sviði til að ná markmiðum jafnréttislaganna frá 1985. Þar eru sem sagt talin til fjögur atriði. Það er fæðingarorlof, það eru réttindi heimavinnandi maka, það er samfelldur skóladagur og það er dagvistun barna. Öllum þessum málum hefur verið hreyft sem þingmálum á þessu kjörtímabili, hverju einu og einasta.

Svo að við byrjum á fyrsta málinu sem er fæðingarorlof. Þar segir í framkvæmdaáætlun hæstv. félmrh. með leyfi forseta: „Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leiti leiða til að lengja fæðingarorlof í sex mánuði. Feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs."

Á þessu kjörtímabili hefur verið borið fram frv. til l., þrjú þing í röð, um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði og það að feður fái aukna heimild til töku fæðingarorlofs. Það má spyrja: Hvers vegna í ósköpunum hefur þetta frv. aldrei svo mikið sem átt afturkvæmt úr heilbr.- og trn. Ed. þar sem frv. hefur verið lagt fram? Eða tók það hæstv. ráðh. þessi þrjú ár og þrjár framlagningar á þessu frv. að sjá það að þetta var mál sem skipti máli til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla? Ja, það eru þá langar leiðslurnar ef þetta þarf til þess.

Síðan er 2. liðurinn og hann fjallar um réttindi heimavinnandi maka og þar segir, með leyfi forseta: „Tryggt verði að heimavinnandi maki njóti sömu réttinda á við þá sem eru úti á vinnumarkaðinum, t.d. lífeyristrygginga." Réttindum heimavinnandi fólks hefur margoft verið hreyft á þessu kjörtímabili, bæði af þm. Kvennalistans og af þm. annarra þingflokka. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á það að fyrir þessu þingi liggur frv. til laga, það er 27. mál þessa þings, um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, þar sem 1. flm. er hv. varaþm. Málmfríður Sigurðardóttir. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að styðja þetta frv. og veita því fylgi sitt á þann hátt að það geti orðið að lögum á þessu þingi eða eru þessi orð hér í þessari framkvæmdaáætlun einungis upp á punt?

Síðan kemur 3. liðurinn í þessari framkvæmdaáætlun hvað varðar félagslegar aðstæður. Það er samfelldur skóladagur. Þar stendur, með leyfi forseta: „Komið verði á samfelldum skóladegi fyrir öll börn í grunnskóla og máltíðir verði hægt að fá í skólum." Eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á var hér samþykkt þáltill. þar sem mig minnir að 1. flm. hafi verið hv. þm. Guðrún Helgadóttir um það að komið skuli á samfelldum skóladegi. Hún var samþykkt fyrir tveimur árum. Það hefur ekkert verið um framkvæmdir. Eins hefur starfað og starfaði frá því um sumarið 1983 í umboði menntmrh. sérstök nefnd til að kanna tengsl fjölskyldu og skóla og þessi nefnd komst að þeirri niðurstöðu að samfelldur skóladagur væri nauðsyn og skilaði þeirri niðurstöðu fyrir meira en ári síðan. Enn er ekkert um framkvæmdir.

Fyrst komin er ályktun Alþingis um þessi efni og komnar eru nefndarniðurstöður um þessi efni má spyrja: Hvernig ætlar hæstv. ráðh. sér að standa að því að þessu markmiði verði náð? Það er komið það langt að það er komið niður á blað í framkvæmdaáætlun, en hvernig á að standa að því úr því að það sem hingað til hefur verið gert og samþykkt í þessum málum hefur ekki dugað til að koma samfelldum skóladegi á?

Síðan er það síðasti liðurinn í þessari framkvæmdaáætlun og það er dagvistun barna, og þar á að kanna. Eina ferðina enn á að kanna hversu þörfin sé mikil.

Ég vil, eins og síðasti hv. ræðumaður, benda hæstv. félmrh. á það að fyrir liggur ítarleg könnun og 10 ára áætlun um framkvæmdir í uppbyggingu dagvistarstofnana sem gerð var 1978 eða 1979, að fyrir liggja ítarlegar tölur um það hvernig ástandið í þessum málum er. Ég get frætt hæstv. ráðh. á því að fyrir rúmu ári, í des. 1985, var ástandið þannig að það var rúm fyrir 50% barna á landinu á aldrinum

frá sex mánaða til fimm ára á dagvistarheimilum. Það er pláss fyrir helming þeirra. Þar af voru rúm 40% barna á þessum aldri í leikskólum sem aðeins bjóða fjögurra stunda fóstrun á dag en aðeins 9,7% barnanna, þ.e. innan við 10% allra barna á forskólaaldri á Íslandi, áttu kost á heils dags dagvistun. Þessar tölur liggja fyrir, hæstv. ráðh., og er hægt að fá þær upp í menntamálaráðuneyti með því að lyfta einu símtóli.

Til viðbótar þessu er einnig hægt að fá það upplýst að á skóladagheimilum landsins var fyrir ári síðan aðeins rúm fyrir 2,6% barna á aldrinum 6–11 ára, 2,6% barna á þessum aldri. Ástandið er vægast sagt hrikalegt og hvað ætlar hæstv. félmrh. að gera? Hann ætlar að kanna það. Hér, eins og í launamálunum, þarf ekki að kanna. Það þarf að framkvæma, hæstv. ráðh., og ég vil benda honum á það að við afgreiðslu fjárlaga ár hvert þetta kjörtímabil hafa komið fram fjölmargar tillögur um aukin framlög ríkisins til dagvistarmála. Þær hafa allar verið felldar af þeirri ríkisstjórn sem leggur fram þessa framkvæmdaáætlun, hver og ein einasta þeirra, sama frá hvaða þingflokki þær hafa komið. Og ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á að fyrir tveimur árum síðan var vísað til ríkisstjórnarinnar frv. um sérstakt átak í dagvistarmálum barna. Það frv. kvað á um að árlega skyldi veita 0,08% af A-hluta fjárlaga til uppbyggingar dagvistarstofnana. Þessu frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar á 107. löggjafarþingi með því fororði að nú skyldi átak gert. Hvað hefur gerst? Á hverju ári síðan hafa framlögin verið skorin niður. Og svo ætlar ríkisstjórnin að fara að kanna, kanna hvað þarf að gera í þessum málum. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri einustu átt. Og þetta eru þar að auki framkvæmdir til fjögurra ára.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa framkvæmdaáætlun. Ég vona að hæstv. ráðh. geti svarað þeim spurningum, sem ég beindi til hans, hér á eftir. Ég vona einnig að þær framkvæmdir sem talað er um verði ekki þær einu sem kvenþjóðin hér á landi fær að sjá á næstu fjórum árum. Ég vona þó að þær sem hér eru gangi eftir vegna þess að það eru framkvæmdir sem öllu máli skipta, ekki pappírsplögg eða orð á prenti. Þess vegna vil ég að lokum spyrja hæstv. ráðh. hvernig og hvenær hann ætli að framkvæma það sem þó stendur í þessari framkvæmdaáætlun. Hvenær megum við eiga von á því að fá frumvörpin og tillögurnar hérna inn í þingið sem eiga að koma þeim hlutum sem tilteknir eru í þessari framkvæmdaáætlun í verk? Hvenær fáum við að sjá þær?

Ég vil að lokum segja það að hin nýja skýrsla Byggðastofnunar, sem ég hef gert að umtalsefni og fram kom í gær, efni hennar, þær upplýsingar sem hún hefur fram að færa, er í raun og veru óræk sönnun þess að meira þarf til en fögur orð eða lagabókstaf á borð við jafnréttislögin til þess að jafnrétti kvenna og karla geti orðið að veruleika hér á landi og til þess þarf einnig rismeiri áætlun en þá sem hér er nú til umræðu.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Hér hafa farið fram dag eftir dag langar og miklar umræður um jafnrétti. En eiginlega verður það að segjast eins og er að hvorki þykir mér mikið til koma skýrslu hæstv. ráðh. né fyrirætlana hans í jafnréttismálum né að mikið nýtt hafi komið fram í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Áhugi þm. leynir sér heldur ekki. Hér höfum við setið nokkrar konur undir þessari umræðu og örfáir karlmenn og einungis hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur tekið til máls og þykir nokkrum undrum sæta. Auðvitað skiptir því þessi umræða sáralitlu máli, hæstv. forseti, sáralitlu máli og breytir engu.

Kannske er það af því að þessi umræða hefur mjög verið rugluð. Sú var tíðin að kvenréttindakonur börðust fyrir réttindum kvenna réttilega og af ástæðu. Og þær fengu þau réttindi. Það var löngu áður en Kvennalistinn kom til sögunnar. Kvennalistinn hefur hins vegar aldrei áttað sig á því hvort hann er að berjast fyrir kvenréttindum eða jafnrétti, sem er allt annar hlutur. (**SDK:** Kvenréttindum.) Kvenréttindum, segir hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og það þykja mér nokkur tíðindi vegna þess að hér sveimar orðið jafnrétti allan tímann yfir höfðum þm. (Gripið fram í.) Jafnréttismál og kvenréttindi er tvennt ólíkt, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Þær Kvennalistakonur hafa heldur ekki gert þessum málstað mikið gagn einfaldlega vegna þess — ekki af vondum málflutningi eða röngum skoðunum, heldur vegna þess að þær eru að heyja kvenréttindabaráttu undir nafninu jafnréttisbaráttа og það er mjög óheilbrigt að öllu leyti, enda árangurinn eftir því.

Ef við setjumst niður og spyrjum okkur: Hvað hefur breyst til batnaðar? Ég hika ekki við að segja nákvæmlega ekki neitt. Við lifum í heldur verra þjóðfélagi en við gerðum áður. Ég endurtek þetta, hv. þingmenn Kvennalistans. Þjóðfélagið okkar er heldur verra en það var. Hver er ánægðari? Konur? Nei. Karlmenn? Nei. Börnin? Nehei, því að sannleikurinn er sá að allt þetta brölt hefur orsakað það að börn landsins og gamalmenni eru útigangsfólk í þjóðfélagi okkar. Það er enginn til að hugsa um þau. Ég held nefnilega að við eigum að tala um þessi mál eins og þau liggja fyrir.

Hér var verið að vitna í skýrslu Byggðastofnunar. Er launajafnrétti vaxandi í þjóðfélaginu? Nei. Því hefur farið aftur. Það hefur orðið meira bil á milli launa karla og kvenna á s.l. tveimur árum. Dettur konum, sem einar tala um þessi mál hér, með þeirri undantekningu að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur leyft sér að hafa skoðanir á þeim, aldrei í hug að velta fyrir sér: Er þessi barátta á réttri leið? Og ég hika ekki við að segja: Hún er það ekki. Sú er skoðun mín og ætti ekki að koma neinum á óvart að ég tel að þessi sérframboðastefna kvenna hafi enn ruglað umræðuna vegna þess að, eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði áðan mér til

nokkurrar furðu, þetta er hápólitísk barátta. Það er þess vegna sem við erum, ég leyfi mér að segja, að níðast, og ekki á hæstv. ráðh. betra skilið, að níðast á honum fyrir frammistöðu í þessum málaflokki, og hann er auðvitað hraksmánarlegur vegna þess að hv. þm. af karlkyni og kvenkyni hafa ekki áttað sig á þeirri einföldu staðreynd að við erum hætt að tala um kvenréttindi. Við erum að tala um jafnrétti þjóðfélagsþegnanna. Ef þeir gerðu það færu menn að byrja að skilja og hafa áhuga á því sem við erum að segja, því að í stórum dráttum er ég sammála hverju orði sem þeir þm. Kvennalistans hafa sagt um þessi mál hér í sölum Alþingis, auðvitað er ég það. Ég tel hins vegar að um þessi mál sé talað á alröngum forsendum.

Nægir og að nefna að í öllum þessum málflutningi hefur varla verið talað orð um börn nema í máli hv. 5. þm. Austurl. Það er talað um fæðingarorlof af því að það varðar konuna. Það er ekki talað um fæðingarorlof af því að það varði barnið. **(Gripið fram í:** Þetta er nú ekki sanngjarnt.) **(Gripið fram í:** Jú, jú.) Ég hef hlýtt samviskusamlega á þessar ræður, hv. þm., og veit nokkurn veginn hvað ég er að segja. (Gripið fram í). Má ekki biðja, herra forseti, þingkonur Kvennalistans að bíða þangað til þær fá orðið. **(Forseti:** Forseti skal áminna þm. um það að hafa ekki samtal í salnum á meðan hv. 10. landsk. þm. hefur orðið.) Almennt eru konur ekki málgefnar en verða það skyndilega núna og þykir mér það heldur miður.

Ég er hér með frv. til fjárlaga fyrir framan mig, kaflann um félmrn., og það tók litlum breytingum þar til það varð að lögum. Í því góða ráðuneyti er aðeins unnið í einum málaflokki, enda tekur hann yfir þær síður sem standa í nafni félmrn., og það er sú deild ráðuneytisins sem fer með málefni fatlaðra. Þar er unnið vel svo að til fyrirmyndar er og meira að segja gengur ekkert sérstaklega illa nú orðið að afla fjár til þess málaflokks. Jafnréttisráð eyðir ekki miklu plássi af síðum fjárlagafrv. Ég held að það sé rétt, með leyfi herra forseta, að lesa það sem um það stendur.

Jafnréttisráð. Viðfangsefni: Almennur rekstur: 101 Jafnréttisráð: 3 millj. 443 þús. kr. Gjöld samtals sama tala. Tegundasundurliðun: 51 laun: 2 millj. 135 þús. kr., 52–58 Önnur gjöld: 1 millj. 308 þús. kr., gjöld samtals 3 millj. 443 þús. sem breyttist að vísu í 3 millj. 578 þús. kr.

Það segir sig auðvitað sjálft að engin alvara er að baki þessari vinnu, enda erfitt að sjá hvað þar hefur verið unnið. Harma ég nú mjög brottför Kvennalistakvenna hér úr sal því að ég held að hér sé um mikilvægt málefni að ræða. **(GA:** Það eru nú tvær inni en ein skrapp aðeins frá.)

Það sem ég held að þurfi að gerast í þessum málum er að menn geri sér ljóst hér á hinu háa Alþingi og í ráðuneytum landsins að við erum að tala um jafnrétti. Við erum að tala um jafnrétti, og það er ekki afsakanlegt að þá fari allir hv. þm. af karlkyni úr salnum. Þeir hafa einungis áhuga á efnahagsmálum. En jafnréttismál eru nefnilega efnahagsmál. Jafnréttismál snúast um hin einu sönnu efnahagsmál, þ.e. að efnahagsmál þjóðarbúsins komi þjóðinni eitthvað við, að staða efnahagsmála sé mælikvarðinn á hvernig fjölskyldunum í landinu líður, hvernig fólkinu í þessu landi líður. Þessi umræða um ákveðinn hóp kvenna, þar sem engar sjómannskonur finnast, engar bændakonur finnast, heldur mjög takmarkaður hópur kvenna sem vill vinna sér veg og virðingu úti í þjóðfélaginu, hann er einn til umræðu, hefur ekkert með jafnrétti að gera.

Það er miklu nær að skoða þessi mál í heild sinni og það er í raun og veru hægt að gera með því að líta aðeins yfir hvernig staða fjölskyldunnar er í dag. Laun í landinu eru svo óheyrilega lág og vinnudagur svo óheyrilega langur að það er búið að leggja svo til allt fjölskyldulíf í landinu niður. Hverjir þjást fyrir það? Það eru börnin og það er gamla fólkið sem er hætt að vinna. Meðferð á íslenskum börnum er satt að segja orðin hneykslunarhella sæmilega siðaðra þjóðfélaga hér í kringum okkur. Það er áreiðanlega leitun að landi sem talið er byggt sæmilega upplýstri þjóð, þar sem börn eru í eins ríkum mæli eftirlitslaus, jafnt í heimahúsum sem úti í umferðinni, eins og á Íslandi, enda segir tala slysa á börnum töluvert um það. Árið 1984, skv. opinberum skýrslum, urðu 44 börn á aldrinum 1–6 ára fyrir slysi í umferðinni. Þar af létust tvö. Það er ekki sagt neitt frá því í skýrslum Umferðarráðs hvernig hin voru útleikin, jafnvel varanlega.

Í skýrslu hæstv. ráðh. er talað um gæslu barna á forskólaaldri. Það þarf mikið meira en gæslu. Dagheimili og skóladagheimili þurfa að verða uppeldisheimili vegna þess að þar fer uppeldi barnanna fram að miklu leyti. Það ætti ekki að þurfa að geta þess sérstaklega meðal fullorðins fólks að nauðsynlegt sé hverju einasta nýfæddu barni að vera með móður sinni og helst föður fyrsta árið sem það lifir. Það þýðir hins vegar ekkert að loka augunum fyrir því að þar er móðirin auðvitað miklu mikilvægari af eðlilegum ástæðum. Það er í sjálfu sér næstum því villimennska að rífa barn þriggja mánaða frá móður sinni og henda því inn á einhverja stofnun. Og ég hika ekki við að segja: Það ætti að vera skylda hverrar einustu konu að annast barn sitt fyrsta árið sem það lifir, en hún á ekki að þurfa að líða fyrir það fjárhagslega.

Ef við ætlum að fá eitthvert vit í ástand þessara mála verðum við að gera tvennt og ég skal segja hæstv. ráðh. hvað það er. Við þurfum að byggja upp dagheimili eins og nokkur kostur er og fyrir liggja áætlanir um það sem er ósköp auðvelt að fara eftir. Meðan verið er að því verða þær konur, sem ekki fá pláss á dagheimilum, að fá laun heima hjá sér fyrir að annast barnið sitt. Það er enginn annar kostur. Það þolir ekkert heimili að kona fari heim á heimili sitt í neyð vegna þess að barnið kemst ekki á dagvistarstofnun og missi þar með helming eða verulegan hluta tekna heimilisins. Það er útilokað,

þetta gengur ekki upp. Þetta verða menn bara að horfast ískalt í augu við og hætta að væla um hvort konu langar til eða langar ekki til að hafa tekjur, hún á engan annan kost. Einstæðar mæður eru ekki spurðar. Þær eiga þess nákvæmlega engan kost að vera heima hjá börnum sínum. Þeim er ekki boðið upp á það, og hvers eiga þær að gjalda? Hvers eiga konur sjómannanna að gjalda? Þessi mál verður að ræða út frá einhverjum vitrænum sjónarmiðum heldur en vera að þessu yfirborðsmasi ár eftir ár eftir ár. Og það er alveg sama hvað við samþykkjum marga lagabálka um jafnrétti kynjanna eða bann við mismunun kynjanna eða hvað þetta nú allt saman heitir: Ef ekki fylgja á eftir raunhæfar pólitískar aðgerðir gerist ekki neitt, enda hefur ekkert gerst.

Hvað eftir annað er talað um að fram fari nýtt starfsmat þar sem endurskoðað verði sérstaklega mat á hefðbundnum kvennastörfum annars vegar og störfum sem karlar vinna almennt hins vegar. Fyrir nokkrum árum flutti ég hér ósköp einfalda till. til þál. um að ríkið léti endurmeta störf opinberra starfsmanna með tilliti til jafnréttis kynjanna. Það liggur alveg á borðinu að það er leikur einn. Þetta getur hæstv. félmrh. látið gera og af hverju gerir hann það ekki? Sú tillaga náði ekki fram að ganga vegna þess að áhuginn var nákvæmlega enginn.

Það eru staðreyndir, sem ég skal ekki fara að eyða tíma í, að öll þessi loforð um könnun á hinu og þessu í þessari skýrslu eru út í hött því, eins og réttilega hefur komið fram. Þetta liggur allt saman fyrir. Við vitum nákvæmlega um þörf fyrir dagvistarstofnanir, við vitum ósköp vel um launamismuninn í landinu, við þurfum engar kannanir til þess. Ríkisstjórnin þarf einfaldlega að setjast niður og stjórnarflokkarnir, væntanlega í samvinnu við andstöðuflokkana, og snúa sér að lausn þessara mála eftir því sem kostur er og framkvæmdum.

Í Bandaríkjunum var með forsetabréfi fyrir einum 20 árum ákveðið að þær stofnanir í Bandaríkjunum sem ríkið á aðild að leituðust við og ynnu að því skipulega að konur í þeim stofnunum kæmust til ábyrgðar- og trúnaðarstarfa. Á 10 árum varð breyting: Fyrir þetta forsetabréf var tala kvenna í ábyrgðarstöðum á vegum opinberra stofnana eða hálfopinberra í Bandaríkjunum 13%. Eftir 10 ár var hún komin upp í 40%. Þetta er hægt að gera, hæstv. forseti. Ríkisstjórnin getur gefið út þá tilskipun að unnið skuli að því að konur taki við ábyrgðarstöðum á vegum hins opinbera. Þetta gátu þeir gert í Bandaríkjunum og þetta ætti ekki frekar að standa í okkur. Þetta eru raunhæfir þættir sem hægt er að vinna að. Okkur er nefnilega orðið alveg nákvæmlega sama að hverju er stefnt ef við komumst aldrei á leiðarenda.

Nema tíminn verði okkur hliðhollur, því að hlutir gerast ekki, heldur eru þeir gerðir. Í spá um mannfjölda árið 2010, sem Hagstofa Íslands hefur sent frá sér, kemur í ljós að árið 1985 voru börn innan við sex ára aldur 30,2%. Árið 2010 verða þau 23% ef svo fer sem nú horfir. Árið 1985 voru 65 ára og eldri 24,4%. Sá aldursflokkur verður árið 2010 35,7%. Svo stór bylting í aldursskiptingu þjóðarinnar hlýtur auðvitað að hafa veruleg áhrif á allt þjóðlífið, og það kynni að vera að sá tími kæmi að hv. þm. uppgötvuðu að við höfum dálítil ráð á því hvernig fjölskyldur kjósa að lifa, hvort fólk kýs að eignast börn, hvort því finnst æskilegt að eignast börn, og það er ekki fýsilegt eins og nú standa sakir. Enda verðum við vör við að því unga fólki, sem nú er í námi erlendis, e.t.v. komið með fjölskyldu, hrýs hugur við að flytja heim vegna ástands í húsnæðismálum, dagvistarmálum, öllum þeim málaflokkum sem gera aðstöðu fjölskyldunnar bærilega. Þetta getur auðvitað ekki gengið lengur. Þessari þróun verðum við að snúa við ef við ætlum ekki að standa frammi fyrir stórfelldum atgervisflótta út úr landinu. Eins og ástandið er í menntamálum og vegna skorts á skynsamlegri menntastefnu er ég hrædd um að við þolum ekki þann atgervisflótta, ef við eigum ekki að sigla hraðbyri inn í fátæktina, vegna þess að við erum að dragast aftur úr varðandi uppbyggingu og atvinnuþróun. Þetta er því enginn kerlingarvæll ef hv. þm. halda það. Því miður ber þessi umræða stundum svolítinn keim af því, en þetta eru grafalvarleg mál sem við erum að tala um, og þau merkustu sem koma inn í þingið reyndar, vegna þess að þau fjalla beint um líf fólksins í landinu en ekki prósentutölur um vexti, sem enginn veit hvað eiga að vera háir, eða þjóðhagsspár sem ævinlega reynast vitlausar. Við erum að tala um raunhæf mál þar sem við vitum að við höfum rétt fyrir okkur.

Herra forseti. Það fer að líða að því að ég verði eins langorð og þeir sem áður hafa hér talað og er það miður því að sjálfsagt er ræða mín ekki eins skipuleg og þeirra, enda stóð ekki til að endurtaka það sem þeir hv. þm. höfðu þegar sagt heldur að benda á nokkra nýja þætti. Það er svo athugandi, vegna þess að það er gjarnan talað um að það eigi að gera kannanir á hinu og þessu og þá eru það venjulega kannanir á einhverju sem við vitum nákvæmlega hvernig er, að til eru málefni tengd þessum þjóðfélagsbreytingum, sem réttindi kvenna hafa skapað m.a., sem væri áhugavert að kanna. Veit nokkur hvaða áhrif það hefur haft á neysluvenjur þjóðarinnar að báðir foreldrar vinna nú úti? Ég er hrædd um að það hafi haft veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þetta væri forvitnilegt rannsóknarefni.

Það er vitað að íslensk börn í velferðarþjóðfélagi okkar lifa jafnvel á verra fæði en á tímum þegar fólk hafði miklu minna milli handanna, var miklu verr menntað og á allan hátt félagslega verr sett segjum við sjálfsagt í dag. Um það hef ég að vísu nokkrar efasemdir. Það held ég að sé mikið matsatriði og varðandi börnin ekkert matsatriði. Börn a.m.k. á stærstu þéttbýlissvæðunum eru ekki betur sett en þau voru fyrir 30 árum og gæti ég haldið langa ræðu um það.

Ég ætla ekki að fara að ræða húsnæðismál, þau endemi sem Íslendingar búa við og verður ekki séð

hvernig þjóðin kemst út úr. En auðvitað hefur ömurleg staða húsnæðismála veruleg áhrif á allt fjölskyldulíf og þar með öll jafnréttismál. Það er nefnilega ekkert jafnrétti að búa við það að fólk hafi bókstaflega engan tíma til að sinna börnum sínum, til þess að eiga sér einhverjar frístundir, til þess beinlínis að vera til. Og hvernig ætla menn að halda uppi vitrænni umræðu í þjóðfélagi þar sem enginn má nokkurn tíma vera að því að setjast niður, tala saman og helst að hugsa áður, að ég nú ekki tali um að reyna að lesa sér eitthvað til? Þessi aðbúnaður fjölskyldunnar hefur víðtæk áhrif á allt þjóðlífið. Það hefur löngum vakið furðu mína hvað verkalýðssamtökin sætta sig við þetta ástand. Það væri líka forvitnilegt að kanna hvaða áhrif það hefur haft á laun manna í landinu beint að konur komu í auknum mæli út á vinnumarkaðinn. Þetta er forvitnilegt.

Ég hef áður bent á að sú var tíðin að einn kennari vann fyrir heilli fjölskyldu. Nú þarf þrjá ef ekki fjóra. Og hverjir kenna í skólum landsins? Að miklum meiri hluta konur auðvitað. Við eigum að þora að horfa framan í þessar staðreyndir og meta það ískalt hvernig stendur á að sjálfsögð mannréttindi kvenna hafa að mörgu leyti orðið til þess að afvegafæra fjölskyldulíf og þar með þjóðlíf allt. Ég held að sú umræða sé nauðsynlegri nú en nokkurn tíma áður, í stað þeirrar einstefnu sem farin er í þessum málum.

Það er ótalmargt sem verður til þess að breyta mati manna á því sem fram fer í kringum þá. Ég ætla ekki að fara út í þá djúpsálarfræði sem býr að baki notkunar á konum í auglýsingaheiminum, tískuheiminum, öllu því glysi og glamri sem ríkisfjölmiðlar sem aðrir leyfa sér að hella yfir þjóðina og þá helst blessuð börnin sem helsta afþreyingu hafa af þeim tækjum. Mætti ekki hugsa sér að íslenska ríkisstjórnin markaði sér einhverja stefnu í því hvað íslenska sjónvarpið t.d. leyfir sér að sýna? Það gæti vissulega breytt hugmyndum ungra kvenna um sjálfar sig og eigin sjálfsvitund. Þetta finnst hv. þm. fáránlegt að tala um á hinu háa Alþingi. En þetta atriði er ekki hvað minnstur þáttur í slaklegri sjálfsvitund kvenna og það er satt að segja raunalegt að sjá ungar menntaskólastúlkur hvolfa sér yfir fréttir af bekkjarsystrunum sem eru að flækjast út um allan heim við að sýna föt og líta á það sem eitthvert markmið í sjálfu sér að vinna þess konar störf þó að þjóðfélagið sé að mennta þær til annarra svo sannarlega merkilegri starfa. En börnin okkar verða fyrir áhrifum af því sem fram fer í kringum þau og þau eru alin upp við þetta glamur, í ríkisfjölmiðlum sem í öðrum fjölmiðlum.

Herra forseti. Um þetta mætti sjálfsagt tala næstum því endalaust. En ég vil bara segja þetta að lokum: Ég hef ekki eins miklar áhyggjur af illri meðferð á konum og ég hef af börnum og þess vegna hef ég á þskj. 4 borið fram frv. til l. um embætti umboðsmanns barna sem liggur til afgreiðslu í þinginu og hæstv. félmrh. tók vinsamlega undir þegar ég mælti fyrir því. Ég hef ekki miklar vonir um að það frv. nái fram að ganga, enda flýtti formaður allshn., hv. þm. Gunnar G. Schram, sér úr salnum þegar ég hóf máls á því. En hjá honum er málið statt.

Ég held nefnilega að svo sé komið að það þurfi virkilega aðila í þjóðfélaginu sem stendur vörð um að réttinda barna sé gætt þó ekki væri nema að lágmarki. Við skulum ekki gleyma því að börn upp að 15 ára aldri eru nú í landinu 67 500 eða rúmur fjórðungur af íbúum þessa lands. Þetta er næsta kynslóð. Þetta er fólkið sem við erum að ala upp. Þetta eru litlu börnin sem koma heim úr skólanum einhvern tíma rétt eftir hádegið. Þar er enginn heima, hvorki til að gefa þeim að borða eða hirða þau eða tala við þau. Þeirra afþreying er mismerkilegt myndbandaefni og yfir því mega þau hanga með einhvern hænsnamat til að seðja hungur sitt þangað til klukkan 7 á kvöldin að foreldrarnir koma heim. Hvers konar uppeldisskilyrði eru þetta fyrir börn? Enda hvað heyrir maður nú síðast? Það á að stofna barnasíma svo að börn landsins geti þó hringt í eitthvert símanúmer og talað við fólk! Ég spyr hv. þm.: Er þetta þjóðfélagið sem við viljum? Ekki ég a.m.k., jafnvel þó það kosti einhverja skerðingu á réttindum kvenna. Ég set réttindi barnanna ofar þeim.

Við ættum að snúa okkur að þessum atriðum sem ég hef hér nefnt nú þegar. Þau eru framkvæmanleg ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Ég held að við eigum að snúa þessari umræðu frá okkur sjálfum og fara að tala um okkur öll, fólkið í þessu landi. Þá væri kannske von til þess að hv. þm. af karlkyni entust til að sitja hér nokkra stund. Mér er mikið gleðiefni að þeim fjölgar nú í salnum og tek ég það til marks um ágæti ræðu minnar. Það hlýtur að hafa spurst niður í kaffistofu. En hv. þm. Til hinna verðið þið að skila því að hér hafi verið flutt ræða um jafnrétti, ekki kvenréttindi, og ég vænti þess að næst þegar það mál ber hér á góma flykkist menn hér í sal og taki þátt í þeirri umræðu, því að ég held að ef jafnrétti næðist milli kvenna, barna, karla, gamals fólks, fatlaðra og allra þeirra sem í þessu landi lifa yrðu allir ánægðari.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Á síðasta fundi í Sþ. voru jafnréttismál einnig til umræðu og eins og fram hefur komið hér var mun fámennara í þessum sal en nú er og eigum við kannske von á því, konur, að karlmenn flykkist einnig á mælendaskrá og tjái sig um þau atriði sem hér eru til umræðu. Það hefur einnig komið fram að einn hv. þm. hefur bæði þessi skipti látið þessi mál sig varða og tjáð sínar skoðanir.

Ég ætla ekki að endurtaka allt það sem hér hefur komið fram, en ætla að byrja varðandi launamálin. Í skýrslu um byggð og atvinnulíf frá 1985, sem Byggðastofnun hefur gefið út, koma fram margar markverðar upplýsingar og tel ég að það megi byrja að vinna úr þeim upplýsingum án þess að bíða eftir fleiri könnunum eins og kemur fram í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu að sé fyrsta atriðið sem hæstv.

ráðh. leggur áherslu á. Ég ætla að lesa upp nokkrar staðreyndir úr þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, og þá ætla ég að tíunda aðeins opinbera starfsemi þar sem ríkið ræður í störf og semur um þau laun sem þar er um að ræða.

Hér eru upplýsingar um ársverk og meðallaun eftir kyni árið 1985 og þar er tekið til landsins alls. Opinberar framkvæmdir. Þar eru karlmenn með að meðaltali á ársverk 489 þús. en konur 242 þús. Póstur og sími sem er opinbert fyrirtæki. Þar eru karlmenn með 542 þús. en konur 383 þús. Peningastofnanir. Eins og við vitum eru það flest ríkisbankar, náttúrlega einkabankar líka, en við skulum áætla að það sé svipað hjá ríki og einkafyrirtækjum þar á bæ. Þar eru karlar með 690 þús. en konur 403 þús. Opinber stjórnsýsla. Þar eru karlmenn með 638 þús., konur með 371 þús. Opinber þjónusta: karlmenn 604 þús., konur 376. Leggjum þessar tölur saman og athugum hvað laun kvenna þurfa að hækka mikið til að ná karlmönnum bara hjá því opinbera eins og hér kemur fram. Það nægir ekki minna en 65% hækkun. Því hefði ég viljað sjá í þessari skýrslu að fyrsti áherslupunktur ráðherrans væri hækkun á launum kvenna hjá því opinbera. Við þurfum ekki fleiri tölur til að bíða eftir því að framkvæma eitthvað. Úrvinnslu upplýsinga má geyma þangað til er búið að gera eitthvað. Það er alltaf gott að hafa upplýsingar til að fletta í, en meðan ekkert skeður og allt versnar er ekki hægt að leggja fram plögg þar sem beðið er um frekari upplýsingar og markmiðið er að vinna úr upplýsingum.

Þriðja atriðið er sveigjanlegur vinnutími. Auðvitað er jákvætt að konur geti haft sveigjanlegan vinnutíma. En það er eitt áhersluatriði sem ég vil nefna í því sambandi og það er varðandi vaktavinnu. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að 80% vaktavinna ætti að vera 100% starf. Konur sem vinna 100% vaktavinnu á kvöldin og um helgar á nóttunni hafa ekki mikinn kraft eftir til að sinna sínum heimilum. Þetta dettur ekki ráðamönnum í hug þegar þeir eru að semja um kaup og kjör. Það er frekar gagnrýnt að á sjúkrahúsum skuli stór hluti kvenna vinna í hlutastarfi. Meira að segja eru konum sem vinna í 100% starfi á sjúkrahúsum greidd viðbótarlaun fyrir að vinna í 100% starfi. En ég held að 80% starf í vaktavinnu ætti að metast sem 100% starf og bið hæstv. ráðh. að taka það til umhugsunar.

Fjórði punktur er nýtt starfsmat. Ég vil líka biðja hæstv. ráðh. að útskýra aðeins fyrir mér hvers konar starfsmat er hér um að ræða vegna þess að í samningum er oft samið um starfsmat og það eru margir hópar í þessu þjóðfélagi sem hafa starfsmat og það ekki síst hjá því opinbera. Þess vegna er það aðalatriðið hvaða viðmiðun þeir hafa sem framkvæma starfsmatið? Ef það eru kannske 2–3 kvennastéttir sem verið er að miða saman kemur ekki sama út úr því eins og verið sé að miða við karlastéttir. En hér er tekið fram um sérstakt mat á hefðbundnum kvennastörfum, annars vegar á störfum sem karlar vinna almennt, hins vegar t.d. ýmis iðnaðarstörf og tæknistörf. Fleira er ekki talið upp.

Fimmti punktur er um stofnun fyrirtækja. Ég tel þann punkt mjög góðan og nauðsynlegan. Þetta hefur átt sér stað á undanförnum árum og ég tel að það þurfi að vera framhald á því. Við skulum alla vega vona að þegar fleiri konur eru orðnar atvinnurekendur hækki þær launin við þær konur sem þær ráða í vinnu til sín.

Menntun og fræðsla. Hér koma fram margar frómar óskir um hvernig væri hægt að haga þeim málum betur en þau eru og ýmislegt þar jákvætt einnig.

Trúnaðarstöður og ábyrgð. Þar er í fyrsta lagi fjallað um hlutfall kvenna í trúnaðarstöðum ríkis og sveitarfélaga. Ástandið er þannig að milli 3 og 5% þeirra sem starfa í trúnaðarstörfum hjá ríki og sveitarfélögum eru konur. Hitt eru allt karlmenn. Þarna er hægt að framkvæma en ekki bara hugsa og ekki bara setja óskir niður á blað.

Síðan komum við að félagslegum atriðum í 5. kafla skýrslunnar. Það hefur verið hér heilmikið rætt um fæðingarorlof og auðvitað hefur það mikið að segja hversu langt fæðingarorlof er. Ég get vel tekið undir þá skoðun að lágmark sé sex mánuðir, en geri mér ekki ýkjamiklar vonir um að slíkt frv. verði gert að lögum það sem eftir er af þessu þingi þannig að hér er verið að leggja ósk fyrir næstu ríkisstjórn. Við skulum bara vona að hún fari eftir því nema hæstv. ráðh. vilji upplýsa að þetta frv. sé rétt á leiðinni.

Í öðru lagi er réttur heimavinnandi maka. Vissulega er þetta góð ósk í sjálfu sér, en til að breyta slíku þarf einnig frv. til l. og meðan ekkert slíkt er lagt hér fram verður maður að líta á þessa skýrslu sem óskhyggju.

Hér hefur einnig verið rætt um samfelldan skóladag. Þál. um það efni hefur verið samþykkt á hv. Alþingi og ekkert enn þá skeð í þeim málum.

Dagvistun barna. Við vitum alveg hvernig síðustu fjárlög litu út í þeim efnum þannig að maður á bágt með að trúa því að það fylgi hugur máli þegar fram kemur núna skýrsla, ekki einu sinni fáeinum mánuðum heldur rúmum mánuði eftir að fjárlög voru samþykkt, um að það sé mjög brýnt að auka dagvistarrými.

Í þeim fjárlögum sem samþykkt eru núna vil ég benda hæstv. ráðh. á að ýmis foreldrasamtök, fimm að tölu, hafa fengið frá 5 þús. og upp í 50 þús. framlag frá ríkissjóði til að byggja dagvistarstofnanir. Skyldi það ekki vera vegna þess að skorturinn er svo mikill að fólk verður að grípa til sinna ráða? Mörg af þessum foreldrafélögum eru í litlum sveitarfélögum úti um land.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það er ekki nauðsyn á ítarlegri könnunum. Það er nauðsyn á því að eitthvað verði framkvæmt. Ég vona a.m.k. að hæstv. ráðh. boði hér komu frumvarpa til þess að hann geti nýtt sér þá mánuði sem hann á eftir í ráðherrastól til að koma þessum málum

áfram.

Um dagvistarheimilin kom einnig fram að það er til tíu ára áætlun. Ætlum við að gera tíu ára áætlun í viðbót? Megum við þá ekki alveg eins búast við því eftir tíu ár að það verði aftur tíu ára áætlun? Nei, hæstv. ráðh. Það er varla hægt að láta bjóða sér að lesa svona skýrslu sem markvisst plagg um framkvæmdaáætlun. Það verð ég að segja alveg eins og er. Þrátt fyrir að sum atriðin séu jákvæð eru þetta frómar óskir fyrst og fremst og ekkert áþreifanlegt. Það er ekki til.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 10. landsk. þm. sem gustaðist úr ræðustólnum áðan. (**GHelg:** Gustaðist. Þetta er nú aðeins karlmannaorðbragð í þinginu, frú alþingiskona. Einungis karlar segja um konur „gustaðist".) Nú spyr ég hæstv. forseta að því eins og hv. 10. landsk. þm. gerði áðan hvort það hafi ekki einn orðið í einu hér. (**Forseti:** *Jú, það skal að gefnu tilefni minnt á að það talar aðeins einn í einu meðan á þingfundi stendur.*) (**GHelg:** Ég skal reyna að virða það, herra forseti.) Hv. þm. til upplýsingar átti nú orðið „gustur" við orð þm. því að þannig flugu þau hér um þingsali og var það nú frekar meint sem hrós frekar en annað.

Hins vegar gætti í máli þessa hv. þm. þess sama leiða misskilnings sem hefur mátt heyra í máli hennar hér á hv. Alþingi og víðar um hvað Kvennalistinn snýst, til hvers hann er og hverjar eru grundvallarhugmyndir Kvennalistans. Það virðist allt koma fyrir ekki. Það er sama hvort það eru greinaskrif eða ræðuhöld. Það virðist ekkert þokast með að þessum misskilningi létti.

Það kom hv. þm. á óvart að heyra mig segja það áðan að kvenfrelsis- eða kvenréttindamál væru hápólitísk mál. (**GHelg:** Já.) Það hef ég, hv. þm., og aðrir talsmenn Kvennalistans ævinlega sagt, frá upphafi. Við höfum ævinlega sagt: Þetta eru pólitísk mál. Við erum komnar út í stjórnmál til að reka kvennapólitík og ekki neitt annað. Síðan var þm. jafnhissa á því að ég sagði að við berðumst fyrir kvenréttindum en ekki jafnrétti. Ég skal með ánægju senda hv. þm. eintak af stefnuskrá Kvennalistans, sem ég hef því miður ekki hjá mér núna og mun ekki vera eintak til af í húsinu, þar sem segir í 1. mgr.: Við höfnum jafnréttishugtakinu vegna þess að það hefur leitt af sér baráttu fyrir því að konur fái að vera jafngildar körlum á forsendum karla eins og karlar. *Þess í stað berjumst við fyrir kvenfrelsi, fyrir* því að konur fái að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns við karla. Þetta er fjögurra ára gömul stefnuskrá. Á henni hefur starfið hér á þingi grundvallast og upp úr henni hefur margoft verið lesið, þetta m.a., og ég skal með ánægju senda hv. þm. eintak við fyrsta tækifæri.

Síðan gekk þm. nokkuð fram af mér þegar hún sagði að hún teldi allt starf Kvennalistans misráðið, af því væri enginn árangur og allt hefði versnað með tilkomu hans og tók hún þar m.a. til þeirra niðurstaðna sem nú er að finna í nýjustu skýrslu Byggðastofnunar um þann launamun sem er á konum og körlum. Ég verð að segja alveg eins og er, hv. þm., að ég er hneyksluð. Hvar er pólitísk vitund þm.? Veit hún ekki að Kvennalistinn stjórnar hvorki vinnumarkaðnum né þessu landi og þar af leiðandi er ekki nokkur lifandis leið að krossfesta Kvennalistann af öllum sem hefur staðið upp við hvert einasta tækifæri til að reyna að benda á þetta hrikalega misrétti og fá það leiðrétt. Ætla svo að fara að kenna honum um það af öllum! Annað eins hef ég ekki heyrt ef ég má segja það hér.

Síðan er það þetta með börnin, að Kvennalistinn sé allaf að tala um konur og tali aldrei um börn. Ég verð að biðja hv. þm. um að lesa þingræður Kvennalistakvenna. Ég get ekki endurtekið þær eða vísað til þeirra með öðrum hætti. Hún mun komast að því að næstum því í hverri einustu þingræðu er vikið að málefnum barna. Ég bið hana t.d. að lesa framsöguræðu með fæðingarorlofsfrv. Kvennalistans þrjú þing í röð. Þar er aðallega talað um börn, um nauðsyn þess fyrir börn að fá að hafa móður sína heima lengur en þrjá mánuði eftir fæðingu.

Ég bendi henni á dagvistarfrv. Kvennalistans. Þar er tekið til barna líka. Ég bendi henni á þau mál sem Kvennalistinn hefur flutt varðandi mat á þeim störfum sem húsmæður vinna. Þar er tekið til barna líka. Við erum alltaf að tala um börn og jafnvel svo að við höfum fengið þá gagnrýni að tala ekki um neitt nema börn, eilíf dagvistarheimili, eilíf barnamál, eilíft fæðingarorlof, alltaf verið að tala um börn. Síðan kemur hv. þm. hér og segir: Kvennalistinn talar aldrei um börn.

Herra forseti. Ég hlaut að koma hér upp og svara þessum orðum hv. 10. landsk. þm. og ég vísa þeim frá sem ósannindum með öllu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju yfir þeirri miklu umræðu sem hefur orðið um þessi mál og þó ég geti tekið undir með hv. 10. landsk. þm. að áhuginn almennt meðal þm. virðist ekki hafa verið mjög mikill þá hefur komið upp hér sú staða að mikil og fjörug umræða hefur orðið um þessi mál og er það vel.

Ég vil fyrst segja það að ég ætla ekki að taka hér langan tíma en ég vil aðeins undirstrika það að félmrh. er með þessum skýrslum, bæði um ástand og horfur, hvernig þessi mál hafa verið að þróast *undanfarið og eins með þessari framkvæmdaáætlun*, aðeins að framkvæma ákvæði laga um jafnan rétt kvenna og karla og þar af leiðandi er nauðsynlegt að menn átti sig á því. Hér er verið að leggja fram fjögurra ára framkvæmdaáætlun í fyrsta sinn eftir setningu laganna frá 1985 og ég vil taka það fram að það er að sjálfsögðu gert í fullu samráði og samstarfi við Jafnréttisráð.

Vegna ummæla hv. 11. þm. Reykv., þar sem hún dró í efa það sem er tilvitnun í Jafnréttisráð, þá vil ég benda henni á V. kafla laganna en þar stendur í 13.

gr.: Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Og í 15. gr.: Verkefni Jafnréttisráðs eru m.a. að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.

Hv. þm. gagnrýndi það að þetta hefði tekið alllangan tíma þar sem tekið er fram að félmrh. hefði kallað eftir fjögurra ára framkvæmdaáætlun ráðsins á s.l. ári. Ég ætla ekki að deila á Jafnréttisráð, síður en svo, ég tel að það vinni vel, enda er það samansett af þeim aðilum í þjóðfélaginu sem besta aðstöðu hafa til þess að móta stefnu sem þeir vilja láta vinna að. Og eins og fram kemur í skýrslunni þá flýtti Jafnréttisráð sinni umfjöllun um málið og ráðuneytið fékk skýrsluna í hendur á það rúmum tíma að það var hægt að leggja þessa áætlun fram fyrir jól eftir að hún var búin að vera til umræðu í ríkisstjórn. Það er sem sagt undirstrikun á því að hér er unnið nákvæmlega að mótun þessa máls eins og lögin gera ráð fyrir. Ég vil bara benda hv. þm. á í sambandi við þessi mál að lögin eru ákaflega skýr og ákveðin í þessu máli og þeir aðilar sem þarna skipa framkvæmdaráð um þessi mál eru aðilar sem er hægt að taka mark á og allir viðurkenna. Og formaður ráðsins er skipaður af Hæstarétti Íslands.

Til þess að tefja ekki tímann ætla ég ekki að fara mikið í þessi mál. Þetta er búin að vera ítarleg umræða og ég sé ekki ástæðu til þess. Það má deila um þessi mál endalaust en ég vil aðeins segja það að hér er ríkisstjórnin að leggja fram áhersluatriði í þessari stefnumörkun til fjögurra ára og ég vil undirstrika að það er ákaflega mikilvægt að á bak við þessa áætlun er einróma samþykkt ríkisstjórnar um að leggja þetta til og úrvinnslan að sjálfsögðu skiptir máli. En það var aldrei meiningin í þessari fyrstu fjögurra ára áætlun að það væri hægt að ætlast til þess að í henni væru dagsetningar um hvert atriði eins og hv. 5. þm. Austurl. vildi gjarnan að kæmi fram.

Í sambandi við þessa 14 aðila sem skiluðu áliti um framkvæmdaáætlunina, sem kemur fram í áætluninni, þá er að sjálfsögðu hægt að fá þau álit, þau eru hjá Jafnréttisráði og það er ekkert leyndarmál að sjálfsögðu.

Mér finnst það hafa komið fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að Kvennalistakonur óttist kannanir og ýmsa leit að upplýsingum, að það sé neikvætt fyrir framgang mála. Ég held að þetta sé mjög mikill misskilningur því að hv. þm. verða náttúrlega að átta sig á því og þeir mega ekki gleyma því að aðalvettvangur ákvarðana um laun og launaréttindi í landinu er á samningsborðinu, á samningsborði aðila vinnumarkaðarins og náttúrlega opinberra aðila einnig í sambandi við opinbera starfsmenn, þannig að það er vettvangurinn sem fyrst og fremst þarf að hafa áhrif á í sambandi við þessi mikilvægu mál.

Ég tek alveg undir það að starfsmat miðað við nútímaþjóðfélag er gífurlega þýðingarmikið. Ég tek undir það og ég hef lagt hér aðra skýrslu fram, sem á eftir að ræða og koma með fleiri ákvörðunarpunkta í, í sambandi við starfsmat á heimilisstörfum og öðru slíku. Ég kem að því síðar. Ég get alveg sagt hv. 11. þm. Reykv. það að ég hef jákvæð viðhorf til þeirrar till. sem hv. þm. vitnaði í og mun að sjálfsögðu láta það koma fram.

Það sem hv. 11. þm. Reykv. gagnrýndi í skýrslunni var orðaval um það að konur gegni einhæfum störfum sem muni breytast eða jafnvel leggjast af. Þetta er tekið upp úr skýrslu nefndar, niðurstöðu nefndar sem kannaði áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðinum. En þar er talið að konur gegni einhæfari störfum en karlar, og að sjálfsögðu er þetta rétt, sem líklegt er að muni breytast vegna aukinnar tækni. Hvetja þeir þess vegna konur í þessari skýrslu til að leita meira í fjölhæfari störf, ekki síst í sambandi við tækniþróun sem bæði er í nútímanum og líkleg er í næstu framtíð, þannig er þetta tilkomið.

Ég sé ekki ástæðu til, hv. forseti, að fara nánar ofan í þessi mál. Ég vil aðeins segja það í sambandi við fæðingarorlofið, sem hér hefur borið á góma, að áhersla hefur verið lögð á endurskoðun þeirra mála í ríkisstjórninni. Nefnd, sem hæstv. trmrh. skipaði, hefur lokið störfum og samið frv. og ráðherra hefur tilkynnt að hún muni leggja það fram núna í ríkisstjórninni. Ég skal ekki segja hvert framhaldið verður en þar er stefnt að því að lengja fæðingarorlof í sex mánuði.

Af því að hv. 5. þm. Austurl. nefndi sérstaklega dagvistarstofnanir og leikskóla, þá er það mál sem hægt er að tala um að hafi kannske ekki gengið nógu langt fram miðað við ákvörðun um ríkisfjármál á undanförnum árum, en ég loka ekki fyrir það að unnið sé að því í sambandi við þær tillögur sem eru núna að verða tilbúnar í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að það verkefni verði fært yfir til sveitarfélaga. Alls ekki. Mér finnst það eðlilegur vettvangur. Og það mun koma í ljós þó síðar verði.

Ég vil svo að lokum þakka fyrir umræðuna um þessar skýrslur tvær sem búið er að fjalla um, í fyrsta lagi um ástand þessara mála, sem var rædd hér áður, og svo nú um þessa fyrstu fjögurra ára framkvæmdaáætlun, en ég vænti þess að í henni sé nægilegt efni til að vinna að hér á hv. Alþingi til að ná fram þessari stöðu sem allir keppa að.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður en ég hlýt þó aðeins að svara hv. 11. þm. Reykv. Ég held að hún hafi einungis staðfest það sem ég var að segja, að þessi umræða fer fram með þó nokkrum nafnaruglingi. Flokkurinn sem hafnar jafnrétti á ekki að vera að skipta sér af hvað Jafnréttisráð er að gera, svo einfalt er það. Þessi ágæti flokkur hefði átt að kalla hlutina réttum nöfnum. En ég ætla ekki að munnhöggvast við þær hv. þm. Kvennalistans vegna

þess að ég er eins og allir vita þeim sammála um allt annað en Kvennalistann, sem hingað til, hvað sem þær nú segja, hefur gefið sig út fyrir að vera þverpólitísk samtök. En eftir fjögurra ára þingsetu eru þær allt í einu orðnar pólitískar. Það eru engin rök, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, að rugla saman orðunum pólitískur og kvennapólitískur. *Það er líka tvennt ólíkt.* Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt að kalla hlutina réttum nöfnum þegar verið er að tala um þá.

Það væri nær að beina orðum til hæstv. ráðh., en áður en ég geri það get ég fullvissað þá þm. Kvennalistans að ég þarf ekkert að lesa ræður þeirra. Það vill svo til að við eigum það sameiginlegt, og er þar sennilega nokkur munur á körlum og konum, að sitja yfirleitt hér í þingsölum og hlýða á þingræður svo að ég þarf ekki að eyða miklum tíma í að lesa þingtíðindi, svo að mér er fullkunnugt um hvað þær hafa lagt til mála. Ég var ekki að segja að þær hefðu aldrei minnst á börn. Mér hefur hins vegar fundist umræða þeirra bera dálítinn keim af því að fæðingarorlof væru réttindi kvenna frekar en barna. (**SDK:** Kvenna og barna.) Það var sá áherslumunur sem ég leyfði mér að benda á.

En ég lofaði að lengja ekki þessar umræður, enda nauðsynlegt að konur, útivinnandi konur, komist í verslun fyrir klukkan 6, þessar konur sem eiga enga kosti á öðru en að reka sjálfar heimili, og ég ætla því bara að segja að lokum við hæstv. ráðh.: Skýrslan segir okkur auðvitað ekki neitt og kannske var þess ekkert að vænta, en ráðherra losnar nú fljótlega undan þeirri kvöð að láta framkvæma það sem í henni stendur. Ég treysti því að þegar ný ríkisstjórn sest í stóla verði meiri áhugamenn um jafnrétti í þeim stólum, og í trausti þess hef ég nokkra von um að úr þessum málum gæti eitthvað ræst. En það er alveg hárrétt sem kom hér fram áðan: Það er pólitískt mál, það er hvorki kvennapólitískt né pólitískt, það er flokkspólitískt. Og vilji nú þær Kvennalistakonur styðja við þá aðila í þjóðfélaginu sem hafa barist fyrir þessum málum áratugum saman, löngu áður en þær tóku upp þá baráttu, eiga þær að koma til liðs við þau öfl, en ekki kljúfa félagshyggjufólk í herðar niður, tæta það fólk í sundur. Þær eiga að vinna að því að sameina það og veri þær svo velkomnar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér líður nú eins og fornkappa sem klýfur fólk í herðar niður og finnst hart að horfa á eftir hv. 10. landsk. þm. úr þingsal en ég veit að hún er samviskusamur þingmaður og þingkona og mun lesa þetta og væntanlega munu flokksbræður hennar hlýða á ræðu mína.

Hv. 10. landsk. þm. flutti nefnilega mjög merka ræðu hérna áðan eins og hún sagði sjálf. Ég er reyndar ekki jafnmælsk og hún og heldur ekki kannske jafnviss um ágæti orða minna eins og hún virðist vera, en mér fannst margt mjög gott í því sem hún sagði en sumt skildi ég alls ekki. Fyrsti hluti ræðu hennar var vondur, mjög vondur og það hefði ég viljað segja að henni áheyrandi, enda freistaðist ég til þess að kalla þarna fram í. Og mér datt sannarlega í hug: Hvaða læti eru þetta? Hv. þm. segist nefnilega geta tekið undir allt eða næstum því allt sem við segjum og mér heyrðist hún endurtaka það hér áðan að hún væri sammála öllu sem við segðum, hún væri bara ekki sammála Kvennalista. En hvers vegna þá þessi læti? Mér datt nú í hug sagan af karlinum sem er skammaður í vinnunni, líklega af forstjóranum, og hann fer heim og lætur það bitna á konunni sem skeytir skapinu á barninu sem togar í rófuna á kettinum og kötturinn er líklega eini aðilinn sem lætur ekki espa sig til þess að taka erfiðleika sína út á öðrum.

Hv. 10. landsk. þm. velti vöngum yfir því hvort Kvennalistinn væri að tala um kvenréttindi eða jafnrétti og virtist andvíg því að kvenréttindi blönduðust í umræðu um jafnrétti. En mér er ómögulegt að skilja hvernig hægt er að forðast kvenréttindatal í umræðu um jafnrétti því að á hvern hallar í sókn okkar eftir jafnrétti? Það eru konur og til þess að ná jafnrétti þurfum við að auka rétt kvenna. Það er málið.

En það var einkum eitt sem fór fyrir brjóstið á mér í ræðu hv. 10. landsk. þm., og inn á það kom hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir raunar hér áðan. Það voru fullyrðingar hennar sem mátti sannarlega skilja á þann veg að Kvennalistinn berðist aðeins fyrir bættum rétti kvenna og gleymdi því að berjast fyrir réttindum barna og það er allra óskiljanlegasti hluti ræðu hennar ef hún hefur hlustað svo vel sem hún segir og fylgst svo vel með störfum okkar. *Ég hef heldur ekki, því miður, stefnuskrá* Kvennalistans, en ef ég man rétt þá segjum við þar að Kvennalistinn stefni að þjóðfélagi þar sem allir eru jafnréttháir, konur, karlar og börn. Þetta er kannske ekki alveg orðrétt upp tekið, ég kann stefnuskrána ekki utan að frekar en biblíuna, en þetta er svo sannarlega meiningin og það tel ég að við höfum ætlað okkur að gera hér inni á þingi og það höfum við gert.

Um hverja halda þm. að við séum að tala þegar við berjumst fyrir auknum dagvistum og bættum aðbúnaði barna, fyrir bættum aðbúnaði í skólum, kennslugagnamiðstöðvum, fyrir fæðingarorlofi, skólaseljum, fyrir barnabótum og hverju sem nafni má nefna? Vitanlega erum við að berjast fyrir bættum kjörum barna ekki síst og miklu frekast vil ég nú segja. Bættar aðstæður kvenna í þessu þjóðfélagi eru svo samofnar aðstæðum barna að það verður ekki með nokkru móti sundurskilið. Ef menn misskilja það þá skil ég ekki hvernig slíkt fólk horfir á málefni fjölskyldunnar. Ég er svo innilega sammála því sem hv. þm. sagði hér um aðstæður fjölskyldunnar í þessu þjóðfélagi. Hún byrjaði sitt mál um það á þann veg að mér fannst nánast hún vera að segja nákvæmlega þau orð sem ég viðhafði í fimmtudagsumræðu fyrir örfáum vikum þegar forustumenn stjórnmálaflokkanna að viðbættri undir-

ritaðri, sem telst nú ekki forustumaður, voru að ræða um áherslumál í komandi kosningum. Þar tók ég einmitt þetta sérstaklega fram að ég teldi að við yrðum að leggja fyrst og fremst áherslu á öll málefni sem varða fjölskylduna og bættan hag fjölskyldunnar sem er virkilega í hættu, sérstaklega vegna þeirrar láglaunastefnu sem rekin er í landinu. Og ég get tekið undir hvert orð sem hún sagði um þau mál, enda var það fyllilega í samræmi við það sem ég sagði.

Í raun og veru er mér ekki að skapi að umræðan hafi leiðst út í hálfgerðar deilur, ef deilur skyldi kalla, eða orðaskak hér á milli kvenna sem eru jafnsammála í raun og veru um það hvað skipti máli í þjóðfélagsumræðu. Það er að mínu mati aðeins gott að því leyti að það virðist hafa vakið athygli fáeinna annarra þm., og þeir hafa þá vonandi meðtekið eitthvað fleira en það ósamkomulag sem af þessum deilum má kannske ætla að sé fyrir hendi, sem ég satt að segja kann ekki að skilgreina. En það kunna kannske aðrir.

Nú sýnist mér að hæstv. ráðh. sé farinn. Ég hef e.t.v. ekki miklu við það að bæta sem hefur verið sagt hér um þessa skýrslu, enda hef ég hana ekki í höndunum, en mér fannst hæstv. ráðh. í svörum sínum við þingræðum þm. ekki koma inn á allt sem þar hafði verið um spurt. Það var m.a. spurt um stuðning hans við ýmis þingmál sem hafa komið hér fram, sem mér finnst nú miklu nær að taka fyrir en að setja niður nefndir og ráð til þess að finna út hvað þurfi að gera. Það hafa svo margir gert og það höfum við m.a. gert hér, bæði Kvennalistaþm. og aðrir þm., að setja fram mál sem horfa til bættra aðstæðna kvenna og til þess að ná fram jafnrétti. Hann svaraði ekki þeim spurningum sem til hans var beint um hvort hann vildi vinna að því að þessi þingmál yrðu samþykkt. Og ég verð að segja að mér finnst aldeilis makalaust að það skuli vera unnt að flækja svo alla hluti og gera þá erfiða í framkvæmd að það skuli ekki vera hægt að horfa á þau mál sem venjulegir þm. eru að berjast við að setja hér fram og reyna þannig að bæta ástandið.

Hæstv. ráðh. minntist m.a. á fæðingarorlof og virtist sjá ástæðu til þess að hreykja sér af því að það hefði verið lögð áhersla á endurskoðun fæðingarorlofs í ríkisstjórninni. Ja, þvílík áhersla! Hér er búið að vinna að því máli mörgum sinnum og mjög lengi af fleiri þm. en okkur Kvennalistaþm. Ég vil ekki eingöngu ætla okkur það þó við höfum kannske lagt mesta áherslu á það og flutt hér frv. á hverju einasta þingi nákvæmlega útfært og fengið mikla umræðu um það á hverju einasta þingi og mikla umfjöllun í nefnd vona ég og stuðningsundirskriftir utan af landi víða af landinu, og hefur að mínu mati ekki skort neitt á annað en vilja ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða til þess að styðja mál vegna þess að það er komið frá stjórnarandstöðu. Það er ákaflega hart að sætta sig við það að slíkt misskilið stolt, eða ég veit ekki hvað á að kalla það, skuli verða til þess að tefja mál.

Ég get ekki tekið undir að áhersla hafi verið lögð á endurskoðun fæðingarorlofs þegar ríkisstjórnin vaknar á s.l. sumri, og hæstv. heilbrmrh. skipar nefnd til þess að endurskoða lög um fæðingarorlof. Hér erum við upplýst um það fáeinum vikum eða jafnvel dögum áður en þingi lýkur að það verði væntanlega lagt fram á þessu þingi. Eiga menn nú von á því að slíkur sé vilji hæstv. stjórnarliða að koma þessu í gegn að það fljúgi nú í gegn fyrir þinglok? Ég efast um það. En lengi má manninn reyna.

EFRI DEILD

39. fundur, miðvikudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 123, n. 574, brtt. 575.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál kom hér fyrst til umræðu hafði ég uppi ýmsa og raunar margvíslega gagnrýni á bæði málfar og ýmis efnisatriði frv. Skemmst er frá því að segja að í hv. allshn. var unnið mjög mikið að þessu máli og umsagna mjög margra aðila leitað. Það komu afar margar ábendingar, að vísu misvægar eins og gefur auga leið, en margar gagnlegar ábendingar komu fram hjá þeim sem sendu nefndinni umsagnir um málið. Þar við bættist að hæstv. dómsmrh. skipaði nefnd fjögurra alþm. til að vinna að þessu máli enn frekar í sumar og var það gert og enn hefur nefndin í vetur, allshn., skoðað þetta mál og rætt ítarlega og flutt brtt. sem formaður nefndarinnar, hv. 4. þm. Austurl., hefur gert grein fyrir og ég sé enga ástæðu til að tiltaka sérstaklega.

Það er auðvitað svo með frv. sem þetta og mál sem þessi að allir telja sig hafa — og hafa hagsmuna að gæta í sambandi við setningu löggjafar af þessu tagi. Raunar má kannske segja, þó að það sé e.t.v. blandið einhverju alvöruleysi, að hver einasti maður telur sig sérfræðing í þessum málum. Það er því ekki óeðlilegt að umfjöllun hafi tekið nokkuð langan tíma, en ég tel mig geta fullyrt að þetta mál hefur verið skoðað og rætt mjög gaumgæfilega og kannske gaumgæfilegar en flest önnur mál sem fara í gegnum þingið. Nægan tíma hefur það a.m.k. tekið.

Ég styð að sjálfsögðu þær brtt. sem nefndin hefur flutt hér. Auðvitað eru eftir fjölmörg álitamál og ýmislegt sem mönnum áreiðanlega sýnist sitt hvað um. T.d. nefni ég bara hraðamörk, aldursmörk ýmiss konar og ég nefni líka eitt atriði sem ég gerði athugasemdir við á sínum tíma þegar málið kom til 1. umr., þ.e. þau ákvæði sem eru í 46. gr. og leggja skyldur á veitingamann og þjóna hans og sömuleiðis

bensínafgreiðslumenn. Ég er enn ekki fyllilega sáttur við þessi ákvæði. Ég tel að þetta ættu að vera ákvæði sem væru almenns eðlis og legðu þessar skyldur á hendur hverjum einstaklingi sem veit eða hefur ástæðu til að ætla að ölvaður maður ætli að fara út í umferðina. En það var ekki talið fært af þeim er gerst eru taldir þekkja að setja slíka almenna skyldu inn í þessi lög. Ég hef ekki endanlega tekið um það ákvörðun, hvort ég flyt um það brtt. við 3. umr. að breyta þessu, en mér finnst þetta enn nokkuð andkannalegt.

Annað mál vildi ég minnast á sérstaklega og það er notkun öryggisbelta sem fjallað er um í 71. gr. Nú þekkja allir hv. þm. forsögu þess máls, þ.e. að þessi hv. þingdeild hefur tvisvar sinnum gert um það samþykktir og samþykkt lagabreytingu í þá veru að það verði nokkur viðurlög við því að nota ekki öryggisbelti. Því miður hefur ekki sama skynsemisstefnan ráðið ferðinni, sama slysavarnarstefnan vil ég raunar leyfa mér að segja, þegar það mál hefur komið til umfjöllunar í hv. Nd. Þar féll málið síðast ef ég man rétt á jöfnum atkvæðum. Mín skoðun er sú að hvort sem okkur endist ráðrúm á hinu háa Alþingi til að afgreiða þessi lög fyrir þinglausnir, sem ég vissulega vona og vona mjög eindregið, tel ég eiginlega alveg nauðsynlegt að flutt verði frv. þar sem tvennt verður gert: annars vegar að hækka hámarkshraðann frá því sem nú er og hins vegar að hafa viðurlög við því að nota ekki öryggisbelti eða bílbelti.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess og ætla ekki að hefja þá umræðu hér. Hún er svo augljós. Það er næstum því sama hvað gerist og það höfum við séð á þeim slysum sem orðið hafa á þessu ári að menn eru alltaf betur komnir í belti en án og yfirleitt alltaf betur komnir inni í bílnum en utan hans, en það verður oft þegar slys eða óhöpp verða að menn kastast út.

Það er ýmislegt fleira sem mætti gera að sérstöku umtalsefni, en ég held að þær breytingar sem nefndin hefur gert og nefndarmenn, fyrst áður en það var lagt fram, og síðan þær sem nú eru lagðar til séu allar til bóta, en geri mér jafnframt grein fyrir því að þetta er mál sem getur verið mjög lengi til umfjöllunar því að hér eru álitamál í hverri einustu grein. Auðvitað væri hægt að taka miklu meiri tíma til að fjalla um þetta og raunar hægt að halda því áfram býsna mörg ár, en einhvers staðar verður að reka endahnútinn og ég held að það sé tímabært að gera það núna.

Ég læt í ljós, virðulegi forseti, um leið og ég lýk máli mínu, að hv. Nd. auðnist að afgreiða þetta mál fyrir þinglok. Gerist það ekki endurtek ég að það er óhjákvæmilegt að flytja frv. með örfáum breytingum og koma því í gegn fyrir þinglok eða alla vega fá fram úrslit í málinu, bæði varðandi hækkun hámarkshraða og öryggisbelti og má vera eitthvað fleira. En ég held að þær breytingar sem hér hafa verið gerðar séu allar til bóta og sumar til verulegra bóta.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. allshn. sem og milliþinganefndinni fyrir að mínu áliti mjög gott starf. Mig langar til að víkja að örfáum atriðum í þessari umræðu.

Þá er fyrst til að taka 2. gr. frv. þar sem eru skýringar við hin ýmsu heiti, hugtök í frv. Þess vegna vil ég spyrja hv. nefndarmenn í allshn. í hvaða flokki eða öllu heldur hvernig er skilgreint fjögurra hjóla vélknúið ökutæki sem er innan við 400 kg að þyngd og hvaða reglur gilda um ökumenn slíkra tækja. Mér hefur e.t.v. sést yfir, en ég finn ekki skilgreiningu á slíku ökutæki.

Í 32. gr. þar sem fjallað er um ljósanotkun er vikið að þokuljósum. Mér þætti vænt um ef hv. nefndarmenn vildu skýra út fyrir deildinni nákvæmlega hvað þokuljós eru. Eru það gul ljós? Nú vill svo til að ég sjálfur á bifreið sem kom frá verksmiðju með gulum ljósum. Þessi þokuljós skv. 32. gr. má ekki nota nema við sérstakar veðurfarslegar aðstæður, þ.e. það sé þoka eða rigningarsuddi sem er mitt orðfæri reyndar um það sem vikið er að í frvgr.

Í 47. gr. frv. stendur, með leyfi forseta: „Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 43. gr. eða 44. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi.“

Nú þætti mér vænt um að heyra það frá einhverjum hv. nefndarmanna hvernig er fyrir komið manni undir stýri sem ekki getur andað. Ég vænti svara og skýringa, ég veit að þær eru á reiðum höndum, frá hv. nefndarmönnum um þetta atriði.

Í 64. gr., og kem ég þá að hinum alvarlegri efnum frv., er gert ráð fyrir því, eins og mjög víðar í frv., að hæstv. dómsmrh. setji reglur um hin ýmsu atriði. Þar er getið um skráningu ökutækja, þ.e. dómsmrh. setur reglur um skráningu ökutækja og eigendur þeirra, tilkynningu eigendaskipta, skráningarmerki, skráningarskírteini sem ávallt skal fylgja ökutækinu o.s.frv.

Í skýringum með 64. gr. frv. segir svo í lok skýringanna: „Tekið skal fram að gert er ráð fyrir því að umdæmaskráning ökutækja verði lögð niður og landið verði eitt skráningarumdæmi.“

Nú er mér spurn, vegna þess að eftir því sem hér stendur verður þarna um allmikla breytingu að ræða ef til framkvæmda kemur, hver hefur gert ráð fyrir þessu? Erum við að gera ráð fyrir þessu með samþykkt þessa frv. eða liggur fyrir ákvörðun um þetta efni og hver hefur tekið þá ákvörðun? Menn verða auðvitað að vita hvað þeir eru að samþykkja hér. Ég bendi á að í 68. gr. frv. eða öllu heldur í skýringum með 68. gr. frv. er sagt svo, með leyfi forseta:

„Þó er ekki gert ráð fyrir skoðun ökutækja við umskráningu svo sem nú er skv. 3. mgr. 19. gr.“

Með hvaða hætti ber að skilja þetta? Eru umskráning og eigendaskipti eitt og hið sama? Reyndar hef ég heyrt umræður um að hugsanlega verði landið

eitt skráningarumdæmi og þar með fái hver bifreið sitt ævinúmer, þ.e. það verði ekki um neinar umskráningar að ræða. Þarna finnst mér koma fram svolítill tvískinnungur. Ef af verður að landið verði gert að einu skráningarumdæmi er þá eigi að síður gert ráð fyrir umskráningu, eigi að síður gert ráð fyrir því óhagræði sem menn hafa sagt að væri m.a. öll þessi umskráning vegna núverandi fyrirkomulags? Vil ég spyrja hv. nefndarmenn um þetta hvort tveggja, vegna 64. gr. og það sem sagt er í skýringum um 68. gr.

Að lokum um þetta atriði, liggi fyrir ákvörðun um að taka upp það fyrirkomulag að landið verði eitt skráningarumdæmi, vil ég heyra þau rök sem liggja því til grundvallar.

Það er eitt atriði enn sem mig langar til að fá skýringar við. Það varðar 77. gr. frv. Það er kaflinn um hindrun á vegi, óhreinkun vegar o.fl. Í 2. mgr. 77. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ef eitthvað sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina fellur eða rennur af ökutæki á veg skal það þegar fjarlægt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt þar til það sem hættu eða óþægindum veldur hefur verið fjarlægt."

Það sem ég tel að þurfi athugunar við er þar sem stendur „Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt."

Við skulum hugsa okkur að það falli hluti af farmi af vörubíl. Vörubílstjórinn verður þess alls ekki var. Hann ekur áfram. Það kemur annar bíll. Bílstjóri þess bíls verður hindrunarinnar var, þessarar hindrunar sem féll á veginn, en hann skeytir því engu. *Hann getur varast hindrunina og ekur burtu.* Það kemur þriðji bíll og það verður umferðaróhapp, e.t.v. líkamsmeiðingar, jafnvel fjörtjón. Getur sá, þ.e. bílstjóri nr. 2 sem varð hindrunarinnar var, skeytti því ekki, stöðvaði ekki, gerði ekkert til að vekja athygli annarra vegfarenda á hindruninni, átt á því von að eiga sök eða vera talinn eiga sök eða hluta af sök á umferðaróhappi?

Hæstv. forseti. Reyndar var það ekki fleira sem ég ætlaði að minnast á. En eitt í lokin, meira til gamans. Í 2. mgr. 3. gr. er skilgreint hvað sé gangandi vegfarandi.

„Gangandi vegfarandi telst einnig sá sem fer á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum, sá sem rennir sér á sleða, ekur barnavagni, *leiktæki eða hjólastól eða leiðir reiðhjól* eða létt bifhjól."

Þetta er líklega nokkuð nákvæm og ágæt upptalning. Eitt finnst mér þó á skorta þarna. Ekki skal ég fullyrða hvort efnistök eru á því eða ástæða til að flytja brtt. En það er merkilegt tæki sem víða er til og það eru hjólbörur. Þeim er iðulega ekið. Að vísu eru þær yfirleitt þannig gerðar að það verður að halda fast um meiðana til þess að þær haldi jafnvægi. — Nei, án gamans. Þetta tæki er mjög víða notað og spurning hvort það er ekki allt eins algengt og hjólastólar úti á götu. Ég vík þessu að hv. nefndarmönnum ekki í einu saman gamni, svolítil alvara blandin þessu.

Hæstv. forseti. Það var ekki fleira sem ég vildi orða um þetta frv.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Það voru nokkrar ábendingar sem hv. 5. þm. Vesturl. kom með, bæði í gamni og alvöru, og ég ætla ekki að eyða mínum tíma í að svara einstökum athugasemdum sem hann gerði og beindi jafnvel til nefndarinnar því að ég veit að frsm. og formaður hv. allshn. mun fara út í þau atriði hér á eftir, m.a. þetta nýja fjórhjólaökutæki, sem við höfum gert okkur grein fyrir að þarf líklega að athuga.

Varðandi þokuljósin er það víst skilgreint í reglugerð hvernig þau eru. En af því að hv. 5. þm. Vesturl. nefndi þokuljós kemur mér í hug að fyrir nokkrum vikum var mikil þoka á höfuðborgarsvæðinu. Hún læddist um dali og götur hér í Reykjavík. Ég held að það hafi sjaldan verið eins fáir sem notuðu ökuljósin einmitt í þessari þoku. Það a.m.k. vakti athygli mína.

En ég fagna því svo sannarlega að frv. er komið til 2. umr. og ég tek undir það með hv. 5. landsk. þm. að vonandi auðnast hv. Nd. að afgreiða þetta frv. þannig að það verði að lögum áður en þingi lýkur. Hv. Ed. hefur á undanförnum þingum fjallað um umferðarmál í tengslum við þau frv. sem ýmsir þm. hafa flutt um ákveðna þætti umferðarlaganna. Í því sambandi vil ég minna á frv. sem ég hef flutt á nokkrum þingum ásamt fleiri þm. í þessari hv. deild um breytingu á ljósatímanum og varðandi merkingar skólabifreiða. Þetta frv. var á síðasta þingi afgreitt úr þessari hv. deild að mig minnir með atkvæðum allra þm. Það hefur verið flutt af hv. 6. landsk. þm. Karli Steinari Guðnasyni ásamt okkur fleiri þm. frv. varðandi það að fella úr gildi undanþágu sektarákvæða varðandi bílbeltin. Það hefur farið sömu leið gegnum þessa hv. deild, en bæði þessi frv. hafa fengið að lúra í Nd. En ég tek undir það að við skulum vænta þess að það auðnist að afgreiða þetta frv. sem nú er til umræðu í gegnum báðar deildir á þessu þingi.

En þessi atriði, sem ég nefndi, eru öll komin inn í þetta frv., varðandi ljósatímann í 32. gr. samhljóða frv. sem ég nefndi áðan og einnig varðandi skólabifreiðarnar sem kemur fram í 18. gr. Ég lít svo á að með samþykkt þessa frv., ef það verður að lögum, sé búið að aflétta þessu undanþáguákvæði varðandi sektarákvæðin um bílbeltin, en væntanlega verður það þá leiðrétt ef við höfum misskilið það svo hrapailega að það þurfi að flytja sérstakt frv. um það.

Varðandi þetta með ljósatímann fagna ég því sérstaklega að þessi atriði voru tekin inn í frv. upphaflega, en við endurskoðunina höfum við að vísu aðeins breytt því, þ.e. við höfum lengt notkun ljósanna í báða enda ef svo má að orði komast. Þetta er í frv. nú miðað við að það sé skylda að nota ljósin

frá 1. sept. í stað 1. okt. og til 30. apríl í stað 31. mars. Ég held að við höfum öll verið sammála um það í nefndinni að í raun ætti að skylda ljósanotkun allan ársins hring, en það hafi verið af raunsæi, til þess að koma málinu frekar í gegnum þingið, að hafa þetta svona, enda er alls ekki bannað að nota ljósin allan ársins hring þrátt fyrir það, og reynslan hefur sýnt að þegar ökumenn fara að nota ökuljós halda þeir því áfram. Jafnframt færist það í vöxt að bifreiðar eru með sjálfvirkan búnað hvað þetta varðar. Ljósin kvikna þegar bíllinn er ræstur og það slokknar á þeim þegar drepið er á bifreiðinni.

Í þessu sambandi langar mig að segja frá upplýsingum sem ég hef fengið um hvernig þessu er fyrir komið á Spáni. Það er að vísu varðandi nokkuð annað atriði. Það er varðandi það ef menn aka á eineygðum bifreiðum eða þar sem pera hefur bilað. Með því er mjög strangt eftirlit. Lögreglan stöðvar bifreiðarnar og ökumenn eru skyldaðir til að hafa varaperur ávallt í bifreiðunum. Það er skylda á Spáni og það er gengið mjög hart eftir þessu. Ég held að þetta sé mjög góð hugmynd og ég vil beina því til hæstv. dómsmrh., ef hann skyldi vera einhvers staðar nálægt og heyra orð mín, að það mætti gjarnan setja í reglugerð að skylda allar bifreiðar til þess að hafa eitt sett af varaperum í bifreiðinni þannig að ef lögreglan stoppar ökumann sem er eineygður eða vantar ljós að aftan geti lögreglan jafnvel hjálpað viðkomandi til að setja peruna í því að það eru ekki allir sem eru tæknilega vel að sér að því leyti og þá er ég að líta í eigin barm fyrst og fremst.

Ég held að það gæti verið góð regla sem e.t.v. gæti þróast í það að bifreiðaumboðin sæju sér hag í því að bjóða þessa þjónustu og láta fylgja með eitt varasett af perum þegar bifreiðakaupandi er að leita sér að bifreið og velja sér bifreið.

Það er margt fleira í þessu frv. sem væri kannske freistandi að taka sérstaklega til umfjöllunar, en ég ætla að reyna að stytta mál mitt eftir föngum. Ég vil þó koma inn á eitt atriði og ég hefði einnig haft mikinn áhuga á að hæstv. dómsmrh. hlustaði á það. (**Forseti:** Hann mun vera væntanlegur innan skamms tíma.) Ég held að ég kjósi að hafa þögn í ræðustólnum á meðan til þess að ég fari ekki að þreyta menn með því að endurtaka það sem mig langar til þess að segja þó góð vísa sé kannske aldrei of oft kveðin.

Ég sé að hæstv. dómsmrh. er kominn í salinn og ég þakka honum fyrir að hann ætlar að sitja undir þessum lestri mínum, en ég held ég neyðist til að endurtaka það sem ég var sérstaklega að beina til hans áðan. Það var um fyrirkomulag sem mér er sagt að sé notað á Spáni og er varðandi bifreiðar sem aka eineygðar eða það bila ljósaperur. Lögreglan fylgir því mjög strangt eftir og ökumenn eru skyldaðir að eiga varaperur í bifreiðunum. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh. að það væri athugað að taka upp í reglugerð eitthvert slíkt ákvæði þannig að ökumaðurinn væri skyldaður til að setja peruna í á staðnum ef lögreglan stoppar hann.

Þá ætlaði ég að koma aðeins inn á kynningarþáttinn. Ég læt ekki eftir mér að vera svo svartsýn að segja *ef* frv. þetta verður að lögum heldur *þegar* það er orðið að lögum á þessu vori skiptir mjög miklu máli að það verði vel kynnt fyrir almenningi, og það er ekki sama hvernig það verður gert, og einnig að frv. verði í aðgengilegu formi, sérprentað, aðlaðandi og aðgengilegt þannig að almenningur eigi auðvelt með að nota það sem leiðbeiningu við að læra umferðarlögin. En það er óhætt að segja að þessi lög munu í sjálfu sér ekki valda byltingu á umferðarmenningu nema þá með þessari ítarlegu kynningu og fræðslu í kjölfarið og áróðri sem verður að fylgja þar með.

Ég ætla aðeins að koma inn á fræðsluþáttinn, hlutverk Umferðarráðs. Það er óhætt að segja að Umferðarráð hefur ábyrgðarmikið hlutverk. Það er að bæta umferðarmenninguna. Hlutverk þess er skilgreint í mörgum liðum í 113. gr. Það er óhætt að segja að Umferðarráð og fjölmargir aðilar hafa lagt fram stóran skerf til að bæta umferðarmenningu okkar Íslendinga. En Umferðarráði hefur kannske ekki orðið eins ágengt og það sjálft hefði óskað vegna þess að það er því miður takmarkaður skilningur stjórnvalda á þýðingu forvarnarstarfsins á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum, þ.e. markviss fræðsla og áróður kostar auðvitað fjármagn. Við verðum að segja eins og er að Umferðarráð eins og kannske margt annað hefur verið svelt hvað fjármagn varðar og það er ekki enn þá að menn hafa áttað sig á því að það skilar sér aftur margfaldlega það fjármagn sem sett er í slíka fræðslu.

Ég vil skýra frá því hér að ég mun flytja brtt. við 3. umr. Ég er aðallega með í huga tvö atriði og ég á von á því að það verði fleiri hv. þm. sem flytja þessa brtt. en ég ein. Það er við 113. gr. varðandi samræmda slysaskráningu. Það er staðreynd að það dugar ekki að hafa slysaskráningu hjá lögreglu, hjá slysadeildum og sjúkrahúsum og tryggingafélögum ef það er ekki samræmt. Það má benda m.a. á þær skráningar sem hafa komið fram opinberlega. Ég er t.d. með auglýsingu frá því ágæta átaki sem Fararheill 87 heitir og bifreiðatryggingafélögin standa fyrir og er til mikillar fyrirmyndar og ber að fagna. Í auglýsingu sem þar birtist um fjölda slasaðra er í raun ekki nema um ⅓ hlutann að ræða af því að það eru lögregluskýrslur en ekki samræmdar skýrslur sem þarna eru notaðar. Þetta er eitt dæmi um að það skiptir máli að þessir hlutir séu samræmdir og þess vegna mun ég flytja brtt. við 3. umr. um að þetta verði sett inn í 113. gr. sem varðar Umferðarráð. Ég mun væntanlega mæla fyrir þessum brtt. þá, en mun ekki gera það nú.

Einnig er annað atriði. Það er varðandi rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég mun einnig flytja brtt. um það ásamt væntanlega fleiri hv. þm. að dómsmrh. geti skipað slíka rannsóknarnefnd. Það er reynsla fyrir þessu í öðrum löndum, m.a. í Finnlandi, sem er talin gefa góða raun og ég mun skýra frá því, eins og ég sagði áðan, við 3. umr.

En að lokum vil ég geta þess í framhaldi af því sem

ég hef hér nefnt um fræðsluþáttinn að í kjölfar þessa frv., þegar það er orðið að lögum, þarf að gera stórt átak og ég er að undirbúa till. til þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi og mun leita eftir meðflm. úr öllum flokkum í báðum deildum til að flytja þessa þáltill. því að ég lít svo á að umferðarmál séu ekki og eigi ekki að vera flokkspólitísk mál. Þetta er eitt af þeim velferðarmálum sem varða hvern einasta einstakling, líf hans, heilsu og hamingju og utan og ofan við alla flokkapólitík.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér hafa komið fram við þessa umræðu málsins ýmsar ábendingar og það er rétt, sem hefur komið fram við þessa umræðu, að í þessum lagabálki eru mjög mörg álitamál og afar mörg matsatriði þannig að sú nefnd sem hér hefur unnið að málum, allshn. Ed., mun að sjálfsögðu taka þær ábendingar til skoðunar sem hafa komið fram við þessa umræðu.

Það var um það rætt í nefndinni, eins og ég tók fram þegar ég mælti fyrir áliti hennar, að nauðsynlegt væri að koma málinu í 2. umr. þannig að það væri frekari von um framgang þess í þinginu í vetur.

Það hefur verið spurt um eitt veigamikið atriði og það er í sambandi við hin svokölluðu fjórhjól sem eru nú að ryðja sér til rúms. Þetta er dæmi um ný tæki sem koma fram í umferðinni. Það er sannast sagna að þetta mál er enn þá í athugun hjá nefndinni og við höfum beðið um ábendingar frá Bifreiðaeftirliti ríkisins um þessi farartæki og reyndar fengið í hendurnar drög í þessu sambandi sem við munum skoða á milli 2. og 3. umr. málsins. Það er álitamál hvort þetta flokkast undir bíl eða bifhjól. Það vantar ýmsan búnað í báðum tilfellum og er matsatriði undir hvaða flokk farartækja skuli fella þessi tæki. En við munum taka þetta mál til athugunar á milli 2. og 3. umr. og flytja þá brtt. um niðurstöðuna ef niðurstaða fæst í það mál. En mér er fullljóst og hef reyndar orðið þess var í umræðum manna á meðal að það er ekki hægt að samþykkja þessa löggjöf á Alþingi án þess að taka á þessu máli.

Ég tek undir það um bílbelti og notkun þeirra að við lítum svo á að það séu niður fallin þau undanþáguákvæði með samþykkt þessara laga sem eru varðandi viðurlög við því að nota ekki þessi belti. Ákvæði í lögunum eru skýr hvað bílbeltanotkun varðar.

Hér hefur verið rætt um ökuhraða í þéttbýli. Það var hv. 5. þm. Norðurl. e. sem kom inn á það í sinni ræðu á síðasta fundi að þessi mörk væru of lág og þyrftu frekar að vera undanþágur upp á við en niður á við eins og frv. gerir ráð fyrir. Svona ábendingar eru að sjálfsögðu réttmætar og við munum taka þá ábendingu til athugunar. Það eru eilíf álitamál í þessu eins og ég vék að í upphafi máls míns.

Hv. 5. þm. Vesturl. kom inn á nokkur atriði. Ég var búinn að svara því fyrsta. Það er um fjórhjólin. Hann kom inn á það atriði fyrst sem er mjög mikilvæg spurning í þessu sambandi.

Hann kom inn á þokuljós. Hv. 4. þm. Reykn. hefur svarað því að þokuljós eru skilgreind í reglugerð. Í sambandi við bíl hv. 5. þm. Vesturl. er það að segja að framleiðendur hans hafa kannske gengið út frá því að það væru mjög miklar þokur í Borgarfirði og á Arnbjargarlæk og það þyrfti að nota þessi ljós þar þess vegna. En þokuljós eru mjög mikilvægt öryggistæki.

Hann kom einnig inn á 47. gr. þar sem rætt er um öndunarsýni og vildi fá nánari skýringar á því hvernig væri ástatt hjá manni undir stýri sem gæti ekki andað. Ég hef í sjálfu sér ekki skýringar á því samkvæmt persónulegri reynslu, ég hef ekki lent í slíku, en hins vegar voru færustu sérfræðingar sem voru kallaðir fyrir nefndina á því að það mætti ekki afgreiða þessi lög án þess að þetta atriði væri inni því að þannig gæti verið ástatt. Við tókum þær ábendingar til greina. Þess vegna er þetta ákvæði þarna inni.

Síðan kom hann að því stóra máli sem varðar skráningu ökutækja. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. eins og kemur fram í athugasemdum þess að umdæmaskráning ökutækja verði lögð niður. Viljinn er augljós í því efni vegna þess að með frv. fylgir sem fylgifrv. 120. mál, frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum, sem er á dagskrá í dag einnig, og í athugasemdum við þetta frv. stendur: „Samkvæmt frv. til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Þetta frv. er flutt til þess að laga þinglýsingalögin að þessu breytta fyrirkomulagi."

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sú skráning sem hér um ræðir verði miklu einfaldari og ódýrari en það fyrirkomulag sem nú er. Hins vegar er mér fullljóst að um þetta atriði eru mjög skiptar skoðanir á hv. Alþingi. En ég vil jafnframt vona að deilur um þetta atriði komi ekki í veg fyrir að þetta frv. nái hér fram að ganga. Hér er um allt of miklar lagfæringar að ræða og allt of mörg góð mál sem þetta frv. tekur til og eitt atriði má ekki stöðva þess framgang. Ég vona að svo verði ekki þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta atriði á eftir að ræða hér áður en lýkur.

77. gr. fjallar um óhreinkun vegar. Ef farmur fellur eða rennur af ökutæki t.d. skal það þegar fjarlægt. Ég hygg að greinin feli það í sér að sá sem verður var við að hann missir farm af ökutæki sínu skuli þegar fjarlægja hann. Hins vegar getur verið þannig ástatt að hann geti ekki fjarlægt þennan farm af einhverjum ástæðum, hafi ekki tæki til þess eða tæki til að koma því upp á bílinn aftur ef um þungan farm er að ræða, svo að dæmi séu tekin. Þá er honum skylt að merkja þetta þannig að ekki valdi hættu fyrir aðra vegfarendur. Ég lít svo á að næsti vegfarandi, ef menn koma að slíku, eigi að auðkenna slíka hindrun ef slysahættu veldur. Hins vegar er sjálfsagt að líta á þessa grein nánar og hvort þarna þarf einhver nánari skilgreining að koma og er sjálf-

sagt að taka hana til athugunar á milli umræðna. Allshn. er opin fyrir öllum ábendingum að þessu leyti því að eins og ég kom að í upphafi er hér um mjög mörg álitamál að ræða. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., að ég held að það sé enginn lagabálkur sem kemur við eins marga og sem eins margir þurfa að fara eftir og eins margir eru sérfræðingar í, ef svo má að orði komast, og þessi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nú. Eins og hefur verið boðað munu koma fram brtt. við 3. umr. málsins og nefndarmenn hafa fyrirvara um að flytja eða fylgja einstökum brtt. ef fram koma. En ég hef ekki fleiri orð um þetta að sinni.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hér hafa ýmsar ábendingar komið fram og mismunandi þungvægar að sjálfsögðu.

Varðandi þau atriði sem hv. 5. þm. Vesturl. gerði hér að umtalsefni, þá eru þau vissulega misþung á metunum. Ég held að þetta með þokuljósin sem hann gat um gefi auga leið. Þetta orð hefur alveg fasta og skýra merkingu í þessu sambandi. Hins vegar fannst mér afar athyglisverð ábending hans um hjólbörurnar og ég legg til að nefndin haldi jafnvel sérstakan fund um það mál og taki afstöðu til þess. Formaður hefur áreiðanlega svarað því. (*Gripið fram í.*) *Þá er rétt að svara því. Mér finnst sjálfsagt* að nefndin taki afstöðu til þess, hvort sem hv. þm. á sérstakra hagsmuna að gæta í sambandi við akstur og umferð þeirra ökutækja sem ég ekki veit.

En annað atriði sem hann gerði að umtalsefni var skráningin og sú fyrirkomulagsbreyting sem er gert ráð fyrir. Það er alveg rétt að það leiðir af samþykkt þessa frv. að það verður horfið frá núverandi skráningarfyrirkomulagi. Ég held að það sé til mikilla bóta. Það er til einföldunar og það er ódýrara. Það eru að vísu alls konar röksemdir gegn því, eins og það að menn hætti að sjá hvaðan af landinu bílar eru. Ég held að þó að stundum geti það verið notalegt og jafnvel þægilegt skipti það ekki *meginmáli. Það er líka vissulega í þessu máli* að margir hafa átt númer mjög lengi, í áratugi, hafa tekið við þau ákveðna tryggð, einkanlega ef þetta eru nú samstæð númer og fallegir tölustafir, fallegar talnaraðir. Það er auðvitað skiljanlegt af tilfinningalegum ástæðum. Ég veit að þau rök hafa vegið mjög þungt hjá ýmsum og komu mjög inn í þessa umræðu þegar hún var í þinginu fyrir allmörgum árum þegar lagt var fram frv. til l. um einmitt þessa breytingu. En skynsemisrökin í þessu máli eru miklu þyngri að mínu mati. Þetta verður til þess að það léttir mjög á Bifreiðaeftirliti ríkisins. Það ætti þess vegna að geta veitt betri þjónustu. Þá hættir þessi umskráningar- og númeravitleysa, sem ég vildi leyfa mér að kalla, *með öllum þeim ruglingi sem því fylgir þannig* að hver bifreið hefur sitt ákveðna númer frá því að hún er skráð og þangað til hennar lífdögum lýkur.

Ég hika ekki við að fullyrða að öll skynsemisrök mæla með því að gera þessa breytingu og ég held að þm. megi ekki láta það á sig sannast enn einu sinni að þetta dagi hér uppi eða nái ekki fram að ganga vegna þess að þetta hefur í för með sér verulegan sparnað.

Hv. 4. þm. Reykn. gerði að umtalsnefni ljósabúnað og aðeins örfá orð um það. Ég held að íslenskir ökumenn séu einstakir ljósasóðar, ef má nota það orð, hirði illa um ljósabúnað bifreiða sinna. Það er svo ótrúlega algengt að mæta bifreiðum á götum höfuðborgarinnar og alls staðar með eitt aðalljós og raunar kemur það býsna oft fyrir úti á vegum að maður dregur uppi bíla sem hafa bókstaflega ekkert ljós að aftan. Þessu fylgir margvísleg hætta, fyrir utan að þau ökutæki sem þannig eru eru auðvitað alls ekki í fullkomnu lagi. Þetta er í rauninni ekki atriði sem hægt er að ráða bót á með lagasetningu eða reglugerð. Þetta er atriði sem fyrst og fremst lögreglan á að fylgjast með. Manni ofbýður að aka um göturnar vegna þess að á stuttri ökuferð er ekkert óalgengt að mæta fjórum til fimm bílum sem vantar annað aðalljósið.

Ég gerði það einu sinni mér til dundurs á leiðinni úr miðborg Stokkhólms út á Arlandaflugvöll að telja þá bíla sem á móti komu sem voru með eitt ljós. Af eitthvað rúmlega 500 bílum voru fimm eða sex sem vantaði eitt ljós. Ég gerði það sama á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur. Af um 90 bílum voru um átta sem vantaði annað ljósið, næstum því tíundi hver bíll. Mér hefur sýnst að þetta láti nokkuð nærri lagi, a.m.k. seinni hluta vetrar, að það sé einn af hverjum næstum því tíu bílum þar sem maður sér beinlínis að ljósabúnaðurinn er í ólagi, fyrir utan það sem maður sér ekki, eins og afturljós, hemlaljós eða því um líkt. Þetta er ófyrirgefanlegur trassaskapur. Satt að segja hefur mér oft blöskrað að löggæsluyfirvöld skuli ekki beita sér meira í þessu máli og hreinlega stöðva þá bíla sem þannig eru og benda ökumönnum á að koma þessum hlutum í lag því stundum er þetta vegna þess að menn vita ekki af því.

Að lokum, virðulegi forseti, var eitt atriði sem ég vildi minnast á, má nú vera að hv. 4. þm. Austurl. hafi minnst á það, en það er mál sem ekki er tekið á í þessu frv. Að undanförnu og í vaxandi mæli hefur flust hingað til lands ný tegund farartækja sem er ýmist á þremur hjólum eða fjórum. Þetta nær því ekki að vera bíll að neinu leyti. Þetta er miklu nær því að vera hjól, jafnvel þó það sé á fjórum hjólum. Þetta er gert til víðavangsaksturs og mættu gjarnan held ég kallast torfæruhjól. Þetta eru afar þægileg farartæki og ég hygg að þessi farartæki komi að góðum notum víða í búrekstri þar sem þarf að fara um vegleysur vegna þess að þetta fer fjöll og firnindi nánast. En sá er gallinn á gjöf Njarðar í þessu tilviki að um þessi farartæki eru engar reglur og þá er ég ekki að tala um endilega reglur til að takmarka notkun þeirra. Ég á fyrst og fremst við reglur sem tryggja að þessi farartæki og þeir sem þeim aka séu tryggðir, bæði ökumaðurinn sjálfur eða sá sem situr á hjólinu og ekki síður þeir aðrir sem kynnu að

verða fyrir slysum vegna slíkra farartækja.

Nú skyldu menn kannske halda því fram að það væri ekki svo mjög líklegt að menn slösuðust á farartækjum af þessu tagi. En það er nú eitthvað annað. Í bandarísku fréttablaði var fyrir skömmu, og vitna ég nú eftir minni, smáklausa um þessi hjól sem á ensku eru gjarnan nefnd með skammstöfuninni ATV eða All Terrain Vehicles. Þar kom fram að á einum átta árum hafi verið seld 1300 þús. svona tæki í Bandaríkjunum, fjórhjól eða þríhjól. Nú getur verið að það skakki örlitlu með tölur, en það skakkar ekki mjög miklu. Á þessum árum hafa orðið 856, minnir mig, banaslys á þessum tækjum og helmingur þeirra sem hafa slasast, beðið bana eða meiðst eru undir 16 ára aldri. Gott ef ekki var drjúgur hluti þeirra sem voru undir 16 ára aldri undir 12 ára aldri. Það gefur auga leið að svo ung börn hafa hvorki vald, getu eða dómgreind til að stjórna farartækjum sem náð geta kannske 70–80 km hraða. Ég held að það sé í rauninni afar brýn slysavörn að með einhverjum hætti verði settar reglur um þessi hjól, þ.e. til verndar þeim sem þau nota.

Það má líka minna á að innflutningur á þessum tækjum lýtur ekki neinu eftirliti og þá er ég líka að tala um öryggisþáttinn. Mér er kunnugt um að yfirvöld í Noregi hafa algerlega bannað innflutning á einni gerð þessara hjóla og það hafa þau gert af þeirri ástæðu að á þeim er enginn fjöðrunarbúnaður. Það er sem sagt járn í járn eins og þar stendur. Það er enginn fjöðrunarbúnaður. Það telja öryggismálayfirvöld í Noregi að sé ekki verjanlegt. Við höfum lítillega rætt þessi mál í nefndinni, en hins vegar urðum við ásátt um, til þess að tefja ekki málið, að láta það ganga til 2. umr. en taka svo kannske afstöðu milli 2. og 3. umr. til einverrar reglusetningar varðandi þetta atriði. Ég lít fyrst og fremst á þetta sem öryggisatriði, sem slysavörn. Það er ekki tilgangurinn að hefta eða takmarka notkun þessara tækja neitt óeðlilega vegna þess að þau eru áreiðanlega mjög gagnleg og nytsöm, ekki sem leikföng heldur til sinna nota. Auðvitað nota margir þetta sem leikföng öðrum þræði og kannske sumir eingöngu, en alveg eins og var með snjósleðana á sínum tíma held ég að sé nauðsynlegt að þarna séu vissar lágmarksreglur fyrst og fremst til verndar fólki. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Þetta lagafrv. er núna á þriðja þingi og brýna nauðsyn ber til að það verði að lögum nú. Ég vona að takist að afgreiða það, svo mörg og merkileg nýmæli er þar að finna. Ég ætla ekki að ræða um nema örfá atriði og skal ljúka máli mínu mjög fljótt.

Í fyrsta lagi er ég ósamþykkur brtt. hv. allshn. um hækkun hámarkshraða. Ég held að það séu engir vegir á Íslandi sem í raun þola nema í mesta lagi 90 km hámarkshraða. Ég tel að það sé þá betra, og reyndar verði þá að sjá í gegnum fingur við vissar aðstæður að menn fari hraðar, en að gefa það upp sem 90–100 km hámarkshraða á vegum þýðir í raun og veru 5–10 km meiri meðalhraða á þessum svæðum. Það held ég að allir hljóti að vera sammála um, sem þekkja íslenska vegi og íslenska vegagerð, að það er hvergi á landinu sem aðstæður eru slíkar að 100 km hámarkshraði sé raunhæfur út frá öryggissjónarmiði, svo mjög skortir á að frágangur vega sé með þeim hætti að það sé skynsamlegt að fara í svo háan hámarkshraða. Það er einungis á vegum með tvískiptum akreinum, tveimur í hvora átt, sem hugsanlegt er að hafa hámarkshraðann 100 eða jafnvel upp í 110 eins og er víða á Norðurlöndum þar sem skilyrði eru hvað best.

Í öðru lagi tel ég brýna nauðsyn bera til að tekinn verði upp ljósatími allt árið. Það hefur sýnt sig hér að sumarlagi að ryk á vegum og annað slíkt krefst þess að ljós séu höfð og fjölmargir aka með ljósum allt árið. En ég held að það mundi bæta ástandið verulega ef tekin væri upp ljósaskylda allt árið um kring.

Í þriðja lagi fagna ég mjög að þarna er gerð tillaga um nýja aðferð við skráningu ökutækja. Ég tel reyndar furðu gegna að það skuli ekki hafa verið fyrir mörgum árum tekið upp það skráningarform sem hér er lagt til, bæði með frv. og fylgifrumvarpi þess. Það getur ekki verið að við höfum ráð á að eyða stórum fúlgum árlega vegna örfárra aðila sem hafa á einhvern hátt bitið sig í eitthvert fast númer og jafnvel erfðagrip. Það geta ekki verið nein rök fyrir óhagkvæmni og stórauknum kostnaði við skrásetningu.

Fjórða málið sem ég vildi minnast á eru að sjálfsögðu bílbeltin. Það hefur sýnt sig að notkun bílbelta hefur dregið úr meiri háttar slysum. Þau eru gífurleg vörn við mjög margar aðstæður. Ég held að það hljóti að fara að verða íhugunarvert hvort ekki eigi að taka upp viðurlög í sambandi við hirðuleysi í notkun þessara öryggistækja.

Þá er loks fimmta atriðið sem ég vildi minnast á og ég held að við komumst ekki hjá að ræða og það er frágangur vega og vegamóta. Fyrir nokkrum dögum var þáttur um umferðarmál í sjónvarpi. Ég er alveg hættur að muna á hvaða stöðvum allt það upplýsingamagn er sem flæðir yfir mann, hvort það er Rás 1 eða 2, Ríkissjónvarpið, Stöð 2 eða í blöðum eða yfirleitt hvar. Þar var t.d. umræða um nýju brúna yfir Kringlumýrarbrautina inn í Fossvoginn, inn á Bústaðaveginn, sem er gífurleg umferðarbót. Þar hafa orðið nokkur umferðaróhöpp sem talin eru stafa af því að ekki er búið að ganga nægilega vel frá aðstæðum. Gatnamálastjóri lét þess getið að ekki hefði verið fjármagn til að fullgera þessi mjög mikilvægu gatnamót þar sem umferðarþungi er gífurlegur. Ég held að það hljóti að vera eitt af brýnustu viðfangsefnum í umferðarmálum að þann veg sé gengið frá gatnamótum og götum og vegum að ekki sé hægt að kenna um hirðuleysi eða fjárskorti að þar verði slys, jafnvel mjög alvarleg slys.

Þetta er vissulega mál sem ekki á beinlínis heima í umferðarlögum, en Alþingi og fjárveitingavald hlýtur að láta sig það miklu skipta að þar sé gengið frá og fullgerð þau vegamót og sniðnir af þeir vankantar sem á vegagerð eru þar sem það hefur sýnt sig að mikil hætta er á umferðaróhöppum. Ég þarf ekki í þessu sambandi að nefna Kúagerðissvæðið sem svo mjög hefur verið í umræðu að undanförnu, en þar er ekki nema um eitt að ræða og það er að leggja þar tvöfalda braut.

Svona í framhjáhlaupi vil ég taka undir það sem hv. 5. landsk. þm. sagði um hirðuleysi varðandi ljós ökutækja. Ég var eins og vafalaust margir löghlýðnir borgarar að skila skattaskýrslu í gærkvöld og ég gekk heiman að frá mér um níuleytið ofan í bæ og heim aftur. Ég kastaði að vísu ekki tölu á þá sem voru eineygðir í umferðinni, þ.e. bifreiðar, maður er eiginlega hættur að kippa sér upp við það, en þegar stórir sendiferðabílar koma eins og svartir skuggar algerlega ljóslausir á miklum umferðargötum hrekkur maður óneitanlega svolítið við. Ég held að löggæslan eigi að taka þessi mál miklu fastari tökum en gert hefur verið til þessa.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um það umferðarlagafrumvarp sem hér er til umræðu. Ég hef átt sæti í þeirri nefnd sem um þetta fjallaði og það er búið að fara mjög ítarlega í þessi mál og sú nefnd sem starfaði að þessu sérstaklega í sumar tók það mjög vel í gegn. Ég þakka henni fyrir hennar störf í þeim efnum.

Að sjálfsögðu verða alltaf um umferðarmál nokkuð skiptar skoðanir og fólki sýnist ýmislegt mega vera á annan veg eða fara betur en kemur fram í beinum lagatexta. Ég ætla ekki að fara ofan í einstaka liði í þeim efnum heldur legg ég áherslu á að þetta frv. nái framgangi á þessu þingi því þessi mál eru búin að vera mjög lengi í skoðun og það hafa verið væntingar aðila í þjóðfélaginu að fá þarna ýmsa liði fram svo að betra væri að vinna eftir þessu. Við sífellt aukna umferð og farartækjafjölda í umferðinni er mjög nauðsynlegt að sem fyrst séu settar þar um sem skýrastar reglur. Þetta frv. gengur í þá átt þó að sjálfsögðu mætti þar ýmislegt betur fara.

T.d. var hv. síðasti ræðumaður, 9. þm. Reykv., alveg mótfallinn því atriði í frv. þar sem nefndin leggur til að hámarkshraði verði aukinn. Sjálfsagt verður þetta umdeilt mál, en nefndin leggur þetta til með það fyrir augum að það séu þá kannske minni lögbrot en verið hafa í þessum efnum því þó að það sé talað hér um 100 km hraða á þeim vegum þar sem eru bestar aðstæður vitum við það, sem höfum reynslu í akstri, að þetta er svo margbrotið að það er betra að þetta sé þá leyfilegt en að við séum alltaf að basla við að gera hlutina í óleyfi. Þetta eru kannske ekki margir staðir á landinu og ég treysti lögreglu og umsjónarmönnum vegagerðar til þess að flokka það hvar þessi mörk skuli dregin, en ég veit að þetta er víða mikið vandamál og ég sé enga hættu samfara því að á þennan veg verði farið með þessi mál.

Ég get sagt það við hv. 4. þm. Reykn. að eins og henni er kunnugt hef ég ekki verið hlynntur ljósanotkun allt árið, og hefur það oft komið hér til umræðu. Hv. 9. þm. Reykv. harmaði einnig að það skyldi ekki vera allt árið. Ég hef ekki getað fellt mig við að setja það inn í lagatexta. Ég held að það sé ekki orðið vandamál úti á rykugum vegum á sumrin. Þar keyrir fólk með ljósum. En að vera með ljós í höfuðborginni og í þéttbýlinu allan sólarhringinn yfir hásumarið á sólskinsdögum tel ég ekki rétt að festa í lög. En ég get fullkomlega fellt mig við þá tímasetningu sem er í frv., að undanskilja sumarmánuðina.

Annað var það sem hv. 4. þm. Reykn. gat um og það var vegna hugmynda frá Spáni um að skipta um ljósaperur og annað í bílum. Auðvitað væri þetta mjög æskilegt. Ég vildi beina því til hæstv. dómsmrh. áður en hann setur reglugerð í þessum efnum að þetta sé ítarlega skoðað. Það er ekki af því að ég sé á móti því að við reynum að sýna sem allra mest öryggi í þessum efnum, við erum kærulaus með ljósabúnað á okkar ökutækjum og þau eru í allt of mörgum tilfellum í ólagi, en hins vegar er ekki alveg svona einfalt að skipta bara um peru því að stór hluti okkar bifreiðaeignar er með sérstökum glerjungum og öðru sem þarf að stilla upp og það gerum við ekki, a.m.k. ekki venjulegur vegfarandi, og alls ekki með aðstoð lögreglu nema í neyðartilfellum. Þessi búnaður þarf sérstaka ljósastillingu eftir að hann er settur í. Ég vil ekki mæla með því að annað framljósið lýsi kannske beint upp í loftið og blindi ökumanninn meðan hitt er á lága geislanum. Ég held að við verðum að fara varlega í þessum efnum þó ég sé alls ekki að mæla á móti því að þetta sé skoðað ofan í kjölinn. En það eru bara ekki eingöngu perur í öllum bílum, nema í afturljósunum, hitt eru glerjungar, dýr stykki sem þurfa sérstaka meðferð í stillingu.

Ég ætlaði bara að lýsa minni skoðun á frv. og ég mæli með því að það komist áfram. Auðvitað veldur það mér vissum sársauka að kveðja númerið á bílnum mínum, E-40, og þurfa að henda því. Það er ekkert skemmtilegt. Ég skal fúslega viðurkenna röksemdir í þessum efnum og skal ekki berjast á móti þessu. Hins vegar er það að vissu leyti falið í frv., þar er heimildarákvæði til ráðherra að setja þetta í reglugerð. Það er ekki í sjálfum lagatexta frv. Það er í valdi hæstv. dómsmrh. (**Gripið fram í:** P-16.) P-16 gengur í salinn. Þetta er viðkvæmnismál. Og 777 held ég að sé hjá hv. 5. þm. Vesturl. En þetta er kannske ekki aðalatriðið. Ég er svolítið sár yfir þessu, en ætla ekki að berjast á móti því. En ég veit að það verður einhver þröskuldur þegar frv. kemur í Nd. þingsins. Ég vil að fram komi að þetta er mín skoðun á þessu máli.

Á sama hátt held ég að hv. 5. þm. Vesturl. þurfi ekki að hafa sérstakar áhyggjur af 47. gr. frv. vegna öndunarsýna þegar þarf að taka blóðprufur af

mönnum því ég held að ég leggi það ekki á nokkurn lögreglumann eða lækni að taka slíka blóðprufu af ökumanni sem getur ekki andað. Þetta er hortittur. Það er rétt. Þar segir, með leyfi forseta: „Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. málsgr. 43. gr. eða 44. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi." Hann er hættur að anda. Þá getur ekki verið farið fram á að hann gefi öndunarsýni. Það verða aðrir að úrskurða. Það mætti fella úr þessari grein „eða getur það eigi."

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Það hefur margt verið skýrt í þessari umræðu. Ég geri ráð fyrir að hv. allshn. muni athuga málið milli umræðna. Hér hefur verið drepið á margt eins og ég segi, m.a. viðurlög vegna brota á umferðarlögunum. Auðvitað gilda hin almennu viðurlög um öryggisbeltin, eins og önnur atriði sem eru í þessu frv. og í lögum ef svo verður.

Hér var vikið að notkun ökuljósa. Hér var vikið að því þegar bílar aka með annað ökuljósið, hitt bilað af einhverjum ástæðum, og skýrt frá því að erlendis gildi ákveðnar reglur um þetta efni. Ég fer ekki að endurtaka það. Hins vegar veit ég ekki betur en fundin hafi verið upp allgóð aðferð til að afstýra hættum af þessum sökum. Hún er í því fólgin að fundin hafa verið upp glitspjöld sem, að því er mér er tjáð, er mjög auðvelt að festa framan á bifreið þeim megin að sjálfsögðu sem ökuljósið hefur dofnað eða bilað. Þessi uppfinning er runnin undan rifjum Borgnesings, Magnúsar Thorvaldssonar. Ég veit reyndar ekki hvar þessi uppfinning er í kerfinu, ef ég má svo að orði komast, hvort málið hefur náð svo langt að það kæmist einhvers staðar til framkvæmda. Kannske er hæstv. dómsmrh. kunnugt um það. Hann er yfirmaður þessara mála. En ég tel að vert væri að skoða hvort þetta væri ekki leysanlegt, einmitt með þeim hætti að menn hefðu í bílum sínum þessi glitspjöld sem væri auðvelt að festa framan á bifreið. En ekki meira um það.

Ég tek að sjálfsögðu heils hugar undir orð hv. 4. þm. Reykn. hversu brýnt er að halda uppi skeleggum áróðri um umferðarmál, gildi umferðarmenningar í landinu. Hv. þm. boðaði flutning þáltill. um þjóðarátak í umferðaröryggi. Ég tel það mjög þarfa till. sem hún boðar.

Vegna umræðna um 64. gr. frv. og reyndar fleiri atriði sem varða sama mál, þ.e. skráningu ökutækja, er alveg ljóst að það er hvergi fyrir mælt í frv., eða í lögunum ef svo verður, að landið skuli eitt skráningarumdæmi. Það er hvergi tekið fram í frv. þannig að það liggur í hlutarins eðli að framkvæmdin er í hendi dómsmrh. Því tel ég eðlilegt að spyrja núverandi hæstv. dómsmrh. hvað hann ætlist fyrir í þessum efnum. Með samþykkt þessa frv. mun ég ekki líta svo á að ég hafi veitt hæstv. dómsmrh., hver svo sem verður um framkvæmdina, óskorað umboð til þeirra breytinga sem hér hefur verið rætt um, einfaldlega vegna þess að það er enginn ákveðinn vegvísir og ótvíræður í frv. að mínum dómi um þau efni.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta frv. Ég geri fremur ráð fyrir því að frv. fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Það hefur verið unnið mikið í þessu máli og ýmis ákvæði frv. eru vissulega til bóta.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls og þann áhuga sem komið hefur fram í umræðunum á að afgreiða það. Og ég vil taka undir að það er að mínu mati ákaflega brýnt. Það hefur verið vikið að ýmsum atriðum sem formaður allshn. hefur lýst yfir að nefndin muni taka til skoðunar á milli 2. og 3. umr. og athuga hvort þar sé eitthvað að finna sem hægt er að bæta úr. Ég ætla því ekki að tefja tímann með því að rekja einstök atriði, en vegna fsp. sem hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Vesturl., beindi til mín um skráningu vil ég lýsa því yfir að vegna þess að þeir sem að þessum málum vinna telja hér um mikla hagræðingu og sparnað að ræða mun ég leggja það til, en hitt er að sjálfsögðu augljóst að þó að hraðar hendur verði hafðar á með undirbúning á útgáfu reglugerða verður það skammt á veg komið þegar núverandi kjörtímabili lýkur og því ekki að vita hvaða dómsmrh. mun um það fjalla.

En í sambandi við það vil ég að sjálfsögðu taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði, að það þarf að kynna þetta mál vel eins og umferðarmálin öll og því er þarna mikið starf fram undan. En því fyrr sem þetta frv. verður afgreitt og það verður að lögum þeim mun nær færast menn því að það starf verði hægt að vinna og ljúka svo að tilgangi þessarar lagasetningar verði náð í sem ríkustum mæli.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta. Það er bara örstutt athugasemd í sambandi við umferðarhraðann. Það kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. að hann hafði vissan ugg í því sambandi. Ég vildi þess vegna láta koma fram við umræðuna að að sjálfsögðu er nefndin ekki þeirrar skoðunar að 100 km hraði eigi að vera allsherjarregla. Við gerum okkur vel grein fyrir því að umferðarmannvirki hér á landi bjóða ekki upp á það, en við treystum lögreglu og yfirvöldum til að fara vel með það vald sem þeim er fengið þarna. Ég vildi ekki láta umræðum lokið án þess að þetta kæmi fram.

Ljósanotkunin var hér til umræðu líka. Hér er um vissa málamiðlun að ræða því það hefur komið fram að skiptar skoðanir eru um þetta mál. Ég var einn af þeim sem höfðu ekki of mikla trú á ljósanotkun allt árið áður en ég fór að skoða málið nákvæmlega, en ég hef gefið þessu auga og ég er allur að snúast í þeim efnum. Ég held að þetta skref leiði til meiri lengingar tímans síðar. En þarna er um málamiðlun að ræða sem ég vona að komist í gildi nú.

Ég ætla ekki að orðlengja um önnur atriði að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 575,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.–13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
15.–17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,3 (ný 18. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
19.–21. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
23.–26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
28.–29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
33.–36. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 575,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 575,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
39. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 575,10 samþ. með 14 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
41.–71. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 575,11 samþ. með 13 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
73.–83. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 575,12 samþ. með 12 shlj. atkv.
84. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 575,13 samþ. með 12 shlj. atkv.
85. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
86.–95. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 575,14 (ný 96. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
97.–98. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 575,15 samþ. með 13 shlj. atkv.
99. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
100.–107. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 575,16 samþ. með 13 shlj. atkv.
108. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
109.–118. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 575,17 samþ. með 13 shlj. atkv.
119. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
120. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 124, n. 577, brtt. 578.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. um breytingu á þinglýsingalögum. Nefndin hefur rætt frv. Eins og fram hefur komið við umræðu um frv. til umferðarlaga er þetta fylgifrv. sem er til þess að gera kleift að taka upp eitt umdæmi í númeraskráningu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Salome Þorkelsdóttir og Stefán Benediktsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum fyrirvörum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 578 (ný 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

42. fundur, miðvikudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Leigunám gistiherbergja, 1. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem nauðsynlegt reyndist að gefa út til að tryggja leiguhúsnæði fyrir aðkomumenn vegna leiðtogafundarins sem hér var haldinn s.l. haust.

Eftir að ákveðið var að fundurinn yrði hér kom fljótlega í ljós að mikill skortur gæti orðið á leiguhúsnæði. Haft var þá þegar samráð við öll stærstu hótelin hér og mál það vandlega kannað. Hóteleigendur fóru þess þá á leit við ríkisstjórnina að gefin yrðu út brbl. um leigunám á nokkrum hótelum því að þeir töldu að það væri eina leiðin til þess að þeir gætu tæmt þessi hótel og tryggt nauðsynlegt leigurými fyrir það lið sem talið var að leiðtogunum mundi fylgja. Talið var rétt að verða við þessu og því gefin út umrædd brbl. sem gerðu ráð fyrir því að tímabundið yrðu tekin leigunámi Hótel Esja, Hótel Holt, Hótel Loftleiðir og Hótel Saga í Reykjavík, en að sjálfsögðu var eigendum og rekstraraðilum hótelanna jafnframt falið að sjá um rekstur þeirra eins og verið hafði.

Þetta er, herra forseti, sem sagt flutt til staðfestingar á þessum brbl. Ég geri að till. minni að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Leigunám fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta er af sama toga spunnið. Það er flutt til staðfestingar á brbl. um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Norður-Ameríku og Sovétríkjanna hér á landi s.l. haust.

Þegar fundarstaður hafði verið ákveðinn að Höfða kom fram sú krafa frá öryggismönnum leiðtoganna að húsin sem í kringum fundarstaðinn eru yrðu örugglega tæmd og engin mannaferð þar leyfð á meðan á fundinum stæði. Íslenskir öryggissérfræðingar töldu þetta að vísu óþarft en eftir að málið hafði verið ítarlega kannað og rætt var þó talið að ekki væri um annað að ræða en að verða við þessum tilmælum sérfræðinga í öryggismálum og því ákveðið að taka umrætt húsnæði leigunámi frá kl. 6 föstudagskvöldið fyrir fundinn og til sama tíma á sunnudagskvöldi. Voru húsin þannig tæmd og þeim læst og höfð lokuð á meðan á fundinum stóð.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að nokkrar kröfur hafa komið fram á hendur stjórnvalda vegna þessa leigunáms. Nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar þeirra ráðuneyta sem hér eiga hlut að máli, fyrst og fremst fjmrn., utanrrn. og forsrn., hefur fjallað um þessar kröfur ásamt ríkislögmanni. Þær hafa ekki verið að fullu ræddar og úrskurðaðar og get ég ekki á þessu stigi gefið upplýsingar um þær, en að sjálfsögðu getur nefndin aflað sér nánari upplýsinga ef hún svo kýs.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð þar sem málið er mjög vel kunnugt og legg til að frv. þessu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 564.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég sé að vísu að báðir ræðumenn stjórnarandstöðunnar, sem hér höfðu talað s.l. mánudag og urðu til þess að ég taldi nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um fullyrðingar þeirra um þau mistök sem urðu seinni hluta ársins 1984, eru fjarverandi, og get því í raun stytt mál mitt allverulega.

Ég vil þó geta þess lauslega sem ég nefndi þá, að í upphaflegum tillögum Seðlabankans um aðgerðir í peningamálum í júlí 1984 var gert ráð fyrir a.m.k., eins og þar sagði, 2% hækkun á innlánsvöxtum og frelsi til þess að ákveða aðra vexti jafnvel án takmarkana. Í þeirri tilkynningu sem ríkisstjórnin gaf út 30. júlí 1984 var þessu mjög breytt og allt þetta frelsi mjög takmarkað, m.a. ákveðið að tímabundið væri heimilt að hækka vexti á sparisjóðsbókum um 2%, en þess skyldi gæta í sambandi við aðra vexti að vaxtamunur ykist ekki frá því sem verið hefði. Ríkisstjórnin taldi sem eðlilegt er að það ákvæði mætti tryggja að vextir hækkuðu ekki óeðlilega mikið þar sem innlánsvextir voru jafnframt ákveðnir á sparisjóðsbókum sem geyma verulegan hluta af því fé sem í bönkunum liggur. Ég vísaði því þess vegna algerlega á bug að nokkuð væri í samþykkt ríkisstjórnarinar sem gaf Seðlabankanum ástæðu til að halda svo á málum sem síðan var gert. Og ég leyfi mér enn að ítreka að þarna urðu af hendi Seðlabankans veruleg mistök sem síðan bæði héraðsdómur og Hæstiréttur úrskurðuðu að tryggðu ekki þá hámarksvexti sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 58/1960 og almennt eru kölluð okurlög. Þess hafði sem sagt ekki verið gætt í þeirri tilkynningu sem gefin var út 2. ágúst, að fullnægt væri ákvæðum þeirra laga.

Að sjálfsögðu var ekki eitt einasta orð í samþykkt ríkisstjórnarinnar sem gaf til kynna að til þessa væri ætlast. Því fer vitanlega víðs fjarri. Í tilkynningu þeirri sem Seðlabankinn gaf út í desember og kom til framkvæmda 1. janúar 1985 er þessari framkvæmd verulega breytt og ljóst að bankinn hefur talið að úrbóta væri þörf til þess að tryggt væri að hámarksvextir væru ákveðnir með tilliti til okurlaga. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að svo hefði verið og taldi því unnt að kveða upp dóm á grundvelli þeirrar tilkynningar Seðlabankans, en Hæstiréttur var hins vegar á annarri skoðun og úrskurðaði að einnig sú tilkynning væri ófullnægjandi. Ég skal ekki deila við dómarana í þessu sambandi, en ég hygg að tvímælalaust megi segja að fremur sé sú tilkynning fullnægjandi en sú fyrri. En grundvallaratriðið er í raun að Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að Seðlabankanum sé ekki heimilt að framvísa ákvörðunarvaldi sínu um hæstu vexti til viðskiptabankanna, eins og hann gerir í raun með tilkynningunni 1. janúar 1985.

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð en vil aðeins nefna það hér, því oft er fullyrt að vextir séu að öllu frjálsir, að svo er alls ekki. Ég vek athygli á því að í nýjum bankalögum er skýrt tekið fram að vaxtaákvarðanir eða stefnan í vaxtamálum skuli

ákveðin af bankaráði þar sem í eiga sæti fimm menn, m.a. fulltrúar flestra þeirra stjórnmálaflokka sem á Alþingi sitja. Sýnist mér að með því sé í raun stefnan í vaxtamálum háð pólitískri ákvörðun. Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á að þetta ákvæði yrði í viðskiptabankalögum og það var samþykkt og það er þar. Sömuleiðis vil ég vekja athygli á því að í lögum um Seðlabanka Íslands segir að Seðlabankanum sé heimilt að ákveða vaxtamun með samþykki viðskrh. og sömuleiðis sé Seðlabankanum heimilt að ákveða hámarksvexti þannig að þeir verði ekki hærri en er í helstu viðskiptalöndum okkar. Um þetta var samkomulag við meðferð málsins hér á hinu háa Alþingi og á þetta lögðum við framsóknarmenn einnig ríka áherslu.

Ég fæ ekki annað séð en að heimild Seðlabankans til þess að ákvarða vexti nú sé óvefengjanleg í lögum eins og þau eru og í raun ekki mikið á annan veg en var í fyrri seðlabankalöggjöf þar sem einnig var um heimild að ræða. Þetta vildi ég nefna til að leggja áherslu á þá skoðun mína sem greinilega kemur fram í þessu að það eru enn þá heimildir í lögum til þess að ákveða hámarksvexti.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim ræðumönnum sem hér hafa talað afstöðu þeirra til þessa frv. Hún hefur verið á margan hátt málefnaleg og ég get ekki annað séð eða fundið en að menn telji eftir atvikum að fengist hafi góð lausn á þessum málum öllum með framlagningu þessa frv.

Í sambandi við vextina, sem menn tala mikið um, þá háu vexti sem eru, þá er það mál tvíþætt. Annars vegar er upphæð innlánsvaxta. Eftir því sem vextir eru hærri og hagstæðari fá þeir sem sparifé eiga meira fyrir sitt fjármagn. Hverjir eru þeir sem eiga sparifé? Í raun og veru svaraði hv. 3. þm. Reykv. því að sumu leyti sjálfur. Hann nefndi þar stóran aðila, sem eru lífeyrissjóðirnir. Ég hygg að miðað við þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðirnir taka á sig veiti þeim ekki af þeim vöxtum sem verið hafa. Aðrir, sem eiga sparifé, eru fyrst og fremst almenningur í landinu, hinir almennu launþegar. Þeir sem standa í atvinnurekstri eiga ekki sparifé. Að þessu leyti fara því fyrst og fremst saman hagsmunir launþega og stéttarfélaganna og allra annarra sem sýna ráðdeild og eyða ekki öllu jafnóðum og þeir afla þess. Þeir leggja öðrum til fjármagnið til annarrar uppbyggingar.

Þá kemur að hinum þætti málsins. Það eru útlánsvextirnir. Útlánsvextirnir segja aðrir að séu háir. Í lögunum um viðskiptabanka er sett eftirlit á þessa útlánsvexti, eða hlutfallið á milli innlána- og útlánsvaxta. Það eftirlit er fyrst og fremst í höndum bankaráðanna. Framkvæmdaratriðin eru í höndum bankastjórna, en bankaráðin hafa úrslitavaldið. Til eru töflur og upplýsingar frá Seðlabankanum um raunvexti sem er langt mál og ég ætla ekki að fara að tíunda hérna. En hitt er sjálfsagður hlutur að þau gögn fari til þeirrar nefndar sem um frv. fjallar og óskar eftir öllum upplýsingum í þessum efnum.

Það er kannske rétt að geta þess í örfáum orðum að raunvextir í löndunum í kringum okkur, og þá er átt við bestu kjara bankaútlánin voru árið 1986: fimmveldin og Kanada 7,8%, Norðurlöndin 5,4%, önnur Evrópulönd 10,4%. Alls er meðaltalið á viðskiptavog 8%. Norðurlöndin voru framan af með lægstu raunvexti en komust til jafns við önnur lönd frá 1983, nema nú í lok síðasta árs. Ef við nefnum aftur bestu kjara vexti hér, þá segja þeir ekki alla sögu vegna þess að í samkeppni um innlánsféð hafa bankarnir tekið upp neikvæða raunvexti, en ekki nema á tilteknum bókum eða innlánum, en aftur hafa verið boðin lakari kjör á öðrum. Þannig að eins og aðrir sem sækjast eftir að fá þessi viðskipti hafa bankarnir farið út í allmikla samkeppni á síðustu árum.

Ef okkur finnst munurinn vera of mikill á innlána- og útlánsvöxtum í bankakerfinu þá vil ég halda því fram að ríkisbankarnir í landinu ráði fyrst og fremst ferðinni. Þeir eru það stórir, þeir eru með það hátt hlutfall af viðskiptunum að ef þeir væru með lægri útlánsvexti en t.d. einkabankar og sparisjóðir, þá mundu einkabankar og sparisjóðir ekki standast þá samkeppni nema lækka sína vexti einnig. Það má því segja að það séu, þegar á allt er litið, ríkisbankarnir sem ráða ferðinni. Og þá eru það hin þingkjörnu bankaráð þeirra sem eiga að vera eftirlitsmenn eða verðgæslumenn á þessu sviði.

Ég var spurður að því hér á mánudaginn hvort ég væri sammála þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. gaf eftir áramótin um það hvort sökin sé hjá Seðlabanka eða hjá hverjum sökin sé, varðandi úrslit þess dóms sem Hæstiréttur kvað upp rétt fyrir jólin. Ég geri ráð fyrir því, og ég mun ekki biðjast undan því, að ég beri eins og aðrir ráðherrar ábyrgð á ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1984, þó ég hafi ekki verið viðskrh. þá. Ég taldi að sú ákvörðun hefði verið rétt. Hún var tímamarkandi ákvörðun. En ég hygg að enginn sem þá ákvörðun tók hafi látið sér koma til hugar að slík málsmeðferð mundi eiga sér stað. Dómur Hæstaréttar kom mér algjörlega á óvart. Ég varð undrandi yfir þeim dómi. Hins vegar verðum við, þó að dómur komi mönnum á óvart, eins og dómur Hæstaréttar í þessu tilfelli, öll að hlíta niðurstöðu Hæstaréttar hverju sinni. Og ef við teljum að það komi þvert á það sem áður var áformað þá verður að bregðast við því með því að uppræta það misræmi sem þarna skapaðist. Ég verð nú að segja það eins og er, þetta kemur upp á síðustu dagana fyrir jól, að það var brugðið fljótt við. Ég bregst það fljótt við sem viðskrh. að ég hef strax samband við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði og niðurstaðan varð sú að prófessor Jónatan Þórmundsson tók að sér að semja það frv. sem hér liggur fyrir og fór víða að leita fanga meðal sérfræðinga. En ég vil líka taka það fram að það var þá þegar búið að vinna mikið verk í sambandi við undirbúning að löggjöf um vaxtamál.

Menn mega alls ekki halda því fram, og síst af öllu

í alvöru, að í raun og veru hefði ekkert verið gert í þessum efnum nema af því að þessi hæstaréttardómur féll á þessa leið. Á síðasta þingi var flutt frv. til vaxtalaga, hluti af því máli sem hér er til umræðu. Það frv. varð ekki útrætt. Ég bendi líka á það að Alþingi hefur lögfest bæði ný lög um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. janúar 1984, og lög um Seðlabanka, sem tók gildi 1. maí 1986. Þessi lög eru mjög merkur þáttur í bankamálum og margvíslegt sem hefur skeð, einnig með setningu margra fleiri laga, t.d. á síðasta þingi, sem ég ætla ekki að fara að telja frekar hér upp.

Ef við lítum á þróun vaxtamála og hvaða áhrif þau hafa haft á undanförnum áratugum til þess að kynda undir verðbólgu, þá hljótum við öll að verða sammála um það að fyrir löngu hefði átt að vera búið að taka upp líka stefnu og nú hefur verið í gildi á undanförnum árum. Áður var það viðtekin regla að halda svo niðri innlánsvöxtum að fólk fór frekar með peninga sína eiginlega í allt annað en í innlánsstofnanir. Það fé sem fólk var svo óhamingjusamt að leggja inn í innlánsstofnanir brann upp í verðbólgubáli þeirra ára eða áratuga.

Hverjir voru það sem áttu þetta fé? Það var fyrst og fremst almenningur í landinu, fólk sem var að spara fjármuni til að geyma til efri ára þegar heilsan bilar og fólk hættir að geta unnið úti. Þessir fjármunir urðu að engu, ekki á nokkurra ára bili heldur áratugum saman. Með þessu léku stjórnendur þjóðfélagsins þetta fólk mjög grátt, allan þennan tíma. En hverjir nutu góðs af? Voru það þeir sem ekkert áttu? Voru það þeir sem unnu fyrir daglaunum þeirra tíma? Nei, það voru þeir sem fóru í að kaupa og braska, eins og við gjarnan köllum það, þeir nutu góðs af niðurgreiddum útlánum. Ekki, eins og ég segi, í nokkur ár, heldur nokkra áratugi. En hvað er að gerast núna? Nú verða menn að borga fyrir fjármagnið sem fá það að láni og hinir sem eiga þetta fjármagn fá núna meira fyrir það en áður gerðist. Þetta tel ég vera heilbrigða stefnu sem enginn okkar á að neita að viðurkenna.

Einn ræðumanna sagði hérna á mánudaginn að gefist hefði verið upp í uppstokkun bankakerfisins. Ég tel að uppstokkun í bankakerfinu hafi átt sér stað mjög víða, eins og ég sagði áðan, með setningu nýrra laga, svo margra. Þó að sú niðurstaða hafi orðið sem kunnugt er, og væntanlega kemur fram hér fljótlega frv. um, að stofna nýjan banka upp úr Útvegsbankanum, hlutafélagsbanka, þá hefur engan veginn verið horfið frá því, því að á sama fundi og sú ákvörðun var tekin í ríkisstjórninni að minni tillögu var ein tillaga samþykkt til viðbótar, um það að viðskrh. skipi fimm manna nefnd sem í eiga sæti einn fulltrúi Seðlabanka Íslands, einn fulltrúi frá hvorum ríkisviðskiptabankanna, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, og tveir tilnefndir af viðskrh. Þessari nefnd er ætlað að gera tillögur um endurbætur á skipulagi og starfsháttum ríkisbankanna tveggja sem hafi það markmið að auka hagræðingu, bæta þjónustu bankanna við viðskiptavini sína og treysta fjárhagslega uppbyggingu þeirra með hliðsjón af þróun bankakerfisins í heild. Nefndinni verður ætlað að gera rækilega athugun á starfsháttum og uppbyggingu tveggja ríkisbankanna með það fyrir augum að koma fram endurbótum í rekstri þeirra og gera þar tilteknar tillögur og fjalla um tiltekin atriði.

Í fyrsta lagi á að gera úttekt á útibúa- og afgreiðslukerfi þessara tveggja banka í því skyni að tryggja betri verkaskiptingu á milli þeirra, stuðla að því að útibú geti með fækkun og samruna náð hagkvæmri stærð án þess að dregið sé úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög og stefnt verði að því að veruleg fækkun geti orðið á afgreiðslustöðum og betri nýting mannafla og húsnæðis. Þá verður nefndinni ætlað að gera tillögur um leiðir til að ná meiri hagkvæmni í rekstri með því að þessir tveir bankar hafi samvinnu um ýmiss konar sérhæfða þjónustu og rekstur stoðdeilda, t.d. á sviði erlendra viðskipta, og enn fremur að kanna leiðir og gera tillögur um aðgerðir til þess að jafna betur viðskipti á milli þessara tveggja banka, bæði með tilliti til heildarútlánagetu og í því skyni að bæta dreifingu útlána með tilliti til atvinnuvega og áhættu. Í þessu skyni séu bæði athugaðir möguleikar á því að flytja viðskipti beint milli bankanna og koma á samvinnu þeirra um útlán og þjónustu við stóra viðskiptabanka. Loks verður þessari nefnd ætlað að gera tillögur um hvernig megi koma föstu skipulagi á samvinnu milli stjórna bankanna tveggja sem stefni að þeim markmiðum sem ég hef hér áður lýst.

Þá má segja að margvíslegar athuganir og margvíslegar upplýsingar liggi fyrir sem hafa komið fram í gegnum alla þessa umræðu og eiga að geta flýtt verulega fyrir þessum störfum og ákvarðanatöku. Því koma þessi störf sem búið er að vinna mjög til góða í þessu sambandi.

Ég vil svo, herra forseti, ljúka máli mínu með því að taka fram að þegar þetta mikilvæga mál kemur til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar er aðalhöfundur þessa frv., sem hefur unnið það á vegum viðskrn., prófessor Jónatan Þórmundsson, reiðubúinn að mæta á fundum nefndarinnar og gefa frekari skýringar og upplýsingar og sömuleiðis, ef um frekari gagnaöflun er að ræða, er viðskrn. reiðubúið að standa fyrir því að sú gagnaöflun liggi fyrir með sem greiðustum hætti.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er tvímælalaust framför frá þeirri óreiðu sem hingað til hefur ríkt varðandi vexti hér á landi. Ég hef þó ekki haft tök á að fara svo náið ofan í þetta frv. að ég geti úttalað mig um það á þessu stigi málsins hvort á því kynnu að vera einhverjir vankantar en vænti þess að mikil áhersla verði lögð á það í nefnd þeirri sem fjallar um frv. að til þess verði vandað svo að ekki hljótist nú verri óhöpp af en þegar hafa orðið. En allt þetta mál og margumræddur hæstaréttardómur er auðvitað fullkomið pólitískt hneyksli svo að leita

verður langt aftur í þingsöguna til að finna annað eins.

Hæstv. ráðh. hefur vitaskuld viðurkennt það, svo og hæstv. forsrh. sem orðaði það svo hér við síðustu umræðu að hér hefðu orðið alvarleg mistök og hér hefði orðið hneyksli. Það er svo sem gott og blessað að viðurkenna það. En alvarlegra er auðvitað að fólkið í landinu borgar þetta hneyksli.

Hæstv. viðskrh. sagði hér rétt áðan að hæstaréttardómurinn hefði komið honum mjög á óvart. Það hefði dómurinn ekki þurft að gera vegna þess að 20. júní 1985 var svarað fsp. á hinu háa Alþingi sem ég hafði borið fram og hún hljóðaði svo:

„1. Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?

2. Hefur ágreiningi milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útreikning vaxta af veðskuldabréfum verið skotið til dómstóla?"

Af hverju skyldi þessi fsp. hafa verið borin fram? Vegna þess að það var ljóst að hæstu lögleyfðir vextir voru ekki ákveðnir. Og hverju svarar svo hæstv. ráðh.? Hann svarar auðvitað með bréfi Seðlabankans sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa kafla úr svo að ég geti sannfært hv. þingheim um að Seðlabankinn sagði ráðherra sínum einfaldlega ósatt. Þetta er kafli úr umræddu svari sem var lagt fram skriflega hér í þinginu:

„Vextir þessir giltu þar til Seðlabankinn breytti þeim með auglýsingu, dags. 14. ágúst 1984, með gildistöku frá og með 20. sama mánaðar og urðu þeir 6% á ári annars vegar og 7% á ári hins vegar af verðtryggðum lánum skv. 5 hér að framan og 23% á ári skv. 4 hér að framan. Vöxtum af lánum skv. 5 hér að framan var síðan breytt með auglýsingu frá Seðlabankanum, dags. 26. okt. 1984, með gildistöku hinn 7. nóv. s.l. og urðu þeir 7% á ári annars vegar og 8% á ári hins vegar. Breyting þessi varð sú síðasta á árinu 1984 er þessa vexti varðar.

Frá og með 1. jan. 1985 hefur Seðlabankinn ákveðið vexti af lánum með verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu 4% á ári annars vegar og 5% á ári hins vegar og eru þeir óbreyttir enn og gilda skv. auglýsingum Seðlabankans bæði um ný og eldri skuldabréf sem eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Frá og með 1. jan. 1985 hafa gilt ákvæði auglýsinga Seðlabankans um meðaltal vaxta nýrra almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum, í hverjum mánuði um vexti skuldabréfa óverðtryggðra sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984 með ákvæðum um breytanlega vexti." Síðan hleyp ég hér yfir kafla svo að þessi langi lestur taki nú enda, en svar Seðlabankans endar svona:

„Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, svo og að framangreindar auglýstar ákvarðanir um vexti gilda bæði utan og innan innlánsstofnana, en um þessi atriði hefur vart verið ágreiningur, verður að telja að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessu efni en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars."

Þetta segir seðlabankastjóri ráðherra sínum fyrir nákvæmlega ári síðan eða tæpu þó.

Seinni spurningunni, hvort ágreiningi milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útreikning vaxta hafi verið skotið til dómstóla, svarar Seðlabankinn, með leyfi forseta:

„Í bréfi Seðlabankans segir að af hans hálfu hafi engin málsókn verið hafin. Ekki sé vitað hvort skuldarar hafi farið í mál við kröfuhafa út af ágreiningsefni af þessu tagi."

Þegar þetta svar hafði borist hingað inn á hið háa Alþingi fór ég í fjóra viðskiptabanka og spurði hvort þeir teldu um réttar upplýsingar að ræða og hvort þeir væru þeim samþykkir. Aldeilis ekki. Viðskiptabankarnir eða starfsmenn þar sögðu einfaldlega: Þetta er dauðans bull í þeim seðlabankamönnum.

Önnur hlið málsins sneri hins vegar að virðulegum alþm. þjóðarinnar sem vogaði sér að leita upplýsinga í ríkisbönkum og Seðlabanka: Framkoman, valdhrokinn og fyrirlitningin, sem ég mætti í þessum stofnunum, var svo yfirgengileg að það væri önnur hneykslissaga. Mér var vísað milli deilda í Seðlabanka Íslands með lítilsvirðingarathugasemdum og þótti nú ekki líklegt að ekki stærri kvenmaður hefði vit á öðrum eins göldrum eins og útreikningur vaxta virðist vera í þessum stofnunum. Málið liggur einfaldlega þannig fyrir að það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. hefur sagt. Þetta mál er pólitískt hneyksli og þetta er embættislegt hneyksli.

Þegar ég síðan skrifaði blaðagreinar um þetta mál og þennan ágreining sem var milli viðskiptabanka og Seðlabanka urðu viðbrögð svo sem ekki mikil. Ekki veit ég hvort hæstv. viðskrh. nennti að lesa þær greinar. En þá hefði hann heldur ekki þurft að verða svona hissa þegar hæstaréttardómurinn féll.

Þegar hæstaréttardómurinn var fallinn var viðtal við seðlabankastjóra í fjölmiðlum. Hvað segir hann þá? Hann segir að enginn viðskiptabankanna hafi hækkað vexti eða ákveðið vexti nema að fengnu leyfi Seðlabankans. Það segir hann sjö mánuðum eftir að hann sagði að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessum efnum en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars. Viðskiptabankarnir gerðu hins vegar allt annað og margir hverjir kröfðust miklu hærri vaxta og nú segir Seðlabankinn: Það var með mínu leyfi.

Er hægt að bjóða hinu háa Alþingi annað eins og þetta? Og svo standa menn eins og þvörur og þykjast ekki bera ábyrgð á einu eða neinu. Hvert er hlutverk Seðlabanka Íslands? Ég held að það væri ekki úr vegi að upplýsa hv. þingheim og hæstv. ráðh. um það. Meginhlutverk Seðlabanka Íslands er „að hafa stjórn á peningamagni í umferð og að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt", eins og segir í 3. gr. laga nr. 36/1986. Seðlabanki á jafnframt

að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Hann á að fara með gengismál, annast gjaldeyriskaup og gjaldeyrissölu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um gjaldeyris- og peningamál. Loks er hann banki innlánsstofnana, en jafnframt skal hann einnig skv. núgildandi lögum hafa eftirlit með viðskiptum þeirra. Seðlabankastjórar og stjórn Seðlabankans eru ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina í peningamálum. Ég hlýt að spyrja hvort ríkisstjórnin treystir þeirri ráðgjöf eftir það sem á undan er gengið.

Ég held að það gleymist stundum í þessari umræðu hverjir okruðu. Það er alltaf talað um einhverja óhamingjusama menn sem höfðu fé af samborgurum sínum á kannske óvenjulega grófan hátt. En það voru ekki bara þeir sem okruðu. Það voru viðskiptabankarnir sjálfir. Jafnvel lífeyrissjóðirnir. Í þessari vaxtaóreiðu okruðu allir. Fólk sem greiðir neyslu sína með greiðslukortum greiðir dráttarvexti í heilan mánuð þó að það greiði mánaðarskuld sína einum degi seinna en gjalddaginn segir til um. Hver ákvað það? Og hver ákvað hve mikla dráttarvexti þetta fólk greiðir? Það ákveða þeir aðilar sem eru í forustu fyrir fyrirtækjunum sem að greiðslukortunum standa.

Ég hef margsinnis bent á þetta en það hefur enginn hér inni hlustað á það né gert tilraun til að ná einhverri stjórn á þessum óskapnaði. Auðvitað liggur ábyrgðin á okkur öllum sem erum hér inni, á ríkisstjórninni sem ákvað svokallað vaxtafrelsi sem ekkert hefur auðvitað reynst annað en frelsi til að hafa fé af fólki, Seðlabankanum sem ekki leysti ráðgjafarhlutverk sitt betur af hendi en dæmin sanna og okkur hér sem sátum eins og sofandi sauðir og létum þetta viðgangast. Við skulum þá öll axla þá ábyrgð.

Það sem er hins vegar alvarlegt í málinu er að þetta hefur kostað fjölda fólks eignir sínar. Hér hefur farið fram stórfelld eignaupptaka í landinu. Fólk, sem átti kannske íbúð, skipti um íbúð og hélt að það ætti verulegan hluta kaupverðsins í fyrri fasteigninni, það er farið að skulda tvær fasteignir. Og hver ber ábyrgð á því? Við berum ábyrgð á því, hæstv. ríkisstjórn fyrst og fremst og ráðgjafarnir, Seðlabanki Íslands. Það mætti kannske spyrja í framhaldi af þessu: Eitt er nú að segja: Þetta voru mistök og hneyskli, og biðja guð að fyrirgefa sér. En hefur engum dottið í hug að reyna að leiðrétta þetta við fólkið í landinu? Hefur engum dottið í hug að reyna að bæta þessu fólki þessi mistök, því að það er það fólk sem situr uppi með afleiðingarnar af þessu öllu saman.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt meira. Ég hef gert mitt besta hér á hinu háa Alþingi til að fá menn til að vakna af þessum Þyrnirósarsvefni. Ég þurfti sjálfan Hæstarétt til að koma mér til hjálpar og betur en ekki. Ég mun að sjálfsögðu eins og aðrir hv. þm. kanna vel þetta frv. til vaxtalaga og leita mér ráðgjafar sem ég vænti að sé betri en ráðgjöf Seðlabankans til þess að hér verði ekki aftur mistök.

Hins vegar vil ég áður en ég lýk máli mínu vekja athygli á að fyrir þinginu liggur frv. sem ég hef lagt fram ásamt fleiri hv. þm. Alþb. *sem litla afgreiðslu* hefur hlotið enn og hlýtur sennilega ekki. Það heitir frumvarp til laga um Bankaeftirlit ríkisins. Það hefndi sín illa þegar þessi mál stóðu yfir hversu veikburða bankaeftirlitið er, enda undir stjórn Seðlabankans. Frv. okkar gerir hins vegar ráð fyrir því að Bankaeftirlit ríkisins verði sjálfstæð stofnun sem virkilega geti sinnt eftirliti með peningamálum og vaxtamálum. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að greiðslukortaþjónustan falli undir bankaeftirlitið á sama hátt og verðbréfaviðskipti og önnur viðskipti við innlánsstofnanir.

Ég vil biðja menn að þessu gefna tilefni að reyna að lesa nú þetta frv. og kanna hug sinn um hvort ekki sé talið rétt að styrkja bankaeftirlit ríkisins og gera það að sjálfstæðri stofnun svo að það geti sinnt þeim verkefnum sem því eru falin í lögum um Seðlabanka *en það hefur engin tök á að sinna.*

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að halda svo sem eins og einn fund um hvort verjandi sé að gera ekki minnstu tilraun til þess að bæta þeim sem liðu fyrir mistökin og hneykslið í beinhörðum peningum, vegna þess að það fólk borgaði mistökin og hneykslið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem síðasti ræðumaður sagði og vil byrja á því að segja að margur er knár þótt hann sé smár. Ég vildi einnig hafa haft lengri tíma til að undirbúa mig undir þessa 1. umr., en ég fagna því að þetta frv. skuli nú vera komið fram. Reyndar hefði það átt að vera komið fyrir löngu og hefði ekki átt að þurfa það tilefni sem varð hvatinn að samningu þess, þ.e. þann hæstaréttardóm sem féll í desember s.l. og hefur áður verið ræddur. Menn hefðu nefnilega átt að vera betur með á nótunum í júlílok 1984, vera framsýnni og gera sér grein fyrir því hverjar afleiðingar ákvarðanir þeirra kynnu að hafa, og hlusta t.d. betur á stjórnarandstöðuna.

Aðdragandi þessa frv. hefur verið nokkuð ítarlega rakinn hér áður í þessum umræðum í pólitískum ræðum. Það má vera að sumum finnist komið nóg en þó hlýt ég að bæta þar aðeins við áður en ég sný mér að því að ræða frv. sjálft vegna þess að tilefni þeirrar atburðarásar sem síðan leiddi til frumvarpsgerðarinnar var einmitt pólitísk mistök, ein af mörgum pólitískum mistökum þessarar ríkisstjórnar sem leitt hafa vandræði yfir ýmsa hópa fólks í þjóðfélaginu eins og einmitt síðasti ræðumaður benti á og fjöldi þessara hópa fer vaxandi. Ég hlýt að minnast á þetta í upphafi máls míns vegna þess að þetta vinnulag hefur ráðið um of í gerðum þessarar ríkisstjórnar sem nú situr.

Veigamiklar ákvarðanir hafa verið teknar og endurteknar í efnahagsmálum samkvæmt ráðleggingum

sérfræðinga og ráðgjafa ríkisstjórnarinnar en oft að því er virðist án allra tengsla við fyrri ákvarðanir eða hver áhrif nýjar ákvarðanir mundu hafa á ferli þeirra sem áður voru teknar. Þessi hólfaða hugsun sem ég kýs að kalla svo sem býr að baki stjórnunarákvörðun þessarar ríkisstjórnar er mjög hættuleg og hefur sýnt sig að vera fjandsamleg fólki. Henni er stundum hampað sem rökhyggju en í raun ber hún fyrst og fremst einkenni þess hugsunarháttar sem kenndur er við karla. Hin karlmannlega hugsun einkennist m.a. af því að vera sundurgreinandi, analytisk og hefur þá gjarnan tilhneigingu til að einangra vandamál, hugsa um þau í hólfum. (**ÓÞÞ:** Er þetta ekki brot á jafnréttislögunum?) Síðan er ekki öllum gefið að tengja saman á ný, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, eftir að vandamálin hafa verið sundurgreind. Það hefur þessari ríkisstjórn m.a. ekki tekist. Hún stefndi hópi manna í ómæld vandræði og sumum hreinlega í gjaldþrot þegar hún bannaði verðbindingu launa á árinu 1983 og jók síðan enn við vanda þeirra með því að leyfa óheft vaxtafrelsi sumarið 1984. Á þessu ber ríkisstjórnin, þeir sem í henni sitja og þeir sem hana styðja, algera ábyrgð. Þess vegna verður stjórnin líka að bæta fyrir mistök sín í stað þess að yppta öxlum, vísa ábyrgðinni annað og segjast vera ósköp leið yfir þessum mistökum. Og ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði. Henni ber að leiðrétta þau mistök sem hún hefur gert.

Sumarið 1984 þegar ákvörðun var tekin um að gefa vexti frjálsa varaði Kvennalistinn mjög við þessari ákvörðun og lýsti áhyggjum sínum yfir vaxtahækkununum, einkum vegna launafólks og húsbyggjenda. Í svipaðan streng tóku aðrir flokkar stjórnarandstöðunnar. Ég gerði þá fsp. til fjmrn., og reyndar til Seðlabankans, um það hvernig hámarksvextir yrðu ákvarðaðir. Mér var þá tjáð að samstarfsnefnd bankanna mundi sinna þessu og væntanlega gefa út um það reglur. Þessar reglur sáust aldrei. Síðan varð sú ógæfusama þróun á fjármagnsmarkaði sem leiddi til þeirra okurmála sem hér voru til umræðu á síðasta þingi og á hún beinar rætur að rekja til þessarar ákvörðunar um vaxtabreytingar sem tekin var í júlí 1984 af ríkisstjórninni. Það er ekki nóg að láta sér koma á óvart þá dóma sem falla í Hæstarétti eins og hæstv. viðskrh. minntist á áðan. Það er miklu vænlegra að vita hvað maður sjálfur er að gera, að hafa vit til þess að reyna að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna. Það þarf fleira en rökhyggju og karlmannleg gildi við stjórnvölinn. Það þarf líka framsýni og hugsun sem umlykur og tengir þannig að manneskjurnar séu með í dæminu en ímynd þeirra standi ekki sem dauðar tölur eða leiksoppar á blaði.

Ég mun nú snúa mér að því að fjalla lítillega um þetta frv. en mér mun að sjálfsögðu gefast betra tækifæri til þess að fá skýringar við ýmsum atriðum þess í hv. fjh.- og viðskn., en þar hef ég áheyrnaraðild.

Ég vil ítreka ánægju yfir því að þetta frv. skuli nú loksins komið fram því að löngu er kominn tími til þess og þykir mér eðlilegt að lög um vexti séu í heildstæðum lögum en ekki sitt á hvað og í jafnmikilli óreiðu og þau voru. Mér sýnist að verk frumvarpshöfundar hafi að mörgu leyti verið vandasamt og tekist ágætlega og hann valið að fara nokkurn milliveg milli þess að hér ríki ákveðið vaxtafrelsi, en það fari þó ekki úr hömlu. Lögin eiga auðvitað að vera þannig að þau tryggi réttindi bæði lánara og skuldara.

Frv. skiptist í fjóra kafla. Í I. kaflanum, um gildissvið, hafa verið gerðar litlar breytingar og er hann nánast sem í gömlu lögunum. Í sambandi við II. kafla langar mig að bera fram fsp. um það hvernig venja skapast því að þar er talað um að farið skuli eftir venju. Hve lengi þarf ákveðin háttsemi að hafa staðið til þess að venja skapist um hana? Er t.d. nóg að nokkrir stórir og virkir aðilar stundi þessa háttsemi, t.d. verðbréfamarkaðir? Og hvað t.d. um þá háttsemi sem tíðkaðist á verðbólgutímum? Getur hún verið venjuskapandi?

Síðan er ljóst í þessu frv. að það hefur verið ákveðið að koma sér hjá því að meta verðtryggingu sem vexti og er hvergi gerður greinarmunur á því hvort fjárskuldbindingar séu miðaðar við vísitölu eða ekki. Það virðist alls ekki réttlátt að breytilegir vextir geti átt við með sama hætti um verðtryggðar skuldbindingar eins og þegar um óverðtryggðar skuldbindingar er að ræða vegna þess að í verðtryggingunni er nefnilega þegar fólgin skuldbinding um fullvirðisgreiðslu.

Hvað varðar kaflann um útreikning dráttarvaxta má segja að þar sé ákveðið skuldara í hag vegna þess að dráttarvextir munu þar vera lægri en nú tíðkast og má segja að það sé ágætt að mörgu leyti. Hins vegar er undarlegt að það skuli heimilt að semja um allt nema dráttarvexti. Það gæti verið að það borgaði sig. Dráttarvextir eru auðvitað hugsaðir sem einhvers konar hvatning til þess að fólk standi í skilum og ljúki skuldum sínum en ef dráttarvextirnir verða lægri en raunvextirnir eða venjulegir vextir gæti það leitt til þess að fólk tefji það að borga skuldir sínar. Þetta er umhugsunarefni sem mig langar að varpa fram og gera fsp. um hvernig það er hugsað.

Síðan er ákvæði í 10. gr. sem þegar hefur verið minnst á og það gagnrýnt. Það fjallar í raun um það að taka rétt til vaxtaákvörðunar af ríkisstjórninni og fela alfarið Seðlabankanum. Nú eru vaxtaákvarðanir í raun hagstjórnartæki og ég álít að það megi sem slíkt ekki taka af ríkisstjórn.

Það eru ýmis önnur atriði sem ég hefði gjarnan viljað minnast á í þessu frv. en ég ætla að geyma það frekar til síðari tíma og eftir umfjöllun í nefnd. Þó get ég ekki annað en tekið undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á skilgreiningu okurs, þ.e. hversu fjarskalega rúmt það er skilgreint. Ég viðurkenni að þetta er mjög vandasamt verk og hefur örugglega ekki verið létt að taka ákvörðun um það hvernig átti að standa að því. En ég hlýt að vekja athygli á því sem segir í athugasemd um 17. gr. á bls. 12 í frv. að í raun þarf að vera um grófa misnotkun að ræða til

þess að hún geti talist refsiverð. Þetta er mikið túlkunaratriði og það er spurning um hvað er gróft. Síðan er talað um óréttmætan hátt sem ætlaður sé sem eins konar fyrirvari til dómstóla um mat á refsiverðleika háttseminnar og þrengingu á efnissviði ákvæðisins. Það hafa þegar komið fram efasemdir og gagnrýni um þessa skilgreiningu og ég vil taka undir þær en jafnframt viðurkenna að það er mjög vandasamt að skilgreina þessa háttsemi svo að vel sé og um þetta hlýtur að verða fjallað nánar í nefndinni.

Að lokum vil ég fagna því aftur að frv. skuli komið fram og vil sannarlega stuðla að því fyrir hönd Kvennalistans að það fái skjóta afgreiðslu hér á þinginu, eftir að tillit hefur verið tekið til gagnrýni og athugasemda.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að hér hafi farið fram nokkuð gagnleg umræða um peninga- og vaxtamál. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn beri saman bækur sínar hér málefnalega og átti sig á því hvernig þessir hlutir hafa þróast á undanförnum árum. Það vill oft brenna við í þessum pólitísku umræðum að menn tala um málin í einfaldari vendingum en efnisleg ástæða er til. Hér er vissulega komið að þætti í okkar efnahagsmálum sem er flókinn og má m.a. sjá það af því að við höfum ekki verið með samræmda vaxtalöggjöf hér á landi, svo skrýtið sem það nú er, og við höfum t.d. ekki samræmda skuldabréfalöggjöf enn þá og engin frv. hafa verið flutt um það. Í fjármunaréttinum og kröfuréttinum t.d. hafa okkar dómstólar orðið að byggja fyrst og fremst á venjum. Það er í raun og veru óskráður réttur í öllum meginatriðum, svo merkilegt sem það nú er þegar langt er liðið á 20. öld og okkar þjóðfélag hefur verið að taka mjög hröðum breytingum. Það er náttúrlega mjög sérkennilegt að hugsa til þess að hér sé saman komin löggjafarstofnun sem veit af því um áratugaskeið að tiltekin mikilvæg svið réttarins og vinnugrundvallar okkar dómstóla eru í raun og veru framkvæmd og unnin og ákveðin án þess að lög séu til.

Ég vildi aðeins í framhaldi af þessum umræðum sem hér hafa farið fram rifja upp nokkur atriði varðandi vextina sérstaklega og tilteknar staðreyndir um þróun vaxta hér á undanförnum árum. En áður en ég kem að því vil ég víkja að því atriði sem einnig var komið rækilega inn á hér áðan í máli hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur, að óvissan í sambandi við vaxtamálin hefur í raun og veru verið ljós allan tímann, allt frá 1984. Og sú óvissa hefur skapað margvíslegan vanda, margvísleg óþægindi og erfiðleika, bæði hjá einstaklingum og í atvinnulífinu hér á landi.

Seðlabankinn fullyrti strax á árinu 1984 að í rauninni hefði hann allt vald í þessum efnum svo sem verið hefði. Lögum hefði ekki verið breytt. Lögin væru þau sömu og þess vegna gæti hann í raun og veru tekið ákvarðanir með svipuðum hætti og verið hefði þó að hann hefði um skeið afhent viðskiptabönkunum hluta af þessu vaxtaákvörðunarvaldi. Ég tók eftir þessum yfirlýsingum Seðlabankans og m.a. kom þetta til umræðu hér 5. des. 1984. Þá var þetta mjög rækilega rætt í tengslum við frv. sem Alþb. flutti um verndun kaupmáttar. Umræðan um það mál tók eina fimm daga hér í hv. Nd. Í sambandi við vaxtaákvörðunina sagði ég m.a. í þessum umræðum, með leyfi forseta:

„Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að þessi vaxtaokurstefna sem hér hefur verið framkvæmd hlýtur að leiða í stórfelldar ógöngur fyrir þjóðarbúið. Þessi stefna byggist á því að Seðlabankinn — eða ríkisstjórnin öllu heldur hefur afhent vaxtaskráningarvald til viðskiptabankanna. Og ég vil segja við hæstv. viðskrh.: Það orkar tvímælis að þessi ákvörðun sé lögleg. Skv. 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands hefur Seðlabankinn rétt til þess að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Það er Seðlabankinn sem hefur þessa heimild, þennan rétt. Og þessa heimild hefur Seðlabankinn þegið af Alþingi í löggjöfinni. Nú hefur Seðlabankinn hins vegar án lagaheimildar, án breytingar á seðlabankalögunum framselt ákvörðunarvald sitt í vaxtamálum að langmestu leyti öðrum aðilum í þjóðfélaginu og gefið vexti að miklu leyti frjálsa eins og það er kallað. Ég hef ekki séð lögfræðilega álitsgerð um þetta efni en ég dreg í efa að Seðlabankinn hafi heimild til að framselja öðrum aðilum vaxtaákvörðunarvaldið nema Alþingi breyti seðlabankalögunum. Og ég hef engin rök séð frá ríkisstjórninni eða Seðlabankanum fyrir því að þetta séu lögleg vinnubrögð. Mér er nær að halda að hér sé um að ræða hreina lögleysu og að Seðlabankinn sé með þessum vinnubrögðum að bregðast lagaskyldum sínum gagnvart hinum almenna peninga- og lánamarkaði í landinu."

Það er merkilegt að þegar ég legg þessar upplýsingar hér fram 5. des. 1984 þá kemur þáv. hæstv. viðskrh. og andmælir mér mjög harðlega. Nú hins vegar í ársbyrjun 1987 kemur hæstv. forsrh. og tekur undir það að það hafi verið hæpið að Seðlabankinn afhenti öðrum það vald sem Seðlabankinn hafði þegið úr hendi löggjafans með lögum frá Alþingi. Þessi umræða haustið 1984 byggðist á frv. um verndun kaupmáttar o.fl., sem Alþb. flutti, þar sem m.a. sagði svo, með leyfi forseta, strax haustið 1984, — takið eftir því:

„Til þess að lækka fjármagnsbyrði húsbyggjenda og atvinnuvega verði vextir lækkaðir sem hér segir:

1. Útlán til skemmri tíma en 10 ára er óheimilt að vísitölutryggja. Seðlabankinn ákveður vexti þessara lána að fengnu samþykki ríkisstjórnar.

Óheimilt er að vextir verði hærri en 2% umfram það stig sem verðbólga hefur mælst síðustu 3 mánuði.

2. Lán til lengri tíma en 10 ára mega þó vera vísitölutryggð en vextir aldrei hærri en 3% umfram verðbólgustig.

3. Dráttarvextir verði að hámarki sem samsvarar 10% yfir verðbólgustigi eins og það er áætlað á ári af Seðlabankanum."

Og síðan segir hér:

„Vextir umfram það sem hér er greint skulu teljast okurvextir, skv. lögum nr. 58/1960."

Skyldi það nú ekki vera ljóst fyrir hverjum einasta manni í dag að það hefði verið rétt að samþykkja þessa tillögu strax haustið 1984? Hún lá hér fyrir í þskj., fékk fimm daga umræðu í hv. Nd., en aldrei var aðstaða til þess að ná málinu afgreiddu út úr fjh.- og viðskn. þann vetur.

Ég er að nefna þetta hér, virðulegi forseti, til að sýna fram á það að allar aðvaranir lágu fyrir, allar upplýsingar lágu fyrir og tillögur um hvernig ætti að bæta úr. Beinar tillögur í lagafrumvarpsformi um það hvernig úr þessu átti að bæta. Mér finnst satt að segja að ef við erum að reyna að ræða málin af einhverri alvöru hér á hv. Alþingi, sem menn þurfa auðvitað að gera, þá þurfum við að skoða þessa hluti og spyrja okkur: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin athugaði ekki málið strax haustið 1984 og kom með tillögu um aðgerðir þá?

Þá er bara eitt svar til við þeirri spurningu og það er: Ríkisstjórnin treysti hinni lögfræðilegu álitsgerð Seðlabankans á þeim tíma, sem viðskiptabankarnir í raun og veru höfnuðu, eins og hér kom fram í ræðu fyrr á þessum fundi. Og þó að bent væri á að vextir umfram tiltekin mörk þyrftu að ákveðast í nýjum lögum sem okurvextir, þó að bent væri á það, þá var því hafnað af viðskrh. þessarar stjórnar. Menn geta sem sagt ekki borið það fyrir sig að þeir hafi verið grandalausir og ekki vitað hvað var uppi. Það var alveg ljóst að það var nauðsynlegt að herða á lagaákvæðum um okur strax haustið 1984 ef ekki átti illa að fara.

Ég verð hins vegar að segja það að þrátt fyrir þetta kom dómur Hæstaréttar mér á óvart. Þrátt fyrir þetta. Fyrst og fremst vegna þess að í okurlögunum eru mjög skýr ákvæði um misneytingu og ég taldi að misneytingarákvæði Seðlabankans væru með þeim hætti að okurlánastarfsemi í þeim mæli, sem hann hefur nú í raun og veru sagt að sé lögleg, væri útilokuð. Ég tel að þessi ákvæði hafi í raun og veru verið ákaflega skýr. En nú dugir ekki að deila við dómarann heldur að horfast í augu við veruleikann. Og veruleikann upplýstum við strax haustið 1984 með því að flytja þessa tillögu, þar sem stendur:

„Vextir umfram það sem hér er greint", þ.e. umfram 2 eða 3% raunvexti, „skulu teljast okurvextir samkvæmt lögum nr. 58/1960."

Ég held að í rauninni hafi hér fyrst og fremst ráðið kreddur. Sjálfstfl. vildi láta framkvæma vaxtafrelsi hvað sem tautaði og raulaði. Hér réðu kreddurnar úrslitum. Efnahagslegar kreddur íhaldsins réðu hér úrslitum og Framsfl. fylgdi með. Þess vegna er það að þegar hæstv. forsrh. segir: Þetta voru mistök, þetta var hneyksli, þá er hann í rauninni að segja: Stefna ríkisstjórnarinnar var mistök og var hneyksli, og undir það get ég tekið af heilum hug.

Í gildandi seðlabankalögum er ákvæði um það að ríkisstjórnin geti gripið inn í þróun vaxta ef raunvextir fara fram úr því sem gerist í grannlöndum okkar og ef vaxtamunur verður óhæfilegur hér á landi. Engar upplýsingar liggja nú fyrir um það hver vaxtamunur er hér á landi. Ég hygg að vaxtamunur hér á landi sé hins vegar mikið meiri en gerist í grannlöndum okkar vegna þess að bankakerfið hér er mikið dýrara en annars staðar. Vaxtamunurinn fer í að kosta bankakerfið. Bankakerfið er hér mikið dýrara en annars staðar og það er greinilegt af síðustu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í sambandi við bankakerfið að hún hefur gefist upp á því eins og mörgu öðru að taka á skipulagsmálum bankanna þó hún hafi haft öll þessi ár þingmeirihluta til að fylgja þeim málum eftir.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að vöxtunum almennt og þeim kenningum að hækkandi raunvaxtastig hafi haft í för með sér stóraukin innlán. Ég andmæli þessari kenningu og ég geri það með rökum.

Í fyrsta lagi: Ég hef undir höndum upplýsingar um það hvernig innlán hafa þróast frá 1973 til 1984 og reyndar til dagsins í dag ef menn vilja. Ef við segjum að innlán á föstu verðlagi 1973 hafi verið 100 þá voru þau 83,2 1974 en fóru niður í 75,5 1975. Eftir 1975 fara innlán á föstu verðlagi stöðugt hækkandi. Á hverju einasta ári frá 1975. Af hverju fóru innlánin svona langt niður 1975? Það er í raun og veru bara eitt svar til við því og það er sú staðreynd að eftir olíuhækkanirnar miklu 1972, 1973 og 1974 fer hér yfir gífurleg verðbólga sem hefur þessi áhrif. Það er alveg ljóst. Það er alveg augljóst mál.

Lítum á í þessu sambandi peningamagn og sparifé í hlutfalli við landsframleiðslu, en því er alltaf haldið fram að þetta sé að aukast í hlutfalli við landsframleiðslu. Hvernig hefur þróunin orðið í peningamagni og sparifé í hlutfalli við landsframleiðslu á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum? Samkvæmt upplýsingum fyrir árið 1983 sem ég hef undir höndum þá er peningamagn og sparifé í hlutfalli við landsframleiðslu í Bandaríkjunum 61%, í Hollandi 60,8%, í Danmörku 47%, í Finnlandi 43%, í Noregi 54%, í Vestur-Þýskalandi 55% en á Íslandi 26%. Þannig að sparifé og peningamagn í hlutfalli við landsframleiðslu er hér á landi aðeins helmingurinn af því sem tíðkast í löndum í kringum okkur með hliðstætt hagkerfi. Og þó að nokkur aukning hafi orðið á sparifé á föstu verðlagi hér á landi, stöðugt frá 1975, þá er það engu að síður ljóst að sparifé og peningamagn hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu er miklu, miklu lægra en í nokkru öðru landi t.d. innan OECD.

En af hverju er það, herra forseti, af hverju er það að sparnaður hefur aukist? Af hverju er það? Til þess eru margar ástæður. Fyrsta ástæðan að mínu mati er sú að með lögum nr. 13/1979 var heimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar en það var áður bannað samkvæmt lögum sem viðreisnarstjórnin

setti, ég hygg árið 1965 eða 1966. Það var bannað að verðtryggja fjárskuldbindingar. Þegar það var heimilað á ný með nýjum lögum árið 1979 þá varð þarna á umtalsverð breyting. Þetta er meginskýringin. Um leið og verðtrygging fjárskuldbindinga er heimiluð almennt gerist það að t.d. lífeyrissjóðirnir og eignir þeirra halda verðgildi sínu og stækka.

Ef við skoðum hlut lífeyrissjóðanna í peningalegum sparnaði hér á landi kemur það í ljós að heildareignir lífeyrissjóðanna, allra lífeyrissjóðanna í landinu, voru 10% af landsframleiðslu 1975. Árið 1984 eru lífeyrissjóðirnir komnir með hlutfall sitt upp í 22% af landsframleiðslu. Hlutfall lífeyrissjóðanna hefur m.ö.o. tvöfaldast, aukist um meira en 100% að raungildi á árunum 1975–1984. Í árslok 1985 voru heildareignir lífeyrissjóðanna 70% af heildarinnstæðum í bönkum og sparisjóðum í landinu. Lífeyrissjóðirnir eiga 70% af þessum heildarinnstæðum. Þannig að sá peningalegi sparnaður, sem hinn almenni svokallaði frjálsi peningamarkaður hefur skilað, er í raun og veru mjög takmarkaður, eykst mjög lítið. Þessar tölur sem ég hef lesið hér afhjúpa það að það eru lífeyrissjóðirnir sem í rauninni eru meginskýringin á því að sparifé í tölum, föstum tölum, hefur aukist á Íslandi á undanförnum árum.

Þetta er auðvitað þvert á þær kenningar, sem haldið hefur verið fram, að hinir gífurlega háu raunvextir hér á landi hafi kallað á aukinn peningalegan frjálsan sparnað almennings. Þar kann að vera um einhverja viðbót að ræða. En svo mikið er víst að aukning á sparnaði í lífeyrissjóðunum er meginskýringin á allri aukningu sparifjár á Íslandi síðustu árin, meginskýringin. Skýrir 80–90% af þessari aukningu.

Í framhaldi af þessu getur hæstv. viðskrh. sagt eins og hér áðan: Ja, hverjir eiga sparifé? Það eru lífeyrissjóðirnir. Og ekki veitir þeim nú af að fá vexti miðað við þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðirnir hafa tekið á sig. Það er ljóst að lífeyrissjóðirnir hafa tekið á sig skuldbindingar sem þýða það að í raun þyrftu þeir að hækka sín iðgjöld úr 10% í 17%. Það er sú hrikalega staðreynd sem menn standa hér frammi fyrir, sem þjóðin stendur frammi fyrir, að í raun og veru þyrfti hún að verja 7% í viðbót af sínu kaupi ef hún ætlar að tryggja ellilífeyri með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir þegar kemur rétt fram yfir aldamótin. Það þyrfti að hækka lífeyrisiðgjöld um 70%.

Er það þá eðlilegt að lífeyrissjóðirnir reyni að bæta sér upp þetta með því að hækka vexti langt umfram það sem getur talist eðlilegt vaxtastig? Mitt svar er nei. Ég tel að það sé eðlilegra að lífeyrissjóðirnir séu tryggðir með iðgjöldum en með stórkostlegri vaxtatöku, bæði af hinum almenna markaði og af ríkinu í gegnum ríkissjóð, og af byggingarsjóðunum eins og nú er gert. Hér er um að ræða ávöxtun sem er langt umfram það sem eðlilegt má teljast á þessum lífeyrissjóði. En hitt er líka rétt að þegar við stöndum frammi fyrir því að innlánsvextir verði að skila verðtryggingu a.m.k. og einhverjum raunvöxtum, nú þá er hitt líka ljóst að útlánsvextir verða að vera þeim mun hærri að jafnaði til að standa undir kostnaði við bankakerfið í landinu. Og þá er komið að þeim mikilvæga punkti að bankakerfið hér hjá okkur er dýrara en gerist í flestum löndum í kringum okkur og eru til um það ótal tölur, m.a. upp úr gögnum sem ég hef fengið nýlega.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að rekja þessar tölur um kostnað við bankakerfið hér og í grannlöndum okkar en það er alveg ljóst að það er dýrara en annars staðar og þess vegna verður vaxtamunur hér að vera meiri en víða meðan menn ekki ná tökum á því að skera niður kostnað við bankakerfið mjög verulega.

Ég vil þá aðeins víkja nokkrum orðum að þessu frv. sem hér liggur fyrir og við höfum rætt um á tveimur fundum og endurtaka það sem ég sagði fyrst: Ég tel að hér vanti í frv. heimildir fyrir stjórnvöld til að grípa inn í vaxtaþróunina. Ég tel að slíkar heimildir þurfi að vera til en það eru engar heimildir inni í frv. eins og það liggur fyrir í þeim efnum. — Ég ætla ekki að halda áfram máli mínu varðandi önnur atriði frv. nema hæstv. viðskrh. sé viðstaddur.

Ég ætla aðeins að víkja að einu atriði sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. Það er varðandi misgengi launa og lána. Það er verulegur vandi, liggur á fólki í stórum stíl. En hver ætli hafi fyrst flutt frv. hér á Alþingi um það að innleiða misgengi launa og lána nema Alþfl. haustið 1978? Alþfl. flutti hér í þinginu haustið 1978 frv. til laga um efnahagsmál sem gerði ráð fyrir því að lánskjaravísitala mældi allar fjárskuldbindingar í landinu, að alltaf væru teknir raunvextir af öllum skuldum og öllum lánum, en á sama tíma yrðu kauphækkanir takmarkaðar við um helming vísitölubóta. Þannig að höfundar þessarar stefnu misgengis launa og lána eru þeir sem sömdu upphaflega frv. Alþfl. í efnahagsmálum haustið 1978. Og hverjir ætli hafi nú verið höfundar þess frv.? Það er fróðlegt að upplýsa það fyrir ágæta menn hér í þingsalnum, m.a. þann sem ég horfi hér á. (**Gripið fram í:** Horfist í augu við.) Og horfist í augu við. Það voru tveir menn, þá utan þings, tveir Jónar, hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson, og frambjóðandi Alþfl. í Reykjavík, efsti maður á lista Alþfl. í Reykjavík, Jón Sigurðsson. Þar var í fyrsta sinn hreyft tillögum um misgengi launa og lána með þeim hætti sem núv. ríkisstjórn síðan stökk inn á þegar hún kom til valda vorið 1983, enda hafa komið fram upplýsingar um það að Alþfl. hafi þá í raun og veru verið langleiðina búinn að samþykkja efnahagsráðstafanirnar vorið 1983, m.a. bann við vísitölubótum á laun. Það er nauðsynlegt upp á hið sögulega samhengi að ágætir talsmenn Alþfl. í þessum málum, t.d. húsnæðismálum, sem gagnrýna þá þróun sem hefur orðið í misgengi launa og lána hér á undanförnum árum, geri sér ljóst að hugmyndafræðingarnir, sem höfðu sem betur fer ekki afl til að hrinda hugmyndunum í framkvæmd strax, eru tveir Jónar sem nú bera uppi Alþýðuflokks-

listann hér í Reykjavík.

Ég ætlaði þessu næst, virðulegi forseti, að bera fram við hæstv. viðskrh. eina fsp. áður en ég fer úr ræðustólnum.

Í grg. með þessu frv. sem við erum að ræða hér er gert ráð fyrir því að í raun og veru megi hafa eins háa vexti og ákveðast á hverjum tíma. Ég vil spyrja ráðherrann: Hverjir eru heimilir vextir í dag samkvæmt þessu frv.? Hvar byrjar okrið samkvæmt þessu frv.? Það er nauðsynlegt að upplýsingar um þetta liggi fyrir og í raun og veru sérkennilegt að þær skuli ekki þegar hafa verið komnar fram vegna þess að af því svari getur maður væntanlega gert sér í hugarlund hvert gagn er að því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég tel að umræðan um vaxtamál snerti pólitísk grundvallaratriði í þessu þjóðfélagi. Ég tel að í þeim efnum hafi Alþb. skipað sér með þeim hætti að vexti eigi að ákveða með tilliti til heildarhagsmuna og það eigi að vera skýrar heimildir fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að hafa áhrif á vaxtastigið. Auðvitað má hún ekki misbeita því með þeim hætti að vextir verði neikvæðir eins og hér var um skeið á verðbólgutímanum. En í þessum efnum skilur Alþb. sig frá þeim flokkum öðrum sem hafa verið að fjalla um þessi mál og ég held að það sé nauðsynlegt einmitt núna að menn geri sér grein fyrir því hvar þessi markalína liggur. Hún sést óvíða betur en nákvæmlega í þessu, hvernig á að ákveða verð á peningum í samræmi við verð á vinnuafli, þeirri einu vöru sem vinnandi maður hefur að selja í þessu landi.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni hefur það fyrirkomulag sem var á vöxtum fyrir löngu gengið sér til húðar. Vextir hafa verið ákveðnir af stjórnvöldum á hverjum tíma miklu lægri en nokkurt vit var í að gera árum saman og áratugum saman og eins og ég sagði hér áðan varð það til þess að í þeirri miklu verðbólgu sem var brann sparifé landsmanna alveg upp og varð svo að segja að engu.

Með þessari nýju stefnu er brotið í blað. Við skulum ekkert, hv. 3. þm. Reykv., deila um kostnað við bankakerfið. Við þurfum ekki að ganga langt víðast hvar á Norðurlöndum á milli banka og bankaútibúa. Það er æðimikill kostnaður þar. Í þessu sambandi skulum við taka land sem við sennilega komum flest oftast til, Danmörku. Það er ekki langt þar á milli bankaútibúa. Ég hef ekki þau gögn hér við hendina, en það er fróðlegt að fá þau gögn og þann samanburð sem er á kostnaði. Hins vegar er ég alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um að kostnaðurinn við bankakerfið er of mikill, en við megum heldur ekki einblína á kostnaðaraukann sem hefur orðið á bankakerfinu á síðustu árum. Við eigum þá líka að taka inn í stóraukna þjónustu sem bankarnir veita umfram það sem áður var. Það er ekki hægt að gera þann samanburð hér í ræðustól á örfáum mínútum. Það er allt önnur þjónusta sem bankar veita eða veitt var fyrir aðeins nokkrum árum. Þar hafa viðbrögð orðið afar mikil og jákvæð fyrir almenning í landinu.

Ef við lítum t.d. á lauslegt mat á raunvöxtum sýnir það að ávöxtun nokkurra innlánsforma eins og hún var áætluð í byrjun þessa mánaðar, þá er miðað við að verðbólguhraðinn um þessar mundir sé um 15,5% og þá er tekið mið af hækkun lánskjaravísitölu á næsta ársfjórðungi miðað við ár, og þá kemur í ljós að ávöxtun á almennum sparisjóðsbókum er 8,9%. Það þýðir mínus 5,7% raunávöxtun miðað við þessar forsendur. Sparireikningar með þriggja mánaða uppsögn eru með 10,4% ársvöxtum sem þýðir mínus 4,5% raunávöxtun. Sparireikningar með tólf mánaða uppsögn eru 12,7%, en raunávöxtun er plús 2,4% og verðtryggðir reikningar í fyrra tilfellinu til þriggja mánaða eru plús 1,4%, en það er sama ávöxtun og á sparireikningum og til sex mánaða 3,3%. Þetta eru nýjustu útreikningar, en eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í dag og á mánudaginn finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að höfuðhöfundur frv., prófessor Jónatan Þórmundsson, mæti á fundi nefndarinnar og gefi þar ákveðnar upplýsingar sérstaklega í sambandi við ýmsar fyrirspurnir, fyrirspurnir um hvenær venja skapist og með hvaða hætti. Um það þarf að fá fræðilega útlistun sem er sjálfsagt að gefa. Ég treysti mér ekki á þessari stundu að gefa hana svo tæmandi sé. Það verður að skoða allar slíkar fyrirspurnir sem er hægt að taka upp í nefndinni í sambandi við aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að afla og er fljótaflað í flestum tilfellum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég spurði að því áðan hverjir væru hæstu lögleyfðu vextir í dag ef þetta frv. væri orðið að lögum, hvar okrið byrjar samkvæmt þessu frv. Svarið við þeirri spurningu er um leið svar við því hvaða gagn er að því að afgreiða málið. Ekkert svar liggur fyrir í þeim efnum. Það er athyglisvert í lok þessarar umræðu, herra forseti.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Býst hv. 3. þm. Reykv. við að ráðherra hafi á takteinum svör við hverri spurningu sem mönnum dettur í hug að bera hér fram? Ef þm. hefði óskað eftir svari við þessa umræðu á þessari spurningu sinni hefði ég aflað þess svars. Hv. þm. var eitt sinn, að vísu stuttan tíma, viðskrh. Ég er ekkert viss um að hann hafi haft svör á reiðum höndum við hverri spurningu sem er.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka þolinmæði forsetans og vil bara segja að lokum þetta: Auðvitað gerum við ekki ráð fyrir því að hver ráðherra hafi svar við hvaða spurningu sem er sem mönnum kann að detta í hug þá og þá í þessum sal. En þetta var um kjarna málsins, hæstv. ráðh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er til framhaldsumræðu frv. til stjórnarskipunarlaga. Ég hef talað í þessu máli áður, en vegna þess sem fram hefur komið í umræðunum, svo og vegna nýrra upplýsinga sem fram hafa komið frá því að málið var síðast rætt hér, vil ég bæta nokkru við mitt mál varðandi þetta frv. og það sem því tengist, aukna valddreifingu og endurskoðun á ýmsum þáttum varðandi stöðu landsbyggðarinnar.

Hér töluðu síðast þegar málið var á dagskrá í hv. deild hv. þm. Stefán Guðmundsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Ég sé að annar hv. þm. er viðstaddur umræðuna og mér þætti vænt um að hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni yrði gert viðvart að í máli mínu kunni ég að víkja aðeins að hans ræðu án þess að ég sé að gera það að nokkru skilyrði fyrir framhaldi umræðna.

Ég vil í fyrsta lagi varðandi nýjar upplýsingar benda á skýrslu sem barst alþm. í byrjun þessarar viku undir heitinu „Byggð og atvinnulíf 1985“ þar sem er að finna margar gagnmerkar upplýsingar um þróun mála að því er snertir landsbyggðina sérstaklega, raunar alla landshluta. Og annað plagg vil ég nefna, þskj. 550, sem er svar frá hæstv. forsrh. við fsp. minni um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmætis sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum sem fram var lagt í síðustu viku.

Ég ætla ekki að hefja langan lestur upp úr skýrslu Byggðastofnunar, um byggð og atvinnulíf á árinu 1985, en aðeins undirstrika að þar koma fram upplýsingar um hraðversnandi stöðu landsbyggðarinnar, mismunandi eftir stöðum og svæðum að vísu, en á heildina litið mjög alvarleg mynd sem dregur fram þá áframhaldandi öfugþróun sem er í gangi og er frekar að herða á sér að því er snertir byggðina í landinu. Það kemur m.a. fram í þessari skýrslu á bls. 16 að hlutdeild landshlutanna utan Reykjavíkur og Reykjaness í ársverkum var 37,2% 1981, en 35,8% árið 1985. Þetta er lækkun um 1,4 prósentustig, en hlutfall þessara landshuta af íbúatölu landsins lækkaði einnig um 1,4% á sama árabili.

Í sömu heimild kemur einnig fram sú þróun sem verið hefur á flutningum fólks milli landshluta. Nægir að vísa þar til bls. 23 þar sem er að finna framreikning mannfjöldans til ársins 2000 fyrir landshluta og kjördæmi ef sama þróun yrði áframhaldandi og nú blasir við og verið hefur á undanförnum árum, en á árunum 1983–1985 fluttu að meðaltali um eitt þúsund manns nettó á ári frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Á grundvelli þessarar þróunar er það niðurstaða höfundar þessarar skýrslu Byggðastofnunar að íbúatala höfuðborgarsvæðisins verði tæplega 27% hærri í árslok árið 2000 í stað þess að verða um 14% hærri en hún er nú ef jöfnuður væri í flutningum milli svæða á landinu.

Sama kemur fram í sambandi við hlutfall og breytingu á fólksfjölda. Höfuðborgarsvæðið tæki sem sagt til sín 26,5% á meðan landsbyggðin fengi í sinn hlut aðeins 0,6% og eru þá undanskilin Suðurnes og Eyjafjarðarsvæðið sem flokkuð eru sérstaklega í þessum talnalega samanburði.

Tölur sem við höfum fengið varðandi þessi efni á árinu 1986, bráðabirgðaupplýsingar um tilfærslu fólks í landinu, bera að sama brunni nema enn herðir þar á öfugstreyminu í þessum efnum og það gerist nú að alger stöðnun og jafnvel bein fækkun fólks verður á stöðum sem hafa verið vaxtarbroddar í einstökum landshlutum og eru ekki aðeins þeir staðir sem vikið er að í skýrslu Byggðastofnunar og kallaðir eru þar útgerðarstaðirnir, þ.e. staðir þar sem sjávarútvegur, fiskveiðar og fiskvinnsla, er burðarás í atvinnulífi, heldur einnig staðir sem eru blanda af hvoru tveggja, þ.e. þjónustustaðir en einnig útgerðarstaðir. Ég get tekið sem dæmi úr mínu kjördæmi Höfn í Hornafirði sem er dæmigerð fyrir þessa stöðnun og reyndar beinu hrörnun sem á sér stað varðandi íbúaþróun og önnur umsvif og annað sem varðar efnahagsstarfsemi á viðkomandi svæði, því að það má segja að það haldist nokkuð í hendur á þessum tíma, og þarna á þessum stað í Austur-Skaftafellssýslu sem liggur að stórum landbúnaðarsvæðum hefur orðið bein fólksfækkun, nálægt 30 manns á árinu 1985 og enn varð fækkun nú um 6 manns til viðbótar á síðasta ári. Þetta vildi ég nefna um þessi efni.

Ég vildi þá aðeins víkja að skýrslu byggðanefndar þingflokkanna sem hefur komið inn í þessa umræðu dálítið sem eðlilegt er, skýrslu sem kom fram í júlímánuði 1986. Ég ætla ekki að fara að lesa mikið upp úr því plaggi, en þar er mjög margar góðar upplýsingar að finna og niðurstöður t.d. varðandi breytta stjórnsýslu í landinu sem ég er samþykkur og er í samræmi við till. sem ég og fleiri þm. Alþb. höfum flutt hér á Alþingi, þ.e. að leitast við að færa völd og áhrif í landinu frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar og draga úr þeirri miklu miðstýringu sem einkennir núverandi stjórnkerfi landsins. Ég vil kannske víkja að þessu máli meðan hv. þm. Kristín Halldórsdóttir heyrir mál mitt. Það tekur ekki langan tíma, ef hv. þm. vildi doka við, því að hún nefndi aðeins í sínu máli hér um daginn að Alþb. hefði ekki gert grein fyrir sinni afstöðu í þessum efnum. Þess vegna tek ég mál þetta inn í umræðuna.

Nú liggur það fyrir að fulltrúi Alþb., hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan, er einn af þeim sem undirritar þessa skýrslu. Alþb. ræddi erindi í þingflokki sínum frá byggðanefnd þingflokkanna, erindi frá 28. febr.,

og það hygg ég að hafi verið tekið fyrst fyrir af öllum þingflokkum í þingflokki Alþb. Þar kom fram vilji til þess og heimild til fulltrúa okkar í þessari nefnd til að taka undir hugmyndir sem fram komu í erindinu frá 28. febr. um þriðja stjórnsýslustigið í landinu, nýtt stjórnsýslustig ef verða mætti til þess að draga úr þeirri byggðaröskun sem á sér stað. Þetta vegarnesti hafði hv. 2. þm. Austurl. alltaf í sínum störfum. Ég er ekki þar með að segja að um þetta ríki einn vilji í Alþb. í heild sinni. Það eru skiptar skoðanir, ég vil ekki draga neina fjöður yfir það, en ég fullyrði að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem starfa innan Alþb. út um landið lítur á þetta sem eitt af þeim tækjum sem horfa beri til og taka beri undir til þess að bregðast við núverandi byggðaröskun í landinu. Það fullyrði ég. Hér var verið að vitna í þingræðum til álits einstakra manna sem hafa lýst öndverðri skoðun og tilheyra mínum flokki og ég veit að nokkrir þeirra sem þar var vitnað til hafa nú aðra afstöðu en þeir höfðu fyrir einu eða tveimur árum til þessa máls í ljósi þess sem hefur verið að gerast og eftir þá umræðu sem er í gangi í Alþb. og væntanlega í öðrum flokkum varðandi þetta mikilsverða atriði.

Ég bendi einnig á að undir þessa skýrslu rita fulltrúar annarra flokka, þar á meðal stjórnarflokkanna. Hv. bankastjóri og fyrrv. alþm. Lárus Jónsson sem fulltrúi Sjálfstfl. ritar undir þetta álit og hann er formaður nefndarinnar. Hann reynist hins vegar gersamlega umboðslaus í þessu máli frá sínum flokki, a.m.k. þingflokki. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með þá afstöðu sem Sjálfstfl. sem stjórnmálaflokkur í heild sinni hefur tekið, m.a. á flokksráðsfundi sínum 14.–15. nóv. s.l., þar sem eindregið er lagst gegn hugmyndum um þriðja stjórnsýslustigið. Í krafti þess talaði hér hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sem tók mjög sterkt og ákveðið til orða í þessum efnum í ræðu sinni um daginn og lýsti skoðun í þessu efni og vitnaði til og reyndar las upp samþykkt flokksráðsfundarins síðasta hjá Sjálfstfl. um byggðamálin sérstaklega. Ég er ekkert að lasta að menn lýsi skoðunum sínum, það er síður en svo, haldi því öllu til haga sem samþykkt er, en það er a.m.k. æskilegt þegar verið er að taka á málum eins og þessum og skila álitsgerðum eins og skýrslu byggðanefndar þingflokkanna að einhver innistæða sé fyrir afstöðu manna og undirskriftum.

Sama verður raunar að segja í sambandi við það sem kemur fram með undirskrift fulltrúa Framsfl. í nefndinni, Ólafs Þ. Þórðarsonar. Eins og fram kemur í bréfi frá Framsfl. eða þingflokki hans er fyrst og fremst vísað til frv. til sveitarstjórnarlaga sem þá var til meðferðar í þinginu þar sem beinlínis var verið að afnema þær leifar af þriðja stjórnsýslustigi sem þó voru til í sýsluskipan í landinu. (**ÓÞÞ:** Í frv. eru hugmyndir um þriðja stjórnsýslustigið þótt það væri afnumið hér í þinginu.) Já, alveg hárrétt, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Í frv. var einmitt kafli um héruð sem var afnuminn í meðförum þingsins. Ég þakka fyrir ábendinguna. Þetta skiptir vissulega máli í þessu samhengi og sýnir hug stjórnarflokkanna í þessum efnum.

Ég vildi sem sagt benda á þetta um leið og ég undirstrika sterka sannfæringu mína fyrir því að breytt stjórnsýsla í landinu, þar á meðal nýtt stjórnsýslustig, t.d. í því formi sem ég hef flutt tillögur um í formi þáltill. ásamt fleiri þm. Alþb., í formi brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga á sínum tíma, væri mikið gæfuspor og þýðingarmikið tæki til þess að bregðast við þeirri öfugþróun sem er í gangi nú og birtist í því að þjónustustarfsemin, þar á meðal þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera, hleðst upp í Reykjavík með öllu því sem þar tilheyrir, ekki aðeins völdum heldur líka þekkingu og hugviti og atgervi sem því tengist að kalla til fólk sem hefur undirbúið sig til fjölþættra starfa, þar á meðal embættismenn, fyrir utan þá sem fjalla um einstaka málaflokka. Þetta vil ég að hér komi fram enn og aftur af minni hálfu og ég trúi því ekki, þrátt fyrir allar yfirlýsingar og samþykktir, að það verði til lengdar niðurstaða á hv. Alþingi og niðurstaðan í stjórnmálum í landinu að hlaða undir þessa þróun, þessa valdasamsöfnun í Reykjavík, hér í höfuðstaðnum, og halda landsbyggðinni í þeirri úlfakreppu sem hún er í atvinnulegu tilliti, félagslegu tilliti og að því er varðar aðgang að þjónustu.

En það er auðvitað í fullu samræmi við stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það er vissulega í fullu samræmi við hana sem hefur stutt við markaðshyggjuna og auðhyggjuna í landinu og reynst öllum ríkisstjórnum fremri í sögu lýðveldisins að þessu leyti að taka þar úr stíflurnar sem leiða til þess að fjármagnið leitar til miðjunnar, leitar inn á höfuðborgarsvæðið fyrst og fremst og þar með dreginn þrótturinn úr landsbyggðinni. Og þar við bætist síðan hin opinbera stjórnsýsla og það sem opinberir aðilar hlaða undir í þessum efnum og leggst á sömu sveif.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vék nokkuð að mér og mínu máli í ræðu sinni hér um daginn. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort mikið sé eftir af ræðunni. Það var ætlunin að reyna að ljúka þessari umræðu, en það verður ekki gert á þeim skamma tíma sem er til þingfundanna og við mundum byrja þá aftur kl. 6.) Virðulegur forseti. Ég ætlaði að stytta mál mitt eftir föngum, en ég gæti trúað að ég þyrfti kannske 10 mínútur hið lengsta ef það mundi duga, 5–10 mínútur. Ef það hjálpaði til að ljúka þessari umræðu er ég vissulega reiðubúinn til að þjappa mínu máli saman. (**Forseti:** Forseti þakkar fyrir það og þá höldum við áfram enn um sinn.)

Ég var að víkja að máli hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar sem hafði gefið sig á tal við framkvæmdastjóra í fyrirtæki í minni heimabyggð sem taldi að það væri þýðingarmikið að fyrirtækin á landsbyggðinni fengju að halda eftir fjármagni, fengju að græða, og hann taldi að það væri í andstöðu við mín viðhorf að fyrirtækin á landsbyggðinni fengju að halda eftir arði af þeirri vinnu og verðmætasköpun sem þar á sér stað. Ég veit ekki hvar hv. þm. hefur verið staddur í þinginu undanfar-

in ár þegar ég hef verið að tala um þessi efni ef hann heldur að ég sé andsnúinn því að snúa fjármagnsflóttanum við í þessum efnum. Ég vísa til þess sem segir á þskj. 39, sem liggur fyrir hv. Sþ., tillögu um nýja byggðastefnu, þar sem beinlínis er í tillögutexta lögð áhersla á að snúa þessari þróun við og koma rekstrarstöðu frumvinnslugreina sjávarútvegs og landbúnaðar í það horf að þessir atvinnuvegir hafi forsendur til endurnýjunar og þróunar, svo að vitnað sé til orðalags í þessu þingplaggi, þar sem jafnframt er lögð áhersla á þjónustuþáttinn og að landsbyggðin fái eðlilegan hlut í þeim vaxtarbroddi atvinnustarfsemi í landinu sem þjónustan er sem skiptir meginmáli ef á að snúa þessari öfugþróun við.

Ég vil þá nefna aðeins það sem fram kom í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar sem var eðlilega að verja Framsfl. og gerðir hans í sambandi við núv. ríkisstjórn og byggðamálin og atvinnumálin í landinu. Hv. þm. var að draga fram hvernig hlutur landsbyggðarinnar í sambandi við aflaverðmæti hefði frekar vaxið á heildina litið en minnkað frá 1970 til 1985, hygg ég að hann hafi miðað við í sínu máli, og taldi að þetta væru tölur sem sýndu að Framsfl., væntanlega á framsóknaráratugnum, hefði nú tekið til hendinni. Nú er það vissulega efni út af fyrir sig og aðeins góðra gjalda vert að tekist hefur að halda atvinnustarfsemi í sjávarútvegi gangandi út um landið og auka hlutdeild þar í vissum tilvikum sannarlega. En það hefur bara ekki nægt til þess, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að snúa byggðaþróuninni við eða viðhalda jafnvægi í byggðaþróun í landinu. Það sem hv. þm. var að reyna að rökstyðja með þessum tölum hittir hann í rauninni og hans flokk beint í höfuðið aftur því að það sýnir sig að það að viðhalda einhæfni í atvinnulífi úti um land eða frumvinnslu sem haldið er á nástrái og haldið hefur verið á nástrái lengi, svo að ekki sé nú talað um landbúnaðinn, nægir ekki til þess að halda fólkinu úti á landi vegna þess að hv. þm. hefur m.a. ekki fengist til þess að taka undir þann veigamikla þátt að færa þjónustuna, þar á meðal opinbera þjónustu, með skipulegum hætti út á land, enda minntist hv. þm. ekki á þriðja stjórnsýslustigið eða neinar slíkar breytingar í sinni ræðu. Hann varaðist það ef ég hef lesið hana rétt.

Svo vék hv. þm. að hugmyndum sem eru á kreiki í Byggðastofnun og verið er að fleyta núna rétt fyrir kosningarnar eftir að Framsfl. stóð að því að koma í veg fyrir að Byggðastofnun yrði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins, að það væri komið upp svokölluðum stjórnsýslumiðstöðvum utan Reykjavíkur og þá fyrst á Akureyri. Það er viðleitni til að reyna að krafsa yfir afstöðuna í hitteðfyrra í sambandi við Byggðastofnun. Þar er hins vegar ekki um að ræða að koma upp sjálfstæðum einingum heldur útibúum frá þessari miðstöð hér í Reykjavík og ekki eru hugmyndirnar langt komnar ef lesið er t.d. í Degi, blaðinu sem gefið er út fyrir norðan, í þessum efnum og ekkert er þar fast í hendi. Og ég segi: Þó að ég ætli ekki að leggjast gegn því að tekið yrði á með þessum hætti ef ekki væri samstaða um annað legg ég áherslu á að þjónustustofnanir sem byggðar eru upp úti á landi til að ýta undir jákvæða þróun í landshlutunum eiga ekki að vera settar undir eitthvert miðstjórnarvald Byggðastofnunar suður í Reykjavík. Þær þurfa að hafa sinn sveigjanleika og sjálfstæða möguleika til ákvörðunar.

En af því að hv. þm. var að víkja til þróunar í aflaverðmæti liggur fyrir þskj. 550 þar sem reynt var að draga fram verðmætasköpun á landsbyggðinni, ekki aðeins aflaverðmæti heldur einnig gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum. Það kemur í ljós að hlutur landsbyggðarkjördæma, þar á meðal Austurlands, hafi farið verulega vaxandi í sambandi við sjávarafla, í sambandi við aflaverðmæti. Hvergi er aflaverðmæti meira á íbúa en á Austurlandi á árinu 1985, að ég má fullyrða, og nam þá 18,2% af heildinni á landsmælikvarða. Hins vegar kemur fram á þessu þskj. að ekki er möguleiki til að greina frá útflutningsverðmæti sjávarafurða á verðlagi ársins skipt á einstaka landshluta og hvergi er að finna upplýsingar um hvert sé framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna því að tiltæk gögn eru ekki fyrirliggjandi, ekki hjá Þjóðhagsstofnun eða annars staðar, til þess að draga þetta fram og ekki heldur um landsframleiðslu.

Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að það er að koma æ betur í ljós að talnalegar upplýsingar eru ekkert miðaðar við að halda til haga hlut einstakra svæða í landinu í sambandi við verðmætasköpun, landsframleiðslu og útflutningsverðmæti. Það kemur fram í þessu og er umhugsunarefni eitt út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég hafði orð um að takmarka mál mitt um þetta stóra mál sem hér er rætt. Ég vil að lokum segja þetta: Við snúum ekki við öfugþróuninni í byggðamálum í þessu landi nema gripið sé til róttækra ráðstafana. Þar er auðvitað almennt skilyrði númer eitt að horfið sé frá þeirri efnahagsstefnu auðhyggju, svonefndrar frjálshyggju, sem fylgt hefur verið hér í ört vaxandi mæli hin síðustu ár undir merkjum núv. ríkisstjórnar. Það er forsenda og til umskipta kemur vonandi að vori í þeim efnum því að þar á landsbyggðin mikið undir og auðvitað landsbúar allir því að sú öfugþróun sem hér er í gangi er engin óskaþróun fyrir höfuðborgarsvæðið heldur.

Hinn þátturinn er ný byggðastefna þar sem leitað er allra mögulegra leiða til að efla sjálfræði landsbyggðarinnar með valddreifingu, leita þar nýrra leiða og nýrra tækja þannig að landsbyggðin fái eðlilegt vald í sínum málum og þeim fjölgi sem fást við þjónustustörf úti á landi því að þjónustan er vaxtarbroddurinn í atvinnulífi landsmanna og mun verða það í náinni framtíð eins langt og við fáum séð. Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu hafi að geyma marga gagnlega þætti þó að ég sé ekki að taka efnislega undir allt sem þar er á blaði, enda er þetta komið og flutt inn í þingið sem afrakstur af umræðu innan áhugasamtaka sem hafa verið að

fjalla um þessi mál, um jafnrétti milli landshluta. Ég tel það mjög góðra gjalda vert að málið var flutt inn í þingið í fyrra og hefur verið hér til umræðu og ég vænti að þó að málið gangi til nefndar sé ekki lokið umræðu um þennan gífurlega þýðingarmikla þátt á yfirstandandi þingi.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Það er óvenjulegt að menn þurfi að ræða mál á tímum þingflokksfunda og ég skal því stytta mál mitt. Ég hefði hins vegar vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram getað átt nokkurn orðastað við hv. þm. Hjörleif Guttormsson þar sem hann vék að mínu máli í umræðum fyrir nokkrum dögum.

Hann vék þá að byggðamálunum og einnig nú. Ég get sagt honum frá því að það er vissulega verið að vinna að byggðamálum í þessari ríkisstjórn. Í þeirri stofnun sem hann vék að áðan og heitir Byggðastofnun er nú unnið að gerð byggðaáætlana, m.a. að róttækri byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem að er unnið eftir beiðni Vestfirðinga sjálfra og í samvinnu við þá. Það er unnið að byggðaáætlun fyrir Dali og það er einnig nýverið búið að ráða mann í kjördæmi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar til að vinna að byggðaáætlun í hans kjördæmi, svokölluðu Út-Héraði.

Einnig hefur Byggðastofnun gerst aðili að könnun á jarðgangagerð ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Vegagerð ríkisins til að reyna að finna leiðir til að bæta þar verulega úr í samgöngumálum sem ég tel að víða sé ein meginástæða þess hvernig horfir hjá okkur á landsbyggðinni.

Ég hef ekki mótmælt þeim tölum sem hv. þm. hefur verið með í sambandi við fólksfækkun á landsbyggðinni. Ég hef hins vegar sagt að menn verða að skoða þetta allt saman ef menn vilja fá eitthvert vit í hlutina til að varða þann veg sem við ætlum að ganga til að koma í veg fyrir byggðaröskun.

Hv. þm. sagði áðan að ég hefði verið að tala um aflaverðmætið og hvernig það hefði borist að landi og hverjir hefðu unnið að því að kaupa þau tæki sem þennan afla hafa sótt.

Það hefur verið gert meira, hv. þm. Ég minntist einnig á uppbyggingu skólanna af því að hv. þm. var að tala um þjónustuna. Ég nefndi uppbyggingu ákveðinna skóla í hverju einasta kjördæmi landsins. (**HG:** Hvenær var það gert á Egilsstöðum? Er það ekki úti á landi?) Ég var að nefna á hvaða árum það hefði verið gert, hv. þm. Það var gert á þeim áratug sem þú, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, varst að gagnrýna að Framsfl. hefði verið við völd og ekkert hefði verið að gert á þeim árum. Ég nefndi þá skóla og skal gera það aftur, af því að hv. þm. var fjarverandi umræðuna þá. Ég nefndi Fjölbrautaskólann á Akranesi, ég nefndi Menntaskólann á Ísafirði, ég nefndi Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki, Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Egilsstöðum, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og Fjölbrautaskólann í Keflavík.

Það væri út af fyrir sig fróðlegt, en það er ekki ástæða til þess nú eða tími, því miður, en við gætum seinna velt því fyrir okkur hvort þessi uppbygging í skólakerfinu hefur ekki tvímælalaust orðið til þess að fjölgun hefur orðið í Háskóla Íslands. Það er ljóst mál. Og það er öruggt mál að sú fjölgun hefur að stórum hluta orðið til vegna uppbyggingar þessara skóla úti á landsbyggðinni þar sem þeim er þar búa var séð fyrir betri aðstöðu til náms.

Ég hef hins vegar velt því fyrir mér hvort þessi uppbygging framhaldsskólanna eigi einhvern þátt í þeirri byggðaröskun sem orðið hefur. Hvernig kemur þetta inn í myndina? Þeir nemendur sem fara af landsbyggðinni núna í Háskóla Íslands, hvernig er búsetu þeirra háttað? Ég velti þessu fyrir mér og ég sagði um daginn í ræðu minni að það væri stórmál fyrir okkur sem úti á landi búum og viljum efla landsbyggðina að finna leiðir til að búa þessu fólki, sem leitar til náms við hina æðri skóla, starfsvettvang heima. Það er eitt meginmálið í mínum huga að búa þannig um og að því eigum við vissulega að vinna.

En herra forseti. Ég hefði getað sagt mikið meira um þessi mál, en ég ætla að láta staðar numið, enda er komið langt fram á tíma þingflokksfunda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

49. fundur, fimmtudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Þjóðhagsstofnun, fyrri umr.

Þáltill. EKJ o.fl., 305. mál. — Þskj. 541.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Till. þessi til þál. fjallar um undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Um þetta mál hefur raunar verið rætt áður — og svipuð mál þessu — og leyfi ég mér af því tilefni að vitna til umræðna sem urðu í Sþ. strax í marsmánuði árið 1978. Þá var hér til umræðu þáltill. um sparnað í fjármálakerfinu, hét málið víst, sem við hv. þm. Pétur Sigurðsson fluttum. Þar var mjög rætt um bankamálin og útþenslu bankanna og stungið upp á því að bankar yrðu sameinaðir, þeim yrði breytt, stjórnum þeirra, og að Alþingi tæki í taumana og stöðvaði þá útþenslu sem öllum er nú nærri því einum áratug síðar ljóst að full þörf var á.

Bankamálin ein sér hafa verið rædd svo mikið að ástæðulaust er að ég eyði mjög mörgum orðum að því að ræða þau nú. En tækifærið vil ég þó nota, með leyfi forseta, til að lesa örlítið upp úr framsögu með þessari till. frá árinu 1978 í marsmánuði eða fyrir níu árum. Þar segir m.a.:

„Þá skal vikið nokkrum orðum að fjárfestingar-

lánasjóðum. Bankamálanefndin telur að þeir séu nú 17 talsins, en gjarnan megi fækka þeim niður í 9. Nefndin leggur raunar til að um verði að ræða 62% fækkun fjármálastofnana og 27% fækkun afgreiðslustöðva innlánsstofnana, en leggur áherslu á að alls ekki sé gert ráð fyrir að minnka þjónustuna í hinum dreifðu byggðum, heldur telur hún athuganir sýna að þrátt fyrir fækkun afgreiðslustöðva yrði tryggð þjónusta viðskiptabanka og sparisjóða í öllum byggðarlögum sem nú njóta slíkrar þjónustu."

Þá er lauslega vikið að þeim tvíverknaði sem víða er á sviði fjármálastofnana, t.d. að því er varðar Seðlabankann annars vegar og Framkvæmdastofnun ríkisins hins vegar. Þar hygg ég raunar að um sé að ræða eitt mesta vandamálið. Leyfi ég mér í því sambandi að benda til grg. þáltill. þar sem segir:

„Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því, að þann frumskóg má grisja, engum til meins, en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Í álitsgerð bankamálanefndarinnar er talað um tvíverknað. Ég held að í mörgum tilfellum væri réttara að nefna þetta verkleysu. Því miður er staðreynd að margt af því, sem verið er að puða við, er gagnslaust og ekki nóg með það, heldur flækir það oft mál og torveldar lausn þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið óheillaskref er Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á stofn, hana ber að leggja niður og samræma aðgerðir á sviði fjármálakerfisins betur en nú er gert. Bæði yrði þá komið við miklum sparnaði, en það sem meira er um vert að mínu mati: kerfið yrði einfaldara og ekki jafnvonlítið og nú er fyrir alþýðu að brjótast gegnum frumskóginn. Samt lesum við í blöðum um það hneyksli að Framkvæmdastofnunin hyggi á stórfelldar byggingarframkvæmdir í trássi við Alþingi og ríkisstjórn. En það mun verða stöðvað. Nú er mælirinn fullur."

Þetta var sagt úr þessum ræðustól í marsmánuði 1978. Því miður tókst ekki að stöðva þessar stórfelldu framkvæmdir Framkvæmdastofnunarinnar og þá óheillaþróun sem í því fyrirtæki varð og hefur orðið. Að vísu hefur stofnunin að nafninu til verið lögð niður, en það er enn eftir að ræða um fyrirkomulag allra þessara fjármálastofnana og nú gefst til þess gott tækifæri.

Eins og ég las upp var þegar 1978 um það rætt að athuga um skipulagsbreytingar allt frá smæsta sjóðnum til Þjóðhagsstofnunar. Það mál er jafnknýjandi nú og þá var. Og af því að nú er sérstaklega rætt um Þjóðhagsstofnun er sjálfsagt að huga líka að fyrirkomulagi í öðrum stofnunum, enda er í grg. getið um að aðrar stofnanir geti sinnt hlutverkum þeim sem nú eru á vegum Þjóðhagsstofnunar, sérstaklega að því er varðar t.d. þjóðhagsreikninga. Þeir eru auðvitað miklu betur komnir í Hagstofunni og eiga þar heima en í einhverri stofnun sem búin hefur verið til á síðari áratugum. Þetta hefur allt verið að þróast. Ég hygg að að mörgu leyti hafi þar verið um óheillavænlega þróun að ræða, en þá er að breyta til og bæta úr.

En ég er ekki einn um þessa skoðun. Einmitt daginn áður en þessi þáltill. var flutt birtist hið merkasta viðtal í Morgunblaðinu við þann mann sem nú veitir Þjóðhagsstofnun forustu um sinn, Þórð Friðjónsson, sem settur var til að gegna þar störfum um hálfs árs skeið í frí skipaðs forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Mig langar nú, með leyfi forseta, að gera grein fyrir sjónarmiðum Þórðar og hans hugleiðingum um hvað gera megi til að bæta um í þessu efni. Viðtalið er ekki það langt að ég hygg að ég geti lesið meginþorra þess.

Fyrst er að því vikið af blaðamannsins hálfu að samkvæmt lögum um Þjóðhagsstofnun, sem eru frá árinu 1974, eigi hún að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum. Í lögunum eru verkefni hennar síðan nánar skilgreind. Þórður sagði að þau væru einkum af þrennu tagi:

1. Efnahagsráðgjöf og sú vinna sem hún byggist á og tengist.
2. Hagsýslugerð, þ.e. þjóðhagsreikningar og atvinnuvegaskýrslur og ýmis önnur skýrslugerð.
3. Hagrannsóknir. Hann sagði að þessi verkefni sköruðust að nokkru við verkefni Hagstofu Íslands og Seðlabankans, en minna við starfsemi annarra stofnana.

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru nú 22 að tölu, flestir hagfræðingar. Rekstur stofnunarinnar kostaði á síðasta ári um 35 millj. kr. og greiða ríkissjóður og Seðlabankinn í sameiningu kostnað af starfseminni. — Síðan segir Þórður:

„Það má segja að í aldarfjórðung hafi skipulag hagsýslugerðar og efnahagsráðgjafar á vegum hins opinbera verið að mestu í sama farvegi. Áður en Þjóðhagsstofnun kom til sögunnar árið 1974 störfuðu hér áþekkar stofnanir, Efnahagsstofnunin og síðar Framkvæmdastofnunin. Eina breytingin er að sérstakt embætti efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar var sett á laggirnar fyrir sex árum, en þar er aðeins um starf eins manns að ræða og getur það því ekki talist róttæk umskipti.

Þó ekki væri nema af þessari ástæðu", hélt hann áfram, „er ljóst að tími er kominn til að taka þessa starfsemi til endurmats og e.t.v. stokka hana upp. Sú breyting sem orðið hefur á yfirstjórn Þjóðhagsstofnunar er svo önnur ástæða sem gefur tilefni til þess að skoða þessi mál nánar."

Síðar í viðtalinu segir Þórður: „Að sjálfsögðu er eðlilegt að sníða þessa starfsemi að þörfum hvers tíma. Höfuðmarkmið slíkra breytinga er að mínu mati að tryggja sem árangursríkasta efnahagsráðgjöf og efla fagleg vinnubrögð."

Síðan eru greindar þær breytingar sem hugsanlegar eru:

1. Tilfærsla á verkefnum milli þriggja stofnana, Þjóðhagsstofnunar, Hagstofu og Seðlabanka. Í

þessu sambandi hefur oftast verið nefnt að flytja mætti þjóðhagsreikninga og atvinnuvegaskýrslur frá Þjóðhagsstofnun til Hagstofu. Enn fremur hefur verið bent á að flytja mætti uppgjör greiðslujafnaðar frá Seðlabanka til Hagstofu.

Síðan víkur hann að öðrum möguleikum, ég skal ekki fara að lesa það allt saman upp, en segir síðan:

„Færa má rök fyrir þessum leiðum öllum og líka fyrir óbreyttri skipan mála. Óbreytt skipan hefur þann kost að líklega þarf ekki að auka fjárveitingar til þessara verkefna og nýta má áfram starfskrafta Þjóðhagsstofnunar við ólík verkefni. Þótt stofnunin starfi formlega í tveimur deildum er það svo í reynd að menn ganga þar á milli og vinna bæði við það að afla gagna um fortíðina og leggja dóm á þau og spá um framvindu mála. Þetta er hins vegar nokkur ókostur því að stofnuninni er þannig ætlað ákveðið eftirlitshlutverk með sjálfri sér. Því er e.t.v. fýsilegt að flytja „fortíðina", ef svo má komast að orði, til Hagstofunnar og greina á milli spár og ráðgjafar annars vegar og hins vegar uppgjörs og mats á því hvernig þróunin varð."

Þetta hygg ég að sé svo augljóst mál að ekki þurfi um það að fara fleiri orðum, að það sé ekki eðlilegt að sama stofnunin geri áætlanir og reikni síðan út hvort þær áætlanir hafi staðist eða ekki. Það er nærri því yfirmannlegt held ég að sömu aðilar geri það algjörlega hlutlaust. Ég held að þessi athugasemd sé þess vegna á rökum reist.

Niðurlagsorð í þessu viðtali við Þórð eru svohljóðandi: „Þórður Friðjónsson kvaðst hafa velt því talsvert fyrir sér hvaða leið heppilegast væri að fara í þessum efnum, en hann væri ekki kominn að einhlítri niðurstöðu, enda væri hann ráðgjafi í þessu efni en ekki sá aðili sem tæki ákvörðun um skipulag þessarar starfsemi. Einu vildi hann þó mæla sérstaklega með á þessu stigi, og það var nauðsyn þess að yfirmaður efnahagsráðgjafar væri ekki æviráðinn embættismaður, heldur ráðinn til ákveðins árafjölda, t.d. fjögurra ára eða fylgdi jafnvel ríkisstjórnum. „Ef gerðar verða skipulagsbreytingar mun ég hins vegar leggja áherslu á það að þær verði gerðar í samráði við starfsfólk stofnunarinnar. Ég á eftir að ræða þessi mál betur við starfsmennina hér á Þjóðhagsstofnun og mun gera ríkisstjórninni grein fyrir þeim viðhorfum þegar þetta mál verður tekið til umfjöllunar á þeim vettvangi, sagði hann." Þetta voru niðurlagsorðin.

Till. til þál. fjallar einmitt um það að slík athugun sem þessi fari fram og hún hefjist strax. Auðvitað er það mjög æskilegt að gera það nú þar sem sá maður sem vill endurskoða þessa starfsemi er einmitt forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar um þessar mundir. Enginn veit hve lengi það verður að vísu, því að núverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur tekið sér frí að mig minnir til 1. júní eða 1. júlí, hvort sem hann hyggst koma þar til starfa aftur eða sitja á þingi.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég hygg að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir því að þarna má gjarnan stokka upp eða í öllu falli gera þá athugun sem tillagan hljóðar um, og ég vænti þess þess vegna að þessi þáltill. hljóti hér mikið og yfirgnæfandi fylgi og verði afgreidd á þessu þingi.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég er ekki alveg viss í minni sök hvort eigi að taka þessa tillögu alvarlega. (**EKJ:** Svo sannarlega.) En grg. sem er upp á tíu línur og framsöguræðan sem við heyrðum áðan, sem var frá árinu 1978, og upplestur úr viðtali við settan forstöðumann Þjóðhagsstofnunar bendir nú ekki til þess að það hafi verið lögð of mikil vinna eða hugsun í þessa tillögu. Ef það er hins vegar svo, sem ég vil nú ekki endilega væna þá heiðursmenn um sem hafa skrifað nafnið sitt hér undir, að þetta sé meint í pólitísku árásarskyni á forstöðumann Þjóðhagsstofnunar í því tilefni að hann hefur nú (**Gripið fram í:** Síður en svo.) gefið kost á sér til stjórnmálastarfa ... Síður en svo, gott að heyra það. En vilji svo til að það hafi verið meiningin þá snúast nú vopnin heldur betur í höndum manna. Flm. tala um stofnun hans. Hverjir ætli beri ábyrgð á þessari stofnun? Er þetta stofnun þess manns sem hefur verið valinn til þess að veita henni forstöðu? Er þetta stofnun Jóns Sigurðssonar? Er þetta ekki efnahagsleg ráðgjafarstofnun, raunveruleg hagdeild ráðuneyta sem hefur verið sett á laggirnar undir ýmsum nöfnum og starfrækt og á sér reyndar sögulega séð nokkuð góða nauta þar sem eru landsfeður á tímabili frægrar viðreisnarstjórnar? Þegar komist er þannig að orði að nú sé tækifærið, ber þá að skilja það svo að það sé fyrst nú, þegar stjórnunar og hæfileika Jóns Sigurðssonar nýtur ekki lengur við, að flm. telji tímabært að leggja þessa stofnun niður? Það er ágætt að heyra það af vörum flm. að þetta er ekki svo ómerkilegt mál að það snúist um pólitískt árásarefni á einn einstakling, sem reyndar nýtur viðurkenningar sem einhver fremsti hagfræðingur þjóðarinnar og embættismaður, heldur vaki eitthvað annað fyrir þeim.

En þá er spurningin: Hversu mikla vinnu hafa þeir lagt í þetta, hversu skynsamlega er hér að málum staðið, hver er rökstuðningurinn fyrir því? Af framsöguræðu 1. flm., sem aðallega var frá árinu 1978 og ekki verri fyrir það, segir hann, má ráða að fyrir honum vaki sparnaður í ríkisrekstri. Hann nefnir til að í þessari álitsgerð bankamálanefndar frá umræddu ári hafi verið talað um að sameina banka. Hv. flm., ríkisstjórnin sem nú situr hefur aldeilis haft tækifæri til þess að sameina banka, fækka ríkisbönkum, koma á hagræðingu í ríkisbankakerfinu, gera breytingar á stjórnkerfi í ríkisbönkunum, draga úr hinni pólitísku miðstýringu. Þörf ábending frá 1978 sýnir hvað lítið hefur áunnist í tíð hæstv. ríkisstjórnar. En það er stórt mál, sameining bankanna, eins og öllum er kunnugt um, fækkun ríkisstofnana. Tvíverknaðurinn sem þarna er unninn, einföldun á kerfi. Hann jafnvel minnti á Framkvæmdastofnun ríkisins og hina nýju höll sem þar

var reist. Hverjir báru ábyrgð á því? Eru þetta einhver rök fyrir nýskipan hagrannsókna á Íslandi og efnahagsráðgjöf, og snertir þetta Þjóðhagsstofnun? Því miður, herra forseti, þá er það nú raunverulega ekki svo.

Hvað er Þjóðhagsstofnun? Þjóðhagsstofnun er núna raunverulega hagdeild stjórnarráðsins, þ.e. margra ráðuneyta. Fyrir flm. vakir sparnaður, hagræðing, fækkun starfsmanna. Halda menn, ef þessari starfsemi yrði dreift, t.d. á ráðuneytin velflest, að það mundi leiða til fækkunar starfsmanna? Í máli flm. kom fram að hjá Þjóðhagsstofnun starfa 22 einstaklingar. Þeir sem til þekkja í ríkiskerfi vita að þetta er vinnustofnun, þarna vinna hæfir menn, þeir eru tiltölulega mjög fáir, hún hefur ekki þanist út. Hún er ekki stóra dæmið um Pétursprinsipp eða Parkinsonslögmál. Þeir menn sem, eins og hv. frsm., hefðu hug á að taka kerfinu tak og stöðva útþenslu þess hafa haft til þess ærin tækifæri og ættu að bera annars staðar niður ef þeir raunverulega vilja láta taka mark á tillöguflutningi sínum. Ég nefni sem dæmi: Í Framkvæmdastofnun ríkisins, lánadeild ekki með talin, starfa 27 menn að rannsókna- og áætlanagerð. Í Seðlabanka Íslands, sem hv. flm. hefur nú stundum haft á orði að þyrfti kannske svolítið að taka tak og setja við skorður, starfa 24 menn bara í hagdeild, þ.e. fleiri heldur en hjá Þjóðhagsstofnun. Fróðlegt væri að fá upplýst hvað stöðugildin og mannahaldið hjá Seðlabankanum er í heild. Hjá Fiskifélagi Íslands starfa 25 manns, hjá Búnaðarfélagi Íslands starfa 5, á reiknistofu, hjá Fasteignamati ríkisins 25. Og ef taldir væru þeir aðilar aðrir í stjórnkerfinu sem fást við hagsýslumálefni, upplýsingasöfnun, úrvinnslu upplýsinga, ráðgjöf af ýmsu tagi 22, alls 127. Í Þjóðhagsstofnun 22, segi ég, og það er viðurkennt ósköp einfaldlega sem staðreynd að þeir menn sem þar starfa eru ekki dæmið sem rétt er að taka, það gæti nefnilega valdið miklum misskilningi, um bruðl, sólund, stjórnleysi eða léleg vinnuafköst.

Þá er spurningin um það: Er hér um að ræða raunverulega hagræðingu? Færi vel á því að eitthvað af þessum verkefnum væri t.d. hjá Hagstofu? Um það hafa menn fjallað á öllum tímum og það væri fróðlegt að vísa hv. flm. til greinargerðar frá viðreisnarárum og rökstuðnings viðreisnarráðherra í því máli. Við verðum m.ö.o. að gera greinarmun á hreinni skýrslusöfnum, bara gagnasöfnum, ég tala nú ekki um frá liðinni tíð, það eru sígild verkefni Hagstofu. Ef við hins vegar erum að ræða um úrvinnslu hagrænna upplýsinga ei það raunverulega önnur hlið af sama máli sem heitir efnahagsleg ráðgjöf. Þeir menn sem ekki vinna úr upplýsingum gefa ekki öðrum ráð í efnahagsmálum. Gott dæmi um þetta er spurningin um þjóðhagsspár og þjóðhagsreikninga. Núverandi tilhögun er sú að sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar vinna jöfnum höndum að gerð þjóðhagsspár og þjóðhagsreikninga. Þetta er hagkvæmt m.a. vegna þess að með þessu móti nýtist sérfræðikunnátta starfsmanna á báðum þessum sviðum, þessi tengsl eru nauðsynleg og aðgreining þessara tveggja þátta, t.d. með breyttri verkaskiptingu á milli Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu, mundi óhjákvæmilega valda umtalsverðum viðbótarkostnaði vegna fjölgunar starfsmanna á Hagstofu. Ég tók eftir því að flm. sagði: „Einn helsti gallinn í þessu flókna kerfi sem við höfum er tvíverknaður.“ Tillagan sem hér er flutt, sem væri t.d. um það að skipta þessum verkefnum á milli Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar, er tillaga um tvíverknað. Þannig að í fljótu bragði virðist tillagan fela í sér raunverulega, í fyrsta lagi, skakka mynd, að draga hér upp skakka mynd af Þjóðhagsstofnun sem slíkri, að taka hana sem dæmi um stofnun sem illa vinnur eða þar sem starfsmannafjöldi hefur vaxið óhóflega, í annan stað um að koma í veg fyrir tvíverknað, því er þveröfugt farið, þetta mundi auka tvíverknað. Í þriðja lagi, vegna þess að auðvitað er sjálfsagt að ræða hluti, hvort þeim megi betur fyrir koma, Þjóðhagsstofnun er hagdeild margra ráðuneyta. Hvernig hugsa flm. sér að því verði fyrir komið? Hugsa þeir sér að hagdeildir verði starfandi í hverju ráðuneyti? Halda menn að það leiði til sparnaðar eða fækkunar? Eða eru menn raunverulega að flytja tillögu um hina upphaflegu skipan frá viðreisnartíð, að Þjóðhagsstofnun sinni ráðuneytisstarfi, verði raunverulega efnahagsráðuneyti og beri þá það nafn sem því svarar? Það er ekki ljóst af máli flm.

Ég held að þau rök sem hv. flm. hefur flutt, þau út af fyrir sig, standist ekki og þess vegna læðist að mér sá grunur að þessi till. sé sýndarmennska og því miður að það hafi ekki verið lögð nein vinna í að undirbúa málið. Ef menn hefðu lagt þá vinnu á sig hefðu þeir að sjálfsögðu ekki bara nefnt Þjóðhagsstofnun og ekki bara nefnt að nú sé tilefni til vegna þess að núverandi forstöðumaður hennar hefur horfið til annarra starfa eða kannske í þann veginn. Þá hefðu menn litið á efnahagsráðgjöfina í heild, þá hefðu menn litið á allar þær ríkisstofnanir sem sinna þessum málum, þá hefðu menn leitt rök að því í grg. hvernig þeir hygðust leysa vandann með því að nefna stofnanirnar allar saman.

Herra forseti, ég skal ljúka máli mínu. Ég er ekki að halda því fram að ekki komi til álita að breyta núverandi skipan mála, fjarri því. Ég er bara að vekja athygli á því að þessi till. er ekki framlag til þeirrar umræðu, og margt í henni, jafnvel þessari stuttu grg., fremur ósmekklegt og jafnvel villandi að því er varðar upplýsingar. Það kann vel að vera að breytinga sé þörf, en þá held ég að sú viðleitni ætti að beinast fyrst og fremst að því að gera heildarúttekt á öllum þeim fjölmörgu stofnunum með 200 manna starfsliði sínu sem að þessum málum vinna og koma þá með tillögur um hvernig raunverulega mætti koma fram sparnaði, bættri nýtingu, en þó taka tillit til þeirrar eðlilegu verkaskiptingar að það er sitt hvað gagnaöflunin sjálf og svo hins vegar það sem ekki verður aðskilið, úrvinnsla efnahagslegra upplýsinga og efnahagsleg ráðgjöf. Auðvitað kæmi vel til greina að því yrði fyrir komið í efnahagsmála-

ráðuneyti sem væri eitt ráðuneytið í stjórnarráðinu, en það var einmitt sú skipan sem við byrjuðum með á sjöunda áratugnum.

Það er ekki tími til þess að rekja þetta mál frekar. Ég geri sem sagt ekki ráð fyrir því að þetta teljist til þeirra stóru mála sem ættu að hafa forgang hér á Alþingi Íslendinga. Það hlýtur hins vegar réttilega að vera verkefni nýrrar ríkisstjórnar, ekki af þessu tilefni heldur vegna þess að það er tímabært, að líta þá fyrst og fremst til þeirra stofnana, og það hefur hv. flm. nú oft gert, þar sem raunverulega er ástæða til að líta á starfsmannafjölgun og huga að tillögum um bætta nýtingu og ráðdeild.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er sjálfsagt ekki ofmælt að ýmsir hafi orðið hissa þegar þessi till. kom fram á hinu háa Alþingi. Mér sýnist raunar að afstaða 1. flm. sé nokkuð önnur nú en þegar hann skrifaði þessa till. vegna þess að tillgr., svo stutt sem hún er, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður."

Þetta er ein og hálf lína, mjög afdráttarlaust. En hvað sagði hv. 4. þm. Norðurl. v. í þessum ræðustól áðan? Þá talaði hann um að stokka upp eða gera athugun á þessari stofnun. Till. gengur ekkert út á það. Till. gengur út á það klárt og kvitt að leggja stofnunina niður. Það skyldi nú aldrei vera að ýmsir flokksbræður hins hv. 4. þm. Norðurl. v. hafi haft sitthvað við þessa tillögusmíð og tillögugerðina að athuga og hann hafi þess vegna dregið svo mjög í land sem hann gerði í sinni framsöguræðu. Till. segir: leggja niður. En í framsöguræðu segir flm.: stokka upp eða gera athugun á. Ég skrifaði það niður orðrétt eftir honum.

Það má sitthvað segja um þessa till. Ég hef það á tilfinningunni að hún sé skrifuð í einhverjum augnablikshita. Þetta er fimm mínútna till. Hún ber þess öll merki. Það er verk sem hægt er að vinna á fimm mínútum að skrifa svona vitleysu, leyfi ég mér að segja. Og ég vil líta á þá till. með þeim hætti að forstjóri Þjóðhagsstofnunar hafi þarna fengið ótvíræðustu og eindregnustu traustsyfirlýsingu sem nokkur embættismaður í ríkiskerfinu hefur fengið um langan tíma vegna þess að hér segir, með leyfi forseta:

„Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans."

Ég hefði skrifað „stofnunina", hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Stofnun hans! M.ö.o.: eftir að þessi umræddi einstaklingur hefur látið af störfum á stofnunin ekki lengur neinn tilverurétt. **(EKJ:** Hefur kannske aldrei átt.) Mikið traust. Ja, við skulum íhuga það, hv. þm.

Hver var það sem kom þessari stofnun á fót? Ef mitt pólitíska minni bregst mér ekki var Efnahagsstofnunin fyrirrennari þessarar stofnunar og ef ég man líka rétt var það formaður Sjálfstfl., dr. Bjarni Benediktsson, sem beitti sér hvað eindregnast fyrir því að sú stofnun væri sett á laggirnar vegna þess að slíkrar stofnunar var á viðreisnarárunum talin þörf. Ég held að það hafi verið eitt af mörgum góðum verkum sem þessi forustumaður Sjálfstfl. og foringi vann að koma þessari stofnun á laggirnar. En nú koma forustumenn Sjálfstfl. og leggja til að þessi stofnun verði lögð niður af því að forstjóri hennar hefur ákveðið að taka til starfa á öðrum vettvangi. Þetta er einkennilegur málflutningur að ekki verði meira sagt.

Ég ætla ekki að gera mönnum upp neinar hvatir frekar en aðrir hér um hvað liggi að baki þessari till. En augljóst er eitt. Það liggur mikið fljótræði og fljótaskrift að baki þessari till. Hún er hvorki vel grunduð né vel unnin og ekki einu sinni vel hugsuð, því miður.

Ég verð líka að segja að það kom mér á óvart þegar ég skoðaði lista yfir flm. Ég sé að hér eru tveir hv. samþm. mínir úr sama kjördæmi. Ég spyr: Hvers vegna bauð ekki hv. 1. flm. Eyjólfur Konráð Jónsson 1. þm. Vesturl. að vera á þessari till. líka til að vera ekki að gera upp á milli þm. kjördæmisins? Honum hefur ekki verið sýndur sá sómi að bjóða honum að vera einn tillögumanna. Það kann að eiga sér einhverjar skýringar. Ég veit ekkert um það. Ég þekki ekki innviði í húsakynnum þingflokks Sjálfstfl.

En ég held að ég fari alveg rétt með að þessi stofnun varð til fyrir forgöngu dr. Bjarna Benediktssonar sem þá var formaður Sjálfstfl. Nú koma þm. Sjálfstfl. og leggja til að hún verði lögð af, skorin niður við trog þó að í framsöguræðu sé að vísu dregið verulega í land, enda hefur mönnum væntanlega gefist tími til að átta sig.

Það hefur verið gerð grein fyrir ýmsum atriðum í starfsemi þessarar stofnunar og ég skal ekkert fjölyrða um það. Auðvitað hefur þessi stofnun verið þjónustustofnun ráðuneytanna. Telur hv. flm. Eyjólfur Konráð Jónsson að þeim málum væri betur komið ef hvert ráðuneyti hefði sína hagdeild? Það getur vel verið að það sé skoðun Sjálfstfl. En þá eiga þeir ágætu menn að segja það hreint út ef hvert ráðuneyti ætti að annast þessi verk fyrir sig — eða hver á að annast hagrannsóknir og rannsóknir á efnahagsmálum ef ekki einmitt stofnun af því tagi sem hér um ræðir? Ég hygg að ef á heildina er litið og málin skoðuð grannt hafi starfsemi þessarar stofnunar á fjölmörgum sviðum gefið afar góða raun. Auðvitað má sitthvað að henni finna eins og öllum mannanna verkum og öllum opinberum stofnunum. Þær eiga ævinlega að vera háðar athugun og endurskoðun, en það á hins vegar ekki að leggja þær niður athugunar- og undirbúningslaust. Láta þegar hefja undirbúning að því að leggja niður, segir í tillögunni. Það á ekki einu sinni að athuga málið. En að vísu skal ég endurtaka að flm. dró mjög í land í sinni framsöguræðu og hefur greinilega skipt verulega um skoðun í þessu máli frá því að hann í

einhverjum tilfinningahita augnabliksins hripaði þessar fáu línur á blað og þar til hann nú, kannske tveimur vikum seinna eða svo, kemur í ræðustól til að mæla fyrir tillögunni. Maður skilur það. Það er auðvitað eðlilegt.

En hér er sem sagt um eina stofnun ríkisins að ræða sem gegnt hefur töluvert veigamiklu hlutverki og uppfyllt ákveðnar þarfir, gegnt ákveðinni þjónustu, bæði við Alþingi, alþm. og ráðuneytin. Hv. flm. leggur til að þessari einingu, þessari stofnun, þar sem hefur safnast saman ákveðin sérfræðiþekking og kunnátta, verði sundrað af því að einn maður er að láta af störfum. Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir öllum þeim ágætu þm. sem skrifa nöfn sín á þessa till.: Þetta eru ekki rök í málinu.

Það hafa raunar engin rök sem ég hef heyrt komið fram um að það beri að leggja þessa stofnun niður. Auðvitað er sjálfsagt að hún sé athugun háð og hvernig megi breyta henni og laga betur að aðstæðum. Það er sjálfsagt mál. En tillöguflutningur af þessu tagi, og það veit ég að fleiri hv. þm. geta tekið undir, þar sem till. er ein og hálf lína, grg. 9 eða 10 línur, getur ekki talist vel undirbúinn, vel ígrundaður eða vandaður og allra síst þegar allar röksemdir skortir. Þær einu röksemdir sem hér er að finna eru að nú skuli leggja þessa stofnun niður af því að einn maður er að láta af störfum — láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta, er sérstaklega tekið fram í grg. Hvaða máli skiptir hvers vegna umræddur maður er að láta af störfum? Það skiptir engu máli.

Þeim mun oftar sem ég les þessa stuttu klausu sem kölluð er grg., þeim mun furðulegra og einkennilegra verður þetta mál.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hafa verið haldnar tvær mjög svo skrýtnar ræður svo að ekki sé meira sagt. (**JBH:** Hér er sú þriðja.) Við höfum orðið vitni að því, þm. og landsmenn allir, að formaður Alþfl., hv. 5. þm. Reykv., hefur farið eins og hvítur stormsveipur um landið, höggvið á báðar hendur, prédikað breytingar og byltingar, prédikað að leggja ætti niður ríkisstofnanir, sameina stofnanir, spara í kerfinu, reka seðlabankastjóra og ýmsa aðra embættismenn, ekkert dygði minna til þess að gera það stjórnkerfi sem við búum við aðgengilegt og til að það þjónaði sínum tilgangi. Allt hefur þetta vakið mikla athygli. Hann hefur fengið forsíður dagblaða lagðar undir yfirlýsingar sínar dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, allt undir merkjum þess mikla byltingar- og bardagamanns sem hann vill vera.

Nú kemur fram till. á hv. Alþingi, sem ég er reyndar flm. að, sem er góð till. og er ágætlega rökstudd. Mjög margir í þjóðfélaginu velta fyrir sér hvort þörf sé á Þjóðhagsstofnun og hvort ekki sé um tvíverknað eða margverknað að ræða ef við höfum bæði hagfræðideild Seðlabanka, Hagstofu Íslands, efnahagsráðunaut ríkisstjórninnar og hvað þessar stofnanir allar heita sem starfa að ýmiss konar skýrslugerð og ráðgjöf í efnahagsmálum. Og tilefnið er margvíslegt. Tilefnið er m.a. að maður sem gegnir forstöðu í þessari stofnun til bráðabirgða hefur sjálfur komið fram á völlinn og skýrt frá því í blaðaviðtali, sem rakið var í framsöguræðu áðan, að hann telji ástæðu til að breyta stofnuninni og bendir á margar leiðir í þá átt og m.a. að það komi vel til greina að leggja þessa stofnun niður og sameina hana öðrum stofnunum.

En hvað gerist? Hér stígur í stólinn einhver mesti kerfiskarl sem ég hef heyrt standa uppi í stól á Alþingi um langan tíma, ver kerfið í bak og fyrir. Það var enginn annar en hvíti stormsveipurinn, hv. 5. þm. Reykv., sem kemur núna fram í gervi þessa kerfiskarls og verndara og varnarmanns kerfisins. Og hvers vegna skyldi þetta vera? Hvers vegna í ósköpunum skyldi það vera að hvíti stormsveipurinn kemur upp í sérstöku verndarhlutverki fyrir kerfið og á eftir honum kemur hv. 5. landsk. þm.? Jú, það leyndist nefnilega krati í þessari stofnun og við slíkum mönnum má ekki hrófla. Reyndar er verið að gera því skóna að flm. hafi sérstaklega verið að koma pólitísku höggi á forstöðumann þessarar stofnunar. Auðvitað er það fjarri lagi. Þessi till. er flutt á fullkomlega málefnalegum grundvelli og að miklu leyti að gefnu tilefni eins og sagt hefur verið.

Það breytir auðvitað ekki efni málsins þó að Bjarni heitinn Benediktsson hafi verið forgöngumaður að því að koma þessari stofnun á fót. Hann gerði marga hluti góða, en auðvitað er ekkert eilíft, og þó að hann hafi átt hlut að því að koma góðri stofnun á fót er ekki þar með sagt að hana megi ekki endurskoða og hana megi ekki leggja niður.

Ég segi eins og er: Hver trúir því lengur, eftir að hafa hlustað á jafneinkennilega kerfisræðu og hv. 5. þm. Reykv. flutti áðan, að þessir menn séu líklegir til að taka til hendi í íslensku þjóðfélagi eða í íslensku stjórnkerfi? Ég trúi því a.m.k. ekki.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja örfá orð um þessa þáltill. sem þegar hefur valdið allnokkru hugarróti þm. þar sem ég er einn af meðflm. en Eyjólfur Konráð Jónsson 1. flm.

Það hefur komið okkur flm. nokkuð á óvart, þó kannske ekki með öllu, hve snörp viðbrögð hafa orðið við þessari till. frá þm. Alþfl., hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. þm. Þeir fóru hamförum í ræðustól gegn þessari till. Það má undrum sæta því að hvað felst í þessari till. annað en að hér er verið að tala um að reyna að spara í rekstri ríkisins og viðhafa ráðdeild og bæta stjórnsýsluna að þessu leyti?

Maður hefði haldið, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, vék hér að, að Alþfl. væri ekki á móti slíku stjórnarfari. En annað kemur á daginn. Það er greinilega komið við hjartað í rjúpunni þegar farið er að tala um að draga saman seglin í ríkisrekstrinum. Þá má ekki hreyfa við einu eða neinu. Þetta eru kerfiskarlarnir í sinni upprunalegu mynd sem hér töluðu áðan.

Það var haft á orði af öðrum hvorum þeirra að það að leggja niður Þjóðhagsstofnun, en til þess liggja mörg góð og gild rök tíunduð í framsöguræðu, væri ekki annað en að auka tvíverknaðinn. Mér er fullkomlega óskiljanlegt hvernig það getur aukið tvíverknaðinn að leggja niður stofnun og færa verkefni hennar til annarra stofnana sem starfa á nákvæmlega sama sviði. Og þá ekki síður af þeim ástæðum að Þjóðhagsstofnun, eins og fram kemur í viðtali í Morgunblaðinu við núv. framkvæmdastjóra hennar, metur raunverulega sín eigin verk, en það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt. Hún heldur skýrslur um fortíðina og spáir um framtíðina.

Það vill svo til að við höfum margar stofnanir sem geta tekið að sér hlutverk Þjóðhagsstofnunar og það er vitanlega hinn málefnalegi grunnur þessarar tillögu. Um er þar að ræða Seðlabankann, efnahagsráðunaut ríkisstjórnarinnar og Hagstofuna. Hagstofan annast gerð hagskýrslna og annað slíkt. Sá þáttur, sem er þriðjungurinn af starfi Þjóðhagsstofnunar, á vitanlega mjög vel heima þar og einnig í Seðlabankanum, þ.e. hagrannsóknir. Efnahagsráðgjöf, þ.e. starf efnahagsráðunautar ríkisstjórnarinnar, mætti vissulega efla. En við þurfum ekki til þess á þriðja tug manna sem starfar að þessum verkefnum sem framkvæmd eru einnig í öðrum stofnunum, eins og Þjóðhagsstofnun, né þurfum við að eyða til þess 35 millj. kr. sem Þjóðhagsstofnun kostaði á síðasta ári. Í því felst sparnaðurinn.

Þessi till. hefur verið gagnrýnd aðallega á þeim grundvelli, raunar af báðum fulltrúum kerfisflokksins, Alþfl., að hún sé stutt og á henni sé fljótaskrift. Það er sem sé orðið sérstakt gagnrýnisefni að hér er ekki um neina langloku að ræða! En það má vel vera, og raunar höfum við merki um það, að Alþýðuflokksmenn meti mikilvægi tillöguflutnings eftir lengd þskj. og er þetta í mesta máta furðuleg röksemd.

Kjarni málsins er vitanlega sá að hér hefur lengi verið talað um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana. Það hefur lengi verið á stefnuskrá Sjálfstfl. En misjafnlega hefur gengið að koma þeim málum í framkvæmd. En þegar hér er lagt til að gefnu tilefni, eins og hv. frsm. vék að, að stíga eitt tiltölulega lítið skref í því efni rísa upp vofur kerfisins. Þeir eru postular ríkisbáknsins sem hafa barið sér á brjóst á undanförnum dögum, vikum og mánuðum, og sagst vilja brjóta niður múrana, spara og sýna sem mesta ráðdeild, koma með nýja siði inn í íslenska þjóðfélagsumræðu og íslenska stjórnsýslu.

Nei, við engu má hreyfa, hvergi má spara, ekki má stíga þetta litla skref til aukinnar hagræðingar í ríkisrekstrinum. Þá rekum við okkur á hinn óbrotgjarna ríkisafskiptamúr Alþfl.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Það er vegna tveggja atriða sem hafa komið fram í þessum umræðum að ég tek til máls nú. Það er ekki vegna þess að ég sé að blanda mér í kosningabaráttu þeirra hv. þm. sem hafa verið að tala að undanförnu heldur vil ég sem væntanlegur stuðningsmaður þessarar till. taka skýrt fram að það er ekki vegna neinna persónulegra árása á fyrrv. forstjóra þessarar stofnunar, Jón Sigurðsson, að ég mun greiða till. atkvæði og þá enn síður vegna árása á þann semn gegnir þessu starfi nú. Þessir menn eru báðir með virtustu embættismönnum þjóðarinnar og það kemur ekki til mála og ég veit að það er enginn sem stefnir að því þótt till. þessi verði samþykkt að þessir menn verði settir út á kaldan klaka jafnvel þótt hv. væntanlegur þm. Jón Sigurðsson muni ekki ná kosningu í Reykjavík. Auðvitað mun hann þó geta gegnt opinberu embætti áfram og ég trúi því ekki að nokkur sjálfstæðismaður muni leggja stein í götu þess, ekki síst þegar upplýst er að fyrrv. formaður Sjálfstfl. mun hafa útvegað honum þetta embætti.

En það var vitnað í till. sem ég var meðflm. að á sínum tíma með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni í sambandi við fækkun í starfsmannaliði bankanna. Það vill svo til að ég hef í tvö ár reynt að fylgjast með þessu og vinna að því. Það er að sjálfsögðu afskaplega erfitt þegar þjónusta þessara stofnana eykst stöðugt á öllum sviðum og enn þá eru t.d. ríkisbankarnir í hreinni samkeppni sín á milli um alla starfsemi útibúa. Það hefur þó komið fram nú í því sem hefur verið ákveðið með Útvegsbankann, það er sérákvæði sem hæstv. viðskrh. hefur fengið samþykkt í stjórnarflokkunum, að það verði nú tekin upp markviss aðgerð til að spara á þessu sviði. Þetta var í eina tíð reynt að gera, fyrir nokkrum árum þegar Landsbanki Íslands tók við erfiðleikasvæði af Útvegsbanka Íslands, Austfjörðum, og hefur þjónað þeim síðan. Þar sem liggur fyrir að Búnaðarbanki Íslands mun vera reiðubúinn að borga 200–300 millj. í lausnargjald til að losna við Útvegsbankann mætti hugsa sér að hann tæki þá að sér að sjá um Suðurnesin sem er mjög erfitt svæði fyrir Útvegsbankann. Þetta mundi spara gífurlega mikla peninga og þá gætu hinir ríkisbankarnir komið sér saman um að sameina og leggja niður útibú á þeim stöðum þar sem þeir eru allir þrír jafnvel með útibú.

Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Birgi Ísleifi að Jón Baldvin Hannibalsson talar tungum tveim. Hann talar opinberlega á fundum úti um land þar sem hann fer geyst um og vill brjóta niður múrana, en engu er líkara en hann sé að lemja höfðinu við stein í hvert sinn þegar að því kemur að ræða skynsamlegar tillögur um að spara í hinu opinbera kerfi ef þannig vill til að krati eigi þar í hlut.

En það er ekki það sem ég á við. Mér er sama hvað maðurinn heitir eða hvar í pólitík hann er. Ef hægt er að gera þetta skynsamlega er það auðvitað öllum til góðs, ekki aðeins stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum heldur þjóðinni í heild. Ég held að það sé sá hluti tillögunnar, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er 1. flm. að, sem við eigum að hugsa um og athuga, ekki hvort ályktunartillagan hefur fleiri orð eða færri að geyma. Það þurfa t.d.

ekki að vera mörg orð í till. sem lögð er fram sem vantraust á eina ríkisstjórn. Þau geta verið örfá.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er hugnanlegur skollaleikur sem þingheimur eyðir nú tíma sínum í, leikur sem ég vil kalla flokkspólitíska stríðni. Ég er reyndar ákaflega sammála hv. flm. till. sem hér um ræðir, að tilverurétt Þjóðhagsstofnunar eigi að endurskoða og reyndar margra annarra stofnana á vegum ríkisins, en hvað sem hv. flm. segja um göfugan tilgang sinn og sparnaðarhugsjónir efast ég um þá göfgi með tilvísan til fortíðarinnar. Karlmannleg viðbrögð Alþfl. sýna það, sem maður hefur alltaf vitað, að gömlu flokkarnir eru rammflæktir í alls konar sérhagsmuni sem blinda þeim sýn þegar til kastanna kemur. En ég vona að þessi till. fái sanngjarna umfjöllun í nefnd og væri óskandi að menn vildu *taka rækilega til höndum við hagræðingu og bætt* vinnubrögð í ríkisrekstrinum.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þm. Kvennalistans guma mjög af því að þær séu í allt öðrum flokki og allt annars eðlis en annað fólk sem situr á Alþingi. Það gerði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir áðan.

Ég vona hins vegar að við hinir, sem tilheyrum þessum gömlu flokkum sem hún talar um, berum gæfu til að tileinka okkur ekki þau vinnubrögð sem þm. Kvennalistans hafa tileinkað sér t.d. í blaðaskrifum í Morgunblaðinu um að ljúga beinlínis til um gang mála á Alþingi og hvernig staðið er að málum og tillöguflutningi hér. Ég vona að við berum gæfu til þess. (**KH:** Vill þm. nefna það?) Vill þm. ekki lesa grein hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu 5. febr.? Þá getur hún gengið úr skugga um þetta. Mjög einfalt mál.

Það var talað um að við hefðum gagnrýnt að þessi till. væri stutt. Í sjálfu sér er það ekki gagnrýni vert að tillögur séu stuttar. En ef þær eru jafnframt svo stuttaralegar að þeim fylgir enginn rökstuðningur eða skýringar er það auðvitað gagnrýni vert. Ég tek undir að það er af hinu góða að tillögur séu ekki mjög langar, en þær verða að vera þannig orðaðar og þannig samdar að þeim verða að fylgja einhver rök. Þessari tillögu fylgja ekki rök. Ég kalla það ekki rök sem er meginpunktur tillögunnar í 2. mgr.: „Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans.“ Þetta er hinn raunverulegi rökstuðningur fyrir þessari till. Auðvitað er þetta öðrum þræði feiknarleg traustsyfirlýsing. En ég hef hins vegar efasemdir um hvort það sé sæmandi að láta svona þskj. frá sér fara.

Hv. þm. Gunnar G. Schram fór hamförum í ræðustól og talaði um vofur kerfisins og viðhafði ýmislegt annað álíka smekklegt orðbragð. Hann um það. Það er hans mál. Hann gumaði mjög af þeim sparnaði sem þessi till. á að hafa í för með sér. Það er engin grein gerð fyrir því í tillögunni hvaða sparnað hún hefur í för með sér. Þessi till. hefði verið ólíkt betur grunduð ef leidd hefðu verið rök að því að það mætti spara með þessu. Þau rök eru ekki hér. Því miður, fyrir þá sem skrifuðu upp á þessa till. M.ö.o.: ef á að leggja þessa stofnun niður og spara mjög verulega, þýðir það þá að það eigi að hætta að sinna þeim verkefnum sem hún hefur sinnt? Eru hv. þm. að leggja það til? Það segir ekki hér. Á að fela öðrum verkefnin? Á að stofna sérstaka hagdeild við hvert ráðuneyti? Það er ekki sagt hér. Það liggur ekkert fyrir um að þessi tillaga leiði til sparnaðar. Ég tek undir það að allar svona stofnanir eigi að vera endurskoðun og breytingum háðar, en þegar menn koma hér og leggja til að stofnanir verði umyrðalaust lagðar niður án þess að færa fyrir því rök, án þess að styðja rökum að að því verði sparnaður er ekki hægt að bera mikla virðingu fyrir slíkum málflutningi.

Við þm. Alþfl. höfum bent á ýmsar breytingar sem gera mætti í ríkiskerfinu, margvíslegar og á mörgum stofnunum. Auðvitað er þessi stofnun ekkert undanþegin. En þegar rökin eru þau að þegar einn einstaklingur er að láta af störfum til að hefja stjórnmálaafskipti skuli gera hitt og gera þetta eru í rauninni takmörk fyrir því hvað er miklum tíma eyðandi í slíkt. Því læt ég nú máli mínu lokið, herra forseti.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara ýmsu því sem komið hefur fram í þessum umræðum sem mér hafa að vissu leyti þótt ágætar, málin skýrast og menn koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Ég vík þá fyrst að ummælum hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Hann hóf mál sitt á því að tala um að það væri óeðlilegt orðalag að tala um „stofnun hans“, forstjórans sem væri að hætta væntanlega og hefði verið við þessa stofnun alla tíð. Ég hef oft talað um t.d. kjördæmi hans, kjördæmi Jóns Baldvins. Ég hef talað um mitt kjördæmi. (**JBH:** En ekki talað um að leggja það niður, er það?) Var ekki verið að setja út á það orðalag að tala um „stofnun forstjórans“? Er ekki talað um bát skipstjórans? Er ekki talað um jafnvel sókn sóknarprestsins? Þú hefur kannske aldrei heyrt „Gunna var í sinni sveit“? Þetta er ekkert óeðlilegt orðalag. En ég veit að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur verið í „sinni sveit“. Hann hefði átt að halda áfram þar.

Að fyrst nú sé tækifærið. Það sé gagnrýni á mig sjálfsagt sérstaklega, 1. flm., að ég telji að nú sé fyrst tækifæri til að leggja þessa stofnun niður. Ég veit ekki betur en að ég hafi meira að segja lesið upp fyrir hv. þm. og öllum þingheimi hvað ég sagði um það efni árið 1978. Ég hef verið meira og minna á móti öllum þessum stofnunum. Ég skal játa að ég vissi ekki að þeir væru 127 samtals, þessir spekingar sem hafa verið að reikna yfir okkur kreppu í háa tíð, kreppu og launaskerðingar, gengisfellingar og allt

þetta dót. Ég hélt að þeir væru ekki svona margir. En það er þá áreiðanlega hægt að fækka þeim um helming, bæði í þessari stofnun og öðrum. (Gripið fram í.) Það hef ég margsinnis lagt til í ræðum.

Hv. þm. sagði að samtals væru þessir spekingar 127 í mismunandi stofnunum að fást við hagreikninga og spár. Skildi ég það ekki rétt? Jú, ég hlýt að hafa skilið það rétt. (**JBH:** 177.) Nú, hvorki meira né minna en 177. Þá má fækka þeim á annað hundrað.

Og að ríkisstjórnin hafi haft tækifæri til að gera breytingar. Ég veit það ósköp vel. Ríkisstjórnir allar hafa haft tækifæri til að gera breytingar, en þær hafa því miður látið undan embættiskerfinu. Kerfið er samt við sig. Þar styður hver annan í einu og öllu og Alþingi lyppast niður fyrir þessu kerfi. Það má varla einu sinni ræða um það hér, þá verða menn hneykslaðir, einhverjir. Þessir í dag og hinir á morgun. Nú er það hlutverk hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþfl., að verja kerfið í rauðan dauðann. Ég held að engir aðrir hér verji þetta kerfi núna. Það verða kannske einhverjir aðrir sem gera það á morgun. En það verður ekki ég sem ver það, það er alveg öruggt mál, og það veit þingheimur allur. Ég hef aldrei gert það og mun aldrei gera. Það er ofvöxtur genginn í þetta kerfi og það vinnur ekki gagn eins og það er skipað.

Ég er spurður að því: Hverjir báru ábyrgð á byggingu húss Framkvæmdastofnunar? Ekki Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er a.m.k. víst. Ég barðist á móti þessu líka. En veit hv. þm. ekki hverjir báru ábyrgð á því? Veit hann ekki hverjir bera ábyrgð á öllum byggingunum, „okkar byggingum" og öðru slíku? Það er kerfið. Framkvæmdastofnun sjálf, án þess að spyrja Alþingi, byggði þetta hús. Og Þjóðhagsstofnun sjálf, án þess að spyrja Alþingi, ætlar sér að ryðjast inn á tvær hæðirnar í Seðlabanka sem ég t.d. lagði til að annaðhvort yrði forsrn., þó að forsrh. sjálfur væri í okkar virðulega gamla húsi, eða þá utanrrn. Það var Þjóðhagsstofnun sjálf sem réðist þarna inn. Að vísu féllst hæstv. forsrh. á að þetta, sem ég vil kalla hneyksli, gerðist. Það nægði ekki þetta glæsilega nýja húsnæði á Rauðarárstíg fyrir þessa stofnun, hún þyrfti líka að flytja starfsemi sína á tvær hæðir í Seðlabankanum. Þegar Alþingi ályktaði að það þyrfti að athuga hvernig best væri að hagnýta þetta húsnæði var það Þjóðhagsstofnun sem heimtaði það. Við ráðum bókstaflega engu hér og heldur ekki ríkisstjórnin. Þetta kerfi hefur vaxið okkur öllum yfir höfuð. Það er eins og enginn þori einu sinni að kvaka svolítið utan í það, hvað þá að skamma það, sem er vissulega tími til kominn að gert verði.

Hv. þm. sagði að það ætti að gera greinarmun á skýrslusöfnun og efnahagslegri ráðgjöf. Auðvitað á að gera það. En er það gert? Þessu er öllu hrært saman. Það er það sem ég er að segja og það er það sem Þórður Friðjónsson er að segja, einmitt það að það á að skilja þarna á milli. Þjóðhagsstofnun á auðvitað ekki né nein önnur stofnun bæði að gera spár og reyna svo að reikna sig eftir á inn í að þetta hafi verið réttar spár. Ég sagði áðan að það er ofurmannlegt að vera ekki eitthvað smitaður af spám sem maður sjálfur gerir. Auðvitað á að flytja allar skýrslur þangað sem þær eiga heima, í okkar virðulegu gömlu stofnun, Hagstofunni, sem þar að auki er með sæmilegt íslenskt heiti. Síðan má leyfa einhverjum spámönnum einhvers staðar og einhvers staðar, hvað sem stofnunin heitir, hún má mín vegna heita Þjóðhagsstofnun, mér er nákvæmlega sama, að gera einhverjar spár. Ég ætla ekkert að lesa þær. Þær hafa allar reynst meira og minna vitlausar. Kannske trúir enginn því ef ég segi það hér, en að gefnu tilefni ætla ég þá að lesa smáfréttastúf úr Dagblaðinu 13. jan. s.l. Það er frétt af spástefnu Stjórnunarfélags Íslands og fjallar um greinargerð og rannsóknir sem gerðar hafa verið í Seðlabankanum. Ég hef ekki getað fengið þessa greinargerð eða rannsóknir þar sem þær eru ekki taldar fullunnar. Ég hef gert tilraun til að ná í þær upplýsingar og margar aðrar í kerfinu, bæði í sambandi við þetta mál, í sambandi við beinu greiðslurnar til bænda, afurðalánagreiðslurnar og allt það árum saman. Það er kominn áratugur sem maður hefur barist í þessu. Þær eru ekkert á lausu í bankakerfinu eða þessum stofnunum þær skýrslur sem koma kerfinu illa og hafa aldrei verið. Það er alveg sama hvaða stjórn hefur setið. Það skal ég játa. T.d. var till. okkar hv. þm. Péturs Sigurðssonar flutt þegar samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sat, nákvæmlega eins og þessi er flutt núna þó að Sjálfstfl. sé við völd. Það skiptir ekki máli í þessu efni.

En þessi grein hefst á þessum orðum og hlustið nú vel:

„Á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands fyrr í vetur sagði Ragnar Árnason hagfræðingur og lektor um þjóðhagsspár Þjóðhagsstofnunar að svo lítið samræmi væri milli spánna og raunveruleikans að ekki mætti einu sinni treysta því að þær væru vitlausar." — Svo lítið samræmi væri milli spánna og raunveruleikans að ekki mætti einu sinni treysta því að þær væru vitlausar!

Hann hafði þessa skýrslu undir höndum, þessi maður. Ég hef ekki fengið hana. Auðvitað hafa þessar spár verið meira og minna vitlausar. Hver getur spáð í verðbólgu og sveiflu í þjóðfélagi? Hvernig á að taka það sem eitthvert guðsorð sem sagt er í þessum spám? Ég er ekkert að lasta þessa menn fyrir það. En þegar þeir byrja að tala um: Svona verður þetta. Þetta verður svona. Aflinn verður þessi. Verðið verður þetta. Og þegar stjórnmálamenn, við hér, erum að lesa þetta upp eftir honum í löngum, löngum, löngum ræðum. Jú, jú, það er alveg ákveðið að svona verði þetta og svo á eftir á að reikna það ofan í okkur að svona hafi það orðið. Ég held að menn hljóti að fara að sjá í gegnum þetta. Þetta gengur ekki! Það þarf að breyta þarna til og að stórfækka í öllu þessu kerfi og greiða þetta í sundur.

En ég ætti kannske að lesa alla fréttina vegna þess

að mér er sagt af mönnum sem hafa lesið skýrsluna að öll þessi frétt sé rétt og með leyfi forseta ætla ég að lesa hana alla og byrja þá að nýju með fyrirsögn og öllu saman:

„Þjóðhagsspár Þjóðhagsstofnunar gagnrýndar. Ekki treystandi að spárnar séu vitlausar.

Á spástefnu Stjórnunarfélags Íslands fyrr í vetur sagði Ragnar Árnason hagfræðingur og lektor um þjóðhagsspár Þjóðhagsstofnunar að það væri svo lítið samræmi milli spánna og raunveruleikans að ekki mætti einu sinni treysta því að þær væru vitlausar. Hjá hagfræðideild Seðlabankans liggur fyrir athugun á þessum spám fyrir árin 1974–1983. Athugunin tekur aðallega til fjármunamyndunar og útflutnings, innflutnings, einkaneyslu, þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Fram kemur að einungis spár um einkaneyslu þykja góðar. Samt felst í þeim kerfisbundið vanmat á einkaneyslunni sem telja verður alvarlegan galla. Ljóst þykir að útflutningsspár Þjóðhagsstofnunar hafa misheppnast, en bent er á að ekki verði hægt að spá sæmilega um útflutninginn þar sem sjávarafli vegi þungt og erfiðlega hafi gengið að sjá aflabrögð fyrir.

Fjárfestingarspáin reyndist einnig slök, þó betri en engin þegar spáð var á miðju spáári, en spáð er einu sinni fyrir hvert spáár og spáin venjulega endurskoðuð þrisvar á ári. Fyrsta spá um innflutning hefur reynst slök og það er talið stafa af lélegri fjárfestingarspá þar sem fjárfestingarvörur eru þriðjungur innflutningsins. Loks kemur í ljós að spár um þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur, sem byggjast að sjálfsögðu á hinum spánum, þykja betri en engar þótt þar komi raunar fram sama kerfisbundna vanmatið og í einkaneysluspánum, sérstaklega á spáárinu sjálfu.

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að spámennsku Þjóðhagsstofnunar hafi verið verulega ábótavant á því tíu ára tímabili sem um er fjallað. Ekki þykir líklegt að þær hafi breyst í eðli sínu síðustu tvö árin þótt samanburður liggi ekki fyrir vegna þess tíma. Þeir hagfræðingar sem DV ræddi við um þetta töldu ýmist að spárnar hefðu verið skárri en engar og nothæf hjálpartæki eða þær hefðu verið of gallaðar og beinlínis blekkjandi í veigamiklum atriðum. Niðurstaða eins hagfræðings í kerfinu var raunar sú að þjóðhagsspárnar hefðu greinilega verið notaðar beinlínis í þágu stjórnvalda þar sem þær sýndu sífellt vanmat á einkaneyslu, þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Þannig hafa þær alltaf virkað eins og bremsa á kröfugerð og þá um leið bjartsýni manna. En hvorki þessir hagfræðingar né aðrir voru tilbúnir til þess að ræða spádóma Þjóðhagsstofnunar í eigin nafni að svo komnu máli. Þessi spámennska þykir því greinilega fremur viðkvæmt efni til opinberrar umfjöllunar í hópi hagfræðinga."

Það eru þessar kreppuspár sem við höfum búið við og kreppuútreikningar sem hefur verið dengt yfir lýðinn, a.m.k. alla þá tíð sem Þjóðhagsstofnun hefur starfað.

En þá er ég kominn að hv. þm. Eiði Guðnasyni. Hann sagðist hafa orðið aldeilis hreint steinhissa þegar hann sá þessa till. Ég veit ekki nákvæmlega á hverju hann varð aðallega hissa, en hann gat þess þó að það hefði enginn rökstuðningur verið með þáltill. Ég neyðist því til þess, herra forseti, að fá leyfi til að lesa grg. Hún er stutt. Að í henni sé enginn rökstuðningur var mál hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Hún hljóðar svona:

„Þjóðhagsstofnun hefur nú starfað á annan áratug og haft með höndum verkefni sem eðlilegast er að Hagstofan annist, auk þess sem stofnunin hefur annast svokallaða efnahagsráðgjöf við ríkisstjórnina sem ekki verður séð að orðið hafi til heilla." — Samanber það sem ég var að lesa upp áðan. — „Í kerfinu eru nú margar stofnanir að bjástra við sömu eða náskyld verkefni og er sá frumskógur æðiflókinn. Úr öllu þessu ofskipulagi og þar með skipulagsleysi þarf að greiða, einfalda athafnasemina og minnka." — Vonandi skilja menn þetta.

„Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans. Það þarf að gera eins fljótt og við verður komið eftir kosningar svo að ný ríkisstjórn geti markað stefnu í þeim efnum, en undirbúning breytinganna er rétt að hefja strax."

Hv. þm. Eiður Guðnason fjargviðraðist mikið yfir því og margendurtók að það væri ósmekklegt að nefna það að maðurinn ætlaði í stjórnmálaafskipti eða væri kominn í stjórnmálaafskipti. Ég get alls ekki séð að það mæli neitt á móti honum. Enginn maður verður verri fyrir að hefja stjórnmálaafskipti og get ekki skilið hvað hv. þm. Eiður Guðnason á við með því. En auðvitað met ég þennan mann mikils. Ég veit að þetta er gáfaður maður og hámenntaður þó að ég sé algerlega ósammála hans skoðunum. Það er allt annað mál. Hann er mesti krati á Íslandi. Það er hans hugsjón. Hann vill láta stjórna. Hann er stjórnhyggjumaður en ég er frjálslyndur maður. Okkur greinir á í stjórnmálaskoðunum. En hann á ekkert að fara út úr íslensku þjóðlífi fyrir það.

Ég segi: Það er einmitt kjörið tækifæri vegna þess að væntanlega fáum við manninn inn á þing og getum talað við hann um stjórnmál. Ég fagna þeirri stundu. Þá verð ég örugglega oftast ef ekki alltaf ósammála. En það breytir ekki því að hann á ekkert að fara út úr íslensku þjóðlífi. Ef hann ekki nær kjöri verður hann áfram í einhverri af þeim stofnunum sem stokkað verður upp í. Það segir ekki einu sinni í till. að það skuli leggja þessa stofnun niður. Hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður."

Síðan segir í grg.: Þetta þarf að gera eins fljótt og við verður komið eftir kosningar og ný ríkisstjórn markar stefnu í þessum efnum en undirbúning breytinga er rétt að hefja strax.

Ég hef margtekið það fram og nákvæmlega ekkert

annað í ræðu minni en í þáltill. sjálfri að það sem á að gera er að hefja undirbúning þess að hún verði lögð niður og engin ákvörðun verði tekin fyrr en eftir kosningar af komandi ríkisstjórn. Hún tekur þá ákvörðun um hvort verður breytt um nafn, hvort stokkað verður upp. Ef hún verður vinstri stjórn vill hún vafalaust bara halda þessu öllu saman óbreyttu.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. „Nú vill svo til að forstjóri Þjóðhagsstofnunar er að láta af störfum vegna stjórnmálaafskipta og er þá kjörið tækifæri til að afnema stofnun hans."

Herra forseti. Það eru að koma kosningar. Hæstv. forsrh. er að láta af störfum fljótlega. Kjörið tækifæri til að afnema forsætisráðherraembættið. Hæstv. fjmrh. er að láta af störfum senn. Kjörið tækifæri til þess að afnema fjármálaráðherraembættið. Spurning: Hv. þm. Gunnar G. Schram gerist þm. Kjörið tækifæri til þess að leggja niður prófessorsembætti eða hvað það nú var í lagadeild Háskóla Íslands. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kominn heim úr Norðurlandi vestra. Kjörið tækifæri til þess að leggja niður það kjördæmi eða hvað? **(Gripið fram í:** Nei.) Nei, ekki allir sammála um það. En rökin eru þau að það er kjörið að leggja niður stofnun af því að einn maður er að láta af störfum, kjörið tækifæri.

Hv. flm. Hver eru rökin fyrir þessari till.? Þau eru þessi: Það er allt of margt fólk í bankakerfinu. Seðlabankinn hefur þanist út. Það er allt of mikil skriffinnska. Það er allt of mikill tvíverknaður. Það er sífellt verið að fjölga kerfiskörlum. Það er lítillar ráðdeildar gætt í því kerfi. Það er hægt að spara í kerfinu. M.ö.o.: Flm. er að segja: Það er hægt að spara. Við viljum draga úr ríkisafskiptum. Við viljum koma hlutunum betur fyrir.

Herra forseti. Af hverju er þessi rök ekki að finna í grg.? Eru það rök fyrir að leggja niður Þjóðhagsstofnun að það er of margt fólk í bönkunum? Af hverju koma ekki flm. með þessi rök? Af hverju þessa sýndarmennsku? Af hverju er verið að gera okkur upp skoðanir? Erum við með athugasemdir við þessa till. af því að við séum allt í einu orðnir einhverjir varðhundar þessa kerfis og þessa bákns? Eru einhver rök fyrir því? Getið þið nefnt eitthvert einasta dæmi fyrir því? Nei. Við erum að segja: Því miður er ekki lengur hægt að taka góðar og gildar yfirlýsingar flm. um að fyrir þeim vaki ekki ómerkilegar pólitískar árásir. Þær komu reyndar of mikið fram í ræðum manna. Hér er verið að segja: Það er af því að spár Þjóðhagsstofnunar hafa verið rangar. Það er af því að Þjóðhagsstofnun hefur veitt vond ráð. Það er af því að við erum að finna að störfum fyrrv. forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar. Þess vegna er nú tækifærið til að leggja niður stofnunina. M.ö.o.: Þetta er pólitískt mál. Þetta eru pólitískar árásir.

Um spár, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Það var vitnað í Ragnar Árnason, helsta efnahagsráðgjafa Alþb., og aldrei þessu vant með mikilli velþóknun. Spurning: Þegar menn reyndu að spá fram í tímann haustið 1985 um þjóðarframleiðslu, þjóðartekjur o.s.frv. kom á daginn á árinu 1986 að þær spár reyndust rangar. Menn sáu ekki fyrir stóraukinn afla. Menn sáu ekki fyrir stórhækkað verð á erlendum mörkuðum. Menn sáu ekki fyrir hrun í olíuverði og þar af leiðandi kostnaðarminnkun í þjóðarbúinu um 2 milljarða. Menn sáu ekki fyrir skyndilegar breytingar í vaxtamálum í heiminum. Enginn sá það fyrir. Enginn mannlegur máttur hefði getað séð það fyrir. Eru rök af þessu tagi nothæf til þess að segja: Þar af leiðandi eiga menn ekki að hafa neina Efnahagsstofnun, enga efnahagsráðgjöf, gera engar tilraunir til að spá fram í tímann. Ég er hræddur um ekki. Niðurstaðan, sú að spár stóðust ekki, af henni dregur þú ekki þá rökréttu ályktun að þú eigir ekki að reyna að sjá fyrir fram í tímann, að þú eigir ekki að reyna að átta þig á helstu þjóðhagsstærðum þrátt fyrir að þér mistekst og þér hlýtur að mistakast svo lengi sem þú ekki ert guðlegs innsæis. Það er sitt hvað.

En nú spyr ég að gefnu tilefni: Eru hvatirnar að þessari till. þær að þið séuð að segja: Við erum að gagnrýna störf Þjóðhagsstofnunar. Við erum að gagnrýna störf forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar. Við erum að gagnrýna störf starfsmannanna þarna. Við erum að segja að spárnar hafi ekki reynst réttar. Ef þið eruð að segja það verð ég því miður að segja um leið: Þetta er lítilmannleg afstaða því að forstjórinn starfar á ykkar pólitísku ábyrgð, stjórnarmeirihlutans hérna. Það eruð þið sjálfir sem berið ábyrgð á hinum pólitísku ákvörðunum. Það að ykkur eru gefin ráð og þið kunnið ekki vel að nýta er ykkar mál, ekki hans sem ráð gefur. Þið eruð að reyna að koma ábyrgð af hlutum sem þið berið ábyrgð á yfir á embættismenn.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson: Ef það hefði verið til rökstuðningur í þessari till. fyrir því að það að leggja niður Þjóðhagsstofnun væri tillaga um sparnað í ríkisrekstri og ef þið hefðuð svarað því að eftir að hafa lagt niður þessa stofnun hefðuð þið komið fyrir betur og með ódýrari og hagkvæmari hætti efnahagslegri úrvinnslu og efnahagslegri ráðgjöf, þá hefði hv. þm. getað talað við mig eins og hann var að gera en ekki fyrr. Mér var nefnilega bent á að þessi till., bara um það að leggja niður þessa stofnun, framkallar eina spurningu: Hvar ætlið þið, hv. tillögumenn, að láta vinna þá gagnavinnslu sem um er að ræða? Ætlið þið að láta hætta henni? Hvar ætlið þið að láta vinna það úrvinnslustarf úr þessum gögnum sem um er að ræða? Hvar ætlið þið yfirleitt að hafa hagdeildarstarfsemi stjórnarráðsins á Íslandi? Ætlið þið bara að leggja það niður? Ef þið ætlið ekki að leggja það niður verðið þið að gera svo vel að svara því hvar þið ætlið að koma því fyrir. Ég er búinn að sýna fram á það í fyrsta lagi að hluti af þessari starfsemi getur ekki átt heima á Hagstofu, því miður. Hér er um að ræða hagdeild stjórnarráðsins. Eruð þið þá að tala um að þið ætlið að koma upp hagdeildum í hverju einasta

ráðuneyti eða ætlið þið að koma þessu einhvers staðar annars staðar fyrir? Segið það hreint út úr pokahorninu. Ætlið þið að leggja þessa starfsemi niður? Af hverju eruð þið með þá sýndarmennsku að tala um ráðdeild og sparnað sem vakir fyrir ykkur en nefna til stofnun sem er dæmi um ráðdeild og sparnað í ríkisrekstri í samanburði við allar þær stofnanir sem m.a. hýsa þá 177 hagfræðinga sem ég var að nefna áðan? Af hverju þessa sýndarmennsku og af hverju að gera öðrum upp skoðanir? Er þessi till. um það að vinna bug á kerfinu? Er þessi till. um það að vinna bug á æviráðningu embættismanna? Er þetta till. um það og er einhver að andmæla því að það sé æskilegt að færa menn til í kerfinu? Er þetta yfirleitt till. um nokkurn skapaðan hlut nema fimm mínútna vitleysa?

Það hlægir mig mest þegar hv. þm. eins og Birgir Ísl. Gunnarsson og Gunnar Schram koma og svara þessum rökum með því að segja: Nú eru talsmenn Alþfl. að verja eitthvert kerfi. Við erum ósköp einfaldlega að biðja ykkur um að gera eitt. Verið eins og heiðarlegir menn. Segið þið það ef þið viljið hafa pólitíska árásir á forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Komið þið þá hreint til dyranna, segið þið það. Verið ekkert að fela þetta bak við hræsni.

Ef þið eruð hins vegar að tala um tillögugerð af viti, um það að þið séuð að auka sparnað eða auka hagkvæmni í þessum störfum, komið þið á með rökin fyrir því. Hvernig ætlið þið að koma þessum hlutum fyrir öðruvísi? Það liggur alveg ljóst fyrir að till. um að leggja stofnunina niður er ekki svar. Hvar ætlið þið að koma fyrir þeirri starfsemi sem heitir söfnun og úrvinnsla gagna? Ætlið þið að færa það inn í Hagstofu? Staðreynd er sú að þá eruð þið að búa til tvíverknað. Hverjir sinna núna þeim verkefnum að annast úrvinnslu þessara gagna og gerð þjóðhagsreikninga? Þá væruð þið að fjölga því starfsliði inni í Hagstofunni og þið væruð líka að hafa það fólk inni í stjórnarráði. Þetta eru smámunir í fjárhagslegu tilliti borið saman við það sem við hv. þm. Eyjólfur Konráð ættum að vera að ræða ef við erum að tala í alvöru um sameiginleg áhugamál um að hafa taumhald á kerfinu. En það vantar öll rök. Því miður. Það er leiðinlegt til þess að vita að þið skulið hafa fallið í þá gryfju að búa hér til sýndartillögu sem er pólitísk árás úr launsátri.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengi.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um að hér væri verið að gera öðrum upp skoðanir. Hann steig í ræðustól í báðum sínum ræðum fyrst og fremst til að gera okkur flm. þessarar till. upp skoðanir. Hann heldur því fram að þessi till. sé af pólitískum toga spunnin, þ.e. við séum að koma persónulegu pólitísku höggi á forstöðumann Þjóðhagsstofnunar. Þetta er alrangt. Rök fyrir þessari till. liggja í augum uppi og þau hafa verið tilgreind bæði af hv. 1. flm. þessarar till., Eyjólfi Konráði Jónssyni, og öðrum. Það er mikið rætt um það úti í þjóðfélaginu að það sé tvíverknaður í hagstofnunum þjóðfélagsins, hvort sem það heitir hagfræðideild Seðlabanka Íslands, hvort sem það heitir Þjóðhagsstofnun, hvort sem það heitir Hagstofan. Við teljum að eins og nú sé komið sé rétt að leggja Þjóðhagsstofnun niður og sameina störf hennar öðrum stofnunum. Þetta er fullkomlega á málefnalegum grundvelli byggt.

Það er hins vegar alveg augljóst, og í því efni er ég ekki að gera hv. þm. upp neinar skoðanir, að viðbrögð hans, varðstaða hans um kerfið, er byggð á því að það er krati í þessari stofnun og við honum má ekki hrófla. Þessar yfirlýsingar, sem hv. þm. gefur á fundum út um allt land um að breyta og bylta kerfinu, leggja niður stofnanir, reka menn, hafa því ekkert gildi því að þegar komið er inn á þennan ræðustól þar sem ákvörðun á að taka hrekkur hann undan, gerist varðhundur kerfisins og treystir sér ekki til neinna breytinga vegna þess að það er krati í stofnuninni.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Mér entist ekki tími til áðan að svara öllu sem fram hefur komið, t.d. ekki þeirri staðhæfingu að Bjarni heitinn Benediktsson hafi verið sérstakur hvatamaður að Efnahagsstofnuninni. Ég veit ósköp vel að Efnahagsstofnun var komið á í hans ráðherratíð og auðvitað vildu menn eitthvað hafa af þessum útreikningum, en að sá stjórnmálamaður hafi verið sérstakur aðdáandi allra þessara efnahagsreikninga og spádóma held ég að ég viti betur um en hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hve mikið traust hann lagði á það. Hann lagði meira traust á fólkið sjálft í landinu og atvinnuvegina og leit á það sem sína skyldu en ekki einhverra annarra að meta það mál. Við skulum láta útrætt um það. Mér finnst það heldur ósmekklegt að vera að draga hans nafn inn í umræðurnar með þessum hætti.

Af hverju var ekki 1. þm. Vesturl. boðið að vera meðflm.? Af þeirri einföldu ástæðu að hann var ekki við þegar þetta var samþykkt á þingflokksfundi. Að vísu var farið að líða á fundinn. Ég hygg nú að hann hafi ekki verið neitt á þeim fundi. Þeir sem vildu skrifa á þetta gerðu það. Það var svo einfalt.

Það var nýjasta hugmyndin, hún er sú frumlegasta sem ég hef heyrt, að það kæmu hagdeildir í öll ráðuneyti landsins og það þurfi að gera það ef uppstokkun verði og Þjóðhagsstofnun lögð niður. Ég hef aldrei heyrt annað eins hugmyndaflug. Það mætti hafa einhverja hagfræðinga og það má gjarnan styrkja fjmrn. og eftirlitsstörf þar. Ég hef ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því. Það eru tuttugu og eitthvað hagfræðingar í Seðlabanka. Þeir ættu líklega að geta sinnt einhverjum verkefnum sem ekki færu til Hagstofunnar. Auðvitað er svarið við öllu þessu, hvar á að sinna þessum verkum, Hagstofan, þessi gamla, gróna og góða stofnun. Þar á þetta heima. Þetta verður allt saman athugað nánar.

En hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Þú byrjað-

ir á að heita því áðan að ætla ekki að drótta því að okkur að við værum með ódrengskap í þessu máli. Hver voru lokaorð þín hér? Þau voru svona: Þetta er sýndartillaga sem er pólitísk árás úr launsátri. Hvert er þetta launsátur? Að flytja till. í Alþingi Íslendinga? Er það launsátur? Hann getur auðvitað ekki svarað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismál, fyrri umr.

Þáltill. PP o.fl., 302. mál (umhverfis- og félagsmálaráðuneyti). — Þskj. 534.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þeim Þórarni Sigurjónssyni, Stefáni Valgeirssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Haraldi Ólafssyni, Jóni Kristjánssyni, Stefáni Guðmundssyni og Davíð Aðalsteinssyni að flytja till. til þál. um samræmda heildarstjórn umhverfismála. Hún liggur fyrir á þskj. 534. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála skuli sameinuð innan eins ráðuneytis. Til umhverfismála teljist mengunarmál, friðunarmál og skipulagsmál. Yfirstjórn þessa málaflokks verði í höndum sérstakrar skrifstofu innan félagsmálaráðuneytis sem eftir það nefnist umhverfis- og félagsmálaráðuneyti. Umhverfismálaskrifstofan taki við tveimur málaflokkum frá öðrum ráðuneytum: mengunarmálum, þar til heyra lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (að hluta), lög og alþjóðasamningar um mengun sjávar, lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um geislavarnir; friðunarmálum, þar undir heyra lög um náttúruvernd, lög um veiðar og verndun dýra, lög um eyðingu meindýra og lög um landgræðslu.

Óbein stjórn umhverfismála verði styrkt með því að koma á föstu samráði umhverfis- og félagsmálaráðuneytis og annarra ráðuneyta er fara með málefni sem snerta umhverfismál."

Þannig hljóðar tillögugreinin, herra forseti:

„Fyrir rúmum áratug var hafist handa um könnun á yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra nefnd níu manna til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál sem þáverandi félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi vorið 1978. Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 18. apríl 1978 hafði verið ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Var þessi ákvörðun tilkynnt félagsmálaráðuneytinu bréflega þann sama dag og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram frumvarpið sem samið hafði verið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Það var endurflutt á Alþingi veturinn 1980–1981 og aftur á þingi 1983–1984, lítið eitt breytt. Frumvarpið hlaut þó ekki afgreiðslu fremur en í fyrstu. Á árunum 1981–1982 voru samin tvö frumvörp um þetta efni en hvorugt þeirra lagt fyrir Alþingi af hlutaðeigandi ráðherra. Á þessu þingi hafa Gunnar G. Schram og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins lagt fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í umhverfismálum."

Gengur sú till. í svipaða átt eins og till. sem ég er hér að mæla fyrir þó að okkar till. gangi talsvert lengra.

Núverandi ríkisstjórn ákvað snemma á starfsferli sínum að komið skyldi á samræmdri heildarstjórn umhverfismála undir forustu félagsmálaráðherra. Var það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar hinn 18. apríl 1978 þess efnis að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands.

Hins vegar hefur ekki legið fyrir skilgreining á því hvaða málaflokkar teljist til umhverfismála. Eins og nú háttar skiptist yfirstjórn málaflokka, sem eðli málsins samkvæmt ættu að teljast til umhverfismála, milli margra ráðuneyta. Í starfi, sem fram hefur farið undir forustu félagsmálaráðherra á undanförnum missirum, hefur glögglega komið í ljós að mikillar tregðu gætir hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum varðandi endurskipulagningu. Þrátt fyrir fyrrgreinda ákvörðun ríkisstjórnar árið 1978 um að félagsmálaráðuneytið skuli fara með umhverfismál hefur niðurstaðan orðið sú að einstakir ráðherrar hafa verið ófúsir til þess að láta nokkra málaflokka úr eigin ráðuneytum og því snúist gegn öllum tillögum félagsmálaráðherra.

Forsætisráðherra hefur því gert ítrekaðar tillögur innan ríkisstjórnar til þess að skera á hnútinn en án árangurs þar sem einstakir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa lagst eindregið gegn öllum hugmyndum til breytinga í þessu efni.

Flutningsmenn sjá sig því til þess knúna að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar þannig að leiða megi í ljós afstöðu þingsins til þess hvaða málaflokka telja beri til umhverfismála og hvort rétt sé talið að skipa yfirstjórn þeirra með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um."

Ég tel algjörlega óhjákvæmilegt að Alþingi höggvi á þennan hnút og ákveði hvernig skipun umhverfismála verði í framtíðinni. Þetta er reyndar heppilegur tími til þess að taka slíka ákvörðun nú í lok kjörtímabils þannig að hún liggi fyrir við stjórnarmyndun að kosningum loknum og þurfi þá ekki að verða tilefni til reipdráttar. Ég legg mjög ríka áherslu á það að við verðum að taka umhverfismál fastari tökum. Skipulagsleysi og sinnuleysi er orðið okkur til hins mesta vansa. Við erum svo lánsöm að umhverfi okkar er tiltölulega ómengað miðað við það sem gerist víða í heiminum en svo ört sígur á ógæfuhlið víða að við verðum að sýna stóraukna árvekni.

Ómengað og óspillt umhverfi er að verða sífellt

torfundnara í veröldinni og þau lífsgæði sem í því felast að geta notið þess eru orðin mikil forréttindi. Hætturnar hrannast upp og tjónið vex. Sumt af því er sjálfskaparvíti við rányrkju um sjó og land og stundum göngum við illa um. Við höfum uppi áætlanir um að sökkva mörgum tugum ferkílómetra gróins lands undir jökulvatn og svona mætti lengi telja. Þá er hættan sem okkur stafar af umheiminum einnig geigvænleg.

Ég átti þátt í því á sínum tíma sem forseti Norðurlandaráðs að boða til fjölþjóðaráðstefnu þingmanna um loftmengun sem berst á milli landa. Þessi ráðstefna var haldin í Stokkhólmi s.l. haust og tóku þátt í henni þingmenn frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Sviss, Sovétríkjunum, Bretlandi, Vestur-Þýskalandi, Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu, Austurríki, Danmörku, Noregi, Íslandi og Svíþjóð. Þar komu færustu vísindamenn og fluttu fyrirlestra um ástand og horfur. Þingmennirnir komust allir að sameiginlegri niðurstöðu og samþykktu ítarlega áætlun um það hvernig bæri að bregðast við vandanum. Þarna urðu að mínum dómi kaflaskil því að aldrei hafa þingmenn sumra þessara landa fyrr fengist til þess að leggja til að brugðist verði sameiginlega við slíkri vá.

Þá er mér ánægja að því að geta sagt frá því að á þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í Helsingfors í lok þessa mánaðar verður afgreidd tillaga sem ég hef ásamt Karen Söder, formanni Miðflokksins sænska, flutt þar sem lagt er til að Norðurlandaráð feli ráðherranefndinni að láta gera samstarfsáætlun gegn mengun hafsins og feli ríkisstjórnum Norðurlanda að vinna skipulega að því á alþjóðavettvangi að ná samkomulagi um að hrint verði af stað raunhæfum aðgerðum til verndar lífríki hafsins.

Herra forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri. Með vísan til mikilvægis málsins vænti ég þess að hv. félmn., en þangað geri ég tillögu um að málinu verði vísað, sjái sér fært að afgreiða till. fyrir þinglok þannig að Alþingi gefist kostur á að úrskurða í þessu máli.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Fyrsti flm. þessarar till. vitnaði í samþykkt ríkisstjórnar frá 1978. Ég átti sæti í þeirri ríkisstjórn og þó að sú samþykkt hafi verið gerð var ég andvígur þeirri samþykkt. Ég tel að það sé ekki til þess að auka umhverfisvernd að stofna eitt nýtt báknið enn þá og setja öll umhverfismál undir eitt og sama ráðuneytið og ég hef aldrei fengið það skilið af hverju félmrn. ætti að verða umhverfis- og félmrn. Hvað á að gera við þær stofnanir sem hafa að undanförnu haft og hafa lögum samkvæmt með þessa þætti að gera? Hvað er um samvinnu á milli þeirra? Er hún slæm eða er hún góð? Hefur henni farið aftur á undanförnum árum eða hefur orðið einhver þróun í rétta átt?

Það er ekki höfuðatriðið að stofna til nýs ráðuneytis. Aðalatriðið er það að auka meira umhverfisverndina en nú er og að því leyti til er ég sammála flm. þessarar till. Það hefur verið gert. Andstaða ráðherra Sjálfstfl., eins og hv. ræðumaður nefndi það, taldi hann að stafaði af því að þeir vildu ekki missa verkefni úr sínum ráðuneytum. Ég er einlægur umhverfisverndarmaður og tel að við eigum að láta þau mál miklu meira til okkar taka, en ég sé enga ástæðu til þess að fara að stofna nýtt ráðuneyti og umbylta því starfi sem hefur verið unnið á undanförnum árum.

Ég nefni svona sem eitt dæmi að á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt lög um varnir gegn mengun sjávar. Lögin eiga m.a. að tryggja hér á landi markvissari framkvæmd ýmissa alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland hefur staðfest. Það er óþarfi að fjölyrða um mikilvægi verndunar hafsins gegn mengun á fiskimiðum landsmanna. Gildi alþjóðasamninga í verndun hafsins gegn mengun er afar mikið í ljósi þess að mengunaráhrif í sjó geta haft mun alvarlegri afleiðingar á hafsvæðum fjarri mengunarvaldi en á hafsvæði sem nærri eru, allt eftir því hversu miklir hagsmunir eru í húfi. Alþekkt er að mengun berst með hafstraumum og lífverum um hafið. Lega landsins í leið öflugra hafstrauma gefur einnig sérstakt tilefni til þess að við fylgjumst vel með þróun mengunar hafsins í heiminum og þá sérstaklega á nærliggjandi hafsvæðum. Vaxandi mengun sjávar við strendur og á innhöfum Norður- og Austur-Evrópu og áhrif mengunarinnar á almenningsálitið í þessum löndum leiðir hugann að því að e.t.v. séu viðskiptalegir hagsmunir í hættu alllöngu áður en mengunin er komin á alvarlegt stig, sé eingöngu miðað við heilsufarsleg áhrif á almenning vegna neyslu sjávarfangs. Hliðstæð viðhorf almennings komu einnig fram í sambandi við kjarnorkuslysið í Chernobyl sem öllum er í fersku minni.

Fyrirhuguð bygging endurvinnslustöðvar fyrir brennsluefni kjarnaofna nyrst í Skotlandi í Dounreay hefur verið skoðuð sérstaklega af Geislavörnum, Hafrannsóknastofnun, Siglingamálastofnun og fulltrúa Íslands hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Það er álit þessara stofnana — en því áliti hefur verið dreift til allra þm. — að þrátt fyrir að ekki sé talin hætta á verulegum heilsufarslegum áhrifum af áfallalausri starfsemi þessarar stöðvar, ef reist yrði, muni fyrirhuguð starfsemi engu að síður auka geislavirka mengun á hafsvæðinu umhverfis landið og mengunarhættu vegna hugsanlegra slysa, bæði við flutning geislavirkra efna með skipum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að geti orðið í endurvinnslustöðinni. Af þessum ástæðum fól ég, með bréfi 14. jan. s.l., Siglingamálastofnun ríkisins í samvinnu við Geislavarnir, Hafrannsóknastofnun og fulltrúa Íslands hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni að undirbúa að málið yrði tekið fyrir á aðalfundi samningsaðila Parísarsamningsins svokallaða, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, en sá samningur nær einmitt til mengunar af völdum geislavirkra efna. Þessi fundur verður haldinn í júní í sumar. Jafnframt var forstjóra Siglinga-

málastofnunar falið að kynna viðhorf Íslands til málsins innan samstarfsnefndar um mengunarmál sjávar með það fyrir augum að kanna möguleika samstöðu Norðurlandanna í þessu máli. Fundur var í gær í norrænu samstarfsnefndinni þar sem málið var kynnt og var þar tekið undir sjónarmið Íslendinga í þessu máli. Það var ákveðið að málaleitan Íslendinga um sameiginlega tillögugerð verði tekin fyrir á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda í Helsingfors 25. þ.m. Það mun því væntanlega skýrast á næstu vikum hvort um sameiginlega tillögugerð Norðurlandanna verður að ræða í þessu máli eða hvort Ísland eitt eða með öðrum ríkjum flytur málið á aðalfundi Parísarsamningsins.

Jafnframt þessu get ég skýrt frá því að fram hafa farið viðræður á milli Siglingamálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Geislavarna um mælingar á geislavirkum efnum í sjó hér við land nú á þessu ári. Mælingar þessar, sem mögulegt mun verða að framkvæma alfarið hér á landi með tilkomu nýs tækjabúnaðar Geislavarna, ættu að geta gefið gagnlegar upplýsingar um geislavirk efni í hafinu hér við land, upplýsingar sem nauðsynlegt er að aflað verði síðan með reglulegu millibili.

Ég veit að það er skoðun siglingamálastjóra að samstarf við eftirtaldar stofnanir í sambandi við þennan þátt mengunarvarna, Hollustuvernd ríkisins, Geislavarnir ríkisins og Hafrannsóknastofnun, hafi gefist vel. Í áliti sínu segir siglingamálastjóri: Í lögum um varnir gegn mengun sjávar eru ákvæði sem eiga að tryggja eðlileg samskipti og samráð þessara stofnana og koma í veg fyrir tvíverknað og skörun og draga um leið úr réttaróvissu. Ég segi: Er þetta ekki á réttri leið? Er þetta samstarf ekki ákjósanlegt? Hvers vegna þarf endilega að fá eitthvert annað ráðuneyti? Hvað á þá að gera við Hafrannsóknastofnunina, við Geislavarnir, við Hollustuvernd, við Siglingamálastofnun? Á að stofna eitthvað nýtt og fella niður þessa starfsemi og taka það út úr alþjóðasamskiptum sem þessar stofnanir hafa margar hverjar verið í í jafnvel mörg ár? Ég sé ekki að það sé breyting til batnaðar að fara að stofna þetta nýja apparat og á þessu hefur staðið. En þó að staðið hafi á löggjöf hefur samræmingin verið í fullum gangi víða i stjórnkerfinu og á milli stofnana. Ég treysti miklu betur í sambandi við mengun sjávar stofnunum eins og Siglingamálastofnun og Hafrannsóknastofnun til að sinna þessum málum en einhverju nýju ráðuneyti þó að það heiti umhverfis- og félagsmálaráðuneyti. Ég sé því ekki að till., eins og hún er fram sett og orðuð, sé til bóta frá því sem nú er. Þetta er ástæðan fyrir því að ekki hefur verið flutt frv. um eitthvert sérstakt umhverfismálaráðuneyti en ekki andstaða, hvorki mín né annarra, gegn því. Það er skammur tími sem hver maður er ráðherra en ráðuneytin halda áfram og stofnanir og það er nauðsynlegt að nýta það starf sem þar hefur verið unnið á hverjum tíma.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Vegna þeirrar till. sem er til umræðu minni ég á að fyrir þinginu liggja tvö þingmál sem snerta sama efni, að vísu sumpart víðtækari. Það er þskj. 90, 90. mál Sþ., till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, mál sem við fimm þm. Alþb. fluttum hér inn í þingið, ég held í þriðja sinn, þar sem 1. liður varðandi þessa till. er orðaður svo, með leyfi forseta:

„Í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu ráðuneyti ekki síðar en í árslok 1987. Þess verði jafnframt gætt að fela heimaaðilum sem flest verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála.“

Þetta er 1. tölul. þessarar till. sem er í tíu tölusettum liðum þar sem vikið er að helstu þáttunum þar sem átaks er þörf á sviði umhverfismála.

Síðan liggur fyrir þinginu till. til þál. um stefnumótun í umhverfismálum, 1. flm. Gunnar G. Schram og með honum nokkrir þm. Sjálfstfl. Það urðu talsverðar umræður af tilefni þeirrar þáltill. þegar mælt var fyrir henni og þá upplýsti m.a. hæstv. félmrh. stöðu þessara mála hvernig það hefði gengið fyrir sig, ef ég man rétt. Það hefur komið fram við umræðu um þetta mál. Þar var það rakið hvernig þetta hefur rekið alveg í strand á milli stjórnarflokkanna og, eins og ráðherrann tjáði þingheimi, þá væru það ráðherrar Sjálfstfl. sem í heild sinni legðust gegn stofnun ráðuneytis eða sameiningu helstu málaflokka í einu ráðuneyti. Samt koma hér nokkrir áhugamenn um þetta efni úr þingflokki Sjálfstfl. og flytja umrædda till. og skal ég síst lasta það, en sú till. gengur afar skammt, þar sem aðeins er talað um áætlun um stefnumótun í umhverfismálum og að koma á skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands og samstarfi aðila. Það er ekki ákvæði um ráðuneyti, en þó er þessi till. út af fyrir sig góðra gjalda verð svo langt sem hún nær. Og nú kemur hv. þm. Páll Pétursson ásamt drjúgum hluta af þingflokki framsóknarmanna og flytur till. til þál. um samræmda heildarstjórn umhverfismála. Þannig liggja málin hér fyrir Sþ.

Hér er vissulega á ferðinni eitt af allmörgum strandmálum ríkisstjórnarinnar, stórum málum og þýðingarmiklum þar sem stjórnarflokkarnir ætluðu sér að gera stóra hluti samkvæmt ákvæðum í stjórnarsáttmála og yfirlýsingum sem síðar komu. Þau eru fleiri mál sem hægt væri að minna á í því sambandi en ég ætla ekki að þreyta menn á langri upptalningu. Ég nefni þó húsnæðismálin sem við reiknuðum með að yrði helsta umræðuefni dagsins hér í Sþ. en hæstv. félmrh. er fjarverandi þannig að svo varð ekki. Þar er sem kunnugt er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna og á milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar þar sem ekki hefur verið staðið við gefin fyrirheit varðandi félagslegt íbúðarhúsnæði. Um það verður væntanlega rætt þegar þar að kemur og hæstv. ráðherra félagsmála gefur sína skýrslu um þá stöðu mála.

Annað mál sem er eitt af þessum ágreiningsefnum

eða sem hefur rekið upp á sker hjá ríkisstjórninni og tengist þessu máli, skipulagningu og fyrirkomulagi umhverfismálanna, er frv. til laga um Stjórnarráð Íslands, þar sem lagt var upp með talsverðum fyrirgangi á fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar og stofnaðar nefndir til þess að semja frv. um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Ég held að það hafi verið strax 15. nóv. 1983 sem nefnd, sem ríkisstjórnin setti á laggirnar í þessu sambandi, skilaði áliti, fyrsta áliti sínu. Frv. sáum við að mig minnir á síðasta þingi en það komst aldrei lengra en til nefndar, og var bættur baginn, því að þetta frv. hafði nánast ekkert inni að halda sem máli skipti eða horfði til sérstakra umbóta í þessum efnum.

Ég ætla þá að víkja að till. sem hér liggur fyrir. Ég tel að hún sé góðra gjalda verð og ég get tekið efnislega undir þá meginhugmynd sem þar kemur fram, enda endurspeglar hún það sem við höfum margoft lagt til af hálfu Alþb., að taka á þessum málum, að sameina meginþætti umhverfismála a.m.k. undir einu og sama ráðuneytinu, og við höfum gengið það langt að vilja stofna sérstakt umhverfisráðuneyti og værum reiðubúnir til þess eins og fram kemur í till. á þskj. 90. En við erum einnig reiðubúnir að taka á því með því að sameina þetta undir einhverju þeirra ráðuneyta sem fyrir eru, ef það gæti orðið til málamiðlunar. Og við höfum tekið undir, án þess að það sé um það nokkur samþykkt hjá okkur, menn hafa a.m.k. rætt um það að félmrn. gæti vel komið þar til greina, eins og fyrirhugað var af ríkisstjórn 1978.

Ég tel að þeir málaflokkar sem taldir eru upp hér sem þungamiðja í slíku ráðuneyti séu alveg réttmætir, mengunarmálin, friðunarmálin, sem þarna eru upptalin, og skipulagsmálin. Og það eru nú kannske skipulagsmálin sem valda því að menn horfa til tengingar við félmrn. sem hefur skipulagsmálin með höndum svo og málefni sveitarstjórnanna. Ég held út af fyrir sig að ef menn vilja ekki stíga skrefið til fulls og stofna sjálfstætt ráðuneyti, sem full efni væru til málsins vegna, komi það mjög til álita einmitt að tengja þetta félagsmálaráðuneytinu eins og hér er um rætt og oft hefur verið um rætt.

Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með einn þátt sem tekinn er inn í þetta hugmyndasafn umhverfismálanna. Það er undir friðunarmál, lög um landgræðslu. Ég lýsi sérstakri ánægju yfir því að það skuli hér kominn stuðningur við þá hugmynd frá þm. Framsfl. að taka lögin um landgræðslu undir umhverfismálaráðuneyti eða ráðuneytisdeild sem færi með umhverfismál. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að í landi þar sem landeyðing, jarðvegseyðing, er eitt stærsta umhverfismálið væri það sjálfsagt og eðlilegt að taka þennan þátt einmitt undir umhverfisráðuneyti. Ég vil einnig benda á til viðbótar við það sem hér kemur fram, og vísa þá um leið til fylgiskjals sem er með þskj. 90 sem varðar þá málaflokka sem ég teldi eðlilegt að horfa til í sambandi við umhverfisráðuneyti, málaflokka og stofnanir, ég vil nefna þar auðlindamálin að því er varðar rannsóknir, öflun upplýsinga og tillögugerð um stjórnun auðlinda, meðferð auðlinda lands og sjávar. Ég teldi eðlilegt að innan umhverfisráðuneytis væri fjallað um meginstefnumörkun varðandi meðferð auðlinda landsins, innan íslenskrar lögsögu.

Ég nefni einnig landnýtinguna, en það má kannske teljast nokkuð sjálfsagt að hún falli þarna með skipulagsmálunum, því að það er skipulagslegt atriði, og ég vænti þess að hv. flm. geti tekið undir það að skipulag landnýtingar geti átt heima í þessari upptalningu. Ég nefni einnig mál sem er vissulega álitamál og það er þjóðminjaverndin. Það er vissulega álitamál hvort ástæða er til að færa þjóðminjaverndina undir umhverfisráðuneyti, en ég teldi það koma mjög til greina þar sem hún tengist að talsverðu leyti landi og landvernd og vildi koma þeirri ábendingu á framfæri.

Ég tek sem sagt undir meginefni þessarar till. sem er hliðstætt áherslu sem við höfum oft flutt hér inn í þingið af hálfu Alþb. Ég er ekki sammála hæstv. samgrh. um það að vísa beri frá hugmyndinni um sérstakt ráðuneyti umhverfismála vegna þess að verið sé að stofna eitthvert nýtt bákn og það sé hægt að leysa þessi mál með því að samræma störf stofnana og ráðuneyta. Vissulega hefur í einstaka tilvikum þokkalega til tekist í þeim efnum. En hin dæmin eru þó miklu fleiri þar sem ekki hefur verið tekið á málum vegna hindrunar í kerfinu og vegna þess að það vantar þann þunga í stjórn þessara mála sem aðeins fæst í gegnum það að einn ráðherra fari með meginmálaflokkana sem séu sameinaðir undir einu ráðuneyti.

Ég minni á hvernig Danir tóku á þessum málum, líklega 1973, þegar þeir stofnuðu sitt umhverfisráðuneyti. Það væri fróðlegt fyrir menn að fara yfir það. Þar tóku menn út einstaka þætti úr einstökum lagabálkum og felldu undir umhverfismálaráðuneyti. Öll nágrannalönd okkar, líklega flest Vestur-Evrópuríki, hafa þegar, og flest fyrir löngu, stofnað slíkt ráðuneyti umhverfismála.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Ég man eftir því þegar ég kom nærri þessu máli á sínum tíma sem stjórnarmaður í Landvernd að það var mjög brýnt fyrir mönnum hversu Norðurlandaþjóðirnar hefðu tekið rösklega á þessum málum og stofnað sín umhverfisráðuneyti. Nú skilst mér aftur að þar hafi menn rekið sig á að ekki er allt fengið með því að stofna eitt umhverfisráðuneyti. Það hafa menn reyndar verið rækilega minntir á upp á síðkastið í heiftarlegum deilum í Danmörku milli landbúnaðarráðherra Dana og umhverfisráðherra, þar sem lá við að annar hvor eða báðir vikju, og reyndar ekki útséð um það, vegna notkunar á tilbúnum áburði. Síðustu fregnir herma að þær mælingar sem umhverfisráðuneytið lagði fram hafi ekki reynst réttar eða ábyggilegar. En þetta er bara til að sýna það að það er ekki allt fengið með því að stofna eitt ráðuneyti.

Ég vil sem sagt lýsa mínum efasemdum við þessa tillögu. Mér finnst að þessi mál séu dæmigerð heimastjórnarmál og umhverfismálunum verði aldrei stjórnað nema af heimamönnum sjálfum. Það er rétt að það þarf víða að taka til hendinni og ganga betur um eins og frsm. gat um. Það er alveg laukrétt að það þarf víða að taka til hendinni, ganga betur um, en ég sé ekki að það gerist sjálfvirkt með stofnun ráðuneytis umhverfismála.

Það var í fyrravetur að við vorum þrjú að basla við það að endurskoða lagafrv. um náttúruvernd sem lagt var fram haustið 1984. Í því sambandi áttum við viðræður við ýmsa menn, sveitarstjórnarmenn, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá Náttúruverndarráði, frá hinum og þessum aðilum og okkur var ljóst hversu geysilega flókinn og erfiður málaflokkurinn er. Einn af þeim sem við fengum til viðtals við okkur var aðstoðarmaður félmrh. Hann var spurður sérstaklega eftir þessu frv. og var þá ekki margt um svör. Sennilega hafa menn þá enn verið að þæfa þetta á milli sín í ríkisstjórninni.

Mér finnst þetta mál bera keim af því að þeir þm. Framsfl. séu að gera ráðherra sínum greiða með því að leggja þetta mál fram og er raunar ekkert við því að segja. En ég spái því að það verði ekki mikið meira en sýningin.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Vegna þess máls sem hér er á dagskrá vil ég nefna það að umhverfismálin eiga sér nokkuð langa sögu í sölum Alþingis.

Þrisvar sinnum hafa fulltrúar Sjálfstfl. flutt frv. til laga um umhverfismál hér á Alþingi. Síðast var það á þinginu 1983–1984 að við nokkrir þm. fluttum sérstakt lagafrv. um það efni. Það er mála sannast að þau frv. náðu ekki fram að ganga. Raunar stöðvaðist frekari tillöguflutningur af okkar hálfu vegna þess að félmrh. lýsti því yfir að hann væri að undirbúa sérstakt frv. sjálfur um þessi mál og varð því ekki um frekari aðgerðir af okkar hálfu að ræða.

Þetta sýnir að mönnum hefur lengi verið ljós nauðsyn þess að sett verði samræmd heildarlöggjöf um umhverfismál á Íslandi. Það er hin mesta nauðsyn og þess vegna er sú tillaga sem hér er á dagskrá í dag góðra gjalda verð. Í því sambandi minni ég á þær tillögur sem liggja einnig fyrir þinginu á þskj. 90, sem hér var minnst á áður, og till. til þál. á þskj. 190, um stefnumótun í umhverfismálum. Ég flyt það mál ásamt nokkrum þm. Sjálfstfl.

Í því frv. sem við sjálfstæðismenn fluttum hér á þinginu 1983–1984 var gert ráð fyrir samræmdri heildarstjórn umhverfismála í stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Þar var nefnt félmrn. Þar voru önnur ráðuneyti einnig nefnd. Málið var haft opið ef svo má segja. Forsrn. var þar einnig nefnt sem ráðuneyti sem þar kæmi til greina.

Mér finnst að sumu leyti að menn hafi verið að deila hér um keisarans skegg í umræðum um þetta mál. Málið snýst raunverulega ekki um það hvort þetta á að vera sjálfstætt ráðuneyti eða ekki. Kjarni málsins er: Á hvern hátt getur Alþingi komið á samræmdri yfirstjórn, samræmdri og skynsamlegri heildarstjórn í þessum málum sem eru nánast munaðarlaus í íslenska stjórnkerfinu nú og vanrækt bæði af Alþingi og stjórnvöldum. Það er einmitt sú samræmda stefnumótun er þörf er á, sem felst í till. á þskj. 190 sem ég nefndi áðan og ég flyt ásamt fleiri þm. Að því er einnig vikið í þeirri till. sem hér er á dagskrá í dag og því ber að fagna.

Ég vil leggja áherslu á að meginatriðið er að unnið sé að því að koma á skipulegri yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands, svo að ég vitni í till. á þskj. 190. Það er kjarni málsins, hvort sem það verður deild eða ekki. Fyrst ber að vinna að þessari skipulagningu og stefnumótun. Síðan getum við tekið ákvörðun um nákvæm smáatriði í stjórnsýsluforminu. Það eru atriði sem ekki eru jafnáríðandi og hin, að á samræmdri stefnumótun verði þegar í stað tekið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Enn ræðum við umhverfismál hér á Alþingi. Slíkar umræður eru orðnar nokkuð miklar að vöxtum og mætti af þeim ráða mikinn og almennan vilja þm. til að koma einhverju lagi á skipulag þeirra mála. En eitt er vilji og annað er að virkja þann vilja. Hæstv. samgrh. var fljótur að bregða við hér áðan og andmæla stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis, talaði um eitt báknið enn. Ég er lítið hrifin af báknum en hér finnst mér gæta misskilnings.

Það ríkir glundroði í umhverfismálum hér á landi og sá glundroði er til óþurftar, flækir málin og gerir allt skipulag ómarkvissara, dýrara og árangursminna en ætlast má til. Sérstakt umhverfisráðuneyti væri að mínu viti til þess fallið að koma lagi á þann glundroða sem er mörgum þyrnir í augum. Að mínu viti ætti samræming og sameining að verða til bóta og jafnvel fjárhagslegs sparnaðar.

Hins vegar vekur þessi till. sem hér er til umræðu ekki miklar vonir um úrbætur í þessum efnum undir stjórn þeirra flokka sem nú halda um taumana. Þeir lofuðu í upphafi stjórnartíðar að setja lög um umhverfismál en hafa svo þvælst hver fyrir öðrum og staðfesta loks þvermóðsku sína með tillöguflutningi sitt á hvað nú á síðasta þingi kjörtímabilsins. Ef þessir flokkar sitja áfram saman við stjórnvölinn finnst mér vonlítið um einhverjar aðgerðir sem að gagni mega koma. En sé hægt að tala um hefðir í fari þeirrar sem hér stendur, þá má kannske segja að það sé nú orðin hefð hjá mér að lýsa yfir stuðningi við tillögur sem varða umhverfismál og því vildi ég ekki brjóta þá hefð nú. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa till.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið vingjarnlega undir þessa till. okkar og lýsi ánægju minni með það. Mér urðu það hins vegar nokkur vonbrigði að heyra efasemdarraddir. Það sýnir að

vísu glögglega hvers vegna þetta mál hefur ekki náð fram að ganga í þessu stjórnarsamstarfi, að innan Sjálfstfl. eru menn sem eru á móti þeirri skipan sem hér er lögð til.

Út af orðum hæstv. samgrh. langar mig til að segja að við erum ekki að leggja til að stofna neitt bákn. Við erum að leggja til að stofnuð verði skrifstofa innan félmrn. og umhverfismálum þar með gefin bætt aðstaða og aukinn þungi. Af hverju félmrn.? Það er vel hægt að hugsa sér að vista þetta í öðru ráðuneyti en félmrn. Þó er ýmislegt sem mælir með því að það sé fremur vistað þar en í öðrum ráðuneytum. Með hinum ýmsu nágrannaþjóðum er þessu margvíslega farið. Svíar t.d. vista umhverfismál í iðnrn. og svona mætti lengi telja. Við leggjum til félmrn. vegna þess að fyrir því liggur ríkisstjórnarsamþykkt sem gerð var 1978 og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að breyta henni. Ég held að það sé meginatriði að vista þetta á einum stað til þess að koma á bættu skipulagi og samhæfa tiltæka krafta.

Ég er ekki að gera lítið úr ágætu starfi sem margar stofnanir hafa unnið að náttúruvernd og ég er ekki að leggja til að taka þær undan viðkomandi ráðuneytum. Ég sé t.d. ástæðu til þess að þakka fyrir ágæta skýrslu sem okkur hefur borist, greinargerð um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í Dounreay á Skotlandi sem er samin af Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Siglingamálastofnun ásamt með Magnúsi Magnússyni prófessor, og ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans hlut að því máli. En ég held að það sé eðlilegt og það sé umhverfisvernd til framdráttar að gefa henni aukinn status í stjórnkerfinu og þess vegna er þessi till. flutt.

Varðandi hugmyndir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um að taka þjóðminjavernd og landnýtingu undir þetta, þá eru í mínum huga miklar efasemdir um það.

En okkur er alveg full alvara með þessari till. og ég heyri og veit að fyrir henni er líka hljómgrunnur innan samstarfsflokksins þó að það sé ekki einróma. Fyrir okkur vakir að staðið verði við stjórnarsáttmálann og það ákvæði stjórnarsáttmálans sem að þessu lýtur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnstöð vegna leitar og björgunar, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 313. mál. — Þskj. 553.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stjórnstöð vegna leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti. Meðflm. eru sjö aðrir þm. Sjálfstfl. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafist verði nú þegar handa um stofnun stjórnstöðvar sem opin sé allan sólarhringinn til leitar og björgunar á sjó, landi og í lofti.

Stjórnstöðin skal vera í tengslum við aðalstöðvar Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli eða flugmálastjórnar og skal lúta framkvæmdastjórn fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Slysavarnafélagi Íslands, Landhelgisgæslunni, flugmálastjórn, Landssambandi hjálparsveita skáta og Landssambandi flugbjörgunarsveita.

Jafnframt skal hafa skipulegt samráð og samstarf við aðrar björgunarsveitir og opinberar stofnanir sem sinna öryggismálum.

Fulltrúar allra þeirra, sem björgunarmálum sinna, tilnefni menn í björgunarráð sem verði ráðgefandi og stefnumarkandi fyrir framkvæmdastjórn og hittist eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, svo og ávallt eftir miklar björgunaraðgerðir, til þess að bera saman bækur. Björgunarráð skal jafnframt samræma æfingar þeirra sem starfa að björgunarmálum.

Þeir fulltrúar, sem sæti eiga í framkvæmdastjórn, skulu hafa aðstöðu í stjórnstöð.

Rekstur stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði og skal samgönguráðherra skipa formann framkvæmdastjórnar og varaformann."

Þarna er miðað við að ná á einn stað þeirri miklu þekkingu og reynslu sem er hjá allmörgum aðilum sem sinna björgunarmálum í landinu, að á einni og sömu stundu sé hægt að grípa til allra þátta sem mögulegt er að nýtist þegar neyð kemur upp. Um er að ræða stjórnstöð sem á ekki í sjálfu sér að raska eða hafa mikil áhrif á daglegt starf og skipulag hinna ýmsu björgunaraðila, hjálparsveita og opinberra stofnana, heldur að á neyðarstundu sé vakt sem grípur til allra þátta.

Þegar talað er um í tillgr. t.d. að fulltrúar í björgunarráði eigi að samræma æfingar þeirra sem starfa að björgunarmálum, þá er þar í rauninni verið að tala um samræmingaræfingar beinlínis í tengslum við notkun á möguleikum stjórnstöðvarinnar, ekki að verið sé að tala um skipulag eða æfingar hjá hinum ýmsu aðilum eins og þeir gera þó út af fyrir sig.

Um langt árabil hefur borið á misklíð milli þeirra sem sinna því mikilvæga hlutverki að bregðast við þegar hættu ber að höndum, ýmist á sjó, landi eða í lofti og ósjaldan, því miður, hafa björgunarmenn borið hverjir aðra þungum sökum þegar ágreiningsefni hafa komið upp og því miður hefur orðið misbrestur á því að aðilar bæru saman bækur sínar í einlægni og samræmdu aðgerðir á neyðarstundum. Það er ljóst að þetta hefur yfirleitt komið upp í tímaþröng og menn eru að gera eins vel og hægt er, en ef hægt er að gera betur þá er ástæða til þess að reyna að hnýta það upp.

Í raun er það einnig svo að Íslendingar eru vart hlutgengir í samstarfi við aðrar þjóðir í þessum efnum vegna þess að hérlendis er engin viðunandi stjórnstöð. Það mál hefur verið til umræðu að undanförnu en hefur ekki tekist að afgreiða og taka

af skarið þar um. Við höfum hins vegar alla möguleika á því hér á landi að setja upp og skipuleggja stjórnstöð sem getur verið fyrirmynd annarra þjóða um leit og björgun. Þetta er einfaldlega sagt í ljósi þess að hér eru aðilar, Slysavarnafélag Íslands og fleiri, sem hafa sinnt þessu starfi svo ríkulega og vel og safnað svo mikilli reynslu og náð svo góðum árangri þegar á heildina er litið að það er hægt að fullyrða þetta. Hér er í rauninni betra skipulag í þessum málum en víðast þekkist í öðrum löndum og það er jafnframt mikilvægt að ná þarna sama takti hjá öllum aðilum og leysa ákveðna vankanta sem hafa komið upp af og til.

Það hefur skapast ákveðin verkefnaskipting í stórum dráttum hjá þeim aðilum sem sinna björgunarmálum í landinu. Hjálparsveitir skáta, flugbjörgunarsveitir og björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands hafa í meginþáttum sinnt björgunarstörfum inni á landinu. Slysavarnafélag Íslands hefur sinnt langumfangsmestu starfi á strandlengjunni allri, Landhelgisgæslan og flugmálastjórn á úthafinu og flugmálastjórn yfir landinu. Með sameiginlegri stjórnstöð helstu aðila, sem flm. telja rétt að lúti sérstakri framkvæmdastjórn sem sé skipuð til fjögurra ára í senn, ætti að vera unnt að ná mun markvissari stjórn og árangursríkari við björgunaraðgerðir. Þá færi ekkert á milli mála að allir væru með um leið og kall kemur og unnt væri að miða aðgerðir við bestu kosti án tafar.

Nú er neyðarþjónusta í höndum allmargra og svo hlýtur að verða áfram en í stjórnstöð má nýta í neyðartilvikum allt það besta sem tengst hefur starfi fyrrgreindra aðila við sjóslys, flugslys eða slys á mönnum fjarri byggðum. Það er í raun sama hver hefur yfirstjórn eða ábyrgð vegna þess að í okkar landi er alltaf verið að nota sömu tækin og sama mannaflann.

Það er ugglaust hægt að spyrja: Eiga ekki Almannavarnir t.d. að koma inn í svona stjórnstöð meira en gert er ráð fyrir í tillgr.? En þess er að geta að almannavarnaráð hefur í raun allt annað verksvið en fjallað er um í þessari till. Hér er fjallað um slys og hluti sem eru því miður að gerast frá degi til dags á þeim vettvangi sem um ræðir, en almannavarnaráð hefur allt aðra skipulagningu og allt annað starfssvið og á í rauninni við um aðra þætti en þeir aðilar hafa sinnt mest sem hér um ræðir.

Það má einnig spyrja: Á lögreglustjóri t.d. í Reykjavík að koma inn í svona stjórnstöð sem einn af aðalaðilum? Það er mat flm. að það sé þá kannske alveg eins eðlilegt að inn komi lögreglustjórar víðar að af landinu. Þá fer þetta að verða flókið í framkvæmdastjórn og þess vegna er stungið upp á þeim möguleika að björgunarráð sé til staðar þar sem þessir opinberu aðilar geta komið inn í dæmið, aðilar sem ekki eru hér nefndir, svo sem Póstur og sími og fleiri aðilar sem sinna mjög mikilvægum þáttum í fjarskiptum og öðru þegar neyð er uppi.

Þeir aðilar sem hafa vakt allan sólarhringinn, eru með þessa þjónustu þannig til staðar, eru Slysavarnafélag Íslands, flugmálastjórn, slökkviliðið í Reykjavík og slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli, lögreglan, Landhelgisgæslan og Almannavarnir. Flestir hafa vakt með beinu sambandi en aðrir með símsvara. Í sameiginlegri stjórnstöð væri unnt að beina þessu inn á einn vettvang. Hægt væri að koma á skipulagi þar sem stöðugt væri hlustað á neyðarbylgju, þar sem haft væri eftirlit með skipa- og flugferðum, þar sem menn væru á vakt þar að lútandi og auðvelt væri að hafa beint samband við Flugmálastjórn um ferðir flugvéla, beint samband við Tilkynningarskylduna, sem Slysavarnafélagið sér um, um ferðir skipa, og beint samband við alla þá sem hugsanlega þyrfti að leita til í sambandi við skyndilega leit og björgun. Má þar nefna m.a. samskipti við erlendar björgunar- og stjórnstöðvar.

Það hefur vissulega um langt árabil átt sér stað samkeppni milli þeirra aðila sem sinna björgunarmálum. Ekki samkeppni að mínu mati til þess að leysa verkefni af höndum, heldur samkeppni til þess að byggja upp aðstöðu og vera tilbúnir með sem best tæki með sem stystum fyrirvara og það er af hinu góða á meðan samkeppni á milli björgunaraðila er ekki á kostnað öryggis. En þó hefur vissulega oft komið upp gagnrýni og við því má búast þegar menn sinna verkefnum sem þeir verða að taka afstöðu til í skyndi og við erfiðar aðstæður. Ef maður veltir því t.d. fyrir sér hvort er erfiðara fyrir Landhelgisgæslu Íslands að fá á sig gagnrýni eða t.d. Slysavarnafélag Íslands, þá hlýtur það í rauninni að koma sér verr fyrir Slysavarnafélagið með tilliti til þess að það sækir fjármagn beint til fólksins í landinu og þess vegna skiptir miklu máli að það hafi á sér gott orð. Að öðrum kosti er hætta á að dragi úr stuðningi fólks við það mikilvæga starf sem Slysavarnafélagið hefur unnið um árabil. Það er einfaldlega þannig að stærstur hluti af rekstri Slysavarnafélagsins er háður frjálsum framlögum almennings en ríkisstofnunin fær sitt fé á fjárlögum, hvort sem menn eru svo ásáttir um að það sé nóg eða ekki. Það er jafnljóst að starfsemi sjálfstæðu hjálpar- og björgunarsveitanna er ómetanleg landsmönnum öllum og það sterka kerfi, sem Slysavarnafélag Íslands og aðrar björgunarsveitir og björgunaraðilar hafa byggt upp, er margfalt meira virði en margur hyggur og augljóst að ríkisvaldið gæti ekki staðið undir öllum þeim kostnaði sem til félli, ef öll vinna þúsunda sjálfboðaliða og fjárfesting þeirra væri reiknuð inn í dæmið.

Þess er vert að geta að auðvitað eru ýmsir aðilar í opinbera kerfinu sem einnig sinna þessu starfi af hugsjón og áhuga, t.d. starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sem sinna starfi í flugi, þeir sinna þarna áhugamennsku, sem ekki eru greidd laun fyrir, með því að vera á vakt allan sólarhringinn þó að ekki sé greiddur nema hluti af þeirra tíma á launaseðlinum.

Það er höfuðatriði að sú björgunarstarfsemi, sem byggð hefur verið upp af áhugamönnum um land allt, fái að njóta sín sem sjálfstæðar einingar. Þegar á heildina er litið er ljóst að Slysavarnafélag Íslands hefur verið hryggurinn í þessu starfi um land allt. En

með því að beina kröftum að einu marki þegar neyð steðjar að og aðgerðir þola enga bið, og tengja saman í eina aðalstjórnstöð þá þræði sem ráða úrslitum um árangur við leit eða björgun, væri stigið mikið framfaraspor sem mundi í senn auðvelda leitar- og björgunarstarf og auka öryggi þeirra sem hjálpar þurfa að njóta á neyðarstund.

Leitar- og björgunarskipulag er að sjálfsögðu fyrst og fremst í þágu þeirra sem bjarga á, en jafnframt í þágu þeirra sem bjarga. Starf björgunarmanna er göfug hugsjón, en leitar- og björgunarstörf eru ekki eingöngu hugsjón þegar til alvörunnar kemur, heldur leggst þar á eitt faglegt mat, sérhæfð skipulagning, fjölþætt tækni og mannleg þekking til úrlausnar á verkefninu. Og það er einmitt hugsunin á bak við það að setja upp sameiginlega stjórnstöð.

Eins og ég hef getið um áður skiptir í rauninni ekki máli hver hefur stjórnina með höndum. En þarna eru settir saman í framkvæmdastjórn þeir aðilar sem helst koma við sögu og hafa komið við sögu um árabil í því starfi sem stjórnstöðinni er ætlað að sinna. Það má segja að það gæti verið eðlilegt t.d. að Slysavarnafélag Íslands gegndi formennsku í slíkri framkvæmdastjórn, en þó er ekki höfuðatriðið að binda það við ákveðið félag. Það getur verið eðlilegt að formennskan sé færð á milli aðila og auðvitað er tekið tillit til slíks því þetta er mál sem er hafið yfir það að vera deiluatriði. Þetta er mál sem varðar einn viðkvæmasta öryggisþátt landsmanna allra og ekki hægt að búast við öðru en því að þeir sem þurfa að taka ákvarðanir í þeim efnum, að velja menn og aðila, taki fullt tillit til þess að reynslan og þekkingin fái að njóta sín.

Það mætti nefna mörg rök fyrir því að ástæða er til að byggja upp stjórnstöð. Ég ætla að nefna þrjú dæmi. Þegar flugslys varð fyrir skömmu á Vestfjörðum fékk Landhelgisgæslan vitneskju af því slysi u.þ.b. 20 mínútum eftir að það var skeð. Þegar slasaður grænlenskur sjómaður var sóttur á haf út fyrir skömmu fékk Slysavarnafélag Íslands vitneskju um það þó nokkru eftir að beðið var um aðstoð. Þegar Suðurlandið fórst í hafi um jólin fékk Landhelgisgæslan tilkynningu um það u.þ.b. einni klukkustundu eftir að útkall kom.

Í sameiginlegri stjórnstöð hefði ekkert af þessu gerst. Þá hefði verið fyrir hendi sú aðstaða, sem að er miðað í þessari till., að menn stæðu frammi fyrir því að nota alla möguleika og vera í beinu sambandi um leið og kallið kæmi. Það er ljóst að stjórnstöð af þessu tagi þarf a.m.k. 100–150 m^2 húsnæði. Það þarf að vera vaktsalur, það þarf að vera aðstaða fyrir stjórnendur í leitar- eða björgunarstarfi og það þarf einnig að vera aðstaða fyrir þá aðila sem sinna framkvæmdastjórn eins og fram kemur í tillgr. Þarna væri sem sagt einfaldlega hægt að taka af skarið í þeim efnum að ná sem mestum árangri á sem stystum tíma með sem bestum tækjum og mestum möguleikum og það er einmitt um það sem málið snýst.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Örstutt hér vegna stuðnings við þá hugmynd um framkvæmd sem hér er lögð til. Þar er greinilega góð meining á bak við. Sem allra best samræming er án efa öllum til góðs, fyrst og síðast þó þeim sem á hjálp og aðstoð þurfa að halda. Einnig ætti ósanngjörn gagnrýni og óþörf, sem oft myndast í sambandi við svona viðkvæma hluti, síður til að koma. Dæmin eru til um gagnkvæmar ásakanir í þessum efnum, fullyrt að betur hefði mátt gera með betri samskiptum, betra samstarfi. Ég segi aðeins um það: Slíkt hryggir mann óneitanlega þegar maður þekkir til hins góða vilja hjá öllum þeim aðilum sem að þessum málum starfa og þeim mikla vilja sem þar er á að bregða sem fyrst og best við í hverju tilfelli. Í slíkum viðkvæmnismálum er án efa erfitt um að dæma og máske aldrei unnt, enda oft um þannig mál að ræða að ekki er unnt úr að bæta og skiptir þá máske litlu eftir á um þær ásakanir sem fram koma og engum geta orðið til góðs.

Ég held að eitt sé alveg víst í þessum efnum: að það gerist ekki með vilja hjá neinum björgunaraðila eða neinum þeim aðila sem að þessum málum kemur að seinkun verði á aðgerðum og því síður að eitthvað fari úrskeiðis. Vitanlega gerist það fyrir mannleg mistök af einhverju tagi, en ekki af vilja. Ég held að það sé nauðsynlegt gagnvart öllum þeim aðilum sem að þessu starfa að laða það besta fram, þekkinguna, áhugann, viljann og kannske sjálfsfórnina þá fyrst og síðast í þessum efnum. Það hljóta allir einlæglega að vilja leggjast á eitt án tillits til þess innan hvaða stofnunar eða innan hvaða félags menn starfa.

Þessi till. þarf því góða athugun, en hún þarf í meðferð sinni að byggjast á samkomulagi og velvilja allra þeirra sem þar eru til kallaðir og til þess leiðir tillagan vonandi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi við efni þessarar till. sem ég tel að sé hið ágætasta mál og hef reyndar fulla ástæðu til að styðja hana vegna þess að þetta efni kom mjög til umræðu í öryggismálanefnd sjómanna, þar sem þm. áttu sæti. Sú nefnd var skipuð þann 30. mars 1984 af hæstv. samgrh. Matthíasi Bjarnasyni og í nefndina voru skipuð Árni Johnsen, Valdimar Indriðason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Svavar Gestsson, Karvel Pálmason, Kolbrún Jónsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Pétur Sigurðsson. Þrír af þeim sem áttu sæti í öryggismálanefnd sjómanna eru einmitt flm. þessarar till.

Ég hef ekkert við efni till. að athuga, mér finnst hún hin ágætasta og tel að þetta fyrirkomulag sé í raun mjög æskilegt. Þegar þessi mál komu til umræðu í nefndinni hafði ég einmitt mjög sterkar skoðanir á því að þannig fyrirkomulag yrði að komast á og studdi það eindregið inni í nefndinni að slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp. Hins vegar varð það úr í tillögum nefndarinnar, en hún gerði tillögur

í okt. 1984 til samgrh. og síðan við lok starfa sinna í okt. 1986, að nefndarmenn urðu ásáttir um að hrófla ekki við því forræði til leitar og björgunar sem Slysavarnafélag Íslands hefur með höndum. Mig langar að lesa hér upp 15. atriði í þessum tillögum, með leyfi forseta, en ég les það upp úr skýrslu samgrh. um störf öryggismálanefndar sjómanna sem er þskj. 156. Þar segir:

„Forræði leitar og björgunar. Ekki er ástæða til að hrófla við forræði Slysavarnafélags Íslands til leitar og björgunar við og á sjó, enda áratuga hefð fyrir því. Þau ráðuneyti sem fara með einstaka þætti björgunarmála við og á sjó beiti sér fyrir hliðstæðum samningi og þegar hefur verið gerður um björgunarstörf á landi."

Það hefur verið vikið að því í framsögu þeirra tveggja ræðumanna sem á undan mér hafa talað að það hefði einmitt verið talsverður ágreiningur um það hver ætti að hafa þetta forræði. Ég tel það mjög til bóta einmitt að sett verði á laggirnar stjórnstöð þar sem sameinaðir verði kraftar allra þeirra sem að málinu koma, bæði á sjó, landi og í lofti. Hins vegar hef ég það við tillöguna að athuga, það er að vísu aðeins formleg athugasemd en mig langar samt að koma henni á framfæri, að mér hefði þótt bæði eðlilegra og kurteislegra ef að þessum tillöguflutningi hefðu staðið þeir sem mikið hafa rætt þessi mál á undanförnum tveimur árum í öryggismálanefnd sjómanna. Ég hafði sjálf mjög sterkar skoðanir um þessi mál og hefði fegin viljað standa að flutningi hennar. Ég hef samt ekki tækifæri til þess vegna þess að þm. úr einum flokki hafa tekið að sér að flytja málið. Þó er þetta allsendis ópólitískt mál.

Hins vegar langar mig aðeins að varpa fram spurningu um það hvort till. stangist á við þessa tillögugerð sem áður hafði verið gerð af öryggismálanefnd sjómanna. Að öðru leyti hef ég ekki annað um málið að segja og mun beita mér fyrir því eins og í mínu valdi stendur að þessi till. fái brautargengi í gegnum þingið.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því að þessi till. er fram komin og þarf litlu að bæta við það sem áður hefur komið fram, m.a. í ræðu hv. 1. flm. till., að það er nauðsyn á sameiginlegri stjórnstöð og betri samvinnu aðila sem hlut eiga að máli. Það hafa verið uppi viðræður á milli þeirra tveggja ráðuneyta sem aðallega fara með þessi mál, samgrn. og dómsmrn., um tillögugerð að sameiginlegri stjórnstöð eins og þessi till. fjallar um og ég sé ekki ástæðu til annars en að þær sameiginlegu viðræður fari fram til þess að ná þar samkomulagi á milli ráðuneyta. Landhelgisgæslan og lögreglan heyra undir dómsmrn. og það er vissulega stór þáttur í þessari starfsemi allri. Hins vegar held ég að segja megi að allt annað heyri undir samgrn. og þá kemur inn í það dæmi fleira en hér er nefnt eins og frsm. nefndi, t.d. Póstur og sími í sambandi við fjarskiptamálin.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að ræða hér efnislega meira um þessi mál. Þau eru viðkvæm og erfið og við verðum eins og fyrri daginn að ná sáttum og reyna að skilja sjónarmið hvers annars. Við getum sagt það að við metum mikils mjög mikla starfsemi Slysavarnafélags Íslands og allt það lið sem það hefur lagt björgunarmálum og fræðslu á því sviði allt frá stofnun þess til þessa dags. Við verðum einnig að hafa í huga mikilvægt starf sem Landhelgisgæslan hefur unnið á liðnum árum bæði hvað snertir skipin og sömuleiðis flugið.

Flugmálastjórn hefur líka komið inn á þessi mál í vaxandi mæli og björgunarsveitirnar. Það tengjast þessu ýmsar framfarir og framkvæmdir á sviði fjarskiptamála. Ég hygg að tilkoma farsímans sé mjög mikilvæg bæði fyrir allar samgöngur og ferðalög á landi sem og á sjó. Ég vona að þm. sameinist um afgreiðslu á þessari till. og jafnframt að við í þessum tveimur ráðuneytum berum gæfu til að taka sameiginlega ákvörðun sem allir geti við unað.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka jákvæðar umræður og undirtektir við þessa till. Ég ætla að fjalla um örfá atriði.

Hér hefur verið nefnt forræði Slysavarnafélags Íslands og hið mikla starf sem það félag gegnir. Þarna er bæði um að ræða túlkunaratriði og samkomulagsatriði. Ég get sagt fyrir mig að mér finnst eðlilegt að Slysavarnafélag Íslands hafi eins og það hefur haft um árabil forræði á ströndum landsins og sú staða hefur komið upp allvíða. Mér finnst hins vegar eðlilegt þegar komið er að starfi úti á hafinu, björgunar- og hjálparstarfi úti á hafinu, að þá komi Landhelgisgæslan til skjalanna því að þar er skipaflotinn, þar er flugvélaflotinn, sem helst er að treysta á, og þar um borð eru þau loftskeyta- og stjórntæki sem geta bæði sinnt starfi á milli skipa og flugvéla, þannig að þessa kosti þarf auðvitað að nýta.

Deilt hefur verið um það hver ætti að hafa hið opinbera samband við aðrar erlendar stjórnstöðvar. Það er mál sem þarf að leysa en á að leysast að mínu mati nær af sjálfu sér með því að setja á stofn slíka stjórnstöð.

Það er ekki aðeins um að ræða þætti í starfi Slysavarnafélagsins varðandi hinar almennu sveitir félagsins um allt land, sem eru eins og net í kringum allt landið, björgunarnet í kringum allt landið, heldur einnig mjög mikilvæga þætti eins og Tilkynningarskylduna sem Slysavarnafélagið sér um og hlýtur að sjá um áfram. Þar er um að ræða frekari uppbyggingu og þróun sem er mjög spennandi. Það er líka um að ræða þann þátt sem Slysavarnafélagið sinnir í starfi sjómannafræðslunnar sem nú er verið að byggja upp fyrir alla starfandi sjómenn landsins og í framtíðinni fyrir miklu fleiri, ekki aðeins sjómenn heldur einnig landmenn sem sinna ýmsum störfum í hinum ýmsu atvinnugreinum. Á ég þar t.d. við eldvarnarstarf sem hlýtur að tengjast þessum skóla í framtíðinni.

Það má einnig nefna björgunarskipið Sæbjörgu sem er mjög spennandi þáttur í starfi Slysavarnafélagsins og á ugglaust eftir að setja mikinn svip á það starf á komandi árum og gleðilegt að nýlega voru vélar skipsins gangsettar á ný eftir alllangt hlé svo að vart líður langur tími þar til Sæbjörg fer aftur að sigla í kringum landið.

Varðandi t.d. þætti í starfi Landhelgisgæslunnar má nefna þyrluflugið sem er einn stórkostlegasti þátturinn í björgunarstarfinu hér við land. Starfsmenn Gæslunnar á þeim vettvangi hafa sýnt dugnað og árvekni í að koma þar málum í gott horf og það hefur sýnt sig að það er mjög mikilvægt í öllu þessu starfi.

Þannig væri hægt að halda áfram að telja upp hina ýmsu aðila, eins og hjálparsveitir skáta, flugbjörgunarsveitir og marga fleiri, þar sem menn leggja á sig ómælt starf til þess að byggja upp þetta net sem við höfum svo mikla þörf fyrir og varðar mannslíf. En ástæðan fyrir því að tiltekið er að æskilegt sé að húsnæði slíkrar stöðvar sé í tengslum við Reykjavíkurflugvöll er einfaldlega sú að þar er mest svigrúmið til að koma svona stjórnstöð fyrir. Það þarf að gera hana vel úr garði, aðgengilega og rúmgóða og þar er mest svigrúm. Þar eru allmargir þeirra aðila sem ætlað er að vera í framkvæmdastjórn og Slysavarnafélagið með allt sitt góða kerfi út um allt land á ugglaust auðvelt með að aðlaga sig því að hafa þar einn þátt þessarar starfsemi í einni og sameiginlegri stjórnstöð.

Það má líka geta þess að í lögunum um Landhelgisgæslu Íslands segir beinlínis að Landhelgisgæslan eigi að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi. Það segir einnig að Gæslan eigi að bjarga bátum eða skipum, sem kunni að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess sé óskað. Þarna erum við því að fjalla um þætti þar sem saman fer lagasetning, opinberar stofnanir og svo starf sjálfstæðra og frjálsra félaga sem eru þrír af þeim fimm aðilum sem ætlað er að vera í framkvæmdastjórn.

Ég ítreka þakkir fyrir góðar undirtektir við þetta mál, vona að því farnist vel í meðferð þingsins og óska að till. verði að lokinni umræðu vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting sterkra drykkja á vegum ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 306. mál. — Þskj. 542.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vildi mælast til þess ef hæstv. heilbrmrh. er í húsinu að henni yrði gert viðvart að þessi till. er á dagskrá.

Á þskj. 542 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um afnám veitinga sterkra drykkja á vegum ríkisins. Meðflm. mínir eru hv. þm. Haraldur Ólafsson, Helgi Seljan og Karvel Pálmason. Ég vil taka það strax fram að hv. þm. Helgi Seljan mun áður hafa átt hlut að tillöguflutningi hér á Alþingi um sama efni en um það var mér reyndar ekki kunnugt þegar ég samdi till. Ég skal líka fúslega viðurkenna að hér er ekki um mjög frumlega till. að ræða því henni svipar vitanlega mjög til till. hv. 2. þm. Norðurl. v. sem ég hafði vissulega til hliðsjónar. Sú till. er á þskj. 177 og fjallar um afnám tóbaksveitinga á vegum ríksins og opinberra stofnana og gætir þar svipaðra sjónarmiða. En till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess að ekki séu veittir sterkir drykkir í veislum á vegum hins opinbera.“

Í grg. segir:

„Ávana- og fíkniefni í ýmsum myndum hafa fylgt manninum frá alda öðli og valdið margvíslegu böli. Nú síðari árin hafa áhyggjur manna og umræður einkum snúist um lyfjanotkun og neyslu ólöglegra fíkniefna og hvernig verjast megi þeim vágesti sem lagt hefur líf margra í rúst, bæði neytendanna sjálfra og aðstandenda þeirra. Víst er að miklu meira þarf að gera til hjálpar þeim sem í slíka ógæfu rata og ekki síður í fyrirbyggjandi aðgerðum því betra er heilt en vel gróið.

Hinu má svo ekki gleyma að neysla áfengis, þótt lögleg teljist, er einn mesti skaðvaldur sem við er að etja í þjóðfélaginu. Erfitt er að mæla það tjón í krónum og enn erfiðara í þjáningum. En víst er að það tjón er mikið og síst við hæfi að opinberir aðilar eigi þar hlut að máli.

Eins og fram kemur í fylgiskjali hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt stefnuskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000. Meðal markmiða í þeirri stefnuskrá er að heildaráfengisneysla verði minnkuð um a.m.k. fjórðung fyrir þann tíma. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að framkvæmd hennar falli vel að því markmiði.“

Í fskj. með þessari till. er bréf, opið bréf til ríkisstjórnar og alþingismanna, um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Heilsuvernd, sem byggir á hollum lífsvenjum, er grundvöllur heilbrigðis og langlífs. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lagt fram stefnuskrá þar sem bent er á markmið og leiðir til þess að stuðla að heilbrigði fyrir alla árið 2000. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt þessa stefnuskrá. Meðal þeirra markmiða, sem stofnunin telur nauðsynlegt að ná, er að fyrir þann tíma hafi allar þjóðir minnkað heildaráfengisneyslu sína um a.m.k. fjórðung.

Ástæða þessa er sú að öll vandamál, sem tengjast áfengi, vaxa margfalt með aukinni heildarneyslu. Áfengissýkin er aðeins einn þáttur þessara vandamála. Aðrir sjúkdómar fólks á starfsaldri eiga að

verulegu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar áfengis. Sama er að segja um slys. Hvort tveggja veldur þjáningu og örorku, auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu og meiri dánarlíkum. Lítill vafi er á að aukin áfengisneysla á sinn þátt í vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu á undanförnum aldarfjórðungi.

Í umræðum um ólögleg vímuefni gleymist allt of oft að leggja áherslu á að áfengisnotkun er jafnan samfara notkun þeirra. Áfengisneysla er og í flestum tilvikum undanfari annarrar vímuefnanotkunar.

Félagslegar afleiðingar ofnotkunar áfengis eru ekki síður uggvænlegar og aukast einnig margfalt með vaxandi heildarneyslu. Hér má minna á vinnutap og heimilisböl ýmiss konar, s.s. hjónaskilnaði, ofbeldi á heimilum, andlegar og líkamlegar misþyrmingar á maka og börnum. Enn fremur ber að minna á hættuna sem stafar af ölvunarakstri og ýmissi annarri óábyrgri hegðun sem leiðir af því að áfengi slævir dómgreind manna. Annað og oft óviðkomandi fólk getur þannig verið í verulegri hættu.

Sérstök ástæða er til þess að minna á að samfara ölvun er tíðni tilviljunarkenndra eða óráðgerðra kynmaka mun meiri en ella. Af þessu kunna að hljótast alvarlegir sjúkdómar sem geta verið banvænir.

Með hliðsjón af framansögðu viljum við undirritaðir hér með skora á ráðherra og aðra alþingismenn að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar."

Með mikilli virðingu skrifa hér undir: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir, Ásmundur Brekkan, forseti læknadeildar Háskóla Íslands, Haukur Þórðarson, formaður Læknafélags Íslands, Björn Önundarson tryggingayfirlæknir, Gunnar Þór Jónsson, prófessor í slysalækningum, Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, Hjalti Þórarinsson, prófessor í handlæknisfræði, Hrafn Tulinius, prófessor í heilbrigðisfræði, Tómas Helgason, prófessor í geðlæknisfræði, Þórður Harðarson, prófessor í lyflæknisfræði og Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði.

Hér er um að ræða menn sem njóta trausts stjórnvalda og þjóðarinnar allrar til forustu og hinna fremstu embætta innan heilbrigðiskerfisins og Háskóla Íslands. Þetta bréf barst okkur alþm. skömmu fyrir þinghlé í desember og fór e.t.v. fram hjá sumum vegna þess annríkis sem mótar öll þingstörf á þeim tíma. Mér fannst strax sjálfsagt að bregðast við tilmælum læknanna 12 og þau viðbrögð birtast nú hér í þessari till. sem ég hef borið fram ásamt öðrum.

Þessa till. sýndi ég í öðrum þingflokkum og fékk strax jákvæðar undirtektir þeirra sem með mér eru hér á þessu þskj. Hins vegar beið ég nokkuð lengi með að leggja þessa till. fram þar sem hugmyndin var sú að allir þingflokkar ættu þar hlut að máli og það kom mér óneitanlega á óvart og olli vonbrigðum að enginn fulltrúi Sjálfstfl. skyldi treysta sér til að styðja þessa sakleysislegu till. með nafni sínu á prentuðu þskj. Ég segi sakleysislegu till. vegna þess að hér getur vart talist um byltingarkennda aðgerð að ræða, a.m.k. ekki að mínu mati. Það er ekki einu sinni lagt til að afnema allar veitingar áfengis í veislum á vegum hins opinbera, eins og einhverjum þætti sjálfsagt eðlilegt, heldur aðeins veitingar sterkra drykkja. Með því viðurkennum við gildi léttra vína þegar gera á vel við gesti í mat og drykk og sé ég reyndar ekki ástæðu til að fjölyrða um það atriði.

Hjá flestum þjóðum er neysla léttra vína eðlilegur þáttur máltíðar, sums staðar daglega, annars staðar til hátíðabrigða. Hérlendis er hið síðarnefnda frekar reglan, þ.e. að létt vín séu notuð með mat til hátíðabrigða, og mér fyndist það sjálfri jaðra við ofstæki að leggja til afnám þess í veislum á vegum hins opinbera, enda þykir mér ólíklegt að margir styddu slíkt í rauninni. Hins vegar er það mín skoðun að hver einasti gestgjafi sé fullsæmdur af sínu framlagi þótt hann láti vera að halda sterkum drykkjum að gestum sínum. E.t.v. má segja að þetta sé spurning um gott fordæmi og kannske spurning um virðingu, en ég veit að ýmsum hér á hinu háa Alþingi er annt um virðingu æðstu stofnana ríkisins og þeirra sem þar starfa.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till. af minni hálfu. Ég velti svolítið vöngum yfir því í hvaða nefnd væri eðlilegast að vísa till. Það kom vissulega til álita að vísa henni til fjvn., ekki vegna þess að hér sé um fjárútlát að ræða, eins og oftast er í þeim till. sem fjvn. fjallar um, heldur vegna þess að hér er að mínum dómi tvímælalaust um sparnað að ræða og það væri óneitanlega nokkur tilbreyting að því fyrir hv. fjvn. að fjalla um slíka till. En vitanlega eru það fyrst og fremst félagsleg og heilsufarsleg sjónarmið sem hér liggja að baki og því legg ég til að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Eins og stundum áður, þegar ekki er þó lengra liðið á dag en þetta, eru fáir hér í sal og fjarri því að hægt sé að halda í raun og veru uppi eðlilegum umræðum. Um það skal ég ekki fjölyrða hér, ég hef svo oft gert það, sakir þess að ég er einn af þeim sem þykir eins og það sé skylda mín að sitja hér nokkurn veginn þann tíma sem þingfundir eiga að öllu jöfnu að vera. En við því er ekkert að segja þó menn séu auðvitað ýmsu öðru að sinna sem er tengt þessu starfi á einn eða annan hátt, en verður hins vegar til þess að margar till. fara nokkurn veginn umræðulaust í gegn og fara svo inn í nefndir og sofna þar síðan.

Í þessu tilfelli ætti að vera hægt fyrir Alþingi að taka afstöðu. Eins og hv. 1. flm. kom inn á er hvorki lengra gengið en raun ber vitni og hún minntist sérstaklega á og eins er hér um svo einfalt mál að

ræða að það ætti ekki að velkjast fyrir neinum að taka afstöðu til eða frá. Við vorum áðan að ræða um stjórnstöð björgunar- og slysavarnamála, ég held að við séum hér í raun og veru í framhaldsumræðu um björgunar- og slysavarnamál á vissan hátt þó þetta sé kannske lítill angi þess sem við erum hér að tala um.

Ég er einn flm., eins og hv. 1. flm., 7. landsk. þm. tók fram, og þarf því ekki miklu við að bæta. Ég hef verið spurður nokkuð að því hvers vegna ég skrifi upp á till. þar sem ekki sé lengra gengið í þessa átt en raun ber vitni, þ.e. að ekki séu veittir sterkir drykkir í veislum á vegum þess opinbera. Ég hef sagt það og segi það í þessum ræðustól að hvert það skref sem í áttina er tekið til heilbrigðara lífs og heilbrigðari lífshátta hlýt ég að styðja þó svo að ég í einhverjum tilfellum vildi ganga lengra eða gera á einhvern hátt öðruvísi.

Ég minnist þess líka að þegar við fluttum till. hér þrír, þar af tveir þeirra sem hér eru, Karvel Pálmason var þar einnig, en 1. flm. var fyrrv. hæstv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson, minnist till. frá okkur fyrir nær hálfum öðrum áratug þar sem var gert ráð fyrir afnámi allra vínveitinga á vegum ríkisins, að um þá till. upphófst hin furðulegasta umræða. Ég var þá ekki fyrir löngu kominn inn á Alþingi og mér blöskraði kannske fyrst og síðast hvað menn umgengust þetta umræðuefni af miklu virðingarleysi og gáleysi rétt eins og áfengismálin í heild sinni, vá þeirra og voði, væri eitthvað sérstakt efni til þess að menn gætu skvett úr klaufunum í ræðustól og farið á kostum með alls konar skringilegheit í orðfæri og annað því um líkt, m.a. í lýsingum á flm. og öðru slíku. Út af fyrir sig lýsti þetta bara þeim sjálfum sem þar voru á ferðinni og ekkert við því að segja þó menn nýttu þetta tækifæri til gamanmála, en lítt þótti mér þá sæmandi að taka þessi alvörumál, eins og þau eru reyndar, í það í sölum Alþingis.

Það er vitnað í þessari till. í heilbrigðisátakið fyrir árið 2000. Vissulega er þar um glæsilegt takmark að ræða og auðvitað spyr maður: Er það framkvæmanlegt? Er það mögulegt? Auðvitað er það mögulegt og framkvæmanlegt ef menn leggjast á eitt og ef menn nenna að leggja sig fram um að finna leiðir að því marki að ná þessu. Ekki bara þeir sem eiga að sjá um þessi mál á æðstu stöðum heldur allur almenningur ekki síður.

Ég skal ekki hafa um þetta langt mál, en nýlega hafa verið lagðar fram tillögur svokallaðrar áfengismálanefndar eða nefndar sem fjallaði á mjög víðum grunni um tillögur til framtíðar í hinum ýmsu þáttum áfengismála og í áttu sæti fulltrúar bæði félagasamtaka, stjórnmálaflokka og ýmissa annarra aðila sem láta sig þessi mál nokkru varða. Þær tillögur liggja nú fyrir og nú reynir á það hvort menn þora að reyna að framkvæma eitthvað af þeim. M.a. þær tillögur sem hafa gefist vel í öðrum þjóðlöndum og þar hafa verið framkvæmdar og gefið eins og ég sagði góða raun. Sömuleiðis hefur verið á vegum forsrn. og fagráðuneyta ákveðinna, þriggja minnir mig, ákveðin nefnd sem hefur fjallað um fyrst og fremst ólögleg fíkniefni. Ég get ekki sagt að það hafi glatt mig, en það vakti athygli mína að sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu og hefur látið um það sitt álit í ljós, til t.d. forsrh. og annarra þeirra ráðherra sem skipuðu í þessa nefnd á sínum tíma, að tengslin við áfengið væru svo órjúfandi í þessu sambandi að nefndin kæmist ekki hjá því að fara inn á það svið meira og minna þó hún væri með það verkefni og erindisbréf frá ráðuneytunum að fjalla eingöngu um hin ólöglegu fíkniefni. Svo órjúfandi væri sambandið þar á milli og samhengið allt saman að hún kæmist ekki hjá því að koma með ábendingar um þetta sem ég hef séð og eru hinar merkustu frá þessari nefnd um ýmislegt varðandi framkvæmd okkar áfengismála.

Ég ætla svo að ljúka þessu með því að segja að fordæmið í þessum efnum, eins og hv. 1. flm. kom inn á, er vissulega mikilvægt, hvað menn vilja á sig leggja í þessu efni. Ég minni þá á það um leið að 1. flm. þeirrar till. sem ég nefndi áðan og var flutt fyrir nærri hálfum öðrum áratug var Vilhjálmur Hjálmarsson. Hann komst seinna í þá aðstöðu að velja um hvort hann vildi fylgja till. sinni áfram, sannfæringu sinni áfram. Hann gerði það. Hann gerði það með sóma og gerði það á þann hátt að eftir var tekið. Og hann gerði það á þann máta að margir hefðu áreiðanlega viljað fylgja í fótspor hans þótt þeir hafi ekki lagt út í það. Það hefur aðeins einn maður gert til þessa, þ.e. hæstv. landbrh., sem ekki veitir vín í sínum veislum.

Ég skal láta það verða mín lokaorð að ég held að fordæmi hafi mjög mikið að segja, jafnvel uppi á hinum hæstu stöðum. Þó oft næði þar kalt um og sé sagt að menn beri ekki mikla virðingu fyrir þeim sem á æðstu trónunum sitja vill það verða svo að að minnsta kosti er býsna gott að hafa hald í því að herma eftir þeim þó ekki sé nú annað. Sú tilhneiging, sem mér hefur virst núna að undanförnu, að skipta fíkniefnunum í vond fíkniefni og góð fíkniefni, þar sem áfengið í heild sinni skipar þann flokk sem heitir góð fíkniefni en hin ólöglegu aftur hin vondu fíkniefni, hefur mér þótt bera vott um gífurlegan tvískinnung í þessu efni, svo mikið samræmi og samhengi sem þarna er á milli, og ekki síður vegna þess að mér þykir sem þetta fólk sem um þetta er að tala á þennan máta sé í raun og veru að bjarga eigin skinni. Áfengið nýtir það og neytir sjálft. Ólöglegu fíkniefnunum sinnir það ekki og neytir ekki og því er gott að ráðast af heift og harðfylgi á hin ólöglegu fíkniefni og dæma þá hart sem standa að því að selja og dreifa þeim, dæma þá hart sem fyrir þeirri ógæfu verða einnig að verða áhangendur þessara eiturefna, en sitja svo veglegar veislur sjálfir þar sem þeir neyta annarra fíkniefna sjálfir, sem þeir kalla góð, í vellystingum praktuglega og þykjast hafa góða samvisku.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð sem innlegg í þessa umræðu um þá till. sem hér liggur fyrir á þskj. 542, um afnám veitinga sterkra drykkja á vegum ríkisins.

Það mætti halda, eftir þær upplýsingar sem 1. flm. þessarar till. gaf hér, hv. 7. landsk. þm., um að hún hefði orðið fyrir vonbrigðum með þm. Sjálfstfl. og beðið lengi eftir að þeir vildu vera með á þessari till. en enginn hefði gefið sig fram, að þm. Sjálfstfl. væru eitthvað drykkfelldari en annarra flokka þm. Þess vegna fannst mér ástæða til að koma í ræðustólinn og lýsa því yfir að það sé hreint ekki ástæða eða tilefni til að halda að svo sé. Það geta auðvitað verið ýmsar ástæður fyrir því að þm. séu ekki tilbúnir að taka þátt í flutningi þáltill., jafnvel þó þeir séu efnislega ekki á móti málinu sem slíku.

Ég minnist þess að sjálf hafi ég verið meðflm. og ég held með hv. 2. þm. Austurl. o.fl. að svipaðri þáltill. fyrir nokkrum árum. Ég man ekki hvenær það var, en sú till. var aldrei afgreidd í gegnum þingið frekar en oft gerist, jafnvel með góð mál.

Ég er sannfærð um að þm. Sjálfstfl. eru ekki síður áhugasamir um að minnka ofneyslu áfengis í landinu, en þetta er kannske spurning um hvaða aðferðir menn telja að sé heppilegt að hafa í þeim efnum. Hér fylgir á þessu þskj. fylgiskjal sem er opið bréf til ríkisstjórnar og alþm., „Heilbrigði fyrir alla árið 2000." Ég verð að segja að þegar þessi áskorun kom fyrst fyrir mín augu og eyru kom mér í hug hvort þarna væri ekki of mikið færst í fang að ætla sér það markmið að ná heilbrigði fyrir alla árið 2000, hvort það væri raunhæft að ná slíku fyrir heila þjóð. En þegar betur er að gáð held ég að það sé óhætt að álykta sem svo að þetta sé hreint ekki óraunhæft miðað við þau markmið sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur sett sér.

Það er óhætt að segja að oft hafa verið unnin stórvirki, meira að segja hér á landi, af hálfu læknavísindanna í útrýmingu langvinnra og alvarlegra sjúkdóma. Það er alltaf verið að finna ný og betri lyf og betri aðferðir. Nú er svo komið að menn eru farnir að viðurkenna að ofneysla áfengis, áfengissýkin, sé sjúkdómur. Það hafa verið unnin stórvirki hér á landi eins og víða annars staðar til að hjálpa því ólánssama fólki sem hefur orðið þeim sjúkdómi að bráð.

Það er staðreynd að neysla áfengra drykkja hefur aukist og er vissulega áhyggjuefni hve aldur þeirra hefur lækkað sem neyta þess. Oft er ofnotkun áfengis undanfari notkunar annarra vímuefna, en eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. er um tvenns konar vímuefni að ræða, annars vegar þau löglegu, sem hann vildi meina að menn kölluðu góðu fíkniefnin, og svo hins vegar þessi ólöglegu sem væru kölluð þau vondu. Ég er ekki alveg sammála því að menn vilji kalla áfengisneyslu góð fíkniefni því þegar orðið er um ofnotkun að ræða getur það aldrei verið gott. En staðreyndin er sú að ólöglegu fíkniefnin er nokkuð sem við ekki þekkjum og þess vegna óttumst við þau. Það er ekki óeðlilegt að t.d. foreldrar séu áhyggjufullir vegna barna sinna vegna þess að þeir þekkja ekki einkennin. Þeir geta jafnvel ekki fylgst með því hvort barnið eða unglingurinn hefur verið að fikta við þessi ólöglegu efni því það fylgir þeim ekki lykt á sama hátt og þegar áfengis er neytt. Því er kannske ekki óeðlilegt að viðhorf t.d. foreldra sé annað gagnvart þessum ólöglegu fíkniefnum en áfengi þó að foreldrar hafi að sjálfsögðu ekki síður áhyggjur af því. Það er þó betra að fylgjast með hvað þar er að gerast.

En þar sem áfengið er þetta löglega fíkniefni, ef við viljum kalla það svo, er held ég raunhæfasta leiðin í baráttunni við ofneyslu þess áróður og fræðsla og meiri áróður og meiri fræðsla. En það er með hann eins og svo margt annað að það er ekki sama hvernig sá áróður fer fram. Það er jafnvel ekki sama hver er með áróðurinn, hvar hann er og hvenær. Auðvitað er í fullu gildi þetta heilræði góðtemplara til æskufólksins að drekka aldrei fyrsta staupið, en það er ekki alltaf hlustað á slík heilræði því það er, eins og ég sagði áðan, ekki alveg sama hvernig og hvar þau eru sögð. Ef við hugleiðum drykkjuvenjur, og við tökum það sem þessi þáltill. fjallar um, í opinberum veislum, hvernig drykkir eru bornir fram í opinberum veislum eins og yfirleitt alls staðar annars staðar, þá er gengið út frá því að það sé áfengi sem boðið er upp á. Þeir sem vilja jafnvel taka sér óáfenga drykki eru fólkið með sérþarfirnar. Þeir fá vatnsglösin með kókinu eða appelsíninu í. Þeim eru almennt ekki bornir drykkir sem eru á sama hátt og vínin í fallegum glösum og jafnvel fallegir á litinn. Það er sem sagt almennt ekki lögð áhersla á að bjóða gestum upp á óáfenga drykki. Það er lögð megináhersla á áfengu drykkina. Ég held að ef það yrði t.d. lögð áhersla á að taka þarna upp nýja siði, að óáfengu drykkjunum í veislum, hvort sem þær eru opinberar eða ekki, væri gert jafnhátt undir höfði og hinum, þá mundi það eitt mörgu geta breytt og svo það að gera átak í því að breyta venjum fólks, hafa uppi áróður og jafnvel að koma því í tísku að drekka óáfenga drykki eins og þá áfengu, að það sé alveg eins sniðugt og að það sé alveg eins fínt að neyta óáfengra drykkja.

Í þessu sambandi má t.d. minna á tóbaksvarnanefndina sem hefur unnið skipulagt og markvisst forvarnarstarf sem viðurkennt er að hefur skilað árangri. Nú þykir ekki lengur fínt að reykja, menn eru jafnvel feimnir við það, menn biðja um leyfi og menn mega ekki reykja hvar sem er. Það er ekki lengur sjálfsagt að eiga allar tegundir af sígarettum og vindlum á heimilunum og jafnvel láta gestir sem koma inn á heimili sér ekki detta í hug að kveikja í vindlingi án þess að spyrja húsráðendur hvort þeir megi það.

Tími minn er liðinn, herra forseti, en ég vildi gera þessa smáathugasemd vegna orða 1. flm., hv. 7. landsk. þm., um það sem sneri að þingflokki Sjálfstfl. vegna þess að þeir eru ekki meðflutningsmenn á till. þessari. Það þarf ekki að þýða að þeir hafi aðrar skoðanir á málinu en aðrir hv. þm.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Sem betur fer geta oft skapast ágætar umræður hér þótt fáir séu viðstaddir. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim hv. tveimur þm. sem hér hafa tekið til máls og fjallað um efni till. Í báðum ræðunum kom margt mjög gott fram sem gaman væri að velta frekar fyrir sér og spjalla um.

Mér þykir heldur verra ef hv. síðasti ræðumaður hefur tekið orð mín svo að ég væri að drótta að hv. þm. Sjálfstfl. að þeir væru þorstlátari en aðrir þm. Það var alls ekki meining mín, en mér fannst einhvern veginn þurfa að koma fram einhver skýring á því að það væru þarna fulltrúar fjögurra þingflokka en ekki þess fimmta og vildi láta það koma fram að ég hefði sannarlega leitað eftir stuðningi í þeim þingflokki.

Það er hárrétt að menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvernig megi best vekja athygli eða vinna þessum málum gagn og ég tek fyllilega undir það sem hér var sagt um þýðingu fræðslunnar og áróðursins, en það er einmitt það sem mér finnst felast í þessari till., þ.e. áróður, fordæmi. Það er eiginlega megintilgangurinn með tillöguflutningnum, þ.e. að á vegum hins opinbera verði komið fram með þeim hætti að aðrir geti tekið sér það til fyrirmyndar.

Mér fannst mjög gott það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um framburð veitinga í veislum, þ.e. hversu áfenginu er gjarnan gert miklu hærra undir höfði en óáfengum drykkjum. Það er alveg hárrétt að það getur haft sín áhrif.

Ég hefði fegin viljað heyra fleiri tjá sig um þetta mál, en ég endurtek þakkir mínar til hv. ræðumanna sem hér hafa komið og rætt það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðsaðstæður erlendis, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 331. mál. — Þskj. 576.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 576 um upplýsingaöflun um markaðsaðstæður erlendis. Meðflutningsmenn mínir eru aðrar þingkonur Kvennalista, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hv. þingkonur. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að leita samninga við einhverja Norðurlandaþjóð, eina eða fleiri, um aðgang íslenskra fyrirtækja að þeim fjölbreyttu og markvissu upplýsingum sem þær bjóða fyrirtækjum landa sinna um markaði og markaðsaðstæður í einstökum þjóðlöndum."

Þessi till. er flutt hér í annað sinn. Hún var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki útgönguleyfi úr nefnd. Tilefni flutningsins kemur frá Kvennalistakonu sem sjálf stundar viðskipti og hafði reynslu af því að hjá öðrum Norðurlandaþjóðum hefðu utanrrn. forgang um að afla ýmissa upplýsinga varðandi markaði erlendis. Þær væru bæði fjölbreyttar, markvissar og vandaðar og á þeim væri mikið að græða fyrir þá sem vildu koma vörum sínum á markað víða um Evrópu og annars staðar í heiminum.

Það kostar talsvert að framleiða slík gögn og safna þeim og þess vegna hugkvæmdist okkur að það gæti verið góð samnýting á þessum ágætu upplýsingum, ef hægt væri að fá aðgang að þeim hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Það er flestum ljóst hve mikilvægt það er fyrir þjóðarhag Íslendinga að við eflum útflutning okkar. Markaðsöflun erlendis hefur reynst okkur erfið viðfangs og kemur þar margt til, m.a. að hún er mjög kostnaðarsöm. Það er því mikilsvert að það fé sem til markaðsöflunar er varið nýtist sem best en sé ekki eytt til markaðssvæða sem reynast síðan mjög óhentug fyrir íslenskar afurðir. Á Norðurlöndum og víða meðal annarra þjóða hafa utanríkis- eða viðskiptaráðuneyti mikið safn upplýsinga um staðhætti og sérkenni ýmissa markaðssvæða. Þar koma m.a. fram mikilsverðar upplýsingar um lög og reglur er varða innflutning, skatta og tolla ásamt neysluvenjum. Upplýsingar þessar eru gjarnan gefnar út í handhægum bókum og bæklingum til hjálpar þeim fyrirtækjum sem eru að velja sér líkleg markaðssvæði.

Það þarf ekki að taka fram að slíkar upplýsingar yrðu óheyrilega dýrar ef hvert fyrirtæki fyrir sig þyrfti að afla þeirra. Eins koma þær oft í veg fyrir alvarleg og dýrkeypt mistök. Þar sem íslensk utanríkis- og viðskiptaþjónusta hefur ekki haft bolmagn til að safna og dreifa slíkum upplýsingum hérlendis enn þá þykir flm. þessarar till. skynsamlegt að leita stuðnings hjá frændþjóðum okkar þar til betur horfir í þessum efnum hérlendis.

Þessi till. kemur í raun inn á annað mál sem er mun stærra og það er mál sem komið hefur ítrekað til umræðu í hv. utanrmn. á undanförnum árum. Það er endurskipulagning utanríkisþjónustunnar að því leyti til að hún verði mun virkari í viðskiptalegu tilliti og þá sérstaklega mun virkari í markaðsöflun víða erlendis og markaðskönnun fyrir íslenskar afurðir. Þessi mál hafa verið til umræðu bæði í þjóðfélaginu og eins hér á þinginu og vil ég benda mönnum á að hér kynni að vera skref í átt til þess að kanna hvernig þeirri þróun yrði best fyrir komið.

Að lokinni umræðu um till. vil ég leggja til að henni verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Fasteigna- og skipasala (193. mál, trygging) 2847.
Fjáröflun til vegagerðar (295. mál, gjalddagar þungaskatts) 2848.
Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna (214. mál) 2894.
Húsnæðisstofnun ríkisins (318. mál, lánsréttur o.fl.) 2848.
Jafnréttisfræðsla (324. mál) 2886.
Leigunám gistiherbergja (291. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2948.
Leigunám fasteigna (292. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2949.
Markaðsaðstæður erlendis (331. mál) 3025.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (311. mál, skiptahlutfall) 2849.
Stjórnarskipunarlög (174. mál, heildarlög) 2969.
Stjórnstöð vegna leitar og björgunar (313. mál) 3009.
Um þingsköp 2847 (húsgagnakaup Alþingis).
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 2843, 2930.
Umferðaröryggi á Reykjanesbraut (285. mál) 2878.
Umhverfismál (302. mál, umhverfis- og félagsmálaráðuneyti) 2999.
Umræður utan dagskrár 2889 (síldarsamningar Norðmanna og Sovétmanna).
Vaxtalög (321. mál) 2850, 2949.
Veiði kúfisks (314. mál) 2881.
Veiting sterkra drykkja á vegum ríkisins (306. mál) 3017.
Verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli (312. mál) 2875.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (320. mál) 2825.
Þinglýsingalög (120. mál, skrásettar bifreiðir) 2947.
Þjóðhagsstofnun (305. mál) 2976.
Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (271. mál) 2825.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Helgi Seljan 2889.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2848.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2873, 2948, 2949.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2886, 2894, 2924.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2848.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2837.
Landbrh. Jón Helgason 2847, 2946.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2825, 2841.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2850, 2880, 2951, 2967, 2968, 3001, 3015.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2849, 2882, 2885, 2890, 2893.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2876, 2878.
Árni Johnsen 3009, 3016.
Birgir Ísleifur Gunnarsson 2985, 2997.
Björn Dagbjartsson 2828, 2840, 2845, 2885, 3006.
Davíð Aðalsteinsson 2932, 2945.
Eiður Guðnason 2839, 2891, 2930, 2939, 2983, 2989.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2976, 2990, 2998.
Guðmundur J. Guðmundsson 2889, 2891.
Guðrún Agnarsdóttir 2848, 2958, 3014, 3025.
Guðrún Helgadóttir 2892, 2914, 2926, 2954.
Gunnar G. Schram 2878, 2881, 2986, 3007.
Haraldur Ólafsson 2835, 2941.
Helgi Seljan 3014, 3020.
Hjörleifur Guttormsson 2847, 2848, 2898, 2969, 3004.
Jón Baldvin Hannibalsson 2980, 2995.
Jón Kristjánsson 2843, 2937, 2946, 2948.
Karl Steinar Guðnason 2875, 2878.
Kjartan Jóhannsson 2869.
Kolbrún Jónsdóttir 2920.
Kristín Halldórsdóttir 2927, 2989, 3008, 3017, 3025.
Páll Pétursson 2999, 3008.
Pétur Sigurðsson 2987.
Salome Þorkelsdóttir 2934, 3023.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2831, 2886, 2888, 2906, 2923.
Stefán Guðmundsson 2975.
Steingrímur J. Sigfússon 2893.
Sturla Böðvarsson 2881, 2885.
Svavar Gestsson 2860, 2961, 2968.
Valdimar Indriðason 2943.

EFRI DEILD

40. fundur, mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249, n. 582.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál, sem er frv. til l. um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Þetta frv. um Landkaupasjóðinn gerir ráð fyrir því að lög nr. 54 21. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna, verði felld úr gildi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. maí 1966 yfirtaki eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði skv. lögum nr. 54 frá 1981.

Í grg. með þessu frv. er nokkuð vikið að starfsemi Landkaupasjóðs og þar er m.a. greint frá því að samkvæmt samningi félmrn. við Lánasjóð sveitarfélaga hafi Lánasjóður sveitarfélaga allt frá árinu 1967 annast afgreiðslu lána úr Landkaupasjóði svo og annast innheimtur og bókhald fyrir sjóðinn en félmrh. hefur tekið ákvörðun um lánveitingar eins og mun vera mælt fyrir í lögunum.

Þess er jafnframt getið og það hefur verið sannreynt að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum seint á fyrra ári að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að beina þeim tilmælum til félmrh. að Landkaupasjóður skv. lögum nr. 54 frá 1981 yrði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaga.

Að athuguðu máli og höfðu samráði við aðila sem þekkja vel til ekki síður en hv. félagsmálanefndarmenn í Ed. leggur nefndin eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 552, n. 589.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum um fasteigna- og skipasölu. Nefndin ræddi málið þegar það kom frá hv. Nd. og fór yfir þær umsagnir sem fyrir lágu um það, en allar þær umsagnir eru jákvæðar og leggja eindregið til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Nefndin leggur til að svo verði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Nauðungaruppboð, 2. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529, n. 590.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum um nauðungaruppboð.

Nefndin hefur rætt frv. og kallaði m.a. til viðræðu fulltrúa dómsmrn. Eins og kom fram við 1. umr. málsins var kallað eftir upplýsingum um fjölda uppboðsbeiðna hjá einstökum fógetaembættum úti á landsbyggðinni og fjölda uppboða sem þar hafa farið fram. Nefndin kallaði inn þessar upplýsingar og þær sýna að þar er um svipaða þróun að ræða og mjög samstíga við þá þróun í Reykjavík sem kemur fram í athugasemdum við þetta lagafrv.

Nefndin varð sammála um að frv. mundi leiða til betri framkvæmdar varðandi nauðungaruppboð og sú löggjöf sem af því leiðir og henti betur við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Nefndinni fannst því ekki ástæða til að tefja framgang þessa máls þannig að það geti fengið meðferð og orðið að lögum á þessu þingi og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt frá þessari deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vitamál, 2. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528, n. 601.

Frsm. samgn. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. Ed. Alþingis um frv. til l. um breytingu á lögum um vitamál. Þetta er samkomulagsmál og nefndin leggur til, sbr. nál., að frv. verði samþykkt óbreytt.

Árni Johnsen var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, en aðrir nefndarmenn voru því samþykkir og hafa staðfest það með undirritun nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lögskráningu sjómanna. Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði 2. maí 1986 til að endurskoða gildandi lög um skráningu sjómanna, en þau eru nr. 63 frá 1961, ásamt síðari breytingum. Í nefndina voru skipuð Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri, formaður, Helgi Laxdal vélfræðingur, Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri, Hjörtur Magnússon lögskráningarstjóri og Jónas Haraldsson skrifstofustjóri.

Svo sem að framan segir eru gildandi lög frá 1961, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðar. Framkvæmd lögskráningar hefur verið töluvert gagnrýnd á undanförnum árum og hún ekki talin veita þá réttarvernd sem henni er ætlað. Ýmsir hafa hvatt til endurskoðunar á lögum um lögskráningu, nú síðast öryggismálanefnd sjómanna í tillögum sínum frá því í október á s. l. ári.

Gildandi lög eru mjög ítarleg og um margt fullnægjandi að því er varðar lögskráningarkerfið og skyldu til lögskráningar. Þau eru hins vegar í ýmsum efnum óaðgengileg og óskýr og lítt til þess fallin að auðvelda framkvæmd lögskráningar. Það verður að hafa hugfast að þeir sem lögskráningu annast eru mjög fjölbreyttur hópur og því er afar mikilvægt að lög um þessa stjórnvaldsathöfn séu skýr.

Með þessu frv. er leitast við að einfalda ákvæði laga um lögskráningu og færa þau til samræmis við nútímaaðstæður með hliðsjón af breyttu hlutverki lögskráningar. Áður fyrr var lögskráningin eina skriflega samningsgerðin um kaup og kjör sjómanna og um leið var hún líftrygging. Þessu tvíþætta hlutverki er að miklu leyti lokið, enda þótt lögskráning sé enn mikilvæg trygging fyrir því að tryggingar séu í samræmi við lög og samninga. Lögskráning sjómanna hefur margháttaða þýðingu og með eftirfarandi megintilgang hennar í huga er þetta frv. lagt fram:

1. Lögskráning á að tryggja að þeir sem eru um borð í skipi hafi tilskilin réttindi eða undanþágu.
2. Skráður er siglingatími sjómanna.
3. Lögskráning á að tryggja að tryggingar skipverja séu í samræmi við lög og kjarasamninga.
4. Lögskráning tryggir sönnur á því hverjir voru á skipi ef skip ferst.
5. Lögskráning felur í sér könnun gagna um haffæri skips.

Frv. þetta skiptist í þrjá kafla. I. kafli fjallar um *lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra*. Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum 12 rúmlestir eða stærri. Í 4. gr. frv. eru ákvæði um það hvenær lögskrá skuli í skiprúm og í 5. gr. hvenær lögskrá skal úr skiprúmi. Skv. frv. á lögskráning alltaf að fara fram á útgerðarstað skips og er það nýmæli.

Skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráð sé og verður frumkvæði um lögskráningu að koma frá honum í flestum tilvikum. Lögskráningin er stjórnvaldsathöfn sem lögskráningarstjórar annast. Meginreglan er sú að lögreglustjórar fara með lögskráningarvald og hafa eftirlit með lögskráningu í sínu umdæmi, tollstjórinn í Reykjavík. Þeim er þó heimilt að fela hreppstjórum og skipa sérstaka fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að annast lögskráningu.

Skv. 2. mgr. 3. gr. er þessum aðilum gert skylt að skila yfirliti um lögskráningar til viðkomandi lögreglustjóra eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Þetta er nýmæli sem ætlað er að stuðla að bættri og samræmdari framkvæmd lögskráningar en nú er.

II. kafli frv. er um framkvæmd lögskráningar. Í gildandi lögum er greint á milli lögskráningar á fiskiskip annars vegar og á önnur skip hins vegar. Þessi greining er síst til þess fallin að einfalda framkvæmd lögskráningar og því er hér lagt til að sömu reglur gildi um öll skip.

Í 7. gr. eru talin upp þau gögn sem sýna ber við fyrstu árlegu lögskráningu og er þar að finna nýmæli um að lögskráningarstjóri skuli synja um lögskráningu ef tilskilin gögn eru ekki lögð fram. Er hér m.a. átt við yfirlýsingu tryggingarfélags um líf- og slysatryggingu skipverja, atvinnuskírteini eða starfsleyfi og skipshafnarskrá.

Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en lagt er úr höfn skal hann eða útgerðarmaður skips tilkynna lögskráningarstjóra nöfn skipverja og annað sem skýra ber frá við almenna lögskráningu innan 24 klukkustunda. Honum er einnig heimilt að kalla upp næstu strandarstöð innan þess frests.

Um heimild skipstjóra til að sigla án lögskráningar er fjallað í 18. gr. gildandi laga en gildir aðeins um fiskiskip og skv. greininni þarf tilkynning til lögskráningarstjóra að vera skrifleg. Með bættum fjarskiptum eru slík formsskilyrði óþörf. Samkvæmt tillögu öryggismálanefndar sjómanna er lagt til að skipstjóra verði einnig heimilað að kalla upp strandarstöð sem kemur boðum til lögskráningarstjóra.

Í III. kafla eru almenn ákvæði sem er að finna í

IV. kafla gildandi laga. Kaflinn er hins vegar mikið styttur. 16. gr. frv. er nýmæli sem heimilar starfsmönnum Landhelgisgæslunnar að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það, en við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skipið til hafnar, en bera má þá ákvörðun undir dómstóla.

Eins og að framan greinir hefur lögskráning sjómanna margháttaða þýðingu og ætti tilgangur hennar og sú réttarvernd sem hún veitir að vera mönnum hvatning til að stuðla að bættri framkvæmd hennar. Í frv. þessu er lögð áhersla á að öll framkvæmd lögskráningar verði örugg og einföld svo að tryggt sé að þeim megintilgangi laganna, sem ég ræddi um í byrjun máls míns, sé náð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að þetta frv. skuli vera komið fram. Þetta mál var mjög rætt í öryggismálanefnd sjómanna meðan hún starfaði og var lögð rík áhersla á að þetta kæmist til framkvæmda því að þar rákum við okkur á ýmsa liði sem máttu betur fara. Mér sýnist það koma fram í þessu frv., sem er mjög ítarlega unnið, og mér virðist það taka af þau mörgu vafaatriði sem voru í þessum efnum og var orðið erfitt að búa við. Á ýmsa vegu var farið fram hjá skráningarlögunum og var nauðsynlegt að taka það fyrir. Það er svo margt, eins og hæstv. ráðh. gat um, sem þetta grípur inn á, öryggi þeirra manna sem eiga að vera skráðir í skiprúm og að allt sé eðlilega og vel frá gengið. Þess vegna vil ég með þessum fáu orðum þakka fyrir að þetta frv. er komið fram.

Frv. mun hins vegar rætt í þeirri nefnd sem ég á sæti í og ég vona að við getum hraðað afgreiðslu þess sem mest.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frv. til l. um lögskráningu sjómanna er komið hér til umræðu og verður væntanlega afgreitt héðan frá þinginu áður en við förum í kosningaslaginn.

Eins og bæði kom fram í ræðu hæstv. samgrh. og hv. 3. þm. Vesturl. hafa verið þó nokkuð miklar umræður um lögskráningu sjómanna og við vitum öll, sem höfum fylgst með þeim málum, að þar hafa verið ýmsar brotalamir á á undanförnum árum og menn hafa fundið fyrir því að þarna þyrfti að gera ýmislegt til lagfæringar, enda eru þau lög sem núna eru gildandi sem grundvallarlög fyrir lögskráningu frá því 1961 og ýmislegt hefur breyst síðan þannig að það er ósköp eðlilegt að það þurfi að taka þessi lög til gagngerðrar endurskoðunar og breytinga.

Þeir ágætu menn sem ráðherra skipaði í nefnd til að undirbúa þetta frv. eru frá stéttarsamtökum sjómanna og ég geri ráð fyrir því og ég veit það reyndar að þetta frv. er vel unnið. Það kemur til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í og ég veit að þar verður það vel yfirfarið undir forustu okkar ágæta formanns og við munum flýta störfum svo sem kostur er þannig að þetta frv. fái góða umfjöllun og fljóta hér í hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Útflutningslánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 604.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. til l. er um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, og er nauðsynlegt að leggja það fram vegna nýrra ákvæða viðskiptabankalaga er tóku gildi á s.l. ári. Í 28. gr. viðskiptabankalaganna er sett fram það skilyrði fyrir þátttöku viðskiptabanka í félögum eða stofnunum sem þar um ræðir að eingöngu sé um aðild að ræða er takmarki ábyrgð viðskiptabankanna við framlag þeirra. Sú lagabreyting er hér lögð til varðandi Útflutningslánasjóð og takmörkun ábyrgðar stofnaðila sjóðsins er í samræmi við þetta og í raun óhjákvæmileg.

Í þessu frv. er enn fremur lagt til að gerð verði krafa um að sú ríkisstarfsemi er fer fram á vegum Útflutningslánasjóðs með takmarkaðri ábyrgð verði auðkennd á sérstakan hátt til að ljóst megi vera gagnvart þriðja aðila að hér sé um að ræða starfsemi með takmarkaða ábyrgð. Sú framsetning er ákvæði þetta byggir á er svipuð framsetningu 2. gr. laga nr. 24 frá 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, en greinin byggir á sama hátt á tilliti til þriðja manns.

Ég tel ekki þörf á að fylgja þessu frv. frekar úr hlaði með fleiri orðum og legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna á þskj. 573.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi lögum að í stað þess að 40% af ágóða Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna skuli renna í Byggingarsjóð aldraðs fólks skuli hann nú renna óskiptur til Dvalarheimilis aldraðra. Í frv. sem hæstv. félmrh. flytur á þskj. 591 er gert ráð fyrir því að þessi sjóður falli niður og þá leiðir af sjálfu sér að framlög til hans gera það einnig.

Hins vegar er í 1. gr. þessa frv. á þskj. 573 gert ráð fyrir því að lán og styrkir verði veitt úr Byggingarsjóði Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til bygginga í þágu aldraðra um land allt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks.

Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði hefur óskað eftir breytingum á lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 16/1973 og jafnframt að lög nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks, verði felld úr gildi.

Lög um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heyra undir dómsmrn. og hefur hæstv. dómsmrh. ákveðið að verða við óskum Sjómannadagssamtakanna um fyrrgreindar breytingar á núgildandi lögum og mun standa að flutningi frv. þar um sem liggur hér fyrir til umræðu.

Samkvæmt lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nú lög nr. 16/1973, renna 40% af tekjum happdrættisins í Byggingarsjóð aldraðs fólks, en 60% til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og hefur svo verið frá gildistöku laga nr. 49/1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Áður rann allur sjóðurinn til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hér er farið fram á að framlög frá Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til Byggingarsjóðs aldraðs fólks falli niður og sjóðurinn verði jafnframt lagður niður.

Hlutverk Byggingarsjóðs aldraðs fólks, sem heyrir undir félmrn. samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að byggingu hentugra íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk. Með tilkomu hinnar nýju húsnæðismálalöggjafar hefur orðið mikil breyting til hins betra á lánamöguleikum til að byggja íbúðir fyrir aldraða og má segja að með henni sé margfalt betur komið til móts við lánaþörf aldraðra en með mjög takmörkuðu framkvæmdafé Byggingarsjóðs aldraðs fólks. Eignir sjóðsins í árslok 1985 voru 19,7 millj. frá upphafi og þar af um helmingur í skuldabréfum. Tekjur sjóðsins 1985 voru annars vegar 40% ágóðahluti frá Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 4,1 millj., og hins vegar vaxtatekjur, 3,1 millj. kr. Aðra tekjuliði hefur sjóðurinn ekki haft á starfstíma sínum.

Þá má benda á Framkvæmdasjóð aldraðra sem settur var á fót fyrir nokkrum árum og nýtur tekna með sérstökum persónuskatti skv. lögum um málefni aldraðra nr. 91/1982, með síðari breytingum. Úr sjóðnum er veitt til byggingar þjónustuíbúða og hjúkrunarheimila aldraðra, svo og til byggingar dvalarheimila og endurbóta á þeim.

Hvað varðar eignir og útistandandi kröfur Byggingarsjóðs aldraðs fólks þykir eftir atvikum rétt að þær skiptist að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og Byggingarsjóðs hjúkrunarheimilisins Hrafnistu í Hafnarfirði og rétt þykir að miða við að lög þessi taki gildi 30. apríl 1987 þar eð hinn 30. apríl n.k. verður dregið í síðasta sinn í Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna á yfirstandandi happdrættisári.

Frv. þetta er flutt að ósk og beiðni Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Ég vil segja það hér að ég tel að það sé rétt að undirstrika mikilvægi þessara samtaka til að leysa þessi vandamál. Þau hafa leyst þessi mál með miklum myndarskap, bæði hér í Reykjavík og ekki síður í Hafnarfirði, og hafa hug á því að vera virkur þátttakandi í því að leysa vandamál aldraðs fólks á þann hátt sem þeir hafa markað þá braut sem þeir hafa gengið í þessum málum. Það er einnig ljóst að stjórn happdrættisins hefur hug á því að láta aðra hluta landsbyggðarinnar njóta þess fjármagns sem happdrættið kann að afla og ég vænti þess að í frv. sem hæstv. dómsmrh. leggur hér fram komi fram að heimilt sé að veita lán til slíkra bygginga annars staðar á landinu.

Það vakti athygli mína þegar ég fékk skýrslu um útlán þessa sjóðs, Byggingarsjóðs aldraðs fólks sem er í vörslu og meðferð Byggingarstofnunar ríkisins, að á öllu þessu tímabili hafa aðeins verið veittar í lán rúmar 10 millj. kr. sem skiptast á tiltölulega fáa aðila. Ég vil einnig segja, og ég held að það sé rétt að undirstrika það, að miðað við þá breytingu sem er nú þegar orðin á tekjuöflun samtaka eins og samtaka Sjómannadagsráðs hér á svæðinu, með tilkomu hinna nýju aðferða, þar á ég við „lottó", dregur mjög úr þeim möguleikum sem þessi fjáröflun gefur þessum samtökum. Ég mun til að spara tímann ekki fara að lesa úr bréfum Sjómanna-

dagsráðsins, en ég vænti þess að margir hv. þm. hafi þau undir höndum, sem færa full rök að því að þessi skattur, þó hann sé ekki stór hjá happdrættinu í þennan byggingarsjóð, er fyrirferðarmikill fyrir þá og þeir mundu e.t.v. leysa það betur með því að dreifa ágóða happdrættisins á önnur byggðarlög eins og þeir hafa í hyggju að gera og telja sig geta gert betur ef þeir eru einráðir um stjórn á þessu fjármagni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Þetta er eins og ég sagði í upphafi gert samkvæmt beinum tilmælum samtaka sjómanna og ég vænti þess að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og félmn. Ég vænti þess að ef hv. þm. vilja ljá þessu máli lið verði reynt að hraða afgreiðslu þess á þeim þingtíma sem eftir er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 596.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er 342. mál deildarinnar sem flutt er á þskj. 596.

Frv. er flutt í tengslum við frv. um staðgreiðslu skatta. Þessi frumvörp og önnur sem þeim tengjast eru samin af starfsmönnum fjmrn., ríkisskattstjóra og starfsmönnum hans í samvinnu við nefnd sem fjmrh. skipaði s.l. haust í þeim tilgangi að endurskoða lög um tekju- og eignarskatt.

Undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um skattamál víða á Vesturlöndum og róttækar skattkerfisbreytingar verið lögfestar. Breytingarnar í Bandaríkjunum, sem gerðar voru á síðasta ári, eru alkunnar, en margar aðrar þjóðir hafa einnig gert miklar breytingar á skattheimtu. Víðast hefur náðst breið pólitísk samstaða um breytingar á skattkerfi af þessu tagi þar sem slíkar tillögur hafa verið bornar fram. Meginmarkmið með skattkerfisbreytingunum í þessum löndum hefur verið að gera skattlagningu einfaldari, skilvirkari og auðskiljanlegri öllum almenningi. Skattstigi hefur verið einfaldaður með því að fækka þrepum og fella þau hæstu niður til að lækka jaðarskatta. Áhersla hefur færst frá því að beita tekjuskatti til þess að færa fjármuni frá þeim tekjuháu til hinna sem lægri tekjur hafa í það að reyna að tryggja að þeir sem hafa svipaðar tekjur greiði sambærilega skatta að öðru jöfnu. Staðgreiðslu hefur víðast hvar verið komið á og hefur hún því ekki verið liður í þessum skattkerfisbreytingum í öðrum löndum.

Með frv. þessu er gerð tillaga um allróttæka breytingu á reglum um álagningu beinna skatta á einstaklinga hér á landi. Tillögur þessar eru annars vegar gerðar með tilliti til þess að róttæk einföldun álagningarreglna er skilyrði þess að við verði komið einföldu og skilvirku staðgreiðslukerfi og hins vegar í þeim tilgangi að álagningarkerfið sjálft verði einfaldara og skiljanlegra þeim sem við það eiga að búa.

Þótt skattkerfið hérlendis, sem byggir á lögum um tekju- og eignarskatt nr. 40 frá 1978, með síðari breytingum, sé tiltölulega einfalt miðað við skattkerfi í ýmsum öðrum löndum hefur gagnrýni á það farið vaxandi hin síðari ár. Í skýrslu nefndar sem kannaði umfang skattsvika og lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1984, er m.a. bent á nauðsyn þess að einfalda skattalögin og fækka skatttegundum. Í skýrslu nefndarinnar segir annars, með leyfi forseta:

„Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir lögum um tekju- og eignarskatt síðan 1978, sbr. stofnlögin nr. 40/1978 og lög nr. 75/1981, með síðari breytingum. Undanþágum, frádráttarliðum og valkostum hefur sífellt fjölgað. Einfalda má lögin með því m.a. að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögunum sjálfum."

Síðan segir í áliti nefndarinnar enn fremur, með leyfi forseta:

„Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða auðvelda öll skattskil, getur stytt fresti, dregur úr vinnuálagi á skattstofunum og gerir þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknum. Með því eykst aðhald og upplýstum brotum fjölgar."

Núverandi tekjuskattslög eru að vísu ekki mjög flókin að því er varðar skattlagningu launatekna og líklega einfaldari og fremri hliðstæðri löggjöf í nágrannalöndum okkar. Engu að síður eru þær reglur sem í gildi eru um útreikning skatta margar og þau hugtök sem notuð eru svo flókin að venjulegur skattborgari leggur yfirleitt ekki á sig að kunna skil á þeim öllum. Tekjutengdir skattar til ríkis og sveitarfélaga og til ýmissa sérverkefna eru margir og byggjast á mismunandi grunni án þess að fyrir því séu augljós rök. Allt gerir þetta skattkerfið torskiljanlegt þeim sem við það eiga að búa.

Í umræðum um skattamál á síðustu árum hefur skattlagning eignatekna einnig komið til umfjöllunar, tengsl hennar við skattlagningu annarra tekna, skattlagningu eigna og áhrif hennar á sparnað. Eftir að sá árangur hefur náðst að fjármagn og sparifé ber jákvæða raunvexti eru spurningar um skattlagningu eignatekna í samanburði við aðrar tekjur áleitnari en áður var. Enn fremur hefur reynsla síðustu ára leitt í ljós að full þörf er á að endurskoða reglur um skattlagningu fyrirtækja. Þarf í því sambandi að athuga einföldun skattlagningar, frádráttarheimild-

ir, afskriftarreglur o.fl.

Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu hér á landi um margra ára skeið. Frumvörp um það efni voru lögð fram á Alþingi á árunum 1977 og aftur 1981. Þau frumvörp þóttu þá býsna flókin og varð ekki af að Alþingi tæki málið þá til afgreiðslu.

Í fjmrn. hefur á liðnum árum verið unnið að endurskoðun allra meginþátta tekjuöflunarkerfis ríkisins. Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til l. um virðisaukaskatt sem kæmi í stað söluskatts sem er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Einnig hefur verið lagt fram frv. til tollalaga og frv. til l. um tollskrá er tilbúið til framlagningar. Beinir skattar eru á eftir sölugjöldum og innflutningsgjöldum þriðji stærsti tekjustofn ríkisins. Endurskoðun beinna skatta er liður í heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfisins. Í þeim tilgangi að vinna að henni og með hliðsjón af þeim atriðum varðandi tekjuskatt sem ég hef nefnt hér að framan, þ.e. einföldun skattkerfisins, skattlagningu eignatekna, skattlagningu fyrirtækja og staðgreiðslu skatta, skipaði ég í nóvember á síðasta ári starfshóp til að gera tillögur um breytingar á skattalögunum. Með skipunarbréfi var starfshópnum m.a. falið að kanna eftirfarandi:

1. Einföldun skattkerfisins, m.a. með afnámi sérstakra frádráttarliða og lækkun skattþrepa.
2. Skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignatekjur og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts, einnig skattlagningu á tekjur í formi hlunninda.
3. Skattlagningu á fyrirtæki, m.a. með tilliti til afskriftarreglna og þess hvort lækka megi álagningarhlutfall en fella niður í staðinn fjárfestingar- og varasjóðstillag.
4. Að kanna staðgreiðslu skatta og hvernig hún tengdist öðrum breytingum á skattalögum.

Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í desember s.l. voru skattamál einnig tekin til umræðu og sendu samningsaðilar ríkisstjórninni hinn 5. des. sérstakt minnisblað um breytingar á tekjuskattskerfinu. Því svaraði fjmrn. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bréfi 6. des. þar sem segir m.a.:

„Ríkisstjórnin telur tillögur þessar um einföldun tekjuskattskerfisins og staðgreiðslu tekjuskatts mikilvægt innlegg í þá umfjöllun sem nú fer fram um breytingar á skattkerfinu. Hugmyndir þessar hafa verið athugaðar eftir því sem unnt hefur verið á skömmum tíma, m.a. af nefnd sem nú starfar á vegum fjmrn. að því verkefni að endurskoða tekjuskattslögin. Hér er um afar róttækar breytingar á tekjuskattsálagningu að ræða sem kalla á viðamikla lagasetningu. Undirbúningur slíkrar lagasetningar krefst margvíslegra athugana á áhrifum þessara breytinga áður en unnt er að taka endanlegar ákvarðanir um einstaka þætti. Hluti breytinganna samkvæmt hugmyndum samningsaðila er þess eðlis að hann snertir mjög sveitarfélög og aðra aðila með sjálfstæð verkefni samkvæmt lögum og verður ekki um hann fjallað án aðildar þeirra.

Fjmrn. mun fela nefnd þeirri sem að framan greinir að taka tillögur þessar til umfjöllunar og úrvinnslu og mun hún hafa í því efni samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Í þeirri vinnu og í því samstarfi verður lögð áhersla á að gera skattkerfið einfalt, draga úr möguleikum á undanskoti tekna og breikka skattgrunninn með því að draga inn í hann allar tekjur og tekjuígildi og fella niður frádráttarliði. Það svigrúm sem þarna myndast verður fyrst og fremst notað til að hækka skattleysismörk og einnig til að lækka skatthlutfall, enda mun slíkt hvetja til bættra skattskila. Áhersla mun lögð á að frv. um þetta efni verði lagt fram á því þingi er nú situr þannig að unnt verði að taka upp staðgreiðslu beinna skatta í ársbyrjun 1988."

Eftir að yfirlýsing þessi lá fyrir var ákveðið að tillögur um einföldun skattkerfisins og nauðsynlegar breytingar vegna staðgreiðslu á tekjuskatti einstaklinga skyldu vera forgangsverkefni starfshópsins þannig að unnt yrði að skila áliti og frumvarpsdrögum fyrir lok janúarmánaðar 1987. Vinnu við viðtækari breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, t.d. vegna skattlagningar fjármagnstekna og annarra eignatekna og vegna skattlagningar fyrirtækja, var þannig vikið aftur fyrir tillögur um breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Ráðgert er að starfshópurinn snúi sér að þessum verkefnum í beinu framhaldi af afgreiðslu þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir. Vegna þessara breytinga á verkefnum starfshópsins var nokkrum af starfsmönnum ráðuneytisins og ríkisskattstjóraembættisins falið að starfa með hópnum og bættist efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar einnig í þann hóp í janúar 1987.

Frv. um þetta ásamt hliðarfrumvörpum er afrakstur af starfi þessara aðila. Hafa þeir átt ágætt samstarf við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um málið sem og félmrn. um þann þátt þess sem að sveitarfélögunum snýr, en það ráðuneyti hefur annast samskipti við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og samið frv. til l. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í frv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við uppgjör eftir á samkvæmt álagningu á framtal. Þeim aðilum sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti.

Ég vil á þessum stað vekja athygli hv. þdm. á því að við lokafrágang á frv. urðu þau mistök að í 10. gr. þess stendur að 75% þess persónuafsláttar sem ekki

nýtist einstaklingi verði millifæranlegur til maka. Sama villa er í athugasemdum þar sem að þessu efnisatriði er vikið. Eins og fram hefur komið í kynningu og var m.a. í þeim gögnum sem kynnt voru fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna er ætlunin að hér verði um að ræða 80% hlutfall í stað 75%. Ég mun vegna þessa skrifa þeirri þingnefnd sem fær málið til meðferðar og óska eftir því að nefndin flytji brtt. til leiðréttingar á þessum mistökum og í umfjöllun minni um þetta mál verður gengið út frá því sem ætlað var og ákveðið var að hlutfallið verði 80%.

Meginbreytingum samkvæmt frv. má skipta í tvo þætti. Annars vegar er myndaður einn sameiginlegur og breyttur skattstofn og hins vegar er álagningarreglum breytt verulega. Í gildandi lögum eru stofnar til ákvörðunar útsvars og tekjuskatts mismunandi. Í frv. er hins vegar lagt til að framvegis verði einn stofn myndaður af öllum vergum greiðslum vinnuveitenda til launþega, þ.e. inn í stofninn gangi allar launagreiðslur auk ýmissa sérstakra liða, svo sem bifreiðastyrkja, dagpeninga og annarra starfstengdra greiðslna, fríðinda og hlunninda. Enn fremur er gert ráð fyrir að lífeyrir og tryggingabætur og allar slíkar greiðslur verði hluti skattstofnsins en hluti þeirra hefur verið utan útsvarsstofns. Þessi nýi stofn mun samsvara núgildandi útsvarsstofni að viðbættum þeim frádráttarliðum sem nú eru heimilaðir við myndun hans. Þeir eru skyldusparnaður, kostnaður á móti ökutækjastyrk og dagpeningum, hlunnindi, verkfæra- og hljóðfærapeningar, helmingur greiddra meðlaga og námsfrádráttur. Enn fremur hækkar stofninn um elli- og örorkulífeyri almannatrygginga. Vegna breytts álagningarkerfis, einkum mikillar hækkunar á persónuafslætti, mun síðasttalda atriðið þó ekki valda álagningu gjalda nema til komi aðrar tekjur í verulegum mæli. Sama máli gegnir um námsfrádrátt. Tekjur námsmanna munu af sömu ástæðum að öllu jöfnu ekki leiða til skattlagningar.

Sú leið var valin að því er varðar bifreiðastyrki, dagpeninga og þess háttar greiðslur að gera ráð fyrir að af þessum liðum verði greiddur skattur í staðgreiðslukerfinu. Hins vegar eru sérstök ákvæði til að koma í veg fyrir að menn greiði skatt af raunverulegum kostnaði sem þeir hafa, til að mynda vegna notkunar bíla í þágu vinnuveitenda eða á ferðalögum vegna starfs síns. Þau ákvæði eru hins vegar þrengri en nú er og áformað að fylgja því betur eftir að liðir þessir verði ekki notaðir til undanskots á sköttum. Þær talnalegu upplýsingar sem fyrir liggja sýna svo að ekki verður um villst að þessir liðir eru nú í allmiklum mæli notaðir til að koma tekjum fram hjá skattlagningu.

Mismunur á tekjuskattsstofni og útsvarsstofni er einkum fólginn í því að ekki eru í báðum tilfellum heimilaðir sömu frádráttarliðir. Í frv. er gert ráð fyrir einum sameiginlegum skattstofni, eins og að framan er greint, sem fæst með því að bæta við núverandi útsvarsstofn flestum þeim frádráttarliðum sem nú eru leyfðir.

Samkvæmt framtölum 1986 vegna tekna á árinu 1985 var útsvarsstofn um 57,9 milljarðar kr. hjá um 161 000 framteljendum. Með þeim breytingum sem í frv. felast hefði sameiginlegur skattstofn á árinu 1986 orðið 64,7 milljarðar kr. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að af 1,4 milljörðum kr. í bifreiðastyrkjum og dagpeningum, sem samkvæmt framansögðu mynda viðbótarskattstofn, verði 500 millj. kr. viðurkenndar við framtal sem kostnaður sem ekki beri að greiða skatt af. Þótt skattstofninn hækki samkvæmt þessu um rúmlega 7 milljarða kr. eða um 12% mun það ekki leiða til samsvarandi hækkunar álagningar þar sem verulegur hluti þessarar hækkunar er elli- og örorkulífeyrir, sem er nú þegar hluti tekjuskattsstofns, og námsfrádráttur en þessar tekjur renna að mestum hluta til þeirra sem ekki munu greiða skatt vegna hinnar miklu hækkunar á persónuafslætti.

Auk framangreindra frádráttarliða, sem ásamt gildandi útsvarsstofni mynda hinn nýja skattstofn, eru felldir niður frádráttarliðir sem eingöngu hafa haft áhrif á tekjuskatt. Þar sem þessir frádráttarliðir hafa ekki haft áhrif á útsvarsstofn breyta þeir ekki fyrirhuguðum skattstofni frá því sem að framan er greint. Um er að ræða eftirfarandi liði:

Sjómannafrádráttur, fiskimannafrádráttur, kostnaður við stofnun heimilis, iðgjöld í lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, vaxtagjöld til frádráttar, gjafir til menningarmála og fastur frádráttur.

Í stað tveggja fyrstnefndu frádráttarliðanna er gert ráð fyrir að upp verði tekinn sérstakur sjómannaafsláttur. Vegna þess hve stór hluti framteljenda, eða um 80%, notar heimild til fasts frádráttar hafa aðrir frádráttarliðir lítið að segja nema vaxtafrádrátturinn og nýtast þeir ekki nema í tengslum við hann. Gert er ráð fyrir að í stað vaxtafrádráttar komi sérstakar húsnæðisbætur.

Tekjuskattsstofn 1986 að teknu tilliti til frádráttarheimilda var 51,1 milljarður kr. hjá um 161 000 gjaldendum. Fyrir utan breytingar á skattstofni eru meginbreytingar frv. fólgnar í breyttum reglum um álagningu gjalda á skattstofninn.

Frv. þetta er samið í þeim tilgangi fyrst og fremst að einfalda álagningarkerfið og m.a. að skapa þannig forsendu fyrir einfaldari innheimtu í staðgreiðslu. Frv. gerir því ekki ráð fyrir neinni verulegri breytingu á skattheimtu eða lækkun skatta, enda væri slíkt ekki raunhæft nema í tengslum við önnur tekjuöflunaráform eða lækkun útgjalda að verulegu marki.

Til þess að auðvelda þær breytingar sem frv. felur í sér var þó ákveðið að gera ráð fyrir nokkurri lækkun tekjuskatta til ríkisins. Við samningu frv. var eftir því sem unnt var reynt að ná þeim markmiðum að tekjur þeirra opinberu aðila, sem málið snertir, héldust sem næst óbreyttar frá því sem þær voru á árinu 1986 og að dreifing skattbyrði raskaðist ekki verulega frá þeim tíma að öðru leyti en því að náð yrði settu marki um skattleysismörk. Að því er

varðar tekjur ríkissjóðs var þó tekið tillit til þess að áður hafði verið ákveðin lækkun tekjuskatta um 300 millj. kr. sem kemur til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1987.

Álagningarreglur fyrir þau gjöld sem frv. þetta fjallar um eru nú margar og þó að hver um sig geti verið einföld virka þær í heild sem allflókið úrlausnarefni og ekki er auðgert að meta áhrif þeirra saman. Við athugun sýndi sig þó að framangreindum markmiðum um tekjuöflun og dreifingu skatta var unnt að ná með tiltölulega einföldu álagningarkerfi með einum skattstofni, einu skatthlutfalli og einum almennum skattafslætti. Auk þess er sérstökum markmiðum varðandi einstaka hópa náð með bótum eða afsláttarliðum sem ekki tengjast skattstofni. Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalda og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%. Við það er áætlað að bætist útsvar til sveitarfélaga, 6,25% af skattstofni. Sameiginlegt skatthlutfall yrði því 34,75%. Það útsvarshlutfall sem að framan greinir, 6,25%, er áætlað með tilliti til þess að tekjur sveitarfélaga af þessum tekjustofni verði hinar sömu og verið hefur. Ekki er fjallað um útsvarsákvörðunina í frv. þessu en framangreind tala er það hlutfall sem að mati fjmrn. hefði gefið sveitarfélögunum sömu tekjur af útsvari og þau höfðu á árinu 1986 og næstu árum þar á undan.

Frá hluta ríkissjóðs í þannig reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur og sjómannaafsláttur. Af hluta ríkissjóðs greiðast einnig barnabætur og húsnæðisbætur, svo og hlutdeild sókna og kirkjugarða en miðað er við að tekjur þeirra verði hinar sömu og verið hefur. Persónuafslátturinn, sem dregst frá hinum sameinaða skatti, er að fjárhæð 11 500 kr. á mánuði á hvern skattgreiðanda miðað við verðlag í febrúar 1987. Gert er ráð fyrir að skattafslátturinn verð millifæranlegur til maka að ⅘ hlutum. Kveðið er á um að hann verði hækkaður tvisvar á ári til samræmis við breytingar á verðlagi eins og þær mælast með lánskjaravísitölu. Afsláttur þessi svarar til þess að tekjur neðan við u.þ.b. 33 000 kr. á mánuði séu skattfrjálsar hjá einstaklingum og 59–66 000 kr. á mánuði hjá barnlausum hjónum en hjá öðrum yrðu skattfrelsismörkin hærri sem nemur barnabótum.

Gert er ráð fyrir að barnabætur verði óbreyttar frá því sem þær eru á þessu ári að öðru leyti en því að bætur til einstæðra foreldra verða tvöfaldar þær bætur sem hjón eða sambúðarfólk á rétt á. Barnabótaauki er að öllu leyti hafður óbreyttur. Gert er ráð fyrir að bætur þessar hækki eftir sömu reglu og persónuafsláttur, þ.e. eftir hækkun lánskjaravísitölu. Í stað vaxtafrádráttar húsbyggjenda er gert ráð fyrir húsnæðisbótum 55 000 kr. á ári í sex ár til þeirra sem byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn og verða þær útborganlegar séu þær hærri en álagður skattur viðkomandi. Tekjumissir ríkissjóðs vegna núgildandi ákvæða um vaxtafrádrátt var við álagningu á árinu 1986 um 530 millj. kr. og er bótafjárhæð frv. miðuð við að kosta ríkissjóð u.þ.b. sömu fjárhæð.

Í frv. er miðað við að húsnæðisbætur verði greiddar í sex ár vegna fyrstu íbúðar. Ætla má að þegar fram í sækir verði samtímis greiddar bætur vegna um 10 200 íbúða. Bætur á íbúð að fjárhæð rúmlega 50 000 kr. miðað við árið 1986 hefðu því kostað ríkissjóð það sama og vaxtafrádrátturinn. Í frv. er sú fjárhæð færð í 55 000 kr. í febrúar 1987 með tilliti til verðlagsbreytinga til 1. febrúar og eftir það breytist hún í samræmi við lánskjaravísitölu. Þó að hér sé gert ráð fyrir sama fé og áður í þennan þátt er ljóst að með hinu nýja fyrirkomulagi verður dreifing fjárins jafnari en áður. Nú njóta þeir mest í vaxtafrádrætti sem greiðastan aðgang hafa að lánum. Dreifing frádráttarins sýnir að hann vex með hækkandi tekjum. Samkvæmt frv. munu allir sem byggja í fyrsta sinn njóta afsláttarins að jöfnu. Mun hann á þeim sex árum sem hann er við lýði svara til 65–70% af vöxtum af hámarksláni Húsnæðisstofnunar.

Í stað sjómannafrádráttar og fiskimannafrádráttar gerir frv. ráð fyrir sérstökum afslætti frá skatti, sjómannaafslætti, er nemur 150 kr. á skráningardag. Fjárhæð sjómannaafsláttar er miðuð við að hafa svipuð áhrif hjá sjómönnum og núverandi frádráttarreglur hafa hjá sjómanni með meðaltekjur. Meðaltekjur sjómanna á árinu 1985 voru um 1 millj. kr. og er áætlað að frádráttarreglurnar hafi leitt til þess að skattar sjómanns með þær tekjur hafi lækkað um rösklega 50 000 kr. Er afslátturinn því ákveðinn 150 kr. á dag miðað við 360 daga eða 4500 kr. á mánuði. Áætla má að sjómannaafsláttur þessi kosti ríkissjóð sem næst hið sama og fyrra fyrirkomulag en dreifist hins vegar með jafnari hætti en áður var milli þeirra sem hans njóta.

Í þessum lögum eru sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld ekki ákveðin en hins vegar miðað við að þau verði ákveðin þannig að tekjur af þeim verði hinar sömu og á árinu 1986. Verði ekki svo þarf að endurskoða skatthlutfallið með tilliti til þess.

Ég hef hér gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem frv. þetta felur í sér en þeim og forsendum þeirra er nánar lýst í athugasemdum með frv. Ég vil í framhaldi af því gera nokkra grein fyrir helstu áhrifum sem vænta má að það hafi á tekjuöflun ríkissjóðs annars vegar og skattgreiðslur hins vegar ef það verður að lögum. Til þess að meta áhrif breytinga álagningarkerfisins á tekjur ríkissjóðs var Reiknistofnun Háskóla Íslands fengin til að gera samanburð á mismunandi álagningu á grundvelli úrtaks úr framtölum fyrir árið 1985. Til þess að meta áhrif kerfisbreytinganna sem slíkra voru áhrif vaxtafrádráttar, sjómannafrádráttar og nýting persónuafsláttar til greiðslu á eignarskatti tekin út úr álagningu á árinu 1986 og hún endurunnin þannig breytt. Til samanburðar var álagning áætluð eins og hún hefði orðið í staðgreiðslu á árinu 1986. Til þess voru tekjur ársins 1985 hækkaðar um 33,5% sem er

áætluð meðalhækkun tekna á mann á milli áranna 1985 og 1986 og búinn til nýr skattstofn eins og honum er lýst í frv. Að því loknu var álagning reiknuð eftir tilhögun frv. Álagning þessi tók ekki mið af húsnæðisbótum né sjómannaafslætti, en þar sem samsvarandi liðir höfðu verið teknir út úr viðmiðuninni og ætlað er að kostnaður við þá sé hinn sami í báðum kerfunum hefur það ekki áhrif á niðurstöðurnar. Sama er að segja um sóknargjald og kirkjugarðsgjald. Þau eru í báðum tilvikum utan samanburðarins. Útreikningar þessir sýna að við þessa breytingu má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um nær 300 millj. kr. til viðbótar við þá lækkun sem ákveðin var með lögum í lok s.l. árs.

Eins og fram hefur komið felur frv. þetta í sér verulega hækkun skattleysismarka. Að sjálfsögðu þýðir það að ríkissjóður verður af tekjum sem nemur þeim skatti sem greiddur var af tekjum neðan þeirra auk þess sem skattar af tekjum sem komu til skattlagningar og voru ofan skattleysismarkanna lækka nokkuð. Í þessum þáttum felst sú lækkun sem kemur fram í tekjum ríkissjóðs. Á móti þessari lækkun kemur nokkur hækkun af breikkuðum skattstofni. Sú hækkun mun að því er ætlað er fyrst og fremst stafa af því að skattlagðar verða tekjur sem ekki hafa verið skattlagðar í núverandi kerfi. Enn fremur standa vonir til að með breyttum ákvæðum í 59. gr. laganna um viðmiðunartekjur, staðgreiðslukerfinu sjálfu og bættum möguleikum á eftirliti muni tekjur einstaklinga með rekstur skila sér betur til skattlagningar en verið hefur. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í framangreindum útreikningum. Að því leyti sem frv. gerir ráð fyrir hækkun skatta er því ekki um að ræða hækkun hjá þeim sem þegar greiða af öllum sínum tekjum heldur það að reynt er að koma því til leiðar að þeir sem hafa svipaðar tekjur greiði einnig sambærilega skatta.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki nokkuð við þessar breytingar þegar ekki er reiknað með áhrifum af skilvirkari skattheimtu. Samkvæmt þeim mælikvarða sem almennast hefur verið notaður á skattbyrði, þ.e. hlutfallinu skattur á móti heildartekjum, er um nokkra lækkun skattbyrði að ræða sem svarar u.þ.b. 0,3% af heildartekjum. Þegar tekið er tillit til þess að þær auknu skatttekjur sem reiknað er með koma af tekjum sem ekki hefur náðst að skattleggja er ljóst að lækkun skattbyrði hjá þeim sem hingað til hafa greitt skatta samkvæmt settum reglum af öllum sínum tekjum í hvaða formi sem er er nokkru meiri eins og fram kemur.

Áhrif breytinganna á skatta einstaklinga stafa af tvennu. Annars vegar eru áhrif af breyttu álagningarkerfi og hins vegar áhrif af breyttum skattstofni, þ.e. niðurfellingu frádráttarliða o.fl. Áhrifin af álagningarkerfinu einu saman eru jafnframt heildaráhrifin fyrir þá sem ekki nutu eða munu njóta ívilnana af einu eða öðru tagi í formi sérstakra frádrátta eða afsláttarliða. Þessi áhrif hafa verið metin með líkani af breyttu álagningarkerfi án breytingar á skattstofni að öðru leyti en því að felld var niður 10% frádráttarregla við myndun tekjuskattsstofns. Útreikningar þessir eru birtir sem fskj. með frv.

Útreikningar þessa líkans sýna í stórum dráttum að áhrif breytinganna fyrir þessa aðila eru annars vegar hækkun skattleysismarkanna eins og að var stefnt og að ofan þeirra lækka skattar sem nemur allt að 5–6% af tekjum næst mörkunum en minna eftir því sem ofar dregur. Þessi áhrif eru næsta jöfn hjá mismunandi hópum nema hjá einhleypum þar sem þau eru nokkuð minni en hjá öðrum. Þessir útreikningar staðfesta það sem fyrr var sagt að horfur eru á að skattbyrði lækki hjá þeim sem ekki njóta nú ívilnana. Þegar metin eru áhrifin á aðra og heildaráhrif breytinganna verður að taka tillit til þess að skattstofninn breikkar nokkuð. Þau áhrif má lesa út úr útreikningum Reiknistofnunar Háskólans sem vitnað var til hér að framan. Lokaútreikningar lágu það seint fyrir að ekki tókst að prenta þá með frv. en þeir hafa verið sendir þingflokkum til skoðunar.

Í útreikningum þessum koma fram áhrif breytinganna að meðtöldum áhrifum af stækkun skattstofnsins. Þeir sýna sem vænta má minni mismun en þeir sem vitnað er til hér að framan. Samkvæmt þeim lækkar skattbyrði yfirleitt vel upp fyrir miðjan tekjuskattsstigann en þar fyrir ofan er niðurstaðan breytileg. Auk áhrifa af breyttum skattstofni hefur brottfall vaxtafrádráttar hér áhrif svo og sjómannafrádráttar en allir þessir þættir hafa meiri áhrif í ofanverðum skalanum en neðar í honum.

Í heild má segja að með breytingum samkvæmt frv. þessu og þeirri lækkun á tekjuskatti sem í því felst hafi tekist að ná þeim markmiðum sem að var stefnt, þ.e. að hækka skattleysismörkin og lækka skatthlutföllin samfara einföldun kerfisins.

Við undirbúning þessa frv. og annarra sem því tengjast hefur verið haft samstarf við fjölmarga aðila er láta sig varða þessi efni. Þær undirtektir sem tillögur þessar hafa fengið eftir að þær urðu kunnar bera með sér að þær njóta mjög almenns og víðtæks stuðnings. Því er þess að vænta að hér á hinu háa Alþingi fái frv. greiðan framgang og mikið liggur við að það nái fram að ganga á þessu þingi þannig að þessar breytingar geti ásamt með staðgreiðslukerfinu tekið gildi í byrjun næsta árs. Ég vænti góðrar samvinnu við hv. þingdeildarmenn um það efni. Rétt er að taka fram að óhjákvæmilegt er að ræða í einu samhengi meginefni þessa frv., svo og þess frv. sem er á dagskrá deildarinnar í dag um staðgreiðslu skatta. Svo tengd eru þessi mál efnislega. Ég vænti einnig góðrar samvinnu við hv. þingdeildarmenn um það efni.

Frú forseti. Ég legg til að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 594.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Það er 340. mál deildarinnar á þskj. 594. Með frv. þessu er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skattkerfi hér á landi að innheimta tekjuskatts og útsvars verði í formi staðgreiðslu. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu hérlendis um margra ára skeið og frv. þar að lútandi voru lögð fram á Alþingi á árunum 1977 og aftur á árinu 1981. Málið er hins vegar nú í mjög breyttu formi frá því sem áður var. Er þar bæði um að ræða annað fyrirkomulag staðgreiðslunnar og mikla einföldun skattkerfisins sjálfs. Samhliða þessu frv. um sjálfa skattinnheimtuna eru lögð fram önnur frv. þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar einföldun í skattkerfinu og nauðsynlegum breytingum á öðrum lögum til samræmis við ákvæði þessa frv.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Í því frv. er m.a. að finna ákvæði um ýmsar breytingar á skattstofni og skattálagningu auk ákvæða um skatthlutfall og skattafslátt.

Í öðru lagi fylgir sérstakt frv. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og ýmis tímabundin úrlausnarefni sem fylgja breytingu úr núverandi kerfi eftirágreiddra skatta yfir í staðgreiðslu. Um alla tilhögun í því sambandi vísast til þess frv. og athugasemda með því.

Þriðja frv. snertir breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til samræmis við þetta frv. Loks þarf að gera breytingar á lögum um kirkjugarðsgjald og sóknargjald vegna samruna þessara gjalda við tekjuskattinn eins og áður hefur komið fram.

Ég hef þegar í framsöguræðu fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt gert grein fyrir meginþáttum þeirra breytinga á skattkerfinu sem eru forsenda þess frv. sem hér er til umræðu. Þeim atriðum eru auðvitað einnig gerð ítarleg skil í athugasemdum með frv. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars samkvæmt frv. þessu nær til almennra launþega og einstaklinga með atvinnurekstur. Staðgreiðsla skatta af tekjum launþega er í höndum launagreiðenda en einstaklingum með atvinnurekstur ber að reikna sér endurgjald og miðast mánaðarlegar skattgreiðslur þeirra við þær tekjur, þó eigi lægri en þær tekjur sem viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra ákveða.

Það staðgreiðslukerfi sem frv. þetta gerir ráð fyrir byggir á tiltölulega einföldum grunni þar sem sömu frádráttarreglur gilda um alla launamenn. Einstaklingsbundin frávik koma til afgreiðslu við eftiráuppgjör þegar framtali staðgreiðsluársins á undan hefur verið skilað. Þá koma skattar á eignir einnig til álagningar. Sérstakir afsláttarliðir eins og sjómannaafsláttur og húsnæðisbætur koma til útreiknings utan við staðgreiðslukerfið sjálft. Sama er að segja um barnabætur sem greiddar verða hlutaðeigandi aðilum beint.

Í aðalatriðum gengur kerfið þannig fyrir sig að launþegi afhendir aðallaunagreiðanda sínum skattkort í upphafi árs eða þegar hann hefur störf. Á skattkortinu koma fram persónubundnar upplýsingar um viðkomandi skattgreiðanda, upplýsingar um skatthlutföll og staðfesting ríkisskattstjóra á því að hlutaðeigandi skattgreiðandi eigi rétt á persónuafslætti. Stundi maki launþegans ekki launað starf er heimilt að leggja skattkort hans inn hjá launagreiðanda hins makans og kemur persónuafsláttur tekjulausa makans til frádráttar skatti hins að 4/5 hlutum.

Aðeins aðallaunagreiðanda, þ.e. þeim launagreiðanda sem afhent hefur verið skattkort launþegans, er heimilt að draga persónuafslátt frá skatti viðkomandi launþega. Öðrum launagreiðendum ber að innheimta og standa skil á fullum skatti samkvæmt skatthlutfalli án afsláttar.

Þegar laun eru greidd reiknar launagreiðandinn skatt af launum viðkomandi og dregur frá persónuafsláttinn og millifærðan persónuafslátt maka ef því er að skipta. Skatturinn skiptist milli sveitarfélags og ríkisins í þeim hlutföllum sem lögin gera ráð fyrir og leggjast greiðslurnar inn á tilgreindan reikning eða reikninga í bankastofnunum eða póststöð ásamt með skilagrein. Nánari reglur verða síðan settar um skiptingu á innheimtufé, staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Eftir að staðgreiðsluárinu er lokið fer fram endanleg álagning tekjuskatts og útsvars. Kemur þá í ljós hvort munur er á álögðum skatti og þeim skatti sem inntur hefur verið af hendi með staðgreiðslunni. Eigi gjaldandi inni eftirstöðvar af staðgreiðslu ganga þær fyrst til skuldajöfnunar á öðrum ógoldnum en gjaldföllnum opinberum gjöldum, en eru ella endurgreiddar með verðbótum, og eru það nýmæli. Skuldi gjaldandi hins vegar tekjuskatt og útsvar koma þau til innheimtu með verðbótum ásamt öðrum opinberum gjöldum, eins og til að mynda eignarskatti, sem lögð kunna að vera á viðkomandi skattgreiðanda.

Eins og frv. þetta ber með sér hefur verið lagt kapp á að gera staðgreiðslukerfi skatta eins einfalt í framkvæmd og unnt er. Forsenda þess er róttæk einföldun skattkerfisins sjálfs, einn skattstofn, eitt skatthlutfall og einn almennur afsláttur, svo og að endurgreiðsla skatta í formi barnabóta, húsnæðisbóta og sjómannaafsláttar verði framkvæmd utan staðgreiðslukerfisins sjálfs. Af þessum ástæðum má ætla að framkvæmd staðgreiðslu muni ekki hafa í för með sér verulegar breytingar í vinnu og kostnaði frá því sem nú er. Að sjálfsögðu fylgir upptöku þessa

ýmis stofnkostnaður, gerð tölvukerfa til að taka á móti upplýsingum og miðla þeim, svo og undirbúningur fræðslu- og upplýsingastarfsemi af ýmsu tagi.

Með góðum rökum má ætla að þegar fram í sækir muni þær breytingar á skattkerfinu sem í frumvörpum þessum felast leiða til hagræðis og aukins árangurs í innheimtu. Einföldun skattkerfisins mun gera framtöl einfaldari og úrvinnsla þeirra mun ekki krefjast sömu vinnu og nú er. Þeim starfskröftum sem þannig losna verður unnt að beina að verkefnum við eftirlit og aðhald, einkum hjá fyrirtækjum og einstaklingum í rekstri en þeim þáttum hefur allt of lítið verið unnt að sinna hingað til. Í því sambandi má benda á skýrslu skattrannsóknarstjóra um árangur af starfi embættis hans á s.l. ári sem sýnir að verulegs árangurs er að vænta af skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði.

Staðgreiðsla skatta hefur í allmörg ár verið á verkefnalista ríkisstjórna og Alþingis. Með frumvörpum þeim um staðgreiðslu skatta og önnur skattamál sem nú liggja fyrir hinu háa Alþingi er lagður góður grundvöllur að afgreiðslu Alþingis á málum þessum. Svo virðist sem víðtæk samstaða sé um mál þessi í þjóðfélaginu og er slíkt mjög mikils um vert þegar um er að ræða jafnmikilvægan málaflokk og innheimtu og álagningu skatta. Af hálfu samtaka launafólks hefur ítrekað verið óskað eftir að staðgreiðsla skatta yrði tekin upp. Í lok síðasta árs óskuðu stærstu samtök þeirra eftir því við ríkisstjórnina að hún beitti sér fyrir máli þessu.

Með staðgreiðslu skatta losna launamenn við að bera í sífellu skattabagga frá síðasta ári sem getur komið sér illa í misjöfnu árferði og gerir þeim kleift að aðlaga vinnuálag sitt þörfum sínum hverju sinni án tillits til skatta af tekjum liðins tíma.

Frá sjónarmiði efnahagsstjórnunar er staðgreiðslukerfi einnig betri kostur en það kerfi sem *verið hefur við lýði. Í breytilegu árferði og hag*sveiflum hefur núverandi kerfi yfirleitt virkað andstætt við þær kröfur sem gera þarf til góðs hagstjórnartækis. Staðgreiðslukerfið mun hins vegar stuðla að jafnvægi, draga fé frá neyslu á þenslutímum, en draga úr skattbyrði ef kaupmáttur dregst saman.

Frú forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hér eru á ferðinni þrjú frumvörp um skattamál og til einföldunar höfum við stjórnarandstæðingar fallist á að meginumræðan um þessi náskyldu mál fari fram eftir að mælt hefur verið fyrir tveimur helstu frumvörpunum, þ.e. tekjuskattsfrv. og staðgreiðslufrv. Raunar er fjórða frumvarpið þá ótalið, frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem tengist þessum þremur frumvörpum með augljósum hætti.

Hér er um stórmál að ræða, ekki er að efa það. Í raun og veru má segja að hér sé um tvíþætt mál að ræða. Annars vegar erum við að ræða það mikilvæga markmið að skattar séu innheimtir af tekjum jafnóðum og þær verða til, skattar verði staðgreiddir. Hins vegar erum við að ræða um verulega einföldun skattkerfisins, fækkun frádráttarliða, fækkun skatthlutfalla og þar með hækkun skattfrelsismarka. Hér er tvímælalaust um mjög jákvæð markmið að ræða. Ég hygg að flestir fagni því að þessi mál séu nú loksins komin á afgreiðslustig hér á hv. Alþingi.

Fyrir fjórum árum flutti ég hér á Alþingi sem fjmrh. frv. um staðgreiðslukerfi, reyndar oftar en einu sinni, en það frv. hlaut ekki náð fyrir augum Alþingis og var það mjög miður. En þó sagt sé að markmið þessara frumvarpa sé tvímælalaust mjög jákvætt, þá er ekki þar með sagt að frumvörpin séu að öllu leyti *fullnægjandi. Á þeim eru tvímælalaust* ýmsir ágallar og kannske er sá stærstur sem lýtur að því sem vantar í þau.

Ég tel að það sé mjög jákvætt markmið að fækka frádráttarliðum í tekjuskatti. Ég held að einföldun kerfisins sé brýn nauðsyn og ég fagna meginstefnu frv. að þessu leyti. Hins vegar má auðvitað velta fyrir sér hvort gengið sé óþarflega langt á leið í þessum efnum. Að sjálfsögðu gæti vel komið til álita að skatthlutföllin væru tvö þrátt fyrir allt en ekki eitt og ég hygg að ekki væri neinn umtalsverður munur á innheimtu skattsins þó að skatthlutföllin væru tvö.

Í nálægum löndum þar sem staðgreiðslukerfi er við lýði er allur gangur á þessu og víða eru skatthlutföll fleiri en eitt, en með því móti verður skatturinn löngum heldur réttlátari og auðveldara er að hlífa lægri tekjum og leggja skattbyrðina þá með eitthvað meiri þunga á þá sem hærri hafa tekjurnar. En þetta getur ekki talist meginágalli á frv. Það sem er meginágalli þessara tillagna, sem hér liggja fyrir, er tvímælalaust að ekki er látið eitt yfir alla ganga. Hér eru gerðar breytingar á sköttum launamanna, en fyrirtækjum og rekstraraðilum er algjörlega sleppt *við þessa skattkerfisbreytingu.*

Það er alkunna að fyrirtæki á Íslandi sleppa flest hver við það að greiða tekjuskatt eða þá að þau greiða svo lágan skatt að óviðunandi er. Ég hef gert úttekt á því með aðstoð ríkisskattstjóra oftar en einu sinni hversu mörg fyrirtæki, sem hafa umtalsverðan rekstur með höndum, greiða tekjuskatt. Og niðurstaðan hefur orðið oftar en einu sinni á undanförnum árum að það er minni hluti fyrirtækja sem greiðir tekjuskatt. Meiri hlutinn sleppur algjörlega, greiðir ekki eina einustu krónu. Það er auk þess ljóst að um fjórðungur fyrirtækja greiðir mjög lágan tekjuskatt. Það er því ekki nema lítill hluti fyrirtækja, kannske fjórðungur, sem greiðir tekjuskatt.

Hæstv. fjmrh. kann að spyrja hvers vegna ekki hafi verið séð fyrir þessu í tíð fyrri stjórnar. (**Gripið fram í:** Það er góð spurning.) Og það er að sjálfsögðu ágæt spurning. En hann hefur þá ekki fylgst ýkjavel með hvað hefur gerst meðan hann hefur setið hér á Alþingi áður en hann var fjmrh. því að staðreyndin er sú að hér á hv. Alþingi hafa verið samþykkt hver lögin af öðrum sem hafa gert fyrirtækjum kleift að sleppa við að borga skatta, einmitt í

tíð núv. stjórnar. Reyndar voru þær breytingar flestar gerðar áður en hæstv. ráðh. kom í sinn stól, þ.e. í tíð fyrrverandi ráðherra. Ég get bara minnt á ákvæðin um frádrátt við álagningu tekjuskatts vegna fjárfestingar fyrirtækja, ég get minnt á breytingar sem gerðar voru á fyrningarhlutföllum, en þær breytingar gengu mjög ótvírætt í þá átt að ılífa fyrirtækjum við skattgreiðslum, og ég get minnt á breytingar sem gerðar voru á skatti af hlutafjáreign, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Staðreyndin er auðvitað sú, eins og hv. þm. Reykn. sem er gestur okkar hér í dag og hlýðir á þessar umræður getur vottað, að tekjuskatturinn er fyrst og fremst launamannaskattur. Hann leggst með miklum þunga á launafólk, en rekstraraðilar sleppa við að borga þennan skatt. Hv. þm. hefur beitt sér fyrir því aftur og aftur að gefin væru loforð um það að almennum launatekjum væri hlíft við greiðslu tekjuskatts. Þetta loforð hefur verið gefið hér á hv. Alþingi hvað eftir annað. En eins og allir hv. þm. þekkja þá hefur ekki verið staðið við þetta loforð. Þetta loforð hefur verið svikið og skattfrelsismörk eru enn mjög lág og þau verða áfram mjög lág þrátt fyrir samþykkt þessa frv.

Ég get nefnt það hér að skattfrelsismörk í tekjuskatti að óbreyttum lögum eru um 26–27 þús. kr. á mánaðartekjur. Þau hækka sem sagt um liðlega 6 þús. kr., úr 26–27 þús. kr. upp í 33 þús. kr. Það er talið að skattfrelsismörk í útsvari séu í kringum 22 þús. kr. og hækkunin er vissulega nokkur, þ.e. úr 22 þús. í 33 þús., en eftir sem áður erum við hér að tala um mjög lágar mánaðartekjur. Samkvæmt nýlegum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er talið að meðallaun í þjóðfélaginu séu 63 þús. kr. Það eru nýjustu tölur um meðallaun, 63 þús. kr. Það er alveg ljóst að þrátt fyrir samþykkt þessara laga, þá eru það aðeins allra lægstu laun sem sleppa við greiðslu tekjuskatta.

Ég tel að það hefði átt að láta eitt yfir alla ganga. Það hefði líka átt að grisja frádráttafrumskóginn hjá rekstraraðilunum, hjá fyrirtækjunum. Vissulega hefði þá mátt lækka skatthlutfallið hjá þeim nokkuð á móti, rétt eins og verið er að gera hjá launafólki, en með því að fækka frádráttarliðum hefði um leið opnast möguleiki til að ná inn miklu meiri tekjum en nú nást inn, auk þess sem að sjálfsögðu er fráleitt annað en skattleggja vaxtatekjur sem eru umfram verðtryggingu. Ég tel ekki fjarstæðu að með breytingum af þessu tagi væri hægt að auka tekjur skattkerfisins um 1200 millj. kr.

Ég vil nefna það hér að við Alþýðubandalagsmenn höfum látið reikna það fyrir okkur hvaða breytingar mætti gera á sköttum launafólks ef gert væri ráð fyrr því að fyrirtæki væru skattlögð með eðlilegum hætti og frádráttarheimildum hjá fyrirtækjum væri fækkað jafnhliða því sem eignatekjur væru skattlagðar með sanngjörnum hætti þannig að af þessu tvennu fengjust 1200 millj. kr. Okkur telst til að með því að hafa skatthlutföllin tvö, þ.e. annars vegar 33% skatthlutfall á tekjur að 50 þús. kr. og síðan 38% skatt á tekjur þar fyrir ofan, nú er ég að tala um mánaðartekjur, og afslátturinn væri hækkaður um 1000 kr., þ.e. úr 11 500 kr. í 12 500 kr. á mánuði, þá væri með þessum hætti verið að færa skattleysismörkin upp í 38 þús. kr. og síðan hlífa tekjum allt upp í 50 þús. kr. sem næmi núverandi tekjuskatti þannig að á því bili, frá 38 þús. og upp í 50 þús. kr. mánaðartekjur, væri enginn tekjuskattur greiddur, einungis samsvarandi skattur og nú nefnist útsvar. Sem sagt: Með því að færa skattbyrðina sem næmi 1200 millj. kr. frá launafólki og yfir á fyrirtækin, sem nú borga mjög lítinn skatt, þá værum við að færa skattleysismörkin upp um 5 þús. kr., úr 33 þús. í 38 þús., og skattleysismörk í tekjuskattinum væru þá færð alveg upp í 50 þús. kr. Þetta væri að gera virkilega tilraun til þess að hlífa almennum launatekjum við skattgreiðslum. En það verður að segjast alveg eins og er að breytingin sem nú er gerð tillaga um í frv. ráðherrans felur ekki í sér neina verulega breytingu fyrir fólk með meðaltekjur, en er vissulega mikilvæg fyrir fólk .neð allra lægstu tekjur.

Við höfum einnig látið reikna út hvaða breyting verður á skattbyrði við þessa tillögugerð og það er ljóst að skattbyrði mundi fyrst og fremst lækka á tekjubilinu frá 40 þús. kr., eða reyndar frá 33 þús. kr., þar sem skattleysismörk hæstv. ráðh. eru skv. frv., og upp í 80 þús. kr. Á því bili væri um að ræða breytingu á skattbyrði sem næmi frá 1–3%, fer vissulega lækkandi, er mest í kringum 40 þús. kr. mánaðartekjurnar, þá væri breytingin 3,2%, en færi síðan lækkandi niður í rúmlega 1% þegar kemur upp í 80 þús. kr. mánaðartekjur og dæi síðan út þar fyrir ofan, en síðan færi þá skattbyrðin heldur vaxandi þegar ofar drægi í launastigann og það væri orðin 2% aukning í skattbyrði þegar komið væri upp í 200 þús. kr. mánaðartekjur.

Að öðru leyti vil ég segja um skattbreytingarnar sem hér er gerð tillaga um að ég held að það þurfi að athuga nánar um húsnæðisafsláttinn sem mér sýnist að sé of lágur. Og ég sakna þess vissulega að leigjendur missa nú allan frádrátt, en þeir nutu samkvæmt núgildandi kerfi sérstaks afsláttar eins og menn þekkja og sá afsláttur var settur inn til mótvægis við vaxtafrádrátt húsbyggjenda og húseigenda. Mönnum fannst ekki nein sanngirni í því að í raun og veru væri verið að greiða styrk úr ríkissjóði með sérstökum vaxtafrádrætti til þeirra sem voru að eignast húsnæði en þeir sem ekki hefðu efni á því og væru bara leigjendur fengju engan frádrátt af neinu tagi. Ég verð að segja alveg eins og er að mér sýnist ekki mikil sanngirni í því að breyta nú kerfinu þannig að þeir sem eru að eignast húsnæði fái áframhaldandi nokkurn opinberan stuðning en þeir sem ekki geta eignast húsnæði og eru leigjendur fái engan stuðning frá samfélaginu. Þetta þarf að athuga nánar við meðferð málsins í nefnd. Eins er ljóst að fiskimanna- og sjómannaafslátturinn, sem í frv. er, þarfnast endurskoðunar. Þar er um tvenns konar afslátt að ræða eins og menn þekkja í dag. Nú á hins vegar að búa til meðaltal úr þessum afslætti öllum saman, slá því öllu í einn afslátt. Það er nokkuð ljóst

að fiskimenn fara mjög illa út úr þeirri breytingu og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að gera þar nokkra leiðréttingu á.

Ég hef hér fyrst og fremst verið að ræða um tekjuskattsfrv. Ég ætla að víkja síðan að lokum að staðgreiðslufrv. en þar eru ýmis áhyggjuefni sem við verðum að gefa okkur góðan tíma til að taka til athugunar í nefnd. Ég hafði samband við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga í morgun og spurði að því hvernig þessi skattkerfisbreyting kæmi út fyrir einstök sveitarfélög. Ég fékk þau svör að sambandinu væri ekki kunnugt um það. Það hefði ekki fengið neinar upplýsingar um það og raunar væri flest harla óljóst varðandi það hvernig álagningu og innheimtu sveitarfélaga á útsvari yrði háttað samkvæmt þessu nýja kerfi. Það hefur ekkert samráð verið haft við sveitarfélögin um gerð þessa frv. og það verða að teljast mjög furðuleg vinnubrögð. Þar að auki er ekki nein tilraun gerð til þess í frv. að lýsa hvernig álagningunni verði háttað. Það er ekki hægt að lesa það út úr frv. hvernig sveitarfélögin fara að því að innheimta sín útsvör. Það er hvergi neitt ákvæði um það. Ég hef hins vegar spurst fyrir um það hvernig þessu verði háttað og mér skilst að það sé ætlunin að skattgreiðendur greiði í einu lagi 34,75% álagninguna inn á bankareikning, en síðan sé því sem inn kemur skipt á milli sveitarfélaga og ríkis jafnóðum og inn kemur. En þá kemur upp spurningin: Hvað verður um tekjur sveitarfélaga þar sem fólk er flest undir skattfrelsismörkum? — eins og vel getur verið, einkum og sér í lagi þar sem sveitafólk á í hlut. Mér skilst að þar verði þá um endurreikningsákvæði að ræða og lítil sveitarfélög eigi ekki að bera skarðan hlut frá borði. En þannig er nú þetta frv. soðið saman í miklu hasti að ekki hefur gefist kostur á að lýsa þessari hlið málsins þannig að auðskiljanlegt sé. — Ég sé að hæstv. ráðh. hristir höfuðið og ætla ég að vona að hann sé ekki með því að andmæla því að reynt verði að rétta hlut lítilla sveitarfélaga. (**Fjmrh.:** Það var haft samráð við sveitarfélögin.) Ja, ég er nú hræddur um að það hafi verið í einhverju skötulíki ef því er haldið fram að haft hafi verið samráð við sveitarfélögin, vegna þess að þeir sem hafa haft samband við forustumenn sveitarfélaganna hafa fengið harla óljós svör frá þeim um það hvernig t.d. innheimtunni verði háttað og hvernig greitt verði úr vanda sveitarfélaga, sem þannig stendur á fyrir eins og ég var að lýsa hér áðan. (**Fjmrh.:** Það var haft fullt samráð við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.) Já, það þykja mér merkilegar og kyndugar upplýsingar því að ekki virðist það samráð hafa verið svo ítarlegt að eftir á treysti menn sér að lýsa því hvernig þessum málum verði háttað á þeim bæ. En þarna er sem sagt um ýmis óljós atriði að ræða sem nauðsynlegt er að fá nánari skýringar á.

Það er líka ljóst að við þessa kerfisbreytingu getur það gerst að menn detti niður á milli þessara tveggja kerfa og fari heldur illa út úr því. Ég nefni bara sem dæmi menn sem hafa kannske haft miklar tekjur á s.l. ári en veikjast í upphafi þessa árs og hafa litlar sem engar tekjur á árinu 1987, og byrja síðan að vinna á árinu 1988. Þeir hefðu samkvæmt gamla kerfinu orðið skattlausir á árinu 1988, ekki þurft að greiða þá neinn skatt, en samkvæmt þessum tillögum verða þeir væntanlega að greiða skatt á árinu 1987 vegna tekna á seinasta ári og byrja svo af fullum krafti að vinna samkvæmt staðgreiðslukerfi á næsta ári og missa þar af leiðandi af þeim skattafslætti sem þeir hefðu átt að fá vegna veikinda sinna. Sama gildir auðvitað um fólk sem fer utan til náms núna í ársbyrjun og sleppir úr heilu tekjuári, árinu 1987. Það fer töluvert illa út úr þessum breytingum og hlýtur að hafa töluvert miklu meiri skatta á þessum árum sem nú eru að líða í heildina tekið en þeir sem eru fullvinnandi á árinu 1987. Þannig eru ýmis vandamál sem upp koma þegar skattkerfisbreyting er gerð og því er ekki lýst hér í frv. hvernig brugðist verði við vanda af þessu tagi.

Svo eru aftur hin öfugu dæmi þar sem atvinnurekendur, sem greiða sér sjálfir laun, geta skrifað á sig lítil laun á árinu 1986, síðan pundað á sig mjög miklum launum á árinu 1987 og svo aftur litlum launum á árinu 1988. Þeir koma auðvitað ákaflega vel út úr þessari breytingu. Að vísu er í 3. mgr. 4. gr. staðgreiðslufrv. reynt að koma eitthvað á móti undanskotum af þessu tagi með því að segja að menn megi aldrei hafa nema 25% hærri tekjur til viðbótar við verðlagsbreytingar ef um reiknað endurgjald sé að ræða af vinnuframlagi í þágu eigin fyrirtækis. En það er heldur engin smáræðisúrbót sem menn fá ef menn geta hreinlega skotið undan 25% af tekjum sínum. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er hræddur um að launamenn almennt eigi þess lítinn kost að hagnast á þessari skattkerfisbreytingu í þeim mæli sem bersýnilegt er að eigendur fyrirtækja muni gera.

Ég tel líka mjög hæpið að miða við lánskjaravísitölu í staðgreiðslufrv. þegar um er að ræða hækkanir á frádráttarliðum. Við höfum yfirleitt miðað skattvísitölu við tekjubreytingu milli ára. En hér á allt í einu að fara miða við lánskjaravísitölu og það þýðir það að ef laun hækka meira en verðlag, sem við skulum sannarlega vona að verði, og kaupmáttur eykst þá er verið að stórauka skattbyrði í þjóðfélaginu og það tel ég alls ekki sanngjarnt eða eðlilegt.

Þannig má benda á ýmsa ágalla í þessum frumvörpum, en stærsti ágallinn hefur þegar verið nefndur. Hann er sá að skattur á almennar launatekjur verður áfram mjög hár en fyrirtækin sleppa. — [Fundarhlé.]

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu hin mikilvægustu mál og skammur tími til stefnu til þess að fjalla um þau, eigi þau að hljóta eðlilega athugun og umfjöllun í meðförum þingsins svo sem nauðsynlegt er. Þar sem nú er ljóst að þing situr ekki svo ýkjalengi úr þessu, þá hefði mátt gefast meiri tími til umfjöllunar um þessi mál. Sömuleiðis er þess

auðvitað að geta að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa ekki haft mjög rúman tíma til að setja sig inn í öll atriði þeirra flóknu frumvarpa og þeirra breytinga sem frv. munu hafa í för með sér. Ég þakka hæstv. fjmrh. að vísu fyrir það að hafa kallað á fulltrúa stjórnarandstöðunnar í síðustu viku, tveimur dögum eða svo áður en frumvörpin voru lögð fram, og afhent þeim frumvörpin í handriti. Það er góðra gjalda vert. En engu að síður eru atriðin sem krefjast athugunar svo mörg að það er borin von að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafi haft tækifæri til að skoða þessi mál ofan í kjölinn svo sem vert væri og eflaust mun málflutningur minn hér bera þess einhver merki að við tímaskort hefur verið að stríða og ýmislegt verður þess vegna sjálfsagt ósagt.

Ég vil byrja á því, virðulegi forseti, að beina nokkrum orðum til hæstv. fjmrh. Ég er nefnilega ekki alls kostar ánægður með hvernig hann hefur tekið efasemdum, sem ýmsir hafa látið í ljós um að þetta væri nægur tími til að búa þetta mál svo vel úr garði sem vert er, og athugasemdum og ábendingum um eitt og annað. Ég minnist þess að hafa hlustað á hæstv. ráðh. í útvarpi segja sem svo um afstöðu Alþfl. að það væri greinilegt að Alþfl. ætlaði að beita öllum tiltækum ráðum til að tefja þetta mál. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni að mér finnst þetta ekki vera viðfelldinn málflutningur og satt best að segja hefur hæstv. fjmrh. komið mér svolítið á óvart í þessu efni. Að leggja það að jöfnu að menn lýsi einhverjum efasemdum um ákveðin atriði og að þeir hyggist tefja framgang málsins í hvívetna. Þetta þykir mér ekki að öllu leyti heiðarlegur eða sanngjarn málflutningur, ég verð að segja það alveg hreint eins og er.

Í upphafi máls míns vil ég taka það skýrt fram að Alþfl. styður staðgreiðslukerfi skatta og mun greiða fyrir því máli hér á hinu háa Alþingi. Þetta vil ég að komi skýrt fram vegna þess sem hæstv. fjmrh. hefur áður sagt. Um þetta á ekki að ríkja nokkur efi eða vafi. Staðgreiðslukerfi skatta er gamalt baráttumál Alþfl. og nýtt. Yfirlýsingar um það er að finna í stefnuskrá Alþfl. og á þessu hefur aldrei leikið nokkur minnsti vafi. Þegar svo samherjar okkar í verkalýðshreyfingunni hafa tekið þetta mál upp, þá fögnum við því auðvitað. Þegar þeir hafa með þeim hætti sem allir þekkja þrýst á ríkisstjórnina til að veita málinu framgang og ríkisstjórnin tekið því vel og gert viðeigandi ráðstafanir, þá lýsum við auðvitað stuðningi við það mál. Og ég endurtek enn einu sinni að við munum greiða fyrir þessu máli.

Hitt er svo annað mál að hér er náttúrlega ekki um heildarendurskoðun skattkerfisins að ræða. Hér er aðeins verið að fjalla um einn þátt, eina fléttuna í miklu, miklu gildara reipi og þar er margt enn ófléttað. Það hefur raunar komið fram í framsöguræðum hæstv. fjmrh. fyrir þeim frumvörpum sem hér er verið að ræða.

Það sem við erum að fjalla um nú mætti e.t.v. kalla launþegaskattana fyrst og fremst en við Alþýðuflokksmenn höfum sagt að það þurfi að endurskoða skattkerfið frá grunni vegna þess að það er ónýtt og götótt. Undir þetta taka nú æ fleiri, þeirra á meðal hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Það sem við erum að gera núna tekur aðeins til hluta af þessu gallaða skattkerfi og það er gott svo langt sem það nær. En við erum þeirrar skoðunar að það verði mjög fljótlega að liggja fyrir upplýsingar og helst skýr og bindandi stefnumörkun um það hvernig farið skuli með sjálfstæða atvinnurekendur, hvernig farið skuli með fjármagnstekjur, eignatekjur og fyrirtækjaskatta. Allt þetta var jú á verkefnalista þeirrar nefndar sem hér hefur unnið að, en hún hefur ekki lokið nema hluta af sínu starfi. Á þessu stigi eru því spurningarmerkin býsna mörg, t.d. að því er varðar stöðu og hlut sveitarfélaganna.

Ég fæ ekki betur séð en að samþykkt þessara frumvarpa hafi í för með sér nokkra skerðingu á sjálfsforræði ýmissa sveitarfélaga, einkum hinna minni. Og ég vil leggja mjög ríka áherslu á að það gengur þvert á stefnu okkar Alþýðuflokksmanna, þ.e. um að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna, vinna að aukinni valddreifingu í landinu, ekki aukinni miðstýringu, og færa aukin völd heim í hérað. Á það hefur verið bent með nokkrum rökum, og býsna sterkum rökum að ég hygg, að með þessu kerfi gæti orðið um eins konar lögbundinn skylduspamað að ræða, tímabundinn, á minni sveitarfélögin a.m.k. og varla getur það hafa verið ætlunin.

Hver verður breytingin á skattbyrðinni? Mér finnst ég ekki hafa séð enn þá nægilega sannferðugar tölur um það. Það má vel vera að þessi fyrirkomulagsbreyting, sem nú er verið að fjalla um, valdi í rauninni ekki svo miklum breytingum hjá þorra launþega. Að vísu munu þeir nú greiða skatta í hverjum mánuði í stað þess að áður voru skattarnir aðeins teknir á 10 mánuðum og skattlausu mánuðirnir, sem svo hafa verið kallaðir, desember og júlí, sem mörgum hafa sjálfsagt komið vel, munu nú senn heyra sögunni til, en það er ekki meginatriði í þessu sambandi. Mjög margt sýnist mér enn vera óljóst varðandi sjálfstæða atvinnurekendur og svo ég nefni nokkur fleiri meginatriði, þá ættu líka, þegar verið er að afgreiða þessi mál, að liggja fyrir upplýsingar um óbeinu skattana. Ég held að ég muni það rétt að þegar hæstv. fjmrh. fylgdi fjárlagafrv. sínu úr hlaði hafi verið talað um upptöku virðisaukaskatts sem meginstefnumál stjórnarinnar, en hins vegar aðeins vikið að því svona í leiðinni að stefnt væri að því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Hér hefur forgangsröðunin sem sagt snúist við. Við því er ekkert að segja. En það verða bara að liggja fyrir skýrari upplýsingar um fyrirætlanir stjórnvalda varðandi virðisaukaskattinn og framkvæmd hans. Þetta eru vissulega allt atriði sem skipta meginmáli.

Það er ýmislegt annað sem mætti minnast á hér í þessu sambandi. Það er gert ráð fyrir verulegri breytingu varðandi svokallaða bifreiðastyrki, dagpeninga og þvíumlíkar greiðslur. Komið hefur í ljós í

skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika að þessar greiðslur hafa hækkað mjög mikið á fáeinum árum og eru í skýrslunni allítarlegar tölur um það. Ef ég man rétt þá höfðu greiðslur vegna ökutækjastyrkja u.þ.b. þrefaldast á tveimur eða þremur árum. Það er sjálfsagt alveg óhætt að fullyrða að ekki hefur aksturinn vaxið svo mikið á svo skömmum tíma enda er það á allra vitorði að þetta hefur verið notað sem launahækkun. Og ef ég man rétt þá kemur líka fram í þessari skýrslu að jafnvel heilum launakerfum hafi verið breytt til þess að koma slíkum greiðslum fyrir. Hins vegar eru svo ýmsir aðilar í þjóðfélaginu sem fá slíkar greiðslur og hafa slíkan kostnað, þeir sem nota t.d. ökutæki í þágu atvinnurekenda og fá fyrir það greiðslur. Töluvert er um slíka samninga hjá hinu opinbera. Nú hefur maður séð í blöðum nú um helgina að ýmsum sýnist að eins og þetta lítur út eftir orðanna hljóðan gæti það beinlínis orðið til útgjaldaaukningar hjá hinu opinbera, þ.e. að hið opinbera hætti að njóta þeirra kjara að geta notað gegn ákveðnu gjaldi bíla starfsmanna sinna sem áreiðanlega er hagkvæmt í ýmsum tilvikum. Ég bendi bara á að halda þurfi þannig á þessum þætti að náð sé til þeirra tilvika þar sem þetta eru beinar launauppbætur, eins og örugglega er í ýmsum tilvikum, en hins vegar að gæta þess líka að þetta leiði ekki til þess að útgjöld ríkisins vaxi af þessum sökum úr öllu hófi. Ég held að þarna þurfi nokkurrar athugunar við.

Það eru fjölmörg atriði í þessum frumvörpum sem vissulega mætti minna á og tala kannske langt mál um, t.d. það að nú á að fara að staðgreiða þá skatta sem eitt sinn var lofað að afnema. Ég ætla ekki að fara út í þær hártoganir í þessum umræðum, ég sé enga ástæðu til þess, en það er mjög brýnt og brýnast af öllu í þessu sambandi að fyrir liggi upplýsingar um fleiri atriði en nú eru þegar ljós. Spurningarmerkin eru of mörg enn þá, spurningarnar sem er ósvarað eru of margar.

Þetta mál mun örugglega fá vandlega athugun í nefnd. Raunar vaknar líka sú spurning hvers vegna þetta er keyrt af slíku offorsi nú og ekki gefinn örlítið betri tími til athugunar og þá hefur mest borið á því að það hefur verið talað um skattlaust ár. Auðvitað er allt slíkt tal hreinar blekkingar, auðvitað er það rangt. Það er ekkert skattlaust ár. Menn munu alltaf halda áfram að borga sína skatta þó að þessi kerfisbreyting verði á ákveðnum punkti í tímanum þannig að þá breytist tímabilið, þ.e. menn byrja að staðgreiða en menn lifa ekkert skattlaust ár. Ég held að mjög mikil hætta sé á því að margir hafi misskilið þetta vegna þess að mér finnst að þetta hafi verið rangt sett fram og til þess fallið að valda misskilningi.

Meðal þeirra spurninga sem vakna líka er: Hverjir verða beinlínis verr settir eftir upptöku þessa kerfis? Mér sýnist liggja beint við að t.d. þeir sem koma heim frá námi eða hefja störf að loknu námi muni verða lakar settir en þeir voru. Mér sýnist það gefa auga leið. Hvað með aldraða sem eru að hætta störfum og hafa nýtt sér heimildir skattalaga til þess að hafa skattfrítt ár, eins og það heitir þar, þ.e. til að losna við skatta af tekjum eins árs við starfslok? Hvernig snerta þessar breytingar þá einstaklinga? Það er ein af þeim spurningum sem er ósvarað.

Ég endurtek það að varðandi fyrirtækin, fjármagnseigendurna og sjálfstæða atvinnurekendur er margt óljóst. Það er verið að loka smugunum, og því ber að fagna, t.d. í sambandi við bifreiðastyrkina sem ég minntist á áðan, en ég held að smugurnar hjá fyrirtækjunum og fjármagnseigendunum séu miklu, miklu fleiri og raunar rangnefni að kalla það smugur. Það eru miklu frekar gloppur og göt.

Vegna þess að nú eiga þessi mál eftir að vera nokkurn tíma í umfjöllun Alþingis, enda þótt ekki sé mjög langur tími til stefnu, þá held ég að það sé nauðsynlegt að við fáum frekari upplýsingar um þau atriði sem ég hef nefnt. Ríkisstjórnin hefur í valdatíð sinni opnað ýmsar frádráttarheimildir fyrir fyrirtækin og fjármagnseigendur, t.d. framlögin í varasjóð og fjárfestingarframlög sem eru dregin frá skatti hjá fyrirtækjunum og ég held að hafi numið 900 millj. kr. á s.l. ári. Á sama tíma sem það er staðreynd að svona mjúkum höndum er farið um fyrirtækin, þá lesum við það í blöðunum að gerð er úttekt á Ísafirði á sköttum 12 einstæðra mæðra sem greiddu á s.l. ári 986 þús. kr. í opinber gjöld á meðan sjálfstæðir atvinnurekendur greiddu 42 þús. kr.

Það er líka áreiðanlega eitthvað meira en lítið brogað við skattkerfi þar sem 80 einstaklingar eiga eignir upp á 30 millj. hver og 28 þeirra greiða engan tekjuskatt. Þess vegna er ekki vanþörf á að taka til hendinni við að laga þetta. En ég ítreka að það verður að gera fleira en að snúa sér bara að launþegaköttunum, hæstv. fjmrh. Það hlýtur að vera eitthvað meira en lítið að þegar 75% fyrirtækja eru tekjuskattslaus og af 22 þúsund sjálfstæðum atvinnurekendum greiða einungis 13 þúsund tekjuskatt.

Ég minni hæstv. fjmrh. líka á, sem ætti raunar ekki að þurfa, þær tillögur sem Alþfl. hefur flutt varðandi rannsókn skattsvikamála og úrbætur í þeim efnum og skýrsluna, sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl s.l., skýrslu nefndar sem fjmrh., fyrirrennari hæstv. núv. fjmrh., skipaði á sínum tíma, þar sem er að finna ótal beinar tillögur um úrbætur á skattkerfinu. Satt best að segja er það staðreynd að tiltölulega mjög fáar, afar fáar af þessum tillögum hafa enn komið til framkvæmda. En þetta þarf að vera liður í endurskoðun skattkerfisins meðan svo horfir að tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts er áætlað 2,5–3 milljarðar kr. árið 1985, það er sjálfsagt óhætt að færa þá tölu töluvert upp fyrir árið 1986, og raunar mundi þetta hafa dugað til að brúa hallareksturinn á ríkissjóði ef fylgt hefði verið eftir. En stundum finnst manni eins og það skorti á þann pólitíska vilja sem er nauðsynlegur til þess að taka þessi mál þeim tökum sem þarf.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að tala um þetta mjög langt mál nú við þessa umræðu. Hér er vissulega verið að stíga skref til að einfalda skattkerfið sem er flókið og torskilið. Það er sannarlega af hinu góða og það ber að greiða fyrir því að þetta mál fái góða athugun og greiðan gang hér í gegnum þessa hv. deild. Og ég ítreka það af hálfu okkar Alþýðuflokksmanna enn einu sinni, þannig að ekki komi til neins misskilnings í þeim efnum, að við munum vinna að þessu máli og greiða götu þess í gegnum þingið. En við leggjum áherslu á að enn liggja ekki fyrir skýrar upplýsingar, það verður vonandi við meðferð málsins sem þær koma fram, þannig að fyrir liggi fastmótuð stefna um það hvernig tekið verði á öðrum þáttum skattkerfisins, þeim sem þessi frumvörp taka ekki til. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er ekki ráðrúm og ekki unnt tæknilega og vinnulega að leggja fyrir þetta þing slík frumvörp. En mér finnst það lágmark að fyrir lægi hugsanlega í þeim frumvörpum, sem nú er verið að samþykkja eða kannske enn þá betra í þáltill. sem væri afgreidd hér fyrir lok þings, yfirlýsing um þá stefnu sem hæstv. ráðh. og ríkisstjórn og væntanlega og vonandi sem flestir hér á hinu háa Alþingi gætu sameinast um að því er varðar aðra þætti skattkerfisins sem bíða og sem eru óljósir. Þar hefur ekki verið fyllt út í myndina. Ef ekki næst samstaða um slíka tillögu þá lægi a.m.k. fyrir yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. um stefnuna að því er varðar fyrirtækin, fjármagnseigendurna, sjálfstæða atvinnurekendur og þau meginatriði skattkerfisins önnur sem ekki er tekið tillit til hér. Í slíkri tillögu eða yfirlýsingu þyrfti sem sagt að vera ákvæði um nýtt skattakerfi fyrirtækja, skattmeðferð fjármagns- og eignatekna, skattmeðferð sjálfstæðra atvinnurekenda. Þetta eru meginatriði.

Ég ítreka að lokum, virðulegi forseti, að Alþfl. styður þetta mál svo langt sem það nær og fagnar því að verkalýðshreyfingin skuli með atbeina sínum og atfylgi og samvinnu við hæstv. ríkisstjórn hafa áorkað því að koma þessu máli svo langt sem raun ber nú vitni vegna þess að í áratugi hefur verið talað um að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Fólk bindur við það miklar vonir. Enda þótt það breyti kannske ekki mjög miklu hjá þorra fólks var það orðið tímabært að menn rækju af sér slyðruorðið og settu þetta mál fram. Það ber að þakka. Þetta hefur verið í umræðunni, eins og ég segi, í tvo áratugi. Ég minnist þess frá því að ég starfaði við fjölmiðlun að þá var þetta hin sígilda spurning þegar rætt var árlega við ríkisskattstjóra og embættismenn skattkerfisins hvenær yrði tekið upp staðgreiðslukerfi skatta. Og ég held að svörin hafi verið ósköp álíka sígild og spurningin, að þetta væri nú alveg á næsta leiti. En nú er þetta næsta leiti hér og því ber að fagna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda hefur nú loksins séð dagsins ljós hér á hv. Alþingi. Frá upphafi hefur það verið eitt af stefnumálum Kvennalistans að koma á slíkri skattkerfisbreytingu. Við höfum því í tvígang á þessu kjörtímabili flutt till. til þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nú síðast á þessu þingi og er það 38. mál þingsins. Eins og segir í grg. með þessari till., með leyfi forseta, telur Kvennalistinn „löngu tímabært að hrinda staðgreiðslu opinberra gjalda í framkvæmd og ekki vansalaust hve lengi það hefur dregist. Afstaða Kvennalistans mótast af hagsmunum almenns launafólks og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur og þeirra sem af einhverjum ástæðum þurfa að minnka við sig launuð störf. Má þar nefna fólk sem vill minnka við sig vegna sjúkleika eða aldurs og fólk sem kýs að hverfa af vinnumarkaði og helga sig heimili og barnauppeldi um skeið. Þá má nefna fólk sem stundar ígripavinnu, t.d. við sjávarútveg, en slík störf gefa sveiflukenndar tekjur og oft miklar tekjur og það hafa ekki allir möguleika eða forsjálni til að geyma hluta af þeim til greiðslu á sköttum síðar meir. Enn má nefna fólk sem af einhverjum ástæðum þarfnast aukatekna um skeið, t.d. vegna öflunar húsnæðis, en út úr þeim vítahring er oft erfitt að brjótast og þekkja líklega flestir einhver slík tilvik þar sem miklu máli hefði skipt að sitja ekki uppi með skuldabagga vegna vangoldinna skatta.

Meginkostur staðgreiðslukerfisins að okkar mati eru sem sagt þeir að í slíku kerfi myndast ekki skuld hjá skattgreiðanda eins og nú er.

Í öðru lagi hefur staðgreiðslukerfið þann kost að það fylgir hagsveiflunni, þ.e. innheimtir mikla skatta á velgengnistímum og minni þegar illa árar.

Í þriðja lagi má ætla að staðgreiðslukerfið skapi betri heimtur sem óbeint komi almennu launafólki til góða.“ — Og þar lýkur tilvitnun í þessa grg. með þáltill. Kvennalistans um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Eins og ljóst má vera af þessu er Kvennalistinn eindregið fylgjandi staðgreiðslu opinberra gjalda og við fögnum því að skriður er nú kominn á það mál. Við höfum hins vegar fjöldamargt að athuga við hvernig hæstv. fjmrh. hyggst standa að þessari skattkerfisbreytingu og einnig höfum við margt að athuga við það skattafyrirkomulag sem hæstv. ráðh. boðar í þeim lagafrv. sem fram eru komin í þessu máli.

Í fyrsta lagi er þess að gæta að þessi skattkerfisbreyting nær aðeins til launamanna. Skattlagningu á fjármagns- og eignatekjur og skattlagningu á fyrirtæki er ekki breytt eins og fram hefur komið í máli þeirra sem á undan mér hafa talað og það er vitaskuld fráleitt. Ef menn fara út í skattkerfisbreytingu sem þessa á annað borð á hún auðvitað að ganga yfir alla beina skattlagningu í landinu í einu. Ekki aðeins hluta hennar eins og hér er lagt til. Ein rökin fyrir því að taka upp þessa skattkerfisbreytingu eru þau að með henni ætti skatturinn að skila sér betur. Undanskot og skattsvik verða með henni öllu örðugri en nú er og við vitum að skattsvik eru töluverð nú. Þessi rök eru m.a. tiltekin í grg. með staðgreiðslu-

frumvarpinu og eru þar með sett fram af hálfu ráðherra einnig sem rök fyrir þessu kerfi. En þá er rétt að spyrja: Eru það fyrst og fremst launamenn sem hafa færi á að stunda skattsvik og hafa stundað skattsvik hér á landi? Nei, það eru ekki launamenn. Það eru fyrirtæki og þeir sem geta millifært eigna- og fjármagnstekjur. Það eru einmitt þessir aðilar sem skildir eru eftir. Það eru þessir aðilar sem skattkerfisbreytingin nær ekki yfir. Þetta er vitaskuld ekki nógu gott og reyndar með öllu óskiljanlegt séu áðurnefnd rök hæstv. fjmrh. fyrir skattkerfisbreytingunni höfð í huga.

Ráðherra hefur svarað því til að ekki hafi unnist tími til að ganga frá frv. um skattlagningu á fyrirtæki og fjármagnstekjur. Gott og vel. Þetta eru flókin mál og þau þurfa tíma í úrvinnslu. Þá er það spurningin: Hvers vegna liggur hæstv. fjmrh. svona mikið á? Svo mikið að hann vill frekar fara hálfa leið en að fara ekki neitt og þá þann hluta leiðarinnar sem ekki er eins aðkallandi miðað við hans eigin rök fyrir þessari skattkerfisbreytingu.

Það læðist nú reyndar að mér sá grunur að árið í ár hafi þar eitthvað með þetta að gera. Það er kosningaár og það kann að vera að hæstv. fjmrh. hafi þótt það hagstætt að skaffa launafólki eitt skattlaust ár í þann mund sem gengið er að kjörborðinu. Eða kann ástæðan að vera sú að hagur fyrirtækja og fjármagnseigenda sé nær hjarta hæstv. ráðh. en hagur ríkissjóðs því það er ríkissjóður sem ber skarðan hlut frá borði hvað þetta varðar? Að því ætla ég ekki að leiða neinum sérstökum getum og um það verða sjálfsagt ekki gefin svör hér á eftir. Þess vænti ég ekki. Upp úr stendur að ef þessi skattkerfisbreyting verður að lögum sitja fyrirtæki og fjármagnseigendur eftir með alla sína frádráttarliði óskerta og álagningu eftir á og það segir sína sögu.

Í öðru lagi er það að athuga við þessi frv. að framlagning þeirra felur í sér töluverða mótsögn hvað varðar stefnu núv. ríkisstjórnar í skattamálum. Eftir því sem er staðfest af talsmönnum hennar hefur hún það m.a. á stefnuskrá sinni að draga úr innheimtu skatts á almennar launatekjur. Þar að auki var samþykkt á Alþingi einróma á 106. löggjafarþingi, ef ég man rétt, að stefnt skuli að því að afnema tekjuskattinn af almennum launatekjum í áföngum.

Hér eru síðan komin fram frv. sem staðfesta tekjuskattinn, frv. um staðgreiðslu tekjuskatts og álagningarreglur tekjuskatts, skatts á almennar launatekjur. Ekki er heldur úr skattinum dregið því að þessi frv. fela ekki í sér neina verulega linun á skattbyrðinni nema annars vegar neðst í tekjustiganum og er það vel og svo hins vegar hjá þeim sem hæstar tekjurnar hafa. Það sést glöggt séu þau línurit sem fylgja frv. um tekjuskatt og eignarskatt skoðuð og eins gefur það auga leið að ef skattprósentan verður aðeins ein virkar hún þannig að því hærri tekjur sem skattgreiðandi hefur því minna borgar hann hlutfallslega af sínum tekjum í skatt miðað við núverandi álagningarkerfi.

Við Kvennalistakonur hefðum viljað sjá tækifærið notað nú til að létta skattbyrðina verulega á neðri hluta tekjustigans og hækka skattleysismörkin miklu meira en ráð er fyrir gert í þessum frv. Þá þarf ríkissjóður vitaskuld tekjur á móti því að slík hækkun skattleysismarka kostar sitt. Slíkum tekjum hefði mátt ná inn með því að láta skattkerfisbreytinguna ná einnig yfir fyrirtæki og fjármagnseigendur því nokkurn veginn er víst að þá hefðu ófáar krónurnar skilað sér í ríkissjóð sem nú rata ekki þangað. Þetta kýs hæstv. fjmrh. hins vegar ekki að gera og ef einhver hefur farið í grafgötur með stefnu hans og núv. ríkisstjórnar í þessum efnum þá held ég að þess þurfi ekki lengur.

Í þriðja lagi ber fyrirkomulag þeirra skattkerfisbreytinga á launamenn sem lagt er til í þessum frv. keim af því að sjónarhóll frumvarpshöfundanna sé ríkissjóður fremur en hagur þess fólks sem við skattkerfið á að búa. Áhersla er lögð á það í þessum frv. að ríkissjóður komi svipað út og í núgildandi kerfi og síðan er launamönnum komið fyrir innan þess ramma. Upphæð persónuafsláttarins t.d. er ákveðin með það í huga, eftir því sem best verður séð af þeim gögnum sem fram hafa komið í málinu, að dæmið reiknist svipað fyrir ríkissjóð, en upphæðin ekki ákveðin út frá því hvernig persónuafsláttur inn nýtist mismunandi tekjuhópum, sem væri réttlátast miðað við mismunandi aðstæður skattgreiðenda. Sama er að segja um húsnæðisbæturnar: Það er reikningsdæmi ríkissjóðs, ekki launamanna, sem þar er lagt til grundvallar.

Í frumvörpunum er hvergi nokkurs staðar að finna röksemdafærslu eða útreikninga fyrir því hvers vegna akkúrat þessar upphæðir séu eðlilegar og réttlátar miðað við tekjur og kjör launamanna. Það er hins vegar sagt oftar en einu sinni og skýrt að þessar upphæðir á persónuafslætti og húsnæðisbótum séu ákvarðaðar vegna þess að þá muni dæmið reiknast svipað fyrir ríkissjóð. Viðmiðunin er sem sagt ríkissjóður en ekki hagur þeirra sem skattinn greiða. Þetta tel ég ákaflega rangt að farið því að hagur þegnanna hlýtur ávallt að vera viðkomandi stjórnvöldum viðmiðun á hverjum tíma og sú viðmiðun er ekki ráðandi hér.

Þetta leiðir mig að fjórða atriðinu sem ég hef við frv. fjmrh. að athuga og það er að staðgreiðsla opinberra gjalda felur ekki endilega í sér afnám mismunandi frádráttarliða eins og helst má ætla ef menn lesa frv. illa, ekki ef menn lesa þau vel. Á bls. 16 í tekjuskatts- og eignarskattsfrumvarpinu er m.a. að finna þessa röksemdafærslu í athugasemdum um 3. og 4. gr. frv.: „Afnám hinna fjölmörgu frádráttarheimilda frá tekjum, sem í gildi hafa verið í lengri eða skemmri tíma, er forsenda þess að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta sem bæði uppfyllir þær kröfur að vera einfalt og öruggt í framkvæmd."

Þetta er ekki alls kostar rétt. Í Bretlandi t.d. þar sem staðgreiðsla skatta hefur lengi verið í gildi eru einnig í gildi margvíslegir frádráttarliðir, svo sem

námsfrádráttur, frádráttur vegna aldraðra foreldra sem skattgreiðandi kann að hafa á framfæri, frádráttur vegna barna í skóla, vegna stofnunar heimilis, húsnæðiskaupa o.s.frv. Þetta virðist ekki vera flókið í framkvæmd, a.m.k. vefst það ekki fyrir Bretum. Frádráttur skattgreiðenda er einfaldlega reiknaður út og kemur fram á skattkorti hans eða hennar hverju sinni. Staðgreiðsla skatta er nefnilega ekki það sama og afnám frádráttarliða. Þetta er tvennt ólíkt og þarf ekki að fara saman. Það fer hins vegar saman í frv. hæstv. fjmrh. og því eru þau miklu víðtækari og meira umbyltandi en sem nemur þeirri skattkerfisbreytingu einni að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þegar menn taka afstöðu til þessara frv. hér á hæstv. Alþingi eru menn því ekki aðeins að taka afstöðu til með hvaða hætti skuli greiða tekjuskatt hér á landi, þ.e. staðgreiða eða eftirágreiða, heldur einnig hvernig skatturinn sjálfur skuli ákvarðaður. Það hangir líka á spýtunni í þeim frv. sem eru fram komin. Með þessum hætti er hæstv. fjmrh. að koma á víðtækum skattabreytingum í skjóli staðgreiðslukerfisins. Hann siglir skattabreytingunum inn undir flaggi staðgreiðslukerfisins og þó að þjóðarsátt sé um það eftir því sem best verður séð að taka upp staðgreiðslukerfi skatta held ég að fráleitt sé að álíta að þjóðarsátt sé um þær víðtæku breytingar á álagningarreglum sem frv. fela í sér. Fyrir þessu þurfa menn að vera vakandi og ég vil segja strax að okkur Kvennalistakonum líst ekki alls kostar á þá útflatningu á álagningarkerfinu sem frv. boða. Það er ljóst að þegar einn flatur skattur og einn flatur afsláttur gildir um alla gefst lítið svigrúm til að taka tillit til mismunandi aðstæðna launamanna og jafnframt eru tekjujöfnunaráhrif þau, sem tekjuskatturinn hefur hingað til haft, minnkuð að verulegu leyti ef þau eru ekki fyrir bí að mestu.

Helstu frádráttarliðir í gildandi skattalögum eru húsnæðiskaupafrádráttarliður vegna vaxta- og verðbótakostnaðar, það er sjómannafrádráttur, námsfrádráttur, giftingarfrádráttur og persónufrádráttur auk annarra smærri liða. Engir frádráttarliðir eru í nýja kerfinu aðrir en fastur persónuafsláttur, sérstakur sjómannaafsláttur og húsnæðisbæturnar og auk þess eru náttúrlega barnabætur áfram með óbreyttu sniði. Það hljómar e.t.v. einfalt að setja upp bótakerfi af þessu tagi í stað þeirra frádráttarliða sem áður voru ef markmiðið er aðeins það að einfalda kerfið. En þessar breytingar fela í sér í leiðinni tilflutning á skattbyrðinni en einföldunin, sem er sannarlega lofsvert markmið í sjálfu sér, má samt ekki ganga af öllu réttlæti dauðu. Ef við skoðum aðeins t.d. húsnæðisþáttinn er ljóst að með niðurfellingu á vaxta- og verðbótafrádrætti húsnæðiskaupenda er verulega skertur möguleiki ungra barnafjölskyldna til að kaupa nægilega stórt húsnæði á meðan börnin eru heima við og að bætast í hópinn miðað við þau fjármagnskjör sem nú eru í gildi. Húsnæðisafslátturinn á aðeins að miðast við fyrstu kaup og það gerir það að verkum að fólk á ekki jafnauðvelt með, og er það nú býsna erfitt fyrir reyndar en það verður enn þá erfiðara, að kaupa og selja íbúðir með stuttu millibili eins og tíðkast hefur hér á landi í þeim tilgangi að komast á einhverjum tímapunkti í endanlegt húsnæði. Það er einmitt það sem hinn dæmigerði fjölskyldukjarni hér á landi hefur gert, hann hefur keypt og selt uns réttri húsnæðisstærð hefur verið náð. Þetta fyrstasinnákvæði sem fylgir húsnæðisbótunum kemur þannig engan veginn heim og saman við íslenskan veruleika í húsnæðismálum. Og ég sé heldur ekki hvernig hann kemur heim og saman við stefnu stjórnarflokkanna og þá kannske einkum og sér í lagi flokks hæstv. fjmrh. í þessum málum. Mig minnir t.d. að árið 1982 hafi það verið kosningamál sjálfstæðismanna við borgarstjórnarkosningar að koma upp byggð í Grafarvogi. Hversu margir af þeim sem byggðu í Grafarvogi voru að byggja í fyrsta sinn? Ég held að það hafi verið ákaflega fáir og það gefur auga leið að þetta fyrstasinnákvæði á húsnæðisbótunum gerir það að verkum að fólk strandar meira og minna í því húsnæði sem því fyrst tekst að afla sér.

55 000 kr. afslátturinn samsvarar hugsanlega vaxtafrádrætti fyrir um 200 000 kr. skuld fyrir húsnæðiskaupanda með tekjur á bilinu 700–900 þús. kr. Sá sem fær fullt lán frá Húsnæðisstofnun fær 2,3 millj. á 3,5% vöxtum og vaxtakostnaður hans er rúm 80 000 á ári sem vex með verðbólgu. Sá sem hefur tekið yfir 1 millj. í lán á kjörum Húsnæðisstofnunar og skuldar 1,5 millj. á 6,5% vöxtum er kominn upp í 132 000 kr. vaxtakostnað. Langstærsti hluti frádráttar húsnæðiskaupenda eftir 1982 hefur þó verið verðbótaþátturinn sem hér er undanskilinn enda örðugt að spá fyrir um hann. Af þessu má ljóst vera að nýja kerfið flytur húsnæðisniðurgreiðslur frá þeim sem fjármagna húsnæði eftir fyrstu húsnæðissölu til þeirra sem eru að kaupa fyrsta húsnæði sitt. Þetta bitnar illa á barnafjölskyldum sem hafa farið út í að stækka við sig með vaxandi fjölda og aldri barna. Þetta bitnar á öllum sem ekki hafa nægilegt bolmagn til að kaupa framtíðarhúsnæði í fyrstu atrennu. Þetta bitnar á fólki sem flyst á milli landshluta og þarf þess vegna að skipta um húsnæði, á fólki sem skilur við maka sinn og verður að byrja upp á nýtt í húsnæðismálunum, á öllum þorra landsmanna í rauninni því fæstir geta komist af með að kaupa húsnæði aðeins einu sinni á ævinni. Ég vil því biðja hæstv. fjmrh. að íhuga vandlega hver áhrif þessa fyrstasinnákvæðis yrðu á húsnæðisveruleikann hér á landi.

Með þessu móti, með því að hafa aðeins einn fastan húsnæðisafslátt eða húsnæðisbætur sem miðast við fyrsta sinn og með þeim álagningarreglum sem gert er ráð fyrir, er í raun og veru ekkert tillit tekið til raunverulegra aðstæðna fólks hér á landi. Frv. svífur einhvers staðar fyrir ofan þær eða utan, tyllir ekki tánum þar niður og það gengur vitaskuld ekki.

Þá eru það þau undarlegheit sem er að finna í 3. og 4. gr. frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Það eru

þær greinar sem kveða á um niðurfellingu frádráttarliða með þeim undantekningum sem er að finna í 3. gr. frá tekjum utan atvinnurekstrar og vísa þessar greinar til 30. gr. núgildandi skattalaga.

Í 3. og 4. gr. frv. eru flestir frádráttarliðir felldir niður en ekki allir því B-liður 30. gr. er látinn standa óbreyttur. Og hvaða frádráttur er það sem áfram verður heimilaður? Það er frádráttur vegna vaxtatekna, affalla og gengishagnaðar. Það er frádráttur vegna arðs, að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs. Það er fé sem fært hefur verið *félagsmanni í félagi af viðskiptum hans* utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi og það er fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu skv. lögum um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem við könnumst við frá fyrsta þingi þessa kjörtímabils. Það er sem sagt allur fjármagnsarður utan atvinnurekstrar sem enn þá er frádráttarbær. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers vegna var þessi frádráttur ekki einnig felldur niður rétt eins og aðrir frádráttarliðir í A-, C-, D- og E-lið þessarar greinar skattalaganna? Hvaða rök eru t.d. fyrir því að fella niður frádrátt vegna vaxtakostnaðar en ekki vegna vaxtatekna? Hvers vegna fá menn frádrátt fyrir að eiga fé og taka vexti af því en ekki fyrir að greiða vexti af skuldum sínum? Ég kem þessu ekki heim og saman og ekki heim og saman við neitt réttlæti í þessum málum.

Námsfrádráttur er einn af þeim frádráttarliðum sem felldir eru niður samkvæmt frv. fjmrh. og þótt hann hafi nú ekki vegið þungt skiptir hann máli fyrir námsmenn sem eru að koma heim úr námi og hefja störf. Það sem er þó öllu alvarlegra fyrir námsfólk sem kemur úr námi út á vinnumarkaðinn er staðgreiðslukerfið sjálft því að það hefur hingað til skipt námsfólk ákaflega miklu máli að fyrsta árið í starfi eftir nám hefur í raun og veru verið skattlaust vegna eftiráálagningarinnar. Menn hafa ekki byrjað að borga skatta fyrr en þeir hafa haft tekjur í eitt ár. Þetta mun koma til með að skipta námsmenn verulegu máli og miklu meira máli en niðurfelling námsfrádráttarins. Þetta vil ég og held ég að þurfi að skoðast öllu betur þegar málið kemur í nefnd.

Eins og ég hef sagt tel ég afnám tekjujöfnunaráhrifa tekjuskattsins ákaflega varhugavert, einföldunin gengur býsna langt í þá veru og það er ljóst að barnabæturnar vega þar ekki upp á móti. Þær eru hlutfallslega það lítill hluti að þær ná ekki að vega upp á móti afnámi þeirra frádráttarliða sem þarna eru og þeirrar einföldunar sem gerð er á skattkerfinu. Hættan er sú að skattbyrði þeirra sem síst mega við því verði þá óréttlátlega þung miðað við skattbyrði annarra.

Ég held að þetta þurfi að skoðast mjög vandlega og eins það atriði hvort ekki sé rétt að hafa ekki aðeins eina skattprósentu heldur tvær eins og víða *tíðkast þar sem staðgreiðslukerfi er fyrir hendi*. Reyndar er allur gangur á því hversu margar skattprósenturnar eru, og ég held að við ættum að íhuga það vandlega hvort ekki sé rétt að hafa tvær skattprósentur í staðinn fyrir eina, á þann veg að tekjur fyrir ofan ákveðið hámark verði skattlagðar heldur hærra, með heldur hærri skattprósentu en lögð er á tekjur fyrir neðan þetta mark. Eins og ég sagði er þetta fyrirkomulag fyrir hendi annars staðar og það gengur engan veginn í berhögg við staðgreiðslukerfið sem slíkt. Í þessu efni snýst málið í rauninni aðeins um hvort menn telja að þeir sem mestar tekjur hafa skuli greiða hlutfallslega meira eða minna af sínum tekjum til ríkisins en þeir sem færri krónurnar hafa.

Fimmti þátturinn í þessu máli sem ég vil nefna sérstaklega snertir það sem nefnt hefur verið samsköttun. Í 13. gr. staðgreiðslufrumvarpsins er kveðið á um skattkort maka og þar kemur fram að sá maki sem tekjuminni eða tekjulaus er getur framvísað skattkorti sínu til tekjuhærri makans og sá síðan fengið afslátt af sínum sköttum gegn framvísun skattkorts tekjulausa makans. Þetta þýðir í reynd að makinn sem teknanna aflar fær afslátt af tekjuskatti sínum vegna þess að hann er með heimavinnandi á framfæri sínu. Þessu fyrirkomulagi eða aðferð við að meta störf heimavinnandi erum við Kvennalistakonur andvígar. Við teljum að hvern einasta fullorðinn einstakling, karl eða konu, beri fortakslaust að skoða í lögum sem fjárhagslega sjálfstæðan aðila. Á *þeirri forsendu byggir sérsköttunarregla* skattalaganna og á þeim forsendum viljum við að sá eða réttara sagt sú, því í nær öllum tilvikum er um konur að ræða, að sú sem heimilisstörfin vinnur eða tekjulægri er þiggi sjálf greiðslurnar fyrir unnin störf inni á heimilinu. Í stað þess að tekjuhærri makinn fái afslátt frá sköttum fyrir að hafa heimavinnandi á framfæri sínu, eins og gert er ráð fyrir í frv., viljum við að annaðhvort greiði ríkið ónýttan persónuafslátt út til heimavinnandi, gegn framvísun skattkorts, eða þá að heimavinnandi njóti persónuafsláttarins í auknum greiðslum barnabóta.

Þannig er fjárhagslegt sjálfstæði heimavinnandi virt í verki og jafnframt viðurkennt að nokkur þóknun skuli koma fyrir heimilisstörf, sem er stórt skref *í þá átt að viðurkenna gildi þessara starfa þótt* þóknunin sé nú ekki beint há. Er það allt önnur biblía og allt annað faðirvor en að veita afslátt til fyrirvinnunnar fyrir að framfæra heimavinnandi eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Með öðrum orðum að ef meta á heimilisstörf til launa, eins og samsköttunarákvæðið vísar til með öfugum formerkjum, þá á að greiða þeim sem heimilisstörfin vinna þau laun en ekki öðrum.

Ég mun óska eftir því í fjh.- og viðskn., sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar, að reiknað verði út hversu há heildarfjárhæð samsköttunarákvæðisins er, hve há hún er áætluð, og í framhaldi af því mun ég síðan gera brtt. í þá veru sem ég hef hér lýst, þ.e. að annaðhvort fái heimavinnandi *ónýttan persónuafslátt sinn útgreiddan gegn* framvísun skattkorts eða þá að hann verði settur í auknar barnabætur sem er vafalítið tæknilega flóknara. Hvor leiðin sem valin verður bíður nánari útfærslu.

Það er enn annað atriði sem varðar þessa millifærslu milli maka eða samsköttun sem ég vil nefna hér og það er varðandi það að persónuafsláttur heimavinnandi, eða tekjulægri makans, nýtist aðeins að ¾, eða ⅘ hlutum til miðað við orð hæstv. ráðh. í ræðu hans þegar hann mælti fyrir þessum frv. Ég mun leggja til að persónuafsláttur heimavinnandi nýtist ekki aðeins að ⅘ heldur að fullu vegna þess að það er ekki með nokkru móti verjandi að tekjulægri, eða heimavinnandi einstaklingar, teljist aðeins persónuígildi að ⅘ hlutum eða hvaða hlutfalli sem er öðru en jöfnu á við alla aðra. Það er auðvitað ekkert annað en virðingarleysi bæði við sjálfstæði og ígildi þeirra einstaklinga sem hér um ræðir að leggja til það fyrirkomulag sem í þessu frv. er að finna. Margar eru þær konurnar sem hafa tekið eftir þessu og haft samband við mig og spurt: Jæja, á nú að meta okkur sem trekvart persónu. Frv. var kynnt á þann hátt að það væri ¾ hlutar, þ.e. 75% sem væru nýtanlegir á þennan hátt, en síðan hefur fjmrh. látið þess getið að það mun vera 80% eða ⅘. Það er töluverð ólga og reiði meðal kvenna yfir þessu sérstaka ákvæði.

Ég vil einnig benda á varðandi persónuafsláttinn, og það á reyndar við um húsnæðisbæturnar einnig, að það mun varla duga að endurreikna upphæð þessara bótaliða aðeins tvisvar á ári. Það er vitaskuld í lagi á meðan verðbólga er lítil og verðbreytingar litlar, en á það er nú ekki treystandi hér og þar sem staðgreiðslan sjálf gerir ráð fyrir að menn greiði skattinn í takt við verðbreytingar, þá held ég að það sé lágmarkskrafa að bæturnar séu einnig reiknaðar mánaðarlega í takt við verðbreytingar rétt eins og skatturinn og mun ég jafnframt leggja það til.

Í 5. gr. staðgreiðslufrv. er lagt til að allar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi skuli metin sem laun og skattlögð sem slík. Þessu erum við Kvennalistakonur fylgjandi. Í fyrsta lagi vegna þess að þar með er meiri von til þess að laun verði laun, í þeim skilningi að allar greiðslur til starfsmanns teljist til launa en ekki til launa og síðan einhvers óskilgreinds annars eins og fríðindin og hlunnindin hafa iðulega verið, og að þar með verði þeim skollaleik að launa með hlunnindum og falsa þannig launakerfið, ja, ef til vill ekki lokið en að það dragi úr honum. Í öðru lagi erum við fylgjandi þessu vegna þess, og það er ekki síður mikilvægt, að það er von til þess að þetta ákvæði geti átt sinn þátt í að minnka eitthvað þann mun sem er á raunverulegum launum kvenna og karla. Við vitum að það eru fyrst og fremst karlar sem njóta starfstengdra fríðinda af hvaða tagi sem er. Hvað varðar opinbera starfsmenn kom þetta t.d. glöggt fram í svari fjmrh. við fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um þetta efni á 106. löggjafarþingi að mig minnir. Það var gríðarlegur munur á konum og körlum hvað þetta varðar. Karlar höfðu margfalt hærri greiðslur af þessu tagi heldur en konur. Þetta ákvæði 5. gr. getur því átt þátt í að draga úr þessu kynbundna misrétti og það er vel.

Miklu skiptir hins vegar hvernig þær reglur sem hæstv. fjmrh. hyggst setja um sannanlegan kostnað vegna starfs verða vegna þess að gulltryggt verður að vera að launamenn beri ekki kostnað vegna starfs síns sem með réttu á heima hjá vinnuveitanda. Ég vil fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann láti fjh.- og viðskn. í té drög að þeim reglum sem hann hyggst setja um þetta atriði þannig að nefndin geti haft þau til hliðsjónar í umfjöllun sinni um málið.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég gera athugasemd við þá innheimtuaðferð sem lögð er til í staðgreiðslufrumvarpinu. Þar er lagt til að innheimta tekjuskatts skuli alfarið vera í höndum vinnuveitenda. Ég leyfi mér að efast stórlega um að þetta sé heppilegt fyrirkomulag. Skil söluskatts, sem einnig er innheimtur að hluta til af sömu aðilum, hafa ekki verið með þeim hætti að þetta megi telja gulltrygga innheimtuaðferð. Á það ber einnig að líta að í núgildandi lögum hefur skattgreiðandi nokkurt val um það hvort hann greiðir sjálfur sinn skatt á tilskildum gjalddaga eða greiðir skattinnn samkvæmt innheimtukerfi stattstofunnar, fyrir fram að hluta til og síðan 1. hvers mánaðar þar eftir. Þetta val, sem skattgreiðendur hafa hingað til haft, er afnumið í þessu frv.

Ég tel af báðum þessum ástæðum, þ.e. annars vegar valfrelsi skattgreiðenda og hins vegar efasemdum um það hversu skilvirk aðferð það er að fela vinnuveitendum að innheimta og skila tekjuskattinum, af báðum þessum ástæðum tel ég rétt að athuga aðrar leiðir í innheimtunni sjálfri. Til dæmis þá leið að skattgreiðendur standi sjálfir skil á skatti sínum, t.d. í gegnum bankakerfið sem flestir ef ekki allir hafa nokkuð stöðug samskipti við. Fleiri leiðir kunna einnig að vera fyrir hendi og þetta held ég að þurfi að athuga nánar.

Virðulegi forseti. Nú stytti ég mál mitt. Meginlínurnar í þessum nýju skattafrumvörpum eru: Í fyrsta lagi að fram er komin staðfesting á tekjuskatti launamanna í stað afnáms hans eða umtalsverðrar lækkunar eins og þessi ríkisstjórn hefur haft á stefnuskrá sinni. Í öðru lagi eru hér á ferðinni stórfelldar skattkerfisbreytingar í skjóli þess að taka upp staðgreiðslukerfi. Og í þriðja lagi hefur heildarendurskoðun skattkerfisins verið snúið í endurskoðun á skattkerfi launamanna án þess að létta skattbyrðar þeirra að verulegu leyti. Hér eru því á ferðinni nokkuð aðrar skattatillögur en við Kvennalistakonur hefðum viljað sjá. Ég hef í stórum dráttum lýst afstöðu okkar til þeirra og á grundvelli hennar mun ég vinna að þessu máli í hv. fjh.- og viðskn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Umræða hér á landi um staðgreiðslukerfi skatta er ekki ný af nálinni. Það ber að fagna því að þetta mál er nú komið á skrið. Ég er þeirrar skoðunar og þingflokkur Framsfl. að hér sé um gott mál að ræða og munum við hér í þessari hv. deild og í meðförum Alþingis stuðla að því að þetta

mál fái framgang. Hitt er svo annað mál að það gafst ekki langur tími til þess að fjalla um þetta frv. áður en það var lagt fram hér á hv. Alþingi. Þingflokkur Framsfl. var þeirrar skoðunar að frv. þyrfti að koma fram sem allra fyrst en einstakir þm. áskilja sér rétt til þess að hafa fyrirvara um ýmsar lagfæringar sem fram kunna að koma í meðförum nefnda hér í Alþingi.

Mér finnst ástæðulaust að hafa ýkjalangt mál um þetta frv. hér við 1. umr. málsins. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. Ed. og fæ þar tækifæri til að kalla aðila fyrir um ýmis atriði frv. til nánara skrafs og ráðagerða og fá útreikninga á þeim atriðum sem þurfa þykir. Með þessu er ég ekki að segja að ég eða aðrir þm. Framsfl. viljum tefja þetta frv. á nokkurn hátt og ég veit að fjh.- og viðskn. mun ekki liggja á liði sínu að hér verði vel að unnið.

Það eru nokkur atriði sem við teljum að þurfi að skoða sérstaklega vel í þessu sambandi. T.d. er gert ráð fyrir því í frv. að eitt skatthlutfall verði og mér finnst nauðsynlegt að gera sér sem gleggsta grein fyrir því hvaða áhrif þetta atriði hefur á skatta þeirra sem hæstar tekjur hafa. Mér finnst einnig nauðsynlegt að gera sér sem gleggsta grein fyrir áhrifunum á innheimtu tekna sveitarfélaga og því samhengi sem þar er á milli, og með hverjum hætti á að tryggja fámennustu sveitarfélögunum tekjur samkvæmt þessu nýja kerfi. Þessi mál veit ég að verða rædd í meðförum fjh.- og viðskn. Ed. og mun ég ekki orðlengja meir um þau við þessa umræðu málsins. Þá finnst mér einnig nauðsynlegt að gera sér gleggri grein fyrir áhrifum húsnæðis- og vaxtafrádráttar, áhrifum þeirra á skattgreiðslur einstaklinga.

Við þessa umræðu vil ég með örfáum orðum koma inn á framkvæmd þessara laga og skatteftirlit í kjölfar þeirra. Það er nauðsynlegt að framkvæmd þessarar kerfisbreytingar spilli ekki góðu máli, jafngóðu máli og ég tel þetta vera, því staðgreiðslukerfi skatta, eins og hér hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum sem talað hafa við þessa umræðu, tryggir skattgreiðendum jafnari greiðslur, það dregur úr launasveiflum þannig að ég tel þetta kerfi vera betra en það sem við höfum í gildi núna. Ég held að það sé nauðsynlegt að herða skatteftirlit og vil gjalda varhug við því að halda að málið leysist sjálfkrafa með nýrri lagasetningu. Það er eftirlitið og framkvæmd laganna sem skiptir mestu máli.

Eitt ákvæði þessara laga er að nú á að skattleggja bílastyrki og dagpeninga og er það um 1,4 milljarðar kr. sem menn ætla að ná til með þessum hætti og skattstofn upp á um 900 millj. kr. Ákvæði um skattlagningu bílastyrkja og dagpeninga eru í núverandi skattalögum en framkvæmdin á þeim lögum hefur ekki verið sem skyldi og þessum ákvæðum hefur ekki verið framfylgt. Þess vegna vil ég við þessa umræðu beina þeirri spurningu til fjmrh. hvort það hafi verið athugað með hverjum hætti á að tryggja betri framkvæmd þessara nýju skattalaga. Og hvort fjmrn. álíti að embætti ríkisskattstjóra og skattstofurnar ráði við þessa kerfisbreytingu á þeim stutta tíma sem til er ætlast. Ef svo væri ekki þá er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að styrkja þessar stofnanir og gera þeim kleift með auknu starfsliði að koma þessari breytingu í kring þannig að tryggt sé að hún takist sem allra best og sú styrking leiði til þess að virkara skatteftirlit fylgi í kjölfar þessarar nýju lagasetningar.

Það kerfi sem hér er komið á er einfalt í sniðum, og það er vel, en eigi að síður er nauðsynlegt að í kjölfarið fylgi virkara skatteftirlit. Ég held að það fylgi ekki nema þær stofnanir, sem eiga að sjá um framkvæmd þessara laga og eftirlit, séu efldar þannig að skattheimtan verði réttlátari en ella.

Ég vildi láta þetta koma fram við 1. umr. málsins. Ég tel ekki ástæðu til að vera að lengja mál mitt öllu meira við þessa 1. umr. Málið fær vandlega athugun í fjh.- og viðskn. Ed. Ég veit að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að þar verði skarplega unnið að því og mun ekki liggja á liði mínu til þess að þetta mál fái skjótan framgang því ég tel hér um gott mál að ræða. En ég vildi mæla þessi varnaðarorð um kerfisbreytinguna sjálfa og það skatteftirlit sem þarf til þess að tryggja réttláta skattheimtu. Því það hlýtur einmitt að vera það sem við stefnum að.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Fyrir nokkrum vikum varð það allt í einu að tísku að skamma Alþfl. fyrir allt sem aflaga fór í þessu þjóðfélagi. Eitthvað raskaði þetta ró hæstv. fjmrh. sem annars hefur sýnt sig að vera mjög geðprúður maður. Hann hóf umræðuna um þau frv. sem hér eru á ferðinni, áður en þau höfðu sést, með frekar subbulegum hætti þegar hann fór að ásaka Alþfl. um það að ætla sér að standa í vegi fyrir afgreiðslu þessara frv. þegar allt og sumt sem á ferðinni var var það að formaður Alþfl. krafðist þess að fá að sjá þessi frv. og dró það að vísu eitthvað í efa að þau litu dagsins ljós eða tími ynnist til að afgreiða þau.

Ég fagna því að þessi frv. eru komin fram og andmæli því fyrir hönd þingflokksmanna okkar að Alþfl. ætli sér á nokkurn hátt að tefja fyrir eða koma í veg fyrir afgreiðslu þessara mála, enda ætla menn þá kannske þeim þingflokki meira afl en staðreyndir standa til. Hið sanna í þessu máli er að Alþfl. styður einföldun álagningar skatta og breikkun skattstofns. Alþfl. styður staðgreiðslu skatta. Alþfl. styður líka afnám tekjuskatts á almennar launatekjur og hefur gert um alllanga hríð, en um það er reyndar ekki að ræða í þessu frv., og Alþfl. styður líka endurskoðun skattkerfis eða skattheimtu í heild, en um það er heldur ekki að ræða í þessu frv.

Hvers vegna eru þessi frv. fram komin nú? Að nokkru leyti hlýtur það að vera fyrir góðan vilja, en þó skyldu menn samt sem áður minnast þess að þeir sem leggja þetta frv. fram núna hafa lofað því statt og stöðugt í hartnær fjögur ár að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum og innsigla nú vanefndir þeirra loforða með því að leggja þetta frv. fram, þar sem víðs fjarri fer að almennar launatekjur verði

skattfrjálsar.

Þetta frv. er þess vegna fram komið að aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, gerðu það að skilyrði í seinustu samningum sínum að komið yrði á staðgreiðslukerfi skatta. Ríkisstjórnin lofaði að koma því í framkvæmd, og það er það loforð sem nú er verið að efna. Sá böggull fylgir þó skammrifi að staðgreiðslukerfi skatta er örðugt að koma á öðruvísi en að einfalda innheimtu þeirra og þess vegna verður það að gerast a.m.k. samtímis. Gallinn á gjöf Njarðar að þessu sinni er sá að hér er ekki um heildarendurskoðun skattheimtu að ræða heldur eingöngu breytingar á álagningu og innheimtu skatta af launafólki. Engu að síður er það þó skref í rétta átt. Ég tel mjög nauðsynlegt að fram komi við frekari afgreiðslu og endanlega afgreiðslu þessa máls hver áform löggjafans eru í framhaldi af þeim breytingum sem þessi frv. munu skila. Ég held að löggjafinn geti ekki látið almenning vera í vafa um það hver hans endanlegu áform eru, hver hugur löggjafans til skattgreiðenda almennt er. Ekki bara þeirra sem þiggja laun heldur allra annarra sem skattskyldir eru.

Það er dálítið eftirtektarvert eins og ég áður lýsti hvernig þetta frv. er til komið, hverjir raunverulega mynda orðið þá samstöðu í þessu þjóðfélagi sem þarf til þess að ná fram jafnveigamiklum málum og hér er hreyft. Það er greinilegt að þjóðkjörnir fulltrúar telja sig ekki lengur hafa nægjanlegt umboð til þess að hrinda svona veigamiklum breytingum í framkvæmd öðruvísi en að fá til þess stuðning allt annarra aðila, sem allt öðruvísi umboð hafa, en að því er virðist það mikið greinilegra umboð að á þá er miklu frekar hlustað en áform þeirra manna sem kosnir hafa verið af þjóðinni til þess að efna þau loforð sem þeir hafa gefið. Eða hvernig er það, er umboð ASÍ og VSÍ virkilega svona miklu skýrara en stjórnvalda að þeir eiga miklu auðveldara með að koma breytingum sem þessum í framkvæmd en í raun og veru stjórnvöld sjálf? Ef svo er þá tel ég að stjórnarfari okkar sé orðið mjög ábótavant.

Eins og ég sagði áðan þá er það engin spurning að Alþfl. styður einföldun álagningar og einföldun innheimtu skatta. Stóra spurning launþegans, og þess vegna líka fulltrúa þeirra hér á þingi, hlýtur að vera sú: Hvaða breytingu hefur þetta í för með sér fyrir mig? Sjálfsagt spyrja menn flestir beint: Lækka skattarnir mínir? Eða: Hverra skattar lækka? Í fljótu bragði virðist réttarbótin ekki vera ýkja merkjanleg fyrir launþegann að öðru leyti en því að kerfið verður fyrir hann öllu skiljanlegra. Hann greiðir áfram skatta út þetta ár. Hann skilar sínu framtali. Hann fær endanlega álagningu núna á miðju sumri og ef um skattfríðindi eða frelsi er að ræða þá er það ekki nema þessi seinasti mánuður ársins, sem hingað til hefur verið skattlaus, seinasti dagur ársins í raun og veru, þ.e. fyrir þá sem laun hafa þegið fyrir fram.

Það er hægt að segja að erindisbréfið, sem fjmrh. afhenti þeirri nefnd sem hann skipaði til þess að endurskoða álagningu og innheimtu skatta, sé hinn raunverulegi lykill að réttarbótinni sem launþeginn horfir til. En hann veit ekki til hlítar hver hans réttarbót er fyrr en erindisbréfið allt saman hefur verið framkvæmt, þ.e. ekki fyrr en öll þau atriði sem farið er fram á í erindisbréfinu að unnin verði hafa verið unnin. Þá fyrst veit hann hver afstaða stjórnvalda til hans er. Og vegna þess að það mun ekki gerast á þessu þingi tel ég nauðsynlegt að löggjafinn láti í ljósi hver hin raunverulegu áform hans eru. Er það t.d. ætlunin að aflétta sköttum af almennum launatekjum? Við fréttum það hér fyrir stuttu síðan að meðaltekjur á Íslandi í dag muni vera um 63 000 kr. á mánuði. Þar hafa menn þá einhverja viðmiðun þegar ákveða verður hvar skattfrelsi endar. En ég tel mjög nauðsynlegt að í einhverju formi komi fram hver skoðun löggjafans er í því máli.

Frú forseti. Það er þó nokkur vinna sem núna er fram undan í fjh.- og viðskn. og mjög mörg atriði sem sjálfsagt þarf að skoða. Ég er ekki búinn að kynna mér þessi frv. sem hér liggja fyrir það ítarlega að ég geti farið út í efnislega umræðu um þau á þessu stigi. Það eru nokkur atriði sem maður hefur hnotið um við fljótlegan yfirlestur án þess að þau séu kannske ýkja merkileg miðað við heildarstærð þessa máls alls.

Manni verður t.d. hugsað til þess hvernig farið verður með framkvæmd 25% reglunnar svokölluðu, þ.e. ef menn auka tekjur sínar mikið á þessu ári þá er fyrirhugað að skoða þá tekjuaukningu á næsta ári með tilliti til þess hvort hún hafi farið fram úr einhverjum ákveðnum mörkum. Ef tekjuaukningin fer fram úr 25% af því sem áætla mátti að eðlilegt væri þá koma slík tilfelli til úrskurðar skattstjóra. Þetta þýðir t.d. að hafi maður það ýkta tilfelli að maður hafi haft 4 millj. kr. í tekjur og aukið þær upp í 5 millj. kr. þá er hann undir þessu tilskilda marki. Hann hefur ekki aukið tekjur sínar nema rétt sem því nemur sem menn telja athugunar vert en annar aðili, sem hefur haft 250 000 kr. í tekjur og eykur þær upp í 500 000 kr., fer það langt yfir markið að hann verður að mæta hjá skattstjóra þó að hver heilvita maður sjái náttúrlega að þarna er um tekjuaukningu að ræða sem ekki vegur eins þungt og það dæmi sem ég nefndi fyrst.

Í B-lið 11. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er að finna ákvæði um húsnæðisbætur. Hv. 11. þm. Reykv. fjallaði reyndar nokkuð ítarlega um þessa grein og gerði athugasemd við fyrsta lið þeirra skilyrða sem menn verða að uppfylla, þ.e. að um sé að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast. Þetta hlýtur að vera þeim erfitt sem eru að taka þátt í þeim sérkennum fasteignamarkaðar sem við búum við hér á Íslandi, þeim sem eru að vinna sig áfram eftir því sem fjölskyldan stækkar, og er að mínu mati alls ekki fyllilega hægt að réttlæta þetta sem skilyrði. Sjálfsagt skilyrði er það sem tilgreint er hér í 2. tölul., þ.e. að íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota. Aftur á móti er þriðja skilyrðið líka dálítið vafasamt þó að mönnum kunni að virðast það fyllilega eðlilegt svona við fyrstu sýn,

þ.e. að íbúð sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þetta atriði horfir fram hjá ömurlegri staðreynd sem við búum við, ekki hvað síst hér á höfuðborgarsvæðinu, að hér er enn þá á markaði mjög mikið af húsnæði sem ekki er lánshæft samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins þó að það sé að öðru leyti fyllilega íbúðarhæft. Það er þetta húsnæði sem kannske einmitt það fólk leitar í sem mest þyrfti á svona aðstoð hins opinbera að halda, þ.e. efnaminnsta fólkið. Þess vegna kemur þetta þriðja skilyrði kannske harðast niður á þeim sem síst skyldi.

Það eru náttúrlega fleiri spurningar sem vakna en þeirra spurninga má spyrja í nefnd eins og þeirrar hvers vegna vextir af ofgreiddum sköttum greiðast ekki nema frá 1. júlí en ekki gildir sama regla um þá sem eru vangoldnir o.s.frv. En eins og ég sagði þá eru þetta spurningar sem má spyrja í nefnd og fá skýringar á og ekki ástæða til þess að tefja þá umræðu sem hér á sér stað núna með slíkum spurningum. Það má líka spyrja þeirrar spurningar hverjir tapa á þessari breytingu. Það virðist alls ekki ljóst af þeim gögnum sem við höfum fengið. Þykir manni þó ótrúlegt að enginn muni tapa á því. Betur væri náttúrlega ef svo væri. Það þýddi þá að þetta frv., ef að lögum yrði, yrði betra en maður þekkir víðast hvar annars staðar í veröldinni þar sem sambærileg álagning og innheimta fer fram. En þetta eru upplýsingar sem fást miklu betur og skýrar í nefndinni, frú forseti, og þess vegna ætla ég ekki að tefja umræðuna hér núna með eftirleitan eftir svörum við slíku.

Ég vil bara endurtaka það af gefnu tilefni að það stendur ekki á okkur Alþýðuflokksmönnum að greiða götu þessa frv. eins mikið og í okkar valdi stendur.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega ánægjulegt að talsmenn allra þingflokka skuli í þessum umræðum nú í eftirmiðdag og í kvöld vera sammála um þá meginstefnu sem lögð er til með frv. þeim sem til umræðu eru. Það er auðvitað alveg sjálfsagt mál að menn hafi mismunandi skoðanir á einstökum ákvæðum þessara frv. Hitt er líka eðlilegt að menn hefðu viljað sjá þessi frv. eitthvað fyrr. En ég vil geta þess að það vinnst allgóður tími til þess að skoða frv. í hv. fjh.- og viðskn. Ég hafði raunar þegar boðað fundi í fyrramálið en að athuguðu máli og eftir viðræður við aðra nefndarmenn urðum við ásátt um að skynsamlegra væri að funda ekki fyrr en á miðvikudag, heldur að reyna að beina spurningum til embættismannanna sem væru þá betur færir um að svara þegar þeir mættu til fundar. Hér hafa í dag komið fram fjölmargar fsp. sem embættismennirnir hafa skrifað hjá sér og munu að sjálfsögðu reyna að greiða úr þeim. Hvort þeir geta greitt úr öllum spurningum strax á miðvikudag eða eitthvað síðar það verður að koma á daginn.

En þess er að gæta að í næstu viku verða fjölmargir þm. og raunar margir ráðherrar líka, ég hygg þó ekki hæstv. fjmrh., á Norðurlandaþingi. Þess vegna verða hér stuttir fundir eins og menn þekkja af reynslunni og ætti þess vegna að gefast gott tóm til að ræða málið í hv. fjh.- og viðskn., enda mun enginn af nefndarmönnum verða fjarverandi þá vikuna. Við ættum sem sagt að geta haft allgóðan tíma til þess að athuga málin og sjálfsagt að nota hann vel og ekki skal standa á mér að reyna að hjálpa til við að koma spurningum á framfæri, hvort heldur er frá nefndarmönnum eða öðrum hv. þingdeildarmönnum, og kalla til þá sem menn vilja hitta að máli.

Það hlýtur að vera svo að þegar menn eru sammála um meginatriðið þá náist sæmileg samstaða um að lögfesta þessi frv., að sjálfsögðu eitthvað breytt, og líka með hliðsjón af því að jafnvel þó að menn séu ekki alls kostar ánægðir með eitthvað, þá er kostur á nýju þingi á komandi hausti að breyta eitthvað framkvæmdaratriðum þó að meginstefnuna verði auðvitað að marka með löggjöf nú þannig að markvisst sé hægt að vinna að undirbúningi framkvæmdar þessarar byltingar. Ég hygg að það sé bylting. Og það væri ánægjulegt, eins og einhver hv. þm. komst hér að orði áðan, ég hygg hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, að það væri þjóðarsátt um meginstefnuna, staðgreiðsluna. Þá hljótum við að geta ráðið fram úr minni háttar atriðunum eða greitt um einstök atriði atkvæði eins og vera ber. Síðan er sumarið fram undan til skoðunar á öllum þessum málum og það væntanlega þing sem þá situr og væntanleg stjórnvöld, ríkisstjórn, hver sem hún verður, mun þá auðvitað geta breytt einhverjum atriðum.

En ég endurtek: Ánægjulegast er að við erum sammála um meginatriðið — staðgreiðsluna.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég fagna því hvað hér hefur komið fram í umræðunum í dag og kvöld eindreginn vilji til þess að greiða fyrir framgangi þessara mála og eindreginn stuðningur við þau meginatriði sem frv. byggja á, um breytingar á tekju- og eignarskattslöggjöfinni og um staðgreiðslu skatta, sem hér hafa verið til umræðu. Auðvitað er ekki óeðlilegt að um einstök atriði geri menn athugasemdir eða fyrirvara og jafnvel ágreining. Hitt er þó aðalatriðið að um þá meginstefnu sem hér er lögð virðist vera allvíðtæk samstaða og ég fagna yfirlýsingu formanns hv. fjh.- og viðskn. um að greiða fyrir framgangi málsins svo sem kostur er. Fjmrn. mun fyrir sitt leyti vera reiðubúið til þess að miðla þeim upplýsingum sem óskað er eftir af þess hálfu við meðferð málsins í nefnd.

Ég vil víkja að örfáum atriðum sem fram hafa komið hjá hv. þm. í umræðunum í dag og kvöld.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gat þess að til álita kæmi að hafa tvö skatthlutföll. Hann boðaði ekki tillöguflutning þar að lútandi en taldi að sú spurning kæmi til álita. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að

hafa tvö skatthlutföll í þessu kerfi. Mikilvægt er að þær tillögur sem hér liggja fyrir mæla fyrir um mikla einföldun og eins verða menn að hafa í huga að fastur krónutölufrádráttur, persónufrádráttur, kemur hlutfallslega þeim að mestum notum sem lægstar hafa tekjurnar og býr þannig í raun og veru til stighækkandi skattþrep í þessu kerfi. Ég er þeirrar skoðunar að með þeim tillögum sem hér liggja fyrir sé að þessu leyti stuðlað að eðlilegri dreifingu og sem jafnastri dreifingu skattbyrði.

Hv. þm. taldi einnig að það væri meginágalli í frv. sem ekki væri tekið fram í þeim, þ.e. skattlagning á fyrirtækjum og breytingar á skattlagningu varðandi eignatekjur. Að þessu viku einnig nokkrir aðrir ræðumenn. Því er til að svara að sú nefnd sem unnið hefur að þessum tillögum á vegum fjmrn. hafði það verkefni einnig samkvæmt erindisbréfi að gera tillögur um breytt fyrirkomulag tekjuskattsálagningar hjá atvinnufyrirtækjum. Hún hafði það verkefni og hefur það verkefni samkvæmt erindisbréfi sínu að kanna möguleika á afnámi eða lækkun frádráttarliða á móti lækkun skatthlutfalls, þ.e. að framkvæma svipaða kerfisbreytingu gagnvart atvinnufyrirtækjum eins og hér er verið að gera gagnvart einstaklingum. Ljóst þótti hins vegar að slík kerfisbreyting tæki lengri tíma í undirbúningi. Það sama á einnig við um hugsanlega skattlagningu á fjármagnstekjur því að slík skattlagning hlýtur að haldast í hendur við áform manna um álagningu eignarskatta. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki óeðlilegt að menn leggi meiri áherslu á skattlagningu tekna af eignum fremur en á eignirnar sjálfar. En verði slík breyting gerð hlýtur það að hafa áhrif til lækkunar á álagningu eignarskattanna. Þetta eru atriði sem áfram verður unnið að, en mín skoðun var sú að óverjandi væri að fresta þeirri réttarbót sem í þessum frv. felst fyrir launþega þó að lengri tíma tæki að fullvinna þessar tillögur að öðru leyti. Það er ástæðan fyrir því að þessi frv. eru lögð fram hér og verkinu að öðru leyti skotið á frest. Ég hygg að það hefði kostað verulega gagnrýni ef ljóst hefði verið að unnt var að koma þessum breytingum fram en þeim hefði verið skotið á frest einungis vegna þess að menn vildu fyrst ljúka tillögugerð um skattlagningu atvinnufyrirtækja áður en launþegar fengju þessa réttarbót og því eru frv. nú lögð fram.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék einnig að yfirlýsingum og fyrirheitum um afnám tekjuskatts á almennum launatekjum og það kom einnig fram í ræðum nokkurra annarra talsmanna stjórnarandstöðunnar hér í kvöld að þeir teldu að á skorti að fyrirheit um þetta efni hefðu verið efnd. Nú skulu menn gæta að því hvað gert hefur verið á þessu kjörtímabili nú þegar varðandi lækkun tekjuskatta og hverjar breytingar til viðbótar eru gerðar með þeim frv. sem hér liggja fyrir til umræðu.

Einhleypingur er eftir þá kerfisbreytingu sem þessi frv. mæla fyrir um laus við tekjuskattsgreiðslur við 40 000 kr. tekjur á mánuði. Barnlaus hjón eru skattlaus að því er varðar greiðslur á tekjuskatti til ríkisins við tekjur frá 73 000 upp í 80 000 kr. á mánuði. Og hjón með tvö börn eru skattlaus við 90 000 kr. mánaðartekjur. Hjón með tvö börn, þessi venjulega fjölskylda í þjóðfélaginu er laus undan tekjuskattsgreiðslum við 90 000 kr. tekjumark. Ég fullyrði að þegar Alþingi hefur samþykkt skattalög sem kveða á um skattálagningu af þessu tagi, þá er ekki verið að leggja tekjuskatt á almennar launatekjur. Þegar fjögurra manna fjölskylda þarf ekki að greiða tekjuskatt af 90 000 kr. tekjum, þá hefur það skref verið stigið að ekki er lagður tekjuskattur á almennar launatekjur.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um hugmyndir þess efnis að leggja mætti um 1200 millj. kr. tekjuskatt, nýjan tekjuskatt, á atvinnufyrirtæki og nota þær upphæðir til þess að lækka enn frekar skattálagningu eða hækka skattleysismörk gagnvart einstaklingum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um tillögu af þessu tagi. Að undanförnu hefur verið unnið að því fremur að lækka skatta á atvinnurekstur, m.a. hefur það verið gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekendur og launþega, í því skyni að ná almennri þjóðarsátt um lausn kjarasamninga. Það hefur verið veigamikill þáttur í því að ná þeirri lausn að létta skattbyrði á atvinnufyrirtæki og ég tel að það mundi ekki stuðla að aukinni farsæld í þjóðfélaginu að auka nú um rúman milljarð skattlagningu á atvinnufyrirtæki. Raunar hygg ég að kannske ætlist hv. þm. ekki fyllilega til að þessar hugmyndir séu teknar alvarlega. Sjálfur gegndi hann um nokkurra ára skeið embætti fjmrh. og engar slíkar tillögur voru þá fluttar um breytingar af þessu tagi. Í ljósi þess geri ég ekki ráð fyrir því að þessar hugmyndir séu meintar í fullri alvöru. Ég geri ráð fyrir því að þá hefði hv. þm. notað þau ár sem hann sat í fjmrn. til þess að koma þeim hugmyndum fram ef hann hefði talið þær í raun og veru raunhæfar.

Hv. þm. vék einnig að samráði við sveitarfélög og fullyrti að ekkert samráð hefði verið haft við sveitarfélögin. Þetta er alrangt. Talsmönnum Sambands ísl. sveitarfélaga var á fundi gerð grein fyrir öllum meginhugmyndum þegar í upphafi vinnu við samningu á þessum frv. Drög að staðgreiðslufrv. voru kynnt félmrn. og rædd þar á fundi með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og eftir þann fund bárust skriflegar athugasemdir frá formanni sambandsins. Á öðrum fundi með sömu aðilum var farið yfir athugasemdir og frv. breytt með tilliti til athugasemda í ýmsum atriðum sem þær tóku til. Ég nefni hér ákvörðun um innheimtuhlutfall og endanlegt útsvarshlutfall. Ég nefni hér að sveitarfélögin gerðu athugasemdir við innborgun inn á reikning sveitarfélaga, sameiginlegan reikning, í stað þess að nú gerir frv. ráð fyrir því að greitt sé inn á reikninga sveitarfélaga í bankastofnunum eða á póststofum. Tekið var tillit til þessara athugasemda. Innheimtuþóknun var lækkuð úr 3% í 1%. Farið var yfir allar áætlanir um útreikninga útsvars með þessum aðilum og þeim afhent yfirlit yfir skattstofna og útsvör eftir einstökum sveitarfélögum, þannig að í einu og öllu

var haft hið fyllsta samráð og tekið verulegt tillit til þeirra athugasemda sem frá Sambandi ísl. sveitarfélaga komu.

Það er heldur ekki rétt að sjálfstæði sveitarfélaga sé skert með þessum frv. Ákvörðunarvald þeirra um útsvar er hið sama og í dag. Þau ákveða endanlegt útsvarshlutfall, allt að tilteknu hámarki, svo sem lög mæla fyrir um nú þegar. Þetta hlutfall, sem gert er ráð fyrir í þeirri nýju löggjöf sem hér um ræðir og fram kemur í breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er nú lítið eitt hærra en það hefur verið. Þá er líka á það að líta að þegar tekin er upp staðgreiðsla útsvars þá er aðstaða sveitarfélaga bætt til muna því að þau fá nú verðtryggðan tekjustofn og það skiptir gífurlega miklu máli fyrir sveitarfélögin og er vafalaust mjög mikils um vert fyrir þau að fá nú útsvarið sem verðtryggðan tekjustofn sem greiddur er samtímis. Það er einnig rétt að taka fram að ríkissjóður stendur undir útsvari þar sem skattleysismörk sleppa skattgreiðendum við greiðslu til síns sveitarfélags í samræmi við ákvæði í 10. gr. frv. Þannig að í þessu efni er ekki verið að vega að minnstu sveitarfélögunum þar sem oft er um að ræða einstaklinga sem eru undir skattleysismörkum.

Hv. þm. vék að því að frv. raskaði stöðu ýmissa aðila eins og til að mynda námsmanna. Á það er að benda að námsmenn koma gjarnan til starfa á miðju ári en þeir njóta fulls persónufrádráttar í þessu nýja skattkerfi þannig að persónuafsláttur fyrir árið í heild nýtist þeim þó að þeir komi til starfa á miðju ári. Í því er fólgið verulegt hagræði, þannig að fullyrðingar af þessu tagi eru mjög vafasamar þó að ekki verði fram hjá því litið að með staðgreiðslu byrja menn almennt að greiða skatt á fyrsta starfsári í stað þess að áður byrjuðu menn að greiða skatta árið eftir. Að sama skapi koma þessar breytingar auðvitað fram við starfslok. En í engum aðalatriðum er þar um að ræða aukið óhagræði fyrir skattgreiðendur.

Frumvörpin gera ráð fyrir því að hér sé um að ræða heldur minni skattheimtu í formi tekjuskatts en áður var þó ekki sé um stórfellda lækkun að ræða og því er almennt ekki um aukna skattbyrði að ræða, heldur þvert á móti er miklu fremur að frv. leiði til minni skattbyrði þó að auðvitað geti það komi misjafnlega út, ekki síst vegna þess að verið er að taka inn ný atriði sem ekki hafa komið til skattlagningar áður.

Að því er varðar það sjónarmið hv. 3. þm. Norðurl. v. að eðlilegra hefði verið að miða við skattvísitölu að hefðbundnum hætti fremur en lánskjaravísitölu er ég ekki sammála í því efni. Það hefur reynst mjög erfitt að segja til um hver skattvísitala eigi að vera. Margra ára reynsla sýnir að tillögur um skattvísitölu í desembermánuði hafa aldrei staðist dóm reynslunnar og er langur listi aftur í tímann um tilraunir manna í þessu efni glöggt vitni þar um og því eðlilegt að miða við lánskjaravísitölu. Auðvitað hlýtur það svo að verða sjálfsagt atriði ef mikið misgengi verður á milli lánskjaravísitölu og launaþróunar að ákveða breytingar á skattfjárhæðum eða skatthlutföllum í tengslum við almenna þróun efnahagsmála, en að öðru jöfnu á lánskjaravísitalan að vera eðlilegri mælikvarði í þessu efni.

Hv. 5. landsk. þm. vék að því í upphafi ræðu sinnar að ég hefði að því er mér skildist komið heldur ómaklega fram við Alþfl. og sakað hann um að ætla að tefja framgang þessa máls. Ég vil af þessu tilefni taka sérstaklega fram að ég fagna yfirlýsingu hv. þm. og enn fremur yfirlýsingu hv. 8. þm. Reykv. þess efnis að Alþfl. vilji greiða fyrir framgangi málsins og sjá það verða að veruleika á þessu þingi. Ég fagna þessari afstöðu. En hitt er satt og rétt að ég gat ekki annað en túlkað fyrstu viðbrögð formanns Alþfl. á þann veg að ætlunin væri að koma í veg fyrir framgang málsins. Eins og menn rekur minni til kom formaður Alþfl. fram í útvarpsviðtölum og lýsti því yfir að það væri ekki hægt að koma þessum frumvörpum fram. Vinna við þau væri of skammt á veg komin. Það væru öll vandamál óleyst sem taka þyrfti afstöðu til. Þar að auki bætti formaður Alþfl. því við að hann hefði samkvæmt upplýsingum úr skattkerfinu sjálfu frá embættismanni fullgild rök fyrir því að þetta væri tæknilega ekki framkvæmanlegt. Þessi ummæli túlkaði ég á þann veg að formaður Alþfl. vildi koma í veg fyrir framgang málsins og þar að auki túlkaði ég þau á þann veg að hann væri kominn í andstöðu við ýmsa af eigin flokksmönnum, ekki síst þá sem lengi hafa staðið í fylkingarbrjósti í verkalýðshreyfingunni. Og lái mér hver sem vill þó að ég hafi túlkað þessi furðulegu ummæli á þennan veg, enda kom síðar á daginn, þegar málið var athugað, að flokksformaðurinn hafði aldrei haft samband við embættismenn í skattkerfinu, aldrei haft samband við þá sérfræðinga sem unnu að gerð frv. til að fá upplýsingar um gang verksins né heldur til þess að fá faglegt mat skattyfirvalda og embættismanna skattkerfisins á því hvort þetta var mögulegt. Það kom sem sagt í ljós að þessi fullyrðing um að hann hefði upplýsingar frá embættismanni í kerfinu hafði ekki við rök að styðjast. Var þá nema eðlilegt að mín viðbrögð væru þau að líta svo á að ætlunin væri með einhverjum sérstökum upphlaupum af þessu tagi að koma í veg fyrir að frv. næði fram að ganga? Ég hef hins vegar fundið það mjög víða að gegn þessu komu sterk viðbrögð. Ég vissi að meginþorri Alþýðuflokksmanna var annarrar skoðunar. Ég vissi það af eigin reynslu að ýmsir af helstu forustumönnum Alþfl. í verkalýðsforustunni vildu annað. Ég fagna því að það hefur verið tekið af skarið í þessu efni og Alþfl. ætlar að standa að framgangi þessara mála og ég vona að formaður Alþfl. sjái að sér eftir þetta kynlega upphlaup.

Hv. 5. landsk. þm. vék að því að hér væri ekki um heildarendurskoðun á skattkerfinu að ræða og það er satt og rétt. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Fyrir hv. Alþingi liggur frv. um virðisaukaskatt sem er grundvallarbreyting á óbeinni skattheimtu. Sú nefnd sem unnið hefur þetta verk sem hér er til umræðu vinnur áfram að tillögum bæði

að því er varðar skattlagningu á atvinnurekstur almennt og enn fremur skoðun á skattlagningu á eignatekjur og samspil slíkrar skattlagningar og eignarskatts. Hér er því mjög góður gangur á því verki að koma fram heildarendurskoðun og nýrri uppbyggingu á skattkerfinu, en svo viðamikil breyting sem hér um ræðir næst ekki fram samhliða annarri breytingu svo sem eins og á virðisaukaskattinum og því var ákveðið að þessi grundvallarbreyting, þ.e. staðgreiðslan, hefði forgang fram fyrir virðisaukaskattinn sem hlýtur að koma í beinu framhaldi af því að þetta verður að veruleika.

Að því er varðar sjálfstæða atvinnurekendur er gert ráð fyrir því að þeir staðgreiði tekjuskatt af tekjum sínum og að lágmarki miðað við þær viðmiðunarreglur sem út verða gefnar af skattstjórum.

Eðlilega hafa komið hér til umræðu þær breytingar sem ráð er fyrir gert varðandi fríðindagreiðslur. Ég tel að það hafi verið útilokað annað en að taka á því máli. Það hefur eðlilega leitt til óánægju með skattinn að sumir skattgreiðendur hafa getað tekið hluta launa sinna með þessum hætti en aðrir ekki og það hefur leitt til óréttlætis. Auðvitað verður að huga að því að í sumum tilvikum er um beinan kostnað að ræða og það er ekki ætlunin að skattleggja hann, en eigi að síður verður að takast á við þetta. Það liggja fyrir tölulegar upplýsingar um að fríðindi af þessu tagi vaxa í réttu hlutfalli við hæð launa og því liggur í augum uppi að þær breytingar hafa hér orðið á á undanförnum árum að laun hafa beinlínis verið greidd með þessum hætti í þeim tilgangi að skjóta þeim undan skatti þó að í mörgum tilvikum sé um beinan útlagðan kostnað að ræða og þá er ekki ætlunin að skattleggja launþega fyrir honum.

Hv. 11. þm. Reykv. vék að ýmsum atriðum, m.a. því að að mati hv. þm. væri um að ræða of mikla einföldun á skattkerfinu. Varhugavert væri að fækka frádráttarliðum um of. Ég er ekki sammála þessari skoðun. Ég tel það vera megingildi þeirrar breytingar sem hér fer fram að kerfið hefur verið einfaldað verulega og enn fremur að niðurstaðan skuli vera sú að hlutföllum einstakra hópa skattgreiðenda skuli eigi að síður ekki vera raskað þó að þessi mikla einföldun hafi átt sér stað.

Varðandi húsnæðisbæturnar og regluna um fyrstu íbúð sem forsendu fyrir húsnæðisbótum er það auðvitað matsatriði. Hér er verið að útdeila sömu upphæð og ríkið ver nú til þessara þarfa. Frv. gerir ráð fyrir því að þessir fjármunir verði fyrst og fremst nýttir í þágu þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Fyrri reglan nýttist augljóslega best þeim sem höfðu hæstar tekjur, höfðu efni og aðstöðu til að taka mest lán og því felst að mínu mati í þessu nýja fyrirkomulagi veruleg aðstöðujöfnun.

Ég hygg að ég hafi þá vikið að flestum þeim atriðum sem ástæða þykir til á þessu stigi máls. Eðlilega fer frv. til meðferðar í nefnd og ég veit og met það af yfirlýsingum hér að þar verða frv. tekin til rækilegrar skoðunar og ég ítreka það að fjmrn. er reiðubúið fyrir sitt leyti að aðstoða við þá vinnu með útvegun þeirra upplýsinga sem unnt er og menn óska eftir við meðferð málsins.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að lengja þessa umræðu með því að taka aftur til máls, en eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. fjmrh. get ég ekki orða bundist. Svo gekk ósvífni hans úr hömlu, svo voru blekkingarnar stórfelldar að óhjákvæmilegt er að hafa þar uppi hin hörðustu mótmæli. Það getur enginn alþm. setið undir slíkum blekkingum eins og þeim að með þessu frv. sé búið að afnema skatt af almennum launatekjum, það sé bara búið að ná þessu takmarki. Þetta var það sem hæstv. ráðh. bauð mönnum upp á áðan. Hann sagði að vegna þess að skattfrelsismörk hjóna í tekjuskatti með tvö börn væru komin upp í 90 þús. kr. væri augljóst að það væri búið að ná því marki að afnema skatt af almennum launatekjum.

Hvað var hæstv. ráðh. eiginlega að fara þarna? Er þetta nýja blekkingaklisjan sem hann ætlar að hafa uppi í komandi kosningabaráttu? Er þá ekki tímabært að fara að átta sig á í hverju hún er fólgin? Vissulega er hægt að orða það eins og hann gerði áðan að skattfrelsismörk í tekjuskatti geti talist eitthvað hærri en í útsvari, jafnvel þó að menn séu búnir að sameina þetta hvort tveggja í eina skattlagningu, því að það má segja sem svo að ef útsvarið telst vera 6,25% og ef skattfrelsismörk eru talin vera 33 þús. fyrir báða skattana má með fullum rétti segja að skattfrelsismörkin, ef bara er litið á tekjuskattinn, séu dálítið hærri. Það er út af fyrir sig rétt og skal viðurkennt. En auðvitað er fjarstæða í fyrsta lagi að taka dæmið um hjón með tveimur börnum vegna þess að þegar skattur er reiknaður út fyrir hjón með tvö börn koma inn í myndina barnabætur sem er greiðsla ríkisins til stuðnings barnafjölskyldum, hét á sínum tíma fjölskyldubætur og var alveg óháð skattakerfinu, hefur síðan smám saman þokast inn í skattakerfið og komið þar til frádráttar, en er greiðsla sérstaks eðlis og er fjarstæða að blanda því þar saman við.

Ef við lítum á skattfrelsismörk einstaklinga og miðum við að fyrstu greiðslurnar gangi upp í útsvar getum við kannske með fullum rétti sagt að skattfrelsismörk í tekjuskatti hjá einhleypingum þokist upp í 40 þús. kr. á mánuði meðan heildarskattfrelsismörkin eru 33 þús. Við getum sagt að síðan séu næstu 7 þús. kr. eða svo skattfrelsismörkin sem hækka ef tekið er tillit til útsvarsins. En hvað eru 40 þús. kr. í dag? Eru það almennar launatekjur? Nei, það eru ekki almennar launatekjur. Það er langt þar fyrir neðan eins og menn þekkja. Meðaltekjur í þjóðfélaginu í dag eru um 63 þús. kr. og þá er ekki reiknað með bifreiðastyrkjum og dagpeningagreiðslum eins og meiningin er að gera í þessu væntanlega skattakerfi þannig að meðaltekjur reiknaðar á þann hátt yrðu vafalaust hærri. Sjá þá allir að það er fjarstæða að tala um að skattfrelsismörk í tekju-

skatti séu komin upp fyrir almennar launatekjur því að þær gera greinilega ekki mikið meira en að ná liðlega hálfum meðaltekjum fólks, enda er það svo að skattfrelsismörk barnlausra hjóna eru væntanlega, ef miðað er við tekjuskattinn einan, einhvers staðar í kringum 80 þús. kr., þ.e. tvöfaldar þær sem eru hjá einhleypingnum, gróft reiknað. Þar er sem sagt um tvöfaldar tekjur að ræða og því augljóst að við erum að tala þarna um skattfrelsi almennra launatekna í mesta lagi að hálfu leyti eða svo. Ég vildi alveg sérstaklega mótmæla þessari túlkun hæstv. fjmrh. sem ég taldi með eindæmum ósvífna og vildi ekki láta hana standa hér ómótmælt.

Um fyrirtækin og þá tillögu mína að þau séu látin greiða tekjuskatt með eðlilegum hætti hafði hæstv. ráðh. ekki margt að segja. Hann afgreiddi þá tillögu á ákaflega yfirborðslegan hátt. Hann sagði að í fjármálaráðherratíð minni hefði lítið verið hreyft við þessum málum og það sýndi að ég mundi ekki mikið meina það sem ég segði í þessum efnum. En ég vil minna á að í fjármálaráðherratíð minni voru fyrningar hjá rekstraraðilum skertar frá því sem var í fyrri löggjöf og þá voru rekstrartekjur skildar frá launatekjum þannig að menn gátu ekki komist undan að greiða skatt af launum með því að skuldajafna á móti rekstrartapi sem gat verið meira eða minna illa fengið.

Og fleira mætti nefna. Álagningarhlutfall á félög var þá hærra. Það var 58% á félög, en er nú 50%. Í tíð núv. ríkisstjórnar hafa verið gerðar mjög margar breytingar á skattlagningu fyrirtækja allt til ívilnunar og það eru reyndar ekki breytingar sem hafa verið gerðar vegna einhvers samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins. Það eru ósannindi sem hæstv. ráðh. fór hér með áðan. T.d. að frádráttur vegna fjárfestinga í atvinnurekstri hafi verið afrakstur einhverra samninga milli aðila vinnumarkaðarins. Það er fjarstæða. Ég veit að það kannast enginn við það. Það er hins vegar rétt að breytingar sem gerðar voru á sköttum í fyrra léttu skattbyrði fyrirtækja. En við munum það vafalaust öll rétt að þar var ekki um að ræða breytingu á tekjuskatti. Þar var um að ræða breytingu á launaskatti og það er allt önnur saga. Nú var gerður samningur vinnuveitenda og launafólks. Breytingar á tekjuskatti félaga hafa hins vegar ekki átt uppruna sinn í samningum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að lengja þessa umræðu með því að endurtaka ræðu mína frá því í dag um þær ýmsu frádráttarheimildir sem skotist hafa inn í skattalöggjöfina í tíð þessarar stjórnar. Ég hef rakið það svo oft hér í deildinni áður að það er óþarfi að gera það hér nú. En auðvitað skaut hæstv. ráðh. langt yfir markið þegar hann reyndi að halda því fram að álagning á fyrirtæki sé með hliðstæðum hætti í dag eða fyrir fjórum árum. Þar er verulegur munur á.

Ég get svo aftur á móti fyrirgefið hæstv. ráðh. þó að hann hafi kannske misskilið orð mín um skattvísitölu og þá tillögu sem hann gerir í frv. um að skattafsláttur inn breytist í hlutfalli við hækkanir á lánskjaravísitölu. Það var greinilegt að hann hafði hreinlega misskilið orð mín og ekki áttað sig á því hvað ég var að fara. Ég get nefnilega ósköp einfaldlega tekið undir með honum að það er ekki auðvelt í staðgreiðslukerfi að ætla að breyta frádráttarliðum eða upphæðum skattafsláttar í hlutfalli við tekjubreytingar í þjóðfélaginu vegna þess að við vitum ekki um tekjubreytingar í þjóðfélaginu fyrr en mörgum mánuðum eftir að þær eiga sér stað. Þær koma ekki fram í hagskýrslum fyrr en í fyrsta lagi hálfu ári eftir að þær hafa átt sér stað. Það væri því alveg óraunhæft að ætla að nota sömu aðferðir í staðgreiðslu og gert er í núverandi kerfi með því að miða við skattvísitölu sem hreyfðist eftir tekjubreytingum. Þetta var ekki mín meining þegar ég ræddi þessi mál hér í dag. En hitt er alveg jafnfjarstæðukennt að ætla að fara að miða breytingar á skattafslætti við verðlagsbreytingar í þjóðfélaginu, miða þær við hvort olía hækkar eða lækkar í verði eða eitthvað annað sem kemur skattálagningunni ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það er algerlega út í bláinn. Við höfum að sjálfsögðu ákveðna viðmiðun sem við getum treyst, en það eru hreinar kauptaxtabreytingar og kauplagsbreytingar. Það er reiknuð út vísitala kauptaxta og meðallaunataxta og hver svo sem reikniaðferðin yrði nú í sambandi við þetta er augljóst mál að það mætti vafalaust finna hvaða breytingar hefðu orðið á launagreiðslum tvisvar á ári. Það yrði að sjálfsögðu fyrst og fremst að vera sú breyting sem verður bersýnilega á töxtum, en það yrði ekki hægt að reikna þar launaskrið inn í eða annað það sem menn raunverulega sjá ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Sú viðmiðun væri að sjálfsögðu miklu sanngjarnari og eðlilegri. Í hvert skipti sem einhver breyting yrði á almennum launatöxtum í þjóðfélaginu væru frádráttarliðir eða skattafsláttur hækkuð í samræmi við það og aðrar fastatölur í skattalögum. En að ætla sér að fara að miða við breytingar á verðlagi að einhverju leyti með viðmiðun við lánskjaravísitölu er að sjálfsögðu algerlega út í bláinn. Ég vona að hæstv. ráðh. skilji þessa athugasemd því það var bersýnilegt að hann hafði ekki skilið hana í dag.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Þögn er sama og samþykki, segir einhvers staðar, og það er freistandi að álíta að sú þögn sem var í ræðu hæstv. fjmrh. áðan um flest af því sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni sé sama og samþykki hans því vægast sagt var ræða hæstv. ráðh. heldur þunnur þrettándi. Ég beindi einni beinni spurningu til hæstv. ráðh. og henni lét ráðherrann ósvarað. Ég vil ítreka hana nú og æskja enn á ný svara.

Ég spurði ráðherra beint að því hvaða rök lægju fyrir því að b-liður 30. gr. núgildandi skattalaga er ekki felldur niður, hvaða rök lægju fyrir því að fella niður frádrátt af vaxtakostnaði t.d. en ekki vaxtatekjum. Ég vona að ráðh. svari þessu á eftir.

Ráðherra gerði að umtalsefni það sem ég sagði um húsnæðismálin og um hversu fjarri íslenskum veruleika sú „fyrsta sinn" regla sem við getum kallað svo, sem er í þessu frv., er íslenskum veruleika í húsnæðismálum. Ráðherra benti á að það væri matsatriði hvernig meta skyldi þessa reglu og að fyrri regla hefði nýst best þeim sem hæstar hefðu tekjurnar og gætu þess vegna tekið mest lán. Ég er sammála ráðherra að því leyti að fyrri reglan, reglan sem nú er í gildi, nýtist þannig. En ég var ekki að leggja til að hún yrði tekin upp aftur. Ég var öllu heldur að vekja athygli á því að „fyrsta sinn" ákvæðið í núgildandi fyrirkomulagi er út í hött miðað við þann veruleika sem er í íslenskum húsnæðismálum og því væri nóg að fella niður þetta „fyrsta sinn" ákvæði á húsnæðisþættinum og láta bæturnar gilda fyrir alla með einhverjum hætti. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram.

Annað atriði sem var nokkuð athyglisvert í ræðu hæstv. ráðh. var það að hjón með tvö börn greiði ekki skatt af allt að 90 þús. kr. á mánuði og þar með sé tekjuskattur á almennar launatekjur afnuminn. Síðasti ræðumaður kom inn á þetta atriði og benti á að almennar launatekjur séu hærri en sem þessu nemur og því sé ekki búið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum með þessum hætti. Það sem mér þótti að auki mjög athyglisvert við þetta dæmi hæstv. ráðh. er að samkvæmt þessu gerir hann ráð fyrir að hvert heimili þurfi tvær fyrirvinnur. Það er út af fyrir sig mjög athyglisvert. Eins vil ég benda á að um 90 þús. kr. á mánuði eru um það bil framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar. Hún telur þó ekki hjón og tvö börn heldur hjón og rúmlega eitt barn. En það að heimili þurfi tvær fyrirvinnur er mjög athyglisvert að skuli hér með hafa verið viðurkennt af hæstv. ráðh. Nú er að sjá hvort einhverjar tillögur koma frá þeirri hæstv. ríkisstjórn sem nú situr um hvernig mæta eigi útivinnu beggja foreldra með öðrum hætti, einkum og sér í lagi á félagslega sviðinu. Á það hefur mikið skort.

Ég vil að lokum, og ætla ekki að lengja þessa umræðu meir, aðeins víkja að því sem formaður fjh.- og viðskn. kom að í ræðu sinni, hv. 4. þm. Norðurl. v., þar sem hann taldi afar ánægjulegt, og vísaði þar í mín orð, að þjóðarsátt ríkti um meginstefnu þessara frumvarpa. Það voru ekki mín orð. **(EKJ:** Staðgreiðslan held ég sé.) Já. Mín orð voru þau að þjóðarsátt ríki mjög sennilega um staðgreiðslukerfi skatta. En eins og ég tók mjög rækilega fram í ræðu minni eru hér á ferðinni mjög róttækar og umbyltandi breytingar á álagningarkerfinu. Þessi frv. eru tvíþætt. Það er annars vegar staðgreiðslan og hins vegar gjörbylting á því hvernig skattur er lagður á. Um síðara atriðið ríkir engin þjóðarsátt.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna fullyrðingar hæstv. fjmrh. hér áðan þegar hann vitnaði til þeirra ummæla formanns Alþfl. að hann hefði rætt þessi mál við embættismenn í kerfinu, þá lýsti hæstv. fjmrh. því yfir klárt og kvitt að það væri ekki rétt, formaður Alþfl. hefði ekki gert það. Ég mótmæli mjög harkalega þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Hann veit ekki við hverja formaður Alþfl. á trúnaðarsamtöl um þessi mál og hefur þess vegna ekki aðstöðu til að tala eins og hann gerði áðan. Ég fullyrði og geri það með góðri samvisku af bestu vitund að formaður Alþfl. ræddi þessi mál við ýmsa aðila og leyfi mér því enn einu sinni að mótmæla og lýsa furðu á þeim málflutningi hæstv. fjmrh. þegar hann í rauninni kemur í ræðustól og lýsir formann Alþfl. ósannindamann.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en fyrst vegna þeirrar umfjöllunar sem hér hefur orðið um formann Alþfl. og þær athugasemdir sem hann gerði. Ég staðhæfði að hann hefði ekki haft samband við þá sérfræðinga og embættismenn sem unnu að gerð frv. né heldur embættismenn í skattkerfinu. Ríkisskattstjóri hefur staðfest að svo sé, enda hefur komið á daginn að allar hrakspárnar sem þar voru bornar fram rættust ekki. Málin voru einfaldlega komin miklu lengra á veg en þar var lýst. Þar var búið að leysa þau viðfangsefni og álitaefni sem sögð voru óleyst sem best sést á því að frv. eru nú þegar komin hér til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu. Það er aukaatriði og ég fagna miklu fremur að Alþfl. skuli heils hugar, eins og hér hefur komið fram, ætla að beita sér fyrir framgangi málsins.

Varðandi fsp. hv. 11. þm. Reykv. um fjármagnstekjurnar, þá hafði ég þegar í ræðu minni í athugasemdum við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. gert grein fyrir að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum að svo stöddu á skattlagningu á fjármagnstekjur og sú nefnd sem unnið hefur að þessum frv. hefur það verkefni áfram að vinna að endurskoðun á skattlagningu þeirra. Því eru ekki á þessu stigi gerðar tillögur um breytingar þar um, en þetta tók ég skýrt fram í svari mínu við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Að svo miklu leyti sem þörf er á biðst ég afsökunar á því að ég skyldi ekki hafa endurtekið það svar aftur í ræðu minni, en ýmsir af ræðumönnum viku að sömu efnisatriðunum.

Varðandi viðmiðun hv. þm. við skattleysismörk fjögurra manna fjölskyldu við útgjöld vísitölufjölskyldunnar, þá hygg ég að ýmsum kunni að sýnast sem svo að einmitt útgjöld vísitölufjölskyldunnar séu ekki óeðlilegur mælikvarði á almennar launatekjur í þjóðfélaginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Gildistaka laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 595.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um gildistöku staðgreiðslulaga, þetta er 341. mál á þskj. 595.

Í framhaldi af framsögu fyrir frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda annars vegar og breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt hins vegar er hér mælt fyrir frv. til laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í gildistökuákvæði staðgreiðslufrv. segir að þau lög komi eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hafi sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Er frv. sem hér er til umræðu flutt til samræmis við þetta ákvæði.

Það er að sönnu nýmæli við lagasetningu hérlendis að setja sérstök lög um gildistöku annarra laga, en hefur tíðkast nokkuð í nágrannalöndum okkar þegar sérstaklega hefur staðið á og um viðamikla og vandasama löggjöf er að ræða. Við setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda háttar mjög óvenjulega til þar sem til úrlausnar koma ýmis tímabundin atriði sem heyra munu sögunni til þegar breytingin úr núverandi innheimtuformi skatta yfir í staðgreiðslu verður um garð gengin. Með vísan til þess svo og hins að þessari breytingu tengjast tímabundin ákvæði í breyttum lögum um tekjuskatt og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga þótti rétt að hafa þann hátt á að setja sérstök lög um gildistöku staðgreiðslulaganna þar sem tekið yrði á öllum atriðum sem tengjast breytingunni sem slíkri.

Þess má geta að í frv. til laga um staðgreiðslu skatta, sem lagt var fram á 104. löggjafarþingi 1981 og hæstv. þáv. fjmrh. mælti fyrir, var gert ráð fyrir sams konar tilhögun varðandi gildistökuna. Þar var einnig gert ráð fyrir sérstökum lögum um gildistöku staðgreiðslulaganna.

Það er ástæðulaust að hafa mörg orð um þetta frv. efnislega, það skýrir sig að flestu leyti sjálft. Í því kemur fram að almenna reglan varðandi launatekjur ársins 1987 verður sú að skattlagning á þær fellur alveg niður, sbr. 2. gr. frv. Þetta þýðir að öll venjuleg og eðlileg laun ársins 1987, sem eru tilkomin vegna vinnuframlags gjaldanda, verða skattfrjáls þótt þau verði að sjálfsögðu framtalsskyld við framtal í ársbyrjun 1988. Þó skal leggja á menn tekjuskatt og útsvar ef auknar launatekjur manns á árinu 1987 verða að mati skattstjóra ekki raktar til aukins vinnuframlags, aukinnar starfsábyrgðar eða stöðuhækkunar, eins og fram kemur í 3. gr. frv. Þetta ákvæði er hugsað sem varúðarráðstöfun gagnvart þeim sem hyggjast reyna að færa tekjur sem laun með óeðlilegum hætti án þess að vinnuframlag eða aðrar eðlilegar ástæður liggi að baki. Tekjur aðila í sjálfstæðum rekstri, svokallað reiknað endurgjald, geta aukist að raungildi um 25% á milli áranna 1986 og 1987 án þess að til skattlagningar komi, sbr. 4. gr. frv. Aukist þær meira eða fari fram úr viðmiðunartekjum samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein fyrir árið 1987 telst sú fjárhæð sem umfram er til yfirfærðra launatekna og skal þá skattleggjast. Sama gildir um launagreiðslur til manna frá lögaðila sem maðurinn er eigandi að ef hann getur með eignarhlutdeild sinni haft áhrif á fjárhæð launagreiðslna til sín, maka síns eða barna á árinu 1987.

Tekjuskatts- og eignarskattsálagningin 1988 verður í aðalatriðum framkvæmd eftir sömu reglum og gilda um álagningu á árinu 1987 að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á skattvísitölum í fjárlögum fyrir árið 1988 eða annarra breytinga sem gerðar kunna að verða í tengslum við gerð fjárlaga fyrir það ár. Þegar álagningin 1988 hefur farið fram með þessum hætti verður innheimta álagðs útsvars á launatekjur manna felld niður í samræmi við ákvæði í 2. gr. frv. Önnur álagning kæmi hins vegar til innheimtu með staðgreiðslu skatts af launatekjum manna á síðari hluta árs 1988, en gildistaka að öðru leyti miðast við að staðgreiðsla hefjist í ársbyrjun 1988.

Ég legg svo til, frú forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 603.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum á þskj. 603.

Frv. þetta er flutt í tengslum við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í desember s.l. voru skattamál til umræðu. Ríkisstjórnin gaf þá fyrirheit um að frv. um staðgreiðslu beinna skatta yrði lagt fram á því þingi sem nú situr þannig að unnt verði að taka upp staðgreiðslu beinna skatta í ársbyrjun 1988.

Frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda hefur nú verið lagt fram. Í tengslum við það er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Meginbreytingarnar, sem lagðar eru til í þessu frv., felast í breyttu fyrirkomulagi við álagningu útsvara og við innheimtu þeirra.

Einnig þótti rétt að gera nokkrar breytingar á ákvörðunum um innheimtu aðstöðugjalda.

Í 1. gr. frv. er lögð til sú meginbreyting að stofn til álagningar útsvars verði hinn sami og tekjuskattsstofn samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 með þeim breytingum sem nú hafa verið lagðar til í frv. til l. um breytingu á þeim lögum. Þessi nýi stofn samsvarar núverandi útsvarsstofni að viðbættum núverandi frádráttarliðum, skyldusparnaði, kostnaði á móti ökutækjastyrk og dagpeningum, hlunnindum, verkfæra- og hljóðfærapeningum, helmingi greiddra meðlaga og námsfrádrætti. Enn fremur hækkar stofninn um elli- og örorkulífeyri almannatrygginga. Varðandi ökutækjastyrk og dagpeninga er þó gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum til að koma í veg fyrir að menn greiði skatt af raunverulegum kostnaði sem þeir hafa t.d. vegna notkunar bíla í þágu vinnuveitenda eða á ferðalögum vegna starfs síns.

Á árinu 1986 var útsvarsstofninn 57 milljarðar 953 millj. kr. Með þeim breytingum sem nú eru lagðar til er talið að hann hefði orðið 64 milljarðar og 737 millj. kr. Álagt útsvar 1986 var 5 milljarðar 373 millj. kr. Ef miðað er við 33,5% hækkun launa milli áranna 1985 og 1986 hefði útsvarsstofn samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi orðið 86 milljarðar 424 millj. kr. Útsvarið sem álagt var 1986 hefði verið um 6,22% af útsvarsstofninum í staðgreiðslunni.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að hundraðshluti útsvara sé annars vegar lækkaður úr 11% í 7% og hins vegar úr 3% í 2% vegna barna. Þessar hlutfallstölur eru miðaðar við að þær gefi sveitarfélögunum svipaða möguleika á útsvarstekjum og þau hafa haft. Leggja ber áherslu á að útsvar verður nú verðtryggt.

Lækkun hundraðshluta útsvars stafar af tvennu. Í fyrsta lagi hækkar útsvarsstofn við að felldir eru niður ýmsir frádráttarliðir eins og ég hef áður gert grein fyrir. Í öðru lagi leiðir staðgreiðslukerfið til þess að útsvarið fylgir launabreytingum. Þrátt fyrir ákvæði um hámarksálagningu útsvara er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi sömu möguleika til viðbótarálags og lækkunar og áður. Sjálfstæði sveitarfélaga og möguleikar þeirra til að ráða eigin tekjustofnum er því á engan hátt takmarkað frá því sem verið hefur.

Lagt er til í 3. gr. að félmrh. ákveði með reglugerð árlega nýtingu álagningarhlutfalls skv. 2. gr. Gert er ráð fyrir að félmrh. leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en reglugerð er gefin út og taki jafnframt tillit til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári. Miðað er við að reglugerð verði gefin út fyrir 15. nóv. ár hvert vegna ákvörðunar um álagningu og innheimtu í staðgreiðslukerfi árið eftir.

Í 2. mgr. 3. gr. er lagt til að sveitarstjórn ákveði árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvaða hundraðshluti skuli lagður á tekjur á því ári. Sú ákvörðun verður hverju sinni að vera innan hámarksákvæða skv. 2. gr. Ákvörðun skal tilkynna ríkisskattstjóra.

Efni 4. mgr. er í samræmi við 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sem fjallar um fjárþröng sveitarfélaga.

4. gr. felur í sér sama efni og gildandi 24. gr. að öðru leyti en því að lagt er til að tilkynningar um lækkun útsvara berist einnig ríkisskattstjóra.

Í 5. gr. eru lagðar til breytingar til samræmis við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í 6. gr. er lögð til sú meginbreyting að greiðsla útsvars á tekjuári verði til bráðabirgða. Endanleg álagning fer hins vegar ekki fram fyrr en eftir á. Getur því komið til endurgreiðslu síðar eða viðbótarkröfu frá sveitarsjóði þegar endanleg álagning liggur fyrir.

Í 7. gr. er lagt til að gildandi 34. gr. og 35. gr. verði felldar niður, en meginefni þessara greina kemur fram í 3. mgr. 3. gr. og í 6. gr.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir almennum gjalddaga aðstöðugjalda. Slíkt ákvæði er ekki í núgildandi tekjustofnalögum. Ekki er heldur í lögum sérstakt ákvæði um fyrirframgreiðslu aðstöðugjalda, en sum sveitarfélög hafa þó í því sambandi beitt ákvæðum 45. gr. tekjustofnalaganna. Hér er tekið upp ákvæði um tíu gjalddaga aðstöðugjalda á ári. Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða einn eða tvo gjalddaga, 15. júlí og 15. október.

Í 9. gr. er kveðið á um að ákvæði 3. gr. frv. um ákvörðun innheimtuhlutfalls taki gildi 1. okt. á þessu ári, en önnur ákvæði frv. 1. jan. 1988 er staðgreiðsla opinberra gjalda hefst.

Í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að um ógreidd sveitarsjóðsgjöld, sem á hafa verið lögð fyrir 1. jan. 1988, skuli gilda innheimtuákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73 frá 27. nóv. 1980, með síðari breytingum. Sama á við um innheimtu útsvars sem á verður lagt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987. Er þetta til samræmis við ákvæði frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Virðulegi forseti. Ég hef þá rakið í aðalatriðum efni þess frv. sem hér er flutt.

Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri til að gera nokkra grein fyrir þeirri endurskoðun sem undanfarið hefur staðið yfir á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73/1980 eru að meginefni frá 1972, en með lögum nr. 8/1972 voru gerðar róttækar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í desember 1984 urðu fulltrúar þessara aðila sammála um að skipuð yrði nefnd til að gera breytingar á tekjustofnalögunum. Nefnd þessi var skipuð í febrúar 1985. Í henni voru Björn Friðfinnsson, formaður stjórnar sambandsins, Elsa Kristjánsdóttir oddviti, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, Jón Kristjánsson alþm., Magnús K. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum í mars 1986 og skilaði tillögum sínum í formi draga að frv.

til l. um breytingar á núgildandi tekjustofnalögum.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga. Fundarmenn lýstu samhljóða stuðningi við meginatriði tillagnanna. Meginbreytingarnar sem lagðar voru til í tillögum nefndarinar voru: að aðstaða sveitarfélaga til álagningar fasteignaskatts verði jöfnuð, að undanþágum frá álagningu fasteignaskatta og aðstöðugjalda verði fækkað, að tekjur Jöfnunarsjóðs verði að meginhluta til ákveðið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum í stað þess að aðaltekjurnar eru nú ákveðið hlutfall af söluskatti og verðtollstekjum, að auknum hluta af tekjum Jöfnunarsjóðs verði varið til jöfnunar á tekjum sveitarfélaga, að sveitarstjórnir ákveði sjálfar álagningarprósentu útsvara, að ákvæði um mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda verði afnumin og hámarksálagning verði 1,3% en hver sveitarstjórn geti síðan ákveðið mismunandi gjaldflokka eftir tegund atvinnurekstrar, að tekið verði upp að nýju ákvæði um framtalsnefndir.

Frumvarpsdrögin voru send sveitarfélögum til umsagnar. Umsagnir þeirra voru yfirleitt jákvæðar, en nú í desember var unnið að því að breyta frv. lítillega í samræmi við óskir sveitarfélaganna.

Eins og búið er að gera hér grein fyrir gaf ríkisstjórnin í desember s.l. fyrirheit um að frv. um staðgreiðslu beinna skatta yrði lagt fram á því þingi sem nú situr þannig að unnt verði að taka upp staðgreiðslu beinna skatta í ársbyrjun 1988. Þetta breytti að sjálfsögðu heilmiklu í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnalögunum. Tekjur af útsvörum eru meira en helmingur skatttekna sveitarfélaga og staðgreiðslukerfið kallaði á verulegar breytingar varðandi álagningu og innheimtu útsvara eins og fram kemur í því frv. sem ég mæli fyrir.

Eftir að þetta kom til var um tvo kosti að velja. Annars vegar að flytja eitt frv. sem fjallaði um þær breytingar sem gera þurfti vegna staðgreiðslukerfisins og fella inn í það aðrar breytingar sem vilji væri fyrir að gera á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hinn kosturinn var sá að breytingarnar vegna staðgreiðslufrv. væru afgreiddar sér en um aðrar breytingar á tekjustofnalögunum yrði fjallað sérstaklega. Þessi síðari kostur var valinn, m.a. með tilliti til þess hraða sem þarf að vera á afgreiðslu staðgreiðslufrv. og þeirra frv. sem því eru tengd.

Nú er unnið að því í félmrn. og í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga að breyta þeim drögum að frv. sem fyrir lágu varðandi tekjustofna sveitarfélaga og þá einkum með tilliti til þeirrar róttæku breytingar sem staðgreiðslukerfið leiðir af sér.

Virðulegi forseti. Samning frv. til l. um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda og þeirra frv. sem því eru tengd hefur tekið mjög skamman tíma. Það er því mjög nauðsynlegt að þessi frv. hljóti vandaða og ítarlega meðferð hér í þinginu. Ég leyfi mér að leggja til, virðulegi forseti, að því frv. sem ég hef hér gert grein fyrir verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 597.

Afbrigði um brtt. á þskj. 610, 611 og 614, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram við 2. umr. um frv. til umferðarlaga var boðað að við 3. umr. mundu koma fram brtt. og frá allshn. var boðað að við mundum taka sérstaklega til meðferðar hin svokölluðu fjórhjól eða torfærutæki, hvernig með þau skyldi farið.

Hér liggja fyrir brtt. á þskj. 611 um þetta atriði og mun ég gera grein fyrir þeim í örstuttu máli. Þær eru á þá leið að við 2. gr., þar sem eru skilgreindar hinar ýmsu gerðir ökutækja, bætist: Torfærutæki, vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Síðan kemur hér 3. brtt. Heiti VI. kafla breytist og verði: Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki, og fyrirsögn á undan 41. gr. verði: Bifhjól og torfæruhjól.

Síðan er brtt. um að 3. mgr. 41. gr. orðist svo: Við akstur bifhjóls eða torfærutækis skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð. Og við bætist ný mgr. er orðist svo: Torfærutæki má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.

Við 55. gr. Fyrirsögn breytist og inn í hana bætist torfærutæki og hún hljóði þannig: Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla, torfærutækja og vélsleða.

4. mgr. orðist svo, og það ákvæði fjallar um aldur til að stjórna slíku torfærutæki: Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.

Við 63. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutæki skráð og skráningarmerki sett á það.

Með þessu teljum við að þessi nýju ökutæki hafi verið felld undir lög og reglur. Þau séu komin af götunum í þéttbýli og af mestu umferðaræðum í vegakerfinu og þarna eru komin inn ákvæði um aldur til að stjórna þeim og um skráningu.

Að öðru leyti er brtt. við 32. mgr., en það hafði fallið niður og kom fram við nánari athugun að gera

grein fyrir ljósanotkun á þeim tíma þar sem ekki er lögbundið að ljós séu notuð allan sólarhringinn. 1. mgr. hljóðar þá þannig: Við akstur bifreiða skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, en frá 1. maí til 31. ágúst skulu þau vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag og til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás.

2. mgr. orðist svo: Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Þá skulu lögboðin ljós bifreiða og annarra ökutækja vera tendruð á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki sem eigi eru búin ljósum skulu þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmrh. setur.

Og við bætist ný mgr. er orðist svo: Dómsmrh. setur nánari reglur um notkun ljósa og ljósabúnað bifreiða.

Þarna er tekin upp sú almenna regla sem er í núverandi umferðarlögum og gildir um ljósanotkun, en það hafði fallið niður og er hér með lagfært.

Þetta eru þær brtt. sem nefndin varð sammála um að gera við 3. umr. og hef ég þar með gert grein fyrir þeim.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til umferðarlaga.

Í fyrsta lagi vil ég ræða nokkuð um þá brtt. sem fjallað er um varðandi 37. gr. Þar segir að svo eigi að orðast: Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klukkustund og 100 km á klukkustund á vegum með bundnu slitlagi. Það er gert ráð fyrir hækkun hámarkshraða í 37. gr. til samræmis við það sem nú þegar tíðkast á þjóðvegum. Það má benda á að lögregla hefur í fæstum tilvikum afskipti af bílum er aka undir 100 km hraða á klukkustund á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, svo sem á Keflavíkurvegi og veginum austur yfir fjall, þannig að þarna er komið inn atriði sem skiptir máli, en þó tel ég að það sé eðlilegt að það megi leyfa 100 km hraða á vegum með bundnu slitlagi. Það segir ekki að það eigi heldur að það megi. Það eins og annað kemur til með að vera matsatriði í þessu efni, en ég tel það nær raunveruleikanum eins og tíðkast í daglegu verklagi umferðarlögreglu og annarra lögregluþjóna sem sinna skyldum á vegum úti.

Í brtt. varðandi 3. mgr. segir að svo orðist: Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meiri en 110 km á klukkustund ef aðstæður leyfa og æskilegt er að greiða fyrir umferð, enda mælir veigamikið öryggissjónarmið eigi gegn því. Það segir þarna að það megi ákveða 110 km hraða. Það er ljóst að við lifum ekki á traktorsöld. Við lifum á tímum batnandi vega og betri ökutækja og það er æskilegt að lögin hljómi við raunveruleikann. Það er því mun eðlilegra að mínu mati að þarna sé horft fram á veginn og það sé unnt að leyfa 110 km hraða á ákveðnum leiðum sem það býður upp á.

Það má t.d. einfaldlega segja að á leiðinni frá Reykjavík og austur á Hvolsvöll er vegur sem býður upp á þennan hraða, býður tvímælalaust upp á þennan hraða, og það er auðvelt að draga úr hraða þegar farið er gegnum plássin. Það má nefna t.d. líka veginn fyrir austan Selfoss úr því að við erum á þessari leið. Þar ber við á ákveðnum kafla að oft séu hestar við veginn og á vegi og auðvitað þarf að taka tillit til ákveðinna hluta. En þessi till. gerir ráð fyrir að það sé tekið tillit til hlutanna eins og þeir eiga sér stað. Það er viðtekin venja og regla hjá lögreglunni að stöðva ekki bíla sem eru undir 100 km hraða á hinum ýmsu svokölluðu hraðbrautum með bundnu slitlagi. Og ef það er viðtekin venja hlýtur að vera eðlilegt að geta gert ráð fyrir heldur meiri hraða á ákveðnum köflum.

Í brtt. varðandi 107. gr. segir: Orðin „Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.“ falli út. Í ákvæðum 103. gr. um sviptingu ökuréttinda er ekki sérstaklega fjallað um ævilanga sviptingu heldur er þar einungis gert ráð fyrir að við ítrekun brots er varði 1., sbr. 3. mgr. 44. gr., skuli svipting eigi vera skemur en þrjú ár. Í gildandi lögum eru ákvæði í 81. gr. um sviptingu að fullu og öllu. Virðist með frv. nú eiga að fella úr lögunum þetta refsihugtak og sýnast því ekki efni standa til að halda því inni í 107. gr.

Í annan stað er til þess að líta að þriggja ára reglan, er fram kemur í fyrra málslið 1. mgr. 107. gr. í frv., hlýtur að teljast fullnægjandi. Hafi maður ekki gerst brotlegur við umferðarlög eða t.d. áfengislög á næstu þremur árum eftir sviptingu ökuleyfis má ætla að hann hafi bætt ráð sitt og þrjú ár eru langur tími til að vera án ökuréttinda, a.m.k. fyrir þá sem þurfa á bíl að halda við störf sín. Það skiptir einnig máli í þessu sambandi, þegar borin er saman 103. og 107. gr., að þarna hljómar ekki saman og ég tel mjög auðsætt mál að þetta orðalag í 107. gr. sé hortittur og hafi fyrir misskilning ekki verið tekið út.

Notkun bifreiða er nú á tímum orðinn stór hluti daglegs lífs. Bíllinn er nauðsynlegt farartæki flestra og atvinnutæki stórs hóps. Refsing í formi ökuleyfissviptingar er órökrétt fyrst og fremst fyrir það hversu mismunandi refsingin kemur niður á mönnum. Í annan stað er það staðreynd að í stækkandi samfélagi er sífellt erfiðara að halda virku eftirliti með því að réttindasviptir aki ekki. Fjölmargir aka því eftir að hafa verið sviptir ökuleyfi. Á það einkum við á höfuðborgarsvæðinu, en í dreifðari byggðum er eðlilega minna um slíkt þar sem menn þekkjast betur.

Hér er þó ekki gengið svo langt að mæla fyrir niðurfellingu ökuleyfissviptingar heldur reynt að sporna við ofnotkun þeirrar refsingar. Ég velti því fyrir mér að það væri ástæða til að bera fram brtt.

sem legði af ökuleyfissviptingar því að í raun og veru eru þær úreltar í nútímaþjóðfélagi. Það sem í rauninni stóð í vegi fyrir því að hægt væri að leggja slíka till. fram með rökum og mæla með því að í stað sviptingarinnar kæmi annaðhvort há sekt eða fangelsisvist, eins og tíðkast í nærliggjandi löndum. Í Noregi t.d. er 21 dags fangelsi við fyrsta broti, ölvun við akstur. Þetta er mismunandi. Það er heldur *minna í sumum löndum, mismunandi eftir löndum.* En vandkvæði í þessu efni hér á landi eins og staðan er er einfaldlega að það er ekki húspláss til að hýsa þann fjölda sem hægt er að reikna með.

Á s.l. ári voru sviptir ökuleyfi 1800 menn á Íslandi. Það er ekki nokkur lifandi leið að koma þeim í hús á einu ári. Það er staðreynd á Stór-Reykjavíkursvæðinu að stærstur hluti þeirra manna sem eru sviptir ökuleyfi um lengri eða skemmri tíma aka engu að síður. Þetta er opinbert leyndarmál. Þetta komast menn ekki upp með úti á landsbyggðinni. Þess vegna er þarna mismunun í framkvæmd refsingar sem ástæða er til að taka tillit til.

En ég árétta að setningin í 107. gr. um sviptingu ökuréttinda ævilangt er óþarfi og gengur í rauninni á skjön við þær nýjungar sem fjallað er um í 103. gr.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. til umferðarlaga sem er nú á dagskrá hafði ég boðað að ég mundi flytja og mæla fyrir brtt. um tvö atriði, en þar sem nú er orðið mjög áliðið dags og fundur orðinn langur í hv. Ed. ætla ég að reyna að taka ekki langan tíma til að mæla fyrir þessum brtt. Ég vil þó standa við orð mín og láta nokkur orð falla um þær.

Brtt. sem ég mæli hér fyrir eru á þskj. 614 og auk mín eru meðflm. hv. þm. Helgi Seljan, Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason, Jón Kristjánsson og Stefán Benediktsson. Þessar brtt. eru *tvær. Sú fyrri er við 113. gr. frv. f-lið þar sem fjallað* er um hlutverk Umferðarráðs, en f-liðurinn er þannig í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda tegunda og orsakir umferðarslysa í landinu."

Þarna leggjum við til að bætt verði við þessa setningu: með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem ná yfir landið allt.

Eins og fram kom í máli mínu við 2. umr. er því þannig háttað nú með skráningu slysa að hún er ekki samræmd, þ.e. sú skráning sem fer fram hjá lögreglu annars vegar og slysadeild og sjúkrahúsum hins vegar, og þess vegna eru þær opinberu skýrslur sem Umferðarráð hefur gefið um umferðarslys ekki réttar því að það vantar inn í þær upplýsingar um þau slys sem skráð eru á slysadeildinni en ekki eru skráð hjá lögreglu. Þarna getur munað um 70% hvað slysin eru fleiri en fram koma í þessum skýrslum. Það er því nauðsynlegt að samræma þessa hluti og rétt er að geta þess að nú þegar er hafinn undirbúningur að því á vegum dómsmrn. að koma slíkri samræmdri slysaskráningu á og því er eðlilegt að þetta verði sett í lögin miðað við f-lið í 113. gr.

Hin brtt. er gerð við 115. gr. um að í lok þeirrar greinar bætist við ný mgr. svohljóðandi:

Dómsmrh. getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ég bendi sérstaklega á að hér er gert ráð fyrir að dómsmrh. geti skipað þessa nefnd, þ.e. honum er ekki gert það að skyldu. Er þetta gert með vilja að hafa þetta með þessum hætti því að það þarf að undirbúa vel skipan slíkrar nefndar og það gæti hugsast, ef þetta frv. verður að lögum, að ekki hafi unnist nægur tími til að koma réttri skipan slíkrar nefndar á, við gildistöku laganna. Þetta er því heimildarákvæði.

Ég vil að lokum minna á að umferðarslys eru heilbrigðisvandamál þó að þessi málaflokkur heyri undir dómsmálayfirvöld, því að óhöpp í umferðinni leiða því miður oft til alvarlegra slysa og jafnvel dauða, og til þess að hægt sé að vinna markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum og koma í veg fyrir umferðarslys er nauðsynlegt að áreiðanlegar og ítarlegar upplýsingar um sem flesta þætti umferðarmála liggi fyrir í aðgengilegu formi. Í því sambandi má nefna samræmda slysaskráningu. Einnig er nauðsynlegt að aðrar upplýsingar séu fyrir hendi sem snúa að slíkri rannsóknarnefnd umferðarslysa, t.d. hverjir verði fyrir slysunum, hvenær þau verða, hvar, hvers vegna og hvernig og hverjar urðu afleiðingar slyssins fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðfélagið.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessar brtt. fái stuðning hér í hv. Ed.

Davíð Aðalsteinsson:

Herra forseti. Allshn. hefur nú fjallað um þetta frv. milli umræðna. Hún hefur lagt til breytingar á frv. sem eru að mínu viti til bóta. M.a. hefur verið nefnt orðið torfærutæki og það skilgreint. Að vísu finnst mér gæta örlítils misræmis eða tvítekningar öllu heldur, en eins og kunnugt er er gert ráð fyrir að bifhjól samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. sé vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- og/eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Nú er gert ráð fyrir að torfærutæki geti verið með tveimur eða fleiri hjólum. Mér er spurn hvort ekki geti komið upp vafi um undir hvaða heiti hin svokölluðu torfæruhjól, sem hingað til hafa verið kölluð svo, eigi að flokkast.

Í öðru lagi vil ég benda á að við 41. gr. er gert ráð fyrir að fyrirsögnin á undan greininni verði: Bifhjól og torfæruhjól. Í c-liðnum segir: „Torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis." Er það svo að það megi ekki aka hjólum sem hingað til hafa raunar verið kölluð torfæruhjól á stofnbrautum eða í þéttbýli, en það megi aka fjórhjóla torfærutækjum í þéttbýli eða á stofnbrautum

utan þéttbýlis? Ég held að þetta verði að vera alveg skýrt. Ef það er svo að fjórhjóla torfærutæki kallast torfæruhjól mun þetta vera í lagi. Sé svo ekki er hér um misræmi að ræða. Ég vænti þess að hv. nefndarmenn í allshn. geri grein fyrir því hvað við er átt í þessu sambandi.

Ég fagna því að sjálfsögðu, eins og fram hefur komið og gerð hefur verið grein fyrir af hálfu formanns nefndarinnar, að nú er ekki lengur heimilt samkvæmt frv. að aka ljóslausum bíl um miðja ágústnótt eins og var í frv. fyrr.

En hér hafa verið fluttar fleiri brtt., m.a. brtt. á þskj. 614 frá Salome Þorkelsdóttur o.fl. Ég tek undir þessar brtt. og ég mun fylgja þeim. Hins vegar hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að þær brtt. hefðu verið fluttar af nefndinni sem slíkri, þ.e. yfirskriftin hefði verið allshn., en ég ætla ekki að gera neinn ágreining út af því.

Fyrri brtt. er auðvitað nauðsynleg með tilliti til þess að Umferðarráð geti gengið eftir skráningu slysa hjá þeim aðilum sem hér eru nefndir. Af þeim sökum er sá liður brtt. mjög nauðsynlegur.

Varðandi skipun sérstakrar rannsóknarnefndar gæti einhverjum komið til hugar að starfssvið þeirrar rannsóknarnefndar skaraðist við f-liðinn þar sem tíundaður er hluti þeirra verkefna sem Umferðarráð á að annast, þ.e. að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda tegunda og orsakir umferðarslysa. Það má segja að þar sem stendur „orsakir umferðarslysa" sé vikið að því að Umferðarráð skuli hafa á hendi einhvers konar rannsóknir á því með hvaða hætti eða hvers vegna umferðarslys hafa orðið. Vegna þess sem hér er sagt fyrr hefði að mínum dómi verið eðlilegra að Umferðarráð hefði haft yfir umræddri rannsóknarnefnd að segja, að rannsóknarnefndin væri sett undir Umferðarráð vegna þess sem á undan er gengið. Það má hins vegar vel vera að slík rannsóknarnefnd, sem hér er lagt til að verði sett á fót eða heimilt verði að setja á fót, eigi að starfa nokkuð sjálfstætt og sé það fyrirhugað get ég út af fyrir sig fallist á að það sé farið svo vægt í sakir vegna myndugleika Umferðarráðs að Umferðarráð skuli einungis hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ég geri ráð fyrir að hv. deildarmenn séu fýsandi þess að þingfundur styttist. Menn vilja fara að komast heim. Um brtt. frá hv. þm. Árna Johnsen vil ég ekki hafa önnur orð en að ég mun ekki skrifa upp á og ekki samþykkja meiri hámarkshraða en þegar hefur verið lagður til. Ég veit að hv. þm. getur sjálfur ekið miklu hraðar en þarna er sagt til um. Ég er raunar á móti því að umferðarlög með þessum hætti, eins og mér sýnist hv. þm. leggja til, verði beinlínis hvetjandi til hraðaksturs, en mér finnst till. fela það í sér.

Að öðru leyti vil ég ekki fjalla um þetta frv., en ég vildi fá skilgreiningu á því, og þá ekki síst hjá hv. formanni allshn., hvort heimilt er að aka fjórhjóla torfærutæki á stofnbrautum og í þéttbýli.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hygg að hv. 5. þm. Vesturl. hafi lent í einhverjum torfærum í skilningi sínum á þessum brtt. Ég tel að brtt. feli það skýlaust í sér að torfærutæki eða torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis. (**DA:** Er torfærutæki og torfæruhjól það sama?) Torfærutæki er vélknúið ökutæki sem ætlað er til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd. Þetta held ég að sé mjög skýrt. Þessum tækjum má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.

Hér hafa komið fram brtt. frá hv. 3. þm. Suðurl. og ég kem fyrst að umferðarhraðanum. Allshn. leggur til að umferðarhraðinn sé 80 til 90 og heimild upp í 100 km hraða þar sem bestu aðstæður eru. Hv. 3. þm. Suðurl. leggur til að umferðarhraðinn á malbikuðum vegum sé 100 km en allshn. álítur að það sé hentugast að hafa einfalda reglu í þessu. Malbikaðir vegir eru nefnilega margs konar. Þeir eru misjafnlega greiðfærir, sumir eru góðir og hægt að láta gamminn geisa á þeim, en hins vegar eru fjöldamargir vegir hér þar sem malbikið er einfalt og þeir vegir henta alls ekki til þess hraðaksturs sem hv. 3. þm. Suðurl. leggur til. Þetta eru meginrökin fyrir því að allshn. lagði ekki til hærri hámarkshraða en hér er. Þess má geta að menn hafa viljað gjalda varhug við því að það myndaðist einhver óformlegur hámarkshraði sem lægi 10 km ofan við þann hraða sem ákveðinn er í lögum. Það er hætta á því að ef hraðinn fer upp fyrir 100 km verði hraðinn í raun kannske 120–130 km á klukkustund. Ég veit að hv. 3. þm. Suðurl. getur ekið á sínum góða bíl á leiðum á Suðurlandi, sem eru margar greiðfærar, á þessum hraða, en við teljum að það sé ekki hægt að taka þetta upp sem almenna reglu um land allt.

En vegna hinnar till., um sviptingu ökuréttinda, vil ég til skýringar lesa athugasemdir frv. um 103. gr. þessara laga. Þar stendur eftirfarandi um 3. mgr.:

„3. mgr. er nýmæli. Er lagt til að ítrekað brot á 44. og 45. gr. varði a.m.k. tveggja ára ökuréttindasviptingu í stað ævilangrar sviptingar nú. Þó varði ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 44. gr., a.m.k. þriggja ára ökuréttindasviptingu. Endurtekið ítrekað brot varðar hins vegar ævilangri sviptingu, sbr. 2. mgr. 102. gr. frv."

Í 102. gr. stendur: „Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma og eigi skemur en einn mánuð eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni."

Nefndin lítur svo á að meðan ekki er tekið upp nýtt kerfi í þessum efnum sé tilefni þessarar sakar svo alvarlegt, ítrekaður ölvunarakstur og að keyra ítrekað ölvaður, það sé ekki ástæða til þess að slaka á í þessum efnum nema þá að annað kerfi sé tekið upp varðandi refsingar, en það er ekki lagt til í þessu frv. Ég fyrir mína parta get því ekki stutt þessar brtt. hv. 3. þm. Suðurl., en einstakir nefndarmenn aðrir

hafa óbundnar hendur að því leyti vegna þess að í nál. voru almennir fyrirvarar.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, en það var aðeins vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. Ég vil byrja á að þakka honum fyrir góðar undirtektir við brtt. okkar á þskj. 614, en hann gerði samt sem áður athugasemd og taldi að þessi brtt. gæti hugsanlega skarast við verkefni Umferðarráðs. Það held ég að sé á misskilningi byggt því að þessar brtt. báðar fjalla einmitt um að auðvelda Umferðarráði að sinna sínu hlutverki með því að afla upplýsinga annars vegar með samræmingu á slysaskráningu og hins vegar með rannsóknum á hinum ýmsu þáttum umferðarslysa, enda er síðasta setningin í brtt. á þá leið að Umferðarráð skuli hafa eftirlit með störfum nefndarinnar. Þessi nefnd á sem sagt að heyra undir Umferðarráð.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta að þriggja ára reglan sem fram kemur í fyrra málsl. 1. mgr. 107. gr. í frv. hlýtur að teljast fullnægjandi varðandi þann þátt sem um er rætt og heitir „ævilöng svipting." Hafi maður ekki gerst brotlegur við umferðarlög eða t.d. áfengislög á næstu þremur árum eftir sviptingu ökuleyfis má ætla að hann hafi bætt ráð sitt og þrjú ár eru mjög langur tími að vera án ökuréttinda í nútímaþjóðfélagi. Það er tekið mjög fast og ákveðið á þessum brotum þó að ævilanga sviptingin komi ekki til, enda stangast hún á við þætti í 103. og 107. gr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 611 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 610,1 felld með 10:2 atkv.
Brtt. 610,2 felld með 8:3 atkv.
Brtt. 614 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 598.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

43. fundur, mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 174. mál (heildarlög). — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527, n. 593.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. varðandi mál nr. 295, frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Þetta var samkomulagsmál í nefndinni og mælir hún með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Undir nefndarálitið rita auk mín Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Bjarnason og Ólafur G. Einarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra, 1. umr.

Frv. IG o.fl., 336. mál. — Þskj. 586.

Flm. (Ingvar Gíslason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skipun nefndar utanþingsmanna sem hafi það verkefni að rannsaka deilur menntmrn. og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra, en þessar deilur náðu hámarki þegar hæstv. menntmrh. vék fræðslustjóranum í Norðurlandsumdæmi eystra úr starfi fyrirvaralaust, auk þess sem deila þessi komst á nýtt stig, ef svo má segja, því nú er þungamiðja deilunnar sú hvort hæstv. ráðh. hafði næga ástæðu til að víkja fræðslustjóranum úr starfi, þ.e. hvort fræðslustjórinn hafi gerst sekur um háttsemi sem réttlæti brottvikningu.

Við flm. þessa frv. höfum þá skoðun að hæstv. ráðh. hafi ekki haft næga ástæðu til að víkja fræðslustjóranum úr embætti sínu. Við fáum ekki séð að þessi embættismaður hafi brotið neitt það af sér í starfi sem réttlætir það að hann sé settur af með svo harkalegum hætti sem raun ber vitni.

Um það er kannske ekki deilt í þessu máli að ráðherra hafi formlegt vald til að víkja manni úr embætti. Slíkt vald hefur ráðherra að mínum dómi. Hins vegar getur ráðherra ekki firrt sig ábyrgð á verkum sínum, slíkum stjórnvaldsaðgerðum. Hann getur ekki firrt sig ábyrgð á slíkum stjórnvaldsaðgerðum gagnvart alþm. eða öðrum þeim sem taka þátt í þjóðmálaumræðu, t.d. blöðunum og yfirleitt öllum frjálsbornum þegnum þessa lands. Ráðherra verður að þola gagnrýni og það að um verk hans sé talað og hann á engan rétt til þess að þeir sem óánægðir eru með verk hans þegi yfir því.

Í þessu tilfelli er það hæstv. menntmrh. sem um er að ræða. Hann á engan rétt til þess að við Guðmundur Bjarnason, hv. 6. þm. Norðurl. e., þegjum yfir því að við séum óánægðir með hvernig hæstv. ráðh. hefur beitt valdi sínu, jafnvel þó við séum stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar sem hæstv. ráðh. situr í. Hæstv. ráðh. eða forustumenn Sjálfstfl. geta ekki vitnað til þess að flokkur okkar Guðmundar Bjarnasonar sé í stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. og við báðir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem við sannarlega erum.

Mér finnst þess hafa gætt í málflutningi sjálfstæðismanna, þar á meðal hæstv. menntmrh., að við Guðmundur Bjarnason, hv. 6. þm. Norðurl. e., séum að gera tilraun til þess að rjúfa stjórnarsamstarfið þó við segjum skoðun okkar á einu embættisverki eins einasta manns. Er þetta sæmandi lýðræðislega hugsandi mönnum? Er það virkilega svo að sjálfstæðismenn telji að það varði alþm. sviptingu málfrelsis að vera í stjórn með þeim? Á maður að kaupa þá náð að vera í samvinnu við Sjálfstfl. því verði að afsala sér réttinum til að segja meiningu sína á embættisverkum ráðherra ef manni þykir mikið við liggja? Slíkt afsal mannréttinda kemur ekki til greina. Síst af öllu geta alþm. tekið á sig slíka kvöð því að þeir eiga að vera merkisberar málfrelsisins en ekki ónytjumælginnar og undansláttarins í málflutningi sínum. Sá alþm. sem þegir yfir því sem honum finnst skipta höfuðmáli og varðar kannske grundvallaratriði þeirrar stefnu sem hann aðhyllist, að ekki sé minnst á undirstöðu lýðræðis og mannréttinda og hvernig valdsmenn fara með vald sitt, slíkur alþm. er að bregðast skyldu sinni sem frjálsborinn maður og málsvari þess sem hann telur vera rétt. Því er það ljóst að við hv. 6. þm. Norðurl. e. erum í fullum rétti til þess að gagnrýna verk ráðherranna þegar okkur býður svo við að horfa, hvort sem það eru menn úr okkar eigin flokki, Framsfl., eða menn úr Sjálfstfl. eða hverjum öðrum flokki sem við kynnum að vera í stjórnarsamstarfi við.

Þótt við séum stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í löggjafarmálum — og ég legg á það mikla áherslu að menn veiti þessum orðum eftirtekt — höfum við ekki afsalað okkur réttinum til að gagnrýna ráðherra þá sem í stjórninni sitja, síst af öllu þegar um er að ræða ómengaðar valdsmannsaðgerðir en koma löggjafarmálum ekkert við, svo sem eins og það að embættismanni er vikið úr starfi eða ráðherra tekur einhverja aðra stjórnvaldsákvörðun sem orkar tvímælis eða er röng og því gagnrýnisverð. Sú skylda sem ég hef tekið á mig gagnvart núverandi ríkisstjórn er að verja hana vantrausti og vinna skipulega á vettvangi þingflokks míns að undirbúningi lagafrumvarpa og annarra þingmála og styðja slík mál þegar þau koma til afgreiðslu í þinginu. Hins vegar hef ég ekki afsalað mér réttinum til að gagnrýna embættisverk ráðherranna þar fyrir utan. Ég er ekki hirðmaður eða lendur maður neins ráðherranna og hef engum þeirra svarið hollustueið um fylgispekt við þá í embættisverkum. Ég styð þessa ríkisstjórn í löggjafarstarfi sem fær eðlilegan undirbúning og lýðræðislega málsmeðferð og ég ver þessa ríkisstjórn og ráðherra hennar vantrausti.

Það er á þann hátt sem þm. styðja ríkisstjórnir í þingræðislandi. Þeir afsala sér ekki réttinum til að gagnrýna einstök embættisverk ráðherra. Það er mikill munur á vantrausti og gagnrýni. Ég ætla að hlífa hv. þingdeildarmönnum við að útskýra þann mun í orðum því allir sem sæti eiga í þessum sal þekkja muninn. Það er enginn alþm. svo fávís um rétt sinn og orðaskýringar og lögfræðileg hugtök að þeir þekki ekki muninn á vantrausti annars vegar og gagnrýni á embættisverk ráðherra hins vegar.

Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er að Hæstiréttur skipi fimm manna nefnd utanþingsmanna til að rannsaka í heild deilur menntmrn. og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra. Enn fremur ber að kanna og ekki síður hvort menntmrh. hafi haft fullgildar ástæður til að víkja fræðslustjóra umdæmisins úr starfi, þ.e. hvort fræðslustjórinn hafi brotið eitthvað það af sér sem réttlæti brottvikningu. Þá er einnig gert ráð fyrir að nefndin athugi hvernig háttað er aðstöðu einstakra fræðsluumdæma til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um framkvæmd sérkennslu og önnur atriði er snerta framkvæmd skólamálastefnu eftir því sem við verður komið.

Verkefni nefndarinnar er vissulega umfangsmikið og ekki vandalaust. Ég hlýt t.d. að viðurkenna að það er ævinlega vandaverk að komast til botns í deilum milli manna, gera sér grein fyrir upphafi deilnanna og innihaldi þeirra, því sjaldan veldur einn þá tveir deila. Þó ég segi þetta almennt um deilumál milli manna hef ég þá skoðun að hlutlæg rannsókn á samskiptum menntmrn. og fræðsluráðsins geti leitt ýmislegt gagnlegt í ljós til að skilja þetta mál. Skilja innihald þessa máls, upphaf þess og hvernig það hefur þróast.

Þetta tiltekna mál er ekkert ákaflega flókið og það er ekki óragamalt. En eins og komið er er nauðsynlegt að kanna þetta mál hlutlaust og hlutlægt, átta

sig á aðdraganda þess og hvernig það hefur verið að þróast. Þessar deilur á milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi og ráðuneytismanna, fleiri eða færri, náðu hámarki við brottvikningu fræðslustjórans sem gerður er að syndahafri og fórnardýri í þessum skrifstofuýfingum í menntmrn. sem mér sýnist þarna vera á ferð. Og þá hlaut svo að fara að þessar deilur fá nýtt innihald, komast á annað stig, ef svo má segja, og það er einmitt í þessum punkti sem mér persónulega finnst að hæstv. ráðh. hafi síst getað réttlætt gerðir sínar. Hann fremur þarna embættisverk sem er óvenjuharkalegt, auk þess sem það er fátítt að skipuðum embættismanni sé vikið úr starfi yfirleitt, síst með þeim aðförum sem hæstv. menntmrh. beitti í þessu tilfelli.

Hæstv. ráðh. er út af fyrir sig ekki skyldugur til þess að gera gælur við undirmenn sína, en þó svo sé ber honum skylda til að fara að lögum. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. ráðh. hafi ekki farið að lögum, ekki farið formlega rétt að þegar hann vék Sturlu Kristjánssyni úr embætti. Af þeirri ástæðu einni er aðförin að Sturlu harkaleg hvað sem líða kann misgerðum hans í starfi sínu sem fræðslustjóri sem ég tel persónulega að Sturla sé ekki sekur um.

Það sem er sérstaklega aðfinnsluvert við embættisverk hæstv. menntmrh. í Sturlumáli er það að hann sniðgekk lögbundnar reglur. Hæstv. ráðh. fór blátt áfram rangt að. Hann fór ekki eftir réttum reglum. Hann braut beinlínis rétt á Sturlu Kristjánssyni, fór harkalega að honum, og þó eru til settar lagareglur sem ætlað er að vernda opinbera starfsmenn fyrir gerræðisverkum yfirboðara sinna. Þessar reglur er að finna í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enginn vafi er á því að Sturla Kristjánsson í stöðu fræðslustjóra féll og fellur undir þessi lög. Honum ber réttur samkvæmt þessum lögum. Hann var skipaður í stöðu sína, hafði hlotið gilt skipunarbréf og fullnægði skilyrðum laga um að hljóta slíkt skipunarbréf. 4. gr. laga nr. 38/1954 segir að maður sem skipaður er í stöðu hjá ríkinu skuli halda henni þar til eitthvert tiltekinna atriða komi til og þessi atriði eru talin upp í sjö töluliðum:

1. Að hann brjóti svo af sér í starfi að honum beri að víkja frá.
2. Að hann fullnægi ekki embættisskilyrðum.
3. Að hann fái lausn samkvæmt eigin ósk.
4. Að hann hafi náð hámarksaldri.
5. Að hann flytjist í aðra stöðu hjá ríkinu.
6. Að skipunartími renni út ef skipun er tímabundin.
7. Að staðan sé lögð niður.

Af þessum lestri er ljóst að aðeins eitt atriði getur komið til greina sem brottvikningarsök í máli Sturlu Kristjánssonar og það er að hann hafi brotið svo af sér í starfi að honum beri að víkja frá. Ég leyfi mér ekki aðeins að draga í efa að Sturla hafi brotið svo af sér í starfinu að honum beri að víkja frá, ég fullyrði að hann hefur ekki gert sig sekan um neinn þann verknað sem réttlætir brottvikningu á þeirri forsendu að hann hafi brotið af sér í starfi. Sturla Kristjánsson hefur engin afbrot framið því að hvað er afbrot í þessari merkingu? Það getur ekkert merkt annað en refsiverða háttsemi. Ef Sturla Kristjánsson hefði gert sig sekan um refsiverða háttsemi, misfarið með fé sem honum var trúað fyrir, sóað því eða eytt því í sjálfan sig var hann rækur úr starfi fyrirvaralaust en annars ekki. Hæstv. ráðh. fór ólöglega að í máli Sturlu Kristjánssonar. Uppi verður hann að sitja með það.

Sama niðurstaða verður ef litið er á 7. gr. laga nr. 38/1954, en þar er gert ráð fyrir að stjórnvald, sem er ráðherra eða forseti Íslands, sem veitir stöðuna eða skipar í stöðu, geti veitt lausn frá henni um stundarsakir, eins og það er orðað, vikið manni úr stöðunni. M.ö.o.: það er opnuð leið fyrir ráðherra að víkja manni úr stöðu um stundarsakir. Þarna er vissulega gert ráð fyrir að ráðherra geti hróflað við manni í stöðu sinni, en hann verður þó að hafa nokkurn hemil á sér, hæstv. ráðh. Ráðherra getur sem sagt ekki rekið mann fyrirvaralaust nema um ærnar sakir sé að ræða, þ.e. refsiverð afbrot, eitthvað sem heyrir undir hegningarlögin. 7. gr. laga nr. 38/1954 hefur að geyma þessi hamlandi ákvæði á gerðir ráðherra. Þar segir vissulega að ráðherra geti vikið starfsmanni úr embætti eða „veitt lausn", eins og það er orðað í greininni, um stundarsakir. Og það eru taldar upp ástæður fyrir því að svo megi gera. Þar eru nefndar þessar ástæður helstar:

1. Óstundvísi eða önnur slík vanræksla.
2. Óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns.
3. Vankunnátta eða óvandvirkni.
4. Ölvun eða ósæmilegur hegðunarmáti.
5. Óreiða í bókhaldi og hvers kyns fjármálaóreiða.

Nú er alveg ljóst að Sturla hefur ekki gerst sekur um óstundvísi og vanrækslu í því að halda fræðsluskrifstofunni gangandi. Hann er hvorki kunnur að vankunnáttu né óvandvirkni. Hann er ekki drykkfelldur og hann kann mannasiði. Hann er ekki sekur um fjármálaóreiðu eða skort á reglu í bókhaldi. (**Menntmrh.**: Hvað skeði á Þelamörk?)

Ekkert af þessu kemur til greina. Ef eitthvað væri er það sú ástæða að hann hafi gert sig sekan um óhlýðni við yfirboðara sinn, hæstv. menntmrh. Og setjum nú svo að Sturla hafi óhlýðnast ráðherranum, þótt hann hafi engu stolið frá honum eða legið í fylliríi, þá ganga lögin ekki lengra en það að ráðherra var aðeins heimilt að víkja manninum frá um stundarsakir. Ráðherra vék í þessu tilfelli manninum ekki frá um stundarsakir. Hann rak hann fyrirvaralaust. Og ekki nóg það: Ráðherra braut þann rétt á starfsmanninum að hann eigi rétt til hálfra launa tiltekinn tíma vegna brottvikningarinnar. Og það sem verst var: Ráðherra sinnti ekki fyrirmælum 8. gr. laga nr. 38/1954 að mál hins brottvikna starfsmanns yrði þegar í stað rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi til þess að komast að niðurstöðu um hvort rétt hafi verið að

veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

Aðfinnslur mínar í sambandi við þessa embættisfærslu hæstv. ráðh. eru framar öðru þær að ráðherrann virðir ekki rétt starfsmannsins eins og hann er ákveðinn í lögum. Ráðherrann gengur of fast fram og gætir ekki að réttri málsmeðferð. Eins og málum er nú komið er því ekkert undarfæri með það að þetta mál verði rannsakað í heild af hlutlausri nefnd utanþingsmanna.

Hæstv. menntmrh. hefur sífellt verið að hamra á því og borið það fyrir sig að Sturlu Kristjánssyni sé opin leið samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1954 að bera mál þetta undir dómstóla, þ.e. að fara í skaðabótamál við ríkissjóð. Auðvitað er þessi leið til. En það er rangt, sem hæstv. ráðh. gefur í skyn, að þessi leið geti komið í staðinn fyrir ákvæði 8. gr. laganna um að mál hins brottvikna manns sé rannsakað af kunnáttumönnum, hvað þá að 11. gr. leysi ráðherra undan þeirri skyldu, sem á hann er lögð samkvæmt 7. gr. laganna, að áður en til fullrar lausnar komi skuli starfsmanni veitt lausn um stundarsakir.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að mæla fyrir frv. í öllu lengra máli. Ég tel mig hafa greint frá meginatriðum þess að þetta frv. er flutt. Ekki leyni ég því að í þessu frv. kemur fram gagnrýni á gerðir hæstv. menntmrh. í tilteknu og afmörkuðu máli. Í afstöðu minni felst ekki vantraust á ráðherra, enda hefur vantraust sína sérstöku merkingu sem óþarfi er að útskýra fyrir hv. alþm. eins og þeir væru börn í lögum og lagaskýringum og þekki ekki rétt sinn sem frjálsbornir menn og ímyndi sér e.t.v. að þeir geti orðið einhvers konar hirðmenn eða svarabræður ráðherranna og sviptir réttinum til að gagnrýna ráðstafanir þeirra í stjórnarráðinu. Sú eina skylda sem ég hef tekið á mig í þessu stjórnarsamstarfi er að verja ríkisstjórnina og ráðherrana vantrausti og vinna samkvæmt þingræðisvenjum að því að undirbúa og samþykkja frv. og önnur þingmál sem samstaða er um milli stjórnarflokkanna. Þessa pólitísku skyldu mína hef ég rækt og það hefur ekki síður gert hv. 6. þm. Norðurl. e., en við frábiðjum okkur þá pólitísku firru að við höfum svarið einhverjum einstökum ráðherrum hollustueiða og séum sviptir réttinum til að finna að verkum þeirra.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég geri það að tillögu minni að þegar þessari umræðu er lokið verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstvirtur forseti. Ég flyt nú þegar við 1. umr. þessa máls till. til rökstuddrar dagskrár. Till. hljóðar svo:

„Dómstólar eiga einir úrskurðarvald um það, hvort frávikning fyrrverandi fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra hafi verið réttmæt að lögum, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fyrrverandi fræðslustjóri hefur þegar vísað máli þessu til meðferðar dómstóla í samræmi við þessa heimild, með stefnu útgefinni 12. febr. s.l. Menntmrn. hefur með bréfi dags. 5. febr. og ítrekað 9. febr. fallist í meginatriðum á hugmyndir fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, er verða mættu til þess að bæta samskipti menntmrn. og fræðsluráðs. Í bréfum þessum lýsir ráðuneytið sig reiðubúið til þess að fallast á skipun nefndar, sem fjalla eigi um störf fræðsluráðs og fræðsluskrifstofu og samskipti þeirra aðila við menntmrn. Þá hefur ráðuneytið fallist á að umsóknarfrestur um stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra verði framlengdur að ósk fræðsluráðsins. Með vísan til framanritaðs telur deildin rétt að vísa máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Í sjálfu sér er ekki þörf á að bæta hér miklu við. Till. skýrir sig sjálf. Nefnd eru þau atriði, sem ættu að duga til þess að hv. alþm. gætu greitt till. atkvæði sitt.

Í fyrsta lagi er nefnt að dómstólar eigi einir úrskurðarvald um það, hvort frávikning fræðslustjórans hafi verið réttmæt að lögum. Í því sambandi er vísað í 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er þeim er vikið er úr stöðu að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs."

Fyrrverandi fræðslustjóri hefur þegar notað sér þennan rétt sinn með stefnu útgefinni 12. þ.m. eins og segir í rökstuddu dagskránni. Það sýnir, að hann hefur gleggri skilning á því en flm. þessa frv., hvaða leiðir eru eðlilegar fyrir hann að fara.

Ég les það líka út úr þessari ákvörðun fræðslustjórans fyrrverandi, að hann kærir sig ekki frekar um leiðsögn þeirra, sem nota nú hans nafn í keppninni um atkvæði kjósenda í Norðurlandskjördæmi eystra, um leið og þeir eru að reyna að koma höggi á hæstv. menntmrh.

Framangreindur skilningur, þ.e. að dómstólar einir eigi úrskurðarvald um réttmæti frávikningar, er áréttaður með ákvæðum 3. mgr. 11. gr. laganna en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað."

Af þessu lagaákvæði er ljóst að úrskurður um það, hvort frávikning fyrrverandi fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra hafi verið réttmæt að lögum, er einvörðungu í höndum dómstóla. Samkvæmt stjórnarskránni fara dómendur með dómsvaldið í landinu og þetta vald verður ekki af þeim tekið nema með stjórnarskrárbreytingu. Löggjafanum er því óheimilt að fara inn á svið dómstólanna t.d. með þeim hætti sem hér um ræðir, þ.e. með því að setja lög um tiltekið sakarefni sem dómstólum einum ber að úrskurða um á grundvelli þeirra réttarfarsreglna sem lög tiltaka.

Önnur meginástæða fyrir dagskrártillögu þessari

er að menntmrn. hefur þegar með bréfi dags. 5. þ.m. og ítrekað þann 10. fallist í meginatriðum á hugmyndir fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, er verða mættu til þess að bæta samskipti ráðuneytisins og fræðsluráðsins og fræðsluskrifstofunnar. Fræðsluráðið hefur ekki tekið efnislega afstöðu til þessara bréfa ráðuneytisins, en í þeim kemur fram vilji ráðuneytisins til að fallast á skipan nefndar sem fjalla eigi um störf fræðsluráðs, þar með talin störf fræðsluskrifstofu, og samskipti ráðsins við menntmrn. Starf þessarar nefndar skyldi við það miðað að gera tillögur til ráðuneytis og fræðsluráðs um það hvernig samskiptum þessara aðila verði best hagað í framtíðinni. Þá hefur ráðuneytið einnig fallist á að umsóknarfrestur um stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra verði framlengdur að ósk fræðsluráðsins.

Þetta eru þau rök sem dagskrártillagan byggir á. Fleira mætti auðvitað nefna, svo sem það að samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra vald til að víkja embættismanni frá störfum að fullu, án þess á undan sé gengin frávikning um stundarsakir. Þetta eru staðreyndir. Og þetta vald verður ekki tekið af ráðherra nema með breytingu á þeim lögum sem hér um ræðir, þ.e. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Herra forseti. Ég þarf ekki að fara um þetta mál mikið fleiri orðum. Ég ræði ekki um ástæður þær sem lágu að baki þeirri ákvörðun hæstv. menntmrh. að víkja fræðslustjóranum úr starfi. Ég ræði heldur ekki hvort flm. frv. úr þingflokki framsóknarmanna séu að fremja einhver meiri háttar afglöp með flutningi þessa frv. sem stuðningsmenn núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Á þessu stigi, og úr því sem komið er, kemur það ekki málinu við. Varnarræða hv. 1. flm. frv. áðan vegna þess að hann hefur glapist til að flytja þetta mál í frumvarpsformi inn á Alþingi breytir heldur ekki þeirri skoðun minni að flutningur þessa frv. er í hæsta máta óskynsamleg athöfn ef ekki hreinlega óþingleg.

Dagskrártillaga mín er flutt með þeim rökum sem ég hef hér greint frá og þessi rök koma fram í till. sjálfri. Mér sýnist að Alþingi hafi þarfari málum að sinna en þessu. Auk þess er óþarft og óviðeigandi að ræða þetta mál hér frekar, þegar af þeirri ástæðu, að fræðslustjórinn fyrrverandi hefur valið máli sínu þann farveg sem eðlilegur er og lög segja til um, þ.e. hann hefur þegar stefnt hæstv. fjmrh. vegna málsins. Sérstök lagasetning er þess vegna misskilningur svo ekki sé fastar kveðið að orði. Því er þessi dagskrártillaga flutt, hæstv. forseti. Hún er skrifleg og afhendist hér með.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Í því sem ég segi hér mun ég ekki taka efnislega afstöðu til þess máls sem er til umræðu, brottvikningar fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra. Hins vegar sýnist mér að þeir hlutir hafi gerst nýlega sem kunna að leiða til þess að samþykkt svona frv. orki tvímælis og vísa ég þá til þess að fyrrv. fræðslustjóri mun 12. þ.m. hafa kært málið til dómstólanna. Það er því þegar komið í þeirra hendur. Ég vil, með leyfi forseta, vísa til hinnar merku bókar Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson. Þar segir:

„Tiltekin störf eru dómstörf eðli sínu samkvæmt. Þau störf falla undir hugtakið dómsvald í 2. gr. stjórnarskrár. Með það vald fara dómendur og verður það almennt eigi af þeim tekið nema með stjórnarskrárbreytingu. Verkahringur dómstóla skv. 2. gr. stjórnarskrár setur því valdsviði löggjafans tiltekin takmörk. Löggjafanum er almennt óheimilt að ganga inn á svið dómstólanna og setja lög um ákveðið ágreiningsefni sem dómstólum einum ber að úrskurða um. Ef löggjafi færi að kveða á um það hvernig einstöku dómsmáli skyldi til lykta ráðið, svo sem að ákveðinn maður skyldi sekur fundinn um refsivert athæfi, að bú tiltekins aðila skyldi tekið til gjaldþrotaskipta o.s.frv., í stað þess að láta dómstóla kveða á um það í dómi eða úrskurða á venjulegan hátt, þá fengi slíkt ekki staðist."

Nú er þetta mál óumdeilanlega orðið dómsmál. Það mun fara til Hæstaréttar. Er þá eðlilegt að löggjafinn fyrirskipi Hæstarétti að setja rannsóknarnefnd í mál sem er á leiðinni til Hæstaréttar? Mér þætti ekkert undarlegt þótt Hæstiréttur hafnaði þessu og teldi það ekki standast. Ég veit að þarna er breyting á orðin frá því að frv. var lagt fram og ég vil leyfa mér að spyrja hv. 1. flm. hvort hann hafi rætt þá stöðu sem er orðin t.d. við forseta Hæstaréttar og kannað hvort hann telur þetta almennt koma til greina. Ég sé á því mjög stóra vankanta vægast sagt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstvirtur forseti. Virðulegur forseti þessarar deildar hefur mælt fyrir frv. sem hann flytur ásamt með ræðumanni og fleiri hv. þm. og þarf ég ekki að endurtaka hans orð um ástæður þess að við flytjum þetta frv. Ég tel sömuleiðis óþarft að fara að nokkru ráði ofan í efnisatriði þessarar deilu sökum þess að málið hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarna daga og enn fremur ítarlega rætt utan dagskrár í Sþ. fyrir stuttu. En í öllum þessum umræðum og allri þessari umfjöllun hafa okkur flm. ekki þótt koma fram haldbær rök fyrir því að hæstv. menntmrh. skyldi bregðast við sem raun bar vitni og vegna þess enn fremur að sá tími sem gafst til að ná sáttum eða samkomulagi og setja þetta mál í eðlilega rannsókn hefur ekki nýst sem skyldi. Það liggur fyrir að þrátt fyrir eindreginn vilja fræðsluráðs í Norðurlandi eystra til að ná samkomulagi við menntmrn. um rannsókn á málsatvikum og þrátt fyrir að sama fræðsluráð hafi gefið hæstv. ráðh. ítarlegan umhugsunarfrest, sent honum tillögur til lausnar málsins, stöðvað tillöguflutning á Alþingi þannig að hæstv. ráðh. gæti í ró og næði og án alls þrýstings hugsað sinn gang, liggur sú niðurstaða fyrir að ráðherra hefur ekki treyst sér til þess að verða við tilmælum fræðsluráðsins um rannsókn og með ákveðinni tilhögun.

Það er fráleitt að halda því fram að hæstv. menntmrh. hafi fallist á tillögur fræðsluráðsins um rannsókn. Ég hef undir höndum svarbréf hæstv. menntmrh. til Þráins Þórissonar, formanns fræðsluráðs, dagsett 5. febrúar og þar kemur fram ótvírætt að það sem hæstv. ráðh. virðist tilbúinn til að fallast á er einhvers konar nefndarskipan til að kanna þessi samskipti óskilgreint og til að koma þeim í fastara horf með tilliti til framtíðar. Með öllu eru sniðgengnar í þessu svari hæstv. menntmrh. þær tillögur fræðsluráðsins um rannsókn á deilunni og meintum ávirðingum í garð fyrrv. fræðslustjóra sem auðvitað eru kjarni í þessari deilu. Þar af leiðandi er svar hæstv. menntmrh. sýndarmennskusvar að mínu mati og viðbrögð fræðsluráðsins gátu ekki orðið önnur en þau að hafna því. Þar af leiðandi er niðurstaðan sú eins og hún snýr við okkur alþm. sem flytjum þetta mál og væntanlega fleiri hv. alþm. sem fengið hafa undanfarna daga og undanfarnar vikur fjölda áskorana um að þessi mál verði rannsökuð og skipta þær tugum ef ekki hundruðum þær samþykktir, ályktanir og undirskriftir sem hingað hafa borist, m.a. til virðulegs forseta Sþ. og þm. fleiri kjördæma en Norðurlands eystra.

Hæstv. ráðh. hefur sjálfur ítrekað sagt að öll kurl þurfi að koma til grafar í þessari deilu og hann geti ekki unað öðru en það verði upplýst að fullu. Þess vegna kemur það spánskt fyrir sjónir að hæstv. ráðh. skuli bregðast við og ýmsir mætir flokksbræður hans með þeim hætti sem raun ber vitni að verða nánast ókvæða við þegar lagt er til að Alþingi sjálft hlutist til um rannsókn. Ég tel að það geti ekki borið vitni um annað en slæman málstað eða einhver annarleg sjónarmið að bregðast við þingmálinu með þessum hætti, því þingmáli sem hér er flutt, tillögu um rannsókn. Að halda því fram að hér sé á ferðinni með einhverju móti óeðlileg tillögugerð er að mínu mati ekki réttmætt.

Í fyrsta lagi liggur fyrir rétt rúmlega árs gamalt fordæmi þar sem ríkisstjórnin sjálf kaus að viðhafa þá tilhögun að leggja fram frv. og fela Hæstarétti að tilnefna menn í nefnd til að rannsaka tiltekið mál. Fordæmi um frumkvæði Alþingis í þessum efnum eru því miður fá og allt of fá að mínu mati, virðulegur forseti, og er ástæða til að hugleiða í framhaldi af þessum málum öllum hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á þingsköpum Alþingis og jafnvel stjórnarskrá til að auðvelda Alþingi, þegar svo ber undir sem nú, að grípa til aðgerða og koma á fót rannsóknarnefndum til að fara ofan í viðkvæm og stór mál þegar nauðsyn krefst. En það er annað mál og verður ekki rætt frekar hér.

Inn í þetta deilumál hafa ýmsir efnisþættir blandast sem ég sé ekki ástæðu til að gera sérstaklega að umtalsefni hér með hliðsjón af því sem ég fyrr sagði. Ég vil þó nefna að ég hef nú undir höndum ítarlega greinargerð frá fræðsluráði Norðurlandsumdæmis eystra þar sem farið er lið fyrir lið yfir hvert einasta atriði sem hæstv. menntmrh. sakaði fyrrv. fræðslustjóra um í umræðum hér á Alþingi og því svarað og að mínu viti því hnekkt að fræðslustjórinn hafi í þeim tilfellum brotið af sér eða með nokkrum hætti staðið óeðlilega að málum.

Ég hef einnig undir höndum nýjar upplýsingar um stöðu sérkennslumála í þessu fræðsluumdæmi, Norðurlandsumdæmi eystra, og samanburð milli fræðsluumdæmanna. Það mál hefur einnig dregist inn í þessa deilu og því miður verður að segjast að nýjustu upplýsingar sem ég hef um stöðu þessara mála benda til þess að óréttlætið sé í raun mun meira en menn höfðu áður haldið og að talnaleikir hæstv. menntmrh. séu í raun enn þá fjær hinu sanna en við fyrstu sýn virtist.

Þannig kemur það fram að í svari við fsp. minni hér á Alþingi virðist meðferð upplýsinga vera með þeim hætti, virðulegur forseti, að ekki verði við það unað. Ég mun ekki sjá mér annan kost en gera athugasemdir við virðulegan forseta Sþ. við valið tækifæri og fara fram á að þetta þskj., þskj. 319, svar við fsp. um stöðu sérkennslumála, verði unnið upp á nýtt. Þær tölur sem ég hef nú undir höndum um þjónustustig í þessum efnum benda til þess að í þessu þskj. sé svo stórkostlega dregið undan þeirri þjónustu sem höfuðborgarsvæðið nýtur vegna sérstofnananna sem hér eru staðsettar og látið líta svo út sem hlutur landsbyggðar sé í raun miklum mun betri en efni standa til að við það verður ekki unað. Eitt af því sem nú nefnd, sem við leggjum til í þessu frv., virðulegur forseti, að verði skipuð, hefði þurft að fara ofan í saumana á eru einmitt þessi mál.

Það er rétt að leggja svo á það áherslu, m.a. vegna þeirra orða sem hæstv. forsrh. og hv. 9. landsk. þm. létu hér falla, að við gerum í okkar frv. ráð fyrir að rannsókn þessa máls verði miklum mun ítarlegri og víðtækari en hvað varðar ágreiningsefnin um starf fræðslustjórans eins og þær ávirðingar sem á hann eru bornar. Það verða menn að hafa hugfast þegar rætt er annars vegar um dómsrannsókn og hins vegar um rannsókn sem Alþingi hlutaðist til um að hér eru tveir ólíkir hlutir á ferðinni. Það sem fyrrverandi fræðslustjóri getur að sjálfsögðu gert er að höfða mál og þá snýst það mál eðli sínu samkvæmt fyrst og fremst um hans hlutdeild í því persónulega og þann rétt sem hann kann að hafa og örugglega á til bóta vegna brottvikningarinnar á sínum tíma. En við leggjum til að rannsóknin verði mun víðtækari og taki á þessari deilu í heild sinni og þessum samskiptum í heild sinni. Ég held að öllum sé ljóst sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál að slíkt er alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt. Ég sé ekki, þó að fyrrv. fræðslustjóri fái í gegnum dómstólana einhverjar réttarbætur sér til handa, að traust komist á milli þeirra fjölmörgu aðila sem þurfa að vinna saman að skólamálum í landinu, að framkvæmd grunnskólamálanna í landinu, þó svo að þetta tiltekna atriði fengi einhverja niðurstöðu. Ég held að slíkur trúnaðarbrestur hafi orðið milli kennarastéttarinnar, þeirra sem fara með fræðslumálin úti í

umdæmunum, og menntmrn. að þar þurfi mikið að koma til áður en grær um heilt.

Svo að síðustu þetta, virðulegur forseti: Hér var boðuð og lögð fram tillaga um rökstudda dagskrá, frávísunartillaga, till. um að þetta mál fái ekki einu sinni venjulega þinglega meðferð, fái ekki að fara til nefndar eins og flm. hefur gert tillögu um og fái þar ekki skoðun. Hér er reitt hátt til höggs að mínu mati og ekki vel ígrunduð viðbrögðin þó svo að formaður stærsta þingflokksins sem sæti á á Alþingi, hv. 9. landsk. þm., hafi mælt fyrir till.

Ég tel það í fyrsta lagi óeðlilegt með öllu yfir höfuð að rjúfa þá áralöngu hefð og þá samstöðu sem nær undantekningarlaust í allri þingsögunni er fyrir því að öll mál sem á annað borð eru þingtæk fái þinglega meðferð og skoðun. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er býsna alvarlegt ef menn af pólitískum ástæðum reiða svo hátt til höggs að þeir ætla að neita máli sem virðulegur forseti þessarar deildar flytur um þinglega skoðun. Ég hef talið, og það er mín reynsla af því að starfa undir stjórn þessa ágæta forseta Nd., að hann eigi annað skilið af hv. þingdeild en að hún neiti frv. sem hann flytur um eðlilega þinglega skoðun.

Ég held að hæstv. forsrh. hefði átt að lesa betur það þingmál sem hér er til umræðu áður en hann sté í ræðustól og hafði uppi efasemdir um að það væri réttmætt og þinglegt að flytja svona frv. vegna þess að fyrrv. fræðslustjóri hafi höfðað mál hvað varðar sín sérmálefni fyrir dómstólunum. Ég held að misskilningur hæstv. forsrh. felist í því að hér er Alþingi ekki með frv. að leggja til niðurstöðu í þessa deilu. Alþingi er ekki að úrskurða með lögum hverjar skuli verða lyktir deilunnar. Það væri að sjálfsögðu, sbr. það sem hæstv. forsrh. las upp úr frægri bók, alvarlegt og tilefni sérstakrar skoðunar. Hér er ekkert slíkt á ferðinni. Ég sé ekki að það geti brotið á nokkurn hátt í bág við hlutverk dómstólanna í landinu þó að Alþingi setji á laggirnar nefnd með aðstoð Hæstaréttar til að fara ofan í og rannsaka tiltekin efnisatriði máls. Það er tvennt ólíkt, annars vegar hvort Alþingi með lögum skipar niður deilunni og ræður lyktum hennar og gengi þar með inn á verksvið dómstólanna, og hins vegar hvort Alþingi leggur til að fram fari úttekt eða rannsókn á tilteknum atriðum. Ég er alveg viss um að hæstv. forsrh., þegar hann les frv. og flettir svo aftur upp í bók forvera síns, áttar sig á því að þannig liggur í þessu. Hér er því fullkomlega eðlilegur tillöguflutningur á ferðinni sem brýtur ekki á nokkurn hátt í bág hvorki við þinglegar hefðir né við hlutverk dómstólanna í landinu.

Það er svo að lokum mín ósk, virðulegur forseti, og ég satt best að segja trúi ekki öðru fyrr en ég tek á því, að þetta mál fái venjulega og réttláta meðferð eins og öll þingmál venjulega fá og um er algjör samstaða burtséð frá því hversu sammála eða ósammála menn eru tilteknum málum og mér liggur við að segja, með leyfi þínu forseti, burtséð frá því hversu gáfuleg eða vitlaus þingmál eru, að vísa þeim ætíð og ævinlega til skoðunar í nefnd og þar, eftir þá skoðun, verði ráðið frekar um framhald málsins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að láta nokkur atriði koma skýrt fram í þessari 1. umr.

Þingflokkur Kvennalistans var sammála um að eiga aðild að flutningi þessa frv. og gerðist hv. þm. Kristín Halldórsdóttir meðflm. Hv. 1. flm. frv. sagði í framsöguræðu sinni að flm. væru þeirrar skoðunar að hæstv. menntmrh. hefði ekki haft ástæðu til að víkja fræðslustjóra í Norðurlandsumdæmi eystra úr starfi. Kvennalistakonur hafa ekki haldið því fram. Við höfum sagt að við tækjum ekki afstöðu til þess. Það væri í raun ekki unnt því um málsatvik stæði fullyrðing gegn fullyrðingu. Þess vegna viljum við láta fara fram hlutlausa rannsókn málsins og teljum þann hátt sem hér er hafður á heppilegan. Hins vegar höfum við mikið við vinnubrögð hæstv. menntmrh. að athuga í þessu máli. Af þessum ástæðum og á þessum forsendum tökum við þátt í flutningi þess frv. sem hér er til umræðu og mér finnst fráleitt að því verði vísað frá.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um skipun nefndar utanþingsmanna er rannsaki deilur menntmrn. og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur borið fram till. til rökstuddrar dagskrár í málinu. Sú till. er fyrst og fremst um málsmeðferð, þ.e. að frv. verði vísað frá með þeim rökstuðningi sem fram kemur með þessari till. til rökstuddrar dagskrár. Meginrökstuðningurinn í frávísunartillögunni er að málinu hafi þegar verið vísað til meðferðar hjá dómstólunum, en á það ber að líta í því sambandi að dómstólarnir muni einungis fjalla um einn þátt þessa máls, þ.e. fyrst og fremst réttmæti brottvikningar fræðslustjórans úr starfi og valdsvið ráðherra að lögum til að víkja manni úr starfi, en á það eru ekki bornar brigður í þeim till. sem fram hafa verið lagðar hér á Alþingi í þessu máli. Till. sem liggja fyrir Alþingi vefengja ekki formlega vald ráðherra, en aftur á móti taka þessar till., þar á meðal það frv. sem hér er til umfjöllunar, á öðrum mikilvægum þáttum þessa máls sem ég tel að dómstólar muni ekki fjalla um. Það eru í fyrsta lagi samskiptaörðugleikar sem verið hafa á milli fræðsluyfirvalda Norðurlandsumdæmis eystra og menntmrn. og í annan stað framkvæmd grunnskólalaganna, einkum sérkennslunnar, og í þriðja lagi kannske ástæðurnar fyrir brottvikningu fræðslustjóra. Þó lögmæti brottvikningarinnar sé fyrir dómstólunum er það ekki ásættanleg niðurstaða að mínu mati fyrir Alþingi og ekki efnisleg niðurstaða, sem menn geta sæst á, að vísa málinu einungis til dómstólanna.

Ég tel að í ljósi þess sem ég hef hér sagt séu engin rök fyrir að samþykkja þá frávísun sem hér hefur verið borin fram. Ég tel að þetta frv. eigi að fá umfjöllun í nefnd og fyrir því eigi að greiða hér í

deildinni. Þó ég segi þetta er ég þar með ekki að taka efnislega afstöðu til einstakra atriða í frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég tel að það séu margir gallar á frv. því sem fram hefur komið og hér er til umræðu.

Í fyrsta lagi tel ég að miðað við stöðu og gang mála hefði tillöguflutningur á Alþingi átt að taka mið af sjónarmiðum og hugmyndum beggja deiluaðila í málinu. Við skulum athuga að hæstv. menntmrh. hafði lengst af staðið mjög fast á þeirri afstöðu sinni að málið yrði ekki rannsakað eða athugað í nefnd. Ég tel að þegar fyrir lá hjá hæstv. ráðh. það sem ég vil kalla opnun í málinu, að hann lagði til skipan tveggja manna nefndar sem fjallaði um málið, einn frá menntmrn. og einn frá fræðsluyfirvöldum, ásamt því að hann féllst á að framlengja umsóknarfrest um stöðu fræðslustjórans, þá hafi verið alveg ný viðhorf uppi í málinu, sem ég tel að fræðsluyfirvöld í Norðurlandi eystra og þm. á hv. Alþingi, sem hugðu á tillöguflutning í málinu, hefðu átt að fylgja vel eftir. Hugmyndir ráðherra í þessu máli um skipan nefndar og að framlengja umsóknarfrestinn voru hvergi nægjanlegar. En það var þó opnun í málinu.

Till. sem ég hef ásamt fleiri þm. Alþfl. lagt fram í þessu máli taka einmitt mið af þeirri stöðu sem uppi var og þeirri opnun sem ráðherra gaf í málinu. Ég tel að menn verði, svo lengi sem þetta mál hefur verið hér til umræðu á Alþingi, að horfa á stöðuna og hvernig hægt væri að ná árangri í þessu máli, hvernig hægt er að ná fram niðurstöðu sem líkur eru á að hafi framgang hér á hv. Alþingi. Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu nái ekki þeim tilgangi sem ég hef lýst, en tel aftur á móti að sú till. til þál. sem ég hef borið fram ásamt tveimur öðrum þm. Alþfl. um úttekt á samskiptum menntmrn. og færðsluumdæmis Norðurlands eystra nái þeim tilgangi. Hún tekur í fyrsta lagi á því að það verði skipuð þriggja manna nefnd, það verði einn oddamaður í nefndinni, tilnefndur verði fulltrúi frá fræðsluráði Norðurlandsumdæmis eystra, frá menntmrn. og síðan verði formaður nefndarinnar tilnefndur af Ríkisendurskoðun. Nefndin hafi það hlutverk að kanna alla þætti þessa máls er varða þá deilu sem upp er komin milli fræðsluráðs og menntmrn. eftir því sem henni þykir ástæða til, þar á meðal réttmæti brottvikningar fræðslustjóra umdæmisins úr starfi. Nefndin hafi fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist til að skýra málið í heild sinni og einstök atvik þess og semji skýrslu um störf sín og verði hún birt opinberlega.

Það lá fyrir að menntmrh. hafði þegar fallist á nefndarskipun. Það lá fyrir að hann hafði þegar fallist á að framlengja uppsagnarfrestinn. Um hvað er þá ágreiningurinn milli fræðsluyfirvalda Norðurlandsumdæmis eystra og menntmrh. eða menntmrn.? Ég tel að ágreiningurinn sé nú fyrst og fremst um hlutverk nefndarinnar og hvort nefndin eigi að kanna ástæður og réttmæti brottvikningarinnar. Einnig hvort birta eigi skýrsluna opinberlega. Um þessi atriði hefur ekki náðst samkomulag. Ég tel að Alþingi gæti tekið einmitt á því máli. Þess vegna tel ég til að mynda að þetta mál eigi að fá þá umfjöllun að það eigi að skoðast í nefnd ásamt öðrum þeim tillögum sem fyrir liggja í þessu máli. Ég er til að mynda ekki sammála því, sem fram kemur í því frv. sem hér er til umfjöllunar, að Hæstiréttur tilnefni í þessa nefnd vegna þess að ég tel óheppilegt að Hæstiréttur gerist óbeinn aðili málsins þar sem málinu kann að verða vísað til Hæstaréttar á síðari stigum.

Ég tel að það sé ekkert meginatriði í þessu máli hvort það sé frv. eða þáltill. sem verður samþykkt í þessu efni, en ég tel að það þurfi að sníða af ýmsa agnúa sem eru á þessu frv. ef þm. á annað borð hallast að því að sú leið sé rétt að samþykkja frv. eða lög í þessu efni. Þó teldi ég heppilegra að fara þá leið sem fram kemur í þáltill[1]. um að það verði gerð úttekt á samskiptum menntmrn. og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra eins og í till. sem ég hef greint frá kveður á um.

Mín lokaniðurstaða er sú að þó lögmæti brottvikningar fræðslustjórans sé nú fyrir dómstólunum sé það aðeins einn þáttur þessa máls og það er kannske kjarni þessa máls sem þm. verða að hafa í huga. Þess vegna tel ég ekki nægileg rök eins og til að mynda hæstv. forsrh. hér áðan að þar sem málinu hafi verið vísað til dómstólanna þurfi Alþingi í raun ekki að fjalla um það. Ég tel að miðað við gang mála þurfi að skoða þetta mál í miklu víðara samhengi, skoða þá samskiptaörðugleika sem hafa verið fyrir hendi milli menntmrn. og fræðsluyfirvalda og á því máli muni dómstólarnir ekki taka.

Ég tel því að það séu engin rök fyrir þeirri frávísun sem hér hefur verið borin fram og ég mun greiða atkvæði gegn henni.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Út af þeim orðum sem tveir síðustu ræðumenn hafa látið falla vegna athugasemdar minnar áðan vil ég láta það koma skýrt fram að ég á að sjálfsögðu við seinni hluta 1. gr. þegar ég tala um að óeðlilegt kunni að vera að Hæstiréttur skipi nefnd, en þar segir:

„Hæstiréttur skipar nefnd fimm manna utan Alþingis til að rannsaka hvort menntmrh. hafi haft fullgildar ástæður til að víkja fræðslustjóra umdæmisins úr starfi."

Ég veit að þetta er að sjálfsögðu það sem fræðslustjóri spyr núna dómstólana að eftir stefnu hans 12. febr., þ.e. daginn eftir að frv. er lagt fram. Ég ræddi núna við forseta Hæstaréttar sem sagði mér að mér væri heimilt að hafa það eftir honum að hann teldi þetta í fyllsta máta óeðlilegt eftir að málið er orðið dómsmál. Hann tók að vísu fram að hann talaði ekki fyrir hönd Hæstaréttar sem slíks.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er

tvíþætt. Annars vegar er það viðkvæmt persónulegt mál gagnvart þeim einstaklingum sem í hlut eiga. Hins vegar snertir þetta mál uppbyggingu fræðslumála hér á landi. Það er til að mynda athyglisvert að nú, þrem árum eftir að fyrrv. hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason, sem var á árunum 1971–1974 einn helsti hvatamaður þess að upp yrði tekin nýskipan fræðslumála í því formi sem þau eru nú með fræðsluskrifstofunum úti á landi, skuli með frv. leggja til að sérstaklega skuli skipuð fimm manna nefnd eftir tilnefningu Hæstaréttar til að athuga hvernig háttað sé aðstöðu einstakra fræðsluumdæma til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um sérkennslu og önnur atriði er snerta framkvæmd gildandi skólamálastefnu eftir því sem við verður komið. Ég álít að það sé engin tilviljun að einmitt þessi orð skuli vera í því frv. sem hér liggur fyrir. 1. flm. þessa frv. þekkir það mjög náið af starfi sínu sem menntmrh. að það komu upp á þeim tíma ýmsir framkvæmda- og sambúðarerfiðleikar milli menntmrn. og hinna einstöku fræðsluskrifstofa vegna þess tvíeðlis fræðslustjórans að eiga fyrst og fremst að vera trúnaðarmaður menntmrh. bæði varðandi undirbúning fjárlaga fyrst og síðan átti hann að fylgjast með framkvæmd fjárlaganna, framkvæmd skólastarfsins og vera á hverjum tíma úrskurðaraðili einstakra skólastjóra og skólanefnda um það hvort viðkomandi embættismenn hefðu haldið sig innan þess ramma sem lög, reglugerðir og fjárlög heimiluðu á hverjum tíma eða hvort þessir skólamenn ráku sínar stofnanir á ábyrgð sveitarfélaganna.

Ég veit það að þessi fyrrv. hæstv. menntmrh. átti í vissum sambúðarerfiðleikum sem hljóta að valda því að hann gerir sér gleggri grein fyrir því en aðrir að þessi löggjöf, eins og frá henni var gengið, var meingölluð strax í upphafi. Og ég held að við getum öll, sem höfum kynnt okkur þessi mál náið, sannfærst um að eðli deilunnar milli fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, ekki aðeins í tíð þessa menntmrh. heldur einnig í tíð fyrri menntmrh., eigi rætur sínar að rekja til þess að sá fræðslustjóri sem þar hefur verið nú um mörg undanfarin ár hefur fremur viljað líta á sig sem fulltrúa fræðsluráðsins en menntmrh. í þeirra skiptum.

Það er enginn vafi á því að þessi einstaklingur er mikill hugsjónamaður um einstaka þætti kennslumála. Ég vil sérstaklega taka fram að hann hefur verið mikill baráttumaður fyrir því að sérkennsla sé aukin og komið sé til móts við ýmsa þá sem sérstakrar hjálpar eru þurfi í skólastarfi. Þessi starfsemi er mjög ný af nálinni. Þegar ég hætti að kenna á Akureyri á árinu 1976 var þessi starfsemi rétt að hefjast. Hún var í burðarliðnum. Þó voru þess þá nokkur dæmi að einstakir nemendur í gagnfræðaskóla væru teknir til sérstakrar meðhöndlunar, fengu sérstaka aðstoð, en eins og hæstv. menntmrh. hefur gert ítarlega grein fyrir og eins og við munum sem sátum á vorþinginu 1974 var einmitt þetta atriði sérstaklega rætt og niðurstaðan varð þá sú hér í sölum Alþingis að inn í lagabókstafinn sjálfan skyldi tekið að við stuðnings- og hjálparkennslu, við sálfræði- og ráðgjafarþjónustu bæri fræðsluumdæmunum að halda sig nákvæmlega innan þeirra marka sem fjárlög ákvæðu á hverjum tíma og auðvitað aukafjárveitingar ef réttilega er að þeim staðið.

Ég vil sérstaklega taka fram í þessu samhengi, eftir að hafa kynnt mér rækilega þau gögn sem lúta að sérkennslunni, nota þetta sérstaka tækifæri til að þakka hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir ég vil segja þarfa áminningu í minn garð í Þjóðviljanum ekki alls fyrir löngu um það að ég hafi ekki staðið mig sem skyldi í sambandi við sérkennsluna og ég eigi að líta til hv. þm. Steingríms Sigfússonar til að sækja mér fyrirmynd í þeim efnum. (**GHelg:** Það er rétt.) Það hafði dottið úr minni mínu hvert hefði verið hans sérstaka framlag svo að ég spurði hann að því áðan hvernig brtt. hans við fjárlög hefði aftur verið varðandi sérkennsluna. Hann mundi það ekki heldur, en kannske hv. þm. geti minnt okkur Steingrím á hvert sé hans sérstaka framlag til sérkennslumálanna. Ég mun svo sannarlega reyna eftir megni að afla mér upplýsingar um hans mikla starf. Ég hef rætt það við nokkra skólamenn fyrir norðan að ef þeir séu óánægðir með það sem ég hef um þetta mál að segja skuli þeir snúa sér til Steingríms.

Það er auðvitað öldungis ljóst að við getum lengi aukið persónulega aðstoð við þá sem eru hjálparþurfi í skólastarfi. Fyrrv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir lagði sig fram um að auka þennan þátt og má kannske finna að því að hún skyldi á þeim tíma heimila frekari kennslu en í fjárlögum voru veittar heimildir til. Þessi kennsla hefur vaxið mjög á undanförnum árum. Ég veit auðvitað vegna kunnugleika míns á hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvari Gíslasyni að hann var líka mikill áhugamaður um sérkennsluna þegar hann var menntmrh. Og kannske er það einmitt af þeim sökum, þegar hann lítur yfir farinn veg og sér sín sjaldan getið í sambandi við sérkennslumálið, að hann biður sérstaklega um að Hæstiréttur geri úttekt á því hverjir hafi þar sérstaklega komið við sögu.

Ég held að staðreyndin sé sú að öll viljum við, sem á Alþingi sitjum hverju sinni, leggja fram miklu meira fé en raun hefur orðið á til margvíslegra mála, líknarmála, til þess að koma til móts við þá sem verr eru settir en við höfum treyst okkur til. Og þetta á ekki einungis við um þennan þátt skólastarfsins. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann segir að þau svör sem menntmrn. gaf varðandi fsp. hans um sérkennsluna segi ekki alla sögu, enda er ég ekki alveg viss um að spurt hafi verið þannig að svarið gæfi tilefni til þess að öll sagan yrði sögð.

Sérkennsla, stuðningskennsla, við vitum að í eðli sínu er um kannske hliðstætt en þó ekki hið sama að ræða og við vitum að í sumum tilvikum eru möguleikar á því að taka kvóta frá almennri kennslu þar sem sérstaklega stendur á, vegna þess kannske að

hæfa kennara vantar t.d. í tónlist, hússtjórnarfræðum eða einhverju öðru. Þá er kannske hægt að nýta almennan kennslukvóta til hjálparkennslunnar.

Við vitum líka að þær mörgu sérstofnanir sem í Reykjavík eru skekkja þessa mynd. Það er augljóst að hér eru stofnanir sem ekki eru til annars staðar á landinu. Það er jafnframt augljóst að þar sem læknisþjónusta er almennt meiri en annars staðar, við getum tekið Reykjavík sem dæmi, skapast sjálfkrafa meiri þörf fyrir hjálparkennslu en á öðrum stöðum þar sem um slíka heilbrigðisþjónustu er ekki að tefla. Með sama hætti er augljóst að á stöðum eins og Akureyri með þá fjölþættu sjúkraþjónustu, heilbrigðisþjónustu sem þar er, með þeim mörgu menntuðu sérkennurum sem þar eru, eru auðvitað sjálfu sér samkvæmt líkur til að meiri þörf sé sérkennslu en annars staðar. Allt þetta vitum við.

Við vitum líka að ekki gefur raunhæfa mynd að líta einungis á tölur varðandi sérkennsluna vegna þess að foreldrar sem eiga mjög veik börn geta neyðst til að flytja á milli staða af þeim sökum. En ég vil að það komi alveg skýrt fram að eftir því sem ég hef kynnt mér betur þessa sérstöku starfsemi er ég meiri áhugamaður um að hún verði vel látin í té, þó ég geri mér um leið grein fyrir að við munum seint hér á Alþingi hafa nægilega fjármuni til þess að við getum svarað öllum þeim kröfum og öllum þeim óskum sem það fólk setur fram sem er sérstaklega menntað og vinnur daglega við að sinna þeim börnum og unglingum sem á slíkri þjónustu þurfa að halda. Þetta vil ég að komi skýrt fram.

Auðvitað hlýtur skólastarfið hér að þróast og vaxa að þessu leyti og alveg á sama hátt og við hljótum nú að endurskoða þau markmið sem við höfum sett okkur í sérkennslunni hljótum við um leið að endurskoða markmið okkar varðandi ýmsa aðra þætti fræðslumálanna. Ég hef orðið var við það í þessu sérstaka máli að menn hafa talað um það sem þeir kalla norðlenska skólastefnu. Í mínum huga er norðlensk skólastefna það að við eflum skólastarfið og fræðslustarfið ekki eingöngu í grunnskólanum heldur eflum það líka í framhaldsskólunum. Og ég vil þakka sérstaklega hæstv. menntmrh. fyrir það hversu duglega hann hefur tekið undir þær óskir og kröfur sem við Norðlendingar höfum borið fram bæði varðandi háskóla á Akureyri og eins varðandi það að treysta og efla grunn þeirrar framhaldsmenntunar sem þar er. Þetta er einn mjög ríkur þáttur í hinni norðlensku skólastefnu sem við viljum berjast fyrir. Og ég vil segja að hann er ekki ómerkilegasti þátturinn, því þegar við lítum á þá skýrslu sem nú hefur verið lögð fram varðandi byggðaþróun í landinu og þegar við virðum fyrir okkur þær tölur hversu það er á Eyjafjarðarsvæðinu, því eina svæði sem ég vil segja að geti keppt við Reykjavíkursvæðið að því marki að geta veitt alhliða þjónustu í menningarlegu, atvinnulegu og skólalegu tilliti, þá er það okkur mikið áhyggjuefni að á þessu svæði skuli nokkuð hafa fækkað einstaklingum nú hin síðustu árin. Þegar við veltum fyrir okkur hvernig við viljum bregðast við þessu komum við einmitt fyrst eða mjög fljótlega að skólamálunum, eflingu framhaldsskólans, við komum þá að háskólamálinu og við komum líka að fjórðungssjúkrahúsinu. Við komum líka að því að hægt sé að veita ungum og öldnum þá heilbrigðisþjónustu og kennslu, líka sérkennslu, sem þörf er á. Þetta vil ég að sérstaklega komi fram.

Ég hef lengi haft áhyggjur af því hvernig samstarfsörðugleikar hafa vaxið milli fræðsluskrifstofunnar í Norðurlandsumdæmi eystra og menntmrn. (**Menntmrh.:** Hversu lengi?) Þetta er ekki ný saga. Ef við mundum setjast niður, við hv. 1. þm. Norðurl. e., kvöldstund og rifja ýmislegt upp kæmi kannske margt upp í hugann. (**Menntmrh.:** Lát heyra.) Og þessar deilur hafa vaxið. Ég fékk í umslagi áðan þykkan bunka af skjölum og blöðum sem öll bera þess vott hvernig samstarf og trúnaður hefur verið milli fræðsluskrifstofunnar og menntmrn. Við vitum líka að þeir menn sem talað hafa um þessi mál, bæði á opinberum vettvangi og líka í einkasamtölum, hafa ekki verið á eitt sáttir um hvar ástæðurnar liggi. Það sagði við mig merkur skólamaður á Akureyri um daginn að í allri þessari opinberu umræðu forðuðust menn kannske að tala um það sem undir lægi af persónulegum ástæðum, og nú er ég einungis að tala um það hversu mönnum fellur illa, sem ekki eru beinlínis flæktir í málin, að koma fram í opinbera umræðu og ræða sérstaklega um einstaklinga, aðrar persónur í þjóðfélaginu. Það er auðvitað mun auðveldara í hinni opinberu umræðu að skamma ráðherrann. Ég tala nú ekki um þegar hann er þrekinn og mikill fyrir sér. Ég segi nú stundum um hann, þegar kvartað er undan því að hæstv. ráðh. taki djúpt í árinni, að hann sé orðvarastur sinna bræðra.

Þarna hefur orðið nokkur deila og við vitum að henni hefur nú lyktað með því að hæstv. menntmrh. treystir sér ekki til annars samvisku sinnar vegna sem æðsti trúnaðarmaður menntamála í landinu en segja fræðslustjóra upp sínu starfi. Auðvitað hlýtur ákvörðun eins og þessi að vera umdeild, auðvitað vegna þess að fræðslustjóra hefur ekki verið borið á brýn neitt það sem refsivert getur heitið. Á hinn bóginn liggur það fyrir og ég held að ég geri fræðslustjóra ekki rangt til þegar ég segi: Það liggur fyrir í störfum hans, í hans málflutningi að hann vildi heldur vera trúnaðarmaður fræðsluráðsins og sveitarfélaganna, sóknaraðili gegn Alþingi og menntmrh., en taka á sig þá skyldu, sem embættismaður ráðuneytis hlýtur að gera á hverjum tíma, að túlka stefnu, skoðanir og fyrirmæli ráðherrans og koma hlutlaus fram með öðrum hætti, koma fram með þeim hætti að það sem hann sagði vissum við um leið að var stefna ráðherrans, skoðun ráðherrans. Það er þessi staða sem þessi ágæti einstaklingur kunni ekki við sig í. Sumir menn vilja segja að minn skilningur á fræðslustjóraembættinu sé ekki réttur, að fræðslustjóraembættið hafi ekki verið hugsað með þeim hætti að hann ætti að vera trúnaðarmaður ráðherra í

þeim skilningi að við værum að færa menntmrn. út í byggðirnar. Þó fullyrði ég að þeir menn sem mest beittu sér fyrir hinni nýju skipan fræðslumálanna hafi einmitt haft þau rök við orð að með þessu værum við að færa menntmrn. út í byggðirnar.

Ég man líka eftir því er við vorum á fundi, stjórn Byggðastofnunar, á Ísafirði nú í sumar og hittum sveitarstjórnarmenn þar að þeir kvörtuðu undan því að fræðsluskrifstofan á þeim stað rækti það verkefni ekki sem skyldi að vera rödd ráðherrans. Þetta er málið í hnotskurn.

Nú geta menn um það deilt hvort þeir telji að fulltrúar stjórnvaldsins, fulltrúar ráðuneytis, fulltrúar ráðherra eigi endilega að rækja það hlutverk sitt að vera fulltrúi ráðherra og ráðuneytis, hvort þeir eigi að láta annað sitja fyrir, það aukastarf sem þeir gegna. Þessu hlýt ég sannvisku minnar vegna að svara á þann veg að nauðsynlegt er að fræðslustjórar skilji það eðli síns starfs að þeir eru fulltrúar síns ráðuneytis, sinnar ríkisstjórnar sem hann sendir undirbúningsgögn varðandi fjárlög og sem skólastjórar eiga að geta snúið sér til.

Ég get ekki skilið hvernig á því stendur að hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli hafa langt mál um að hann hafi einhvern sérstakan rétt til að gagnrýna ráðherra Sjálfstfl. og að við höfum farið fram á að hann megi ekki gagnrýna ráðherra Sjálfstfl. Þessi hv. þm. veit ekkert um það nema okkur falli það bara betur, sjálfstæðismönnum, að hann gagnrýni okkur heldur en hann hrósi, þannig að ég vil segja við hann í fullri vinsemd að ef ég ætti kost á því tvennu að þú færir um kjördæmið með okkur Guðmundi Bjarnasyni og legðir á mig sérstakt lof eða reyndir að gagnrýna mig og skamma veit ég bara hreint ekki hvort ég mundi heldur kjósa mér. Ég held að við eigum ekki að tala um alvörumál eins og þessi, hv. þm., í þeim dúr og tón að einhver hér hafi bannað einhverjum að tala fullum hálsi hér á Alþingi. Það er einmitt sá mikli réttur sem hver þm. hefur og það hefur enginn maður fundið að því. Mér finnst einmitt sjálfsagt að þm. tali hér fullum hálsi og mér finnst líka sjálfsagt, þó svo að menn í upphafi hafi lýst því yfir að þeir vilji verja ríkisstjórn vantrausti, að þeir eigi hiklaust að *hverfa frá þeirri ætlan sinni, gömlu ætlan, ef* eitthvað það gerist sem sannfærir þá um að þetta traust til ríkisstjórnarinnar sé á röngum forsendum byggt. Í stjórnmálum getum við því ekki talað um að skuldbinding um stuðning eins stjórnmálamanns til annars vari að eilífu. Það getum við ekki gert.

Nú hefur þessi deila sem sagt harðnað og mig tekur það mjög sárt. Ég reyndi að beita mér fyrir því strax í septembermánuði, þegar upp kom sérkennslumálið, að reyna að setja niður þessar deilur. En þessi deila harðnaði og endaði með þeim hætti sem við vitum, að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til annars en segja lausu þessu starfi.

Ég geri ráð fyrir því að allir sem hér eru inni vilji vinna að því af einurð og festu að viðunandi lausn náist sem menn séu sæmilega sáttir við. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að lesa úr bréfi sem hæstv. menntmrh. skrifaði fræðsluráði Norðurlandsumdæmis eystra hinn 5. febr. s.l. Ég bað hæstv. ráðh. um að fá að lesa þessi orð. Ég held að það sé nauðsynlegt að þau verði gerð opinber, verði innlegg í þessa umræðu ef þau hafa þá ekki birst áður, en það hefur þá farið fram hjá mér. Í þessu bréfi segir svo, herra forseti:

„Vísað er til bréfs yðar til menntmrh. dags. 30. jan. s.l. Í bréfinu er fjallað um samskiptaörðugleika milli menntmrn. og fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra. Í bréfinu segir að þessir samskiptaörðugleikar virðist vera sá vandi sem taka þurfi á og ekki sé nýr af nálinni. Í framhaldi af því er gerð tillaga um skipun nefndar er hafi það markmið að gera úttekt á störfum fræðsluráðs, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu og samskiptum þessara aðila við menntmrn., einkum er varðar fjármálaleg samskipti.

Hér verður ekki tekin afstaða til þeirra atriða í bréfi yðar er varða fyrri samskipti menntmrn. og fræðsluráðs. Vegna bréfs yðar skal hins vegar tekið fram að hugmynd fræðsluráðs um skipun nefndar er þess eðlis að á hana er unnt að fallast í meginatriðum. Á henni eru þó ákveðnir annmarkar að því er varðar verksvið nefndarinnar og skipun hennar sem bæta þarf úr. Ráðuneytið er reiðubúið að fallast á að skipuð verði nefnd tveggja manna þar sem aðilar, þ.e. fræðsluráð og menntmrn., tilnefni hvor sinn nefndarmann. Hlutverk nefndarinnar verði að fjalla um störf fræðsluráðs, þar með talin störf fræðsluskrifstofu og samskipti fræðsluráðsins við menntmrn. Starf nefndarinnar miði að því að gera tillögur til menntmrn. og fræðsluráðs um hvernig samskiptum þessara aðila verði best hagað í framtíðinni. Nefndin skal vinna störf sín sem trúnaðarmál fyrir aðila. Skýrsla hennar verði ekki gerð opinber nema báðir aðilar samþykki. Fallist fræðsluráð á ofangreind sjónarmið mun ráðuneytið tafarlaust tilnefna sinn fulltrúa í nefndina og væntir þess að fræðsluráð tilnefni sinn fulltrúa svo starf nefndarinnar geti hafist hið fyrsta.

Að gefnu tilefni í niðurlagi bréfs yðar skal tekið fram að menntmrh. er reiðubúinn að framlengja umsóknarfrest um stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra."

Svo mörg voru þau orð. Þessu bréfi hafnaði fræðsluráð. Síðan ítrekaði hæstv. menntmrh. með bréfi 10. febr. sitt fyrra boð og fór fram á viðræður. Ég veit ekki betur en fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra hafi hist á fundi s.l. föstudag og ég veit ekki betur en niðurstaðan á þeim fundi hafi orðið sú að þeir fræðsluráðsmenn vildu koma suður til móts við hæstv. menntmrh. og þar mundu þeir ræða um með hvaða hætti þeir gætu náð því fram sem segir í þessu bréfi. Það er öldungis ljóst að þeir menn sem hæfastir eru til þess að grafast fyrir um rætur þessarar deilu eru annars vegar fulltrúar fræðsluráðsins fyrir norðan og hins vegar fulltrúar menntmrn. Ég get ekki hugsað mér neina aðra aðila í þessu þjóðfélagi sem betur séu færir um að komast

til botns í þessari deilu sem við verðum að ýta til hliðar til þess að eyða þeirri tortryggni sem grafið hefur um sig í skólastarfi fyrir norðan til þess að það geti færst í hæfilegt horf og til þess að menn hafi um annað að hugsa á næstu mánuðum, misserum og árum í skólum þar og annars staðar á landinu. Þetta held ég að sé kjarni málsins.

Sumir segja: En af hverju á ekki að vera oddamaður sem sé dómari í þessu máli? Við erum ekki á þessu stigi að biðja um dóminn. Þarna erum við að fara fram á rannsóknina, athugunina, hvað er rétt í þessu máli, og hæstv. menntmrh. hefur lagt sitt lóð á vogarskálina til þess að þessi rannsókn geti farið fram og ég vil persónulega þakka honum fyrir það. Við erum engu bættari þó að einhverjum einum manni í viðbót yrði bætt þarna við vegna þess að þeir aðilar sem eru að deila, fræðsluráð og menntmrn., fá með þessum hætti aðstöðu til að túlka sín sjónarmið, bæði til fortíðar og framtíðar. En að fortíð skal hyggja ef á framtíð skal byggja. Og það boð hæstv. ráðh. að hann sé reiðubúinn að framlengja umsóknarfrest um stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra er með þeim hætti að ég hygg að menn eigi að geta skilið það sem sáttaboð, a.m.k. hlýt ég að gera það og vil vænta þess að þær viðræður sem nú fara í gang milli norðanmanna og ráðuneytismanna megi skila góðum árangri.

Fræðslustjórinn fyrrv. hefur þegar tekið sjálfur afstöðu um hvaða leið hann vilji fara í sambandi við úrskurð eða dóm á sínu máli. Hann kaus að bíða þess ekki hver yrðu afdrif þessa frv. hér. Það mál er komið til dómstóla og við skulum halda þeim þætti utan við, en auðvitað yrði það starf sem við erum að tala um hér til þess að upplýsa ýmsa þætti þessa máls frekar en gert hefur verið.

Ég vil að síðustu vekja athygli á því í sambandi við þetta mál og tel að það sé mjög þýðingarmikið að menn geri sér grein fyrir því að þó skoðanir séu mjög skiptar um hvort hæstv. ráðh. hafi á þessum tíma haft fullnægjandi ástæður til að vísa fræðslustjóra úr starfi hefur engin rödd heyrst um að hér sé um pólitíska valdbeitingu að tefla. Og menn gera sér grein fyrir því og vita að þarna var einungis um að ræða að samskiptaörðugleikar þessara tveggja stofnana voru orðnir slíkir að við þá varð ekki lengur unað að mati ráðherra.

Að síðustu vil ég aðeins segja að ég er öldungis sammála flm. þessa frv., hv. þm. Ingvari Gíslasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi Bjarnasyni og Kristínu Halldórsdóttur, um að ástæða sé til að ætla að fræðsluskrifstofurnar, uppbygging þeirra, verksvið, starfssvið séu úrelt og hafi gengið sér til húðar. Þessi orð í lagaparagraffinu: „Enn fremur skal nefndin athuga hvernig háttað er aðstöðu einstakra fræðsluumdæma til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um sérkennslu og önnur atriði er snerta framkvæmd gildandi skólamálastefnu eftir því sem við verður komið“ — þessi orð hljóta auðvitað að skiljast sem mikil gagnrýni, a.m.k. miklar efasemdir um að uppbygging og starfssvið fræðsluskrifstofanna sé með réttum hætti. Ég hygg að það sé einsdæmi að þm. hafi falið nefnd skipaðri af Hæstarétti verksvið af þessu tagi sem er auðvitað af pólitískum toga. Þetta er pólitískt verkefni og erfitt að gera sér grein fyrir hvernig menn hugsi sér að dómstólarnir skipti sér af því.

Ég held að ýmsir skólamenn séu líka sammála mér um að nauðsynlegt sé kannske að gera fræðsluskrifstofurnar sjálfstæðari gagnvart menntmrn. Ég held að það sé enginn vafi á að fræðsluskrifstofurnar hafa smátt og smátt verið að þróast upp í það að vera — ég veit ekki hvort ég á að leyfa mér að hafa það eftir sem einn sagði við mig: „sveitarstjórnarapparat“. Ég verð þá að biðja þá sem skrá þessi orð að setja það orð innan gæsalappa. En hann kallaði þetta „sveitarstjórnarapparat“ í þeirri merkingu að þeir sem á þeim ynnu teldu sig fremur þeirrar ættar en ráðuneytisins. Þessi mál hljótum við öll að verða að íhuga rækilega. Við hljótum að taka uppbyggingu fræðsluumdæmanna úti á landi til gagngerðrar endurskoðunar. Við hljótum að læra af þeirri reynslu — ég vil segja dapurlegri reynslu — sem við höfum þarna fengið og vil vænta þess að sú ríkisstjórn sem við tekur muni taka það mál sérstaklega til athugunar.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort það er útúrdúr ef ég aðeins segi um þáltill. hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar að hún er flutt af góðum hug eins og öll þessi mál, en verð að bíða með að ræða hana sérstaklega þar sem hann er ekki viðlátinn og af sérstökum ástæðum get ég ekki litið svo á að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé í færum um að svara fyrir hann.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefur margt verið rætt og ritað í kjölfar brottvikningar Sturlu Kristjánssonar og margt af því hefur verið heldur til óþurftar og til þess eins að herða rembihnútinn. Því miður verð ég að líta svo á að það frv. sem hér er til umræðu sé ekki skref til lausnar þeirri deilu sem yfir stendur. En þessa deilu verður að leysa. Ekki vegna Sverris hæstv. ráðh. eða fyrrv. fræðslustjóra Sturlu Kristjánssonar, ekki vegna ríkisstjórnarinnar eða fræðsluráðsins heldur vegna þeirra sem þessi deila bitnar á, þ.e. nemenda í grunnskólum á Norðurlandi eystra.

Það er alveg ljóst að hæstv. menntmrh. hefur vald til þess að reka menn, enda veit hann af því sjálfur. Það er ljóst að samskiptaörðugleikar hafa verið á milli ráðuneytisins og fræðslustjóra og fræðsluráðs. Fræðslustjóri er, eins og margoft hefur verið bent á, ekki bara starfsmaður menntmrn. Hann er einnig starfsmaður heimaaðila og löngum hefur gengið illa að þjóna tveimur herrum.

Það veldur sjaldan einn þá tveir deila. Fræðsluráð og fræðslustjóri eiga vafalaust hluta sakar. En sök getur líka verið hjá starfsmönnum í ráðuneytinu og hugsanlega hefði ráðherra átt að rýma til hjá sér í

ráðuneytinu úr því að hann var kominn í útkastaragallann. Ég sýkna a.m.k. ekki óséð allt starfslið ráðuneytisins að það beri ekki hluta sakar af því hvernig komið er.

Grundvallaratriði þessa máls er að öllum nemendum séu sköpuð sömu skilyrði til manndóms og þroska af hálfu hins opinbera hvar sem þeir eru búsettir. Og það má ekki — ég endurtek: má ekki láta börn sem þurfa á sérkennslu að halda líða fyrir það að þau séu búsett úti á landi. Það er alveg óforsvaranlegt. Ríkisvaldinu ber að skapa þegnunum sem jafnasta lífsaðstöðu hvar sem þeir búa og það er skylda ráðuneytisins að sjá til þess að fjármunum sé réttlátlega skipt á milli fræðsluumdæma. Það er skylda fræðslustjóra og fræðsluráða að útdeila því fé sem þeim er fengið í hendur réttlátlega. Þetta finnst mér vera kjarni þessa máls. Það hefur orðið misbrestur á þessu og þess vegna þarf að finna heppilegt framtíðarform á þessum samskiptum á grundvelli fenginnar reynslu, líka með hliðsjón af þeim mistökum sem gerð hafa verið og þeirri dapurlegu reynslu sem aflað hefur verið.

Það er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því hvað úrskeiðis hefur farið til þess að unnt sé að finna viðhlítandi leið fyrir frambúðarsamskipti. Menntmrh. hefur haft uppi tilburði í þá átt með því að leggja til að málið fari í könnun tveggja manna. Fræðsluráðið hefur ekki sætt sig við þá tilhögun. Ég tel að það hafi verið misráðið af fræðsluráði, en samkomulagsgrundvöll um könnun og úrbótatillögur verður að finna og það er skylda menntmrh. að hafa forgöngu um það og sýna bæði ráðsnilld og þolinmæði, finna þá lausn, það form sem fræðsluráðið telur sig geta fallist á og ráðuneytið. Ég hef enga trú á að ráðsnilld og þolinmæði hæstv. menntmrh. sé fullreynd í þessu máli og þess vegna tel ég ekki tímabært að blanda Hæstarétti í málið. Ég þekki ráðherrann og ber til hans hið besta traust þó að auðvitað geti hann gert mistök ekki síður en aðrir dauðlegir. Það er krafa mín til ráðherrans að hann hafi forgöngu um að finna hentuga leið til lausnar á deilunni og leysa deiluna.

Ég get hugsað mér að frambúðarskipun mála yrði sú að ráðuneytið gerði tillögur um hlutfallslega jafna skiptingu fjármuna, þ.e. að sjálfsögðu með tilliti til breytilegra aðstæðna. Síðar fái fræðsluráðin frjálsari hendur til ráðstöfunar í umdæmunum og frelsi fræðsluráða yrði aukið frá því sem nú er. Valddreifing er heppileg og sjálfsögð, enda hafa heimamenn yfirleitt betri aðstæður til að taka réttar ákvarðanir en embættismenn í Reykjavík.

Það er komin fram frávísunartill. við þetta frv. Það finnast mér óþarflega harkaleg viðbrögð og óvenjuleg í þingsögu síðari tíma og ástæðulaus einnig þar sem í frv. felst alls ekki vantraust á menntmrh. Ráðherrann nýtur trausts þingflokks framsóknarmanna. Ég tel yfirleitt heppilegt að þeirri reglu sé fylgt að þingmál fái þinglega meðferð. Ég vara líka við því að menn taki skjótar ákvarðanir. Ég tel að það eigi að gefa ráðherra tóm til að leysa málið eins og honum ber skylda til og hann hefur alla burði til að gera.

Hvað varðar afgreiðslu málsins í dag geri ég engar athugasemdir við það að umræðu verði lokið, en ég óska eftir því að atkvæðagreiðslu verði frestað, að hún fari ekki fram í dag, m.a. af þeirri ástæðu að það þarf að gefast tóm til að kanna nokkur formsatriði málsins áður en atkvæði eru greidd, t.d. eins og það hvort Hæstarétti sé gerlegt að skipa nefnd í máli sem kemur til dóms síðar. Það er sem sagt ósk mín, forseti, að atkvæðagreiðsla um málið fari ekki fram í dag.

Forseti (Kristín Halldórsdóttir):

Hv. síðasti ræðumaður bar fram ósk um að atkvæðagreiðslu yrði frestað, þ.e. hún færi ekki fram í dag, og sér forseti ekki ástæðu til annars en að verða við þeirri beiðni. En umræðunni verður nú haldið áfram.

Flm. (Ingvar Gíslason):

Virðulegi forseti. Það er að vísu mjög stutt til frestunar á fundinum, en mér þótti rétt vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið að kveðja mér hljóðs að nýju til að gera þó ekki sé nema athugasemd við nokkuð af því sem hér hefur komið fram.

Það hefur að vísu eitt og annað komið hér fram sem ég get vel tekið undir og ég fagna í sjálfu sér og það er sérstaklega eitt atriði sem ég vil beina til samstarfsmanna minna í ríkisstjórninni, hæstv. menntmrh. og annarra góðra manna í þessari ríkisstjórn. Ég býst við að þeim hafi fundist að ég hafi eytt kannske alllöngu tali í það í ræðu minni áðan að gera greinarmun á því hvað það væri að gagnrýna einstök verk manns og að flytja vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra. En ástæðan til þess að ég talaði ítarlega um það í ræðu minni var að það hefur dunið á mér bæði af vörum einstakra ráðherra Sjálfstfl. og tiltekinna manna og ég hef lesið um það í blöðum að með tillögu þeirri og hugmyndum sem fram hafa komið af hálfu okkar hv. 6. þm. Norðurl. e., sem erum báðir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, værum við að flytja vantraust á ráðherra, og það hefur gengið jafnvel svo langt að mér hafa verið flutt þau boð, að vísu held ég ekki þó opinberlega, en þó, heyrt hef ég þeim hvíslað í eyra mér, að þarna sé verið að vinna að því að fella ríkisstjórnina. En ég hef ekki orðið var við það og það gleður mig að það hefur ekki komið fram í þessum umræðum sá skilningur að í flutningi þessa frv. eða afstöðu okkar hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar felist vantraust á menntmrh. eða vantraust á ríkisstjórnina, og ætli ég endurtaki það ekki enn einu sinni, sem ég hef gert oft í fjölmiðlum og gerði í ræðu minni hér áðan, að ég styð þessa ríkisstjórn og mun gera það sem eftir er þessa kjörtímabils, en það er nú reyndar stutt.

Svo eru önnur atriði sem einnig er ástæða til að minnast á og snerta mig og okkur flm. og það er tal sem hér hefur komið fram hjá allmörgum, það kom fram að sjálfsögðu hjá hv. 9. landsk. þm. og það

kom einnig fram hjá hæstv. forsrh., þar sem vangaveltur voru um hvort frv. það sem hér er flutt sé þinglegt eða ekki eins og nú er komið. Hæstv. forsrh. tjáði okkur að hann hefði haft tal af forseta Hæstaréttar og spurt hann ráða í því hvort svo væri og bar þau boð frá forsetanum að e.t.v. kynni það að vera á mörkunum að það væri eðlilegt að Hæstarétti væri falið það verkefni sem þarna er um að ræða. Í þetta símtal þeirra forseta Hæstaréttar og hæstv. forsrh. vil ég helst ekki blanda mér vegna þess að ég hef ekki haft aðstöðu til að hlýða á mál þeirra. En ég hlýt þá að segja hitt, að áður en þetta frv. varð til var vissulega rætt við vel lögfróða menn og reynda menn um stjórnarskrármálefni, þingsköp og annað sem varðar það hvort mál er þinglegt eða ekki, og niðurstaðan varð sú að þetta frv. var talið fullþinglegt, einmitt það að flytja frv. um slíka nefnd sem þarna væri um að ræða og ekkert væri athugavert við það þó að Hæstarétti væri falið að skipa þessa nefnd og sjá til þess að hún kæmist á laggirnar vegna þess að önnur afskipti verða ekki af hálfu Hæstaréttar af þeirri nefnd sem hér er gert ráð fyrir og hefur aldrei verið meiningin og hefur skýrt komið fram held ég hjá okkur flm. þessa frv. að við leggjum einmitt mjög mikla áherslu á sjálfstæði þeirrar nefndar sem hér er um að ræða. Við teljum hana sjálfstæða vegna þess að þarna er gert ráð fyrir því að um sé að ræða nefnd utanþingsmanna. Við teljum einnig að hún sé sjálfstæðari fyrir það að það er Hæstiréttur sem skipar hana en ekki einhver ráðherra eða einhver annar handhafi ríkisvalds.

Hitt er svo annað mál að það er full ástæða til að virða þá athugasemd sem forsrh. gerði að öðru leyti varðandi þetta mál, en það er sú staðreynd sem okkur var ekki kunnug, síst af öllu þegar við fluttum þetta frv. fyrst eða létum útbýta því hér í hv. deild, og okkur var ekki kunnugt um það, a.m.k. ekki mér, fyrr en núna á þessum morgni og þó held ég að það hafi verið komið fram yfir hádegi þegar mér var sagt frá því að Sturla Kristjánsson hefði byrjað mál til sóknar rétti sínum, skaðabótamál á hendur fjmrh. út af sínum málum. Þetta vissi ég ekki um fyrr en fyrir kannske fjórum klukkustundum eða svo og hef ekki haft neinn tíma til að kanna það frá lögfræðilegu sjónarmiði hvort þetta breytir að einhverju leyti því sem er lagt til í þessu frv. En ég fæ samt ekki séð að það þurfi endilega að vera, í fyrsta lagi vegna þess að þetta mál er miklu víðtækara en svo að það fjalli um Sturlu Kristjánsson einan. Þetta mál fjallar vissulega um hans mál, en frv. fjallar líka um að þeirri nefnd sem fengi þetta mál til meðferðar, ef frv. yrði að lögum, er ætlað að kanna samskipti ráðuneytisins og fræðsluráðsins og reyndar líka að kanna aðstöðu fræðsluumdæmanna til að framkvæma sérkennslu og jafnvel ýmislegt annað sem varðar framkvæmd á grunnskólalöggjöfinni.

En ef svo er að það þætti nú að þarna hefði orðið breyting á aðstöðu hvað þetta mál varðar, að nú hefur Sturla Kristjánsson byrjað mál fyrir dómstólum til að sækja rétt sinn gagnvart ríkisvaldinu, finnst mér að það væri einmitt verkefni þeirrar nefndar sem kæmi til með að fjalla um þetta, og ég hef lagt til að það yrði menntmn. þessarar hv. deildar sem það gerði, að kanna það. Hins vegar held ég líka að við megum ekki á þessari stundu leggja allt of mikið upp úr þessu. Jafnvel þó að hæstv. forsrh. hafi verið að vísa í ágæta ritgerð eftir Ólaf heitinn Jóhannesson prófessor í bókinni „Stjórnskipun Íslands", þar sem hann bendir á það, sem alveg er ljóst og allir mega vita, að löggjafinn má aldrei fara inn á verksvið dómstólanna, vil ég benda á að hér er í rauninni alls ekki ætlast til þess að sú nefnd sem þarna er um að ræða gerist dómstóll, að hún kveði upp dóma. Þaðan af síður er hugmyndin sú að Alþingi ætli að kveða þarna upp einhvern dóm. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann hvort ekki væri nú ráð að gera hlé á ræðunni?) Jú, ætli ég geri ekki hlé á ræðunni. Ég þakka hæstv. forseta. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég hafði tekið til máls þegar fundinum var frestað kl. 4 og átti aðeins eftir að gera tilteknar athugasemdir við þær ræður sem hér höfðu verið fluttar. Ég gerði strax athugasemd við það sem hæstv. forsrh. hafði að segja um þetta og hef kannske ekki ástæðu til að endurtaka mikið af því sem ég sagði um það efni, en ég vil þó bæta því við að ég sé enga ástæðu til þess á þessu stigi að líta svo á að það sé á nokkurn hátt óeðlilegt þó að þetta mál komi til umræðu jafnvel þó að svo standi á, eins og hæstv. forsrh. var að benda á, að Sturla Kristjánsson, sem hér er mikið um fjallað, hefur þegar byrjað mál fyrir dómstólum til að heimta rétt sinn hjá ríkissjóði út af brottvikningunni. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að gera mikið úr því og þaðan af síður vil ég taka undir það, ef nokkrum hefur dottið slíkt í hug, sem ég neita ekki reyndar að hefur aðeins borið á, að það hafi verið á einhvern hátt óþinglegt að bera þetta frv. fram. Ég tel að það sé mjög mikill misskilningur að halda því fram að svo sé.

Þess vegna vil ég enn halda því til streitu, sem gerð var tillaga um og ég gerði tillögu um sem frsm. þessa máls, að þetta mál fái þá eðlilegu þinglegu afgreiðslu sem venjan er hér, sem sagt að málinu verði vísað til 2. umr. og til þeirrar nefndar sem tillaga var gerð um og var menntmn. og ég tel mjög eðlilegt að verði gert.

Hæstv. forsrh. gerði þetta að umræðuefni og ég vil sérstaklega nefna það í sambandi við þetta mál að áður en málið var flutt átti ég og kannske fleiri af flm. viðræður við lögfróða menn sem töldu að ef við vildum flytja slíka hugmynd inn í Alþingi, að sérstök nefnd fjallaði um þetta mál, væri langeðlilegast að gera þetta í frumvarpsformi og ganga þannig frá því að Alþingi afgreiddi slíkt mál sem lög ef því svo sýndist. Það kom vel fram í máli þeirra lögfræðinga og fræðimanna í lögum, sem ég átti tal við um þetta, að þeir teldu að hins vegar kynni að vera óþinglegt að bera fram þáltill. um slíkt efni. Það væri ekki nógu vel frá málinu gengið auk þess sem menn bentu á það, sem hér hefur reyndar verið rifjað upp, að slík mál, um nefndir sem Hæstiréttur skipaði til

að sinna ákveðnum verkum, slík frumvörp hefðu verið flutt hér áður. Það er ekki langt síðan, líklega ekki nema eitt ár eða svo, að það var gert í Hafskipsmálinu. (**Menntmrh.**: Í hvaða máli var það?) Það var í Hafskipsmálinu. Það var gert með lögum. Þannig er ljóst að það eru fyrir þessu fordæmi. (**Menntmrh.**: Enda málin sambærileg væntanlega.) Það má um það deila, hæstv. ráðh., hvort þetta eru sambærileg mál. Það vill svo til að *það eru til ótal mál sem eru þess eðlis að þau eru* ekki endilega sambærileg við eitthvað annað. Af því að hæstv. ráðh. er að minnast á það sem er sambærilegt og af því að hann hefur stundum verið að minnast á að ég hafi einhvern tíma haft svolítil afskipti af Sturlu Kristjánssyni, sem hér er mest til umræðu, þar á meðal flutt hann til í starfi, vil ég leyfa mér að halda því fram, hæstv. ráðh., að þessi tvö mál séu gjörsamlega ósambærileg. (**Menntmrh.**: Hafskipsmálið og...?) Ég á við það sem við höfum verið hér stundum að deila um þar sem hæstv. ráðh. hefur haldið því fram að ég hafi einhvern tíma haft afskipti af málum Sturlu og það sé sambærilegt hvernig ég fór að og hvernig hann fór að. (**Menntmrh.**: Vill ekki ræðumaður rifja upp af hverju hann rak manninn frá skólanum?) Ég get að sjálfsögðu rifjað þetta allt saman upp. (**Menntmrh.**: Það verður gert fyrir þeim dómstóli sem ræðumaður er að kalla yfir sig.) En er ekki rétt að við reynum að ræðast öðruvísi við en með frammíköllum?

Það var engan veginn sambærilegt, hæstv. ráðh., hvað skeði þegar ég hafði afskipti af störfum Sturlu Kristjánssonar á sínni tíð. Það var allt annað sem þar var á ferðinni og er í rauninni ekkert sambærilegt við það. (**Menntmrh.**: Hvað var á ferðinni?) Í fyrsta lagi, hæstv. ráðh., var um það að ræða að Sturla Kristjánsson var á þeirri tíð aðeins settur til eins árs sem skólastjóri í þeim skóla sem þarna átti í hlut, en í því embætti sem hér um ræðir hafði hann skipunarbréf ráðherra fyrir því og þegar um slíkt er að ræða að menn eru skipaðir í stöður gilda sérstakar reglur um hvernig mönnum er vikið úr starfi. Þetta hef ég þegar rifjað upp hér, hvernig lagareglur eru um þetta, og tel ekki ástæðu til að fara að gera það að nýju, en endurtek það, sem ég hef áður sagt, að ég tel að hæstv. ráðh. hafi í þessu efni farið rangt að, hann hafi ekki fylgt þeim lagareglum sem hann átti að gera þegar hann vék Sturlu Kristjánssyni úr starfi fræðslustjórans á Norðurlandi. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Og þegar hæstv. ráðh. er nú að minna á að mál séu sambærileg svara ég með því einu að það er hægt að finna ótal slík mál sem auðvitað eru ósambærileg en geta þó átt fullkominn rétt á því að fá svipaða málsmeðferð. Engin mál eru algjörlega eins. Það kemur naumast til greina.

Þetta var það sem ég vildi sérstaklega koma að í sambandi við það sem fram kom hjá hæstv. forsrh. um þetta mál og það sem hann hafði að segja um þetta mál. Það er enn þá mjög ákveðin tillaga mín að þetta mál fái eðlilega afgreiðslu hér. Það verði afgreitt til 2. umr. og til menntmn., sem gerð er tillaga um, og þá hefur hv. menntmn. möguleika á að kanna þetta mál betur og betrumbæta frv. ef þess er þörf eins og iðulega gerist í þingstörfum.

Ég vil líka endurtaka það, virðulegi forseti, að ég er mjög ánægður með að það ber nú minna á því að við hv. 6. þm. Norðurl. e. séum sakaðir um að hafa flutt vantraust á menntmrh. eða vantraust á ríkisstjórnina þannig að það væri ástæða til þess fyrir Sjálfstfl. sem slíkan og í heilu lagi að stökkva út úr þessu stjórnarsamstarfi. Ég heyri miklu minna um það talað núna og væri gaman að vita hvort sú umræða verður tekin upp aftur. Ég legg enn mikla áherslu á að hér hefur gjörsamlega verið haldið röngu fram. Við höfum aðeins haldið fram rétti okkar, okkar málfrelsi gagnvart því að gagnrýna gerðir ráðherra í þeim tilfellum þegar okkur þykir við þurfa, en við höfum á engan hátt gengið svo langt að við værum að flytja vantraust á ráðherra eða á ríkisstjórnina sem slíka. Við styðjum þessa ríkisstjórn og munum áreiðanlega gera það báðir, þessir þm. sem eru stjórnarþm. og hafa verið allt kjörtímabilið. Við munum gera það þangað til þessu kjörtímabili lýkur. Þetta vil ég að komi skýrt fram og þurfi ekki að endurtaka það framar og að það sé alveg ljóst hver afstaða okkar í þessu efni. Og ég hef skýrt það hver sé réttur einstakra þm. til að tala hér og segja *sína meiningu þegar þeir telja ástæðu til.* Það er allt annað mál að gagnrýna stjórnvaldsákvörðun eða að ganga gegn ráðherra þegar hann vinnur að löggjafarstarfi innan þingsins.

Í sambandi við að hér hefur komið fram rökstudd dagskrá vil ég ítreka það í framhaldi af því sem ég hef verið hér að segja að ég tel það mjög óeðlilegt að farið sé að samþykkja rökstudda dagskrá í þingmáli við 1. umr. Það er ákaflega óvenjulegt og hefur að því er ég best veit og hefur verið athugað nánast ekki tíðkast árum ef ekki áratugum saman þó að einhver dæmi megi finna þess að þetta hafi verið gert. Ég held að þetta þingmál sé ekkert síður þannig að það eigi rétt á því að fá eðlilega málsmeðferð í þinginu en hvert annað mál. Þetta þingmál verður auðvitað að dæma eftir efni sínu, satt er það, og það á ekki að dæma það á neinn hátt eftir forminu. Ég held að það sé eðlilegt að það gangi til nefndar og fái þar sína skoðun.

Auðvitað mætti segja eitt og annað um efni þessarar rökstuddu dagskrár. Að sumu leyti hef ég þegar gert það að umræðuefni sem þar stendur, en ég vil þó sérstaklega nefna þriðja liðinn þar sem segir að menntmrn. hafi með bréfi dags. 5. febr. og aftur ítrekað 10. febr. fallist í meginatriðum á hugmyndir fræðsluráðs Norðurlands eystra er verða mættu til þess að bæta samskipti menntmrn. og fræðsluráðs. Ég verð að segja það, hvað sem öðru líður, að það liggur engan veginn ljóst fyrir nema síður sé að það sé samkomulag á milli fræðsluráðsins og menntmrh. og ráðuneytisins um þessa málsmeðferð. Einmitt liggur það gagnstæða fyrir, að fræðsluráðið *hefur hafnað þessum hugmyndum menntmrn.* um skipun nefndarinnar en alls ekki að það hafi

samþykkt hana. Að því leyti til getur þetta ekki verið rökstuðningur í því að vísa þessu máli frá. Það vantar svo mikið á.

Hins vegar gæti ég í megindráttum tekið undir hugleiðingar sem hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal, um nauðsyn þess að það komist á friður á milli fræðsluráðsins og menntmrn. Ég get svo sannarlega tekið undir það og hef vissulega fylgst með því og reynt að gera mitt til þess að sá friður mætti komast á þó að það hafi ekki tekist. (**Menntmrh.:** Ræðumaður hafði að vísu aldrei talað við mig eitt orð um málið, ekki eitt einasta orð.) Ég held, hæstv. ráðh., að þó að svo kunni að vera að ég hafi ekki talað við hæstv. ráðh. um það efni kann að vera að ég hafi talað við hinn aðilann um það efni, þá kann að vera að svo hafi verið. Það kann líka að vera að ég hafi einhvern tíma á einhverju stigi þessa máls jafnvel reynt að tala máli hæstv. ráðh. í þessum deilum.

En þegar verið er að tala um deilurnar er ljóst að þær eru fyrir hendi og þessar deilur eru kannske ekki alveg nýjar af nálinni. (**Menntmrh.:** Hverjar eru gömlu deilurnar?) En ég vil þó að það komi skýrt fram að þessar deilur eru ekki svo gamlar sem margir vilja vera láta. (**Menntmrh.:** Eldri en ég í embætti.) Auðvitað er það svo að það hefur alltaf verið einhvers konar ágreiningur um eitt og eitt atriði í því sem framkvæma á af grunnskólalögum og öðru sem skólana varðar á milli einstakra manna í menntmrn., jafnvel ráðherra og fræðslustjóra og fræðsluráðs. Auðvitað hefur slíkur ágreiningur alltaf komið upp og einhvers konar vandamál skapast, en ég man ekki eftir neinu öðru en slíkum málum væri lokið og þau leyst þannig að við höfum ekki verið að dragnast með slík vandræðamál árum saman. Þær deilur sem nú eiga sér stað eru tiltölulega ungar. Þær eru tiltölulega ungar þessar deilur sem nú eiga sér stað. Ég hygg að það sé staðreyndin að þessar deilur komu ekki upp fyrr en á síðasta ári og eftir að líður nokkuð á síðasta ár þannig að hægt sé að tala um að þarna sé um magnaðar og erfiðar deilur að ræða. Ég er líka alveg sannfærður um að hæstv. menntmrh. hefði getað leyst þessar deilur og látið þeim lokið ef hann hefði lagt sig meira fram en hann því miður gerði í þessu máli. Þessar deilur voru ekki svo flóknar að það hefði ekki verið möguleiki á því að leysa þær. (**Menntmrh.:** Með því að leita til ræðumanns t.d.?) Ég hef ekkert óskað eftir því að hann leitaði til mín né neinna annarra tiltekinna manna. Hann hefði átt að gera það sjálfur. Hæstv. ráðh. hefði átt að hugsa þetta mál sjálfur og ganga sjálfur í að leysa þetta mál.

Ég skal svo ekki vera að jagast meira við hæstv. ráðh. um það. Sú rimma hefur verið tekin hér áður. En ég vil hins vegar taka mjög undir það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það er brýn nauðsyn á að þessar deilur leysist, en jafnframt segi ég að það hefði verið hægt að koma þessari lausn á án þess að grípa til þeirra ráða sem hæstv. ráðh. gerði með því að víkja fræðslustjóranum úr starfi, einfaldlega vegna þess að með því var hann að fá allt fræðsluráðið upp á móti sér. Hann fékk líka alla skólastjórana upp á móti sér og kennarastéttina, næstum að segja hvern einasta mann sem gegnir þeim störfum á Norðurlandi eystra og reyndar þó leitað væri um allt Norðurland, allt frá Hrútafirði og austur á Langanes.

Þetta er staðreyndin. Það er þetta sem hæstv. ráðh. hefur því miður vakið upp og hann hefði getað leyst þetta á liðmannlegri hátt en reyndin varð.

En virðulegi forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri að sinni. Ég hef rétt til að tala enn einu sinni sem frsm. þessa máls, en ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri að sinni en legg enn þá til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

Forseti (Kristín Halldórsdóttir):

Ég vildi nú biðja hv. þm., hæstv. ráðh. sem aðra, að virða það hverjir eru í ræðustól hverju sinni og láta setja sig á mælendaskrá ef þeir vilja taka þátt í umræðum.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Tilefni þess að ég kem upp í þennan ræðustól er aðeins eitt, þau skilaboð sem hæstv. forsrh. flutti þingheimi áðan. Hæstv. forsrh. sagði, ef ég man rétt, að hann hefði skroppið fram og hringt í forseta Hæstaréttar og spurt forseta Hæstaréttar hvort það væri ekki mesta vitleysa að flytja svona mál á hv. Alþingi. Og hann flutti þau boð þingheimi, þeim handhöfum löggjafarvaldsins sem hér sitja, að hann mætti svo sem skila því til þingheims og hafa það eftir forseta Hæstaréttar að þetta væri hin mesta vitleysa. Þetta er lýsing á vinnubrögðum í stjórnsýslu lýðveldisins Íslands sem verðskulda að vakin sé rækilega athygli á.

Þetta mál virðist ætla að vefjast mjög fyrir þingheimi. Það eru komin fram fjögur þingmál, tvær þáltill., eitt frv. til l. og ein frávísunartill. Efnisatvik málsins eru svo þaulrædd að þar þarf engu við að bæta. Nú er umræðan um málsmeðferð. Það er um það sem ég ætla að víkja nokkrum orðum.

Má ég rifja upp að hæstv. menntmrh. hefur á öðrum vettvangi utan þings sagt: Ég tek ekki við neinum fyrirskipunum frá Norðlendingum í þessu máli. Mitt umboð kemur frá Alþingi. Ég beygi mig undir vilja þess. Engu að síður gerist það að hér er flutt till. til rökstuddrar dagskrár að vísa málinu frá Alþingi. Og hver eru rökin? Rökin eru þessi: Fyrrverandi fræðslustjóri hefur þegar vísað máli þessu til meðferðar dómstóla með stefnu. Málið er m.ö.o. komið úr höndum Alþingis, úr farvegi Alþingis til dómstóla. Til að árétta þetta hringir hæstv. forsrh. í forseta Hæstaréttar og segir að lagaskilningur hans sé alveg laukréttur.

Mín viðbrögð eru þessi: Hafi verið nokkrar efasemdir uppi meðal manna um að þetta mál verðskuldaði að fara til nefndar eru þær engar í mínum huga hér eftir því að svona lagaskýringum tek ég ekki úr ræðustól Alþingis og svona skilaboðum frá

forseta Hæstaréttar ekki heldur. Það virðist alveg augljóst mál að úr því sem komið er er alveg nauðsynlegt að þetta mál fari til nefndar þannig að það fáist einhver botn í lagaþrætur manna og skýringar á því hvort það sé óviðurkvæmilegt, jafnvel stjórnarskrárbrot, að Alþingi gefi þessu máli þinglega meðferð. Spurningin er þessi: Er þetta mál sem slíkt komið fyrir dómstóla? Ég leyfi mér að efast um það. Sá þáttur þessa máls sem varðar hugsanlega valdsvið ráðherra kann að vera kominn til dómstóla. Ég þekki ekki forsendur fyrir stefnu hins brottrekna fræðslustjóra, en ég er alveg viss um að það er aðeins einn þáttur þessa máls sem yfirleitt mun fara fyrir dómstóla og hann snýst um valdsvið ráðherrans, það hvort ráðherrann hafi brotið lög.

En það er ekki málið allt. Og reyndar segir í grg. hv. þm. Ingvars Gíslasonar og annarra hv. þm., með leyfi forseta: „Ekki eru bornar brigður á að ráðherra hafi formlegt vald til að víkja manni úr stöðu.“ — Ekki eru bornar brigður á. Um hvað eiga þá dómstólar að fjalla? Það eru ekki bornar brigður á valdsvið ráðherrans. Það eru aðrir þættir þessa máls sem dómstólar munu ekkert fjalla um þrátt fyrir skilaboð frá forseta Hæstaréttar. Hvernig væri að skila því til baka til forseta Hæstaréttar að það eru aðrir þættir þessa máls sem eru til umfjöllunar á hinu háa Alþingi? Hæstv. ráðh. menntamála segir: Mitt umboð kemur frá því og ég beygi mig undir vilja þess. Og hvaða aðrir þættir þessa máls eru það? Það er þetta sem menn hafa haldið um fimbulræður lon og don, samskiptaörðugleikar ráðuneytis og fræðsluyfirvalda norðan fjalla og framkvæmd grunnskólalaganna. Er það mál fyrir Hæstarétt? Er það eitthvert dómsmál? Er það ekki mál sem Alþingi getur látið sig varða? Er það ekki í hæsta máta eðlilegt að Alþingi fjalli um slík mál? Þetta eru stjórnsýslumálefni. Kemur það Hæstarétti eitthvað við? Er þetta eitthvert dómsmál? Ekki fæ ég séð það.

Hliðstæður út af þessari spurningu: Er það óviðurkvæmilegt og samkvæmt lögskýringum spekinga ótækt með öllu að Alþingi fjalli um aðra þætti máls ef einhver partur sama máls er kominn fyrir dómstóla? Menn spyrja um hliðstæður. Ég rifja upp. Í svokölluðu Hafskipsmáli, og nú tek ég fram að ég er ekki að tala um neinar efnislegar hliðstæður, ég er að tala um form, ég er að tala um lög og lagatúlkanir, var það niðurstaða meiri hluta Alþingis að flytja og fá samþykkt frv. til laga um skipun nefndar sem skipuð var af Hæstarétti utanþingsmönnum. Þegar það mál var flutt var skilmerkilega tekið fram að þessari nefnd, sem skipuð skyldi af Hæstarétti, væri ekki ætlað að fjalla um þá þætti málsins sem þegar væru í höndum annarra innan dómskerfisins, svo sem eins og skiptaráðenda og annarra, en það var talað um að það væru aðrir þættir þessa máls sem vörðuðu samskipti aðila, hugsanlega hagsmunaárekstra og stjórnarfarslega ábyrgð sem þessi nefnd átti að fjalla um. Það var spurt um hliðstæður. Er ekki hliðstæðan sú í þessu máli að á Alþingi hafa menn sett fram tillögur um að nefnd við ríkjandi kringumstæður, þegar Alþingi er að leysast upp í kosningabardaga, skipuð utanþingsmönnum fjalli um þá þætti þessa máls sem varða samskipti, samskiptaörðugleika og framkvæmd laga, stjórnsýsluleg málefni? Er eitthvað athugavert við það?

Niðurstaða mín er sú að ég tek ekki við lagaskýringum með skilaboðum frá hæstv. forsrh. eða í gegnum hæstv. forsrh. frá forseta Hæstaréttar. Ég tek ekki við þeim og treysti því að menn hafi a.m.k. þann metnað á hinu háa Alþingi að geta nokkurn veginn sameinast um að þakka fyrir þessi skilaboð og senda þau heim til föðurhúsanna. Mér sýnist m.ö.o. af þessu augljóst að hafi verið uppi einhverjar efasemdir um að þetta mál ætti að fá þinglega meðferð í þeim skilningi að það færi til nefndar sé algjörlega nauðsynlegt úr því sem komið er að þingnefnd fái ráðrúm til að kalla fyrir sig lögfræðinga, helst sem flesta því skoðanirnar verða þá sem flestar, og reyna að fá botn í hvort Alþingi Íslendinga hafi rétt til þess að fjalla um stjórnsýslulega þætti þessa máls þrátt fyrir skilaboð gegnum hæstv. forsrh. frá forseta Hæstaréttar.

Og að lokum herra forseti. Það er talað um traust eða vantraust. Hv. talsmenn Sjálfstfl. hafa lýst því yfir að fari svo að Alþingi samþykki þessa till. jafngildi það vantrausti á hæstv. menntmrh. Eitthvað hafa menn slegið úr og í um þá skoðun, en alla vega, taki menn það gott og gilt og ég vil gjarnan taka mark á mönnum í „kabinett“ spursmáli, taki menn mark á slíkum yfirlýsingum, jafngildir stuðningur við þessa frávísun traustsyfirlýsingu á hæstv. menntmrh. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, jú, samkvæmt gagnályktun að sjálfsögðu. Það er m.a. ein ástæðan fyrir því að ég treysti mér ekki til að styðja þessa frávísun ef hún kynni að vera misskilin sem traustsyfirlýsing á hæstv. menntmrh. En þeim misskilningi vil ég eyða.

Herra forseti. Niðurstaðan er sú að það er aldeilis bráðnauðsynlegt hér eftir að þetta mál fari til nefndar og reyndar málin öll til þess að Alþingi láti skera úr um hvort lagaskýringar, sem hér hafa verið fluttar með sendiboðum úr þessum ræðustól, séu einhlítar, hvort hliðstæðan sem ég nefndi og fordæmið frá Hafskipsmáli er ekki gilt og til þess að árétta að Alþingi tekur undir með hæstv. menntmrh. þegar hann sagði: Ég tek ekki við fyrirskipunum þeirra að norðan, en ég hef mitt umboð frá Alþingi og beygi mig undir vilja þess.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Það eru nokkur orð sem lúta að orðaskiptum og deilum um form og málsmeðferð fyrst. Reyndar liggur við, virðulegur forseti, að mig langi til að gera tillögu um það fyrst af öllu að hæstv. menntmrh. leiti á náðir menntakerfisins og fái sér tilsögn, það er komið fram á varir mínar að segja, virðulegur forseti, með leyfi þínu, í mannasiðum, en ég ætla ekki að gera það. Í góðum siðum þyrfti hæstv. menntmrh. að fá litla tilsögn. Ég hef reynt að

forðast, og það hafa held ég flestir sem þessu máli hafa tengst á undanförnum vikum, að persónugera það meira en orðið var og óhjákvæmilegt var. Sömuleiðis hafa menn yfirleitt reynt að forðast að draga óskylda hluti inn í þessa deilu, óskyld efnisatriði, enda er hún orðin ærin að vöxtum og ærin pappírsflóðin sem henni tengjast þó að það komi ekki til.

Engu að síður reynir hæstv. ráðh., jafnvel með frammíköllum, að draga atriði langt aftan úr fortíð manna inn í þetta mál sem að mínu viti eiga alls ekkert erindi í þessa umræðu. Eins og hvort tiltekinn maður einhvern tímann í fyrndinni í öðru starfi gerði eitthvað af sér eður ei. (**Menntmrh.:** Um hvað er ræðumaður að tala?) Ég er m.a. að tala um tilraunir hæstv. menntmrh. til að draga fram Þelamerkurmál (**Menntmrh.:** Hvaða mál var það?) og samskipti manna langt aftur í tímanum inn í efnisatriði þessarar deilu (**Menntmrh.:** Hvaða mál var það? Segðu frá.) sem að mínu viti koma því ekkert við, hæstv. menntmrh. Ég get með sömu vinnubrögðum og hæstv. ráðh. reynir hér að tíðka með litlu af góðum siðum farið ofurlítið yfir fortíð hæstv. menntmrh. í Framkvæmdastofnun, rætt svolítið um afrek hans í iðnrn. (**Menntmrh.:** Lát heyra.) Já, það væri alveg þess virði að láta heyra svolítið af því. En, virðulegur forseti, mér finnst það neðan við mína virðingu þegar við erum að reyna að ræða efnislega um tiltekið mál að fara að draga alls óskylda hluti inn í það. (**Menntmrh.:** Það getur ekki verið fyrir neðan virðingu ræðumanns. Það er óhugsandi.) Auðvitað hefur hæstv. menntmrh. sína fortíð eins og aðrir. Ég hef mína fortíð. (**Menntmrh.:** Nú verður hann að láta heyra. Hér eru dylgjur sem hann verður að skýra frá.) (**Forseti:** Má ég benda hæstv. ráðh. á að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur orðið.) (**Menntmrh.:** Hvað gerir forseti við mann sem fer með dylgjur? Hvað gerir forseti samkvæmt þingsköpum við ræðumann sem fer með dylgjur eins og þessar? Hann áminnir hann um að gæta orða sinna.) (**Forseti:** Vill ekki hæstv. ráðh. biðja um orðið. Ég skal setja hann á mælendaskrá.) Ég vísa til upphafsorða minna, virðulegur forseti, um nauðsyn þess fyrir hæstv. menntmrh. að afla sér tilsagnar á ákveðnu sviði.

Það er eins og ég segi ekki samboðið virðingu Alþingis þegar reynt er, a.m.k. af flestum þátttakendum í umræðum, að ræða efnislega um hlutina að draga alls óskylda hluti þar inn. Þess vegna skulum við öll sömul hjálpast að við að reyna að halda umræðunni við það sem hér er á dagskrá. Jafnskemmtilegt og það gæti verið að ræða bæði fortíð mína og fortíð hæstv. menntmrh. held ég að það þjóni ekki sérstaklega málinu að gera svo.

Í fyrsta lagi vil ég undirstrika, hafi það farið fram hjá einhverjum, að frv. okkar, 336. mál Nd., gerir ráð fyrir að Hæstiréttur hafi ekki önnur afskipti af þessu máli en að taka að sér samkvæmt óskum Alþingis að tilnefna menn í nefnd. Að öðru leyti kemur Hæstiréttur ekki að þessu máli. Nefndin er í störfum sínum Hæstarétti óviðkomandi. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að menn hafi í huga, m.a. vegna þeirra deilna um formlegheit málsins sem hér hafa farið fram. Þá er og rétt að á þskj. 613, till. til rökstuddrar dagskrár, er sagt að dómstólar eigi einir úrskurðarvald um það hvort frávikning fyrrv. fræðslustjóra o.s.frv. Hér er að sjálfsögðu notað orðið „úrskurðarvald". Í frv. okkar er eingöngu gert ráð fyrir að starfsnefnd þessi, sem Hæstiréttur tilnefni, rannsaki deiluna og kanni málið og dragi fram efnisatriðin, upplýsingarnar sem ekki liggja á lausu, ekki liggja fyrir. Þetta ætti ekki að þurfa að ruglast saman, virðulegur forseti, ef menn gefa sér tíma til að glöggva sig á þessu. Þess vegna held ég að það væri hægt að stytta mikið deilur um hvort þetta sé eðlileg málsmeðferð eða ekki. Ég get ekki séð að Hæstiréttur hafi stjórnskipulega stöðu til að koma í veg fyrir og allra síst með tilmælum í gegnum símann að Alþingi láti kanna, athuga og rannsaka þau mál sem því sýnist. Að sjálfsögðu hefur Alþingi þann rétt. Það hefur hann í fyrsta lagi samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar og það hlýtur enn fremur að geta sett á fót starfsnefndir til að gera þessa hluti eins og ýmislegt annað. Það er alsiða að Alþingi komi á fót nefndum eða feli ríkisstjórninni að setja á fót nefnd til að vinna hin ólíklegustu störf og hér er í raun og veru eingöngu um vinnu af því tagi að ræða.

Hv. skrifari, 2. þm. Norðurl. e., mun ekki vera á fundi, en hann bar mikið lof á hæstv. menntmrh. fyrir dugnað í sambandi við skólamál á hinum æðri stigum norðan fjalla og það má vel vera rétt hjá hv. skrifara að hæstv. menntmrh. eigi lof skilið. Ég verð þó að segja að það er mín tilfinning og margra fleiri vænti ég að fyrst þurfi að koma málum grunnskólans í sæmilegt horf og hafa sæmilegan frið um það starf áður en við getum farið að ræða að gagni um framhaldsmenntun, ég tala nú ekki um háskólamenntun.

Síðan eru það að lokum örfá orð um sérkennsluna einu sinni enn, virðulegur forseti. Nefndur ræðumaður, hv. 2. þm. Norðurl. e., talaði um að á mig hefði verið borið lof fyrir frammistöðu mína í sérkennslumálum. Ég tek ekkert allt of glaður við því lofi því satt best að segja skammast ég mín fyrir mína frammistöðu í þeim efnum og skal svo fúslega viðurkenna það héðan úr þessum ræðustól að ég tel að ég hafi sem þm. míns umdæmis ekki staðið mig í stykkinu og verið of sofandi á verðinum fyrir því misrétti sem landsbyggðin greinilega býr við í þessum efnum. Ég vil ekki vera borinn lofi sem ég á ekki skilið í þeim efnum. Ég var, eins og við höfum sjálfsagt verið fleiri, hv. þm., allt of illa á verði um það í hversu bágu horfi þessi mál voru. Ég get reynt að færa það fram mér til málsbótar að upplýsingar um stöðu þessara mála hafa ekki legið á lausu og liggja reyndar ekki á lausu og það er næsta ótrúlegt en satt að þegar ég lagði fram hér á Alþingi einfalda fsp. um stöðu þessara mála í hinum mismunandi fræðsluumdæmum tók það mánuði að afla svarsins í menntmrn. og þegar það loksins kom var það svo mjög í skötulíki að það stendur naumast undir nafni

sem slíkt og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni mun ég ekki sjá mér annað fært en að gera við það athugasemdir. Auðvitað á þetta ekki að vera svo. Auðvitað eiga þessar upplýsingar að liggja fyrir í aðgengilegu formi. Og það er næsta skelfilegt til þess að vita ef um árabil hefur verið verulegt misræmi í þessum efnum án þess að menn hafi áttað sig á. Eigi ég einhvern hlut að þessu sem er nokkurs virði er það þó helst það að reyna að draga fram upplýsingar um stöðuna.

Varðandi það hvers vegna ég og aðrir þm. sem reynt hafa að beita sér fyrir auknu fjármagni til sérkennslunnar úti um landið höfum ekki flutt brtt. við fjárlög og gerðum það ekki að þessu sinni get ég eingöngu vísað til þess að alla síðustu dagana og síðustu vikurnar áður en fjárlög voru afgreidd var í gangi þrýstingur á fjvn. og hæstv. ráðh. að fá aukningu á þessu fé og okkur var síðan tjáð að það yrði um viðbótarupphæð að ræða sem sett yrði inn í brtt. meiri hlutans eða brtt. fjvn. Þá er það þingleg venja, eins og menn kannast sjálfsagt við, að náist nokkur árangur af því tagi falla menn gjarnan frá því að flytja brtt. eða kalla brtt. áður fram komnar til baka eins og til að sýna því nokkra viðurkenningu að komið sé til móts við óskir þeirra sem vilja aukin framlög á einhverjum sviðum. Þetta hljóta menn allir að kannast við og ég trúi ekki að menn fari að gera mikið mál úr því. Ég vísa t.d. í samkomulag sem tókst um fjölmarga fjárlagaliði við síðustu afgreiðslu, eins og K-byggingu Landspítalans þar sem menn féllu frá áður framlögðum brtt. og áður boðuðum brtt. vegna þess að samkomulag náðist þar um niðurstöðu, um nokkra aukningu. (**GJG:** Ég hef aldrei heyrt þm. tala um sérkennslu fyrr en þetta mál kom upp.) (**Menntmrh.:** Var þetta flokksbróðir ræðumannsins sem talaði? Það getur nú ekki verið.)

Ég skal, eins og ég hef þegar sagt, viðurkenna það og það má gjarnan undirstrikast að ég hefði gjarnan mátt sinna þessum sérkennslumálum betur og vita fyrr meira um í hversu bágu standi þau voru út um landið, en ég skal lofa þeim hv. þm. sem hér eru inni og fleirum sem kynnu mál mitt að heyra eða lesa að ég mun reyna að fylgjast betur með því í framtíðinni hvernig þessum málum reiðir af. Það er greinilega ekki vanþörf á því og ég mun taka með mikilli varúð þeim upplýsingum sem um þetta koma nema þær séu ítarlega og vandlega unnar vegna þeirra misvísandi upplýsinga sem bornar hafa verið á borð fyrir alþm. og fleiri um stöðu þessara mála að undanförnu.

Ég vil svo mótmæla því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, til þess að það liggi ljóst fyrir, að ég er ekki með aðild minni að þessum tillöguflutningi sérstaklega að ráðast á eða gagnrýna uppbyggingu fræðsluskrifstofanna og grunnskólalögin. Það kann vel að vera að rétt sé að huga þar að endurskoðun, en tillöguflutningurinn af minni hálfu a.m.k. gengur ekki út á það að vegna þess að þetta sé svo illa upp byggt eða þetta sé svo rangt hannað, þetta fyrirkomulag, sé sérstök ástæða til rannsóknar og með því að fara fram á rannsókn sem er í raun til að setja fram einhverja tiltekna gagnrýni. Svo er ekki. Það kemur e.t.v. í ljós ef þessi mál verða vandlega könnuð að það sé betra og heppilegra að hafa þetta fyrirkomulag, þetta samstarf sveitarfélaganna og menntmrn. og yfirvalda menntamála öðruvísi, en það skýrist þá þegar þar að kemur. Það er mín skoðun að uppbygging fræðsluskrifstofanna og fræðsluráðin séu einhver merkasta tilraun sem gerð hafi verið að mörgu leyti til að reyna að flytja vissa ábyrgð og vissa starfsemi út í landshlutana. Það væri mjög miður ef menn notuðu þetta mál eða önnur af slíku tagi sem tilefni til að ganga til baka í þeim efnum. Ég hefði talið öllu nær að hugleiða hvort þetta sé ekki einmitt vísbending um að við eigum að taka skrefið til fulls og færa að fullu ábyrgðina á framkvæmd þessara mála út til þeirra sem eiga að njóta hennar í landshlutunum.

Það er svo þannig, virðulegur forseti, að þó að þetta mál fái sína þinglegu meðferð og gangi til skoðunar í nefnd, eins og ég treysti á að það geri, liggur það fyrir í þingsköpum að mál er hægt að kalla til baka á hvaða stigi sem er. Þau þingmál önnur sem þessa deilu snerta og fá vonandi einnig sína þinglegu meðferð hvar sem þau eru stödd á vegferð sinni í gegnum þingið er á hvaða stigi sem er hægt að stöðva eða kalla til baka ef svo vel tekst til, sem ég enn vona, að menn nái að átta sig og nái samkomulagi utan veggja þingsins um að setja þessi mál í ákveðna gerð, í ákveðinn farveg þar sem deilan verður rannsökuð og eðlilegar málsbætur koma þeim til handa sem slíkt eiga skilið. Þá yrði ég því allra manna fegnastur að þetta frv. þyrfti aldrei að verða að lögum og þessi deila mætti leysast fyrr og með öðrum hætti. Í raun held ég að sé sameiginleg skoðun okkar flm. allra að það sé ekki af sérstökum áhuga fyrir því að þetta þingmál nái fram að ganga að við leggjum það fram, heldur hinu, að ef ekki næst með öðru móti niðurstaða í þetta mál og friður um skólahaldið og einhvers konar rannsókn sem menn geta unað við verður Alþingi að taka það til sinna kasta. Það var okkar sameiginleg niðurstaða og því er þetta mál hér lagt af stað í vegferð gegnum hv. Alþingi hvernig sem hún svo verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

50. fundur, þriðjudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 17. febrúar 1987.

„Haraldur Ólafsson 9. þm. Reykv. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir dagskrárgerðarmaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti efri deildar.“

Þessu bréfi fylgir yfirlýsing frá 1. varamanni og kjörbréf Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég vil leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til meðferðar. Fundinum verður frestað á meðan í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, sem er 3. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en hún tekur sæti Haralds Ólafssonar 9. þm. Reykv. sem er á förum til útlanda í opinberum erindum. 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi er nú búsettur erlendis og er við störf þar og hefur því lögmæt forföll. Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir 9. þm. Reykv. undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og hún er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Af því að svo vel vill til að hæstv. menntmrh. er staddur hér í fyrirspurnatíma í Sþ. vil ég að athuguðu máli gera hér athugasemd við og gagnrýna svar sem mér hefur verið sent af forseta Sþ. við fsp. minni til hæstv. menntmrh. um stuðnings- og sérkennslu á þskj. 319. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann kanni hvort hæstv. menntmrh. geti ekki látið athuga þetta mál að nýju með það í huga að vinna svarið upp á nýtt þannig að það gefi gleggri og réttari mynd og réttari upplýsingar um það sem að var spurt. Mér sýnist, og það kemur fram á þskj. 319, að ráðuneytið hafi með bréfi til fræðslustjóranna, þar sem aflað var upplýsinga í tengslum við þetta mál, þrengt allnokkuð að svarmöguleikum fræðslustjóranna og mér er kunnugt um að sumir þeirra a.m.k. hafa kvartað yfir því.

E.t.v. hefði fyrirspyrjandi, sá sem hér talar, getað spurt þannig að svörin yrðu sjálfkrafa meira sundurliðuð, en í því tilfelli að eitthvað orkar tvímælis um hvernig ætti að svara hefði mér þótt eðlilegra að ráðuneytið hefði valið þann kost að sundurliða frekar meira en minna svörin þannig að sem mestar upplýsingar mættu fást í svarinu.

Í töflu 11 í þskj. 319 eru beinlínis villandi upplýsingar og framsetning talna er þar með þeim hætti að hún gefur villandi mynd af því þjónustustigi sérkennslunnar og stuðningskennslunnar sem er í hinum einstöku fræðsluumdæmum. Þetta hafa fjölmargir málsaðilar sem þessu eru kunnugir, svo sem fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir um málefni fatlaðra og fleiri slíkir aðilar, bent á og ég sé mér ekki annað fært, virðulegur forseti, en að gera þessar athugasemdir, bera fram þessa ósk um að svarið verði unnið upp á nýtt. Í öllu falli tel ég óhjákvæmilegt að þingtíðindin geymi formleg mótmæli við þessu svari þannig að það sé ekki ómótmælt að hér sé ekki um réttar og óyggjandi upplýsingar að ræða.

Nú er það svo að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur ásamt fleiri þm. borið fram beiðni um skýrslu um stöðu sérkennslunnar og framkvæmd reglugerðar um sérkennslu nr. 270 frá 1977. Þess þá heldur ætti hinu virðulega ráðuneyti menntamála að vera það í lófa lagið að vinna upp á nýtt upplýsingar um þessi efni og koma þeim á framfæri. Ég fer sérstaklega fram á að komi það í ljós við þá vinnslu að svarið á þskj. 319 gefi villandi mynd af þjónustustiginu, þ.e. hinni raunverulegu þjónustu sem hvert fræðsluumdæmi nýtur á þessu sviði, verði það prentað upp á nýtt með réttum upplýsingum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseta hafði ekki verið tilkynnt áður um þá athugasemd sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Forseti getur ekki tjáð sig efnislega um erindi hans.

Það skal tekið fram að það er venja, ef formgallar eru á fyrirspurnum eða á öðru sem varðar störf þingsins, að forseti leitast við að leiðrétta það. En það er ekki í valdi forseta að kveða á um hvernig einstakir þm. gegna þingskyldu sinni eða ráðherrar. Bæði þingmenn og ráðherrar bera ábyrgð gagnvart þinginu og kjósendum sínum. En það skal verða vakin athygli á því sem hér hefur komið fram.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða er hér hafin utan dagskrár vegna þess að það hefur komið fyrir aftur og aftur að þm. hafa fengið hér skriflegt svar við fyrirspurnum sem er ekki

fullnægjandi eða gallað að mati þm. En það er mjög erfitt hins vegar að fara fram á leiðréttingu. Það er í raun og veru enginn formlegur vegur til þess nema með endurfluttri fsp. Ég hef borið fram fyrr á þessu þingi fsp. til hæstv. menntmrh. með beiðni um skriflegt svar um fjölda dagvistarheimila og barnaheimilisplássa í landinu. Ég hef sömuleiðis borið fram fsp. til hæstv. landbrh. um breytingar á verðlagi landbúnaðarafurða frá 1. des. s.l. með beiðni um skriflegt svar. Í báðum tilvikunum var um að ræða ófullnægjandi svör að mínu mati eða ég hefði a.m.k. viljað ræða svörin nánar. En eins og þingsköpin eru nú er í raun og veru erfitt að sjá hvaða leið þm. eiga að fara til að knýja á um skýrari svör. Ég tek þess vegna undir þá ósk hv. 4. þm. Norðurl. e. að hæstv. forseti hlutist til um að á þessum málum verði ráðin bót svo sem kostur er.

Náms- og kennslugögn, ein umr.

Fsp. GA, 328. mál. — Þskj. 571.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Á þinginu 1983–1984 var lögð fram þáltill. um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum. Flm. hennar voru þm. úr öllum flokkum og samtökum á þingi. Till. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa."

Ástæða fyrir flutningi till. var fyrst og fremst sá aðstöðumunur sem er á námi og kennslu barna hér á landi og tók till. á einum þætti þessa aðstöðumunar, þ.e. að jafna aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og öðrum hjálpargögnum. Ætlað var að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofur í hverju fræðsluumdæmi þaðan sem þau yrðu lánuð til skóla í umdæminu. Er að þessu bæði mikill ávinningur en jafnframt beinn fjárhagslegur sparnaður.

Sú kennslumiðstöð sem rekin hefur verið í Reykjavík af Námsgagnastofnun hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt og hefur starfsemi hennar mælst afar vel fyrir meðal kennara, en aðsókn mörg þúsund kennara á hverju ári hefur sannað að full þörf hefur verið fyrir þessa þjónustu. Í grunnskólalögunum er kveðið á um að safn bóka og námsgagna skuli vera við hvern skóla. Með tillöguflutningi þessum var alls ekki ætlunin að hverfa frá þessu markmiði, en miklu fremur að mæta knýjandi þörfum af raunsæi og jafnframt að stíga spor í rétta átt.

Þáltill. náðist ekki úr nefnd á þessu þingi og var því endurflutt óbreytt á þinginu 1984–1985. Á því þingi fékkst hún samþykkt með nokkrum breytingum eða svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur hvar sem þeir búa á landinu geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi."

Þetta var 13. júní 1985. Þann 3. des. 1985 gerði ég fsp. til hæstv. menntmrh. um það hvað liði framkvæmd þessarar könnunar. Ráðherra sagði ráðuneytið hafa sent öllum fræðslustjórum, fræðsluráðum og stjórn Samtaka sveitarfélaga bréf um þetta efni. Nokkur svör höfðu þá borist með athyglisverðum tillögum, sagði ráðherra. Þó höfðu ekki allir svarað og því engin lokaafstaða tekin til málsins.

Nú hljóta allir að hafa löngu svarað, rúmu ári síðar og því spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 571:

„Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast er að auðvelda öllum skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum eins og segir í þál. þeirri sem samþykkt var á Alþingi 13. júní 1985?"

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var þál. samþykkt á hinu háa Alþingi 13. júní 1985 um að gerð yrði könnun á aðgangi að kennslugögnum. Sú könnun hófst með bréfi menntmrn. 27. sept. sama ár til fræðsluskrifstofa, fræðsluráða og Samtaka sveitarfélaga. Óskað var eftir greinargerð frá aðilum um það hvernig þeir teldu hagkvæmast að auðvelda öllum skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum eins og þetta var orðað í þál.

Í febrúar 1986, fyrir ári, höfðu borist svör frá öllum nema fræðslustjórum og fræðsluráðum Norðurlandsumdæmis eystra og Norðurlandsumdæmis vestra, fræðsluráði Suðurlandsumdæmis og stjórn Samtaka sveitarfélaga. Var beiðni til þeirra ítrekuð með bréfi 11. mars 1986, en þrátt fyrir það hefur enn ekki borist greinargerð frá neinum þessara aðila, endilöngu Norðurlandi, fræðsluráði Suðurlands og sjálfum Samtökum sveitarfélaga í landinu sem hljóta þó að teljast mikilvægur umsagnaraðili um málið. (Gripið fram í.) Ó nei, það er ekki svo, hv. fyrirspyrjandi. Svör hafa ekki borist frá öllum og meira að segja allt of stórum og veigamiklum aðilum til þess að viðhlítandi sé.

Umsagnir þeirra sem sent hafa svör eru nær allar á einn veg. Fræðslustjórar og fræðsluráð telja hagkvæmast að koma á fót gagnamiðstöðvum við fræðsluskrifstofur og í flestum umdæmum er undirbúningur þegar hafinn. Í mörgum umsagnanna er

tekið fram að tryggja þyrfti starfseminni fé úr ríkissjóði, enda þurfi aukið starfslið og viðbótarhúsnæði.

Aðgangur að náms- og kennslugögnum var ræddur á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur 25. nóv. 1985 og kom þar fram sú skoðun að skólum yrði best séð fyrir aðgangi að nægum kennslugögnum með því að hafa fjölbreytt úrval á boðstólum í einni öflugri stofnun á einum stað fyrir landið allt. Þetta var fræðsluráð Reykjavíkur.

Ljóst er að þörf er á að auka þjónustu við skóla sem ekki eiga greiðan aðgang að kennslumiðstöðinni sem Námsgagnastofnun starfrækir í Reykjavík. Ekki er þó ljóst hvort hagkvæmast er að stofnsetja sams konar miðstöðvar við allar fræðsluskrifstofur. Vera kann að efling dreifikerfis og efling útlána frá Námsgagnastofnun geti komið til móts við þörfina að einhverju leyti. Einnig má nefna að skólasöfn búin fjölbreyttum gögnum stuðla að því að efla hvern einstakan skóla og auka líkur á samfelldari vinnudegi nemenda og kennara.

Menntmrn. mun að sjálfsögðu freista þess að fá greinargerð frá öllum þeim sem hlut eiga að máli varðandi aðgang að náms- og kennslugögnum. Að því loknu verður tekin ákvörðun um aðgerðir til að koma til móts við dreifbýlið sérstaklega hvað þetta varðar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og ég hlýt að lýsa yfir undrun minni að enn hafi ekki borist svör frá þó þetta mörgum aðilum og vona að þar ráði ekki áhugaleysi á málefninu, en einhverjar aðrar ástæður.

Hins vegar sagði ráðherra að þær umsagnir sem þegar hefðu borist frá öðrum aðilum hefðu nær allar verið á einn veg og tel ég það vera mjög jákvætt. Hann sagði líka að undirbúningur væri þegar hafinn að slíkum gagnasöfnum og vil ég spyrja hann í hverju sá undirbúningur er fólginn. Ég vil líka spyrja hann hvort hann telur ekki að hann hafi í raun nægar upplýsingar nú þegar til þess að setja kraft í málið og sinna þörfum dreifbýlisins sem eru aðrar en þarfir höfuðborgarsvæðisins hvað sem fræðsluráð Reykjavíkur segir. Reyndar gæti kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar aldrei, með þeim fjárhag sem henni er skammtaður, sinnt þörfum dreifbýlisins sem skyldi. Það hlýtur að þurfa aðra þjónustu heima í héraði og nærtækari en að fá gögn frá Reykjavík, jafnvel þó að upplýsingaskipti, miðlun og sendingar séu orðnar greiðari en áður.

En ég vildi spyrja ráðherra í hverju þessi undirbúningur væri í raun fólginn, hvort tryggð væri fjármögnun þess arna. Ég vildi spyrja hann hvort hann teldi sig ekki hafa nógar upplýsingar til þess að hefjast handa nú þegar og hvað væri þegar búið að gera í málinu.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég svara því játandi að það getur auðvitað ekki orðið til þess að tefja miklu frekar fyrir málinu þótt veigamiklir aðilar hafi ekki svarað ráðuneytinu um þetta mál af því líka sem svörin hjá öllum öðrum hníga öll í sömu átt þannig að út af fyrir sig ættum við að geta tekið um þetta ákvörðun og ég mun ekki láta á löngu líða áður en það verður gert og hafist handa.

Mér er kunnugt um að í Austurlandsumdæmi, Vesturlandsumdæmi og í Vestfjarðaumdæmi hafa fræðslustjórar hafið undirbúning að þessu að því leyti að gera sér grein fyrir hvað til þyrfti. T.d. á Vestfjörðum og Vesturlandi eru þeir að koma sér upp nýju húsnæði fyrir fræðsluskrifstofurnar. En þetta er samt mjög óverulegt þar sem frumkvæðið hlýtur og verður að koma frá menntmrn. ef menn eiga að fá nægjanlega fangs á viðfangsefninu. **(GA:** En kemur það þaðan?) Ég var að segja að ég mundi ekki láta líða á löngu þangað til ég mundi ýta úr vör með málið þótt, eins og ég segi, ekki hafi borist svör frá veigamiklum aðilum. Við getum ekki látið það ráða úrslitum.

Skriðuklaustur, ein umr.

Fsp. HS og JK, 329. mál. — Þskj. 572.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 572 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh. ásamt hv. 4. þm. Austurl. Jóni Kristjánssyni:

„Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði á s.l. ári og fjalla átti um framtíð Skriðuklausturs í Fljótsdal?

Hvaða áform eru uppi af hálfu ráðherra um að minnast þess 1989 að þá eru 100 ár liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar skálds?“

Á Alþingi í fyrra fluttum við fyrirspyrjendur till. til þál. um málefni Skriðuklausturs. Till. var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að minnast þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar skálds 1989 með því að gera Skriðuklaustur, gjöf skáldsins til íslenska ríkisins, að menningar- og fræðasetri, griða- og vinnustað listamanna og vísindamanna. Samstarf verði haft við heimaaðila, félagasamtök lista- og vísindamanna og afkomendur skáldsins um framkvæmd þessa svo að tryggt verði að aldarafmælis skáldsins verði minnst á veglegan og verðugan hátt.“

Af einhverjum ástæðum fékkst þessi till. ekki afgreidd þó eftir væri mjög leitað og eindreginn stuðningur virtist vera við hana bæði hér á þingi og ekki síður heima í héraði, en látum það vera nú. Hins vegar kom það fram í sumar að hæstv. menntmrh. hafði skipað nefnd í málið og því er eðlilegt að nú sé spurt um starf þessarar nefndar og ekki síður hverjar áætlanir séu uppi á vegum ráðuneytisins

varðandi það merkisár, sem tengist Skriðuklaustri óneitanlega, árið 1989, þegar 100 ár verða liðin frá fæðingu þess merkismanns og mikla rithöfundar, Gunnars Gunnarssonar skálds. Um það er því einnig spurt hér í leiðinni.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Í morgun bárust mér í hendur drög að áliti þeirrar nefndar sem ég skipaði með bréfi dags. 10. júlí 1986, en hana skipuðu Halldór Sigurðsson, stjórnarformaður Safnastofnunar Austurlands, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og Finnur Sveinbjörnsson, starfsmaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Nefndin hélt fjóra formlega fundi auk óformlegra viðræðna nefndarmanna. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn á Skriðuklaustri, en hinir í Reykjavík. Nefndin átti ágætt samstarf við Þórarin Lárusson, tilraunastjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Skriðuklaustri.

Í skipunarbréfi nefndarmanna er vísað til samkomulags menntmrh., landbrh. og fjmrh. frá 12. okt. 1979 um ráðstöfun á Skriðuklaustri og mannvirkjum á jörðinni. Þetta samkomulag og ákvæði í gjafabréfi Gunnars Gunnarssonar og Francisku Gunnarsson mótuðu tillögur nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir að nefndin skuli fjalla um málefni Skriðuklausturs. Nefndarmenn voru þó sammála um að nefndinni væri fyrst og fremst ætlað að fjalla um hús Gunnars Gunnarssonar og Francisku, Gunnarshús, og nánasta umhverfi þess. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur með samþykki landbrh. gert samning við Búnaðarsamband Austurlands um rekstur tilraunastöðvar í landbúnaði á jörðinni.

Ég hleyp svo yfir þar sem í þessum drögum að skýrslu nefndarinnar er fjallað um forsögu þessa máls en vík að tillögum þeim sem nefndin hefur komið sér ásamt um að gera.

Nefndin telur að notkun Skriðuklausturs og Gunnarshúss fyrir tilraunastarfsemi í landbúnaði sé í fullu samræmi við ákvæði í gjafabréfi Gunnars og Francisku og samkomulagi ráðherranna þriggja frá 1979. Tillögur nefndarinnar eru í forgangsröð og nefndin gerir sér ljóst að framkvæmdahraði hlýtur að fara eftir því hversu mikið fé fæst til neðangreindra verkefna á fjárlögum hverju sinni.

Númer eitt nefna þeir skipulag lóðar umhverfis Gunnarshús. Nefndin leggur ríka áherslu á að sem fyrst verði hafin vinna við að færa lóðina umhverfis Gunnarshús í gott horf. Nefndin bendir á að árið 1989 eru liðin 100 ár frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar og því aðkallandi að skipulag lóðar sé farið að taka á sig einhverja mynd á því ári. Því er lagt til að sérfróður maður verði fenginn til að gera tillögu um skipulag lóðar umhverfis húsið.

Í öðru lagi nefnir nefndin öflun vatns. Núverandi vatnsból er ófullnægjandi og því leggur nefndin til að gengið verði frá öruggu vatnsbóli hið fyrsta.

Í þriðja lagi nefnir nefndin einangrun þaks. Þak hússins er ekki einangrað og af þeim sökum er kyndingarkostnaður hússins hærri en hann þyrfti að vera. Undir risi hússins er rými þar sem ákjósanlegt væri að innrétta fundarherbergi sem mundi auka stórlega not af húsinu, hvort heldur Rannsóknastofnun landbúnaðarins nýtir húsið eða annar aðili.

Í fjórða lagi nefnir nefndin innréttingu norðurálmu. Nefndin leggur til að sérfróður maður verði fenginn til að skipuleggja norðurálmu Gunnarshúss þannig að hún verði skilin frá hinni álmu hússins. Jafnframt verði komið þar fyrir í samráði við þjóðminjavörð herbergi til minningar um Gunnar Gunnarsson og Francisku Gunnarsson og aðstöðu fyrir fræðimenn, skáld eða aðra sem kynnu að vilja dveljast á Skriðuklaustri um hríð. Um rekstur slíks húsnæðis yrði að semja við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 800 þús. kr. til viðhalds á Skriðuklaustri en ekki er að fullu ljóst hversu há fjárhæð gæti verið til ráðstöfunar í ofangreind verkefni á þessu ári. Nefndin ræddi um nauðsyn þess að fjárveitingar til að gera við Gunnarshús kæmu fram á sérstökum fjárlagalið óháðum Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nefndin leggur til að svo verði gert í framtíðinni.

Ég vil aðeins geta þess, sem ekki kemur fram í þessum drögum að skýrslu sem ég hef vitnað hér til, að því hefur verið hreyft, og að mínu áliti er það áleitin hugmynd, að komið yrði fyrir í Gunnarshúsi á Skriðuklaustri bókasafni Páls Gíslasonar á Aðalbóli sem er mjög merkilegt safn bónda, eitt hið stærsta í einkaeigu á Íslandi, bónda fram til afdala sem safnaði saman af feiknalegum hug og framsýni um sína daga og ég vildi fyrir mitt leyti leggja til að að því máli yrði hugað alveg sérstaklega.

Ég hef engin áform uppi um það með hvaða hætti minnst verður 100 ára afmælis Gunnars Gunnarssonar skálds, en vel færi á því að minnast þess bæði hér í höfuðborginni og svo auðvitað á hans heimaslóðum. Ýmislegt kann mönnum vafalaust að koma til hugar og menntmrn. er reiðubúið til þess að leggja sitt af mörkum fyrir utan það sem hér er ráðslagað með að slík minningarhátíð megi fara vel og virðulega úr hendi.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og fagna því að þessi álitsgerð nefndarinnar liggur nú fyrir. Ég segi það ekki að mér þyki ekki fullmikil áhersla lögð þar á spurninguna um áframhald tilraunastöðvarinnar þótt það sé vitanlega í fullu samræmi við það sem skáldið lagði fyrir á sinni tíð og ekki amast ég við því út af fyrir sig.

Hitt atriðið er ekki síðra, sem reyndar var tekið inn í myndina af nefndinni, það áhersluatriði sem við hv. 2. fyrirspyrjandi Jón Kristjánsson vorum með í fyrra í okkar tillögu, þ.e. að gera Skriðuklaustur að fræða- og menningarsetri, griðastað skálda og listamanna, eins og hugur skáldsins stóð

ótvírætt til einnig, og ekki síður en hvað snerti starfsemi í þágu landbúnaðarins þó að ég dragi ekkert úr því. Mér þykir því ágætt að það sé tekið inn í þessa ályktun líka og treysti því að svo verði gert. Mér líst út af fyrir sig vel á þá hugmynd, sem hæstv. ráðh. reifaði hér, að koma fyrir bókasafni Páls Gíslasonar sem er hið merkasta safn og þarf virkilega á góðri geymslu að halda og verðugri vegna þess hversu merkilegt það er. Ég hvet hins vegar hæstv. ráðh. til þess, hann sagði áðan að hann hefði ekki uppi sérstök áform um að minnast sérstaklega þess fæðingarafmælis sem hér er um rætt, 100 ára fæðingarafmælis Gunnars Gunnarssonar, og skora á hann að yfirgefa ekki sinn stól — það getur verið að hann setjist í hann aftur að vísu, ekki vil ég fortaka það — án þess að ganga þannig frá málum að þessa afmælis verði veglega og myndarlega minnst svo sem hann reyndar minnti á í lok sinnar ræðu. Tíminn styttist nefnilega óðum. Það er ótrúlega stutt í það að menn verði að hafa uppi einhver áform um það á hvern hátt þetta verði gert, bæði hér reyndar og eystra þó alveg sérstaklega, og ekkert held ég að væri brýnna en einmitt að taka á þessu máli í heild sinni og tengja það þeim áætlunum sem uppi eru um framtíðarhlutverk Skriðuklausturs.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Það er þá best að taka um það ákvörðun hér og nú að menntmrh. beiti sér fyrir skipun nefndar sem hefði það með höndum að móta tillögur, koma fram með hugmyndir og undirbúa að minnst verði á veglegan hátt afmælis Gunnars Gunnarssonar og þá á Klaustri.

Kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands, ein umr.

Fsp. GA, 343. mál. — Þskj. 599.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Í desemberbyrjun 1985 bar ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um það hvort hann hygðist beita sér fyrir því að kennsla í útvegsfræðum verði hafin við Háskóla Íslands á næsta ári. Ástæður fyrir þessari fsp. voru í fyrsta lagi samþykkt þáltill. árið 1981 þar sem menntmrh. var falið að skipa nefnd til að undirbúa og skipuleggja kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands. Sú nefnd var skipuð í apríl 1982 og skilaði áliti og greinargerð um málið í nóv. 1983.

Nefndin lagði til að kjörsviði í sjávarútvegsfræðum, sem svaraði einu ári, yrði bætt við þriggja ára grunnnám í viðskiptafræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði.

Í öðru lagi er okkur Íslendingum hrein og bein lífsnauðsyn að leggja traustan menntunargrunn að þessum aðalatvinnuvegi okkar. Síharðnandi samkeppni og breyttar óskir á erlendum mörkuðum gera vaxandi kröfur til sveigjanleika og framsýni til þess að geta aðlagast breyttum aðstæðum og stýrt þeirri þróun eins og kostur er ekki síður en til þekkingar og vöruvöndunar. Fræðslan er nefnilega undirstaða framfaranna í dag. Okkur er nauðsyn að búa þannig að sjávarútvegi og fiskvinnslu að þangað leiti áfram úrvalsfólk sem starfi af þekkingu og metnaði. Það á að sjálfsögðu kröfu á mannsæmandi launum fyrir sín störf, en það hlýtur einnig að vera krafa þess og jafnframt hagur okkar allra að það sé vel menntað og undirbúið til að starfa í þeim mikilvæga matvælaiðnaði sem sjávarútvegur er.

Í svari sínu sagði ráðherra að engar fjárveitingar væru á fjárlögum ársins 1986 til nýrra kennarastarfa sem bundin verða kennslu í útvegsfræðum en hins vegar væri þar fjárlús fyrir einni nýrri prófessorsstöðu í viðskiptadeild í markaðsmálum. Enn fremur voru í sigtinu fimm tímabundnar kennarastöður sem ráðstafa átti til brýnustu þarfa að máli stjórnenda Háskólans. Ráðherra þótti þá eðlilegt að kannað yrði hvort nýta mætti þessar stöðuheimildir að einhverju marki til að hrinda af stað kennslu í útvegsfræðum þegar um haustið 1986.

Nú er kominn miður febrúar og senn komið vor. Því vil ég ítreka fsp. um þetta efni til hæstv. ráðh. á þskj. 599:

„1. Er kennsla í útvegsfræðum hafin við Háskóla Íslands?

2. Ef ekki, hvað líður undirbúningi hennar?“

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Þótt ég hafi að vísu ekki borið það saman þykir mér líklegt að svar mitt nú muni verða keimlíkt því sem ég gaf fyrir ári síðan enda leitað til sama aðila um upplýsingar, þ.e. kennslustjóra Háskóla Íslands, Halldórs Guðjónssonar.

Nefnd sem þáv. menntmrh. skipaði til að undirbúa og skipuleggja kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands, sbr. ályktun Alþingis frá 19. maí 1981, skilaði áliti í nóv. 1983. Var þar mælt með því að nám í útvegsfræðum yrði skipulagt í viðskiptadeild og verkfræði- og raunvísindadeild og byggt ofan á fyrstu þrjú ár náms í þessum deildum eins og það var fyrir. Við undirbúning fjárlaga fyrir árin 1985 og 1986 var leitað eftir fjárveitingu til kennarastarfa til að hefja mætti kennslu í útvegsfræðum á þessum grundvelli, en sérstakar fjárveitingar í því skyni fengust ekki.

Í fjórum deildum Háskóla Íslands fer nú fram kennsla í greinum sem nýtast mættu í útvegsfræðum. Er þar um að ræða viðskiptadeild, félagsvísindadeild, raunvísindadeild og verkfræðideild, en síðasttalda deildin hefur komið upp námskeiðum beinlínis vegna hugmynda um kennslu í sjávarútvegsfræði. Eru þar í verkfræðideild nú á kennsluskrá um það bil átta námskeið sem fallið gætu undir nám í útvegsfræðum, alls um 20 námseiningar eða sem svarar ⅔ hlutum heils námsárs.

Í rannsóknaskrá Háskólans sem út kom haustið 1986 er getið um hartnær 20 rannsóknaverkefni

háskólastarfsmanna á sviði útvegsfræða og á nátengdum sviðum. Rannsóknir þessar eru einkum í þeim deildum sem að framan voru nefndar. Nýverið í janúar þessa árs hefur hópur 12 starfsmanna Háskólans sammælst um að halda saman verkfnum á sviði rannsókna er tengjast útvegsfræðum. Hópurinn er enn að vonum skammt kominn í starfi sínu.

Þetta er nú allt svarið sem ég er í færum um að gefa eins og sakir standa.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ekki eru nú mikil tíðindi á einu ári í þessum efnum og gefur hæstv. ráðh. mér svör sem hann fær úr hendi annarra. En ég vildi nú inna hann eftir hver er hans eigin stefna í þessum efnum og við hlið hans og ekki langt frá honum situr hæstv. sjútvrh. Hefur hann einhverja stefnu í þessum efnum? Hefur þessi ríkisstjórn einhverja stefnu í þeim efnum? Hvernig hefur hún og þessir tveir ráðherrar hugsað þessum aðalatvinnuvegi okkar að mæta framtíðinni?

Það er gott og blessað með þær rannsóknir sem gerðar hafa verið og ég veit það vegna þess að ég sit í Framkvæmdanefnd rannsóknaráðs að úr Rannsóknasjóði hefur farið fé til að styðja við rannsóknir í sjávarútvegi og það er mjög gott. Hins vegar verður að mennta það fólk sem á að starfa í þessum atvinnuvegi og hvernig hafa ráðherrarnir hugsað sér að taka ábyrgð á því? Mig langar að inna þá eftir því. Þetta er mjög mikið grundvallaratriði. Þeir vita það eins vel og ég að án fræðslu verðum við frumstæð þjóð á hjara veraldar sem seljum óunnið hráefni í hendurnar á öðrum þróuðum þjóðum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þessara ummæla. Ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á að það er ekki mikilvægast að mínu mati að stórauka kennslu í Háskóla Íslands í þessum efnum. Það vantar kennslu meðal fiskvinnslufólksins sjálfs og í grunnskólum í landinu og í fjölbrautaskólum landsins og að því er unnið mjög vel. Við menntmrh. erum sammála um það og í því hefur verið starfandi sérstök nefnd. Þar að auki vil ég benda hv. fyrirspyrjanda á það að 3–4 þús. manns munu sækja námskeið í fiskvinnslu nú um þessar mundir, þ.e. á árinu 1986 og 1987.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði í sambandi við þá fsp. sem komin er fram um kennslu á háskólastigi í sambandi við sjávarútvegsfræði. Sjálfsagt er mikilsvert að þar eigi sér stað einhver þróun og þar eigi sér stað kennsla í sjávarútvegsfræðum, kannske ekki innan þeirra marka sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, fyrst og fremst í verkfræðigreinum. Ég held að í Háskólanum væri kannske mest um vert að matvælafræði væri aukin og betrumbætt og hún tengd einmitt þessum fræðum. Ég tel aftur á móti að það sem okkur vanti núna brýnast í sambandi við sjávarútvegsfræði sé kennsla á grunnskólastigi og fjölbrautaskólastigi og hef í tengslum við það lagt fram þáltill. hér á hv. Alþingi um það að kennsla á þessu stigi, grunnskóla- og sérstaklega fjölbrautaskólastigi, verði efld og skipulögð og endurbætt frá því sem nú er.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég skal ekki blanda mér í kennslu í háskóla í útvegsfræðum. Hitt vil ég minna á og ég held að þingheimur hefði gott af að vita að á vegum Verkamannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og undir forustu sjútvrn. hafa 3–4 þús. manns verið á 40 tíma námskeiði sem er sennilega umfangsmesta fullorðinsfræðsla sem átt hefur sér stað á landinu lengi. Mér er ekkert um að hafa nein lýsingarorð um hæstv. sjútvrh. en í þessum efnum hefur hann beitt sér af fullum heilindum, og á engan hátt hefur staðið upp á hans ráðuneyti, heldur hefur hann lagt þar verulegan kraft í og ég held að áframhald á þessari starfsemi, sem kemur til með að verða til þess að fimm þúsund manns, hið almenna verkafólk í fiskiðnaðinum, fái fræðslu og starf þeirra sé viðurkennt, sé besta tryggingin fyrir gæðum og mannvirðingum í þessum störfum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég fagna þeim umræðum sem hafa orðið um þessa fsp. og ég vil taka það fram að vitanlega er málið ekki leyst með því að mennta einungis á háskólastigi, það er svo langt í frá. Og vitanlega styðjum við aukna verkmenntun og menntun á öllum skólastigum og verkstigum í sjávarútvegi. Til að undirstrika það bendi ég hæstv. ráðh. og öðrum á að Kvennalistinn á einmitt aðild að þessari till. til þál. sem nú er flutt í annað sinn á þessu kjörtímabili og við höfum ævinlega stutt alla viðleitni til þess að auka menntun meðal þeirra sem vinna í sjávarútvegi. En það er annað að mennta fólk til að verka fisk og til þess að skipuleggja rekstur á matvælaiðnaðargrein og það þarf að sinna því á öllum stigum. Ekkert stigið er merkilegra en annað. Þau eru öll nauðsynleg og þau eru samhangandi. Þess vegna verður að sinna þeim öllum.

Lausafjárkaup, ein umr.

Fsp. SvG, 267. mál. — Þskj. 389.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum lagði ég fram fsp. til hæstv. viðskrh. um endurskoðun á lögum um lausafjárkaup. Lögin um lausafjárkaup eru einn af hornsteinum þeirra laga sem snúa að neytendum hér á landi og málefni neytenda hefur satt að segja ekki mjög oft borið á góma hér í þinginu í vetur og ekki á

undanförnum árum. Þó hefur það gerst nokkrum sinnum, t.d. með frv. til l. um afborgunarkaup sem ég flutti hér ásamt hv. þm. Jóni Magnússyni og einnig með tillögu um hækkun á framlagi til Neytendasamtakanna sem ég flutti hér í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Lögin um lausafjárkaup eru mjög mikilvægur þáttur þessa máls og þess vegna hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. viðskrh. þessa fsp.:

„Hvað líður endurskoðun laga um lausafjárkaup?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Viðskrh. fékk prófessor Arnljót Björnsson til að hafa umsjón með athugun vinnuhóps á vegum ráðuneytisins á því hvort nauðsynlegt væri að endurskoða lög um lausafjárkaup, en þau eru nr. 39 frá 1922, einkum með tilliti til endurskoðunar á lögum um þetta efni á öðrum Norðurlöndum. Eftir að hafa fylgst náið með hinu samnorræna starfi var ákveðið að bíða eftir niðurstöðu þeirrar endurskoðunar áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar um endurskoðun laganna hér á landi. Hin samnorræna nefnd skilaði tillögum sínum en þær hafa verið umdeildar mjög. Á grundvelli þeirra er ætlunin að semja lagafrumvörp en skv. upplýsingum sendiráða Íslands á Norðurlöndum hefur slíkt frv. einungis komið fram í Finnlandi og því er útilokað að gera sér nokkra grein fyrir stöðu tillagnanna að svo stöddu en telja verður það afar mikilvægt fyrir framhald endurskoðunar á lögum okkar.

Auk þess að tekið verði mið af framvindu endurskoðunar annarra Norðurlanda er jafnframt afar brýnt að hugað verði að nauðsynlegri endurskoðun á löggjöf okkar er staðið gæti í vegi fyrir endurskoðun á lögum um lausafjárkaup. Í því sambandi vil ég vísa til álitsgerðar prófessors Arnljóts Björnssonar vegna hugmynda um endurskoðun 54. gr. l. nr. 39 frá 1922, sbr. og nál. fjh.- og viðskn. á 107. löggjafarþingi, 329. mál. Í álitsgerð Arnljóts kemur fram að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar ákvæði fyrningarlaga áður en endurskoðun á lögum um lausafjárkaup geti farið fram hér á landi og sé í raun og veru tímabær. En endurskoðun fyrningarlaga heyrir undir dómsmrn.

Af þessu svari sést að það hefur verið fylgst mjög náið með starfi hinnar samnorrænu nefndar og sömuleiðis með því hvernig málum miðar áfram á hinum Norðurlöndunum en að ráði þessara sérfræðinga er talið rétt að bíða enn um sinn með endanlega samningu á frv. til l. um lausafjárkaup.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Það er auðvitað ljóst að þau lög sem eru í gildi um neytendamál, hvort sem það eru lögin um lausafjárkaup eða önnur lög, eru afar frumstæð. Lögin um lausafjárkaup eru 60 ára gömul, samsvara á engan hátt því viðskiptalífi sem síðan hefur þróast hér á landi, og ég held að það geti í raun og veru verið mjög hættulegt að láta lög eldast svo mjög sem raun ber vitni um í þessu tilviki án þess að taka þau til rækilegrar endurskoðunar.

Ég hygg þó að miðað við þær aðstæður, að við höfum tekið mið af norrænni löggjöf á mörgum sviðum, megi segja að það sé eðlilegt að hinkra eitthvað örlítið enn eftir niðurstöðu norrænu nefndarinnar, en ég tel þó að það megi ekki dragast mikið lengur að við fáum hér ný lög um lausafjárkaup og almennt um neytendavernd, en slík löggjöf er svo að segja ekki til hér.

Þó er það aldrei brýnna en nú að slík lög verði sett með skýrum hætti, þegar verslunin og þeir sem að henni standa hafa fengið aukið olnbogarými, frelsi er það stundum kallað. Það frelsi má ekki þróast með þeim hætti að það verði á kostnað neytandans og þess almennings sem þarf að skipta við þá sem selja vörur eða þjónustu á hverjum tíma. Því er bagalegt, sérstaklega á þeim tímum sem við lifum nú, að ekki skuli vera til ný neytendalöggjöf og lög um lausafjárkaup hér á landi. Ég hygg þó að sú niðurstaða sem ráðuneytið hefur komist að í þessum efnum sé í rauninni eðlileg, það sé ekkert annað að gera en að hinkra, en það má ekki dragast allt of lengi að þjóðin eignist hér almennileg ný lög um lausafjárkaup.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að vitaskuld hefur margt verið gert til þess að auka neytendavernd. Bæði hefur verið miklu betra samstarf við Neytendasamtökin, við verðlagsyfirvöld á hverjum tíma en áður hefur verið og fylgst þar betur með öllu sem er að gerast í þessum málum. Sömuleiðis hafa verið tekin upp fljótvirkari vinnubrögð í sambandi við kvörtunarmál neytenda á ákveðnum sviðum og nú stendur fyrir dyrum að taka upp enn víðtækari dómstól í sambandi við umkvartanir, þannig að í staðinn fyrir að eiga í langvarandi málaferlum verða kveðnir upp almennir úrskurðir. Því verður komið á innan nokkurra daga og hefur viðskrn. fallist á það við Neytendasamtökin að skipa oddamann í slíkan dóm. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þó að bið verði á heildarlöggjöf eru þessi mál auðvitað í fullum gangi og reynt að vinna betur að þeim eins og nauðsyn er á.

Viðskiptahagsmunir Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, ein umr.

Fsp. KSG, 322. mál. — Þskj. 565.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Miðað við útflutningstölur fyrstu 10 mánuði ársins 1986 var saltfiskur um 30% af heildarútflutningsverðmæti Íslendinga til EBE. Ljóst er af þessum tölum hve mikilvægt Evrópubandalagið er

fyrir saltfiskútflutning Íslendinga. Útflutningur á saltfiski hefur ekki fallið undir ákvæði fríverslunarsamninganna við EBE. Bandalaginu er því í sjálfsvald sett hvernig það meðhöndlar saltfiskinnflutning til aðildarríkja sinna. Saltfiskinnflutningur var lengst af leyfður án tolla skv. sérstakri undanþágu, en árið 1985 ákvað bandalagið að nýta tollaheimild á saltfisk sem nemur 13% á flattan fisk en 20% á þorskflök.

Spánverjar eru nú að aðlaga ytri tolla sína tollum bandalagsins. Nú um áramótin var tollur á saltfiski hækkaður úr 7,6% í 10,1% á blautsöltuðum fiski og úr 8,5% í 11,9% á þorskflökum. Tollur gagnvart öðrum löndum bandalagsins er 5,1% en gagnvart Portúgal 6,4%.

Það er ljóst að Spánverjar eru að aðlaga sig bandalaginu, gera það á sjö árum, og hafa tollar verið hækkaðir nú þegar í 10,1%.

Árið 1986 var Íslendingum mjög hagstætt vegna lítils framboðs á saltfiski frá samkeppnislöndunum. Þetta kom sér vel bæði í verðlagningu og nýtingu þeirra tollfrjálsu kvóta sem fyrir hendi eru. Staða getur orðið óviss á þessu ári þó óljóst sé hvernig þróunin verður. Ljóst er nú þegar að framleiðsla Norðmanna mun aukast á árinu 1987. Það eru einmitt Norðmenn sem hafa í gegnum tvíhliða samninga náð mjög hagstæðum kjörum fyrir saltfiskinnflutning sinn til bandalagsins. Þeir hafa samið um verulega háan tollfrjálsan kvóta. Þessi kvóti bætir senn samkeppnisaðstöðu þeirra til muna og má búast við að þeir verði harðsnúnir í samkeppninni við okkur Íslendinga á þessu ári.

Árið 1986 var framleiðsla saltfisks meiri en flest önnur ár frá því saltfiskmarkaðir opnuðust aftur eftir stríð. Janframt er útflutningsverðmæti saltfisksins meira en nokkru sinni fyrr. Þetta tókst þrátt fyrir mörg vandamál á árinu vegna stækkunar Evrópubandalagsins. Það er ljóst að það verður að bregða við vegna inngöngu þessara ríkja í bandalagið.

Ég hef borið fram svohljóðandi fyrirspurn vegna þessa:

„1. Er ekki nauðsynlegt vegna mikilvægra viðskiptahagsmuna Íslendinga að taka upp viðræður við Evrópubandalagið eftir stækkun þess er Spánn og Portúgal gerðust aðilar að því?

2. Hver er stefna ríkisstjórnarinar í þessum málum og hvað hefur verið gert til að undirbúa viðbótarsamninga við Evrópubandalagið?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Spánn og Portúgal gengu í Efnahagsbandalag Evrópu 1. janúar 1986. Mörgum árum áður en til þess kom var þó af hálfu íslenskra stjórnvalda vakin athygli á nauðsyn þess að viðhalda tollfrelsi eða stækka þyrfti tollfrjálsa kvóta bandalagsins varðandi innflutning á saltfiski þar eð nýju aðildarríkin flyttu inn mikinn saltfisk og þar væru aðalmarkaðir fyrir íslenskan saltfisk. Þrátt fyrir þessa viðleitni okkar var þó lagður tollur á saltfisk og saltfiskflök og skreið 1. júlí 1985, en fríverslunarsamningur Íslendinga við bandalagið nær ekki til þessara vara. Tilraunum til að fá tollinn afnuminn, lækkaðan eða tollfrjálsa kvóta hækkaða var haldið áfram með ýmsum hætti og var þessu máli öllu nánar lýst í svari mínu við fsp. hv. 3. þm. Reykn. hér á Alþingi 29. okt. 1985.

Breytingar á fríverslunarsamningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna inngöngu Spánar og Portúgals gengu í gildi 1. mars á s.l. ári að lokinni meðferð Alþingis og að fenginni heimild þess 27. febr. til fullgildingar breytinganna. Málinu er lýst mjög ítarlega í till. til þál. sem lögð var fyrir Alþingi í febrúarmánuði þess árs og þar er m.a. gerð grein fyrir þeim viðræðum sem fram fóru við fulltrúa bandalagsins. Þar kemur m.a. fram að EBE hefur fyrir skömmu tekið upp þá stefnu að vilja tengja varanlegt gildi bókunar nr. 6 við fríverslunarsamninginn við bandalagið við viðunandi fiskveiðiréttindi bandalagsins á Íslandsmiðum. Virðist sem þessi hugmynd hafi komið upp í tengslum við inngöngu Spánar og Portúgals í bandalagið og vilji bandalagið með því skapa sér möguleika á að leysa hluta vandamálsins vegna mikils fiskveiðiflota Spánverja og Portúgala með öflun fiskveiðiréttinda í lögsögum utan EBE.

Íslensk stjórnvöld léðu ekki máls á því í viðræðum um breytingar á fríverslunarsamningnum að fallast á tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda og tóku m.a. fram að slík tengsl byggðust ekki á texta hafréttarsamningsins og væru vafasöm með tilliti til GATT-samkomulagsins. Þá var einnig bent á það að eftir gildistöku bókunar nr. 6 um vissar sjávarafurðir, eða seint á árinu 1976, hafi Finn Gunderlach, framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála í framkvæmdanefnd EBE, lýst því skýrt og skorinort yfir á fundi í Reykjavík að bandalagið hygðist ekki tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Í júní á s.l. ári var saltfisktollamálið í mikilli óvissu og tollfrjálsir kvótar vel innan við helming af innflutningi bandalagsins. Seinna í sama mánuði, júní 1986, tók bandalagið þó ákvörðun um 40 000 tonna viðbótarkvóta með aðeins 3% toll á saltfiskinum og sköpuðust því ekki á árinu 1986 sérstök vandamál varðandi útflutning íslensks saltfisks til bandalagsins. Ákvarðanir um tollfrjálsa kvóta og lága tolla eru þó teknar til stutts tíma í senn þannig að óvissa getur skapast á ný í framtíðinni, einkum þegar líða tekur á ársfjórðunga og ef dregst að ákveða kvóta með lágum tolli.

Á fundi sameiginlegrar nefndar fulltrúa Íslands og EBE til að ræða um framkvæmd viðskiptasamningsins, sem haldinn var í desember á s.l. ári, fitjaði bandalagið enn upp á þeim möguleika að skiptast á viðskiptafríðindum og fiskveiðiréttindum, en ekki var léð máls á því. Var í því sambandi bent á að Bretar hefðu fyrir löngu viðurkennt þá staðreynd að fiskveiðiréttindi væri ekki að fá á Íslandsmiðum og flestir Þjóðverjar einnig og sama máli mun einnig gegna um Portúgala. Það væri því óskiljanlegt ef Efnahagsbandalagið ætlaði að halda kröfum sínum

til streitu. Það væri vissum bandalagsþjóðum í hag að fá saltfisk, en ef mikil óvissa ríkti um toll af honum mundi fiskaflinn nýttur meir á annan hátt. Búast má við að Portúgalar muni sem fyrr knýja á um að hagsmuna neytenda þar í landi verði gætt.

Auk lækkunar á saltfisktolli hafa Íslendingar áhuga á lækkun tolla á saltsíld og söltuðum ufsaflökum, en tollar hafa verið hækkaðir af hálfu bandalagsins á þessum vörum frá því sem var þegar fríverslunarsamningur Íslands við bandalagið var gerður árið 1972. Það má minna á að á nýjum eða ísuðum flökum er tollurinn 18% á sama tíma og tollur á frystum íslenskum flökum er enginn. Einnig má nefna að tollur á ísuðum skarkola, sem fluttur er út í gámum, er 15% þar eð sérfríðindi okkar á ísuðum fiski ná aðeins til helstu vörutegunda, karfa 2% og þorsks, ýsu og ufsa 3,7%.

Að sjálfsögðu viljum við tollfrelsi fyrir allar sjávarafurðir okkar. Reynt var að fá tollfrelsi fyrir allar þær vörur við gerð fríverslunarsamningsins á sínum tíma, en engin leið var til þess þá þótt fulltrúar bandalagsins á þeim tíma tækju að ýmsu leyti tillit til sérstöðu Íslands sem fiskveiðiþjóðar sem er mjög háð útflutningi sjávarafurða. Ekkert bendir til þess að nú sé betri aðstaða til að fá fram meiri viðskiptafríðindi.

Þeir aðilar sem mest áhrif hafa innan bandalagsins, fiskimáladeildin og sjávarútvegshagsmunirnir, leggja allt kapp á að selja aðgang að mörkuðum, aukin viðskiptafríðindi gegn fiskveiðiréttindum og taka þá ekki tillit til sérstöðu Íslendinga.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra vönduð svör. Það er greinilegt að fyrirspurnatíminn nægir ekki til svona spurninga. Ég heyri á máli hans að það er mjög sótt í það að fá fiskveiðiréttindi hér út á tollafríðindi. Ég tel að slíkt komi ekki til greina.

Hitt er annað hvort ekki eru til aðrar leiðir til að ýta okkar málum fram. Ég skil málið svo að ráðherra sé ekki fyllilega búinn að svara eins og hann hefði helst viljað og bíð því eftir að hann ljúki því.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Eflaust hafa þeir einnig áhuga á einhvers konar rammasamningi um samstarf á sviði fiskiverndar og fiskveiða sem opna muni bandalaginu möguleika til árlegra viðræðna um nánar tiltekin fiskveiðiréttindi. Íslensk stjórnvöld hafa ekki léð máls á tengslum milli fiskveiðiréttinda og viðskiptafríðinda. Norðmenn hafa í orði kveðnu einnig sömu stefnu, en í reyndinni hafa þeir þó fallist á slík tengsl og hlotið nokkra umbun fyrir í formi sérréttinda á sviði saltfisktolla. Þess ber þó að geta að Norðmenn eru á engan hátt háðir fiskveiðum í líkingu við Íslendinga. Þá hafa Kanadamenn lýst því yfir að þeir hyggist ekki fylgja sömu stefnu gagnvart EBE og áður, þ.e. að fara fram á aukin viðskiptafríðindi fyrir sjávarafurðir í staðinn fyrir fiskveiðiréttindi í kanadískri fiskveiðilögsögu.

Horfurnar á auknum viðskiptafríðindum á mörkuðum EBE-landanna eru ekki bjartar að svo stöddu, en réttast virðist að doka nú við og vera e.t.v. hóflega bjartsýnn um að fulltrúar EBE muni, þótt síðar verði, öðlast meiri skilning á sérstöðu okkar sem þjóðar sem á mjög mikið undir fiskveiðum og útflutningi sjávarafurða komið. Þessi sérstaða naut skilnings á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og er viðurkennd í hafréttarsamningum og hún nýtur t.d. stuðnings á vettvangi Fríverslunarbandalags Evrópu, EFTA, sem hefur skorað á EBE að taka tillit til hinna sérstöku útflutningshagsmuna Íslendinga. Binda má þó vonir við að nánara samstarf við bandalagið á ýmsum sviðum leiði til þess að skilningur á sérstöðu Íslendinga glæðist öllum aðilum til hagsbóta.

Í stuttu máli er svar við fyrri spurningunni að margar viðræður hafa farið fram við Evrópubandalagið eftir síðustu stækkun þess til að tryggja viðskiptahagsmuni okkar og verður þeim haldið áfram.

Varðandi seinni spurninguna vil ég taka fram að ríkisstjórnin vill efla vinsamleg samskipti við Evrópubandalagið og eru í gangi viðræður milli Íslands og annarra EFTA-landa við bandalagið um víðtækt samstarf á mörgum sviðum á grundvelli samþykkta ráðherra EFTA-landa og Evrópubandalagsins í Lúxemborg í apríl 1984. T.d. er nú unnið að gerð samnings um samstarf á sviði rannsókna og iðnþróunar.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, ein umr.

Fsp. KSG, 323. mál. — Þskj. 566.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja sjútvrh. tveggja spurninga:

„1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi framtíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins?

2. Er fyrirhugað að leggja sjóðinn niður eða er stefnt að því að beita verðjöfnun á útflutning á óunnum fiski?“

Ég tel að Verðjöfnunarsjóður hafi haft mikið gildi á sínum tíma. Hann var reyndar stofnaður 1969. Aðstæður allar hafa breyst síðustu 20 árin. Hins vegar hefur sjóðnum lítið verið breytt. Það vakna ýmsar spurningar, t.d. hvort fiskmarkaðir, m.ö.o. frjálst fiskverð, og verðjöfnunarsjóðir séu samrýmanleg. Verðjöfnun á þorski skiptir mestu máli. Raunar nær sjóðurinn aðeins til um 40% af þorskaflanum, þ.e. þess hluta þorskaflans sem er saltaður. Ísfiskur, sem nú er 13% af þorskaflanum, er alfarið utan sjóðsins og frystingin hefur verið óvirk gagnvart sjóðnum allar götur frá 1981. Reyndar hefur verðhækkun á frystum afurðum orðið mjög veruleg, en afkoma frystingarinnar þrátt fyrir það

hefur ekki leyft greiðslur í sjóðinn.

Ég er með dæmi hér um hvernig þetta getur virkað, gjaldtaka Verðjöfnunarsjóðs. Það er of langt að rekja það í stuttum fyrirspurnatíma, en niðurstaða þess segir merkilega sögu.

Í dæminu er fjallað um tandurfisk sem seldur er til Spánar og Portúgals. Á grundvelli dæmisins er reiknað með 10 kr. greiðslu í Verðjöfnunarsjóð pr. kg, en til framleiðenda 111 kr. pr. kg. Þá er gert ráð fyrir í næsta dæmi að Spánverjar fallist á 15% hækkun þar sem skortur væri hugsanlega á þeirra markaði. Með fyrri viðmiðun plús þessi 15% yrðu áhrif verðhækkunarinnar þau að greiðsla í Verðjöfnunarsjóð hækkaði um 65% en greiðslan til framleiðandans hækkaði um aðeins 6%. Ekki er vafi á því að þessar aðferðir geta latt menn til þess að afla sér betri markaða, hærra verðs. Hagnaðurinn er svo óverulegur og rennur að stórum hluta í Verðjöfnunarsjóð.

Á fiskiþingi í haust var samþykkt tillaga með miklum meiri hluta atkvæða þess efnis að verðjöfnun tæki til allra útfluttra sjávarafurða, þar á meðal ísfisks. Að öðrum kosti verði Verðjöfnunarsjóðurinn lagður niður. Ástæða er til að slíkar samþykktir séu gerðar, enda er um hróplega mismunun að ræða. Auk saltfisksins má benda á rækjuútflutning. Greitt er í Verðjöfnunarsjóð af unninni rækju, en ekki af óunninni rækju, sem freistar manna og hefur freistað manna að flytja út mikið magn af óunninni rækju til þess að komast hjá verðjöfnun. En ég spyr þeirra spurninga sem ég hef þegar tilgreint.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar stendur að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins skuli efldur og hefur það verið gert eftir því sem tök hafa verið á, en í janúar 1985 var skipuð nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins og hinn 17. febr. 1986 var sömu nefnd falið að fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegsins, þar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Þessi nefnd skilaði af sér s.l. haust til sjútvrn. þann 10. okt. Þar kemur eftirfarandi fram í áliti hennar að því er varðar Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins:

„Nefndarmenn urðu ekki sammála um hvort þess skuli freistað að láta verðjöfnun ná til ísfisks sem settur er óunninn á markað erlendis. Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna lögðust eindregið gegn því að verðjöfnun tæki til ísfisks og töldu reyndar ekki unnt að koma henni við með skynsamlegu móti. Fulltrúar fiskvinnslunnar vildu, ef á annað borð væri um verðjöfnun að ræða, að reynt yrði að finna leiðir til þess að láta ísfisk sæta sömu verðjöfnun og freðfiskur og saltfiskur á hverjum tíma, t.d. á þann hátt að af honum verði greitt jöfnunargjald eða til hans jöfnunaruppbót sem samsvarar ríkjandi verðjöfnun á unnum fiski en byggði ekki beinlínis á söluverði ísfisks. Aðrir nefndarmenn skiptust í afstöðu sinni til þessa máls. Nefndin gerir því ekki ákveðnar tillögur um það."

Hér er að sjálfsögðu um fremur viðkvæmt mál að ræða sem snertir skipti innan sjávarútvegsins og um þessar mundir fóru í hönd samningar milli sjómanna og útvegsmanna þar sem m.a. lá fyrir að tekist yrði á um með hvaða hætti skiptin yrðu milli útgerðar og sjómanna. Niðurstaða fékkst í það mál og tekur hin nýja regla gildi n.k. vor.

Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að hér er um nokkurt ósamræmi að ræða, en hins vegar er ljóst að lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins ná ekki til sölu á ísfiski eða óunnum fiski heldur eingöngu til fiskiðnaðarins sjálfs, þannig að ef hér ætti að verða breyting á og jöfnunargjald yrði tekið af óunnum fiski yrði að koma til lagabreyting. Það er ekki fyrirhugað að leggja slíkt frv. fyrir það þing sem nú stendur yfir og verður því að taka á máli þessu síðar.

Ég vil einnig benda á að 10% álag er að því er varðar kvóta þeirra skipa sem flytja slíkan fisk úr landi, en þetta álag var áður 25%. Hér var um mismunandi áherslur að ræða og menn voru ekki sammála um hvert þetta álag skyldi vera. Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna vildu að það væri ekkert, en vinnslurnar vildu að það væri hærra, þannig að hér var um málamiðlun að ræða á sínum tíma. Vissulega kemur jafnframt til greina að hækka þetta álag að nýju þannig að eðlilegra samræmi sé hér á.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi með þessu svarað þessari fsp.

Björn Dagbjartsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja frekari áherslu á þau atriði sem komu fram í máli fyrirspyrjanda. Ég lít svo á að það sé algerlega óviðunandi að nefnd sú sem um þetta átti að fjalla skuli hafa gefist upp við sitt hlutverk og skora á hæstv. ráðh. að láta ekki við svo búið standa. Mér líst þannig á að þarna fari fram gífurleg fjársöfnun, líklega getur það verið hálfur milljarður á þessu ári, lokuð inni í Verðjöfnunarsjóði saltfisks, og mér líst þannig á að það séu ýmsar breytingar í aðsigi, t.d. með tilkomu fiskmarkaða, sem geri algerlega nauðsynlegt að endurskoða þessi mál frá grunni.

Valdimar Indriðason:

Herra forseti. Ég vil staðfesta það sem hæstv. ráðh. sagði áðan um störf nefndarinnar sem vann að því að endurskoða og leggja niður sjóðakerfið s.l. vor. Það tókst að taka þá sjóði í burtu alla nema Verðjöfnunarsjóðinn. Það voru skiptar skoðanir, en samt held ég, án þess að fara ofan í það neitt frekar, að það sé orðið mjög tímabært núna að taka þetta mál upp aftur vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í sambandi við ferskfiskútflutning og þá miklu mismunun sem orðin er t.d. með rækjuvinnsluna og saltfiskinn. Ég held því að það væri tímabært að þetta mál yrði skoðað nánar og fundin lausn því að

menn una því ekki öllu lengur að á þann veg gangi sem nú gengur með framleiðendur rækju og saltfisks.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Við vorum í þessari sjóðanefnd ég og hv. 3. þm. Vesturl. svo og hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson af þm. hálfu. Það var alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði um afgreiðslu þeirrar nefndar um Verðjöfnunarsjóðinn. En ég held að flestir nefndarmenn hafi um leið gert sér grein fyrir því, þó að þeir vísuðu þessu máli frá sér, að þarna voru vandamál sem þurfti að leysa. Mér finnst því miður að ekki skuli hafa verið tekið á þessum vandamálum að undanförnu og að það muni ekki vera gert á þessu þingi.

Það mun vera svo að miðað við verð á saltfiski núna fari 12 kr. á kg í Verðjöfnunarsjóð. Ef við reiknum með 40 þús. tonna lágmarki, sem áætlað er að saltfiskframleiðslan verði á árinu, verða það 480 millj. sem renna í sjóðinn.

Það er verið að tala um að stofnsetja hér markað. Það fellur engan veginn saman við hugmyndir um fiskmarkað að á einum vettvangi framleiðslunnar séu teknir ákveðnir peningar í slíkan verðjöfnunarsjóð sem hér er um að ræða.

Um þetta mál mætti vitaskuld tala mikið, en það er alls ekki tími til þess á þeim vettvangi sem við erum að ræða málið á.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka sjútvrh. svörin. Ég tel að það sé mjög brýnt að taka á málefnum Verðjöfnunarsjóðs og hugsanlega leggja hann niður. Ég tel að sé rétt að gera það. Margir sjóðir hafa verið lagðir niður og maður veltir því fyrir sér hvaða rök eru fyrir því að fella Aflatryggingasjóð niður en ekki Verðjöfnunarsjóð. Ég tel að nýir fiskmarkaðir komi til með að skekkja myndina enn meir og líka er sjóðurinn til þess að trufla markaðsleit manna. Fyrir utan það, sem er kjarni málsins, að nú á þetta aðeins við saltfisk og rækju og er það alveg óþolandi að safna svo miklu fé sem þar er gert án þess að það komi sjáanlega að gagni við þær aðstæður sem nú eru vegna þeirrar mismununar sem greinileg er í þessum málum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. um að það þarf að sjálfsögðu að vinna að þessu máli áfram. Ég vildi aðeins taka fram að það er ekki ráðrúm til þess á þeim stutta tíma sem eftir stendur að hugsa sér að koma fram lagabreytingum í því skyni.

Ég vil hins vegar taka fram að ég er þeirrar skoðunar að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins eigi að halda áfram. Ég minni á að 1983 skorti mikið fé til að standa undir eðlilegum rekstri í saltfiskverkun og ég bið hv. þm. að gleyma því ekki að það hafa oft verið sveiflur í okkar þjóðarbúskap og er nauðsynlegt að hafa einhverja sjóði, einhver tæki til að jafna þessar sveiflur. Þótt vel gangi núna má vera að það komi aðrir tímar síðar.

Landhelgisgæslan, ein umr.

Fsp. KP, 327. mál. — Þskj. 570.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Að undanförnu hafa átt sér stað úti í þjóðfélaginu allmiklar umræður um starfshætti Landhelgisgæslunnar og starfsemi hennar. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt þótt sú starfsemi sé rædd, eins miklu hlutverki og Gæslan gegnir í okkar þjóðfélagi. Mér finnst hins vegar að undanfarið hafi gætt meiri gagnrýni í umræðum um Gæsluna en verið hefur áður. Ekki ætla ég að setjast í dómarasæti í þessum efnum. Ég er fyrst og fremst að vekja máls á þessu vegna þess að mér finnst að Alþingi, löggjafinn, hafi skapað eitthvert tómarúm gagnvart Gæslunni.

Menn muna gömlu góðu dagana, ef svo má orða það, í þorskastríðunum, hvernig Gæslan stóð sig þar. Frá því að því lauk hefur mér fundist Gæslan vera eins og nokkurs konar olnbogabarn í fjárveitingum frá Alþingi. Þessi mál hafa að vísu verið rædd. Öryggismálanefnd sjómanna, sem skipuð var af Alþingi, ræddi þessi mál, gerði sínar tillögur, en lítið sem ekkert hefur gerst.

Nú er svo komið, að því er okkur sýnist sem út í frá stöndum og lítum til Gæslunnar, þegar heilu áhafnirnar segja upp og ganga í land, að eitthvað hljóti að vera að. Og menn spyrja: Hvað er að? Og ef eitthvað er að, hvernig skal bregðast við því?

Fyrir nær sex árum var kosin á Alþingi laganefnd um landhelgisgæslu og var skipuð þann 25. maí 1981. Lítið sem ekkert, það ég best veit, hefur heyrst frá starfi þessarar nefndar og er kominn æðilangur tími sem hún hefur haft til að vinna að þessum málum. Í þessari nefnd voru og er trúlega a.m.k. meginhlutinn af eftirtöldum: Guðmundur Bjarnason alþm., Matthías Bjarnason, sem vék úr nefndinni, ég veit ekki hvenær, en mér er ekki kunnugt um að nokkur hafi tekið sæti hans þar, Þröstur Sigtryggsson skipherra, Pétur Sigurðsson alþm., Benedikt Gröndal, sem trúlega hefur horfið úr nefndinni á einhverju þessara ára og líklega enginn tekið sæti hans þar, Garðar Sigurðsson alþm. og Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri.

Í ljósi þessa finnst mér orðið tímabært að koma umræðum af stað um þetta mál. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 570 eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh. um starfsemi Landhelgisgæslunnar:

„1. Hvað líður störfum endurskoðunarnefndar um starfsemi Landhelgisgæslunnar?

2. Er von á niðurstöðum af störfum hennar og þá hvenær?“

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, hv. 3. þm. Vestf., samþykkti Alþingi 2. apríl 1981 ályktun þess efnis að kjósa skyldi milliþinganefnd til þess, eins og segir í þáltill., „að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla Landhelgisgæsluna svo að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt". Nefndin er því kosin af Alþingi og skipuð að meiri hluta alþm. Hún tók þegar til starfa og skilaði áfangaskýrslu 15. okt. 1981. Sú skýrsla fjallaði að mestum hluta um skipakost Gæslunnar og endurbætur á honum.

Samkvæmt tilmælum mínum sem dómsmrh. samdi milliþinganefndin aðra áfangaskýrslu um flugrekstur Landhelgisgæslunnar og þá einkum kaup og rekstur eftirlits-, leitar- og björgunarþyrlu fyrir stofnunina. Sú skýrsla er dags. 9. apríl 1984. Það má taka fram að niðurstöður og tillögur nefndarinnar voru að öllu leyti samþykktar og lagðar til grundvallar þeirri endurnýjun á þyrlukosti Landhelgisgæslunnar sem síðar varð.

Síðari hluti fsp. hljóðar svo: „Er von á niðurstöðum nefndarinnar og þá hvenær?" Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar hefur nefndin nú samið drög að lokaskýrslu og lagafrv. um Landhelgisgæslu Íslands og mun nefndin skila því af sér á næstu vikum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það var vitað mál að Landhelgisgæslan og málefni hennar mundu standa á vegamótum eftir að þorskastríðum lauk. Þess vegna var m.a. nefndin skipuð í maí 1981, sem ekki hefur skilað áliti enn þá.

Það er svo um Gæsluna að segja að hún hefur rækt starf sitt vel. Ég vil geta þess að landhelgisgæslumenn hafa aldrei haft verkfallsrétt meðan sjálfsagt hefur þótt að aðrar stéttir nytu þess réttar. En ég vil vekja sérstaka athygli á því að það er dálítið undarlegt með þjóð sem þarf engu að kosta til landvarna hvað hún er sparsöm á fjárveitingar til þeirra einu öryggisvarða sem hún hefur til að reiða sig á, löggæslu til lands og sjávar.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Mér þykir tilhlýðilegt að nota mér þann rétt að gera stutta athugasemd þar sem ég er formaður þessarar umræddu landhelgisnefndar. Eins og kom fram í svari hæstv. dómsmrh. hefur reyndar nefndin allan þennan tíma verið að störfum með allmiklum hléum þó, en þýðir þó það að hún hefur ekki lagt upp laupana ef svo má orða það. Við höfum hist öðru hverju og við höfum farið yfir ýmis efni sem Gæsluna varða og við höfum skilað frá okkur tveimur áfangaskýrslum.

Í fyrri skýrslunni var greint frá ýmsum brýnustu þörfum Gæslunnar, en þar varðaði auðvitað mestu hvað fjárveitingavaldið vildi gera til að styrkja stöðu hennar. Það var spurning um að veita fjármagni til þess að takast á við ýmis verkefni sem brýn voru. Því miður hefur það ekki gengið eftir sem skyldi og öll árin síðan hafa menn verið að leggja til og berja á nánast sömu þáttum og sömu þörfum fyrir Gæsluna til þess að hún hefði möguleika á að sinna sínum verkefnum eins og menn telja æskilegt.

Eins og fram kom í svari hæstv. ráðh. erum við með drög tilbúin nánast á borði hjá okkur. Nefndin hélt fund núna nýlega, fjallaði þá m.a. um þau nýju viðhorf sem uppi hafa verið eða umræður um björgunarmál og hugsanlega stjórnstöð vegna leitar- og björgunarstarfa.

Ég vildi aðeins láta koma fram að við höfum verið að fjalla um þessi mál og í þessum drögum að lokaskýrslu er fjallað um m.a. hlutverk Gæslunnar og nauðsynlegan tækjabúnað til að gegna því hlutverki, um mannahald og þar eru einnig drög að nýju lagafrv. fyrir Gæsluna. Ég vonast til þess að okkur takist að ljúka þessu nefndarstarfi á næstu vikum.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar einungis að taka undir með hv. fyrirspyrjanda þegar hann segir að Alþingi hafi sýnt Landhelgisgæslunni sinnuleysi. Ég held að það sé ekkert ofsagt. Þar er ekki einungis um að ræða að fjárveitingar hafi verið af skornum skammti heldur höfum við jafnvel hlíft við að ræða málefni Landhelgisgæslunnar, jafnmikilvæg og hún er.

Auðvitað er það rétt að sumir telja að Landhelgisgæslan sé ekki jafnmikilvæg nú og hún var þegar við vorum að vinna okkar stærstu sigra, sem unnust raunar á miðjum síðasta áratug, en það er mikill misskilningur. Hún er ekki síður mikilvæg nú. Við höfum síðan, t.d. á árinu 1980, náð gífurlegum réttindum á Jan Mayen-svæðinu sem auðvitað þarf að gæta og við erum búnir að helga okkur Reykjaneshrygg út í 350 mílur og það getur enginn vefengt þann rétt okkar. Þar eru útlendingar að veiðum skammt undan 200 mílna mörkunum. Það þarf að fara að gæta að þeim því að allar lífverur á botninum tilheyra honum og þess vegna eru óleyfilegar allar botnvörpuveiðar þar t.d. Við þurfum að fara að gæta réttar okkar þar og nú erum við að sækja rétt okkar langt í suður á Rockall-svæðinu, en einmitt núna næstu daga verða fundir um það mál.

Það ber brýna nauðsyn til að skoða rækilega afstöðu og aðstöðu Landhelgisgæslunnar og það er skylda Alþingis að taka þau mál mjög föstum tökum og verður vonandi gert á næsta þingi þótt ekki vinnist svigrúm til þess núna. Ég endurtek að þetta er mál sem á að ræða á Alþingi og það á mjög að efla Landhelgisgæsluna. Það er alger nauðsyn, ekkert minni nú en var um miðjan síðasta áratug.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er ástæða til að hvetja til þess að tekið sé af skarið um verkefnaskiptingu og stjórnun Gæslunnar í framtíðinni. Um árabil hefur starf Gæslunnar dregist nokkuð niður á við, fyrst og fremst vegna þess að menn hafa ekki tekið af skarið í

þeim efnum og markað stefnuna við þau þáttaskil sem urðu þegar landhelgisstríðum lauk. Og það hefur verið mikill skortur á fjármagni til rekstrar Gæslunnar, sem lýsir sér m.a. í því að varðskipin hafa siglt hálftóm að olíutönkum, dólað þannig í kringum landið og verið á hálfgerðu slefi af og til má segja. Þau hafa rekið frekar, er réttara að orða það, til þess að spara olíuna. Þetta gengur auðvitað ekki. Það er dugmikið og áhugasamt fólk sem starfar hjá Landhelgisgæslunni. Landhelgisgæslan er aðalútvörður okkar á hafinu og hjálparaðili og hún þarf að njóta virðingar eins og henni ber og reisnar sem eðlilegt er í því hlutverki sem hún á að gegna.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég skal gera örstutta athugasemd. Þegar hæstv. ráðh. nefndi daginn sem þessi till. var samþykkt datt mér í hug að við máttum þakka fyrir að það var ekki 1. apríl heldur 2. apríl 1981 þar sem þessi till. hljóðaði um að efla Landhelgisgæslu Íslands.

Nú hafa staðið upp nokkrir þm. og fjórir eða fimm þeirra eiga sæti í fjvn. Allir þessir menn halda því fram að það þurfi að efla Landhelgisgæslu Íslands. Við skulum rétt vona að nú meini menn að þeir vilji efla hana því að þess er virkilega þörf. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þessi mál hafa verið allt of viðkvæm. Sú nefnd sem setið hefur að störfum má fara að taka á honum stóra sínum. Ég vildi að ráðherra svaraði því ef hann getur það: Verður frv., sem drög eru til að, lagt fyrir þing sem nú situr þó að það væri ekki nema bara til umfjöllunar?

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka bæði hæstv. ráðh. svörin og öðrum ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls og ég fagna þessari umræðu, að menn taki þá af skarið og ég vil ekki segja þori heldur taki á sig rögg og ræði mál Gæslunnar hér innan dyra.

Ég tek undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan. Það er þörf á Gæslunni og hana verður að efla. Til þess var þessi nefnd sett á laggirnar fyrir sex árum. Mér finnst það ekkert afreksverk þó að hún skili áfangaskýrslu á þriggja ára fresti. Ég hef enga trú á því að menn séu núna að lofa því til að standa við að skila af sér á næstu vikum í hönd farandi kosningum. Hverjum dettur það í hug þegar það er búið að taka sex ár að koma því af sem þegar er búið? Hafa menn trú á því? Ekki hef ég það. **(GJG:** Á milli framboðsfunda.) Ef hæstv. ráðh. gæti gefið yfirlýsingar um það hér að frv. yrði lagt fram þó ekki væri nema til skoðunar á þessu þingi væri það mikill fengur.

Einhver sagði áðan: Hér hafa komið þrír eða fjórir menn úr fjvn. og hv. síðasti ræðumaður, sá fimmti, sat áður í fjvn. Þetta er alveg rétt. Ég held að þm. almennt hafi ekki gert sér grein fyrir hversu Gæslan er þýðingarmikill þáttur í þjóðlífinu. Það er ekkert liðin tíð að hlúa að henni. Alþingi hefur ekki sinnt þeirri skyldu sinni að láta fjárveitingar og skipuleggja Gæsluna betur. Ég hef hugmynd um að Gæslan sé nánast að drabbast niður í höndum ríkisins. Ég er ekki með þessu að deila á stjórnendur Gæslunnar. Um það veit ég ekkert. En ég held að Alþingi eigi kannske stærstu sökina í því hvernig málum Gæslunnar er komið með því að svelta hana í fjárveitingum.

Ég sagði áðan og ég endurtek það: Ég er ekki að gera þetta mál að umræðuefni til að gagnrýna. Ég er fyrst og fremst að reyna að fá umræðu um málið til þess að þm. átti sig á, eins og ég held að þjóðin hafi áttað sig á, að Gæslan er nauðsynleg. Fyrir um ári var hér umræða um þann þátt Gæslunnar sem var flugvélin og þá voru ráðherra og forstöðumenn Gæslunnar gagnrýndir harðlega hér fyrir að leigja flugvélina til annarra nota, þann öryggisventil sem ég vil kalla flugvélina í gæslustarfinu. Ég gagnrýni þann hátt enn ef menn ætla að halda áfram að leigja þennan öryggisventil til annarra nota. Hún á hvergi betur heima og á að vera í þessu starfi og á að vera það allan ársins hring. Hún er hvergi betur komin og það er hvergi nauðsynlegra að hafa hana. Sama á við um varðskipin. Þarna verður að taka tak til þess að bæta úr og ég heiti á þá menn sem með þetta fara nú, ég heiti á formann nefndarinnar að hann dugi vel í lokahrinunni, þó erfitt sé á öðrum vígstöðvum að því er hann varðar, og skili þessu af sér.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þann áhuga sem kemur fram hjá hv. alþm. á málefnum Gæslunnar og fyrirheit um að styðja hennar málefni, en eins og komið hefur fram í þessum umræðum veltur geta Landhelgisgæslunnar að sjálfsögðu á þeim fjárveitingum sem Alþingi veitir til hennar.

Hv. 3. þm. Vestf. minntist á gagnrýni sína í fyrra á hv. Alþingi fyrir að þá gerði Landhelgisgæslan samning sem gerði henni kleift að bæta sinn tækjakost þar sem fjárveitingar voru ekki svo miklar að nægðu til að gera það brýnasta sem hún taldi þörf á. En samt sem áður er innan þess ramma sem fjárveitingar Alþingis móta reynt að gera það besta. T.d. má benda á að það er núna verið að ljúka við að gera miklar endurbætur á flugskýli Gæslunnar og gera það raunverulega nothæft. Er þar gerbreyting frá því sem áður hefur verið. Þannig er að sjálfsögðu alltaf reynt að bæta úr og lagfæra eftir því sem fjármagnið sem gæslan fær leyfir.

Það er fjarri mér að fara að gefa loforð um að flytja frv. áður en þingi lýkur, miðað við þann stutta tíma sem er eftir, frv. sem ég hef ekki séð og ekki fengið í hendur. En ég vænti þess að það verði tilbúið þegar nýkjörið þing kemur aftur saman og þá geti ráðherra lagt það fram.

En ég vil að lokum undirstrika að það er ekki á mínu valdi að gefa þessari nefnd fyrirskipanir. Það var Alþingi sem kaus hana og því er það að sjálfsögðu á vegum Alþingis sem hún starfar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Aðeins út af síðustu ræðu hæstv. ráðh. Það sýnir auðvitað í hvaða standi Gæslan er. Hún verður nánast að „praktísera“ með sínar eignir til þess að geta haldið lífi. Hún verður að leigja út frá sér fyrir peninga til að geta með einhverju móti haldið starfseminni áfram.

Ég tek út af fyrir sig undir það með hæstv. ráðh. að hann getur ekki gefið nefndinni fyrirskipanir, en getum við það ekki? Getur Alþingi ekki gert það? Er hún ekki kosin í umboði þess? Og er ekki Alþingi yfirmaður þessarar nefndar? Ég held að við verðum að gera kröfu til þess að þessi nefnd skili af sér sem allra fyrst. Við verðum að gera kröfur til þess.

Ég gagnrýni enn ef það á að vera svo áfram að Gæslan eigi að leigja vélina aftur í sumar og ef hæstv. ráðh. er að boða það vil ég gagnrýna það nú þegar og tel að það sé óhæfa að slíkt verði gert.

Iðnráðgjöf í landshlutunum, ein umr.

Fsp. HG, 335. mál. — Þskj. 585.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Í síðustu viku lagði ég fram fsp. til hæstv. iðnrh. um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvað líður undirbúningi að nýjum lögum „um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum“ sem ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að leggja fyrir Alþingi í október 1986?“

Hluti af þessum orðum er innan tilvitnunarmerkja vegna þess að þar er vitnað beint í greinargerð með frv. um framlengingu laga um iðnráðgjafa frá 31. des. 1981, en sú framlenging var samþykkt í desember 1985 um eitt ár, en frá síðustu áramótum hafa engin lög lengur verið í gildi um þessa starfsemi.

Það þarf ekki að kvarta undan því að hæstv. iðnrh. hefur í rauninni brugðist fljótt við í sambandi við efni þessarar fsp. því að á borð okkar þm. barst frv. frá hæstv. ráðh. 2–3 dögum eftir að fsp. var hér fram lögð. Þetta frv. liggur fyrir hv. Ed. og verður þar væntanlega til meðferðar.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða hér, herra forseti, að lýsa verulegum áhyggjum mínum yfir þeirri stefnu sem þetta mál virðist vera að taka hjá framkvæmdavaldinu frá því sem ráðgert hafði verið m.a. þegar lögin voru framlengd 1985, en þá lágu fyrir tillögur nefndar sem hæstv. fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson skipaði til endurskoðunar á þessum lögum, en þegar þau voru sett var gert ráð fyrir að þau yrðu endurskoðuð fyrir árslok 1985 í ljósi fenginnar reynslu.

Það kemur fram þegar litið er til þessara frumvarpa að hér er allt annað uppi á teningnum hjá hæstv. núv. iðnrh. en fram hafði komið sem álit þeirrar nefndar sem fyrrv. hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson hafði skipað um þessi efni. Ég ætla ekki að ræða þetta hér efnislega, herra forseti, en lýsi yfir miklum áhyggjum yfir hvaða stefnu þetta mál virðist vera að taka og ég veit um það að áhyggjur um þetta efni eru ég held nær hvarvetna þar sem þessi starfsemi hefur farið fram og hjá þeim aðilum sem hafa notið þess stuðnings sem fyrrverandi lög tryggðu, en nú er sem sagt brugðið á annað ráð. Við heyrum kannske frá hæstv. ráðh. eitthvað um þetta efnislega án þess að ég ætli að inna eftir því sérstaklega.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekkert annað svar við þeirri fsp. sem hér er borin fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni en það að frv. hefur verið lagt fram, frv. til l. um iðnráðgjöf, á þskj. 609. Eins og kom fram hjá honum mun það verða tekið á dagskrá líklega á morgun í efri deild Alþingis. Efnislega ætla ég ekki að ræða þetta frv., en það er rétt hjá honum að framlagningu þess nú endurskoðuðu var flýtt vegna fsp. þegar hún kom fram.

Löggæslumál á Reyðarfirði, ein umr.

Fsp. HS o.fl., 333. mál. — Þskj. 583.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 583 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh. ásamt hv. 11. landsk. þm. Agli Jónssyni og hv. 4. þm. Austurl. Jóni Kristjánssyni:

„Hvað hyggst dómsmrn. gera til úrbóta í löggæslumálum á Reyðarfirði?“

Þessi fsp. er borin fram í beinu framhaldi af ályktun hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps frá 26. jan. s.l. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps fer fram á það við dómsmrn. og sýslumann Suður-Múlasýslu að endurskoða það skipulag löggæslu sem verið hefur um nokkurn tíma á Reyðarfirði. Hreppsnefnd telur að fenginni reynslu að löggæslu hafi hrakað verulega frá því sem áður var. Hreppsnefnd óskar eftir viðræðum við yfirvöld löggæslu um þessi mál sem fyrst.“

Það er ekki að ástæðulausu að spurt sé nú eftir þessu því fyrir rúmum tveimur árum bar ég fram fsp. um þá breytingu sem þá hafði nýlega orðið á löggæslumálum austur þar. Eftir meira en tveggja áratuga veru lögregluþjóns á Reyðarfirði var allt í einu álitið óþarft að hafa löggæslu á staðnum. Þó fólk sé gott og löghlýðið austur þar þótti mér og þykir enn sem hér sé um ofurmannlegt traust dómsyfirvalda að ræða. Fyrir tveim árum var því borið við að hér væri um hagræðingu og sparnað að ræða, jafnvel í virkari og betri löggæslu. Um það sagði ég þá, með leyfi hæstv. forseta:

„En síðast en ekki síst er ég sannfærður um að það verður augljós kostnaðarauki ef sinna á starfinu á annað borð og lögregluþjónn að gegna svipuðum störfum og hann hefur gegnt á Reyðarfirði."

Áður hafði ég bent á augljóslega minna öryggi fyrir íbúana sem meginatriði út frá þeirra sjónarmiði. Öll aðvörunarorð mín þá hafa komið fram, því miður, og nýlegt atvik aðeins eitt margra sem hafa sannað nauðsyn löggæslu á staðnum eins og eðli málsins samkvæmt hlýtur að vera á stað þar sem t.d. gegnumakstur er jafnmikill og raun ber vitni, skipakomur sér í lagi tíðar og margt fleira og sveitarfélagið vitanlega það fjölmennt að sjálfsagt er að þar sé lögregluþjónn.

Ráðuneytið mun nú vera með málið í athugun að því er maður hefur séð í blaðafregnum og er því tímabært að spyrja hverjar breytingar til úrbóta séu væntanlegar.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. um áform dómsmrn. um úrbætur í löggæslumálum á Reyðarfirði vil ég skýra frá því að fulltrúi frá ráðuneytinu hefur farið til viðræðna við aðila þar eystra, sveitarstjórn á Reyðarfirði og sýslumann Suður-Múlasýslu. En vegna fréttar sem kom um atburð þar fyrir skömmu vil ég leiðrétta það, sem því miður var missagt þar, að það hafi verið beðið í tvo klukkutíma eftir lögreglu meðan ölvaður ökumaður lék lausum hala í bænum. Hið rétta var að sá tími sem tók að ná til lögreglumanns sem átti gæsluvakt þennan dag var 25–30 mínútur, en hann hafði verið utan dyra og ekki heyrt í síma. Vinnuskýrslur sem borist hafa ráðuneytinu bera með sér að báðir fastráðnu lögreglumennirnir á Eskifirði og tveir héraðslögreglumenn á Reyðarfirði hefjast handa 30 mínútum eftir að heimildarmaður þess sem sendi fréttina reyndi fyrst að ná sambandi við lögreglu.

Frá því að lögreglan fær vitneskju um þennan akstur líða ekki yfir 30 mínútur þar til ökumaður er færður í fangageymslu lögreglustöðvar á Eskifirði. En vissulega má segja að 25 eða 30 mínútur eru of langur tími og því, eftir fund fulltrúa frá dómsmrn. með sýslumanni Suður-Múlasýslu og þremur sveitarstjórnarmönnum á Reyðarfirði þann 11. þ.m. þar sem þessi mál voru rædd, komu til álita eftirfarandi úrræði sem ég vil þá leggja áherslu á:

1. Að skipuleggja meiri viðveru lögreglunnar á Reyðarfirði.
2. Að efla fjarskipti og símakost lögreglunnar þannig að hún hafi síma í sínum bíl og geti því svarað hvenær sem er. En að sjálfsögðu má búast við að lögreglumaður þurfi eitthvað að fara út úr húsi.
3. Að efla samstarf héraðslögreglumanna á Reyðarfirði.
4. Að stuðla að því að nýskipaður rannsóknarlögreglumaður í Suður-Múlasýslu hefði búsetu á Reyðarfirði og gæti hann, ef ekki næðist til annarra lögreglumanna, gripið inn í þegar brýna nauðsyn ber til.
5. Að finna hentugt húsnæði á Reyðarfirði í stað þess sem lögreglan hefur haft, en því hefur nú verið sagt upp.

Á fyrrgreindum fundi kom fram áhugi heimamanna á því að fastur lögreglumaður yrði að staðaldri á Reyðarfirði. Ráðuneytið telur að það samstarf lögreglumannanna tveggja sem upp var tekið fyrir tveimur árum haldi áfram, en ég vil leggja áherslu á það, sem ég sagði hér fyrir tveimur árum, að ég tel að það sé æskilegt að annar þessara manna sé búsettur á Reyðarfirði. Reynslan af nýtingu og samstarfi er að öðru leyti góð. Hér er að sjálfsögðu alltaf spurning um það fjármagn sem Alþingi skammtar í því skyni að halda uppi löggæslu, hversu margir menn er hægt að ætla að starfi á hverjum stað, en að sjálfsögðu er æskilegra að hafa mann á vakt sem lengst þó að hann sé í 10–12 km fjarlægð en vera með mann aðeins stuttan tíma.

Ég vil undirstrika það að ég tel að það sé tvímælalaust æskilegt að annar lögreglumaðurinn sé búsettur á Reyðarfirði og jafnframt að bætt sé sú aðstaða sem þar þarf að vera fyrir hendi fyrir lögreglu á þeim stað.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og þá sérstaklega það sem hann undirstrikaði nú í lokin um að það væri hans ákveðin skoðun, sem ég ætla þá að vona að hann geti komið í framkvæmd sem allra fyrst, að annar löggæslumannanna verði búsettur á Reyðarfirði. Það er held ég tvímælalaust nauðsyn. Hér er ekki spurning um aukið fjármagn sem þarf til þess, síður en svo. Maðurinn er þarna í starfi. Samstarf á milli þessara aðila er vitanlega sjálfsagt, og ég hef aldrei haft á móti því, og það tel ég að hægt sé að gera alveg nákvæmlega eins þó að mennirnir séu sinn á hvorum staðnum. Þeir hafa náið og gott samstarf sín á milli eins og þeir höfðu reyndar áður en þessi skipan var tekin upp.

Reynslan hefur sjálfsagt verið góð af þessu varðandi vaktþjónustu og annað slíkt fyrir svæðið sem heild. Ég er ekkert að draga það út af fyrir sig í efa. Ég er hins vegar jafnsannfærður um það að fyrir Reyðfirðinga hefur þetta verið mun bagalegra og erfiðara og í mörgum tilfellum, allt of mörgum tilfellum, hreinlega skapað óöryggi sem er óviðunandi á svo stórum stað.

Það er ástæðulaust að vera að rekja þetta nýlega atvik. Ég lagði engan dóm á þær fréttir sem voru af því atviki hversu áreiðanlegar þær væru. Ég hef hins vegar aðrar fréttir en hæstv. ráðh. hefur um tímalengdina sem þarna var um að ræða, en geri það vitanlega ekki að neinu aðalatriði í þessu efni.

Ég vil aðeins undirstrika fyrir hönd okkar fyrirspyrjenda að mönnum þykir þarna um illviðunandi ástand að ræða þar sem öryggisþátturinn er stærstur. Við erum allir áreiðanlega á því að það séu sjálfsögð vinnubrögð að hagræða og spara, en ég held að það hafi alveg verið staðið öfugt að málum og í raun og veru engum til góðs sú breyting sem hér varð á. Ég

held þess vegna að það hljóti að vera ótvíræð ósk okkar fyrirspyrjenda allra að lögregluþjónn verði ráðinn á Reyðarfjörð. Hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir að hann hafi fullan vilja á því. Það er eðlileg og sanngjörn ósk, ekki síst í ljósi fenginnar reynslu og ýmissa vandkvæða sem skapast hafa. Ég ætla að vona að hæstv. ráðh. verði það ágengt með sína embættismenn að þeir verði ekki að fótakefli í þessum efnum og hindri það að þessi skipan komist á.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leggja örfá orð inn í þessa umræðu vegna þess að hér er um mjög brýnt mál að ræða að löggæslumaður verði ráðinn með búsetu á Reyðarfirði.

Það vildi nú svo til að núna rétt fyrir síðustu helgi lenti ég í því sjálfur persónulega að þurfa að leita til löggæslu á Reyðarfirði vegna bílslyss sem ég kom að og þess vegna get ég staðfest að þetta ástand er mjög alvarlegt. Ef í þessu tilviki hefði verið um manntjón eða stórmeiðsli að ræða, sem var nú ekki sem betur fer, þá hefði sá aðdragandi sem þarna var getað verið mjög alvarlegur. Þess vegna vil ég taka undir það að hér verði úr bætt með einhverjum ráðum hið allra fyrsta.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Til að fyrirbyggja misskilning, þá er það svo að ráðherra hefur ekki vald til að fyrirskipa ráðnum starfsmanni að flytja sína búsetu. Hins vegar ítreka ég einu sinni enn að ég tel æskilegt að annar þessara lögreglumanna sé búsettur á Reyðarfirði, eins og ég sagði í máli mínu áður, en að samstarf og samvinna hins vegar haldi áfram þarna fyrir austan.

SAMEINAÐ ÞING

51. fundur, þriðjudaginn 17. febr., að loknum 50. fundi.

Umhverfismál, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP o.fl., 302. mál (umhverfis- og félagsmálaráðuneyti). — Þskj. 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKJ o.fl., 305. mál. — Þskj. 541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Veiting sterkra drykkja á vegum ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 306. mál. — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Stjórnstöð vegna leitar og björgunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 313. mál. — Þskj. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Markaðsaðstæður erlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 331. mál. — Þskj. 576.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Álit milliþinganefndar um húsnæðismál, ein umr.

Skýrsla félmrh., 307. mál. — Þskj. 543.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Á þskj. 543 er skýrsla félmrh. um álit milliþinganefndar um húsnæðismál. Tildrög skipunar nefndarinnar var bréf sem félmrh. skrifaði þingflokkunum 4. júní 1985. Í upphafi bréfsins er vitnað til þess að í viðræðum fulltrúa stjórnarflokka

og stjórnarandstöðuflokka á Alþingi hafi komið fram greinilegur vilji til samstöðu um stefnumótun í húsnæðismálum til framtíðar. Síðan segir í bréfinu með leyfi herra forseta:

„Þegar núgildandi húsnæðislög voru sett s.l. ár [þ.e. 1984] voru opnaðir ýmsir möguleikar til nýjunga í húsnæðismálum sem hafa verið að mótast hjá Húsnæðisstofnun. Hins vegar er ljóst að aðkallandi er að skapa sterkari grundvöll hvað varðar fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Ýmsar nýjar hugmyndir hafa komið fram í umræðum og samþykktum allra stjórnmálaflokkanna í húsnæðismálum. Er hægt að draga þá ályktun að allir flokkar virðast sammála um að bæta húsnæðislánakerfið með það að meginmarkmiði að tryggja fólki húsnæði við hóflegu verði án þess að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að leggja á sig varanlegt ok vinnu og skuldaklafa til að komast yfir húsnæði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Með tilliti til þessa hef ég ákveðið með samþykki ríkisstjórnar að skipa nú þegar nefnd níu manna frá öllum stjórnmálaflokkum sem hafi það hlutverk að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Stefnt er að því að tillögur nefndarinnar liggi fyrir næsta haust."

Bréfinu lýkur með því að óskað er eftir að hlutaðeigandi þingflokkur tilnefni fulltrúa í nefndina sem allra fyrst.

Þegar tilnefningar höfðu borist var nefndin, sem gengið hefur undir nafninu „milliþinganefnd um húsnæðismál", formlega skipuð hinn 11. júlí 1985. Að fengnum tillögum þingflokkanna voru eftirtaldir skipaðir í nefndina:

Guðni Jóhannesson verkfræðingur, tilnefndur af þingflokki Alþb., Magnús H. Magnússon, fyrrverandi félmrh., tilnefndur af þingflokki Alþfl., Guðlaugur Ellertsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af þingflokki Bandalags jafnaðarmanna, Guðmundur Bjarnason alþm. og Jón Sveinsson lögfræðingur, tilnefndir af þingflokki Framsfl., Kristín Einarsdóttir lífeðlisfræðingur, tilnefnd af þingflokki Samtaka um kvennalista, Halldór Blöndal alþm., Björn Þórhallsson, varaforseti ASÍ, og Steingrímur Ari Arason hagfræðingur, tilnefndir af þingflokki Sjálfstfl.

Félmrh. skipaði Guðmund Bjarnason alþm. formann nefndarinnar og Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félmrn., ritara. Með nefndinni hefur unnið Ingi Valur Jóhannsson, starfsmaður Húsnæðisstofnunar ríkisins. Fulltrúi Bandalags jafnaðarmanna sagði sig úr nefndinni hinn 30. sept. 1985.

Eins og áður sagði var verkefni nefndarinnar skilgreint þannig í skipunarbréfi, dags. 11. júlí 1985, að hún setti fram tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Í bréfi félmrh. til formanns nefndarinnar, dags. 10. sept. 1985, er þess óskað með tilvísun til greinargerðar með frv. til laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, að nefndin geri einnig tillögur um ráðstöfun á því fé sem aflað verður á árinu 1986 með stoð í lögunum.

Í nál. kemur fram að nefndin lauk þessu verkefni sínu með sérstakri álitsgerð til félmrh. 7. des. 1985.

Í 3. kafla álits milliþinganefndarinnar um húsnæðismál er fjallað um starfshætti hennar. Þar kemur fram að nefndarmenn voru sammála um að meginhlutverk nefndarinnar var að setja fram tillögur um nýskipan húsnæðismála sem gæti staðið um nokkra framtíð. Starfsáætlun nefndarinnar var miðuð við þetta og fór fram á hennar vegum umfangsmikil gagnaöflun um húsnæðismál hérlendis og erlendis. Haustið 1985 hafði hún aflað margvíslegra gagna um húsnæðismál. Á fundum hennar í sept. og okt. það ár var farið yfir þær upplýsingar sem höfðu borist og fyrstu drög að heildarskýrslu nefndarinnar tekin til umræðu.

Nefndin gerði hlé á störfum sínum eftir að hún sendi frá sér álitsgerðina 7. des. 1985 og kom aftur saman til fundar 9. jan. 1986 og voru drög að skýrslu nefndarinnar tekin til meðferðar. Um svipað leyti fóru fram á milli aðila vinnumarkaðarins samningaviðræður um kaup og kjör. Meðal þeirra atriða sem voru þar til umræðu í samningaviðræðunum var róttæk breyting á húsnæðislánakerfinu. Með tilliti til þessa þótti rétt að gera enn hlé á störfum nefndarinnar og sjá hvaða tillögur aðilar vinnumarkaðarins hefðu fram að færa í húsnæðismálum. Atvinnurekendur og samtök launafólks undirrituðu kjarasamninga 26. febr. 1986. Húsnæðismálin voru veigamikill þáttur í kjarasamningunum. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir gjörbreytingu á reglum um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins, m.a. að lánveitingar yrðu tengdar aðild að lífeyrissjóði. Fjárstreymið frá lífeyrissjóðakerfinu til byggingarsjóðanna yrði stóraukið. Jafnframt yrðu lán Byggingarsjóðs ríkisins bæði til nýbygginga og kaupa á eldra húsnæði stórhækkuð og lánstími lengdur.

Eins og öllum er í fersku minni lýsti ríkisstjórnin yfir vilja sínum til að greiða fyrir því að samningar, sem hefðu það að markmiði að draga úr verðbólguhraðanum, gætu tekist á milli aðila vinnumarkaðarins. Þegar drög að kjarasamningi á milli aðila lágu fyrir var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar í bréfi til Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna að hún gæti fyrir sitt leyti fallist á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og væri tilbúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstjórnin lýsti því enn fremur yfir að hún væri reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar. Nefnd, sem forsrh. skipaði 18. mars 1986, var falið að semja frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins byggt á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Segja má að kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í febr. 1986 hafi valdið straumhvörfum í starfi milliþinganefndarinnar. Með kjarasamningunum var að verulegu leyti brostin forsenda fyrir umfjöll-

un hennar um það meginviðfangsefni sem henni var ætlað að fjalla um, þ.e. framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins hér á landi. Frá þessum tíma snerust umræður innan nefndarinnar að verulegu leyti um vankanta sem menn þóttust sjá á þeirri skipan sem tekin var upp með lögum nr. 54/1986, um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nefndarmenn í milliþinganefndinni voru ekki sammála um það hvort rétt væri á þessu stigi málsins að gera veigamiklar breytingar á hinu nýja lánakerfi. Þegar komið var fram í jan. 1987 var ljóst að nefndin gæti ekki sameinast um heildartillögur um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Því var ákveðið að freista þess að ná samstöðu um að nefndin setti fram í nefndaráliti ýmsar ábendingar og kæmi á framfæri hugmyndum sem höfðu verið ræddar á fundum hennar. Jafnframt var ákveðið að einstakir nefndarmenn kæmu skoðunum sínum og tillögum á framfæri í sérálitum sem fylgdu nál. Líta verður á nál. þetta og þær tillögur og athugasemdir sem hér eru settar fram í ljósi þess sem að framan greinir.

Nefndin, sem forsrh. skipaði 18. mars 1986 á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga, skiladi drögum að frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins 14. apríl 1986. Frv. var lagt fram á Alþingi 16. apríl. Við umfjöllun frv. á Alþingi voru gerðar nokkrar minni háttar breytingar á frv. sem var samþykkt sem lög 23. apríl 1986.

Samkvæmt lögunum tók nýtt húsnæðislánakerfi gildi 1. sept. það ár. Auðvitað gerðu allir sér ljóst að ýmsir vankantar kæmu í ljós þegar jafnróttækar breytingar eru gerðar á húsnæðislánakerfinu á jafnskömmum tíma, breytingar sem sumir hafa kallað byltingu.

Upp á síðkastið hefur margt verið sagt og skrifað um nýja húsnæðislánakerfið og ekki allt á vitrænan hátt. Það er því ekki úr vegi að rifja upp í stuttu máli hver var megintilgangur með þeirri breytingu sem gerð var með lögunum nr. 54/1986.

Skortur á fjármagni hefur löngum verið þrándur í götu lánaafgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Takmarkað fjármagn var meginskýringin á lágu lánshlutfalli miðað við byggingarkostnað eða kaupverð íbúðar. Þetta var einnig skýringin á löngum biðtíma eftir láni og of stuttum lánstíma sem leiddi til þyngri greiðslubyrði en ella. Ríkisstjórnin hafði þó afrekað það að stórauka fjármagn byggingarsjóðanna þannig að lán hækkuðu um 50%, lánshlutfall hækkaði úr 14% í 30% og lánstími var lengdur.

Með nýju lögunum er útlánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins gjörbreytt. Lánsfjárhæðir eru lögfestar og þær breytast síðan í hátt við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Lán til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir eru stórhækkuð og geta nú orðið allt að 2,5 millj. kr. vegna byggingar eða kaupa á nýrri íbúð og um 1,7 millj. kr. vegna kaupa á notaðri íbúð. Lögin byggja á því að lífeyrissjóðirnir stórauki skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins og er gert ráð fyrir að lánsréttur einstaklinga miðist við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hlutaðeigandi lánsumsækjanda. Þannig er hámarksréttur einstaklings bundinn því skilyrði að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf hjá Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu og einstaklingur hafi greitt í viðkomandi lífeyrissjóð samfellt s.l. 24 mánuði. Lánsréttur minnkar svo í hlutfalli við minnkandi skuldabréfakaup viðkomandi lífeyrissjóðs og verður að lokum enginn ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir minna en 20% af ráðstöfunarfé sínu.

Með setningu þessara nýju laga er lánstími nýbyggingarlána og lána vegna kaupa á notuðum íbúðum lengdur í 40 ár. Út frá því er gengið að lánin verði tengd breytingum á lánskjaravísitölu. Í 30. gr. laga um Húsnæðisstofnun þar sem kveðið er á um lánskjör segir að vextir skuli vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af ríkisstjórn Íslands. Núverandi ríkisstjórn ákvað að vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki hærri en 3,5% út þetta kjörtímabil.

En mikilvægasta breytingin samkvæmt nýju lögunum felst í því að nú eru húsnæðismál hérlendis að nálgast sama stig og tíðkast í nágrannalöndum. Á það ekki aðeins við um það að húsnæðislán ríkisins nema nú 70% af samfelldum byggingarkostnaði og eða samþykktu kaupverði íbúðar, því einnig er mörkuð sú stefna að væntanlegir íbúðakaupendur og íbúðabyggjendur byrji jafnan á réttum enda, þ.e. sæki um húsnæðislán og tryggi sér örugga lánveitingu á fastákveðnum tíma áður en þeir hefjast handa að öðru leyti þannig að þeir viti nákvæmlega hvar þeir standa, til hverra skuldbindinga þeir geta stofnað og hvaða íbúðir þeir geta keypt.

Þessi stefnubreyting kallar að sjálfsögðu á grundvallarbreytingu á afstöðu manna og hefur þegar hlotið mjög víðtækan hljómgrunn og skilning, þar á meðal unga fólksins og þeirra sem hafa misjafna reynslu af gamla fyrirkomulaginu.

Samfara þessu hefur ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunarinnar fengið nýtt hlutverk sem felst í því að ráðleggja húsbyggjendum og íbúðakaupendum áður en þeir hefjast handa og upplýsa þá um greiðslubyrði lána. Á þennan hátt eiga allir að geta gengið úr skugga um raunsæi þeirra fyrirætlana áður en þeir ráðast í kaup eða byggingu íbúðarhúsnæðis. Með þessum hætti er að því stefnt að forðast að fólk fari í fjárfestingar sem það lendir með í blindgötu, erfiðleika sem það ræður alls ekki við.

Í 2. gr. laga nr. 54/1986 er kveðið skýrt á um þetta atriði. Þar er m.a. tekið fram að áður en gengið er frá lánssamningi skal kostnaður og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji stofnunin að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðisstjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á lánum eða að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Í sambandi við vaxtakjör fjármagns sem byggingarsjóðirnir taka að láni er rétt að vekja athygli á því samkomulagi sem náðist á milli Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna um kjör vegna kaupa á skuldabréfum á árunum 1987 og 1988. Mikilvægasta atriði samkomulagsins er það að skuldabréf keypt á árinu 1987 bera 6,25% ársvexti með mislöngum lánstíma að vali lífeyrissjóðanna. Skuldabréf keypt á árinu 1988 bera 5,9% ársvexti með mislöngum lánstíma að vali lífeyrissjóðanna. Innan skamms hefjast viðræður við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup á árunum 1989 og 1990, en allflestir lífeyrissjóðirnir hafa gengið frá sínum samningum varðandi árið 1987 og 1988.

Það skiptir hér meginmáli að munurinn á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins fer minnkandi og engin ástæða er til að óttast framtíð Byggingarsjóðsins haldi sú þróun áfram. Í athugasemdum með frv. til laga nr. 54/1986 kemur fram að talsverð óvissa ríki um útlánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Með hliðsjón af ákveðnum forsendum er reynt að meta þörfina og komist að þeirri niðurstöðu að hún geti numið 4,5–5,5 milljörðum kr. á næstu árum, en fari síðan minnkandi. Varað er við því að stefna strax að ýtrustu útlánum, heldur sé eðlilegt að útlánaeftirspurn verði næstu fjögur árin fullnægt með hliðsjón af vexti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna.

Þá kemur fram að æskilegt er að reynt sé að *forðast stökkbreytingar í framboði íbúðalána* vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem það hefði á íbúðaverð og fasteignaviðskipti, svo og efnahagslífið í heild sinni. Þannig segir í athugasemdum með frv. að rétt sé að gera ráð fyrir að útlánaeftirspurninni í upphafi verði sinnt á þann hátt að þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og eiga forgang fái lán sín afgreidd með eðlilegum hætti en eftirspurn hinna sem eiga íbúð fyrir verði jafnað yfir lengri tíma.

Í áðurnefndum athugasemdum er gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins hafi til umráða af lífeyrissjóðafé um 3,1 milljarð kr. á árinu 1987 en yfir 5,5 milljarða kr. árið 1990 og er það varlega áætlað. Þá er komist að þeirri niðurstöðu að verði um helmingi af þeim lánveitingum, sem reiknað er með í athugasemdunum til þeirra sem eiga íbúð fyrir, frestað um eitt ár verði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar kr. á árinu 1987. Framlag ríkissjóðs mætti á þessum forsendum ekki vera lægra en 1 milljarður kr. á árinu 1987. Engin ástæða er til að ætla að framlag ríkisins muni ekki aukast verulega næstu tvö ár. Það er eðlileg þróun til að styrkja þetta nýja kerfi og útreikningar um þetta reiknilíkan munu liggja fyrir núna mjög fljótlega.

Í athugasemdum kemur skýrt fram að vegna mikillar aukningar ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna næstu árin á ekki að skapast hætta á sífellt vaxandi biðröð þó lánunum sé frestað í upphafi. Tekið er fram að heppilegast virðist að útjöfnunar lánsfjáreftirspurnarinnar gæti fyrst og fremst á árunum 1987 en eftir það ætti ekki að taka nema 2–3 ár að ná jafnvægi.

Ég hef hér vitnað til þeirra athugasemda sem fylgdu með frv. til laga um hið nýja húsnæðiskerfi eins og það kemur fram í þingskjölum. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir hefur Byggingarsjóður ríkisins meira fjármagn til ráðstöfunar á þessu ári en nokkru sinni áður eða 4 milljarða 482 millj. kr. Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar þessu til viðbótar tæplega 1,2 milljarða þannig að heildarfjármagn byggingarsjóðanna á þessu ári er um 5,6 milljarðar kr. Þessu fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins mun verða skipt sem hér segir miðað við þær frumaðgerðir sem þegar liggja fyrir, en það er rétt að taka fram að allt eru þetta tölur sem eru í vinnslu og eiga eftir að breytast þegar sýnt verður hverjar af þeim umsóknum sem til meðferðar eru eru gildar eða hvert þær leiða í sambandi við meðferð málsins.

Það eru nýbyggingar, fyrri og seinni hluta gamla kerfisins: 400 millj. Til þeirra sem flytjast milli kerfa og nýrra umsókna sem hafa komið eftir 1. sept. 1986 til 31. des. s.l.: 3 milljarðar 682 millj. Framkvæmdalán til leigu- og söluíbúða og dvalarheimila: 250 millj. og annarra lánaflokka: 150 millj. Eða samtals um 4 milljarðar 482 millj. kr. Þetta er mun hærra eins og áður sagði en gert var ráð fyrir í frv. þegar það var lagt fram og einnig hærra en fram kemur í lánsfjárlögum.

Ef athugað er hversu margar íbúðir koma til afgreiðslu 1987 samkvæmt þessu fjármagni kemur eftirfarandi í ljós:

Nýbyggingar vegna gamla kerfisins 200 íbúðir. Milli kerfa og vegna nýrra umsókna 1. sept. til 31. des. s.l., nýbyggingar 907 íbúðir, eldri íbúðir 3245 íbúðir eða samtals 4152 íbúðir. Framkvæmdalán, nýir samningar til byggingar 200 íbúða og allir aðrir lánaflokkar 150 íbúðir eða samtals 4702 íbúðir.

Af framangreindum 4152 íbúðum eru 2325 íbúðir eða 56% vegna umsækjenda sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Öll lán nema framkvæmdalánin verða afgreidd í tveimur hlutum. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fá hærra lán en hinir og að auki afgreidd fyrr. Meðallán er um 1,6 millj. kr. miðað við verðlag á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Frá 1. sept. 1986 til ársloka bárust 4260 umsóknir vegna fjögurra lánaflokka og eru þá þeir sem fóru á milli kerfa ekki taldir með. Þessar umsóknir skiptast þannig:

Nýbyggingar 815 umsóknir. Eldri íbúðir 3225 umsóknir. Nýbyggingar eða eldri íbúðir 63 umsóknir. Viðbyggingar og endurbætur 120 umsóknir. Orkusparandi breytingar 37 umsóknir.

Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð eru 46% umsækjenda. Þegar þessum 4260 umsóknum er raðað niður á lánveitingadaga gerir stofnunin ráð fyrir um 15% afföllum í fyrstu umferð. Mörgum finnst þetta hlutfall sjálfsagt of lágt en álit Húsnæðisstofnunar er það að eðlilegt sé að fara varlega í byrjun. Rúmlega 60% umsækjenda hafa ekki upp-

lýsingar um veðstað, þ.e. hafa ekki gert kaupsamning eða fengið lóð. Það eru því um 40% umsækjenda sem þegar hafa keypt eða fengið lóð og margir þeirra keypt og hafið framkvæmdir á s.l. ári án þess að hafa lánsloforð. Húsnæðisstofnun býst við meiri afföllum í framtíðinni þegar fólk gerir sér fulla grein fyrir því að það skuli fá lánsloforð áður en keypt er eða farið er út í framkvæmdir.

Ég vil freistast hér til að gefa einnig nokkrar upplýsingar um skiptingu þessara umsókna á milli kjördæma, en tek það fram eins og ég hafði áður sagt að þetta eru tölur sem kunna e.t.v. að breytast eitthvað þegar nánari yfirferð um lánin í heild hefur farið fram. En umsóknir innkomnar til nýbygginga og eldri íbúða frá 1. sept. til 31. des. 1986 eru: Í Reykjavík 1866 umsóknir eða 46,2%. Reykjaneskjördæmi 658 umsóknir eða 16,3%. Vesturlandskjördæmi 327 umsóknir eða 8,1%. Vestfjarðakjördæmi 208 umsóknir eða 5,1%. Norðurland vestra 116 umsóknir eða 2,9%. Norðurland eystra 436 umsóknir eða 10,8%. Austurlandskjördæmi 153 umsóknir eða 3,8% og Suðurlandskjördæmi 250 umsóknir eða 6,2%.

Umsóknir frá þeim sem fóru milli kerfa eru ekki meðtaldar í ofangreindum tölum.

Skili umsækjendur ekki ákveðnum gögnum þremur mánuðum fyrir lánveitingardag, sem er einn mánuður fram á mitt ár 1987, fá þeir frest í þrjá mánuði. Berist gögnin ekki heldur þá fara hlutaðeigandi umsækjendur aftast í röðina. Það er því engan veginn á þessu stigi máls hægt að segja til um það hvað margir umsækjendur falla á lánveitingu og fara aftast í röð ef sá háttur verður viðhafður.

Það er ljóst af því sem að framan greinir að sá áróður sem hafður er uppi um nýja húsnæðislánakerfið, að það sé brostið, hefur ekki við rök að styðjast en er til þess eins að skaða lánakerfið og veikja tiltrú fólks á jákvæða þróun þessara mála. Einn þeirra þm. sem hvað mest hefur látið í sér heyra um nýja húsnæðislánakerfið, bæði hér á Alþingi og annars staðar, er hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Þm. virðist hafa frá upphafi verið andvíg kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúar 1986 og afskiptum aðila vinnumarkaðarins af húsnæðislánakerfinu. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á og fagna því að aðilar vinnumarkaðarins tengjast þessum málum. Þetta eru mál sem snerta alla landsmenn og eru ekki hvað síst háð kjarasamningum í okkar landi, eru kjarabót hvernig sem á þeim er haldið og þeim nýjungum sem þar koma fram.

Hv. 2. landsk. þm. skrifar grein í eitt dagblaðanna undir fyrirsögninni „Húsnæðiskerfið riðar til falls". Þar eru settar fram dæmalausar fullyrðingar byggðar á tilgátum um tölur sem fæstar eiga sér stoð í raunveruleikanum. Þar er t.d. fullyrt að verðhækkun á fasteignum hafi orðið um 30% s.l. 5–6 mánuði. Þó liggja frammi upplýsingar um að meðaltalshækkun á fasteignum á þessu tímabili hefur verið um 18–20% en um 11% á föstu verðlagi. Engir útreikningar hafa verið gerðir á þessum málum síðan í nóvember 1986 hjá Fasteignamati ríkisins. Fullyrt er að verulega hafi verið ofmetin sú aukning á fjármagni sem áætlað er með nýju lögunum að kæmi til byggingarsjóðanna. Þó er í athugasemdum með frv. nr. 54 1986 sérstaklega bent á þá staðreynd að ráðstöfunarfjármagn lífeyrissjóðanna muni stóraukast á næstu árum í tengslum við þá breytingu að greitt skuli lífeyrissjóðsiðgjald af heildartekjum í stað dagvinnutekna eins og nú er. Og það hefur þegar komið fram hjá lífeyrissjóðunum sjálfum að þetta fjármagn mun aukast miklu hraðar en þeir sjálfir hafa gert áætlanir um, sem þýðir það að þess er að vænta að það verði stóraukning á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til húsnæðissjóðanna á árinu 1988 og áfram í þeim samningum.

Dregnar eru víðtækar ályktanir og fullyrðingar af fjölda umsókna sem bárust Húsnæðisstofnun ríkisins á fyrstu mánuðum eftir gildistöku nýju útlánareglnanna. Í áðurgreindum athugasemdum með lögum um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er beinlínis gert ráð fyrir því að eftirspurn eftir lánum verði mikil næstu 2–3 árin og að þeirri eftirspurn megi mæta tímabundið með lengri afgreiðslufresti lána. Þá er einnig augljóst að á næstu mánuðum muni eftirspurnin jafnast út. Þetta viðurkenna allir sem nálægt þessum málum koma.

Einnig býsnaðist þessi hv. þm. mikið yfir löngum biðtíma eftir afgreiðslu lána. Það kom fram í umræðum fyrir nokkrum dögum hér á hv. Alþingi. Í lögunum er ekkert minnst á biðtíma eftir afgreiðslu lána en hins vegar er skýrt kveðið á um það að Húsnæðisstofnun skuli svara innan tveggja mánaða hvenær lán er til reiðu. Þetta gerir viðkomandi kleift að haga undirbúningi framkvæmda eða kaupum í samræmi við útborgun láns og tryggir þannig öryggi fólks sem ætlar í íbúðakaup eða byggingarframkvæmdir. Einnig er kveðið á um verðtryggingu lánsloforðs og lánshluta í lögunum sem tryggir enn fremur hag lántaka umfram það sem áður hefur þekkst.

Ég er þeirrar skoðunar að hv. þm. og aðrir sem vilja tala hátt um þessi mál eigi að geyma stóru orðin og fullyrðingar þangað til nýja útlánakerfið er búið að sýna sig og menn átta sig betur á kostum þess og göllum. Við skulum hafa það í huga að kerfið er einungis búið að vera við lýði í sex mánuði og þarf einmitt nú á því að halda að allir snúi bökum saman og verji það gegn áföllum. Húsnæðisstofnun vinnur nú að því að ná samstarfi við banka og sparisjóði og fasteignasala um að vinna markvisst að því að treysta þetta kerfi. Það er vissulega verðugt verkefni.

Herra forseti. Ég hef ekki komist hjá því að fjalla um fleiri þætti húsnæðismála en þá sem beinlínis snerta það þskj. sem hér er til umræðu og hefur að geyma álit milliþinganefndar um húsnæðismál. Ég er þeirrar skoðunar að kjarni starfs nefndarinnar komi fram í bókun meiri hluta hennar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í inngangi nál. kemur fram að félmrh. skipaði sumarið 1985 nefnd fulltrúa allra þingflokka til að fjalla um húsnæðismál. Nokkru áður, eða í maí 1985, hafði samstarfshópur stjórnmálaflokkanna skilað ríkisstjórninni verkefnaskrá í húsnæðismálum. Í henni eru sett fram öll þau meginmarkmið sem ríkisstjórnarflokkarnir vildu stefna að í húsnæðismálum á kjörtímabilinu. Í umræðum sem fram fóru á Alþingi um þetta leyti létu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sem þeir hefðu einnig heildstæða stefnu í húsnæðismálum og lausnir á vanda sem við var að glíma á þessu sviði, einkum varðandi greiðsluerfiðleika íbúðareigenda. Það varð því að samkomulagi að félmrh. skipaði nefnd sem í ættu sæti fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk nefndarinnar yrði að setja fram tillögur um framtíðarskipan húsnæðismálanna. Með þessum hætti vildi ríkisstjórnin láta á það reyna hvaða tillögur stjórnarandstaðan hefði um breytingar á þessum mikilvæga málaflokki og freista þess að ná víðtækri samstöðu um endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins.

Á fundum nefndarinnar voru lagðar fram fjölmargar skýrslur og álit nefnda sem skipaðar höfðu verið af félmrh. til að fjalla um húsnæðismál. Verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum var meðal fyrstu skjalanna sem lögð voru fram á fundum nefndarinnar. Stefna ríkisstjórnarinnar og þeirra flokka sem skipa meiri hlutann á Alþingi í húsnæðismálum hefur því legið fyrir allan starfstíma nefndarinnar.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja vekja á því athygli að framlag ríkissjóðs til húsnæðislána á yfirstandandi kjörtímabili hefur hækkað stórlega miðað við raungildi. Á árunum 1985 og 1986 lagði ríkissjóður byggingarsjóðunum til meira fjármagn en nokkru sinni. Einnig má minna á að verulegu fjármagni, rúmlega milljarði króna, hefur verið varið úr sjóðunum til aðstoðar íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum.

Fulltrúar stjórnarflokkanna vilja leggja sérstaka áherslu á ný lög um útlán úr Byggingarsjóði ríkisins sem voru sett í apríl 1986. Þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem undirritaðir voru í febrúar 1986. Nýjar útlánareglur tóku gildi 1. sept. 1986. Með gildistöku þeirra rýmkar lánsréttur fólks og lán til bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði stórhækkar.

Það er skoðun fulltrúa stjórnarflokkanna að rétt sé að fá nokkra reynslu af nýju lánakerfi áður en lagt er til að því verði breytt í veigamiklum atriðum."

Herra forseti. Auðvitað hefði ég kosið að fulltrúar stjórnmálaflokkanna hefðu komið sér saman um framtíðarstefnu t.d. hvað varðar hinn félagslega þátt húsnæðismálanna. Ég verð að segja að ýmsir þættir þessara málaflokka eru þess eðlis að ég tel að í milliþinganefnd hefði getað orðið betri árangur. Menn hafa haft þar það miklar upplýsingar að þeir hefðu átt að geta áttað sig betur á því hvert bæri að stefna. En af því varð ekki og er ekkert um það að segja. En allt að einu þá er það ljóst að í gegnum starf nefndarinnar hefur orðið til mikill upplýsingabanki og menn hafa skipst á skoðunum og þannig eru þeir færari um að takast á við þessi mál en ella hefði verið og margt liggur þar sem stjórnmálamenn geta haft gagn af við ákvörðun um framtíðina.

Ég vil hér með flytja milliþinganefndinni, nefndarmönnum, bestu þakkir fyrir mikið og gott starf.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi máls að hafa lengra mál um þetta efni en vænti þess að þessi skýrsla verði til þess að menn átti sig betur á þessum málum en ella.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir um álit milliþinganefndar um húsnæðismál kom nokkuð til umræðu fyrir líklega 10 dögum eða svo í hv. Nd. þingsins þegar ráðherrann mælti fyrir frv. um breytingar á húsnæðislögunum frá því vorið 1986. Þá vék ég nokkuð að þessum málum og ég get að nokkru vísað til þess sem þá kom fram í mínu máli. Um leið og ég tók undir þá viðleitni sem fælist í breytingum á húsnæðislöggjöfinni frá febrúar 1985 gagnrýndi ég þá harðlega málsmeðferð ráðherrans og ríkisstjórnarinnar í sambandi við húsnæðismálin síðan og þau brot á efndum, þær vanefndir sem nú eru augljósar eftir að gefin hafði verið yfirlýsing af meiri hl. félmn. 21. apríl 1986 þess efnis að fram skyldi halda með stefnumörkun um tiltekin atriði og milliþinganefndinni ætlað að undirbúa það. En eins og ég vitnaði til úr áliti meiri hl. félmn. í ræðu minni um daginn þá segir þar, og ég sé ástæðu til að ítreka það enn vegna þess sem fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals. Í þessu meirihlutaáliti stendur:

„Um það er samkomulag í nefndinni að sú milliþinganefnd sem skipuð var til að endurskoða húsnæðislöggjöfina fyrir ári skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frumvarp fram á haustþinginu."

Þetta segir í þessu nál. og hv. þm. Halldór Blöndal, sem sá ástæðu til að vitna í álitið og telja að ég hefði ekki haldið til haga því veganesti sem nefndin fékk, hann hljóp yfir þetta atriði í sínu máli, kjarnaatriði í sambandi við loforð ríkisstjórnarinnar í apríl 1986 sem nú liggur fyrir að ríkisstjórnin stendur ekki við. Ríkisstjórnin hefur svikið, hefur hlaupist undan að taka á þeim málum í 10 tölusettum liðum m.a. sem fyrir liggja í samkomulagi meiri hl. félmn. í apríl 1986. Þau atriði hafa verið tíunduð hér, bæði í sambandi við fsp. sem ég bar fram í nóvember við hæstv. félmrh. og einnig bar það á góma í umræðum hér um daginn. Þarna er um hin mikilsverðustu mál að ræða eins og endurskoðun á félagslega íbúðakerfinu og frekari fyrirgreiðslur við þá aðila sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum á liðnum árum, svo dæmi séu tekin. Það er undan þessu sem ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. hleypur. Og ætla svo að reyna að koma sökinni að einhverju leyti á milliþinganefnd þingflokkanna í húsnæðismálum

þegar það liggur fyrir að það er stjórnarliðið í þessari milliþinganefnd sem ekki hafði burði til þess að taka á þessum málum — né vilja! En sjálfsagt hendist á munum hvor aðilinn var aumari þó að mér sé ljóst að vilji hæstv. félmrh. hefur staðið til þess á liðnum árum að taka til endurskoðunar félagslega íbúðakerfið og m.a. að túlka löggjöfina um húsnæðismál að því er varðar lánsheimildir til félagslegra íbúða rýmra en Sjálfstfl. hefur viljað fallast á. Engu að síður er hlutur Framsfl. sem forustuaðila í þessum málum, hann gegndi formennsku í milliþinganefndinni þar sem sat hv. 4. landsk. þm., engu að síður er hlutur þessa flokks satt að segja með fádæmum. Hann lætur íhaldið hér sem oftar beygja sig, setja sér stólinn fyrir dyrnar, þar er það hv. þm. Halldór Blöndal sem hefur verið í hlutverki varðhundsins um óbreytt kerfi frá því sem lögfest hefur verið, og koma í veg fyrir brýna og nauðsynlega endurskoðun á fjölmörgum atriðum sem ríkisstjórnin hafði skuldbundið sig til að gerð yrði.

Þetta er satt að segja dæmalaus uppskera. Þeir byrjuðu nú ekki störfin fyrr en komið var fram í júlímánuð um þau efni sem samþykkt hafði verið að taka á í apríl hér í þinginu og gert um bindandi samkomulag við hluta af stjórnarandstöðunni að tekið skyldi á. Og nú er sem sagt komið fram yfir miðjan febrúar þegar uppgjöf hæstv. félmrh. í þessum efnum er innsigluð: Ekkert samkomulag milli stjórnarflokkanna í nefndinni. Nefndarmenn ekki sammála um hvort rétt væri á þessu stigi málsins að gera veigamiklar breytingar. Stjórnarflokkarnir ekki sammála um það hvort gera beri veigamiklar breytingar í þessum efnum og standa hér uppi slyppir og snauðir og sannir að brigðum við loforð hér gagnvart Alþingi sem gefin voru áður en húsnæðislöggjöfin var endurskoðuð vorið 1986.

Ég verð að segja að þessi frammistaða er með miklum eindæmum. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þó að menn hafi litið á breytingarnar á húsnæðislöggjöfinni, sem um var rætt í kjarasamningum og tengt var kjarasamningum í febrúar 1986, þó menn hafi litið á það sem jákvætt skref í þessum efnum, þá var ég í hópi þeirra þm. og þeir voru áreiðanlega margir sem litu aðeins á þetta sem áfanga og guldu þessum breytingum atkvæði sitt í trausti þess að tekið yrði á öðrum málum í samræmi við gefnar yfirlýsingar stjórnarflokkanna. En það hefur verið svikið.

Síðan snýst umræðan að nokkru leyti um það að þessi hluti húsnæðiskerfisins, sem breytingar voru gerðar á með bindandi samkomulagi við lífeyrissjóðina og lögfestingu á hlut þeirra til húsnæðislánasjóðanna, þegar farið er að vísa til þess þá liggur það fyrir og umræðan snýst aðallega um það að þetta kerfi skilar ekki meira fjármagni en svo að miðað við fyrirliggjandi umsóknir og vaxandi fjölda umsókna, m.a. í janúar s.l., miðað við desember, og hafði þó þótt allmikið á ferðinni í desembermánuði, að miðað við þetta er það ekki bara eitt ár sem menn þurfa að bíða sem eru að koma sér inn í röðina með umsóknum. Það er spurning hvort tvö ár nægja. Og hvernig ætli aðstaðan verði þegar kemur fram á mitt þetta ár ef aukning umsókna verður með þeim hætti sem fyrir liggur, en í janúar s.l. bárust 560 umsóknir vegna nýbygginga og eldri umsókna til Húsnæðisstofnunar, en voru í desember nokkru færri, þannig að þeim hefur farið fjölgandi alveg fram á þennan dag.

Það er svo alveg ljóst að minni hluti milliþinganefndarinnar ber enga ábyrgð á þeirri brotlendingu sem hér liggur fyrir. Hér liggur fyrir sérálit frá fulltrúum þingflokka stjórnarandstöðunnar í milliþinganefndinni, það liggur fyrir sem fskj. á bls. 17 og 18 í þessari skýrslu og ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa það hér upp. Það er stutt:

„Nefndin hefur á engan hátt lokið þeim verkefnum sem henni voru falin. Hún átti m.a. að athuga fjármögnun íbúðalánakerfisins til frambúðar, ný félagsleg húsnæðisform og ráðstafanir til að koma enn frekar til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.

Starf nefndarinnar undanfarna mánuði hefur verið í skugga fjárlagagerðarinnar. Ríkisstjórnin hefur dregið stórlega úr framlögum til húsnæðislánakerfisins.

– Ríkisstjórnin hefur stungið undan söluskattsstiginu sem upphaflega var lagt á til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.

– Ríkisstjórnin hefur í blóra við kjarasamninga lækkað framlög til Byggingarsjóðs verkamanna sem leiðir til þess að sjóðurinn á í erfiðleikum með að standa við gefin lánsloforð. Ekkert svigrúm er því til að mæta þörfinni fyrir aukið framboð og aukna fjölbreytni í hinu félagslega húsnæðiskerfi.

– Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er hættulega lágt.“ — Hættulega lágt segir í séráliti fulltrúa stjórnarandstöðunnar. — „Biðraðir eftir láni lengjast stöðugt. Svo lágt hlutfall ríkisframlagsins af heildarútlánum leiðir til þess að sjóðurinn sligast á fáum árum.

Í ljósi þessara staðreynda var þess ekki að vænta að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu það veganesti sem til þurfti til þess að taka til alvarlegrar umfjöllunar þær tillögur um eflingu félagslegra íbúðabygginga og styrkari fjármögnun byggingarsjóðanna sem greint er frá í nefndarálitinu.“

Þetta er undirritað 22. jan. 1987, Guðni Jóhannesson, Kristín Einarsdóttir, Magnús H. Magnússon.

Hér liggur fyrir kjarninn í sambandi við þann ágreining sem þarna var inni, þ.e. milli fulltrúa stjórnarandstöðunnar annars vegar og svo hinna stríðandi afla ríkisstjórnarinnar inni í milliþinganefndinni, hinna stríðandi afla þar sem framsókn var náttúrleg knésett eins og í öllum meiri háttar málum þar sem eitthvað reynir á í þessari ríkisstjórn. Þá heykist Framsfl. Það er ekki festunni þar fyrir að fara.

Án þess að ég fari að vitna í þetta álit að öðru leyti gæti ég tekið fleiri en einn stað og fleiri en tvo þar sem þessi uppgjöf stjórnarflokkanna er innsigluð og andstaða sem liggur fyrir við að taka á hinu félags-

lega íbúðakerfi og skila því áfram svo sem brýn nauðsyn er á, ekki síst fyrir landsbyggðina. Það er athyglisvert að það er þm. utan af landi — af því að ég vil nú ekki taka formann nefndarinnar alveg inn í spyrðuna — hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, sem gerist þarna sérstakur andstæðingur breytinga á félagslega íbúðakerfinu, hamast gegn því og segir: Þetta er allt með ágætum, bara Byggingarsjóð verkamanna og látum hann nægja og óbreytt. Hvað segja sveitarstjórnarmenn, hv. 2. þm. Norðurl. e.? Hvað ætli sveitarstjórnarmenn úti um landið segi við viðhorfum af þessu tagi? Og hvað ætli fólkið úti um landið sem horfir fram á hrun á fasteignaverðinu, hrun á fasteignum sínum, og þar með auðvitað minni möguleika til þess að taka lán lögum skv. og ráðstafa því til uppbyggingar og kaupa þar sem fasteignaverðið er hærra, hvað ætli fólkið úti um landið segi um þessa frammistöðu sem hæstv. félmrh. skilar svo hér inn í þingið? Ég held að hv. þm. ætti að fara um byggðirnar á sínu kjördæmi og hann mætti gjarnan heimsækja Austurland í leiðinni. Hvað liggur þar fyrir? Alger stöðvun nýbygginga að heita má. Og umsóknirnar, sem hæstv. félmrh. var að kynna hérna áðan að hefðu borist frá Austurlandi til áramóta, frá 1. sept. til áramóta, eru, eins og ég gat raunar um í ræðu minni hér um daginn þar sem ég fór yfir þessa stöðu, 3,8% koma frá Austurlandi og aðeins 40% umsóknanna eru bundin við veðstað, þ.e. það er ekkert vitað hvar 60% af þessum umsækjendum ætla að ráðstafa því láni sem þeir kunna einhvern tíma að fá úr byggingarsjóðunum sem eru með löngu biðraðirnar. Það er ekkert vitað um það. Það gæti nú verið að ekki væru allir sem hygðust nota það fjármagn í heimabyggð. Ég óttast það satt að segja með þeirri stöðu sem byggðamálin eru í hjá núv. ríkisstjórn, í þeirri stöðu sem ríkisstjórnin hefur komið þessum málum í varðandi landsbyggðina alveg sérstaklega.

Hæstv. félmrh. bar sig borginmannlega í sambandi við fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna: Þetta yrði allt í lagi. Það mun draga úr umsóknum á næstunni. Þetta mun leita jafnvægis. — Þetta er það sem hæstv. ráðh. er að reyna að fleyta sér á. Og hvað sagði hann síðan: Jú, hann sagði: Væntanlega og að sjálfsögðu — gott ef hann sagði ekki: Að sjálfsögðu mun ríkið leggja fram aukið fjármagn að raungildi í þessa sjóði á næstu árum. — Ja, hetjulega var mælt. Ráðherrann sem er að fara úr sínum stóli, a.m.k. í bráð, og ég vona a.m.k. að hann sjáist þar ekki fyrst um sinn í slagtogi við Sjálfstfl. eins og mestar horfur eru þó á ef þingmeirihluti næst milli þessara flokka sem eru í svona ágætu bræðralagi. Jú, hann sagði: Næsta ríkisstjórn mun væntanlega sjá til þess að aukið fjármagn verði lagt frá ríkinu í byggingarsjóðina. Ráðherrann sem hefur samþykkt að skerða framlag ríkisins frá því sem reiknað var með í því frv. sem fylgdi lögum um breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni í febr. 1985, sem stóð að því að skerða það fjármagn á yfirstandandi ári og sagði í viðtali við flokksblaðið að þetta væri bara allt í lagi því að það væru nógir peningar til. Ég vitnaði í það í sambandi við fsp. í nóvember sem þá hafði nýlega komið fram í Tímanum þar sem ráðherrann sagði ásamt framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar, því að hann fékk að því er virtist uppáskrift hans líka, að þetta væri bara allt í lagi, það væri nóg fjármagn til.

Það liggur svo einnig fyrir að Framsfl. hafði enga tilburði til þess að koma böndum á varðhund íhaldsins inni í milliþinganefndinni, hv. þm. Halldór Blöndal. (**HBl:** Ertu að hrósa mér?) Já. Hann hafði enga tilburði til þess því að frumkvæðið af hálfu Framsfl. í þessum málum var nánast ekkert inni í þessari nefnd, eftir því sem ég hef spurnir af, svo að það reyndist ósköp auðvelt verk hjá Sjálfstfl. að stýra þessari lendingu í húsnæðismálunum því að það var ekki einu sinni hægt að fá ræddar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu, það var ekki einu sinni hægt að fá það rætt efnislega inni í þessari milliþinganefnd.

Staðan í þessum málum, herra forseti, er með þeim hætti að það er satt að segja aðdáunarvert hvernig hæstv. ráðh. ber sig hér í stólnum þrátt fyrir allt. Það er satt að segja aðdáunarvert. Það þarf taugar til og ég hlýt að taka það fram: Mér finnst þetta bara nokkur hetjuskapur hjá ráðherra sem er búinn að sigla upp á sker með þeim hætti sem hæstv. félmrh. hefur gert í þessu máli og náttúrlega Sjálfstfl. með, ef farið er að líta eitthvað lengra til baka, ef farið er að líta til kosningaloforðanna fyrir síðustu kosningar. Hverju var lofað þá af þessum flokkum? Hverju var lofað af þessum flokkum þá? Það væri kannske ástæða til að minna á það í þessari umræðu hver þau loforð voru. Með leyfi forseta, örstutt:

Sjálfstfl., kosningastefnuskrá:

„Hann mun beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í húsnæðismálum:

1. Efldir verði tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins svo að almenn íbúðarlán hækki nægilega til þess að almenningi sé kleift að koma sér upp eigin íbúð með þeim lánskjörum sem staðið verður undir af venjulegum launatekjum. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái 80% lán með betri kjörum en aðrir.“ — 80% lán!

2. Verkamannabústaðakerfið verði bundið við þarfir hinna efnaminnstu er fái nægilega aðstoð til þess að koma sér upp eigin íbúð.

3. Leiguíbúðum sé markaður ákveðinn rammi innan húsnæðislánakerfisins.“

Og þarna mætti lengur telja. Ég læt þetta nægja úr stefnuskrá Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar. Framsfl. tók undir fullum hálsi þessi yfirboð sem þarna voru á ferðinni þar sem hann segir í sinni kosningastefnuskrá:

„Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42 ára.“ — 80% af byggingarkostnaði. Og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar þessara yfirboðsflokka stendur þegar ríkisstjórnin var komin á koppinn 26. maí 1985: „Lán Byggingarsjóðs ríkisins

til þeirra sem byggja í fyrsta sinn hækki um næstu áramót. Jafnframt verði húsnæðislánakerfið eflt svo á næstu árum að lán þessi geti numið allt að 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Samsvarandi hækkun verði til þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta sinn."

Þetta er stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem ég var að lesa síðast upp úr, ekki bara yfirboðin fyrir kosningarnar heldur sjálf stefnuskráin. Framsfl. hefði því átt að hafa eitthvert hald í þessum pappír ef hann hefði reynt að standa á svellinu, hefði kannske átt að hafa aðeins hald í þessu.

En hvað hafa menn hér? Lok stjórnartímabilsins og það þurfti aðila vinnumarkaðarins til þess að hreyfa þessi mál að því er varðar eignaríbúðir. Það þurfti aðila vinnumarkaðarins til þess að hreyfa þessi mál því að ekkert kom frá ríkisstjórninni. Hún bara fékk þetta, hún fékk þessi úrræði sem komu út úr kjarasamningunum í febrúar 1986 og voru góðra gjalda verð svo langt sem þau náðu. Og nú eru þau hér við lok kjörtímabils með — ja, hvað ætli það nái, ætli það nái 60%? — 50–60% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, nýjar byggingar, ný lán til fyrstu íbúðar, 40–50 kannske ef um er að ræða kaup á staðalíbúð og er þó alveg óvíst um þessi efni þar sem ég hef ekki farið ofan í það sérstaklega talnalega séð, en hæstv. félmrh. hefur kannske gáð að því þegar hann var að undirbúa sín mál hvort þetta er nærri lagi sem þarna er farið með.

Ég hef vakið athygli á í fyrsta lagi brotlendingu ríkisstjórnarinnar varðandi húsnæðismálin og brigður á gefnum loforðum ríkisstjórnarinnar í apríl 1986. Ég hef bent á það hversu alvarleg þessi staða er sem hér blasir við, alveg sérstaklega fyrir landsbyggðina. Sú staðreynd að ríkisstjórnarflokkarnir hlaupa frá því loforði að taka á endurskoðun félagslegra íbúðabygginga, m.a. til þess að tryggja búseturéttaríbúðum eðlilegan hlut í húsnæðislánakerfinu, en það er eitt af þeim úrræðum sem helst er að vænta að gætu leiðrétt eitthvað stöðu landsbyggðarinnar.

Um húsnæðissamvinnufélög hefur Alþb. flutt sínar tillögur á yfirstandandi þingi en ekki fengið við það stuðning því að Framsfl. hefur náttúrlega ekki farið fetinu lengra en honum hefur heimilast af samstarfsflokknum í þessum efnum. Þá hef ég bent á það að húsnæðislánakerfið, og það hafa fleiri þm. gert með skilmerkilegum hætti, er í þeirri stöðu fjárhagslega, bara byggingarlánasjóðirnir eins og þeir liggja fyrir núna og eins og horfur eru, að biðraðirnar lengjast eða biðtíminn eftir afgreiðslu lána lengist nú frá mánuði til mánaðar fram í tímann og er kominn óralangt fram úr samningum ríkisstjórnarinnar við lífeyrissjóðina. Á hvað eru menn að ávísa? Það var samið til tveggja ára en ég hygg að ekki líði á löngu, ef ekki er þegar upprunnin sú stund, að biðtími sé kominn fram yfir þennan samningstíma. Svo kemur hæstv. félmrh. hér og ber sig bara vel. Þetta mun allt leita jafnvægis. Ég er svo sem ekkert í vafa um það að ef þessir flokkar starfa áfram í ríkisstjórn mun þetta auðvitað leita jafnvægis fátæktarinnar, hrunsins úti um land og fátæktarinnar hér á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf enginn að fara í grafgötur um það: Ef þessir heiðursmenn fá umboð kjósenda í komandi kosningum til þess að halda á þessum málum ættu menn að þekkja þá af störfum þeirra, loforðum þeirra fyrir síðustu kosningar, brigðum þeirra og blekkingavef sem þeir eru að reyna að spinna hér á Alþingi nú á síðustu mánuðum kjörtímabilsins áður en gengið er til kosninga og uppgjörs. Nei, það er sannarlega þörf á því að þetta uppgjör verði fyrr en seinna og skili þeim breytingum sem þarf fyrir fólkið í landinu og alveg sérstaklega fyrir fólkið á landsbyggðinni.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar til umræðu var fyrir skömmu frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins kom fram í máli mínu að ég efaðist um fjárhagslegar forsendur og útlánaþörf sem nýja húsnæðislöggjöfin byggði á, ég efaðist um að þær stæðust og ég færði þar rök fyrir mínu máli. Þetta er í raun ekki eina gagnrýnin sem hefur komið fram á fjárhagslegar forsendur og útlánaþörf, en strax í september s.l. benti til að mynda Helgarpósturinn á þessar staðreyndir sem nú blasa við.

Ég tel nauðsynlegt í upphafi míns máls að rifja upp nokkur meginatriði í röksemdum mínum fyrir því að fjárhagslegar forsendur og útlánaþörf standast hvergi. Ég hef haldið því fram að 1200–1700 millj. kr. vantaði á þessu ári í Byggingarsjóð ríkisins til þess að hægt sé að fullnægja útlánaþörf vegna umsókna sem bárust fyrir s.l. áramót. Ég hef einnig haldið því fram að tvöfalda þurfi fjármagn til húsnæðiskerfisins á næsta ári ef meðalbiðtími, eins og hann var í desember eða 15 mánuðir, þurfi ekki að lengjast. Þessar röksemdir byggja á því að fyrir áramótin bárust 4000 umsóknir eða um 1000 umsóknir á hverjum mánuði frá september til desemberloka. Í janúarmánuði bárust 500–600 umsóknir en forsendur þær sem ég byggi á um að tvöfalda þurfi fjármagn til húsnæðiskerfisins á næsta ári eru reistar á mjög varlegri áætlun eða þeirri að að jafnaði berist um 375 umsóknir á mánuði á þessu ári.

Miðað við þessar forsendur er ljóst að á þessu ári vantar um 1200–1700 millj. kr. en upphæðin ræðst af því hve margar umsóknir falla út og eru ekki lánshæfar skv. ákvæðum laganna og að mati Húsnæðisstofnunarinnar. Í annan stað er ljóst að þó að um varlega áætlun sé að ræða af fjölda umsókna á þessu ári er engu að síður ljóst að tvöfalda þarf fjármagn í húsnæðiskerfið á næsta ári ef biðtími á ekki að lengjast frá því sem nú er og er þá fjármagnsþörf næsta árs varlega áætluð um 8 milljarðar kr. Fyrir liggur að biðtími vegna desemberumsókna er á þann veg að flestir verða að bíða fram á næsta ár. Forgangshópar fá sinn fyrsta hluta í nóvember 1987 en seinni hluta í maí 1988. Aðrir fá sinn fyrsta hluta í febrúar 1988 og síðari hluta í ágúst 1988. Út frá þessum forsendum og að því gefnu að fjármagn frá lífeyrissjóðunum aukist um 700 millj.

kr., og þá hef ég gert ráð fyrir í þeim áætlunum sem ég byggi á að fjármagn frá lífeyrissjóðunum aukist um 700 millj. kr. á næsta ári en ríkisframlag verði óbreytt, er ljóst að í árslok stefnir í að biðtími verði á þriðja ár. Ekkert af því sem fram kom í máli ráðherra áðan hrekur það sem ég hef sagt. Þvert á móti, það sem fram kom í máli ráðherrans staðfestir það sem ég hef haldið fram.

Hæstv. ráðh. talar um að 4260 umsóknir hafi borist fyrir áramót. Það er gott betur en ég hef haldið fram. Ég hef talað um að 4000 umsóknir hafi borist frá september til desemberloka. En hvers vegna, hæstv. ráðh., segir ráðherrann ekki eitt einasta orð um hve biðtíminn er langur? Ætlar til að mynda hæstv. ráðh. — og ég óska eftir að hann svari því hér og nú — að neita því að meðalbiðtíminn nú í desember sé orðinn að meðaltali um 15 mánuðir? Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur hann ekkert kynnt sér það hve biðtíminn er orðinn langur? Hefur ekkert verið fjallað um það í stjórn Húsnæðisstofnunar? Hefur ráðherrann ekki fengið neinar skýrslur um það á sín borð hve biðtíminn er langur? Það hlýtur að liggja fyrir núna hve biðtíminn er langur vegna desemberumsókna og janúarumsókna og ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðh. hafi þær upplýsingar á sínu borði.

Hæstv. ráðh. kýs, frekar en að byggja á þeirri reynslu sem þegar er fengin af nýju húsnæðislöggjöfinni, að hefja hér langan lestur úr grg. með frv. að nýrri húsnæðislöggjöf til rökstuðnings sínu máli. Þar tíundar ráðherrann m.a., áðan í sínum lestri, áætlanir sem húsnæðislöggjöfin var reist á og það er vitað þegar að þær áætlanir eru brostnar.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri vitað að eftirspurnin yrði mikil fyrstu 2–3 árin. En á hverju byggði áætlunin um útlánaþörf í frv.? Við skulum líta aðeins nánar á það. Hér segir í frv., sem ráðherra vitnaði svo mikið í í stað þess að horfa frekar til reynslunnar sem þegar er fengin af nýja húsnæðiskerfinu, með leyfi forseta:

„Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á nýjum íbúðum er talin svara til 1400 íbúða á ári. Fyrstu tvö árin verður eftirspurnin þó meiri eða sem nemur láni til 1600 íbúða. Þar af verða um 800 lántakendur sem ekki eiga íbúð fyrir og njóta því forgangs.“ Síðan kemur: „Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á notuðum íbúðum er talin vera 2000 en jafnframt er bætt við 200 tvö fyrstu árin. Þar af er gert ráð fyrir að um 1100 lán gangi til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir.“

Hér er sem sagt í áætlunum sem húsnæðislöggjöfin byggði á gert ráð fyrir að það berist 3800 umsóknir fyrstu tvö árin, hvort árið um sig. En hvað liggur fyrir, hæstv. ráðh.? Það liggur fyrir að það hafa borist 4260 umsóknir á fjórum mánuðum eða 400 fleiri umsóknir en gert var ráð fyrir á heilu ári. Og í janúarmánuði hafa borist tæplega 600 umsóknir og áætlun sem ég byggi á um fjárskort í húsnæðiskerfinu byggist á því að það berist 375 íbúðir að jafnaði á mánuði á öllu þessu ári. Hér er um mjög varlega áætlun að ræða.

Hæstv. ráðh. talar um að það megi gera ráð fyrir 15% afföllum af þeim umsóknum sem hafa borist fyrir áramót. En af hverju eru þessi afföll, hæstv. ráðh.? Ég tel hiklaust, hvað sem þessum afföllum líður, að umsóknirnar séu mælikvarði á fjármagnsþörfina. Ef stór hluti þeirra sem sækja um lán í almenna kerfinu dettur út, af því að þeir standa ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði til að mynda, er fjármagnsþörfin færð yfir í félagslega hlutann þannig að þær umsóknir sem fyrir liggja eru mælikvarði á þörfina.

Ég spyr til að mynda: Hefur komið í ljós að einhver fjöldi þeirra á fimmta þúsund umsækjenda sem sóttu um fyrir áramót eigi ekki rétt í nýja lánakerfinu vegna þess að tekjur þeirra eru of lágar eða þeir ráða ekki við greiðslubyrði lána? Ef það er rétt sýnir það fyrst og fremst að það verður að fjölga félagslegum íbúðabyggingum en ekki skilja félagslega hluta íbúðakerfisins eftir eins og í raun er lagt til í nefndaráliti milliþinganefndar.

Og ég spyr hæstv. ráðh.: Getur það verið rétt, sem fram kom í Helgarpóstinum síðasta, að fjögurra manna fjölskyldu, sem er að stækka við sig úr 60 fermetrum í 80 fermetra, hafi verið synjað á þeirri forsendu að hún standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána? Og það kemur fram í Helgarpóstinum að þessi fjölskylda hefur í tekjur á mánuði 90 þús. kr. Ég hef fengið hér í hendur þessa synjun á þessari ákveðnu umsókn sem talað er um og þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu skortir heimild til að veita yður umbeðið lán og er umsókninni því hér með synjað.“ Nánar tilgreint eru synjunarástæður: „Umsækjandi getur ekki staðið fjárhagslega undir þeim íbúðakaupum sem ráðgerð eru.“ Síðan kemur fram: „Jafnframt þessu skal yður tilkynnt að ráðgjafarstöðin er að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna við yður um þau íbúðarkaup sem ætla má að samræmist greiðslugetu yðar og unnt væri að mæla með lánveitingu til.“

Ég spyr hæstv. ráðh. hvort hann hafi kynnt sér þetta ákveðna dæmi, hvort það geti verið að umsóknum sé synjað hjá fjölskyldum sem eru kannske með 60, 70, 80, 90 þús. kr. í mánaðartekjur af því að þær standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði. Ef þetta er staðreynd þá stöndum við frammi fyrir nýju vandamáli í húsnæðiskerfinu.

Ég tel, herra forseti, að fjármagnsþörfin, sem ég hef greint frá, sé til staðar þó að umsækjendum sé vísað frá og hafi ekki rétt skv. nýju húsnæðislöggjöfinni. Ég tel að engu hafi verið haggað í mínum málflutningi um að allt að 1700 millj. vanti í húsnæðiskerfið á þessu ári og að fjármagnsþörfin verði a.m.k. 8 milljarðar á næsta ári. Ég hef farið varlega í mínar áætlanir. Hér í Helgarpóstinum er talað um að það vanti 10 milljarða á næsta ári og að biðtíminn geti farið í þrjú ár.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þau afföll sem hér er talað um styðja það sem ég og fleiri höfum

haldið fram að það þurfi að styrkja félagslega íbúðakerfið miklu frekar en gert hefur verið. Og það er kjarni þessa máls að umsóknir sem fyrir liggja eru mælikvarði á þörfina.

Reyndar er það svo að milliþinganefnd tekur að nokkru leyti undir það sem ég hef haldið fram varðandi fjármögnun húsnæðiskerfisins. Þar kemur fram, með leyfi forseta, „að horfur kerfisins varðandi fjárhagsstöðuna séu ekki bjartar". Ég minnist þess ekki að ráðherra hafi í máli sínu hér áðan sagt eitt einasta orð um þetta álit milliþinganefndar, að fjárhagshorfurnar séu ekki bjartar.

Ég held, herra forseti, að við þurfum að gera okkur grein fyrir í hvað stefnir ef stórum hluta fólks er úthýst, ef það til að mynda stendur ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði af lánum. Hvaða hópar eru það þá sem er úthýst? Eru það til að mynda láglaunahóparnir? Við skulum líta á það að húsnæðiskerfið er að stórum hluta fjármagnað með fjármagni úr lífeyriskerfinu eða að 75% hluta til. Við skulum líta á það að fjármagn úr lífeyrissjóðunum til Byggingarsjóðs ríkisins er um 3,3 milljarðar meðan fjármagn úr lífeyrissjóðunum í Byggingarsjóð verkamanna er ekki nema 400–500 millj. kr. Ef til að mynda láglaunafólk hefur ekki aðgang að almenna kerfinu af því að það stendur ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána og það getur heldur ekki fengið aðgang að félagslega kerfinu af því að það er fjárhagslega svelt spyr ég: Hvað segja aðilar vinnumarkaðarins, t.d. verkalýðshreyfingin, við þeirri stöðu?

Við skulum horfa á þetta mál út frá annarri hlið. Það eru nýir hópar sem fengu rétt með nýju húsnæðislöggjöfinni sem þeir höfðu ekki áður. Það eru þeir hópar sem eiga stórar skuldlausar eignir og eru til að mynda að minnka við sig. Þeir geta fengið í milligjöf 2, 3, 4 millj. kr. þegar þeir eru að minnka við sig húsnæði og engu að síður fengið niðurgreitt lán úr húsnæðiskerfinu upp á 1200 þús. kr. með niðurgreiddum vöxtum sem þetta fólk getur þá ávaxtað í hagstæðum skuldabréfum. Og hvað er þetta stór hópur? Það er áætlað að þetta geti verið um 15% af heildinni sem eigi rétt á um 500 millj. kr. úr húsnæðiskerfinu. Og á meðan við höfum efni á að veita þessum hópum 500 millj. kr. af því takmarkaða fjármagni sem er til ráðstöfunar getum við staðið frammi fyrir því að fjölda fólks sé úthýst úr húsnæðiskerfinu. Og hvað með greiðsluerfiðleika hópanna sem mikið er talað um, sem byggði á umliðnum árum? Sérstakt fjármagn sem ætlað var til þessa hóps er þrotið. Þessir hópar standa uppi með eignir sínar mikið veðsettar og þær eru erfiðar í sölu. Á meðan höfum við efni á að veita nokkur hundruð millj. kr. til fólks sem ekki þarf á því að halda. Er ekki eitthvað gallað í þessari húsnæðislöggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða núna í ljósi reynslunnar?

Við getum líka horft á þetta mál út frá annarri hlið. Ef það er niðurstaðan að fólk standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána, hagstæðra lána sem eru til 40 ára með 3,5% vöxtum, og hafi ekki tekjur til þess að standa undir greiðslubyrði, af hverju er það? Má ekki rekja það að einhverju leyti til vaxtafrelsisins, til hárra raunvaxta, minnkandi kaupgetu?

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að sú röksemd er fallin sem margir hafa haldið fram, talið að nýja kerfið mundi létta verulega á félagslegum íbúðabyggingum. Skilyrðin sem uppfylla þarf virðast þvert á móti auka á þörf fyrir félagslegar íbúðabyggingar. Í öðru lagi er rétt að skoða málið í því ljósi hvers vegna svo mörgum, ef til vill um 15% af þeim umsóknum sem bárust fyrir áramót, er vísað frá t.d. vegna ónógra tekna. Það sem hefur ekki síst áhrif á greiðslubyrðina eru háir raunvextir. Benda má á að frá árinu 1980 til 1986 hafa raunvextir á fasteignaveðlánum hækkað um a.m.k. 3,5% Þessi hækkun á raunvöxtum jafngildir 47% minnkun kaupmáttar. Kannske er hér komin meginskýring þess hvers vegna fólk stendur ekki undir greiðslubyrði lána, að það megi rekja beint til hárra raunvaxta og kjaraskerðingar. Í þessu sambandi vil ég benda á að Stefán Ingólfsson, sem starfaði hjá Fasteignamati ríkisins hefur haldið því fram að fyrir hvert 1% sem raunvextir af fasteignaveðlánum hækki minnki kaupgeta fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð um sem svarar einu herbergi í íbúð. Þetta þýðir m.ö.o. að fyrir hvert 1% sem raunvextir lækka og miðað við kaup á meðalíbúð getur þetta fólk keypt íbúð sem er hálfri millj. kr. dýrari með sömu greiðslubyrði og áður. Kannanir sem gerðar voru á vegum félmrn. og birtar voru 1985 benda til þess að yngstu kaupendum fasteigna hafi fækkað um 10% 1980–1984. Enn fremur hafi íbúðir þær sem fólkið keypti minnkað. Árið 1980 keyptu t.d. 24% fólks á aldrinum 22–26 ára fjögurra herbergja íbúð eða stærri, en 1984 voru það einungis um 8%. Ég tel nokkuð ljóst að þessa þróun, sem orðið hefur og mun halda áfram, megi rekja til hárra vaxta og kjaraskerðingar á umliðnum árum.

Ég ræddi hér áður, þegar húsnæðismálin voru til umfjöllunar, um verðhækkun sem orðið hefur á íbúðum. Ég hef haldið því fram að á s.l. 5–6 mánuðum hafi hækkun á 3–4 herbergja íbúðum orðið um 30% og það jafngildi 60% verðbólgu á fasteignamarkaðnum á ári. Ég hef bent á að 3 herbergja íbúð sem kostaði í ágúst 2,2 millj. kosti nú um 2,8–2,9 millj. kr. Hún hafi hækkað um 6–700 þús. og þriðjungur af 1700 þús. kr. láni forgangshópa hafi horfið í verðhækkanir. Ég hef einnig haldið því fram að útborgun hafi hækkað úr 71% í 75%. Það þýðir að útborgun í 3 herbergja íbúð, sem var í ágúst s.l. 1560 þús. kr., er nú komin í 2,1 millj. kr. Útborgunin hefur m.ö.o. hækkað um 500 þús. kr. vegna verðhækkunar og meiri útborgunar í íbúð.

Hæstv. félmrh. dró í efa það sem ég hafði talað um varðandi verðhækkanirnar, en ég held að einmitt það sem hefur komið fram að undanförnu, m.a. í fjölmiðlum, staðfesti þetta. Mig minnir að það hafi verið í gær eða fyrradag í sjónvarpi sem formaður Félags fasteignasala staðfesti þessar miklu hækkanir

sem orðið hafa og einnig Stefán Ingólfsson sem þar tjáði sig um þessi mál. (**HBl:** Hver er aftur Stefán Ingólfsson?) Ég held að hv. þm. Halldóri Blöndal ætti að vera kunnugt um það og ég tel að hann hefði átt að taka meira tillit til sjónarmiða Stefáns Ingólfssonar sem fram hafa komið um húsnæðismál. (**HBl:** Er það maðurinn sem vann hjá Fasteignamatinu?) Það mun rétt vera.

Í þessari sjónvarpsumfjöllun kom fram að verðhækkun á fasteignum á s.l. tíu mánuðum hefði orðið um 40%. Bull, segir hæstv. ráðh. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. hefur talað við fólk sem hefur á umliðnum mánuðum verið að leita sér að íbúðum. Það getur staðfest allt þetta sem fram hefur komið, að slík verðhækkun hafi orðið. Við getum spurt hvaða áhrif þessi mikla verðþensla á íbúðum hefur. Við getum spurt hvort t.d. allur ávinningurinn af nýju húsnæðislögunum sé horfinn í verðhækkanir og við getum líka spurt hvaða áhrif þessi verðhækkun hafi á greiðsluáætlanir fólks. Þegar fólk sækir um lán þarf það að leggja fyrir áætlanir t.a.m. um greiðslugetu. En þessar áætlanir eru orðnar hrein markleysa þegar viðkomandi fær sín lán vegna þess að það hefur orðið svo mikil verðhækkun á íbúðum.

Og hvað getur skeð, ég spyr hæstv. ráðh., ef greiðsluáætlun og greiðslugeta viðkomandi sem sækir um í september er fullnægjandi þá en þegar hann fær sitt lán afgreitt, guð má vita hvenær, hefur komið í ljós að verðhækkanirnar hafa orðið svo miklar að hann getur ekki staðið fjárhagslega undir greiðslubyrði lánanna? Kannske hefur hann þá gert kaupsamning. Á hann þá á hættu að áætlanir hans varðandi greiðslubyrði verði endurskoðaðar og þá verði sagt að þó að hann hafi getað staðið undir greiðslubyrðinni í september muni hann ekki, þegar kemur að því að afgreiða lánið, geta staðið undir greiðslubyrðinni, t.d. vegna þessara verðhækkana á íbúðum? Ég spyr hæstv. ráðh.: Er það til í dæminu að þetta geti komið upp?

Varðandi verðhækkanirnar hefur reynslan sýnt að þegar lán hækka í húsnæðiskerfinu fylgir því hækkun á fasteignaverði. En þetta er ekki meginskýringin á þeirri verðþenslu sem hefur orðið á fasteignamarkaðnum. Það hefur m.a. komið fram hjá Félagi fasteignasala. Ákvæði laganna gera ráð fyrir að þeir sem eru að kaupa og byggja í fyrsta skipti hafi forgang, aðrir verði að bíða. Það getur þýtt að þeir sem eiga íbúðir fyrir og vilja stækka við sig þurfi meira og minna að halda að sér höndunum vegna þess að biðtíminn er svo langur eftir lánum. Það eru kannske þeir hópar sem eiga íbúðirnar sem forgangshóparnir sem fá lánin eru að leita eftir. Og framboðið er lítið. Það hefur komið fram. Hæstv. ráðh. ætlar kannske að neita því líka að framboðið er lítið af t.a.m. 3 og 4 herbergja íbúðum og það spennir upp verðið.

Það er alveg ljóst að ef fjármagni er stýrt eins og gert hefur verið í ákveðinn í farveg, eins og til forgangshópa, án þess að að því sé gætt að eðlilegt samræmi sé einnig á stýringu lánsfjár til þeirra sem þurfa að stækka við sig, leiðir það til óeðlilegra verðhækkana fasteigna. Ég hef haldið því fram að það hafi verið verulega ofmetin sú aukning á fjármagni sem áætlað var með nýju lögunum að kæmi á fasteignamarkaðinn. Skýring þess er m.a. sú að lífeyrissjóðirnir beina nú miklu af ráðstöfunarfé sínu í húsnæðiskerfið og í það stefnir að sjóðfélagar hafi takmarkaðan eða engan aðgang að láni frá lífeyrissjóðunum til íbúðakaupa. Í mörgum tilfellum hefðu t.a.m. hjón áður fengið tvö lífeyrissjóðslán og G-lán frá Húsnæðisstofnun sem samtals má áætla að hafi verið fast að ⅔ af því sem nú er frá Húsnæðisstofnun. Nettóaukning fjármagns í húsnæðiskerfið í heild virðist því vera mjög ofmetin. Því hefur verið haldið fram að nettóaukning fjármagns með tilkomu nýju laganna hafi mest orðið 4% af veltu fasteignamarkaðarins eða 5–600 millj. (**GJG:** Það var ekki nema hluti af lífeyrissjóðunum sem keypti áður bréf.) Já, það má rétt vera. Auðvitað gerðu þeir mikið minna af því en með tilkomu nýju laganna. Það er alveg rétt.

En vegna þess, sem ég sagði, að nettóaukningin hefði orðið mikið minni vil ég vitna í nál. sem ég lagði fram þegar nýja húsnæðislöggöfin var til afgreiðslu hér á Alþingi. Þar kom fram, með leyfi forseta, og þar er vitnað aftur í Stefán Ingólfsson sem starfaði hjá Fasteignamati ríkisins:

„Frumvarpið mun ekki auka fjármagn á fasteignamarkaði eins mikið og gefið hefur verið til kynna. Kannanir félmrn. sýna að lífeyrissjóðslán sem sjóðirnir veita beint til íbúðakaupenda eru nú jafnhá og G-lánin. Bankalán sem látið er liggja að í grg. að verði óþörf nema um 60% af G-lánum. Með hinu nýja fyrirkomulagi mun draga úr lánum lífeyrissjóðanna beint til kaupenda og e.t.v. bankanna einnig. Mesta nettóaukning á lánsfé sem sýnilegt er að lögin hafi í för með sér er um 4% af veltu fasteignamarkaðarins."

30% hækkun á verði fasteigna á hálfu ári þýðir að sá hópur sem keypti á þessu tímabili hafi þurft að leggja fram rúmlega 7 millj. kr. meira í reiðufé en ella vegna þessara hækkana. Því spyr maður auðvitað: Getur það verið að nettóaukning á fjármagni í húsnæðiskerfið með tilkomu nýju laganna sé horfin í verðhækkanir?

Herra forseti. Það sem liggur fyrir og hæstv. ráðh. hefur ekki hrakið, fremur staðfest í sínu máli, er að fjármagns- og útlánaþörf er stórlega vanáætluð. Útlánaáætlun, sem þessi nýju lög byggja á, gerði ráð fyrir 3800 íbúðum á ári sem er um 400 íbúðum færra en umsóknir bárust um fyrstu fjóra mánuðina, eða frá september til desemberloka. Varleg áætlun um útlánaþörf sýnir að tvöfalda þarf fjármagn í húsnæðislánakerfið að óbreyttu á næsta ári. Ég ítreka að hér er um varlega áætlun að ræða. Biðtíminn sem hæstv. félmrh. vill helst ekki nefna, hann vill ekki ræða það á hv. Alþingi hvað biðtíminn er orðinn langur, en það er það sem skiptir kannske helst máli fyrir fólkið, hvað lengi það þurfi að bíða eftir þessum lánum, biðtíminn stefnir í að verða á þriðja ár í

árslok. Ég skora á hæstv. ráðh. að standa upp og mótmæla því, ef hann telur sig geta það, að meðalbiðtími í desember hafi verið 15 mánuðir og þeir sem sóttu um í janúar, febrúar þurfi margir hverjir að bíða fram til ársins 1989 til að fá sín lán afgreidd. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. hafi kynnt sér þessi mál og beðið Húsnæðisstofnun um að athuga þetta fyrir sig. Þetta skiptir meginmáli vegna þess að það er í það óendanlega hægt að lengja lánstímann ef menn eru ekki tilbúnir að setja það fjármagn inn í húsnæðiskerfið sem þarf.

Það liggur fyrir líka, hverju sem ráðherrann reynir að halda fram, að verðhækkanirnar hafa orðið miklar á fasteignamarkaðnum hér á höfuðborgarsvæðinu og það er hætta á, t.d. miðað við það sem hæstv. ráðh. upplýsti, að ef það eru 15% afföll umsókna af stórum hluta íbúðakaupenda og þeirra sem hafa lagt inn umsóknir, sé þeim úthýst úr húsnæðiskerfinu. Ég held að ráðherra verði að gera Alþingi nánari grein fyrir því af hvaða ástæðum þessi afföll eru, þessi 15% afföll. Ég óska eftir því við hæstv. ráðh. að hann geri Alþingi grein fyrir því þannig að við getum gert okkur grein fyrir þessum vanda.

Ég held, herra forseti, að þessi niðurstaða sýni okkur að þegar í stað þurfi að endurmeta að nýju alla fjármagns- og útlánaþörf. Það er út í hött að það þurfi að bíða eftir því að fá reynslu af nýja kerfinu og ekki þurfi að taka á félagslega hluta húsnæðiskerfisins fyrr en sú reynsla er fengin. Eftir hverju eru menn að bíða? Ég tel, herra forseti, að það sé hægt að byggja á þeirri reynslu sem þegar er fengin, þeim umsóknum sem liggja fyrir. Ætlar hæstv. ráðh. kannske að bíða eftir því að hann standi á rústum húsnæðislánakerfisins í apríl, maí eða júní?

Það kemur fram í áliti milliþinganefndar og dregnir eru til vitnis ekki ómerkari aðilar en aðilar vinnumarkaðarins að það eigi að bíða eftir að reynsla sé fengin. Ég vitna í þessa setningu, með leyfi herra forseta:

„Í umræðunum kom skýrt fram að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar töldu nauðsynlegt að fá reynslu af nýja lánakerfinu áður en farið væri út í veigamiklar breytingar á félagslega hluta þess.“

Það væri fróðlegt að vita t.a.m. hvort Guðmundur J. Guðmundsson, sem nú er horfinn úr salnum, skrifi undir þessa niðurstöðu, að það verði að fá frekari reynslu af nýja húsnæðislánakerfinu áður en tekið er á félagslega hluta þess. Ég spyr hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson: Ætlar hann að taka undir þessi sjónarmið, þetta álit, með þögninni? Hvert er mat hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar? Telur hann ekki að það liggi fyrir nægileg vísbending um að það þurfi að endurmeta alla stöðuna og það þurfi að veita meira fjármagni inn í félagslega hluta húsnæðiskerfisins? Ég spyr t.a.m. varðandi láglaunafélögin, Iðju, Sókn, Framsókn, Dagsbrún, sem veita stórum hluta af sínu fjármagni inn í húsnæðiskerfið. Ef það kemur í ljós að þeirra félagar fá ekki aðgang að almenna kerfinu af því að þeir geta ekki staðið fjárhagslega undir greiðslubyrði lána og síðan er félagslega kerfið svelt og þeir fá heldur ekki aðgang þar, hvað ætla aðilar vinnumarkaðarins að gera í því máli og verkalýðshreyfingin? Ég tel að það sé ábyrgðarhluti af verkalýðshreyfingunni ef hún ætlar að skrifa undir það sem hér kemur fram, að það eigi að bíða og fá frekari reynslu af því sem þegar liggur fyrir. Það er einsýnt hvert stefnir í þessu máli.

Mér kemur að vísu ekki á óvart það sem fram kemur í séráliti undirrituðu af Halldóri Blöndal, Birni Þórhallssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Jóni Sveinssyni og Steingrími Ara Arasyni: „Það er skoðun fulltrúa stjórnarflokkanna að rétt sé að fá nokkra reynslu af hinu nýja lánakerfi áður en lagt er til að því verði breytt í veigamiklum atriðum.“ Ég skil vel að þessir menn vilja bíða eftir reynslunni. Þeir vilja ekki standa frammi fyrir því að taka á þeim vanda sem við blasir. Þeir ætla nýrri ríkisstjórn að leysa þann vanda sem þegar er fyrir hendi, velta honum á undan sér. En verkalýðshreyfingin, aðilar vinnumarkaðarins, ég trúi því ekki að þeir ætli að skrifa undir það sem fram kemur hér.

Hæstv. félmrh. ætlar að gera það. Það er alveg augljóst. Hann hefur haldið því fram að það þurfi að fá reynslu á þessu kerfi. Eftir hverju vill hæstv. ráðh. bíða? Hæstv. ráðh. sagði í sjónvarpi fyrir nokkrum vikum að ef í ljós kæmi að það vantaði fjármagn í nýja húsnæðiskerfið mundi ríkissjóður að sjálfsögðu leggja fram það fjármagn. Það blasir við að þegar á þessu ári vanti fjármagn í húsnæðiskerfið. En hæstv. félmrh. ætlar ekki að leysa það fjárhagsdæmi. Hann ætlar nýrri ríkisstjórn að gera það.

Ég spyr hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og raunar aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfinguna: Er ekkert að því húsnæðiskerfi sem úthýsir kannske stórum hluta fólks af því að það standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána og veiti ekki meiri fyrirgreiðslu til greiðsluerfiðleikahópanna, en síðan veitir það hópum rétt sem ekki höfðu lánsrétt áður, þ.e. þeim hópum sem eiga stórar skuldlausar eignir og eru að minnka við sig? (**Félmrh.:** Hvar liggur þetta fyrir?) Ætlar hæstv. ráðh. að mótmæla því að nýja húsnæðislöggjöfin hafi opnað fyrir það? (**Félmrh.:** Hvar liggur fyrir að það sé búið að útiloka fólk?) Ég var að lesa bréf fyrir hæstv. ráðh. áðan þar sem er t.d. synjun. (**HBl:** Það væri rétt að endurtaka það.) Þar er t.a.m. um synjun að ræða vegna þess að viðkomandi getur ekki staðið fjárhagslega undir þessu. Þetta er undirritað af Húsnæðisstofnun. (**Félmrh.:** Það er ekki rétt að fara að blanda þessu inn í þessa umræðu.) Getur hæstv. félmrh. staðfest að hér sé um eitt einasta tilfelli að ræða? Ef svo er er það mjög gott og ég óska eftir því að hæstv. félmrh. staðfesti það þá hér og nú að hér sé um eitt einasta tilfelli að ræða. Hann hlýtur þá að hafa kynnt sér þetta mál og hann staðfestir það þá að hér sé um hreina undantekningu að ræða. (**GJG:** Þm. má ekki spyrja aðra þm. og hleypa þeim svo ekki að, tala í

allt kvöld.) Ég hygg að þegar við erum að ræða svo mikilvægt mál getum við fundið okkur nægan tíma til að ræða þetta fram eftir kvöldi ef þarf. (**HBl:** Mér finnst endilega að þm. eigi að halda áfram.)

Já, ég tel að aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingin sem fjármagnar þetta húsnæðiskerfi að stórum hluta, eigi að athuga sinn gang, hvort þeir eigi ekki að beita sér fyrir því að meira af fjármagni lífeyrissjóðanna fari í félagslega hluta kerfisins. Ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal er á móti því, en ég veit að aðilar vinnumarkaðarins geta haft þau áhrif að meira fjármagni verði beint í félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Við getum spurt um annað varðandi íbúðir úti á landi. Þar hafa ekki orðið verðhækkanir, fremur verðfall á íbúðum. Hvernig getur landsbyggðarfólk nýtt sér nýja húsnæðiskerfið? Nú er vitað að 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna úti á landi renna í húsnæðiskerfið og ef það er ljóst að landsbyggðarfólk getur í litlum mæli nýtt sér lánsrétt í húsnæðiskerfinu, jafnvel þó að stór hluti af fjármagni í þeirra eigin lífeyrissjóði renni í húsnæðiskerfið, þarf auðvitað að athuga það mál sérstaklega. Spurning er hvort fjármagn úr lífeyrissjóðum fólksins úti á landi renni í það að fjármagna verðþensluna á höfuðborgarsvæðinu. Hvað segja þm. stjórnarflokkanna í kjördæmunum úti á landi t.a.m. um það?

Herra forseti. Ég get hvað úr hverju farið að ljúka máli mínu. Ég tel einsýnt að það þurfi að taka félagslega hluta íbúðakerfisins til gagngerðrar endurskoðunar þegar í stað og ég harma það álit, sem fram kemur í skýrslu félmrh. um álit milliþinganefndar, að það eigi að fresta því að taka ákvörðun eða afstöðu í því máli að því er varðar félagslega hlutann. Það liggur fyrir í könnun, sem var lögð fram á Alþingi, að það vantar á næstu árum fast að 3000 félagslegar íbúðir. Það liggur fyrir. Og hvað kemur fram í áliti milliþinganefndar um þetta mál þó hún skili auðu að því er varðar félagslega hluta íbúðakerfisins? Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Fram kom að mikil þörf virðist vera á íbúðum í verkamannabústöðum. Eftirspurn er langt umfram það fjármagn sem Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar." — Langt umfram það fjármagn sem Byggingarsjóður verkamanna hefur til ráðstöfunar. Samt á ekkert að gera í málinu. Bara skila auðu og sagt að eigi að bíða þangað til komin er reynsla á kerfið.

Það kemur hér fram líka, með leyfi forseta: „Framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga hefur á fundum með nefndinni og með bréfi til hennar bent á að það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu getur ekki risið undir vöxtum og afborgunum af lánum til kaupa á íbúðum í verkamannabústað." Samt á að bíða, samt er skilað auðu að því er varðar félagslega hlutann.

Í áliti milliþinganefndar hefur t.a.m. Magnús H. Magnússon skilað séráliti og hann leggur áherslu á byggingu kaupleiguíbúða. Ég held að allt sem hefur komið fram og fram kemur í áliti milliþinganefndar og af þeirri reynslu sem þegar er fengin styðji að það eigi að koma á kaupleiguíbúðum. Það leysir t.a.m. þann vanda, sem fram kemur hjá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga í nál., að það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu geti ekki risið undir vöxtum og afborgunum af lánum til kaupa á íbúð í verkamannabústað. Hv. þm. Halldór Blöndal, sem er einn þeirra sem hafa haldið því fram að nýja húsnæðislánakerfið mundi létta verulega á félagslegum íbúðabyggingum og hann má helst ekki heyra þær nefndar, það eigi að bíða þangað til reynsla er fengin, hvað segir hann um það sem fram kom í Morgunblaðinu, hans blaði, að leiguíbúðaskortur standi atvinnulífinu fyrir þrifum? Samt á ekkert að gera í málinu, bara bíða.

Herra forseti. Formaður milliþinganefndarinnar var hv. þm. Guðmundur Bjarnason. Ég spyr hvort hv. þm. Guðmundur Bjarnason sé hér einhvers staðar nærstaddur eða hvort það sé hægt að ná til hans. (**Forseti:** Það skal verða gerð gangskör að því að athuga um hv. þm. Guðmund Bjarnason, hvort hann er hér.)

Hæstv. félmrh. nefndi það hér og fullyrti að ég væri andvíg kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Hann hefur sennilega meint að ég væri og hefði verið andvíg nýju húsnæðislöggjöfinni. Ég hygg að hæstv. ráðh. sé kunnugt um að ég skilaði sérnál. þegar húsnæðislöggjöfin var til umræðu á síðasta þingi. Og hver var ástæðan til þess? Var ástæðan sú að ég var á móti nýju húsnæðislöggjöfinni? Ég vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta.

Það kom fram í þessu nál. að þó að nokkrir ágallar væru á frv. að því er takmörkun á lánsrétti varðar sem og að fjármögnunarþáttur ríkissjóðs til að tryggja að við ákvæði frv. væri hægt að standa væru þau í mikilli óvissu. Það hefur komið í ljós. Þetta var ein ástæða þess að ég skilaði séráliti. Ég skilaði einnig séráliti vegna þess að ég taldi að það þyrfti að auka miklu meira en ráð var fyrir gert fjármagn til félagslegra íbúðabygginga. En þrátt fyrir að ég taldi þessa annmarka vera á frv. kom fram í nál. að Alþfl. styður frv. og þar með það samkomulag sem gert var í nýgerðum kjarasamningum um húsnæðismál. Alþfl. telur þó rétt að flytja brtt. um nokkur atriði húsnæðiskerfisins, m.a. það að koma á kaupleiguíbúðum. En þær voru auðvitað felldar.

Ég óskaði eftir nærveru formanns milliþinganefndar. Ég spyr hann og hæstv. félmrh. að því, af því að við erum að ræða hér félagslega hluta íbúðarkerfisins, hvort hæstv. ráðh. og milliþinganefndin hafi, meðan á störfum milliþinganefndarinnar stóð, fengið bréf undirritað af verkakvennafélaginu Framsókn, starfsmannafélaginu Sókn og verkakvennafélaginu Framtíðinni í Hafnarfirði, þar sem skorað er á þessa aðila, milliþinganefndina og hæstv. félmrh., að beita sér fyrir því að kaupleiguíbúðir komist til framkvæmda. Ég hef haft fregnir af því að þetta bréf, sem nefndinni barst í september, hafi ekki einu sinni verið kynnt nefndarmönnum. Ég vil, með leyfi forseta, því fá að lesa þetta bréf, en

það hljóðar svo:

„Starfsmannafélagið Sókn, verkakvennafélagið Framsókn og Framtíðin í Hafnarfirði beina þeirri áskorun til félmrh. að staðið verði við ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem kveður á um að félagslegar íbúðir verði ⅓ hluti af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Ljóst er að stór hluti láglaunafólks getur ekki nýtt sér ákvæði nýju húsnæðislaganna þar sem það þarf sjálft að leggja fram 30% af kaupverði íbúðar. Miðað við 3–4 herbergja íbúð gæti verið um að ræða 6–900 þús. kr. sem láglaunafólki er um megn að standa undir, ekki síst þar sem hætta er á að lánafyrirgreiðsla utan húsnæðislánakerfisins verði mjög takmörkuð.

Ofangreind félög benda á að kaupleiguíbúðir sé sá kostur sem best muni henta hagsmunum láglaunafólks við íbúðaröflun. Kostir þess eru augljósir þar sem láglaunafólk getur valið um leigu eða kaup eftir aðstæðum hvers og eins og eingöngu er gert ráð fyrir hóflegum föstum mánaðargreiðslum, hvort sem um kaup eða leigu er að ræða.

Því skorum við á félmrh. að hann beiti sér fyrir að opnað verði fyrir lagaheimild sem tryggi að hægt sé að koma á kaupleigufyrirkomulagi við íbúðaröflun. Jafnframt er bent á að kannað verði hvort kaupleigufyrirkomulag geti hentað til að tryggja öldruðum og öryrkjum í stórauknum mæli aðgang að þjónustuíbúðum sem henta þörfum þess gegn hóflegum mánaðargreiðslum með vali um leigu eða kaup á slíkum íbúðum.

Starfsmannafélagið Sókn, verkakvennafélagið Framsókn og Framtíðin í Hafnarfirði hvetja heildarsamtök launafólks til að beita afli sínu og samtakamætti til að kaupleigufyrirkomulagið verði að veruleika. Skorum við jafnframt á milliþinganefnd sem nú starfar í húsnæðismálum að leggja til við félmrh. að kaupleigufyrirkomulagið verði tekið upp því að það er augljóslega lausn á húsnæðisvanda láglaunafólks."

Ég spyr formann milliþinganefndar og hæstv. félmrh.: Hverju sætir að ekki hefur verið tekið á þessu máli, að það hefur ekki einu sinni verið kynnt í milliþinganefndinni?

Ég tel mig, herra forseti, hafa sýnt fram á hér í máli mínu að það þurfi að endurmeta alla stöðuna í húsnæðiskerfinu og ég tel að hæstv. félmrh. verði að gera sér grein fyrir því að ef vísa á fólki frá úr almenna kerfinu er komið upp nýtt og alvarlegt vandamál. Það þýðir það að ef vísa á 5 eða 10% umsækjenda frá sökum lágra tekna, þá jafngildir það sennilega 20–30% aukningu á þörf fyrir félagslegar íbúðir og leiguíbúðir. Þá má spyrja ráðherra hvað hann ætli að gera til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðþenslu á fasteignum. Og ég spyr hæstv. ráðh. enn fremur hvort hann hafi skoðað þá hugmynd, sem ég veit að hefur verið rædd í stjórn Húsnæðisstofnunar, að vísu áður en nýju húsnæðislögin voru sett, eða leið til þess að lækka útborgun á fasteignamarkaðnum að tengja lánsloforð því að útborgun fari ekki yfir 50% af kaupverði íbúðar. Hefur til að mynda hæstv. félmrh. skoðað þessa leið?

Ég get nú farið að ljúka máli mínu, en mig langar samt sem áður áður en ég lýk máli mínu til að spyrja hæstv. ráðh. um það sem fram kemur í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem var rædd á síðasta þingi. Þar kemur eftirfarandi fram í athugasemdum með lagafrv., og þar er vitnað til samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar. Nú þegar verði varið 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem fyrir stuttu var ákveðið að verja til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum."

Nú vil ég spyrja varðandi þessar 300 millj., hæstv. ráðh., sem renna áttu til þeirra sem voru í greiðsluerfiðleikum: Hefur ríkissjóður látið þessar 300 millj. af hendi? Hefur ríkissjóður lagt fram inn í húsnæðiskerfið þessar 300 millj.? Ráðherra gæti svarað mér úr sæti sínu ef hann vildi. Hann gæti svarað því með jái eða neii. Eða hafa þessar 300 millj. verið teknar af fjármagni til að mynda Byggingarsjóðs ríkisins? Getur verið að ríkissjóður standi í skuld við Byggingarsjóð ríkisins um þessar 300 millj. kr.? Hvernig var staðið að því að greiða þessar 300 millj. inn í Byggingarsjóð ríkisins? Ég óska eftir því, hæstv. félmrh., að það verði upplýst við umræðuna hvort þessar 300 millj. kr. hafi þegar verið greiddar inn í húsnæðiskerfið eða hvort ríkissjóður skuldi enn þá Byggingarsjóðnum þessa upphæð?

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðh. varðandi það loforð og samkomulag sem varð milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar: Hvað með húsnæðisafsláttinn sem fram kom í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina? Hér stendur með leyfi forseta: „Frá og með árinu 1986 verður þeim sem kaupa eða byggja í fyrsta sinn veittur húsnæðisafsláttur, x kr. á ári í 10 ár miðað við núgildandi verðlag." Hefur verið við þetta staðið? Hefur fólk fengið þennan húsnæðisafslátt? Hvað líður því að standa við þetta loforð?

Ég spyr hæstv. ráðh. í lokin hvort það sé rétt sem fram kemur í nýjum Helgarpósti frá s.l. viku. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það sem e.t.v. er alvarlegast í málinu — þar eru þeir að ræða hrun húsnæðiskerfisins — er sú staðreynd að allt bendir til þess að félmrh. hafi átt aðgang að upplýsingum eða haft undir höndum upplýsingar sem gáfu allt þetta til kynna án þess að láta þær koma fram þegar nýtt lánakerfi var samþykkt á Alþingi s.l. vor."

Þetta eru alvarlegar ásakanir sem hér koma fram, ef það er rétt að hæstv. félmrh. hafi legið á þessum upplýsingum um að um vanáætlun væri að ræða sem fram kom í grg. með frv.

Herra forseti. Í lokin beini ég þeirri spurningu til ráðherra, og ég ætlast til að hæstv. ráðh. svari henni hér við umræðuna, hvort honum sé ekki kunnugt um hvort um það hafi verið rætt í húsnæðisstjórn,

hvort fyrir liggi skýrsla um það, hver sé áætlaður biðtími núna? Hvað má áætla að hann verði langur á janúar-, febrúar- og marsumsóknum og hvað áætlar húsnæðisstjórn að berist margar umsóknir á þessu ári? Liggur ekkert fyrir um þetta mál? Ég spyr hæstv. ráðh. Ég tel það mjög alvarlegt mál ef yfirmaður húsnæðismála, hæstv. félmrh., ætlar að taka undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti milliþinganefndar, og ég ætla gegn betri vitund, að það þurfi að fást reynsla af þessu nýja húsnæðislánakerfi áður en það verður endurmetið, áður en verður tekið á félagslega hluta þess. Ætlar hæstv. félmrh. virkilega að taka undir þau sjónarmið? Ef hann gerir það er alveg augljóst hver meining hæstv. félmrh. er. Hann hefur ekki burði eða getu til þess að standa við þau loforð sem fram komu í nýju húsnæðislöggjöfinni. Hann ætlar nýrri ríkisstjórn að leysa vandann. Það er málið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er óþarft að rifja upp forsögu þessa máls, hefur enda verið gert og mun sjálfsagt oft verða gert. Ég var ein af þeim sem bundu miklar vonir við það samstarf og það sameiginlega átak sem stefnt var að með stofnun milliþinganefndar um húsnæðismál í júlí 1985. Vonbrigðin eru því mikil þegar við stöndum hér með afrakstur þess samstarfs í höndunum.

Það vor, þ.e. 1985, stóð þing út júní og einkenndist m.a. af heitum umræðum um þann vanda sem húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur voru settir í þegar kaupvísitalan var tekin úr sambandi og lánskjaravísitalan fékk hins vegar að halda sínu striki óheft. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar vildu ekki ljúka svo þingi það vor að ekki yrði tekið á þessum vanda og ekki aðeins með skammtímalausnum heldur til frambúðar. Samkomulag tókst um það að skipa nefnd fulltrúa allra þingflokkanna til þess að vinna þetta verk og við Kvennalistakonur bundum miklar vonir við störf þessarar nefndar því að vilji virtist fyrir hendi.

Með nokkru yfirlæti er vísað til þessa í sérálíti fulltrúa stjórnarflokkanna í milliþinganefndinni. Ég furða mig eiginlega á þeim hroka sem þar kemur fram. Það var meiningin að allir tækju sameiginlega á vandanum á grundvelli upplýsinga og skoðunar á málinu en þau orð sem ég er að vísa til standa í sérálitinu, með leyfi forseta:

„Í umræðum sem fram fóru á Alþingi um þetta leyti létu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sem þeir hefðu einnig heildstæða stefnu í húsnæðismálum og lausnir á vanda sem við var að glíma á þessu sviði, einkum varðandi greiðsluerfiðleika íbúðaeigenda.“ Það leynir sér nú ekki hvað þeim sem skrifa undir þetta finnst um það.

Vissulega hefur ýmislegt gripið inn í störf nefndarinnar og þá fyrst og fremst samkomulag launafólks og atvinnurekenda um úrbætur í húsnæðismálum í tengslum við kjarasamningana fyrir réttu ári, í febrúar 1986. Það samkomulag leiddi til núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og hv. þm. er vafalaust enn í fersku minni þegar unnið var að setningu þeirra laga í afleitum tímaskorti undir miklu vinnuálagi þar sem mörg önnur mikilvæg mál kröfðust einnig tíma og orku þm. Við þær aðstæður var ógerningur að vinna með fullnægjandi hætti að þeirri lagasetningu. Það hefur margsinnis komið fram að við Kvennalistakonur vorum ekki sáttar við afgreiðslu núgildandi laga um Húsnæðisstofnun og settum þau skilyrði fyrir stuðningi við afgreiðslu málsins úr nefnd að milliþinganefnd yrði falið að halda áfram störfum og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt yrði að leggja fram frv. á haustþingi. Mörg atriði voru þar með látin óleyst en vísað með mjög ákveðnum hætti til milliþinganefndarinnar. Það vildi svo til að ég mætti á fyrsta fund þeirrar nefndar eftir setningu laganna í forföllum fulltrúa okkar, Kristínar Einarsdóttur. Ég benti sérstaklega á þetta og lagði áherslu á að staðið yrði við það sem lofað var enda, eins og ég sagði áðan, var það skilyrði fyrir stuðningi okkar við það að málið fengi þá afgreiðslu sem það fékk.

Svo sem fram kemur í þeirri skýrslu sem hér er nú til umræðu hefur nefndin vissulega fjallað um þessi atriði og að sumu leyti unnið gott starf sem er byggjandi á þótt ekki væri það skv. þeim vonum sem við Kvennalistakonur höfðum gert okkur. Fulltrúi okkar í nefndinni, Kristín Einarsdóttir, hefur unnið af heilindum að þessu verkefni og lagt sitt af mörkum til þess að starf nefndarinnar bæri þann árangur sem til var ætlast. Hún var ekki alltaf ánægð með hvernig haldið var á málum og þegar dró að þingbyrjun á s.l. hausti var henni orðið ljóst að litlar líkur væru á því að störf nefndarinnar leiddu til þeirra breytinga á húsnæðislöggjöfinni sem við teljum nauðsynlegar. Þá var það að hún ritaði hæstv. félmrh. bréf sem mig langar til að lesa, með leyfi forseta. Það er dags. 10. okt. og er stílað á hæstv. félmrh. og hljóðar svo:

„Í framhaldi af samkomulagi þingflokkanna í júní 1985 var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Jafnframt skyldi nefndin setja fram tillögur um ráðstöfun á því fjármagni sem aflað var á árinu 1985 með stoð í lögum nr. 48/1985 um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála. Undirrituð var skipuð í þessa nefnd eftir tilnefningu þingflokks Kvennalistans.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi, aflað sér gagna um húsnæðismál og skilað hluta af því verkefni sem henni var ætlað. Við umfjöllun Nd. Alþingis um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 54/1986, kom fram í nál. félmn. deildarinnar að samkomulag hefði orðið í nefndinni um það að milliþinganefndin skyldi halda áfram störfum eftir að þingi lyki og „skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu.“

Það sem m.a. var talið þurfa að athuga var fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar, leiguhúsnæði, húsnæðissamvinnufélög, kaupleiguíbúðir,

áhrif nýja kerfisins á félagslegar íbúðabyggingar, íbúðir fyrir aldraða og öryrkja svo að eitthvað sé nefnt. Kvennalistinn taldi nauðsynlegt að taka á öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í nál. og var það raunar forsenda fyrir því að þm. Kvennalistans settu sig ekki á móti þessu frv. sem tekur einungis mið af því að fólk vilji og geti eignast íbúðarhúsnæði. Ekki er miðað við að fólk hafi þar um neitt að velja. Það blasir einnig við að fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar er langt frá því að vera trygg og stefnir í algjört óefni ef ekkert verður að gert. Það lítur út fyrir að margir hafi ekki gert sér grein fyrir þessari staðreynd.

Ekki er hægt að segja að nefndarmönnum hafi verið ofboðið með fundarsetum í sumar og ekki er heldur hægt að segja að þeir fundir sem haldnir hafa verið um þetta verkefni hafi verið mjög árangursríkir. Þó blasir við að verkefnin eru næg.

Þrátt fyrir skuldbindandi samþykkt fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í félmn. Nd. Alþingis liggja enn ekki fyrir neinar tillögur frá nefndinni sem gætu orðið grunnur að tillögum að lagabreytingum. Litlar horfur eru á að svo geti orðið þar sem einstakir nefndarmenn virðast alls ekki hafa vilja til að takast á við verkefnin. Eigi sá árangur að nást sem heitið hefur verið er fullljóst að gjörbreyting þarf að verða á starfsháttum nefndarinnar.

Ég undirrituð, fulltrúi Kvennalistans, er reiðubúin til að stuðla að því að svo geti orðið, en allt veltur þó eðlilega á viðbrögðum fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni.

Með bréfi þessu vil ég gera yður sem félmrh. grein fyrir þessari stöðu mála og óska eftir að fá hið fyrsta vitneskju um hvort vænta megi þess að fulltrúar stjórnarflokkanna fái nauðsynlegt veganesti frá stjórnvöldum til að vænta megi raunverulegs árangurs."

Undir þetta ritar Kristín Einarsdóttir. Afrit var sent Guðmundi Bjarnasyni alþm. sem eins og komið hefur fram var formaður milliþinganefndar.

Bréf þetta er vitanlega sönnun þess hvernig nefndin hefur starfað að okkar dómi. Það var ítrekað hálfum mánuði síðar en svar hefur ekkert borist. Ég vænti að hæstv. félmrh. hafi engu að síður kynnt sér efni bréfsins og þess vegna verið mætavel ljóst að Kvennalistakonur höfðu áhyggjur af í hvað stefndi með störf nefndarinnar. Vitanlega má segja að svarið sé að finna í þessari skýrslu sem hér er til umræðu og í þeirri staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki fengið fulltrúum sínum í nefndinni það veganesti sem þeir þurftu. Þeim er kannske vorkunn þótt þeir reyni að láta líta svo út í séráliti sínu sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafi ekki haft neitt fram að færa.

Um þá skýrslu sem hér liggur fyrir má auðvitað mjög margt segja. Þar er að finna ýmsar upplýsingar og þær þó merkastar að nefndarmenn eru í raun sammála um allmörg atriði sem breyta þurfi til betri vegar. Í öllum þessum atriðum virðist um ágætt samkomulag nefndarmanna að ræða og maður hlýtur að undrast og spyrja: Hvers vegna í ósköpunum lauk þá ekki nefndin því verki sem henni var falið og lagði þessi samkomulagsatriði fram í formi frv.? Hefur hæstv. félmrh. svör við þeirri spurningu? Er ástæðan e.t.v. sú að hæstv. ráðh. er ekki sammála þessum atriðum? Vill ráðherra sjálfur ekki gera þær breytingar til bóta sem hér er bent á? Ég bendi t.d. á það sem sagt er um lánsrétt námsmanna, að kveða þurfi skýrar á um lánsrétt námsmanna. Ég tel ekki að í því frv. sem hér hefur komið fram nýlega sé tekið á því með slíkum hætti að viðunandi sé, langt frá því.

Í b-lið þess kafla sem ég er að fjalla um segir, með leyfi forseta: „Nefndin er sammála um að lánskjörum félagasamtaka þurfi að breyta til samræmis við þau kjör sem einstaklingum er nú boðið upp á." Og í d-lið segir: „Kveða þarf skýrt á um rétt aðfluttra sem greitt hafa iðgjald til lífeyrissjóða erlendis." Nefndin virðist aldeilis sammála um það. Í e-lið stendur: „Nefndin er sammála því að næsta umsókn frá umsækjanda, sem hafi fengið lán sem er lægra en 70% af hámarksláni vegna þess að keypt var lítil og ódýr íbúð, skuli hljóta sömu meðferð og frá þeim sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta skipti, þó ekki varðandi forgangsröð í tíma." Þetta virðist nefndin sammála um og þetta er nokkurn veginn samhljóða brtt. Kvennalistans við afgreiðslu núgildandi laga um Húsnæðisstofnun.

Nefndin telur nauðsynlegt að vekja athygli á heimildarákvæði um skerðingu á lánsrétti. Nefndin telur nauðsynlegt að samræma betur núverandi ákvæði um lánsrétt elli- og örorkulífeyrisþega í 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nefndin er sammála um þetta og ýmis atriði önnur. Síðan er langur kafli um félagslegan hluta íbúðalánakerfisins, en þrátt fyrir mjög augljósa og viðurkennda þörf fyrir breytingu á þeim þætti laganna eru engar beinar tillögur um þau efni. Það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi niðurstaða og krefst miklu nánari og betri skýringa af hálfu hæstv. ráðh. og þeirra fulltrúa stjórnarflokkanna sem áttu sæti í nefndinnni og eru viðstaddir þessa umræðu og ég vænti að muni taka hér til máls. Þetta er að mínu mati uppgjöf og ekkert annað en uppgjöf. Þetta ásamt fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar, sem hér hefur raunar töluvert verið rætt um, voru meginverkefni milliþinganefndarinnar og í þessu efni hefur hún gjörsamlega brugðist hlutverki sínu og brugðist þeim fjölda fólks sem berst við þennan vanda og bíður þess að stjórnvöld leysi hann. Það er auðvitað fyrst og fremst veganesti ríkisstjórnarinnar sem ræður því, eins og segir í séráliti fulltrúa Alþb., Kvennalista og Alþfl., að ríkisstjórnin hefur í blóra við kjarasamninga lækkað framlög til Byggingarsjóðs verkamanna og gert sjóðnum erfitt fyrir að standa við gefin lánsloforð og gefur þá auga leið að ekkert svigrúm er til þess að mæta þörfum fyrir aukið framboð og aukna fjölbreytni í hinu félagslega íbúðakerfi. Þetta er staðreyndin þrátt fyrir eindregnar viljayfirlýsingar í

samkomulaginu um það að aukið yrði fjármagn til félagslega íbúðalánakerfisins.

Rétt er líka að benda á að það er töluverður hópur fólks sem fellur eiginlega niður á milli kerfa, hefur sem sagt of litlar tekjur til þess að fá lánað úr Byggingarsjóði ríkisins en of miklar tekjur til þess að fá lánað úr Byggingarsjóði verkamanna miðað við það fjármagn sem fyrir er. Kannast ekki hæstv. ráðh. eitthvað við þann vanda?

Það eina sem hefur verið staðið við í þessum efnum er að Húsnæðisstofnun ríkisins var falið að gera könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í landinu og niðurstöður þeirrar könnunar liggja nú fyrir. Þar kemur fram að þörf fyrir almennt leiguhúsnæði er mjög mikil í landinu. Þetta á þó sérstaklega við utan höfuðborgarsvæðisins en einnig á því. Á höfuðborgarsvæðinu er reyndar mest þörf fyrir leiguhúsnæði fyrir svokallaða sérhópa. Á mörgum stöðum úti á landi telja þeir sem svara könnuninni að vöntun á leiguhúsnæði sé svo mikil að það sé hemill á eðlilega atvinnustarfsemi, standi eðlilegu atvinnuástandi fyrir þrifum, að fólk komi ekki á staðinn vegna þess en gerði það frekar ef leiguhúsnæði væri fyrir hendi. Það vantar leiguhúsnæði fyrir kennara, fiskvinnslufólk og fleiri sem vilja ekki binda sig um of án þess að kynnast staðnum fyrst. Á þessum stöðum er minna talað um að þörf sé á leiguhúsnæði fyrir svokallaða sérhópa, þ.e. aldraða, öryrkja og fleiri, en þó er alltaf einhver þörf. En nú ber að hafa í huga að þegar gerðar eru kannanir sem þessar er mjög erfitt í raun og veru að meta leiguíbúðaþörfina vegna þess að það hlýtur öðrum þræði að vera háð pólitísku mati. Sem dæmi má nefna að í Keflavík er talin þörf fyrir þrjár íbúðir en í Grindavík fyrir 20. Spurningin er því hvort um sé að ræða ofmat á öðrum staðnum eða vanmat á hinum. Þetta tel ég að hefði þurft að skoða betur. Slíkar vangaveltur breyta því þó ekki á nokkurn hátt að niðurstöður könnunarinnar gefa okkur skýr skilaboð um það hvar þarf að taka til hendinni í húsnæðismálum. Það þarf að auka leiguhúsnæði í landinu.

Í umræðum um skýrslu hæstv. félmrh. um jafnréttismál s.l. þriðjudag varð nokkur umræða um gildi kannana og virðast sumir hv. þm., þar á meðal hæstv. ráðh., hafa kosið að skilja okkur Kvennalistakonur svo sem við værum á móti könnunum svona yfirleitt. Það er auðvitað rangtúlkun hin mesta og sýnir aðeins hversu lágt er hægt að leggjast í pólitískum umræðum þegar málstaðurinn er vondur. Kannanir eru auðvitað nauðsynlegar til að varpa ljósi á stöðuna og tryggja markvissar aðgerðir til úrbóta. Þær eru hins vegar til lítils gagns í sjálfu sér ef þær eru ekki nýttar til breytinga og bóta. Sé ástandið ljóst og þarfnist breytinga er auðvitað óviðunandi að tefja úrbætur undir því yfirskini að enn þurfi að kanna.

Hér höfum við enn eitt dæmið í höndunum um það að ráðamenn halda að nóg sé að kanna og gefa út skýrslur, fylla allt af pappír og telja saman hvað hafi verið haldnir margir fundir og þetta og hitt sé talið og álitið og jafnvel deginum ljósara o.s.frv. Það finnst okkur Kvennalistakonum ekki nóg. Við erum fylgjandi því að jarðvegurinn sé kannaður en svo þarf að sá og uppskera, hæstv. ráðh.

Við höfum frá upphafi gert okkur ljósa grein fyrir því að hér á landi vantar leiguhúsnæði og við höfum haft það á stefnuskrá og flutt um það tillögur hér á þinginu. Stjórnarflokkarnir virðast hins vegar halda að nóg sé að gera könnun og viðurkenna að það vanti leiguhúsnæði. Ef þeir fá að ráða áfram verður líklega gerð önnur könnun og fleiri kannanir og fleiri skýrslur.

Það er hins vegar ýmislegt sem hæstv. félmrh. hefði átt að láta kanna og reikna út og gera nákvæmar áætlanir um, og það er hvernig þetta kerfi fjármögnunar húsnæðislána komi til með að þróast. Kvennalistinn hefur margsinnis lýst áhyggjum yfir því að þetta kerfi geti ekki staðist, það hvíli á afar veikum og óraunhæfum forsendum. Það var líka eitt af því sem milliþinganefndinni var falið að gera, þ.e. að gera tillögur um fjármögnun til frambúðar. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út en mér sýnist á öllu miðað við þær tölur sem við höfum gefnar í þessu dæmi, þ.e. tölur úr fjárlögum og tölur frá Húsnæðisstofnun, að þetta kerfi sé í raun og veru sprungið. Og það er auðvitað aldeilis hrikaleg niðurstaða og langalvarlegasta niðurstaðan.

Hæstv. ráðh. neitaði fullyrðingum um þetta efni í ræðu sinni áðan. Hann sagði að slíkar fullyrðingar hefðu ekki við rök að styðjast og tölur sem nefndar hefðu verið um þau efni ættu sér fæstar nokkra stoð. Betur að satt væri, hæstv. ráðh., en um það er rétt að spyrja betur og krefjast svara og það mun ég gera síðar í mínu máli. Ég er satt að segja undrandi á því hvað hæstv. ráðh. virðist sannfærður um að ástandið sé í allra besta lagi. Ég er ekki á sömu skoðun. Mín skoðun er að fólk hafi verið blekkt. Það er ekki hægt að segja annað. Eins og atburðarásin hefur verið þá lítur þetta þannig út fyrir venjulegu fólki að fulltrúar almenns launafólks í landinu og fulltrúar vinnuveitenda hafi dottið niður á ljómandi góða lausn á húsnæðisvanda landsmanna og örugga leið til fjármögnunar húsnæðislánakerfisins. Landsfeður gripu hugmyndina fegins hendi og unnu að framkvæmd hennar í snarhasti og vitna auðvitað í sífellu til þess, eins og hæstv. ráðh. gerði í ræðu sinni hér áðan, að allt sé nú gert í samráði og samræmi við hugmyndir og vilja aðila vinnumarkaðarins eins og það er orðað. Og er nú engin furða þótt almenningur láti blekkjast af öllum fullyrðingunum og trúi því að allt sé í besta lagi. (**Gripið fram í:** Hver er blekkingin?) Að þetta kerfi sé svo ljómandi gott, hv. þm.

Gagnrýni stjórnarandstæðinga á þingi er afgreidd sem venjulegt pólitískt nöldur og ábendingar fáeinna þolenda kerfisins eða ábyrgra manna í kerfinu láta menn sem vind um eyrun þjóta, enda ákaflega erfitt að botna í þessum málum nema kafa rækilega ofan í þann grautarpott. Almenningur hefur sem sagt haldið að nú væru þessi mál komin í ágætt horf, og ef ekki nú þegar, þá a.m.k. á leiðinni að verða

svo. En það er nú aldeilis ekki. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins stenst ekki. Ástandið er að mati Kvennalistans verra og horfurnar ískyggilegri en okkur grunaði og við höfum látið í ljós í umræðum og umfjöllun um þessi mál. Ástandið er í stuttu máli þannig, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að verði ekki veitt stórauknu fé til húsnæðislánakerfisins þá verður að koma hreinskilnislega fram við almenning og láta vita að annaðhvort verður að hætta að taka við umsóknum um húsnæðislán um alllangan tíma og vísa mönnum í bankafrumskóginn eða að biðtíminn mun lengjast jafnt og þétt.

Ég held að það sé sama hvernig menn reikna og reikna og hversu varkárir sem menn eru í spádómum, kerfið stenst ekki eins og það er. Þeir sem eru að sækja um húsnæðislán þessa dagana eiga ekki von um skjóta úrlausn. Þeir sem t.d. sækja í maí geta samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef vænst þess að fá fyrri hluta láns afgreiddan í janúar 1989. Það er eftir tæp tvö ár. Hver getur sagt okkur hvað húsnæðismálastjórn hefur til ráðstöfunar í janúar 1989? Samningar við lífeyrissjóðina eru til ársloka 1988. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hvað telur ráðherra að Húsnæðisstofnun geti lofað langt fram í tímann? Hvað má biðtíminn eftir lánunum verða langur að mati ráðherra? Eru það tvö ár eins og nú stefnir í eða enn þá lengri tími?

„Það er ekkert minnst á biðtíma í lögunum", sagði hæstv. ráðh. í ræðu sinni hér áðan, „en öryggi lántakenda er tryggt með lagaákvæði um það að svar skuli hafa borist innan ákveðins tíma." Þetta er kannske ekki orðrétt eins og hæstv. ráðh. sagði það en nokkurn veginn.

Það er alveg hárrétt, hæstv. ráðh., að það er ekki minnst á biðtíma í lögunum og það er líka rétt að í lögunum er aðeins ákvæði um það að svar skuli hafa borist umsækjendum innan ákveðins tíma. Það er gott svo langt sem það nær en ætli það sé nú mikið öryggi í raun og veru fólgið í því að fá svar um það að láns sé að vænta eftir tvö eða þrjú eða fjögur ár? Er hv. 7. þm. Reykv. ánægður með það fyrir hönd sinna umbjóðenda? Hvað á lánsumsækjandi að aðhafast á meðan? Eða telur hæstv. ráðh. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson leigumarkaðinn svo ágætan að það sé viðunandi lausn að vísa mönnum þangað? Er það sú afgreiðsla og er það sú lausn sem stefnt var að eða höfðu menn það ekkert á hreinu að hverju var stefnt og er það e.t.v. ekki ljóst enn þá? Hvert er álit hæstv. ráðh. á þessu atriði? Nú hefur það komið fram í fjárlögum að gæslumenn ríkissjóðs hafa ekki hugsað sér aukin framlög beint úr ríkissjóði á komandi árum. Þeir stefna að minnkun þess framlags og það þarf enga hagfræðinga og enga sérstaka reiknimeistara til að sjá hver afleiðingin verður. Hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, hlýtur að hafa gert sér einhverjar hugmyndir um hvert framhaldið á að verða, annað væri fullkomið ábyrgðarleysi.

Herra forseti. Það er alltaf vafamál hvort á að vera að lappa upp á kerfi eins og þetta húsnæðislánakerfi sem hefur svo marga galla að best væri að byrja alveg frá grunni. Stefnumörkun í húsnæðismálum hefur verið mjög óljós á undanförnum árum og ekki hefur stefna núv. ríkisstjórnar verið neitt til að hrópa húrra fyrir. Hún greip fegins hendi tillögur aðila vinnumarkaðarins um lausn á þeim málum án þess að gera sér nokkra grein fyrir að hverju er stefnt með tillögunum. Ráðamenn virðast ekki hafa gert sér grein fyrir hvenær allir sem vilja geta fengið 70% af kaupverði íbúðar að láni hjá Húsnæðisstofnun. Á það markmið að nást árið 1990 eða árið 2000 eða einhvern tímann á næstu öld? Hve lengi á fólk að bíða frá því að það sækir um lán og þangað til það fær lánin? Eru það mánuðir eða ár sem um er að ræða? Hve langur tími er áætlað að líði þangað til jafnvægi verði komið á í kerfinu? Hve mikla fjármuni áætlar ríkisstjórnin að setja þurfi í byggingarsjóðinn til að biðraðir eftir lánum lengist ekki stöðugt? Við þessu hljótum við að verða að fá svör. Var e.t.v. ekki hugsað fyrir framtíðinni í þessum málum frekar en öðrum?

Eftir að hafa séð framlag ríkissjóðs í fjárlögum þessa árs, séð það að ríkisstjórnin ætlar enn að draga úr framlögum til húsnæðismála, beinum framlögum úr ríkissjóði sem og til margra annarra mikilvægra mála, þá virðist alveg ljóst að ekki var nein alvara á bak við þær yfirlýsingar að leysa ætti húsnæðisvandann. Nú er stefnt að því að draga svo úr fjárveitingum til Húsnæðisstofnunar að það hlýtur að stefna í algert öngþveiti fljótlega. Ef þetta á að vera stefnan þá er algjörlega óhjákvæmilegt að biðraðir munu lengjast og lengjast. Það er engu líkara en menn hafi gleymt því að þó fengist hafi lán úr lífeyrissjóðnum þarf að borga þau aftur til baka. Ríkissjóður verður að koma með drjúgt framlag fyrstu árin ef sjóðurinn á að geta byggst upp. Það hlýtur öllum að vera ljóst að ekki er hægt að taka lán með 6,25% ársvöxtum eins og nú er gert og lána það síðan með 3,5% vöxtum án þess að til þurfi að koma framlag einhvers staðar frá. Núverandi landsfeður halda e.t.v. að þeir hafi fundið upp eilífðarvélina.

Herra forseti. Það má ljóst vera af orðum mínum að Kvennalistinn hefur þungar áhyggjur af húsnæðismálum og þeirri þróun sem orðin er og virðist eiga að fá að halda áfram. Við höfum gagnrýnt ýmsa þætti þess og teljum okkur hafa unnið af heilindum í samstarfi við aðra þingflokka að því að finna varanlegri lausnir. Við höfum orðið fyrir miklum vonbrigðum með árangur þessa starfs. Við teljum út af fyrir sig gerlegt að bæta þetta kerfi með lagfæringum hér og þar í stíl við það sem kemur fram í þessari skýrslu og þá sérstaklega á þann veg að gera þetta kerfi hagstæðara fjölskyldu- og barnafólki. Ég hika ekki við að fullyrða að það er andstætt fjölskyldufólki og sennilega er Ísland eitt fárra landa í þessum heimshluta, sem tekur ekki tillit til fjölskyldustærðar í húsnæðislánakerfi sínu. Í raun og veru er vafamál hvort borgar sig að lappa upp á þetta kerfi. Það þarf að smíða nýtt. En hæstv. félmrh. virðist ekki þeirrar skoðunar. Hann fullyrti hér áðan að þetta kerfi bæri

að verja, um það skyldum við standa vörð þangað til það væri búið að sýna sig. Það getur orðið mörgum dýrkeypt, hæstv. ráðh.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Þegar frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var til umræðu í apríl í fyrra, þá skilaði ég nál. þann 23. apríl 1986, þar sem ég mælti með því að frv. yrði ekki samþykkt óbreytt. Í framsögu minni þann sama dag koma að nokkru leyti fram þau sjónarmið sem því ollu að ég taldi mig ekki geta samþykkt frv. óbreytt og vil ég, með leyfi forseta, rifja þau upp að nokkru leyti, þó ekki í heild sinni, það tæki of langan tíma. Þar sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur verið haldið fram af ríkisstjórn og náttúrlega stjórnarliðum að það frv. sem við erum að tala um gjörbreyti uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Ég byrja á því að andmæla þeirri skoðun þó að það hafi kannske ekki mikið upp á sig í sjálfu sér. Þessi fullyrðing er náttúrlega alröng því að það verður ekki nein gjörbreyting á neinu öðru en því hvernig einstaklingar ávinna sér lánsrétt. Sú breyting er að mínu mati síst til batnaðar því að áður höfðu landsmenn allir almenn réttindi hvað lánum úr þessum sjóði viðkom en núna eru það orðin sérréttindi sem menn verða að ávinna sér með ærinni fyrirhöfn og eftir mjög flóknum leiðum að verða hæfir til fullrar lántöku í þessum sjóði.

Það sem ég hef aðallega að þessu frv. að finna og kemur fram í þeim brtt. sem við hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir höfum lagt fram við málið er að það er ekki um grundvallarstefnubreytingu að ræða, hér er haldið áfram þeirri byggingar- og útþenslustefnu með þeirri lánapólitík sem hér er rekin og við höfum kynnst undanfarin ár og áratugi. Í stað þess að nýta þær fjárfestingar sem við höfum á að ýta fólki áframhaldandi út í viðbótarfjárfestingar og offjárfestingu á þessum markaði sem er nú þegar staddur þannig að Íslendingar búa við stærstan húsakost allra þjóða í veröldinni. Séu teknir byggðir fermetrar í íbúðarhúsnæði og íbúafjöldi er engin þjóð í veröldinni sem býr við jafnstóran húsakost í fermetratölu á mann. Þess vegna tel ég að rökrétt afleiðing eigi að vera sú að leggja miklu meiri áherslu á lán til kaupa á notuðu húsnæði en nýju. Þetta hafa menn kallað í orðræðu undanfarin ár húsnýtingarstefnu og hún verður náttúrlega ekki að veruleika nema þess sjái stað í lögunum að lántakendur geti borgið hag sínum betur með kaupum á notuðu húsnæði en nýju. Húsnýtingarstefnan hefur líka það sér til ágætis að viðhald verðgildis notaðs húsnæðis helst betur með því að leggja áherslu á kaup á notuðu húsnæði, viðgerðir, viðhald og endurnýjun á notuðu húsnæði, frekar en síaukna áherslu á nýbyggingar og útþenslu í byggð.

Einnig er það öllum ljóst sem sjá vilja að hlutur landsbyggðarinnar er hraklega fyrir borð borinn með þessari nýbyggingar- og útþenslustefnu því að verðgildi eigna landsbyggðarfólks stendur náttúrlega í enn þá sterkara samhengi við áherslu stjórnvalda í húsnæðismálum en verðgildi eigna á höfuðborgarsvæðinu. Það má fullyrða það að þegar þetta frv. er fram komið, með þessari mismunun á milli þeirra sem byggja og kaupa nýtt og þeirra sem kaupa notað eða gera við notað, á það eftir að hafa áhrif til enn þá meiri lækkunar á verði fasteigna úti á landi, enn þá meiri verðmismunar milli eigna úti á landi og eigna hér á höfuðborgarsvæðinu. Og þeir sem halda því fram að þetta hafi ekki áhrif á byggðamál eru með lokur fyrir báðum augum. Ég held að svona aðgerðir hafi miklu meiri áhrif, miklu alvarlegri áhrif en margar þeirra aðgerða sem menn eru að efna til með annars konar löggjöf þegar menn eru að lýsa vilja sínum í byggðamálum.

Ég held að það liggi alveg í augum uppi hvernig gallarnir á þessu frv. eru til komnir. Þeir aðilar sem stóðu að því að semja grundvöll þessa frv. voru þar í hlutverki gæslumanna mjög sértækra hagsmuna, annars vegar vinnuveitenda og hins vegar launþega. Þeir sjá náttúrlega enga brýna ástæðu til þess að gæta neinna altækra hagsmuna þar sem þeirra umboð er miklu afmarkaðra en umboð þm. Það sem aftur á móti átti ekki að koma fyrir og var í raun og veru alveg ónauðsynlegt var að flytja þessa sértæku hagsmunagæslu inn í frv. með þeim hætti sem gert er.

Að síðustu vil ég eingöngu minna á það að vegna þess hversu afmarkaðra hagsmuna var gætt þegar grundvöllur þessa frv. var saminn er t.d. sá hópur sem verst hefur orðið úti vegna kjaraskerðingar ríkisstjórnarinnar enn þá skilinn eftir úti. Hann er ekki inni í þessu frv. Hann hefur ekkert upp á að hlaupa annað en loðin loforð manna um upphæðir og aðgerðir sem hann enn þá hefur lítið sem ekkert séð af. Þar held ég að hvað alvarlegast sé það loforð sem gefið var fyrir bráðlega hálfu ári síðan, um það að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir skuldbreytingum lána í bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum. Enn þá hafa þessar stofnanir ekki heyrt eitt einasta orð frá ríkisstjórninni um þetta mál og er þó margsinnis og ítrekað búið að reka á eftir því héðan úr báðum deildum þingsins."

Það minnir mig á orð sem hæstv. ráðh. hafði hér undir lok málsins þar sem hann talaði um það að Húsnæðisstofnun ynni að því með bönkum, sparisjóðum og fasteignasölum að treysta kerfið. Ef treysta má orðum ráðherra jafnmikið í þessu tilviki eins og áður, þá gef ég ekki mikið fyrir slíkar yfirlýsingar.

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða um skýrslu félmrh. um álit milliþinganefndar um húsnæðismál. Það var mjög eftirtektarvert að hæstv. ráðh. sá ekki tilefni til þess að lesa eitt eða neitt upp úr þessari skýrslu eða á einn eða annan hátt láta álit sitt í ljós um innihald hennar og efni nema hvað hann las upp álit meiri hl. nefndarinnar eða stjórnarmeirihlutans í nefndinni, sem er að finna á bls. 16 og 17 í skýrslunni, og þar með búið.

Umræða sú sem hér á sér stað, herra forseti, er að

nokkru leyti þannig til komin að strax og þessi skýrsla barst á borð þm., þá lagði ég fram fsp. til hæstv. ráðh., aðallega um það hvort hann teldi að milliþinganefndin hefði virkilega staðið við erindisbréf sitt með afhendingu þessarar skýrslu. Mér skilst að það hafi síðan orðið að samkomulagi milli forseta Sþ. og ráðherra að fsp. þessi skyldi ekki koma fyrir þar sem ráðherra lýsti sig reiðubúinn til þess að ræða efni þessarar skýrslu og setja hana á dagskrá til þess að svo mætti verða. Nú bregður svo við að þegar hann kemur hér og mælir fyrir þessari skýrslu þá sér hann ekki ástæðu til þess að ræða efni hennar með einum eða öðrum hætti.

Til þess að ekkert fari hér á milli mála má rifja upp að erindisbréf þeirrar nefndar, sem almennt hefur gengið undir nafninu „milliþinganefndin", er að finna á bls. 2 í skýrslunni og þar er eftirfarandi atriðum vísað til þessarar nefndar til nánari athugunar:

„1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.

2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.

3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.

4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.

5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja og/eða aldraða.

6. Staða og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.

7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.

8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar."

Enn fremur óskaði meiri hl. félmn. Nd. Alþingis eftir því að nefndin kannaði með hvaða hætti ætlunin sé að framkvæma ákvæði 12. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, en henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985. Í þeirri grein er að finna ákvæði um það með hvaða hætti lánsréttur stofnast hjá Byggingarsjóði ríkisins. Einnig beindi félmn. Nd. því til nefndarinnar, þ.e. milliþinganefndarinnar, að kannað yrði hvernig farið skyldi með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt sér lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Til skýringar er þess getið að haft sé í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.

Hérna er fjöldi atriða sem nefndur er í erindisbréfi þessarar milliþinganefndar og maður skyldi halda vegna þeirrar miklu þagnar sem verið hefur um innihald þessarar skýrslu að nefndin hefði í raun og veru ekki komist að neinni niðurstöðu. Samt sem áður er að lesa á bls. 8 og 9 í skýrslunni ýmis mjög athyglisverð atriði sem ég tel eðlilegt að komi fram. Þar segir — og er þá verið að vitna til umræðna um upplýsingar sem fram komu í nefndinni:

„Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að samanlögð útlán sjóðanna nemi 5057 millj. kr. árið 1987 og að Húsnæðisstofnun taki að láni 3815 millj. kr., þar af 3765 millj. kr. hjá lífeyrissjóðum. Ef gert er ráð fyrir að meðalútlánsvextir Húsnæðisstofnunar séu 3% og að vextir af teknum lánum séu 6% kemur stofnunin til með að „tapa" árlega í vaxtamun 77,2 millj. kr. Þetta þýðir að það fé sem ríkissjóður veitir í ár til sjóðanna dugar til niðurgreiðslu útlánsvaxta í tæp 17 ár. Með hliðsjón af því að útlán Húsnæðisstofnunar eru trúlega að meðaltali til 35–40 ára er ekki hægt að tala um að horfur kerfisins séu bjartar." — Þetta segir milliþinganefndin.

„Ef gert er ráð fyrir að beinn og óbeinn vaxtakostnaður hins opinbera vegna veittra húsnæðislána sé 6% á ári og að þær 5057 millj. kr. sem áætlaðar eru í útlán 1987 séu að meðaltali veittar til 40 ára og beri 3,5% vexti þýðir vaxtaniðurgreiðslan að bæði ríkissjóður og lántakendur gætu verið jafnsettir ef 1526 millj. kr. hefði verið veitt í óafturkræfan húsnæðisstyrk og 3531 millj. kr. lánuð til 40 ára með 6% vöxtum. Sú staðreynd að miðað við 6% ávöxtunarkröfu fela lán Húsnæðisstofnunar í sér að yfir 30% lánsfjárhæðarinnar er í raun styrkur til þeirra sem taka lánin kallar á eftirspurn sem seint verður hægt að fullnægja." — Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram eru komnar núna sýnist manni að þessi nefnd hafi vitandi eða óafvitandi verið að nálgast það vandamál sem nú er bersýnilegt allhröðum skrefum hvað sem síðar varð um tillögugerð í því máli. — „Margir sækja um lán þótt þeir gætu auðveldlega gert húsnæðiskaupin án hinnar opinberu fyrirgreiðslu og enn fleiri sækja um hærri lán en þeir í raun og veru þurfa. Að veita opinbera húsnæðisaðstoð í formi vaxtaniðurgreiðslu er ómarkviss og kostnaðarsöm leið."

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af framangreindum sjónarmiðum komu eftirfarandi hugmyndir fram í nefndinni:

Útlánsvextir allra nýrra lána Húsnæðisstofnunar (hvort sem um er að ræða Byggingarsjóð ríkisins eða Byggingarsjóð verkamanna) verði sambærilegir þeim vöxtum sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Í stað þeirrar niðurgreiðslu sem nú á sér stað á vöxtum Húsnæðisstofnunar verði veitt óafturkræft húsnæðisframlag úr ríkissjóði, annars vegar húsnæðiskaupaframlag og hins vegar húsnæðisleiguframlag.

Varðandi húsnæðiskaupaframlagið má hugsa sér að það sé fyrst og fremst veitt þeim sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð (þeim sem ekki eiga íbúð fyrir) og komi almennt til útborgunar á ákveðnum árafjölda (t.d. á tíu árum) eftir undirritun kaupsamnings. Þetta framlag þyrfti ekki að vera háð því hvort verið væri að kaupa nýtt eða notað húsnæði eða hvort mikil eða lítil lán væru tekin til að fjármagna kaupin. Framlagið gæti hins vegar verið

háð því hvort um hjón eða einstakling væri að ræða og árlegum tekjum hlutaðeigandi að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

Varðandi húsnæðisleiguframlag má hugsa sér að það sé fyrst og fremst veitt þeim (hjónum, sambýlisfólki, einstaklingum) sem eiga ekki íbúðarhúsnæði og hafa ekki fengið húsnæðiskaupaframlag eða aðra sambærilega húsnæðisaðstoð frá hinu opinbera. Árlegt leiguframlag gæti verið ótímabundið og að öðru óbreyttu 40–50% af árlegu húsnæðiskaupaframlagi. Leiguframlagið gæti verið háð árlegum tekjum hlutaðeigandi að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og árlegrar eða mánaðarlegrar leigufjárhæðar."

Í stuttu máli sagt: Með því að hverfa frá niðurgreiðslu útlánsvaxta Húsnæðisstofnunar mætti renna traustum stoðum undir núverandi húsnæðislánakerfi. Í stað vaxtaniðurgreiðslunnar gæti hið opinbera veitt húsnæðisframlag til þeirra íbúðakaupenda og íbúðaleigjenda sem ætla má að þurfi á aðstoð að halda umfram lánafyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar. Jafnvel þótt ríkissjóður notaði aðeins hluta þess fjár sem „sparaðist" með því að hverfa frá vaxtaniðurgreiðslunni gæti hann tryggt umtalsvert meiri aðstoð en í dag öllum þeim sem byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og öllum þeim íbúðaeigendum eða íbúðaleigjendum sem hafa lágar tekjur. Minni eftirspurn eftir lánum Húsnæðisstofnunar mundi að öðru óbreyttu geta leitt til umtalsverðrar lækkunar á halla ríkissjóðs og markaðsraunvöxtum og þar með leitt til aukinnar fjárfestingar og verðmætasköpunar í atvinnulífinu."

Það er eftirtektarvert að hæstv. ráðh. fannst ekki tilefni til að fjalla um jafneftirtektarverðar skoðanir sem fram koma í skýrslu milliþinganefndarinnar.

„Álit nefndarinnar á opinbera íbúðalánakerfinu og starfsháttum Húsnæðisstofnunar ríkisins má draga saman á eftirfarandi hátt," segir hér í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur nauðsyn bera til að sniðnir séu vankantar af núverandi löggjöf og verður nánar vikið að þeim atriðum síðar í þessari álitsgerð. Þó er rétt að undirstrika að varhugavert er að gera með skömmu millibili róttækar breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni sem snerta hag þeirra sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis."

„Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að taka skipulag og starfshætti Húsnæðisstofnunar ríkisins til endurskoðunar með það að markmiði að bæta þjónustu hennar við einstaklinga, félagasamtök og stjórnvöld. Nefndin telur mikilvægt að stofnunin bæti upplýsingamiðlun til einstaklinga, félagasamtaka og stjórnvalda um lánamöguleika, lánskjör og greiðslubyrði."

Þetta atriði verður mjög mikilvægt í ljósi þeirrar umræðu sem fram fer núna.

„Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar var komið á fót í tengslum við lánveitingar vegna greiðsluerfiðleika. Stöðin gegndi veigamiklu hlutverki við að aðstoða fólk í greiðsluvanda. Húsnæðismálastjórn ber að setja ráðgjafarstöðinni markmið og starfsreglur. Ráðgjafarstöðinni ber að leggja megináherslu á almenna upplýsingamiðlun um lánaflokka, lánakjör, greiðslubyrði og fleiri atriði sem varða þjónustu Húsnæðisstofnunar. Nýja lánakerfið gerir það nauðsynlegt að ráðgjöf sé veitt í beinum tengslum við lánsumsóknir. Aðskilja ber tæknilega ráðgjöf frá fjármálalegri."

Enn fremur kemur fram að nefndin sé sammála um að eftirtalin atriði þurfi að lagfæra, — að nokkru leyti, hæstv. forseti, kom hv. 7. landsk. þm. inn á þessi atriði — þ.e. um lánsrétt námsmanna, lánskjör félagasamtaka, stærðarmat íbúða, lánsrétt aðfluttra, lánsrétt sem ekki er nýttur til fulls, takmörkun á lánsrétti þeirra sem eiga fullnægjandi húsnæði fyrir og lánsrétt elli- og örorkulífeyrisþega.

Ég hef hvergi séð þess stað að ráðherra eða ríkisstjórn hafi að einhverju leyti tekið þessi atriði, sem nefndin varð sammála um, til sín með þeim hætti að hún bregðist við og geri þá bragarbót á núverandi lögum um Húsnæðisstofnun sem þessi atriði gera ráð fyrir. Og tel ég þá til lítils að verið fyrir þessa nefnd ef ráðherra og ríkisstjórn ætla sér ekki með neinu móti að hlýða á skoðanir hennar eða taka tillit til þeirra.

Í niðurlagi nál. segir:

„Í þessu nefndaráliti er gerð grein fyrir tildrögum þess að félmrh. skipaði nefnd til að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Fjallað hefur verið um nefndarstarfið og þau áhrif sem kjarasamningarnir í febrúar 1986 höfðu á framvindu þess. Nefndin hefur ekki lagt til veigamiklar breytingar á núverandi húsnæðislánakerfi en starf hennar hefur haft áhrif á umræður um húsnæðismál og þróun þeirra. Benda má á tillögur nefndarinnar til lausnar á greiðsluvanda íbúðaeigenda og afstöðu hennar til einstakra atriða í frv. til laga nr. 54/1986, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem kynnt var á sameiginlegum fundi nefndarinnar og húsnæðisnefndar ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Í álitinu er einnig lýst áhyggjum nefndarinnar varðandi fjármögnun nýja húsnæðislánakerfisins." — Ég endurtek þetta: „Í álitinu er einnig lýst áhyggjum nefndarinnar varðandi fjármögnun nýja húsnæðislánakerfisins. Bent er á nauðsyn þess að Húsnæðisstofnun ríkisins leggi meiri áherslu á upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál. Lagt er til að komið verði á fót innan stofnunarinnar upplýsinga- og áætlanadeild sem sinni þeim málum betur en nú er gert. Nefndin leggur áherslu á það meginhlutverk ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar að veita almenna ráðgjöf í tengslum við lánveitingar stofnunarinnar. Hún hefur einnig fjallað um meginstefnu varðandi veð og veðhæfi íbúðarhúsnæðis. Fleiri atriði má benda á, t.d. varðandi lánsrétt námsmanna, stærðarmat íbúða o.fl."

Nú hafa komið hér nokkuð til umræðu þær fullyrðingar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur látið frá sér fara í fjölmiðlum og eins aðrar upplýsingar sem komið hafa fram í hinum ýmsu fjölmiðlum. Eitt var þó strax ljóst í máli hæstv.

ráðh.: Hann staðfestir það að þær umsóknir, sem bárust til Húsnæðisstofnunar fyrir áramót, voru, ef ég hef tekið rétt eftir, 4260. Hann staðfestir það að meðallánsupphæð sé yfir 1,5 millj. kr., og hann sagði nánar, ef ég man rétt, 1600 þús. kr. Það þýðir það, ef við umreiknum þetta og skoðum þá upphæð sem stofnuninni stóð til reiðu á fjárlögum og lánsfjárlögum, að 12–15 hundruð af þessum umsækjendum, sem þegar hafa sótt um fyrir áramót, verða að bíða næsta árs. Það þýðir það í raun og veru að það er búið að ráðstafa framlagi næsta árs að nokkuð stórum hluta til.

Hvað sem menn vilja halda um þær fullyrðingar sem fram eru komnar um stöðu þessara mála í dag má minna á það að hv. 2. þm. Norðurl. e. skrifar grein í Morgunblaðið laugardaginn 14. febrúar þar sem hann tekur undir mál Jóhönnu Sigurðardóttur að mjög miklu leyti og virðast nokkuð stangast á viðhorf ráðherrans og þess manns sem þar ritar. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hinn 10. febr. s.l. birtist í Morgunblaðinu grein eftir Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismann undir þessari myndarlegu fyrirsögn: „Húsnæðiskerfið riðar til falls.“ Of langt mál yrði að rekja einstök efnisatriði. Sum þeirra hafa við rök að styðjast, önnur ekki.“ Hann segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Ég er Jóhönnu Sigurðardóttur sammála um það að fleiri hafa sótt um fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins en áður. Ég hygg t.d. að fjöldi lánsumsókna til kaupa á notuðum íbúðum hafi tvöfaldast eða svo.“ Enn fremur segir hann: „Ég tek undir með Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún segir: „Brýnt er einnig að skoða sérstaklega vanda þeirra hópa sem fengu lán á umliðnum árum og nú eru í miklum greiðsluerfiðleikum.“„ Enn þá erum við, eftir allt það starf sem á undan er gengið allar götur eiginlega frá 1984, að tala um það að leysa vanda þessa hóps. Enn þá eru menn að hrópa á lausn til handa þessu fólki. Enn fremur segir þm.: „Nú kann það vel að vera að nauðsynlegt sé að auka það fjármagn sem Byggingarsjóður ríkisins hefur, jafnvel þegar á þessu ári. Sú mynd er smám saman að skýrast. Á hinn bóginn minni ég á að biðtími eftir lánum segir ekki alla sögu. Flestir vilja hafa vaðið fyrir neðan sig.“ En þá má kannske minna hv. þm. á það að þegar maður hefur sótt um lán og þegar maður hefur fengið tilkynningu um það hvenær lánið sé til reiðu eru mönnum settar alveg ákveðnar tímaskorður um það að ráða sínum málum, ákveða sínar fjárfestingar. Og þegar markaðurinn, svo maður orði það þannig, er sér meðvitaður um þessa tímapressu er það náttúrlega eðlilegt að það eitt út af fyrir sig leiði til ákveðinnar hækkunar á fasteignaverði.

Það má segja sem svo að afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafi kannske komið hvað augljósast fram núna við gerð fjárlaga í haust. Þegar menn með öðru munnvikinu töluðu sem sagt um það að auka þyrfti lánsrétt og rétt manna í þessum málum drógu þeir um leið úr framlagi ríkisins til þeirra sömu mála. Ég tel sýnt, herra forseti, að þeir menn sem við getum kallað 80%-mennina, mennina sem lofuðu 80% húsnæðislánum í kosningunum 1983, og ekki bara í kosningunum 1983 heldur líka í stjórnarsáttmála sínum sem þeir gerðu í maí 1983, séu að verða að aldamótamönnum. Ekki í þeim sama skilningi sem við lögðum í hugtakið „aldamótamenn“ hérna einu sinni heldur einfaldlega vegna þess að þeir sem sækja undir handarjaðar þeirra og þurfa á hjálp og aðstoð ríkisins að halda við húsnæðisöflun verði innan skamms að bíða til aldamóta til þess að fá greitt úr sínum málum. Eða trúir hæstv. ráðh. því virkilega að það verði kominn jöfnuður á í þessum málum árið 1990? Með því að byrja með 3100 millj. kr. framlagi árið 1987 í heild og fara upp í 5,5 milljarða árið 1990? Eitt er víst að ég trúi því ekki og ég held að það séu æ færri sem trúa þeirri ótrúlegu sögu.

Eins verður maður að lýsa furðu sinni yfir þeirri skoðun manna að það sé einfaldlega hægt að leysa þann vanda sem við erum stödd í með því að lengja biðtímann og að það sé allt í lagi að lofa mönnum háum lánum, jafnvel þó að þeir þurfi að bíða eftir þeim í jafnvel tvö ár eða þrjú, halda að það sé raunverulega einhver úrlausn fyrir þá einstaklinga sem þurfa með einum eða öðrum hætti að leysa sinn húsnæðisvanda. Auðvitað vitum við það að hluti af þeim mikla stormi sem Húsnæðisstofnun varð fyrir þegar nýju lögin voru samþykkt var tilkominn vegna þess að fólk, og þá sérstaklega ungt fólk, hafði beinlínis haldið að sér höndum um nokkuð langt skeið vegna þess hvernig lánskjör og aðstæður voru orðnar. Það getur vel verið að þessi ríkisstjórn, sem greinilega ætlar næstu ríkisstjórn að leysa vandann, vonist til að þessi vandi leysist raunverulega aftur með þeim sama hætti að fólk hreint og beint gefist upp á því að leita aðstoðar og hjálpar ríkisins við öflun eigin húsnæðis og sæki einfaldlega ekki um lán. Það verði fyrst og fremst stærsta lausnin á fjárhagsvanda sjóðsins eins og hann er orðinn nú þegar.

Mig langar, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. ráðh. nokkurra spurninga.

Í fyrsta lagi mundi ég vilja spyrja hann hvort hann telji það ekki sannað nú þegar að fjármögnun húsnæðisöflunar með þeim hætti sem við erum að standa að í dag sé orðin þjóðfélaginu hreint og beint ofviða og þurfi að gerast með allt öðrum hætti en nú er raunin. Svo að ég skýri þessa spurningu aðeins er ég kannske að fella inn í hana mjög marga þætti þar sem um er að ræða hin sterku séreinkenni íslensks fasteignamarkaðar, þar sem fólk þarf að reiða fram sex sinnum stærri upphæð yfirleitt við kaup eða nýbyggingu en þekkist annars staðar á Norðurlöndum og Vesturlöndum yfirleitt. Í stað þess að greiða 10–20% við kaup eða festingu á húsnæði greiðir fólk hér 60–75%, allt eftir efnum og ástæðum. Svo að ég umorði þá þessa spurningu þannig að hún skiljist betur: Telur ráðherrann ekki sannað að hér þurfi að leita allt annarra leiða en við höfum verið að nota hingað til?

Eins vegna margframkominna fullyrðinga leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé virkilega rétt að hann hafi haft upplýsingar í höndum í apríl í fyrra um það að fjármögnunaráform byggingarsjóðsins sem fram komu í grg. með frv. byggðu á röngum forsendum og að ástæða væri til að ætla að þau stæðust ekki dóm reynslunnar. Í samhengi við fyrstu spurningu mína má kannske spyrja hvort hæstv. ráðh. hafi þegar uppi einhver áform um að draga úr fjármagnsþörf fasteignamarkaðarins og þá er ég að tala um að stuðla að einhvers konar breyttum viðskiptaháttum á fasteignamarkaði.

Vegna orða hæstv. ráðh. hér áðan og þeirrar óeðlilegu bjartsýni sem mér fannst koma fram í máli hans langar mig til að spyrja hann, og vona að hann geti svarað því, hvort hann hafni því algjörlega að lögin sem við settum í apríl í fyrra hafi valdið hækkun á fasteignamarkaði og hvort hann mótmæli því þá líka algjörlega að þau hafi valdið þeirri hækkun sérstaklega á 3–4 herbergja íbúðum sem fullyrt er að hafi orðið, þ.e. um 30% á hálfu ári. Vegna þess að ég trúi því að fjárþörf Byggingarsjóðsins komi til með að aukast mjög ört á næstunni og að þegar sé fyrir hendi mikil þörf fyrir aukið fé til sjóðsins á þessu ári leyfi ég mér líka að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann ætli að samþykkja það í þessari ríkisstjórn að halli ríkissjóðs verði fjármagnaður með auknum lántökum hjá lífeyrissjóðum og þar með verði eyðilagður sá möguleiki að leita til þeirra eftir auknu fé í húsbyggingarsjóðina.

Ég lék mér að því áðan að reyna að reikna á grundvelli þeirra fullyrðinga sem komu fram í máli hæstv. ráðh. hve miklu væri í raun og veru búið að ráðstafa af því fé sem veita þarf til sjóðsins á næsta ári. Ég vildi fá svar við því hjá hæstv. ráðh. hvað hann telur sjálfur að sé búið að ráðstafa fyrir fram miklu af því fé sem veita þarf til sjóðsins á næsta ári. Ég vil líka fá greinileg svör við því hjá ráðherra, eins og fleiri, hvort mögulegt sé — ef maður reiknar ekki með sama umsóknafjölda á þessu ári, við hljótum að verða að reikna með eitthvað minnkandi umsóknafjölda þó ekki væri nema vegna þess að það dregur úr bjartsýni hjá fólki eftir því sem lengra á líður — að 1500–2000 umsækjendur á þessu ári fái ekki lán úr Byggingarsjóðnum fyrr en árið 1989. Er það mögulegt að þeir sem sækja um seinni part þessa árs, ársins 1987, þá á ég við á seinasta ársfjórðungi þess, fái hugsanlega ekki lán fyrr en seinasti áratugur þessarar aldar er byrjaður, þ.e. 1990? Eins vildi ég fá svör við því hjá hæstv. ráðh., ef mögulegt væri, hvort þær fullyrðingar sem eru fram komnar, að biðtími eftir lánum sé nú þegar um 13 mánuðir hjá svokölluðum forgangshópum, þ.e. þeim sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, og um 17 mánuðir hjá þeim sem eru að byggja eða kaupa í annað sinn, séu réttar.

Eins langar mig líka að spyrja að því hvort mér reiknist rétt til að fjárþörf þeirra sem sóttu um fyrir áramót 1986–1987 sé um 6 milljarðar. Miðað við það að u.þ.b. 1260 af þessum umsækjendum fái ekki úrlausn sinna mála, ef reiknað er með þeirri meðallánsupphæð sem ráðherrann nefndi, fæ ég ekki betur séð en svo sé.

Að síðustu væri kannske bara ein spurning. Henni má ráðherra láta ósvarað ef hann vill. Hún er einfaldlega um það hvort ráðherrann og ríkisstjórnin telji sinn hlut í húsnæðismálum vera orðinn svo slæman að hún þoli ekki málefnalega umræðu sem byggist á réttum upplýsingum. Það er mjög hart að standa hér og ræða þessi mál og hafa ekki annað til grundvallar en upplýsingar sem berast manni frá hinum og þessum misjöfnum aðilum og finna fyrir því að ráðherrann og þær stofnanir sem hann stýrir í þessu tilviki eru greinilega ekki reiðubúnar til að láta okkur í té þær upplýsingar sem þær hljóta þó að hafa, þannig að hægt sé að ræða þessi mál hér á sama grunni. Það vekur þá tilefni til seinustu spurningarinnar í þessu máli mínu: Hverjar eru og hvar er réttar upplýsingar að finna um ástand Byggingarsjóðs ríkisins í dag?

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

41. fundur, miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fasteigna- og skipasala, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (trygging). — Þskj. 552.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 641).

Nauðungaruppboð, 3. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vitamál, 3. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnráðgjöf, 1. umr.

Stjfrv., 348. mál. — Þskj. 609.

Iðnaðarráðherra (Albert Guðmundsson):

Hæstvirtur forseti. Ég flyt frv. til laga um iðnráðgjöf á þskj. 609. Frv. til laga um iðnráðgjafa var samþykkt á Alþingi árið 1981 og eru lögin nr. 86 það ár.

Hér var um nýmæli að ræða og því var mælt svo fyrir að lögin skyldu gilda til ársloka 1985 og var þá gert ráð fyrir endurskoðun að fenginni reynslu. Þeirri endurskoðun lauk ekki á því ári og var gildistími framlengdur til ársloka 1986. Endurskoðun fór svo fram á s.l. ári og var nýtt frv. tilbúið í öllum meginatriðum nokkru fyrir þinghlé í desember. Ástæðulaust þótti að leggja það þá fram vegna mikilla anna á þingi fyrir jól. Nú er það hins vegar lagt fram og þess vænst að Alþingi afgreiði frv. sem allra fyrst.

Nauðsynlegt er að iðnráðgjöfin hafi ákveðin lög til að styðjast við. Það fer ekki á milli mála að það er mjög æskilegt ef ekki nauðsynlegt að veitt sé ráðgjöf og upplýsingar látnar í té um hvaðeina sem stuðlað getur að vexti og viðgangi iðnaðar í landinu og þá ekki síst á landsbyggðinni.

Vegna samdráttar í hefðbundum atvinnugreinum allvíða um landið er meiri ástæða en nokkru sinni fyrr til að hlúa sem best að þeim iðnaði sem fyrir er og þá ekki síður að koma fótum undir ný atvinnutækifæri á sviði iðnaðar. Menn geta ekki búist við að árangur verði mikill ef þessi fyrirtæki eiga að standa á spóaleggjum eins og oft hefur orðið raun á, jafnvel allt of oft. Hér þarf að renna gildum stoðum undir. Við höfum nú þegar allt of sára reynslu af því að rokið hefur verið af stað með alls konar atvinnurekstur án þess að fullnægjandi athugun og undirbúningur hafi farið fram. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Einstaklingar, sveitarfélög og ríkissjóður hafa margan skellinn hlotið vegna ófara hjá fyrirtækjum sem stofnað hafði verið til af of lítilli eða engri fyrirhyggju. Hugmyndin sjálf hefur kannske verið góðra gjalda verð, en að undirbúningi og rekstri hefur ekki verið staðið sem skyldi. Það eru nefnilega sígild sannindi hið fornkveðna: Varðar mest til allra orða að undirstaðan sé réttlig fundin.

Markmiðið með því frv. sem hér liggur fyrir er einmitt að stuðla að traustri undirstöðu iðnrekstrar í landinu með ráðgjöf og hvers konar miðlun upplýsinga sem að gagni megi koma. Frv. er byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna frá 1981 og að ýmsu leyti á tillögum sem Iðntæknistofnun Íslands hefur sent ráðuneytinu. Sú stofnun hefur af hálfu ríkisvaldsins einkum haft umsjón með framkvæmdinni. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að stefnt hafi verið í rétta átt með lögunum 1981, enda hér verið að ræða ráðgjafarþjónustu sem á sér hliðstæður bæði í Danmörku og Noregi og hefur notið þar opinbers stuðnings og þótt gefast vel.

Ekki þykir í þessum efnum fremur en öðrum ástæða til að þræða nákvæmlega fyrirmyndir þaðan í einstökum atriðum þótt byggt hafi verið á meginsjónarmiðum. Það er meginatriði þessa frv. að í því er ekki gert ráð fyrir að hið sjálfvirka fjárstreymi, sem verið hefur frá upphafi samkvæmt ákvæðum laganna frá 1981 til landshlutasamtaka og iðnþróunarfélaga, haldist heldur verði reynt að stýra því fé sem til ráðstöfunar er þannig að það komi að sem mestu gagni. Þá er það og nýmæli að lagt er til að fjárveitingar verði ekki einskorðaðar við landshlutasamtök og iðnþróunarfélög heldur geti ýmiss konar félög og jafnvel einstaklingar komið til álita þegar fé til iðnráðgjafar er ráðstafað.

Að því er stefnt að iðnráðgjöfin verði markvissari og árangursríkari en verið hefur. Í stað þess að hafa sjálfvirk styrkjakerfi, eins og nú er, þykir vænlegra til árangurs að styrkja þá aðila sem sýna frumkvæði og hafa vilja og getu til athafna á því sviði sem lögin taka til. Þar með er talin upplýsingaþjónusta um iðnaðarmál, fræðslustarfsemi, fundarhöld og ferðakostnaður.

Ætlunin með frv. er að einungis njóti stuðnings skilgreind verkefni og þá að jafnaði með mótframlagi umsækjanda. Með þessu er að því stefnt að beina athygli manna að verkefnum sem þeir telja verulegar líkur á að skili árangri.

Nauðsynlegt er að fjárveiting til iðnráðgjafar verði aukin nokkuð úr því sem nú er, en eðlilegt þykir að fjárveiting verði ákveðin af fjárveitingavaldinu hverju sinni. Fjárveiting skv. fjárlögum 1987 er nokkuð innan við 7 millj. kr., en æskilegt að hún hefði orðið a.m.k. 10 millj. kr.

Sú hugmynd hefur komið fram að rétt væri að ákveðið grundvallarframlag eða grunnframlag yrði greitt til landshlutasamtaka og iðnþróunarfélaga með svipuðum hætti og nú er, en því fé sem umfram yrði verði ráðstafað skv. frv. Slíkt fyrirkomulag mundi aðeins stuðla að því að viðhalda sjálfvirka kerfinu og þar með brjóta í bága við meginmarkmið þessa frv. Þetta er því talið óráðlegt.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt, þau heiti „Lög um iðnráðgjöf" en ekki „Lög um iðnráðgjafa".

Um einstakar greinar má segja þetta:

Í 1. gr. er gerð grein fyrir markmiði laganna sem er að draga úr því misvægi sem er á aðstöðu aðila úti á landi til að njóta ráðgjafar og aðstoðar á sviði iðnaðar og aðstöðu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Eins og málum er nú háttað eiga aðilar þar greiðari aðgang að þjónustu- og fræðslustofnunum iðnaðarins, en með þessum lögum er reynt að jafna metin. Ekki þykir rétt að einskorða aðstoð við sveitarfélög og samtök þeirra og iðnþróunarfélög eins og gert er í 1. gr. núgildandi laga. Eðlilegt virðist að sem flestir geti átt kost á aðstoð. Það yrði á valdi sjóðstjórnar skv. 6. gr. að meta hvaða verkefni væru líklegust til að skila árangri.

Í skilgreiningu hugtaksins iðnráðgjöf í 2. gr. eru tekin upp þau verkefni sem iðnráðgjafar hafa einkum starfað að frá því að lögin um iðnráðgjafa voru sett, sbr. 3. gr. þeirra. Hér er um að ræða mjög fjölbreytileg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir að verið sé að seilast inn á tíðkanlegt verksvið iðnráðgjafastofa né þeirra aðila sem nú starfa að fræðslumálum á sviði iðnaðar. Eins og orðalagið bendir til er hér um að ræða fyrstu skrefin, en síðar kæmu aðrir á eftir.

Í 3. gr. er lagt til að stofnaður verði sérstakur ráðgjafarsjóður iðnaðarins er styrki ráðgjöf sem um ræðir í 4. gr. frv. Einhver kynni að telja að ástæðulaust væri að fjölga opinberum sjóðum, fremur ætti að fækka þeim, en hér er raunverulega um það að ræða að í stað þess að ríkisframlag renni sjálfkrafa til viðtakanda eins og verið hefur yrði stjórn á því hvernig framlaginu er varið. Því er lagt til að það form verði haft á sem í greininni segir.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna frá 1981 segir svo um *ríkisframlag til iðnráðgjafar*: „Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka." Þessi viðmiðun er óljós að ekki sé talað um að bæta ætti við þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði samkvæmt mati og nánari ákvörðun ráðuneytis eins og tillaga hefur komið fram um. Það væri vissulega æskilegt að geta haft ákveðna viðmiðun til að tryggja tiltekið framlag, en sú skipun fékk ekki byr.

Í frv. er gert ráð fyrir að árleg fjárveiting verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, en í fjárlögum fyrir 1987 eru í þessu skyni áætlaðar 6 millj. 830 þús. kr. eins og áður er getið. Í því sambandi má benda á að fjárveiting vegna starfa fagráðunauta á sviði landbúnaðar hjá Búnaðarfélagi Íslands og samkvæmt jarðræktarlögum mun vera um 40 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1987. Eins og áður hefur verið sagt hefði verið æskilegt að fjárveiting yrði hækkuð verulega og verður að vona að iðnráðgjöfin fái mjög aukna fjárveitingu á komandi tíð.

Í 5. gr. eru taldir upp þeir sem hugsanlega geta notið styrks úr ráðgjafarsjóði. Hér eru fyrst nefnd sveitarfélög og samtök þeirra svo og iðnþróunarfélög, en aukið er við öðrum aðilum og er þess áður getið. Nú er mikið ósamræmi í því hvernig greiðslu fyrir þjónustu og framlögum viðtakanda styrks er háttað, eins og fram hefur komið í grg. Iðntæknistofnunarinnar sem fylgir frv. Í sjálfu sér getur það farið mjög eftir atvikum hvernig með skuli fara. Þykir eðlilegra að það verði metið af sjóðstjórn hve há framlög eigi til að koma og hvenær greiða á fyrir þjónustu í stað þess að hafa hið sjálfvirka kerfi. Hlýtur stjórn að hafa til viðmiðunar eðli og umfang verkefnisins sem um er að ræða og út frá þeim sjónarmiðum sem koma fram við 1. gr. um markmið laganna.

Þar sem iðnráðgjöf heyrir undir iðnrh. þykir eðlilegt að hann skipi formann í stjórn ráðgjafarsjóðs. Æskilegt er að traust tengsl séu við Iðntæknistofnun og því er eðlilegt að hún tilnefni annan stjórnarmann en Byggðastofnun hinn þriðja, sbr. ákvæði 1. gr.

Þar sem mörg verkefni sem lögin taka til eru þess eðlis að þau geta tekið yfir nokkuð langt tímabil þykir rétt að skapa möguleika á því að veitt verði fyrirheit fram í tímann og þótti hæfilegt að miða við tvö ár. Að þeim tíma loknum má ætla að verkefni séu komin út fyrir verksvið ráðgjafarsjóðs og farin að heyra undir verksvið hinna hefðbundnu sjóða iðnaðarins. Hér gæti einnig komið til greina fyrirheit til að tryggja starfskrafta ákveðins starfsmanns, en staða iðnráðgjafa er mjög ótraust samkvæmt gildandi lögum.

Áður var vikið stuttlega að mótframlögum. Tilgangur með ákvæðum 8. gr. er m.a. sá að sýnt sé að umsækjandi hafi bæði vilja og getu til að leggja eitthvað á móti. Þessi mótframlög geta orðið mjög mismunandi eftir eðli þess viðfangsefnis sem um er að ræða. Nauðsynlegt þykir að hafa heimild til að falla frá skilyrðum um mótframlög þegar sérstakar ástæður mæla með.

Í lok grg. með frv. er að finna útdrátt úr skýrslu Iðntæknistofnunar um framkvæmd laganna frá 1981 fyrir tímabilið frá september 1984 til september 1986. Ég ætla að þar sé að finna drjúg rök til þeirrar endurskoðunar sem fram hefur farið og frv. ber vitni um.

Það er alltaf álitamál hversu ítarleg ákvæði laga eiga að vera. Ég held að það sé þó nokkuð eðlileg regla að hrein framkvæmdaratriði séu ákveðin í reglugerð fremur en þau séu fest í lög og því sett ákvæði um slíkt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ætlunin er að reynt verði í reglugerð að móta stöðu iðnráðgjafa sem hafa haft og munu væntanlega hafa mikla þýðingu á komandi árum. Það er hæpið að binda slíkt í lögum á þessu stigi. Hér er um

að ræða mjög unga og fámenna starfsstétt sem hefur verið skipuð mönnum með ólíka menntun. Ég held því að ekki sé ráðlegt að binda neitt um hana í lögum enn sem komið er, reglugerð sé rétta leiðin á þessu stigi.

Á fundi iðnráðgjafa í landshlutum og iðnþróunarfélaga, sem haldinn var á Akureyri 16. jan. 1987, var kynnt frv. sem hér liggur fyrir og mér hafa borist eftirfarandi ábendingar, en þar er lagt til:

1. Að fjárveitingar úr ríkissjóði verði ákveðnar að fengnum tillögum iðnþróunarfélaga og landshlutasamtaka. Þetta er ósköp meinlaust en ég held varla að ástæða sé að lögbjóða slíkt.

2. Að felldur verði niður möguleiki annarra en landshlutasamtaka sveitarfélaga og iðnþróunarfélaga til að fá framlög úr ráðgjafarsjóði. Þessu er ég algjörlega andvígur og tel einmitt að fleiri eigi að koma til, bæði ýmiss konar félög svo sem einstök sveitarfélög og jafnvel einstaklingar.

3. Í stað þess að Byggðastofnun tilnefni menn í stjórn sjóðsins komi samtök aðila um iðnráðgjöf í landshlutum. Ég veit ekki með vissu hvort búið er að stofna þessi samtök. Ég tel það fyrirkomulag eðlilegt sem um ræðir í frv., en hef þó ekkert við það að athuga að því yrði hagað á annan veg. Ég tek þó skýrt fram að ég tel alveg ástæðulaust að hafa stjórnarmenn í þessari ráðgjafarnefnd fleiri en þrjá og iðnrn. verði að eiga þar formann.

Hæstvirtur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð að sinni, en legg til að frv. verði að lokinni umræðu hér og nú vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég fæ þetta mál til athugunar í nefnd þannig að ég þarf ekki að hafa mörg orð hér um í upphafi. Hér er um þýðingarmikið og þarft mál að ræða sem nauðsynlegt er að fái afgreiðslu hér. Reynslan af starfi þeirra manna sem hér er um fjallað, iðnráðgjafanna í landshlutunum, er mjög góð og nauðsynlegt að festa það enn betur í lögum um starfssvið þeirra og möguleika til að greiða úr málum fyrir menn. Í landshlutunum er almenn ánægja með störf þeirra. Það eitt skortir kannske á, eins og hæstv. iðnrh. kom inn á áðan, að enn þá eru þessi mál á fullmiklum spóaleggjum þannig að menn hafa ekki afl á bak við sig til að fara út í ýmislegt af því sem þeir vildu gjarnan fara í, allra síst á hinum smærri stöðum þar sem ýmsir möguleikar eru þó fyrir hendi ef afl þess sem gera skal, þ.e. fjármagnið, væri til staðar.

Ég held að það sé því mjög þarft að skoða þetta mál vel og flýta afgreiðslu þess. Ég sé að í áliti þeirrar nefndar sem hæstv. fyrrv. iðnrh. skipaði til að endurskoða þessi lög og í áttu sæti Gunnar Guttormsson frá iðnrn., Sigurður Guðmundsson frá Byggðastofnun og Theódór Blöndal framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, eru tillögur um breytingar á núgildandi lögum sem fara um margt í annan farveg en það frv. sem hæstv. ráðh. var að mæla fyrir áðan. Það er auðvitað nauðsynlegt að kynna sér þann mismun sem þar er á. Ég ætla ekki að fara efnislega út í það hér og nú.

Ég heyrði að hæstv. iðnrh. kom inn á að það væru að vissu leyti deildar meiningar meðal iðnráðgjafa og eins annarra aðila um þetta og væri sjálfsagt að taka ýmislegt þar til athugunar. Ég hef undir höndum bréf frá iðnráðgjöfunum um viss óánægjuatriði, þó kannske ekki veigamikil, en ákveðin óánægjuatriði og atriði sem þeir vildu hafa á annan veg. Ekki segi ég að við eigum að fara eftir ábendingum þeirra starfsmanna, en nauðsynlegt er fyrir nefndina að kalla fulltrúa þeirra á sinn fund og kynnast þeim sjónarmiðum sem efst eru á baugi hjá þeim einnig.

Ég fagna því að frv. skuli fram komið og við getum farið að skoða það, en ætla ekki á þessu stigi að taka efnislega afstöðu til ýmissa þátta þess, m.a. þeirra þar sem nokkur mismunur er á því nál. sem þessir þrír ágætu menn skiluðu frá sér á sínum tíma og þeirrar frumvarpsgerðar sem hér liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál. — Þskj. 624.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt af því að það láðist við afgreiðslu fjárlaga að taka þessa leiðréttingu með, en frv. er til þess flutt að hækka skattleysismörk vegna þessarar skattheimtu og er gert ráð fyrir 23% hækkun skattleysismarkanna. Þetta er nauðsynlegt til þess að þessi skattur hækki ekki sem því nemur.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. Hv. menntmn. er víst hinn venjulegi farvegur þessa máls, en í þessu falli held ég að ég leggi til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 625.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Skv. 10. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, áður lög nr. 50/1981 með sama heiti, skal endurskoðun laga þessara lokið fimm árum eftir gildistöku þeirra, þ.e. eigi síðar en 1. ágúst næstkomandi. Til að vinna að þessari lögskipuðu endurskoðun skipaði ég með bréfi 28. júlí s.l. sérstaka nefnd sem í áttu sæti þeir Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, tilnefndur af landlækni, og Valdimar Brynjólfsson heilbrigðisfulltrúi, tilnefndur af Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands. Ritari og sérstakur starfsmaður nefndarinnar var skipaður Þórhallur Halldórsson forstöðumaður.

Rétt er að vekja athygli á því að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þ.e. lögin nr. 50/1981, hafa í reynd tvisvar hlotið endurskoðun frá gildistöku þeirra sem var 1. ágúst 1982, annars vegar með lögum nr. 92/1984 sem felld voru saman við fyrri lögin og gefin út svo breytt með lögum 109/1984 og hins vegar með setningu laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Fyrri breytingin snertir fyrst og fremst heimild sveitarfélaganna og Hollustuverndar ríkisins til gjaldtöku vegna þjónustu sinnar, heilbrigðiseftirlits og rannsóknastarfa. Með síðari breytingunni var geislavarnarstarfsemin vegna sérstaks eðlis síns tekin frá Hollustuvernd ríkisins og sett undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins. Hefur því eitt af verkefnum nefndarinnar verið að fella þessar breytingar inn í frv. það sem hér liggur frammi.

Með setningu nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á árinu 1981 var fyrst og fremst stefnt að þremur markmiðum: Að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðiseftirliti og mengunarvarnaeftirliti á landinu öllu. Felldar voru undir eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins, þrjár stofnanir á vegum heilbr.- og trmrn. sem störfuðu á þessum vettvangi, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Sett var á fót sérstök mengunarvarnadeild innan Hollustuverndar ríkisins og þar með í fyrsta skipti kveðið á um mengandi atvinnurekstur á heildstæðan hátt í íslenskri löggjöf.

Það voru fyrst og fremst þessi atriði sem komu til umfjöllunar í endurskoðunarnefnd laganna auk ýmissa smærri atriða sem ákveðið var að leggja til að yrðu færð til betri vegar eða felld úr gildi með vísun til fenginnar reynslu. Ef litið er til áðurgreindra meginmarkmiða með lagasetningunni 1981 má segja að í aðalatriðum hafi tekist að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðis- og mengunareftirliti í landinu öllu. Þannig hefur næstum tekist á aðeins fjórum árum að koma á í landinu öllu heilbrigðiseftirliti sem er í höndum sérkunnáttumanna að verulegu leyti. En þar sem þetta hefur ekki alveg tekist enn eru áform uppi um úrbætur innan skamms. Með skírskotun til jákvæðrar þróunar þessara mála í landinu eru nánast engar brtt. gerðar varðandi þennan þátt laganna. Þær breytingar sem fram koma varðandi hann snerta fyrst og fremst stöðu svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit, þ.e. afskipti þeirra af fjármálum og samskipti sveitarfélaga sem standa saman að heilbrigðiseftirliti á hinum þrettán eftirlitssvæðum þannig að síður komi til erfiðleika við afgreiðslu fjárhagsáætlana.

Varðandi annað meginmarkmiðið, sem er starfsemi Hollustuverndar ríkisins, er nefndin þeirrar skoðunar að ekki hafi tekist sem skyldi til um það.

Það er álit nefndarmanna að stofnunin eigi enn langt í land með að sinna þeim veigamiklu verkefnum sem henni eru falin lögum samkvæmt. Þó fjárskortur hafi ráðið þar miklu komi enn fremur til húsnæðisleysi og skortur á efnarannsóknum matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, auk þess sem stjórnun stofnunarinnar sé ekki nægilega sterk. Varðandi húsnæði og aðstöðu til efnarannsókna matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara er rétt að benda á að gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins fái rými í húsnæði því sem ríkið keypti af Vörumarkaðnum í Ármúla í Reykjavík. Ætti sá vandi því að leysast innan tíðar. Nefndin leggur hins vegar til að stjórn stofnunarinnar verði gerð skilvirkari og að málum verði þannig komið fyrir að möguleikar gefist til betri og markvissari stjórnunar en hingað til. Nefndin telur nauðsyn virkrar stjórnunar brýna þar sem um sé að ræða stofnun sem eigi litla möguleika til tekjuöflunar vegna eðlis starfseminnar sem er að annast aðstoð við heilbrigðiseftirlitið í landinu og þjónustu við almenning yfirleitt.

Til að reyna að ráða bót á þessu leggur nefndin til að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri með rekstrarmenntun og rekstrarreynslu sem starfi með sérstakri þriggja manna starfsstjórn sem ráðherra velur úr sjö manna stjórn stofnunarinnar, en í þeim hópi eru hinir faglegu sérfræðingar. Enn fremur leggur nefndin til að starfssviðum stofnunarinnar verði fjölgað um eitt, þ.e. eiturefnasvið, en um nauðsyn þess þarf varla að fjölyrða. Um þriðja þáttinn, þ.e. stofnun sérstakrar mengunarvarnadeildar og ákvæði laganna um mengunarvarnir, telur nefndin of skamman tíma hafa liðið til þess að hægt sé að dæma þar um reynsluna með fullri vissu, en bendir á að á undanförnum fjórum árum hefur þó ýmsu verið áorkað. Nefndin leggur því engar efnislegar breytingar til varðandi þann þátt.

Ég hef hér að framan í stuttu máli gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem felast í frv. því sem hér liggur frammi. Með frv. fylgir mjög ítarleg grg. þar sem m.a. er greint frá starfsháttum nefndarinnar, reynslu af framkvæmd gildandi laga í héruðum landsins, starfsemi Hollustuverndar ríkisins eftir starfssviðum og helstu nýmælum frv., auk ítarlegra athugasemda við einstakar greinar.

Ég læt nægja að vísa til þessara atriða, en legg þó megináherslu á að efla þá starfsemi Hollustuverndar

ríkisins m.a. með því að gera stofnuninni kleift að annast eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og koma fyrir innan stofnunarinnar á næstu tíu árum rannsóknastarfsemi sem lýtur að efnarannsóknum vegna Heilbrigðiseftirlitsins, t.d. vegna þeirra atriða sem ég hef áður greint, matvæla og annarra neysluvara, en um þessi atriði er fjallað í ákvæðum til brb. í frv.

Ég tel að ekki verði lengur undan þeirri ábyrgð vikist að koma á fót slíkri starfsemi hér á landi, þ.e. að þegar verði hafist handa við þá uppbyggingu, enda gefast betri möguleikar til þess bráðlega þegar stofnunin flyst í nýtt húsnæði.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. með beiðni um eins skjóta fyrirgreiðslu og unnt er þannig að unnt sé að taka afstöðu til afgreiðslu þess á þessu þingi í samræmi við það sem segir í ákvæðum til bráðabirgða í gildandi lögum, en með einhverjum hætti þurfum við að standa við það ákvæði. Ég vil í því tilefni, ef það mætti verða til að greiða fyrir starfi nefndarinnar, vísa til þess að undirbúningsnefnd málsins hefur haft samráð og leitað umsagnar geysimargra aðila sem málið snertir, en þeir eru upp taldir í grg.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra, frh. 1. umr.

Frv. IG o.fl., 336. mál. — Þskj. 586, 613 (rökst. dagskrá).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 613 samþ. með 21:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GJG, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, StH.

nei: SJS, SvG, ÞS, GeirG, GB, GE, GA, GHelg, IG, JS, JBH, KP, KJóh, PP, StG, SV, KH.

GSig greiddi ekki atkvæði.

1 þm. (HG) fjarstaddur.

Tólf þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Þessi tillöguflutnigur er í senn atlaga að þingræðislegum vinnubrögðum og tilraun til að koma í veg fyrir að Alþingi láti rannsaka vægast sagt hæpin vinnubrögð hæstv. menntmrh. Ég mótmæli þessum tillöguflutningi í nafni góðra þingvenja og í nafni þess hlutverks Alþingis að veita ráðherrum vald og aðhald. En fyrst og síðast er ég efnislega algerlega andvígur þessari frávísunartillögu og segi nei.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel í fyrsta lagi að mál eigi að fá þinglega meðferð. Í öðru lagi vil ég með atkvæði mínu mótmæla óeðlilegri íhlutun forseta Hæstaréttar í meðferð þessara mála á Alþingi. Ég segi því nei við þessari till.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Í hinni helgu bók má lesa í Mattheusarguðspjalli eftirfarandi: „Ræða yðar skal vera já, já eða nei, nei, en það sem er umfram þetta er af hinu vonda.“ Virðulegi forseti. Þar sem mér gengur illa að hlíta boðorðum helgrar bókar vona ég að mér leyfist að hafa orfá aðfaraorð.

1. Í næstu fjárlögum þarf að gera ráð fyrir meira fé til hjálpar- og stuðningskennslu en nú er og að sem mestur jöfnuður verði milli landshluta.

2. Í deilum um fræðslustjóra á Norðurlandi eystra virðist mér ekki vera um mistök að ræða hjá fræðslustjóra heldur var þetta ásetningur hans.

3. Hvernig færi ef forstöðumenn hundraða ríkisstofnana ásettu sér að ráðstafa meira fé en þeim væri heimilað? Ef það væri liðið væri Alþingi ekki með því að afsala sér fjárveitingavaldinu í hendur embættismanna?

4. Í þessu máli fer ég ekki eftir flokki mínum heldur samvisku minni eins og stjórnarskráin kveður á um.

Virðulegi forseti. Spurt er hvort ég sé með eða á móti frávísunartill. um það mál sem hér á dagskrá er og í samræmi við helga bók skal svar mitt og ræða mín vera þessi: já, já.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Með tilliti til þess að fyrrverandi fræðslustjóri Norðurlands eystra hefur nú vísað brottrekstursmáli sínu til dómstóla tel ég fráleitt að Hæstiréttur skipi nefnd til að kanna mál sem allt eins gæti komið til kasta réttarins sjálfs, en frv. gerir ráð fyrir slíkri nefndarskipan af hálfu Hæstaréttar. Með kæru fræðslustjórans hefur málið tekið aðra stefnu en flm. frv. gerðu ráð fyrir. Ég tel því frv. í hæsta máta óheppilegt og til lítils að eyða þessum síðustu þingdögum í nefndarstörf um það. En ég tel þó að erfitt geti reynst að ákveða hvaða þingmálum skuli vísað frá án þess að ganga til nefndar, enda þeim vinnuaðferðum sjaldnast beitt á hinu háa Alþingi. Ég greiði því atkvæði með því að frv. fari hina hefðbundnu leið til nefndar og segi nei.

Ingvar Gíslason:

Virðulegi forseti. Ég er með öllu andvígur þessari rökstuddu dagskrá. Hún er ekki flutt í góðu skyni, ekki til þess að heiðra þingvenjur og tryggja eðlilega meðferð þingmála. Hún er flutt af ofurkappi af hálfu sjálfstæðismanna. Sjálfstæðismenn hatast við þetta frv. og hafa talið það jafngilda vantrausti á menntmrh. þó hér sé eingöngu um það að ræða af minni hálfu að gagnrýna eitt afmarkað embættisverk hæstv. menntmrh. Þá seilast sjálfstæðismenn nú til þess og það skyndilega að tala um að frv. sé óþinglegt. Slík viðbára þjónar ekki góðum tilgangi og er gerð í því skyni að villa um fyrir mönnum en ekki til að skýra málið í heild, hvernig þetta frv. er til orðið og hvert sé efni þess í heildinni. Ummæli sem höfð eru eftir forseta Hæstaréttar um þetta mál hljóta að byggjast á misskilningi hans eins og málsatvik eru og mega alþm. ekki láta þau villa sér sýn. Að mínu áliti mælir allt gegn þessari till. um rökstudda dagskrá. Eðlilegast er að málinu verði vísað til nefndar. Því segi ég nei.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér leyfist mönnum greinilega að hafa nokkur orð um í atkvæðagreiðslu. Ég tel það óeðlilegt að þingdeild temji sér það ef óþægileg mál koma upp að þá sé meinað að þau fari til nefndar. Ég tel eðlilegt að þetta mál fari til nefndar og þar verði það skoðað á eðlilegan hátt, eins og yfirleitt er gert að því er varðar þingmál. Ég tel líka óæskilegt og nánast óverjandi af forseta Hæstaréttar að vera að blanda sér í umræður á Alþingi um þetta mál. Það er óvirðing við þingdeildina að forsætisráðherra flytji skilaboð frá forseta Hæstaréttar. Ég segi því nei.

Ólafur G. Einarsson:

Hæstvirtur forseti. Skoðanir mínar á þessu frv. hafa þegar komið skýrt í ljós í rökstuðningi fyrir dagskrártillögunni. Ég árétta að dómstólar eiga einir úrskurðarvald um það hvort frávikning fræðslustjórans hafi verið réttmæt að lögum. Hann hefur þegar ákveðið með stefnu útgefinni 12. þ.m. að láta á það reyna. Það er hin lögformlega og rétta leið. Frv. sem kveður á um aðra málsmeðferð er því óþarft ef ekki óþinglegt og á ekkert erindi til þingnefndar. Álit forseta Hæstaréttar, sem raunar hnígur í sömu átt, á ekki að nota til að knýja á um athugun frv. í þingnefnd. Það álit skiptir einfaldlega ekki máli. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég hef staðið að því að vísa til nefnda hverju því máli, hversu það er vitlaust, sem fram hefur komið og gert það án þess að ráðgast um það við mína samvisku. Nú ber svo til aftur á móti að hér er flutt mál sem tvímælalaust er þegar orðið að dómstólamáli. Og með fullri virðingu fyrir því að þrískipting valdsins er grundvöllur lýðræðisins og sú regla á að vera virk, jafnvel þó stutt sé til kosninga, segi ég já.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að sú aðferð sem lagt er til að viðhöfð verði með þessu frv. sé ekki hin heppilegasta. Hæstv. menntmrh. ber sjálfum að hafa forgöngu um að leysa þessa deilu og ef hann gerir það ekki af sjálfsdáðum á næstu dögum tel ég að forsrh. eigi að gefa honum fyrirmæli þar um. Ég ber traust til menntmrh. og veit að hann hefur burði til að setja deiluna niður. Flutningur dagskrártillögu er of hörð og ástæðulaus viðbrögð og óvenjuleg. Hér er ekki um vantraust á menntmrh. að ræða. Ég tel eðlilegt að frv. gangi með þinglegum hætti til nefndar sem þá fengi tækifæri til að kanna formsatriði málsins og kalla forseta Hæstaréttar fyrir. Ég segi nei við dagskrártillögunni.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist óeðlilegt að vísa ekki frv. á þskj. 586 til þingnefndar. Með því er ég þó ekki að taka afstöðu til þess að Hæstiréttur tilnefni sérstaka rannsóknarnefnd, eins og segir í frv. Ingvars Gíslasonar og meðflytjenda hans, heldur aðeins að staðfesta þá skoðun mína að eðlilegt sé að málið fái þinglega meðferð í þingnefnd, og því segi ég nei.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Í þau 20 ár sem ég hef átt sæti á virðulegu Alþingi man ég ekki til þess að frávísunartillaga hafi verið flutt við 1. umr. um frv. til l. Hins vegar vildi ég ekki vera meðflutningsmaður að því frv. sem hér er nú verið að greiða atkvæði um þar sem ég taldi litlar líkur á að meiri hluti þm. mundi styðja það í því formi sem það er fram borið. Ég hef talið að meiri líkur séu fyrir því að meiri hluti þm. styðji þá till. til þál. sem ég hef flutt, enda tel ég hana í fullu samræmi við beiðni fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra. Ég tel að þetta mál eigi að fara til nefndar og einnig þær þáltill. sem hafa verið bornar fram í Sþ. og reynt að fá samstöðu um að sett verði hlutlaus nefnd til að athuga öll málsatvik þessarar deilu. Ég tel að þessi frávísunartillaga sé ótímabær og því segi ég nei.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Með tilvísun til þess að mál þetta er orðið að dómsmáli tel ég í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi ákveði að Hæstiréttur skipi rannsóknarnefnd í málið. Reyndar leyfi ég mér að efast mjög um að málið hefði verið lagt fram af svo þingreyndum manni sem 1. flm. ef svo hefði verið orðið fyrr. Ég segi því já við frávísunartillögunni.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Frv., 295. mál (gjalddagar þungaskatts). — Þskj. 527.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 18. mál. — Þskj. 18, n. 621, brtt. 622.

Frsm. kosningalaganefndar (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. kosningalaganefndar sem birt er á þskj. 621.

Ég kemst ekki hjá því að fara örfáum orðum um aðdraganda þessa og sögu þessa máls. Ég byrja á því að nefna það að um 1980 var mikil umræða um misvægi atkvæða. Formenn stjórnmálaflokkanna komu sér saman veturinn 1982–1983 um að breyta stjórnarskrá og kosningalögum. Markmið formannanna var að jafna vægi að því marki sem það var 1959, þ.e. gengið var út frá ákveðnu misvægi atkvæða. Annað markmið var að ná fullum jöfnuði á milli flokka.

Stjórnarskrárfrumvarp var samið veturinn 1982–1983 og kosningalög sem prentuð voru sem fylgiskjal. Höfundar frv. voru þeir þáverandi formenn stjórnmálaflokkanna, Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson, hv. þm. Stjórnarskrárfrv. var samþykkt vorið 1983 fyrir kosningar. Stjórnarskrárfrv. og kosningalög hlutu stuðning þjóðarinnar í kosningum 1983 og stjórnarskrárbreytingin var staðfest á næsta þingi og kosningalög formannanna lögfest vorið 1984.

Ljóst var að á frv. voru nokkrir annmarkar sem þurftu leiðréttinga við. Það var á hinn bóginn vilji margra þm. að kanna hvort samstaða gæti náðst um ítarlega endurskoðun frv. Því varð að ráði að lagfæra ekki tæknilega ágalla þess fyrr en þeirri endurskoðun lyki, enda var lögfesting samningur á milli flokkanna.

Kosningalaganefnd hefur verið kosin á hverju þingi síðan og við höfum unnið mikið starf. Takmark kosningalaganefndar í vetur hefur verið þetta: Í fyrsta lagi að samræma lögin stjórnarskránni. Í öðru lagi að lagfæra tæknilega ágalla. Í þriðja lagi að einfalda lögin og gera þau skiljanlegri. Í fjórða lagi að færa úrelt ákvæði til nútímalegra horfs. Í fimmta lagi að rýmka möguleika kjósenda til að taka þátt í kosningum. Mjög var reynt að ná samstöðu um meiri breytingar á úthlutunarreglum, en það tókst ekki. Markmiðin um fullan flokkajöfnuð og nokkurt misvægi atkvæða eru ósamrýmanleg þar sem flokkar eru missterkir eftir kjördæmum. Þess vegna reyndist ekki unnt að einfalda lögin enn þá meira né taka upp enn þá einfaldari úthlutunarreglur.

Einkenni kosningalaganna, eins og þau verða ef þetta frv. verður samþykkt, eru þessi í stuttu máli: Einföld kjördæmaúthlutun, fjórðungur þingsæta kjördæmabundin jöfnunarsæti og hlutfallsleg staða frambjóðenda eftir kjördæmum verður metin.

Nefndir þær sem starfað hafa á undanförnum þremur þingum hafa kannað margar hugmyndir og hlýtt á álit sérfræðinga. Það hafa verið lagðar fyrir nefndirnar heilsteyptar tillögur um breytt úthlutunarákvæði. Þannig hefur Jón Ragnar Stefánsson dósent lagt fram nákvæmar greinargerðir þar sem ákvæði gildandi laga eru gagnrýnd en um leið tillögur um önnur ákvæði. Hafa ábendingar hans haft drjúg áhrif á nefndarstarfið og ýmis atriði í máli hans hafa verið tekin til greina. Þá hafa Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur, Sigrún Helgadóttir reiknifræðingur og Þorkell Helgason prófessor lagt fram sameiginlegt álit um úthlutunarreglur og gert tillögur um breytingar. Þorkell Helgason hefur jafnframt lagt fram tillögur að nýju úthlutunarkerfi. Allar þessar tillögur víkja talsvert frá gildandi ákvæðum.

Nefndin hefur kynnt sér þessar tillögur og kannað ýmsa aðra möguleika en ekki hefur náðst samstaða um að hverfa frá því kerfi sem markað var með lögunum frá 1984. Því hefur starf nefndarinnar á þessu þingi beinst að því að sníða nokkra vankanta af lögunum. Það er ekki auðvelt verk því að grundvallaratriði kosningalaganna, eins og ég sagði áðan, svo sem jöfnuður milli flokka, nokkurt misvægi atkvæða og misstór kjördæmi, eru með ýmsum hætti ósamrýmanleg. Við þessa endurskoðun hefur helsta markmiðið verið að einfalda kosningaúthlutunarreglurnar, sérstaklega um kjördæmissætin, og jafnframt að gera þær rökréttari, einkum við úthlutun jöfnunarsæta. Við það starf hefur nefndin sem fyrr notið aðstoðar Þorkels Helgasonar sem hefur unnið margvísleg gögn fyrir nefndina. Helgi Bernódusson, deildarstjóri á skrifstofu Alþingis, hefur lagt nefndinni mikilsvert lið við að færa samkomulagsatriði innan hennar í viðhlítandi búning.

Nefndin hefur átt gott samstarf við Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmrn. Hann hefur verið með í ráðum um ýmsar lagfæringar á frv. Einnig hefur Jón G. Tómasson borgarlögmaður liðsinnt nefndinni.

Landskjörstjórnarmenn sátu fund með nefndinni og voru þeim kynntar tillögur hennar. Enn fremur voru Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og Sigurður Líndal prófessor kvaddir til viðræðna við nefndina um nokkur atriði í brtt. hennar.

Nefndinni bárust óskir frá framkvæmdastjórum stjórnmálaflokkanna um nokkrar breytingar á fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Lúta þær einkum að því að lengja þann frest sem til hennar er ætlaður og jafnframt að koma fastara skipulagi á val listabókstafa handa stjórnmálasamtökum og verður

það eftir tillögum nefndarinnar fært frá yfirkjörstjórnum til dómsmrn.

Nefndin gerir tillögur um að ákvæði laganna um varaþingmenn verði rýmkuð á þann hátt að forfallist varaþingmaður taki sá sæti hans sem næstur honum er í röðinni á framboðslista. Gilda þá hliðstæðar reglur um forföll varamanna og aðalmanna. Þykir og eðlilegt að þingmaður eigi þess ávallt kost að fá varamann í sinn stað.

Ákvæði gildandi laga um kjördag, síðasta laugardag júnímánaðar, eru úrelt orðin. Gerir nefndin að tillögu sinni að almennur kjördagur verði framvegis annar laugardagur í maí. Með þessu er nefndin ekki að taka afstöðu til kjördags í vor.

Veigamestu brtt. nefndarinnar fjalla um breytingar á reglum um úthlutun þingsæta, 111.–114. gr. laganna. Hvergi er um verulegar efnisbreytingar að ræða og enn sem fyrr byggt á „reglu stærstu leifar" við úthlutun þingsæta. Þetta hugtak virkar ruglingslega og því er lagt til að lýsa úthlutun þingsæta á annan hátt. Þarf þá að styðjast við hugtak sem nefnt er „kjördæmistala". Er hún skilgreind í hverju kjördæmi sem meðalfjöldi atkvæða að baki hverju þingsæti. Hafi t.d. verið greidd 6000 atkvæði í fimm manna kjördæmi telst kjördæmistala þess vera 6000:5, þ.e. 1200. Þá er úthlutað fyrst til þess lista sem hefur flest atkvæði, t.d. lista sem fékk 25% eða 1500 atkvæði. Að lokinni úthlutun er atkvæðatala listans lækkuð um kjördæmistöluna. Í dæminu verður ný atkvæðatala listans 1500-1200=300 atkvæði.

Þess er vænst að úthlutunarreglur verði auðskildari og líkari eldri aðferðum með þessu móti. Einkum þykir hin breytta aðferð eiga betur við þegar verið er að úthluta fyrstu þremur fjórðungum sæta til hvers kjördæmis. Á hinn bóginn er ávinningurinn minni þegar komið er að úthlutun jöfnunarsætanna. Þá er óhjákvæmilegt að bera saman stöðu lista í mörgum kjördæmum. Vegna stærðarmunar kjördæma og mismunandi þingsætatölu er þá ekki unnt að nota atkvæðatölu. Í þess stað verður að styðjast við hlutfall atkvæða af kjördæmistölu.

Öll rök hníga að því að endurreikna beri kjördæmistölur í hvert sinn sem landsframboð hljóta fulla tölu þingsæta eða koma ekki til álita við frekari úthlutun. Er það gert með því að draga frá gildum atkvæðum þau atkvæði sem þeir listar fengu sem eru úr leik við úthlutun sæta. Jafnframt skal draga frá þingsætatölu kjördæmisins þingsæti þau sem þessum lista hefur verið úthlutað. Mælir þá kjördæmistalan ávallt meðaltölu atkvæða að baki hverju sæti hjá þeim listum sem enn eiga kost á þingsætum. Samtímis ber þá að ákvarða á ný tölu ónotaðra atkvæða þeirra lista sem eftir eru. Er það gert sem fyrr með því að draga hina nýju kjördæmistölu frá upphaflegum atkvæðum hvers lista svo oft sem listinn hefur hlotið sæti.

Hin stærðfræðilegu rök fyrir endurreikningi koma einna skýrast fram í því að summa ónotaðra atkvæða er hverju sinni í samræmi við tölu þeirra sæta sem eftir er að úthluta, þ.e. jöfn kjördæmistölu fyrir hvert úthlutað sæti.

Þá vil ég drepa á lágmarksákvæði við úthlutun kjördæmissæta. 4. tölul. 112. gr. gildandi laga hljóðar svo:

„Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8 og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a.m.k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu."

Tilgangur þessa töluliðar er sá að hindra að smálistar eða sérframboð fái sæti út á óeðlilega lítið fylgi, án þess þó að flokkslistar á landsmælikvarða gjaldi þess.

Tilvísun til landsfylgis orkar hér tvímælis vegna ákvæða í síðustu mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að heimilt sé að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis með vísun til landsfylgis. Í þessari grein kosningalaganna er á hinn bóginn verið að úthluta fyrstu þremur fjórðungum sæta, og síðasta fjórðungi kann að verða úthlutað eingöngu með hliðsjón af landsfylgi. Til samans kynni því að vera farið fram yfir þá heimild að einungis megi ráðstafa ¼ þingsæta með vísan til landsfylgis.

Ákvæðið í 4. tölul. 112. gr. verður að skoða í samhengi við hindrun í 3. tölul. sömu greinar, þar sem sett er almennt mark við 7% fylgi í kjördæmi. Lagt er til að þessir þröskuldar verði sameinaðir í einn sem þá felur í sér að listar eigi ekki tilkall til sætis í þessari umferð, þ.e. við kjördæmisúthlutunina, nema þeir hafi hlotið atkvæðafylgi sem nemur ⅔ af kjördæmistölu.

Eftir þessa breytingu á efni laganna verður nokkru auðveldara að koma sérframboði að en að óbreyttum ákvæðum. Á hinn bóginn er öllu erfðara fyrir flokkslista að fá sæti út á mjög lítið fylgi. Þeir kunna á hinn bóginn að koma til álita við úthlutun jöfnunarsæta.

Þá kem ég að breytingum á jöfnunarsætum. Í 113. gr. gildandi laga er kveðið á um skiptingu jöfnunarsæta milli flokka eða landsframboða. Er þar áskilið að þau landsframboð sem náð hafa 5% landsfylgi eigi tilkall til jöfnunarsæta. Nefndin telur að hér verði að rýmka til vegna ákvæða í stjórnarskrá og heimila þeim landsframboðum, sem hlotið hafa þingsæti skv. núverandi 112. gr., rétt til jöfnunarsæta, enda þótt þau hafi ekki náð 5% af öllum gildum atkvæðum á landinu. Er lagt til að ákvæðið verði einfaldað og látið nægja að þau landsframboð ein, sem hlotið hafa mann kjörinn eftir núverandi 112. gr., eigi tilkall til jöfnunarsæta.

Þá vil ég nefna lágmarksákvæði við úthlutun jöfnunarsæta. Jöfnunarsætunum, öðru en því óbundna, er úthlutað í þremur áföngum í gildandi lögum. Í þeim fyrsta fá þeir listar forgang sem nú hafa atkvæðatölu sem nemur 0,8 þingsætishlut eða 80% af kjördæmistölu. Í öðrum áfanga er ráðstafað einu sæti til hvers kjördæmis í ákveðinni röð og í þeim þriðja er útdeilt síðustu sætunum sem ávallt eru í Reykjavík eða á Reykjanesi.

Í öðrum áfanga er í lögunum hindrun sem nemur

7% gildra atkvæða. Samsvarar þetta 35% af kjördæmistölu í fimm manna kjördæmum, en t.d. 49% af kjördæmistölu í sjö manna kjördæmi. Í fyrsta áfanga er mun hærri hindrun. Í þriðja áfanga er nú engin hindrun. Er hér lagt til að sett verði almenn hindrun sem gildi í öllum áföngum. Hún verður þá að miðast við hlutfall af kjördæmistölu en ekki atkvæðahlutfall. Er lagt til að hún nemi ⅓ af kjördæmistölu og taki einnig til úthlutunar á óbundna þingsætinu. Það er þó vilji nefndarinnar að viðhalda 7% þröskuldinum óbreyttum í öðrum áfanga. Hann er þá áhrifameiri en hinn nýi þröskuldur í þeim áfanga. Almenni þröskuldurinn hefur því einvörðungu áhrif í þriðja áfanga, svo og við úthlutun á óbundna sætinu.

Áhrif af hinum nýja almenna þröskuldi eru einnig óbein. Lagt er til að kjördæmistölur verði endurreiknaðar við jöfnunarsætaúthlutun ef listar eru undir þriðjungsmarki. Þá kæmi til greina að fella einungis niður einn lista í senn séu margir undir markinu, sbr. ákvæði um hindrun við kjördæmisúthlutun, sjá 3. kafla. Ekki þykir þó ástæða til þeirrar nákvæmni nú þar sem hindrunin er mun lægri.

Ekki kemur til greina að láta 7%-hindrunina eina gilda í öllum áföngum. Til þess er hún of há í tveimur stærstu kjördæmunum. Því er ekki heldur rétt að láta 7%-hindrunina hafa áhrif á útreikning kjördæmistalna.

Í lögunum frá 1984 var ákvæði sem átti að ná því markmiði að í öðrum áfanga fari aðeins eitt sæti til hvers þeirra kjördæma sem ekki fengu úthlutun í fyrsta áfanga. Að öðru leyti komi öll kjördæmi jafnt til álita og fari sæti fyrst til þess lista sem hefur þá atkvæðatölu sem nemur hæstum hundraðshluta af kjördæmistölu en á þann veg er bundnu jöfnunarsætunum öllum úthlutað. Að jafnaði ganga sæti í fyrsta áfanga til Reykjavíkur og Reykjaness og ekki annarra kjördæma. Því leiðir af orðalagi annars áfanga að þar er sætum oftast úthlutað til landsbyggðarkjördæmanna einvörðungu.

Þá kem ég að því sem virkar flóknast og órökréttast í allri lagasetningunni frá 1984, þ.e. ákvæðunum um flakkarann. Við gerum tillögur um lagfæringu á þessu ákvæði og verður það efnislega jafngilt gildandi lögum, en byggist nú á endurreikningi. Endurreikningur verður nú með nokkuð sérstæðu móti þar sem litið er á sama flokk í mörgum kjördæmum en ekki marga lista í sama kjördæmi. Að loknum endurreikningi fer sætið sem fyrr til þess lista framboðsins sem hæstan hefur hundraðshluta atkvæða af kjördæmistölu.

Í gildandi kosningalög vantar viðlagaákvæði sem grípa má til í mjög afbrigðilegum tilfellum og reynum við að setja undir þann leka.

Herra forseti. Ég fer að stytta mál mitt, en ég vil að endingu draga fram nokkur meginatriði sem lýsa þeim lögum sem kosið verður eftir ef þetta frv. hlýtur samþykki með þeim breytingum sem við í kosningalaganefndinni leggjum til.

Það er í fyrsta lagi. Þremur fjórðu þingsæta er úthlutað eftir úrslitum í hverju kjördæmi. Einum fjórða þingsæta er úthlutað með hliðsjón af úrslitum í landinu öllu. Þingsæti í Reykjavík verða 18, þar af 14 kjördæmissæti, á Reykjanesi 11, þar af 9 kjördæmissæti, á Vesturlandi 5, þar af 4 kjördæmissæti, á Vestfjörðum og Norðurl. v. sömuleiðis, á Norðurl. e. 7, 6 kjördæmissæti, á Austurlandi 5, 4 kjördæmissæti, á Suðurlandi 6, 5 kjördæmissæti og síðan eitt óbundið sæti.

Grunnhugtakið við kjördæmaúthlutunina er kjördæmistalan. Kjördæmistalan er gild atkvæði deilt með þingsætum kjördæmis. Ef gild atkvæði eru 7000 og þingsæti eru 5 verður kjördæmistalan 1400. Við kjördæmisúthlutun dregst kjördæmistala frá heildaratkvæðatölu flokks við hvern úthlutaðan mann flokksins í kjördæminu.

Fimmtíu þingsætum er sem sagt úthlutað eingöngu samkvæmt atkvæðastyrk innan kjördæmis, en 13 sætum úthlutað til jöfnunar á milli flokka eftir heildarfylgi en þó eru þau bundin ákveðnum kjördæmum.

Við jöfnunarúthlutun er meginreglan þessi: Óráðstafað sæti gengur til þess lista sem á flest atkvæði eftir, svo framarlega sem flokkurinn eigi rétt á jöfnunarsæti og enginn frambjóðandi í öðrum kjördæmum sé betur staddur hlutfallslega miðað við kjördæmistöluna. Reglur við jöfnunarúthlutun eru þessar:

Meginregla: Hlutfallsleg staða lista eftir kjördæmisúthlutun. Í fyrsta áfanga. Fyrst ganga sæti til þeirra sem eru með atkvæði sem nema 80% eða meira af kjördæmistölu, þ.e. oftast í Reykjavík eða á Reykjanesi. Í öðrum áfanga eitt sæti í hvert kjördæmi sem ekki fékk úthlutun í fyrsta áfanga. Í þriðja áfanga er úthlutun lokið í hverju kjördæmi og óbundna sætið fer til þess frambjóðanda sem best er settur við lok úthlutunar í öllum kjördæmum.

Þá ber að geta þess í fyrsta lagi að til þess að fá jöfnunarsæti þarf flokkur að hafa fengið kjörinn mann í kjördæmi samkvæmt móðurskipsreglunni, í öðru lagi að listar fá ekki jöfnunarsæti nema þeir hafi fengið þriðjung af kjördæmistölu eða 7% gildra atkvæða í öðrum áfanga. Endurreikningur á jöfnunarúthlutun: Þegar staða frambjóðandans er metin er sleppt atkvæðum og þingsætum þeirra flokka sem þá eru úr leik og lágmark atkvæða sem til greina koma við kjördæmisúthlutun eru tveir þriðju af kjördæmistölu.

Þegar ég lít yfir farinn veg, þ.e. nefndastörf kosningalaganefnda Nd. á undanförnu kjörtímabili, en ég hef haft þá ánægju að vera formaður þeirra, verð ég að viðurkenna að ég hefði getað hugsað mér að enn þá betri kosningalög yrði útkoman. Við fengum mjög örðugt verkefni. Ósamrýmanleg meginmarkmið og lagafrv. sem hafði verið gert samkomulag um á milli allra flokka þannig að allt var mjög njörvað.

Ég vil þó láta í ljós að ég tel að okkur hafi tekist allvel að leysa vandasamt verkefni. Við leggjum hér fram brtt. sem, ef samþykktar verða, móta okkur

kosningalög sem samræmast stjórnarskránni og eru miklu einfaldari og skiljanlegri en formannafrv. sem við fengum í hendur veturinn 1983–1984. Þessi kosningalög eru einföld og að flestu leyti rökrétt að byggingu þó að, eins og ég hef áður sagt, hin tvö ósamrýmanlegu markmið, ákveðið misvægi atkvæða og fullur flokkajöfnuður, setji ákveðnar hindranir. Enn væri hægt að einfalda lögin með því að taka burtu hin flóknu ákvæði um flakkarann og vista hann í ákveðnu kjördæmi en um það hefur ekki enn þá náðst pólitísk samstaða.

Ég vísa til ítarlegs nál. og tafla og fskj. á þskj. 621, svo og brtt. á þskj. 622. Nefndin útbjó útdrátt fyrir blaðamenn um úthlutun þingsæta og ég hvet menn til að kynna sér hann.

Ég ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem lagt hafa nefndinni lið og verið henni til ráðuneytis. Þá vil ég þakka meðnm. mínum góða samvinnu. Samstaða er innan nefndarinnar um allar brtt. hennar og mælir nefndin að öðru leyti með samþykkt frv. Fulltrúar Kvennalistans hafa setið nokkra fundi nefndarinnar. Undir nál. rita auk mín Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Guðmundur Bjarnason, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páli Péturssyni, sem hér var að ljúka máli sínu, vafðist æði oft tunga um tönn í framsögu fyrir þessu máli, og ekki er ég hissa. Ég minni á það að árið 1984 stóðu menn hér í spreng nánast, þeir hinir sömu og nú tala fyrir þessu máli, á þann veg að samþykkja þær tillögur sem þá voru lagðar fram og samþykktar að því er varðaði kosningalög. Síðan hafa flestir þeir hinir sömu setið og leiðrétt þá vitleysu sem þá var gerð úr þeirra höndum. Er undarlegt þó að hinum sömu vefjist tunga um tönn í framsögu fyrir svona málum?

Þetta hefur vafist fyrir þessum hv. þm. allan þennan tíma. En það hefur lítið farið fyrir þeim loforðum öðrum sem voru gefin 1984 af formönnum stjórnmálaflokka og forustumönnum stjórnmálaflokka um það að leiðrétta það óréttlæti sem ríkir að því er varðar búsetu í landinu. Þá voru gefin fyrirheit af forsvarsmönnum allra stjórnmálaflokka um að slíkt skyldi gert. Hafa menn séð það í reynd? Hafa menn séð tilburði í þá átt að létta byrði þeirra sem verst eru settir að því er varðar búsetu og þrengstan hafa kostinn? Nei. Slíkt hefur ekki gerst, það hefur heldur hallað á öfugan veg.

Ég greiddi atkvæði gegn kosningalagafrumvarpinu árið 1984 vegna þess að þá og ekki síður nú, að svo miklu leyti sem hægt er að skynja þennan óskapnað sem hér er á ferðinni, er að verulegu leyti gengið á rétt dreifbýlisins. Réttur þess er skertur. Um það virðast allir, a.m.k. þeir sem eru í þessum hópi, vera sammála. Nú standa þeir hinir sömu hér upp og réttlæta leiðréttingu á vitleysunni frá 1984 sem er auðvitað enn að verulegu leyti vitleysa.

Ég tek það fram að það svarar auðvitað vart kostnaði að vera að eyða löngum tíma í þetta mál hér. Það er greinilegt að menn eru búnir að bindast samtökum um það í meginatriðum að gera þetta frv. að lögum. Hvort þeir hinir sömu hafa um það hugmynd hvernig kosningar eftir slíku fyrirkomulagi kunna að verða skal ósagt látið. Ég hygg að enn sé æðimargt óskiljanlegt í útfærslu þeirra reglna sem menn eru nú að tala um og telja fullkomna þörf á að verði breytt, þrátt fyrir ágæti þeirra laga sem þeir mæltu með fyrir þremur árum síðan.

Er þessum aðilum, sem ætla að ráða ferðinni í þessa átt, ekki ljóst hvað hefur verið að gerast í byggðamálum undangengin ár? Það hefur svo stórkostlega hallast á dreifbýlið í þeim efnum með fólksflutningum á suðvesturhorn landsins og allir vita hvað það þýðir. Er mönnum virkilega ekki ljóst hvað er að gerast t.d. á Vestfjörðum þar sem allt bendir til þess að verði áframhald á því sem hefur verið að gerast muni fólki fækka um sem svarar helmingnum af íbúum Ísafjarðar, eins og þeir eru í dag, upp úr 1990? Horfa menn ekkert á þessar staðreyndir? Virða menn að vettugi það sem nú er að gerast? Ætla menn á engan hátt að standa við þau fyrirheit sem þeir gáfu dreifbýlisfólki 1984 að ég tel í fullkomnu samræmi við það sem flokkarnir þá vildu? Eða voru það svikin fyrirheit sem menn voru þá að gefa? Þessi spurning hlýtur auðvitað fyrst og fremst að beinast að meiri hlutanum hér á Alþingi sem hefur ráðið ferðinni síðan. Hvað hafa þeir gert í þá veru að rétta hlut þeirra sem byggja dreifbýlið? Þeir ráða ferðinni og þeirra hefur verið valdið hér á Alþingi síðan, að ráða. Ég a.m.k. fullyrði að því er varðar Vestfirðinga að þar hefur ekki bólað á miklu til þess að rétta þann skarða hlut sem þeir hafa borið frá borði í gegnum árin. Það kemur mér einkennilega fyrir sjónir að þetta skuli gerast á sama tímabili og hv. 1. þm. Vestf. gegnir forsætisráðherraembætti hér á landi — að vísu nú ákveðið að flýja. Og það er kannske táknrænt að þeir sem eru í fyrirsvari treysta sér ekki til þess að eiga búsetu eða vera tengdir við kjördæmi eins og Vestfjarðakjördæmi er. Þetta á auðvitað við um miklu fleiri en hér er talað um, þann sem hæst trónir í þessum efnum. Þetta á auðvitað líka við um þm. eins og hv. þm. Pál Pétursson sem er fulltrúi dreifbýliskjördæmis sem ég efast ekki um að á í erfiðleikum vegna þessa þó að ég þekki þar ekki gjörla til. En ég þykist vita að svo sé. Þetta er miklu víðar. Þetta er trúlega að vísu mismunandi eftir dreifbýliskjördæmunum, en þetta er víðar. Þeir sem hafa ráðið ferðinni hér í meirihlutasamstarfi á Alþingi þetta tímabil hljóta að verða að svara fyrir það hvað hefur verið gert.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki lengja þessar umræður þó að ástæða væri til. Ég bíð eftir að forsvarsmenn dreifbýliskjördæma, aðrir en ég, láti í sér heyra að því er þessi mál varðar. Ég sagði áðan: Ég greiddi atkvæði gegn kosningalagabreytingunni á sínum tíma, 1984. Ég mun að því er þetta mál snertir ekki greiða atkvæði. Það á nánast við um þetta. Hér gætu menn sagt bæði já, já og nei, nei.

Kjartan Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Fyrst fáein orð í tilefni af ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hann gerði m.a. að umtalsefni flutning eða flótta hæstv. forsrh. af Vestfjörðum og á suðvesturhorn landsins í framboðsmálum og spurði jafnframt: Vita menn ekki hvað er að gerast á Vestfjörðum? Það verður væntanlega framhald á því. Ég veit ekki nema nýir tímar séu í uppsiglingu á Vestfjörðum eftir að hæstv. forsrh. hefur flutt sig. Við vitum náttúrlega hvað hefur gerst þar á þeim tíma sem hann hefur verið þm. fyrir það kjördæmi. Það hefur orðið veruleg fólksfækkun. Mér reiknast svo til að á þeim 16 árum sem hæstv. forsrh. hefur verið þm. fyrir þetta kjördæmi hafi fækkað um 1600 manns miðað við eðlilega fólksfjölgun, þ.e. meðalfólksfjölgun í landinu. Það eru 100 manns á ári, það eru svona eins og fjögur Flateyrarþorp sem vantar upp á eða hafa samkvæmt þessu lagst í eyði á þessum 16 árum. En nú ætlar hæstv. forsrh. að skipta um kjördæmi og það er ekki víst að sú tilhneiging sem hefur verið í kjördæminu meðan hann var þar þm. haldi endilega áfram eftir að hann er farinn.

Annað atriði sem hv. þm. orðaði áðan var það að hann talaði um að réttur dreifbýlisins hefði verið skertur. Ekki skal ég draga úr því að dreifbýlið eigi við ýmsa erfiðleika að etja og njóti ekki þjónustu með sama hætti og þeir sem í þéttbýlinu búa. En að því er einmitt það lagafrv. varðar sem hér liggur fyrir, þá held ég að það væri alveg eins hægt og ekki síður að orða þetta svo að þéttbýlið hafi ekki með þessu frv. náð rétti sínum að því er þau mannréttindi varðar sem kosningarrétturinn er því að hann verður æðimisjafn eftir sem áður.

Eins og hv. deild er kunnugt er ekki laust við það að ég hafi komið nálægt þessari lagasmíð. Þegar núgildandi lög voru til umræðu tók ég það mjög skýrt fram að ég teldi að þó að menn legðu það á sig að samþykkja þau eins og þau lágu fyrir, þá væru þau alls ekki nógu góð og bæri nauðsyn til þess að fara í ítarlega endurskoðun á þeim.

Ég vil þá segja það hér fyrst að ég tel að enn sé það svo eftir þær breytingar sem hér er lagt til að gera að ekki sé þetta nógu gott. Ef maður lítur um öxl verður náttúrlega fyrst fyrir að það skyldi nú gerast einn ganginn enn að menn væru á seinustu stundu með úrbætur sínar, svo seint fyrir að framboð hefðu þegar að miklu eða a.m.k. mjög verulegu leyti, líklegast að langmestu leyti verið ákveðin áður en menn komust í verkin og luku þeim af og það hefur væntanlega gert mönnum mun erfiðara fyrir. En það þýðir auðvitað líka að ekki hefur tíminn nýst nægilega vel. Mikill hefði munurinn verið ef menn hefðu getað fjallað um þetta fyrir einu eða tveimur árum síðan í betra næði og við eðlilegri aðstæður.

Ég verð líka að segja að mér finnst það ekki hafa tekist með þessu samkomulagi og því starfi sem unnið hefur verið að koma sér niður á einföldun sem nægileg sé, menn hafi sem sagt ekki lagt nægilega vel á sig að leita einfaldari leiða.

Í annan stað vil ég segja að þegar ég lít um öxl finnst mér það hafa einkennt umræðu um þessi mál, bæði í nefndum, á þingi og þingmanna á meðal, að menn hafi ekki verið að leita að einfaldri grundvallarreglu, „prinsippi", rökrænni grundvallarreglu. E.t.v. hafa menn reiknað óþarflega mikið eða réttara sagt látið reikna óþarflega mikið eiginlega án þess að reikna, ef ég má orða það svo, án þess að reikna sjálfir.

Mér heyrist að hv. frsm. nefndarinnar, Páll Pétursson, sé ekki alls kostar ánægður með þessa niðurstöðu. Víst hefur þess gætt að menn kenndu hver öðrum um og kannske er ég þá líka kominn í það hlutverkið sjálfur. Menn kenna jafnvel reiknimeisturunum um eða reiknimeistaranum sem er vitaskuld óþarfi og ekki rétt. Ég held að sú einkunn sem hv. þm. Páll Pétursson gaf þessu frv. með þeim brtt. sem hér eru fluttar sé óþarflega góð. Hann taldi að þetta væri bæði einfaldara og skiljanlegra en áður. Ég get fallist á að sum atriði eru einfaldari og sum atriði eru skiljanlegri, en önnur hafa, held ég, orðið a.m.k. mörgum heldur flóknari en þau voru áður þó að fyrir þeim megi finna ýmiss konar ástæður.

Það verður að segjast að hv. þm. Páll Pétursson viðurkenndi að það ákvæði sem er í þessum kosningalögum um kjördæmislausa þingmanninn, ef ég má orða það svo, eða „flakkarann" eins og hann hefur verið nefndur, sem lendir svo einhvers staðar, að það mundi horfa til bóta og vera strax einföldun ef það væri afnumið og ég tek eindregið undir það og það hefur legið fyrir allan tímann.

Í þessari umræðu finnst mér rétt að minna á að ég hef hér flutt frv. um öðruvísi reglur, sem ég held að séu mun einfaldari en það sem hér er lagt til, geri ekki kröfu til margvíslegra undantekningarákvæða, séu af því tagi sem menn hafa vanist, séu af því tagi sem menn geta auðveldlega reiknað sjálfir og eigi auðvelt með að tileinka sér. Auðvitað eru þær reglur ekki fullkomnar frekar en aðrar en þær hafa þann meginkost að mínum dómi að þær eru svo einfaldar að hver einasti maður, 12 ára og eldri a.m.k., á að geta tileinkað sér þær, séð hvernig útreikningurinn fer fram og haft tiltölulega lítið fyrir útreikningnum því að það er eitt einkennið á þessu eins og það liggur nú fyrir að jafnvel þó að menn skilji, þá þurfa þeir að hafa þó nokkuð fyrir í reikniverki til þess að komast að niðurstöðu um úthlutun þingsæta.

Eins og ég sagði áður hef ég tekið þátt í starfi varðandi þessi mál um nokkra hríð, að vísu með löngu hléi á s.l. árum, en ég tók nokkurn þátt í starfi þessarar nefndar sem varamaður Guðmundar Einarssonar, kynnti þar þessar hugmyndir og hjálpaði að öðru leyti til að ég held við að skoða það sem aðrir vildu skoða í þessu sambandi. En þær hugmyndir, sem ég var með um einföldun, fengu ekki undirtektir í nefndinni. Mér fannst hins vegar nauðsynlegt að þær kæmu fram og þess vegna hef ég flutt það frv. til laga sem ég vitna til varðandi einföldun á

þessum reglum. Nú hefur nefndin ekki afgreitt þetta frá sér en hins vegar verður að skilja afstöðu hennar svo, þegar hún afgreiðir aðrar brtt. og nál. án þess að taka þetta frv. til afgreiðslu sem ég hef flutt, að hún styðji það vitaskuld ekki.

Það hafði þá kosti að leitað var að einfaldri grundvallarreglu sem átti að geta gengið upp varðandi úthlutun jöfnunarsæta og í annan stað að vera tiltölulega einföld, vera sanngjörn og vera skiljanleg. Og reyndar hafði hún þann eiginleika að niðurstaða úr kosningum miðað við núgildandi lög hefði ekki verið í neinum verulegum greinum frábrugðin þannig að menn þurftu ekkert að hrökkva í kút um það að þingsætum yrði úthlutað í verulegum greinum öðruvísi en í gildandi lögum eða öðruvísi en ég geri ráð fyrir að niðurstaðan verði ef samþykktar verða þær brtt. sem hér er mælt fyrir.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég sé ekki tilganginn í því að endurflytja sem brtt. við þessa brtt. þær hugmyndir sem komu fram í því frv. til laga sem ég flutti. Það mundi ekki þjóna neinum tilgangi trúi ég. Ég held að þm. hafi greinilega gert upp hug sinn um að það sem þeir komist og vilji á þessu stigi sé þá í meginatriðum eins og brtt. eru frá kosningalaganefnd.

Ég ætla hins vegar að spá því að einkunnin sem þessi kosningalög fá, hver svo sem ábyrgðina ber án þess að ég víki mér undan því að eiga þar einhverja ábyrgð líka, kannske þó nokkra, verulega, að einkunnin muni verða að þetta sé ófullkomið kerfi sem við ætlum að taka upp, það sé ekki einfalt heldur frekar flókið, kannske mjög flókið, það fylgi því veruleg reiknivinna að ætla sér að úthluta þingsætum. Og að lokum ætla ég að spá því að það muni ekki standa lengi þetta kerfi sem hér er lagt til að kosið verði eftir næst.

Ég tel reyndar mjög brýnt að kjördæmamálið í *heild sinni verði fljótlega tekið upp að nýju*. Það varðar þá bæði stjórnarskrárákvæðin og kosningalögin með tilliti til þess að ná meiri sanngirni og réttlæti í úthlutun þingsætanna og á vægi atkvæða í landinu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil láta afstöðu Kvennalistans koma fram í þessu máli nú við 2. umr. þess. Hv. þingkona Kristín Halldórsdóttir átti sæti í nefndinni á fyrstu þremur þingum þessa kjörtímabils. Nefndin starfaði þó misjafnlega mikið, mest á fyrsta þingi en aldrei milli þinga eins og ætlunin var þó.

Á þessu síðasta þingi skiptist hlutur flokka og samtaka nokkuð frá því sem áður var hvað varðar aðild að nefndum þegar þm. BJ gengu í aðra flokka. Missti þá Kvennalistinn aðild að kosningalaganefnd og hefur því ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar á þessu ári utan tvo síðustu fundi hennar sem ég sat.

Þegar frv. til stjórnarskipunarlaga var til umræðu á þinginu 1983–1984 tókum við afstöðu gegn þeim breytingum sem þar voru lagðar til og mælti hv. þingkona Kristín Halldórsdóttir fyrir nál. Kvennalistans á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Samtök um Kvennalista telja að draga eigi úr miðstýringu og þá sérstaklega að færa valdið frá ríki til sveitarfélaga, auka vægi og vald landshlutasamtaka og dreifa ríkisstofnunum meira um landið. Að því ætti að vinna markvisst. Undirrituð telur rangt að blanda misrétti vegna búsetu saman við vægi atkvæða í almennum kosningum eins og meiri hluti alþm. virðist hlynntur, en áreiðanlega minni hluti kjósenda.

Þetta frv. bætir lítið það kerfi sem nú gildir um kjördæmaskipan og skiptingu þm. milli kjördæma. Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. stjórnarskrárnefndar til að frv. þetta verði fellt."

Nú hefur verið gerð önnur atrenna að þessu máli og tilraun gerð til að einfalda og lagfæra í réttlætisátt. Hins vegar er hér enn eins og áður verið að reyna að ná málamiðlun um ólíka og nær ósættanlega hagsmuni og hefur hvergi nærri gengið svo viðunandi sé. Til þess að svo megi verða þarf mun róttækari breytingar og virðist ólíklegt að pólitískur vilji sé til slíks þar sem samstaða náðist einungis um þá fáu áfanga sem hér eru kynntir. Enn eru reglur um atkvæðaskiptingu milli kjördæma allt of flóknar og langt í land að hinn venjulegi kjósandi skilji. Þó má segja að nokkur spor í lýðræðisátt hafi verið stigin með þessum breytingum, bæði hvað varðar möguleika fámennra stjórnmálaafla til að eignast málsvara á Alþingi og einnig hvað varðar ákvæði um varamenn, en samþykkt var að sömu reglur gildi um forföll varamanna og þm.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja mál mitt nú, en vil lýsa yfir því að Kvennalistinn er ekki ánægður með þennan áfanga og telur að mun einfaldari og betri lausn þurfi að fást til þess að tryggja rétt manna um land allt og jafnari atkvæðaskiptingu. Við munum því ekki greiða atkvæði um þetta frv. en sitja hjá við afgreiðslu þess.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefði kannske verið ástæða til þess að fara talsvert ítarlega út í þessi kosningalagamál en verður ekki gert að sinni. Ég held að það sé rétt sem hv. 3. þm. Vestf. nefndi hér áðan að það bæti í raun og veru ekki málið að neinu leyti að vera að setja á mikil ræðuhöld.

Ég vil þó taka fram að ég tel að frv. eins og það lítur út núna sé einföldun frá því sem var í gildandi lögum, þetta séu gagnsærri og augljósari reiknireglur, auðveldara að átta sig á þeim en var. Staðreyndin er hins vegar sú að við vinnum með tvær forsendur sem er erfitt að sætta eða ómögulegt. Önnur er sú að slá því föstu að það skuli vera misvægi milli atkvæða í landinu, það skuli vera þyngri atkvæði í einu kjördæmi en öðru. Og hin er sú að þrátt fyrir þetta skuli reyna að ná sem næst jöfnuði milli kjósenda þeirra stjórnmálasamtaka sem bjóða fram á hverjum tíma. Þetta eru stjórnarskrárákvæði sem nefndin er bundin af og er í raun og veru mjög erfitt að finna leið til að sætta þessar forsendur, en er

leitast við að gera það svo sem frekast er kostur í þessum tillögum. Eftir atvikum sýnist mér staðan vera þannig að það sé eðlilegast að þetta fari með þeim hætti hér fram sem nefndin hefur gert tillögu um.

Sannleikurinn er sá að það hefur verið setið yfir þessu dæmi núna ekki í tvö ár heldur fjögur eða fimm, frá því að formenn flokkanna ákváðu á árinu 1982 að nauðsynlegt væri að breyta kosningalögum á ný þannig að misvægi atkvæða ykist ekki enn frekar, heldur yrði það með svipuðum hætti og ákveðið var með stjórnarskrá og kosningalagabreytingu 1959. Fjöldi manns hefur komið að þessu verki síðan og við stjórnmálamennirnir, sem höfum verið í þessum nefndum, setið hér á Alþingi þennan tíma og höfum greitt þessu atkvæði með ýmsum hætti, berum auðvitað alla ábyrgð á málinu. Ég tek þetta fram vegna þess að stundum hefur mér fundist að það væru uppi vissar tilhneigingar til þess að kenna einhverjum mönnum sem heita reiknimeistarar um þessi mál og það hvernig frv. lítur út. Það er auðvitað ekki sanngjarnt. Það erum við sem berum á þessu hina pólitísku ábyrgð.

Þegar málið var lagt hér fyrir á sínum tíma var það einkum tvennt sem þar var í raun og veru gerð grein fyrir, í hinu upphaflega frv. formanna flokkanna. Það var í fyrsta lagi breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá og í öðru lagi ákveðnar yfirlýsingar varðandi byggðamál sem þá voru gefnar af flokkunum. Þetta gerðist á árinu 1983. Þau mál hafa iðulega verið rædd hér að undanförnu undir öðrum dagskrárliðum, t.d. um stjórnarskipunarlög o.fl. Ég tel mjög eðlilegt að sú yfirlýsing skuli vera rifjuð upp hér af hv. 3. þm. Vestf. Ég tel reyndar að þar sé um að ræða eitt alvarlegasta vandamál íslensks samfélags í dag, sú hrikalega byggðaröskun sem hefur átt sér stað hér á undanförnum árum.

Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess, ekki frekar en hv. 3. þm. Vestf., að við förum á þessu stigi að taka þetta mál hér sérstaklega fyrir í tilefni af áliti nefndarinnar, en hún hafði eingöngu það hlutverk að fjalla um kosningalögin eins og hv. þm. vita og önnur nefnd, stjórnskipuð nefnd á vegum hæstv. forsrh. undir forustu hv. fyrrv. þm. Lárusar Jónssonar, fjallaði um hitt málið með sérstökum hætti. Um það nál. gæti ég býsna margt sagt. Ég sé satt að segja ekki að það sé margt í því sem leysir þann hnút, þann vanda sem byggðirnar í landinu standa frammi fyrir. Það er ekki aðeins það að fækkað hafi um 1600 manns á Vestfjörðum á þeim 16 árum sem hæstv. forsrh. hefur verið þar þm., heldur er því spáð að að óbreyttu fækki í þessum landshluta um 1600 í viðbót fram að aldamótum. Það er hrikaleg staðreynd sem íbúarnir í þessum byggðarlögum standa frammi fyrir — og reyndar þjóðin öll því að þetta er ekki einungis vandamál þess fólks sem byggðirnar byggir heldur þjóðarinnar í heild og þannig ber að meðhöndla þetta mál.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan. Ég held að það sé nauðsynlegt, hv. þm., að draga þetta fram sem oftast af því að það hefur ekkert orðið úr loforðunum frá því 1983 og það er málið. Ég heyri ekki að neinn hér inni af þeim sem bera ábyrgð á svikum þessara loforða ætli að láta í sér heyra. Það er a.m.k. þunnskipað hér inni af þeim sem ábyrgðina bera í þessum efnum.

Þetta er ekki bara spurning um Vestfirði eða önnur dreifbýliskjördæmi. Þetta er spurning fyrir þjóðina alla, hvort hér heldur áfram þeim fólksflutningum sem þegar eru hafnir og hafa staðið lengi, ég tala nú ekki um ef það verður í auknum mæli. Mér finnst menn gefa þessu allt of lítinn gaum.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði: „Menn hafa setið yfir þessu kosningalagafrv. allt frá 1983.“ En menn hafa ekki setið yfir því að reyna að standa við þær yfirlýsingar sem voru gefnar til dreifbýlisbúa, til landsbyggðarinnar. Menn hafa ekkert setið yfir því það ég best veit, a.m.k. hefur ekki örlað á slíkum tilþrifum það ég hef hugmynd um. Þess vegna veitir ekki af að rifja þetta mál upp.

Hv. 3. þm. Reykn. vék að því að kannske yrðu Vestfirðingar lausir við vandann með því að núv. hæstv. forsrh., 1. þm. kjördæmisins, flytti á Reykjanes. Ef sú verður raunin þá harma ég það fyrir hv. íbúa Reykjaneskjördæmis, ef svo fer að þeir kjósa hann, því að ég sé ekki að það sé neitt betra að flytja vandamálin til með ákveðnum einstaklingum. Þau þarf að leysa hvar sem þau eru. Ég sé ekki að eftirmaður hans, sem hér á auðvitað að vera, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sjái ástæðu til þess að hlýða á þessar umræður eða taka þátt í þeim, sjálfur frömuður stjórnarskrárbreytingarinnar, sem taldi allt mundu leysast með því frv. Hann lætur það lönd og leið að tala um þetta mál hér og nú á réttum tíma og réttum stað.

Ég heyrði það á hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að hann telur að þetta séu ekki nógu góðar breytingar. Ég veit að vísu að hann vill fara aðra leið en ég, en það er svo allt annað mál. Hann telur þessar breytingar sem nú er verið að gera ekkert sérstaklega af hinu góða eða að þær breyti mikið til einföldunar frá því frv. sem var samþykkt 1984. Hann sagði m.a.s. ef ég man rétt: Það er margt flóknara núna með þessu frv. ef samþykkt verður heldur en er í gildandi lögum. Margt flóknara. Til hvers eru menn þá að vinna ef menn hafa setið yfir þessu allt frá 1983 eða 1984 og enn eru menn að gera málin flóknari en þau hafa verið og verið þannig að menn hafa ekki skilið það sjálfir hvernig átti að fara eftir þeim? Til hvers er þá setið?

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði: Menn hafa látið reikna. Látið reikna, ekki reiknað sjálfir. Menn hafa látið vinna fyrir sig og tekið við án þess að vita í reynd hvað það þýddi sem þeir voru að fara höndum um. Kannske er þetta rétt. Ég get ekki dæmt slíkt, er ekki dómbær á það í þessum efnum. En ég hygg að hv. þm. Kjartan Jóhannsson viti

ýmislegt meira um þetta en margur annar og sé enga ástæðu til þess að rengja hann í þessum efnum. En ef svo er, þá er þetta síður en svo gott. Ef menn hafa setið mörg ár yfir að gera flókið mál enn flóknara og skilja kannske enn þá minna í því en þeir gerðu áður.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umræður. Það er ekki minn tilgangur að teygja hér á umræðunum, en ég tel nauðsynlegt að menn séu minntir á það hvaða yfirlýsingar formenn gáfu á sínum tíma þegar kosningalögunum var breytt. Og ég spyr þessa hina sömu einstaklinga, að vísu eru fáir þeirra hér í salnum núna, en ég spyr þá og fulltrúa þeirra, t.d. formann þingflokks þeirra framsóknarmanna sem hér túlkar þessi mál: Hvað liggur fyrir í loforðum þeirra manna sem gáfu yfirlýsinguna í greinargerð 1984? Hver eru loforðin? Hvað á að standa við? Hvað á að gera? Það hefur ekkert heyrst enn. Menn fá kannske að vita það í kosningaslagnum hverju þá verður lofað fyrir næstu fjögur árin. En þá eru bara komin átta ár síðan loforðin voru gefin og það er allt of langur tími fyrir dreifbýlisfólk að búa við slíkt.

Þetta er allt of mikið alvörumál til þess að menn geti drepið umræðu eða gjörðum á dreif í þessum efnum. Við vandanum verður að snúast og því fyrr því betra.

Frsm. kosningalaganefndar (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í lok þessarar umræðu. Hv. þm. Karvel Pálmason fjallaði um atburði við setningu stjórnarskrárákvæðanna á sínum tíma. Við nefndarmenn fengum frv. í hendur sem búið var að gera um pólitískt samkomulag á milli meiri hluta í öllum stjórnmálaflokkum. Það hafði verið ákveðið í stjórnarskrá að flytja sem svaraði öllum núverandi landsk. þm. utan af landi til Reykjaness og Reykjavíkur og gera þar á ofan einn þm. hvers landsbyggðarkjördæmis að jöfnunarmanni, auk þess sem fjölgað er um þrjá og fer einn þeirra í dreifbýlið og einn í R-kjördæmin og síðan er „flakkarinn" sem getur verið hvar sem er.

Við stóðum frammi fyrir því að það var búið að gera þetta samkomulag. Við gjörning þessa samkomulags barðist ég á móti þessum flutningi á sínum tíma. Mér fannst og finnst enn að landsbyggðinni veiti ekkert af starfskröftum allra þeirra fulltrúa sem hún hefur. En við biðum lægri hlut. Þingmeirihluti var ekki og er ekki fyrir þeim hugmyndum. Við það verður að búa. Það eru ekki skilyrði til þess að varðveita óbreytt ástand. Verkefni okkar í nefndinni var að endurskoða lögin og bæta þau. Það tókst okkur að verulegu marki.

Menn tala um að hér séu enn þá flókin lög. Ég er ekki sammála því og ég er ekki sammála því sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði að sum ákvæði þeirra séu flóknari nú en áður. Ég held að þau séu öll sömul rökréttari núna og einfaldari en þegar við tókum við þeim. Ég tel að þegar menn venjast þessum lögum og læra þau sjái þeir að þetta eru að flestu leyti einföld og rökrétt lög. Ég tel að við höfum lagfært mjög mikið í þessum lögum og þau séu nú viðunandi þannig að hægt sé að kjósa eftir þeim.

Við höfum látið reikna og tekið við, sagði hv. þm. Það væri nú skárra ef við hefðum ekki látið reikna fyrir okkur og athuga þá möguleika sem fyrir hendi voru. Það var sjálfsagður hlutur að hagnýta sér nútímatækni til þess að athuga hvernig hin ýmsu ákvæði virkuðu. Við erum búnir að láta Reiknistofnun Háskólans athuga ýmsa möguleika fyrir okkur. Hins vegar var ævinlega ákvörðunin okkar um hvort þessi eða hin leiðin yrði farin. Reiknimeistarar hafa unnið vel í okkar þágu, þeir hafa reynt að svara spurningum sem við höfum lagt fyrir þá og reiknað út þá möguleika og þau afbrigði sem við höfum beðið þá um. Þeir hafa verið okkur mjög hjálplegir, en eins og kom hér fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, þá er búningurinn núna ákvörðun okkar og á ábyrgð okkar nefndarmanna. Ég kann hins vegar þeim sem hafa lagt okkur lið öllum saman bestu þakkir.

Vegna þess hvernig hv. þm. Karvel Pálmason hagaði orðum sínum er gaman að segja frá því að þegar við vorum búnir að ljúka við að ganga frá nál. í nefndinni og vorum að ljúka fundi, þá kynnti sá sérfræðingur, sem okkur hefur verið mest innan handar, Þorkell Helgason, fyrir okkur þær hugmyndir eða þá reiknireglu sem hann taldi besta. Þegar við vorum búnir að koma okkur saman sýndi hann okkur hvað honum hefði þótt heppilegust niðurstaða. Hann var hins vegar ekkert að pranga henni upp á okkur, heldur sýndi okkur hana okkur til skemmtunar. Þessi lög eru því ekki óskalausn neins af þeim reiknimeisturum sem við höfum beðið að hjálpa okkur, en við höfum tekið tillit til sjónarmiða þeirra og notið ágætrar aðstoðar þeirra við að athuga hina ýmsu möguleika og þeir hafa bent okkur á ýmislegt sem betur mátti fara.

Varðandi umræður um loforðin sem formenn flokkanna gáfu á sínum tíma, þá koma þau loforð ekki mér við. Ég gerði mér ekki neinar gyllivonir um þau. Ég reiknaði með því að það yrði bið á því að þau kæmust öll til framkvæmda, því miður. Það er sjálfsagt fyrir hv. 3. þm. Vestf. að ganga harkalega eftir því við formennina, bæði sinn og aðra, en það er ekki mitt að svara fyrir það mál.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Lok ræðu hv. síðasta ræðumanns eru einhver þau dapurlegustu sem ég hef heyrt af fulltrúa dreifbýliskjördæmis. Hann sagði orðrétt: Loforð formanna á sínum tíma koma mér ekki við. Ég gerði mér engar grillur um að þau næðu fram að ganga. — Hvernig búast menn við því að réttur sé hlutur dreifbýlisfólks ef forustumenn stjórnmálaflokka ekki bara hugsa svona heldur tala líka og framkvæma? Er umboði dreifbýlisfólks vel treystandi í höndum slíkra manna? Maður verður að ætla a.m.k. að óreyndu að velflestir framsóknar-

menn séu á svipuðu róli og þingflokksformaður þeirra er í þessum efnum. Og við hverju á þá að búast fyrir þetta fólk?

Ég vísa algjörlega á bug ræðum af slíku tagi sem hv. þm. Páll Pétursson flutti hér áðan. Það er ekki sæmandi fulltrúum þess fólks sem býr við þær aðstæður sem dreifbýlið gerir, það er ekki sæmandi þeim að tala í þeim dúr sem hv. þm. Páll Pétursson gerði hér áðan. Það er a.m.k. nauðsynlegt að gera dreifbýlisfólki grein fyrir þessum hugsanahætti sérstaklega eins og þessir menn haga sér.

Hv. þm. sagði hér áðan: Það er ekki þingmeirihluti fyrir meira vægi dreifbýlisins í kosningareglum. Og bætti svo hinu við: Mér kemur ekki við hvað gerist á öðrum sviðum fyrir þetta fólk. — Þarna hafa menn hvað þessir herrar vilja gera fyrir það fólk sem stendur höllustum fæti í lífsbaráttunni.

Ég a.m.k. geri ráð fyrir, ef ekki kemur annað fram í þessum umræðum, að eftir þessu höfði dansi limirnir í þingflokki Framsfl., þeir séu allir á sömu skoðun, ef ekkert annað kemur fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 523, n. 617, brtt. 618.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 617 frá allshn. um frv. til laga um umboðsmann Alþingis á þskj. 523. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. og jafnframt hefur hún fjallað um annað frv. um sama efni sem til nefndarinnar hafði áður verið vísað. Það er 28. mál deildarinnar, á þskj. 28, frv. til laga um umboðsmann Alþingis. Flm. þess frv. eru Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson. Það frv. sem hér liggur fyrir er frv. til laga um umboðsmann Alþingis, stjfrv. á þskj. 523.

Nefndin ræddi bæði þessi frumvörp á fundum sínum og það er rétt að geta þess að síðara frv., stjfrv., er í flestum meginatriðum samhljóða þmfrv. á þskj. 28.

Eftir að hafa rætt bæði frv. var niðurstaða nefndarinnar sú að leggja til að frv. á þskj. 523 verði samþykkt en með ýmsum breytingum sem m.a. eru ákvæði sem tekin eru upp úr hinu fyrra frv. sem fyrir nefndinni lá um sama efni. Þær breytingar ýmsar leggur nefndin til að gerðar verði á hinu seinna frv. Að því leyti má segja að efni þessara frv. þar sem það greindi á sé að verulegu leyti gert það sama.

Það er kannske rétt, áður en ég geri grein fyrir þessum brtt. sem ekki eru margar eða flóknar, að gera aðeins grein fyrir meginatriði þessa máls. Hér er mjög merkilegt mál á ferðinni að dómi nefndarinnar.

Í báðum þessum frv. er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns Alþingis sem hafi það að sínu meginhlutverki að styðja menn til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld, koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla á þann hátt að betri stjórnsýslu í landinu. Þetta atriði sem ég nefndi, réttaröryggi borgaranna í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins, er raunverulega kjarni þessa frv. og kveikjan að því að það er flutt, bæði þmfrv. sem ég nefndi hér og síðan það stjfrv. sem í kjölfarið hefur verið upp tekið.

Með því að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis skapar þingið einstaklingum, borgurunum, tækifæri til þess að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti í málum sem ekki heyra beinlínis undir dómstólana. Koma nú í hugann ýmis mál sem hér hafa verið á dagskrá Alþingis undanfarið.

Með þessu er tvímælalaust komið til móts við vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis, ef samþykktur verður, er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir misgert við sig á einhvern hátt. Umboðsmaðurinn rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Hvílir þá sú skylda á stjórnvöldum að taka mál upp að nýju til afgreiðslu, úrskurðar, í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins. Á þennan hátt er tvímælalaust stuðlað að auknu réttaröryggi í þjóðfélaginu, mannréttindi þegnanna betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og vonandi virkari. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð, herra forseti, um tilgang og meginefni þessa merka máls sem hér er á dagskrá, en vil aðeins geta í mjög stórum dráttum þeirra brtt. sem allshn. leggur til að gerðar verði á stjfrv. í ljósi þmfrv. og annarra atriða, en þær eru prentaðar á þskj. 618.

Lagt er til að í stað þess að umboðsmaður sé kosinn að loknum hverjum kosningum, þannig að kjörtími hans verði raunverulega sá sami og starfstími ríkisstjórnar, þá verði hann kjörinn í Sþ. til fjögurra ára.

Í öðru lagi: Til þess að víkja honum úr starfi þurfi ekki einfaldan meiri hluta, þ.e. venjulegan þingmeirihluta, heldur þurfi aukinn meiri hluta. Alþingi geti ekki vikið honum úr starfi nema ⅔ hlutar þm. samþykki að víkja honum úr embætti. Með þessum báðum breytingum er staða umboðsmannsins gerð styrkari. Hún er tryggð þannig að það þarf nokkuð mikið til að koma til að honum verði vikið úr embætti. Það yrði ekki aðeins naumur ríkisstjórnarmeirihluti sem að slíkri aðgerð gæti staðið, heldur þarf meira til að koma. Umboðsmaðurinn er gerður óháðari ríkisstjórn með fyrri breytingunni, að hann

sé ekki kjörinn ætíð um leið og nýtt þing er kjörið og láti af störfum þegar næstu kosningar fara fram.

Í þriðja lagi er bætt við í 2. gr. frv. að hlutverk umboðsmannsins sé að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslunni og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Þetta orðalag „að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins“ var ekki í greininni. En eins og fram kom í orðum mínum áðan, þá er það raunverulega kjarni starfs umboðsmannsins og því eðlilegt að það sé upp tekið í 2. gr. en það er ekki í frv. sem fyrir liggur.

Síðan er gerð breyting á 13. gr. Það varðar réttarstöðu eða starfsstöðu, starfskjör umboðsmannsins. Þar var aðeins tekið fram að hann skuli njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Það er ekki getið um eftirlaun hans þannig að réttarstaða hans er gerð tryggari með því að í brtt. segir að umboðsmaður skuli njóta sömu launa og annarra lögkjara og hæstaréttardómari eftir því sem við verður komið. Vitnar það m.a. til eftirlauna og annars slíks. Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og er í lögum um embætti saksóknara ríkisins.

Loks þótti nefndinni síðari mgr. 13. gr., um að umboðsmanni væri óheimilt að taka að sér stöðu eða starf hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum ef það tengist með einhverjum hætti starfi hans sem umboðsmanns þannig að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málavöxtu í máli sem til hans kann að berast, sem hér væri verið að gera að því skóna að umboðsmaður væri með fangið fullt af aukastörfum hjá einkaaðilum eða opinberum aðilum. Það þótti ekki við hæfi. Þess vegna er þessi setning einfaldlega felld niður, en í staðinn kemur: Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er langur meðgöngutími á Alþingi Íslendinga á þeim málum sem menn taka til umfjöllunar. Við erum hér að ræða staðgreiðslukerfi skatta, sú umræða er búin að standa í 40 ár. Við erum að ræða virðisaukaskatt, sú umræða er búin að standa í hátt á annan áratug. Og nú er hér umboðsmaður Alþingis og það er eitthvað 15 ára gamalt sem þingmál.

Ég held að það sé umhugsunarefni hversu langan tíma tekur fyrir mál að ná fram á Alþingi þegar það verður að teljast í áratugum í hverju málinu á fætur öðru. Og jafnan er þess getið þegar mælt er fyrir þessum málum að þetta séu enn eldri hugmyndir að því er varðar umheiminn, eitthvað sem menn hafa tekið kannske upp í grannlöndum okkar áratuginum fyrr eða mörgum árum áður en því var fyrst hreyft hér á Alþingi. Ég held að þetta sé mikið umhugsunarefni. Það er eins og meðgöngutíminn sé hjá Alþingi í árum álíka og hjá fílnum í mánuðum eða jafnvel lengri.

Það mál sem hér um ræðir er hið ágætasta mál og hefur sem sagt margsinnis komið til umfjöllunar á þinginu, fyrst eftir því sem segir í grg. í þáltill. frá Pétri Sigurðssyni á árinu 1971–1972. Það eru 15–16 ár síðan. Ég veit það að minn stjórnmálaflokkur hefur haft þetta á stefnuskrá sinni mjög lengi, a.m.k. allar götur síðan 1974 ef ekki lengur. Mig grunar að svo sé um fleiri stjórnmálaflokka, að þeir hafi haft þetta mál á stefnuskrá sinni um þó nokkurn tíma, en samt tekur svona langan tíma að koma því til framkvæmda — og þá er ég að gera ráð fyrir, herra forseti, að þetta verði að lögum núna og er það þó ekki komið nema rétt út úr nefnd í fyrri deild.

Um frv. sjálft hef ég ekki nema gott eitt að segja. Ég tel að það sé löngu tímabært að þetta starf sé tekið upp, minnist þess reyndar að í minnihlutastjórn Alþfl. var reynd leið, uppálöppunarleið getum við kallað það, til þess að taka á þessu máli. Þá var ráðinn maður til dómsmrn. sem ætlað var að gegna svipuðu hlutverki og hér um ræðir, en hafði auðvitað ekki til þess þær lagalegu forsendur sem nauðsynlegar voru, enda engin lög um það starf. Það lagðist síðan af, var sjálfsagt erfitt að gegna því, þurfti að hafa sterkari lagalegar forsendur, og e.t.v. var áhuginn í ráðuneytinu ekki jafnmikill og hjá okkur þm. Alþfl. á sínum tíma þegar við komum þessu á fót.

Ég fagna því að nefndin skuli hafa afgreitt þetta mál frá sér, tel að hér sé mannréttindamál á ferðinni og vona að það fái farsælar lyktir um leið og ég ber þá ósk fram til þjóðarinnar og Alþingis að meðgöngutími hinna ágætustu mála þurfi ekki að teljast í áratugum í framtíðinni eins og hann gerir greinilega í fortíðinni og skýt því að forsetum og þingmönnum hvort ekki geti verið eitthvað sem endurskoðunar þarfnist í vinnubrögðum Alþingis til þess að stytta meðgöngutíma hinna ágætustu mála úr þeim áratugum sem þau teljast í núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigunám gistiherbergja, 2. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520, n. 615.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um 291. mál. Nál. er prentað á þskj. 615. Hér er um að ræða frv. til laga um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigunám fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521, n. 616.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 616 um frv. til laga um leigunám fasteigna vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna, sem er 292. mál.

Allshn. hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

52. fundur, fimmtudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 19. febr. 1987:

„Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar.“

Tryggvi Gunnarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 19. febr. 1987:

„Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar.“

Guðrún Tryggvadóttir hefur tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hana velkomna til starfa.

Kosning eins manns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar í stað Jóns Abrahams Ólafssonar sakadómara til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því var kjörinn án atkvgr.:

Skúli Pálmason hæstaréttarlögmaður.

Kosning eins manns í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra í stað Guðmundar Ó. Guðmundssonar skrifstofumanns til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því var kjörinn án atkvgr.:

Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri, Siglufirði.

Álit milliþinganefndar um húsnæðismál, frh. einnar umr.

Skýrsla félmrh., 307. mál. — Þskj. 543.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað eðlilegt að umræður um húsnæðisskýrsluna taki nokkurn tíma hér á hinu háa Alþingi. Við munum það öll hvernig ástandið var í húsnæðismálunum þegar þessi ríkisstjórn tók við. Við munum að fyrst á eftir urðu þeir hópar mjög háværir í þjóðfélaginu sem kröfðust þess að unnt yrði að koma til móts við þá húsbyggjendur og húskaupendur sem hefðu sætt lélegri og alls

ónógri fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins á undanförnum árum. — Ég heyri að þm. Alþb., Skúli Alexandersson hv. þm. Vesturl., var að spyrja um kosningaloforð Sjálfstfl. í sambandi við húsnæðismálin. Ég gerði að gamni mínu að ég fletti upp á því hvað formaður Alþb., Svavar Gestsson þáverandi húsnæðismálaráðherra, hefði sagt í fyrsta skipti sem hann flutti sína stefnuræðu sem var á haustdögum 1980 skv. fundarsköpum. Ég held að ég fari rétt með það að hann setti þar engin stefnumörk fram í húsnæðismálum, enda held ég að það hafi verið eins gott því ég held að hann hefði ekki getað staðið við þau eins og reynslan varð. Hvað sem þessi hv. þm. getur sagt um það hvort við sjálfstæðismenn höfum staðið við okkar stefnumörk eða ekki held ég að hann eigi að fara eins að og formaður hans að rifja ekki mjög upp hvað það var sem vakti fyrir Alþýðubandalagsmönnum í húsnæðismálunum. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram.

Það er satt að segja spurning hvernig maður eigi að hefja þessar umræður. Ég veit ekki hvort ég á að byrja á því að segja að mér þótti mjög leiðinlegt að ég skyldi ekki hafa séð viðtalsþátt við Jóhönnu Sigurðardóttur, hv. 2. landsk. þm., í sjónvarpsfréttum nú fyrir skömmu. Ég hef haft nokkrar spurnir af því hvað þar fór fram og ég vil segja það að ég er mjög þakklátur sjónvarpinu og sjónvarpsfréttamönnum fyrir það að þeir skuli vilja verja nokkru af tíma sínum til að fjalla um húsnæðismálin, eins viðkvæm og viðurhlutamikil og þau eru gagnvart öllum almenningi. Ég vona það, herra forseti, að þakklæti mitt berist til fréttastjóra sjónvarpsins. Ég er mjög þakklátur honum fyrir það hversu mikið rúm hann gefur húsnæðismálunum. Auðvitað er það af hinu góða. Ég veit að þessi ágæti maður er mjög kunnugur því hvaða áherslur voru lagðar einmitt á fréttaþjónustu sjónvarps þegar útvarpslögin voru samþykkt á sínum tíma því ég minnist þess að hann hafi haft sérstakan sjónvarpsþátt um það hver væri staða útvarpsmálsins á Alþingi í janúar eða febrúarmánuði það ár sem lögin voru samþykkt, 1985, en sá að vísu hvorki ástæðu til að kalla formann þeirrar nefndar sem hafði með málið að gera né varaformann til í þeim útvarpsþætti sem þó bar þessa undarlegu yfirskrift: „Staða útvarpsmálsins á Alþingi.“ En það hefur ugglaust verið vegna þess að hans fréttamat hefur verið að skynsamlegra væri að spyrja aðra um það. Fiskisagan flýgur og stundum fær maður betri fréttir með því að spyrja ekki þá sem mest fjalla um málin heldur einhverja aðra sem utan við standa. En það stendur nú í þessum ágætu útvarpslögum, í 3. gr. tölul. 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.“

Í sérstökum kafla um Ríkisútvarpið segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.“ Svo mörg voru þau orð.

Þegar ég frétti af þessum sjónvarpsþætti spurðist ég fyrir um það á fréttastofu sjónvarps hvað það hefði verið sem hefði valdið því að þessi hv. þm. hefði verið kallaður fyrir, sem ég auðvitað sagði ekkert nema gott um því þessi hv. þm. er kunnur að því að vilja vanda sinn málefnaundirbúning og er dugleg að láta sínar skoðanir í ljós. Þá sagði mér það aðstoðarfréttastjóri að þingmaðurinn hefði haft orð á því að húsnæðiskerfið riðaði til falls. Nú vildi svo til að skömmu síðar eða í sömu vikunni skrifaði ég grein þar sem ég svaraði þessum hv. þm. og mótmælti þessum skoðunum þm. í grein sem heitir: Er Alþfl. á móti almennum úrbótum í húsnæðismálum? Þarna hafa mismunandi skoðanir komið fram. Það er ekki í mínum huga neitt kappsmál hvort fréttastofan út af fyrir sig kalli á alþm. til að svara gagnrýni þingmannsins, en ég álít að þær skoðanir eigi að koma fram eða þau sjónarmið sem lágu til grundvallar þeirri breytingu sem gerð var á húsnæðislögunum. Nú liggur það fyrir að þetta kerfi var byggt upp af aðilum vinnumarkaðarins. Það væri fróðlegt að fá t.d. upplýsingar um það og þá sérstakan þátt um það í fréttapistli sjónvarps hvort þeir menn, t.d. í Alþýðusambandinu, sem mest unnu að því að koma þessu kerfi á fót telji nú aðeins nokkrum mánuðum eftir að það var lögfest að það riði til falls. Skyldi verkalýðshreyfingin vera sammála þessum ummælum hv. þm.? Um þetta væri gott að fá skýr svör, einkanlega þar sem fram kemur að frá þm. Alþfl. andar mjög köldu til þessara aðila, bæði til verkalýðshreyfingar og til aðila vinnumarkaðarins yfir höfuð að tala. Það er auðvitað mjög athyglisvert og mjög fjarri þeim hugsjónum sem lágu til grundvallar stofnunar Alþfl. þegar Alþýðusambandið og Alþfl. var eitt og hið sama og þegar forustumenn Alþfl. kappkostuðu að koma þeim sjónarmiðum á framfæri sem þeir töldu að samstaða væri um innan verkalýðshreyfingarinnar. En ég skal nú, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér í ummæli sem einn af þm. Alþfl. viðhafði þegar málið var til umræðu s.l. þriðjudag:

„Ég held að það liggi alveg í augum uppi hvernig gallarnir á þessu frv. eru til komnir. Þeir aðilar sem stóðu að því að semja grundvöll þessa frv. voru þar í hlutverki gæslumanna mjög sértækra hagsmuna annars vegar vinnuveitenda og hins vegar launþega.“ Ég endurtek: — „voru þar í hlutverki gæslumanna mjög sértækra hagsmuna, annars vegar vinnuveitenda og hins vegar launþega“. Þetta er þm. Alþfl. sem talar. Og hann heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sjá náttúrlega enga brýna ástæðu til þess að gæta neinna altækra hagsmuna þar sem þeirra umboð er miklu afmarkaðra en umboð þm. Það sem aftur á móti átti ekki að koma fyrir og var í raun og veru alveg ónauðsynlegt var að flytja þessa sértæku hagsmunagæslu inn í frv. með þeim hætti sem gert er.“

Þetta er viðhorf Alþfl. í hnotskurn. Þetta er málflutningur Alþfl. í hnotskurn og hann er staðfestur í þeim ummælum varaformanns Alþfl. fyrr á þessu þingi, þegar hann talaði fyrir leiguíbúðunum sínum sem hann kallar kaupleiguíbúðir, að það væri fyrsta skrefið í þá átt að leggja verkamannabústaðakerfið niður.

Og hvað er það sem er svo hættulegt við verkamannabústaðakerfið í augum Alþfl.? Það er það að sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar er falið að hafa fyrst og fremst umsjón með því hverjir eigi að njóta hinna hagstæðustu lánskjara sem til eru í landinu á hverjum tíma í sambandi við það að eignast eigin íbúð. Þetta er sá alvarlegi og stóri hlutur í þessu máli og þetta er sá nýi Alþfl. sem við horfum framan í. Þetta er sá Alþfl. sem skrifaði svo um Búsetamálið á sínum tíma að hann birti þar á forsíðu grein þar sem talað var um að verðmætamat hinnar nýju kynslóðar á Íslandi væri ekki það að vilja leggja fjármuni í íbúðir sínar, heldur í sumarbústaði eða lystisnekkjur. Það er fyrir þetta fólk sem Alþfl. hefur talað og þegar við höfum þetta í huga er ekki undarlegt þótt það skuli vera sérstakt baráttumál Alþfl. að hin unga æska sem vex upp í þessu landi eigi að fá að búa við þau sérstöku kjör að geta komist inn í nýjar íbúðir teppalagðar út í horn án þess að leggja fram eina einustu krónu. Hugmyndin er sú að 85% eiga að koma úr ríkissjóði, það á að vera með 1% vöxtum. Síðan eiga 15% að koma úr bæjarsjóði og þeir peningar eiga að vera vaxtalausir og afborgunarlausir svo lengi sem viðkomandi sýnist. Þetta er sú mikla gjöf sem Alþfl. ætlar að færa. Það er ósköp eðlilegt að varaformaður Alþfl. geti sagt það og gumað af því í blaðagreinum að þetta sé hagkvæmasti kosturinn fyrir þá sem þess njóta að borga 35 þús. kr. á ári af 1 millj. í vexti og afborganir og geta látið borgarsjóð sitja uppi með 15% af íbúðinni og svo ef viðkomandi sýnist að segjast vilja kaupa íbúðina einhvern tíma síðar á honum að vera það frjálst og þá á að reikna þá húsaleigu sem hann hefur greitt á tímabilinu til eignar, sem eignarhlut í íbúðinni. Og hver á svo að borga vaxtamuninn? (**Gripið fram í:** Hver gerir það núna?) Ríkissjóður greiðir hann núna en verkamannabústaðakerfið er ekki hin almenna regla. Ef við komum því upp að allir eigi að njóta 1% vaxta, enginn eigi að greiða neitt með beinum greiðslum, enginn megi gera sér grein fyrir því í þjóðfélaginu hver hinn raunverulegi húsnæðiskostnaður er, þá verður að taka peningana með öðrum hætti og það verður ekki gert öðruvísi en með hærri sköttum og með hærra útsvari.

Þá langar mig að spyrja talsmenn Alþfl. Það hafa ekki aðrir menn talað meira um það í þessu þjóðfélagi en Alþfl. að það séu mikil skattsvik hér á kreiki. Þeir hafa haft um það mörg orð. Vilja þeir nú hækka skattana til þess að auka enn bilið á milli þeirra sem rétt telja fram og hinna og gefa þeim þarna einn bitann í viðbót? Er það það sem vakir fyrir þeim? Sannleikurinn er auðvitað sá, eins og ég mun koma betur að síðar í minni ræðu, að boð Alþfl. stendur ekki til þess að það verði almennar úrbætur í húsnæðismálum. Það hefur aldrei komið fram á varir þm. Alþfl., hvorki formanns né varaformanns, að þeir vilji almennar úrbætur í húsnæðismálum öllum til handa, að Íslendingar geti setið við eitt og sama borð í húsnæðismálum. Þeir hafa talað um að þeir hafi sérstök boð fyrir sérstakt fólk af því að þeir ætli að reyna að hrifsa til sín atkvæði auðtrúa sálar. En það mun koma glöggt í ljós eftir því sem þessar umræður lengjast og eftir því sem málin skýrast að þeim mun fækka með hverjum sunnudegi sem upp rennur, sem trúa þeim fagurgala Alþfl. sem ég hef nú í örfáum orðum gert grein fyrir en mun tala betur um síðar.

Það er svo einfalt þetta mál að það er ógjörningur að gefa allri þjóðinni fé úr sjóðum þjóðarinnar nema þjóðin sjálf standi undir þeim gjöfum. Ef menn ætla að gefa öllum í gegnum ríkissjóð, þá eru þeir að velja dýrari kost en hinn að leyfa fólki að spjara sig, láta það reyna á sjálft sig, láta það leggja sig fram, finna þann kraft sem í því býr sem er undirstaða lífshamingju, en ekki hitt að vera alltaf öðrum háðir.

Á árinu 1985 fór fram könnun á því hver væri vilji unga fólksins í landinu. Þá voru komin fram öll þessi fögru boð. Þá var allt þetta glassúr komið á húsnæðisstefnu Alþfl. (**JS:** Ekki kaupleigan.) Allt glassúrið. Kaupleigan. Það er nú svo með vínarbrauðin, sum eru með súkkulaði og önnur glassúr og eitt og sama tóbakið allt saman. Og hvað var það sem unga fólkið vildi? Það var spurt: Hversu þýðingarmikið telur þú það almennt vera að fjölskyldan eigi sjálf íbúð þá er hún býr í? Til þess að ekkert fari á milli mála vil ég rifja upp að þessi könnun er gerð að tilhlutan Húsnæðisstofnunar og félmrn. og unnin af Félagsvísindastofnun Háskólans. Spurningin var þessi: Hversu þýðingarmikið telur þú það almennt vera að fjölskyldan eigi sjálf íbúð þá er hún býr í? Svör: Mjög þýðingarmikið 73,4%. Fremur þýðingarmikið 19,2%. Veit ekki 1,5%. Ekki þýðingarmikið 3,7%. Alls ekki þýðingarmikið 1,6%. Svarar ekki 0,6%. (**GHelg:** Hvað eiga margir íbúðirnar sem þeir búa í?) Það væri fróðlegt, frú Guðrún, að fá um það svör hversu margir eiga þær íbúðir sem þeir búa í. Það væri t.d. hægt að biðja hæstv. forseta að hlutast til um það að rennt væri í gegnum skattskrárnar og því flett upp hverjir telja sig eiga sínar íbúðir eða fara í Fasteignamatið. Mér er sagt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þekki — hvað heitir hann aftur sem vann hjá Fasteignamatinu? — Stefán Ingólfsson heitir hann. Það er kannske rétt að spyrja Stefán Ingólfsson sem vann hjá Fasteignamatinu. Það er sagt um suma að þeir séu alþm. Sumir eru ráðherrar

hæstvirtir. Sumir eru sjómenn. Svo eru sumir menn sem unnu hjá Fasteignamatinu. (Gripið fram í.) Það eru m.ö.o. 92,6% sem telja það mjög þýðingarmikið eða fremur þýðingarmikið að búa í sinni eigin íbúð. (**Gripið fram í:** Hvað sem það kostar?) Þetta var niðurstaðan um þetta.

Ég heyrði að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði: Hvað sem það kostar? Auðvitað vitum við það að húsnæðiskostnaður er mjög misjafn. Við höfum kosið það og það hefur verið skoðun okkar Íslendinga fram að þessu og skoðun verkalýðshreyfingarinnar að einnig þeir sem minna mega sín gætu látið sér detta í hug að eignast sína íbúð. Þannig er verkamannabústaðakerfið upp byggt. Þau lán sem veitt eru til þess kerfis eru nú 85%. Það er ágætt að þetta rifjist upp, það er nógur tíminn. Það er algjörlega rangt, sem vinstrimenn hafa viljað halda fram og þeir sem fjærst standa verkalýðshreyfingunni, að ekkert hafi verið gert fyrir hið „félagslega kerfi" eins og það er kallað við breytingarnar á húsnæðislögunum nú á s.l. vori, 1986. Það er algjör misskilningur. Lánin til verkamannabústaðanna voru hækkuð úr 80 í 85%, til viðbótar var ákveðið að þau skyldu vera afborgunarlaus í þrjú ár og loks var heimilt að brúa bilið, þessi 15% sem upp á vantar, með sérstakri lánsfyrirgreiðslu í þrjú ár til þess að auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið. Þetta var gert.

Ég spurðist fyrir um það fyrir fjórum mánuðum hvert væri almennt verð á íbúðum í verkamannabústöðum sem væru hér til endursölu, en þær íbúðir eiga að sjálfsögðu að falla þeim í skaut sem verst eru settir, einstæðum mæðrum t.a.m., og mér var sagt að það lægi á bilinu 1,8–2 millj. kr. Greiðslubyrði af hverri milljón er 35 þús. kr. á ári. Ef við tökum hærri töluna, 2 millj., þá erum við að tala um að sú lánsfyrirgreiðsla geti numið 300 þús. kr. og ekki þyrfti að borga af lánunum á meðan. Síðan kæmi að sjálfsögðu til þeirra greiðslna. En ég trúi ekki öðru en flestir gætu klofið þetta. Og ég býst við að mjög fáir séu þannig settir að þeir búi í leiguíbúð sem ber minni kostnað en hér er boðið upp á. Ég held því að það sé alveg ljóst að komið var verulega til móts við hina lægst launuðu, þá sem verst eru settir. Það var á hinn bóginn sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, og ég hygg að það hafi einnig vakað fyrir verkalýðsleiðtogunum, að reyna að finna almenna lausn fyrir það unga fólk sem er að vaxa upp í landinu.

Það gefur auðvitað auga leið að ef við tökum mikið fé og leggjum það til hliðar til þess að veita sumum 100% úrlausn, borga fyrir suma hverja einustu krónu, þá hlýtur að draga mjög úr þeirri aðstoð sem hægt er að láta öðrum í té. Það var t.a.m. mjög athyglisvert sem kom út úr munni hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, varaformanns Alþfl., þegar þessi ágæti þm. hafði orð á því í sinni ræðu að það væri athugandi hvort ekki ætti að áskilja í sambandi við lán til kaupa á gömlum íbúðum að útborgun yrði ekki nema 50%. Er þetta ekki rétt? (**JS:** Jú.) Þetta er rétt sem ég fer með. Þm. hugsar sér m.ö.o. að allur almenningur eigi að fá rétt á því að fá 50% lán til þess að standa við útborgunina, en síðan eigi aðrir að fá 100%. (**JS:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur, þetta er kaupleigustefna Alþfl. Það hefur verið gerð þannig grein fyrir henni og ég treysti mér til að fletta upp á því að Alþýðuflokksmenn ætla ekki að binda sig við það að byggja, heldur hugsa þeir sér líka að kaupa íbúðir á frjálsum markaði.

Hvað þýðir það ef við förum að setja mikla peninga í það að borga út 100% á frjálsum markaði? Að hið opinbera, ríki og bær, komi og segi: Ég skal leggja 100% á borðið til þess að breyta þessu í leiguíbúð? Ætli hann mundi ekki hækka fasteignamarkaðurinn fyrir allan almenning? (**Gripið fram í:** Veitir af því?) Og hvað meinar þm. með því þegar hann talar um 50%? Það sem fyrir honum vakir er auðvitað það að hann sér ofsjónum yfir því að það skuli vera hægt að fá allt að 70% í vissum tilvikum þegar menn kaupa gamlar íbúðir. Hann vill taka þetta fé og færa það til annarra til þess að þeir þurfi ekkert á sig að leggja. Svo mega aðrir puða, svo má þyngja greiðslubyrðina hjá öðrum. Það eru ær og kýr Alþfl., hins nýja jafnaðarmannaflokks sem hatast við allar almennar úrbætur, getur ekki hugsað sér að menn sem eru heilbrigðir, hafa sömu möguleika til vinnu, að þeir sitji einnig við sama borð í sambandi við að afla sér húsnæðis.

Ég held ég verði að segja að það fer fyrir mér eins og samþingsmanni mínum úr Norðurl. e. að ég sakna þess að hv. 5. þm. Austurl. skuli vera á bændafundi fyrir austan þar sem ég þurfti að segja við hann nokkur orð. Hann var enn að snúa út úr mjög skýru orðalagi í nál. meiri hl. félmn. í vor. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og ég verð að biðja afsökunar á því að þingmaður eftir þingmann er að lesa upp þessi sömu orð, en í rökræðunni getur það verið nauðsynlegt.

„Um það er samkomulag í nefndinni að sú milliþinganefnd sem skipuð var til að endurskoða húsnæðislöggjöfina fyrir ári skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu.

Í þessari milliþinganefnd eiga sæti fulltrúar allra þingflokkanna nema BJ sem kaus að draga fulltrúa sinn úr henni.

Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti nú í desember s.l. en störf hennar hafa legið niðri eftir að úrvinnsla þessa frv. hófst að öðru leyti en því að hún átti þrjá fundi með þeirri nefnd sem það samdi.

Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum sem varða húsnæðismálin var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar. Meðal slíkra atriða eru þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á húsnæðislánakerfinu en ekki hefur verið kostur á að fjalla um við meðferð málsins á Alþingi. Í þeim efnum bendir nefndin sérstaklega á

eftirfarandi."

Í þessu er ekkert skuldbindandi nema það eitt að nefndin talar um að leggja fram frv. nú á haustþinginu. Niðurstaðan varð sú, og ég fer áreiðanlega rétt með það, formaður nefndarinnar leiðréttir þá ef mig misminnir um það. Ég held að enginn hafi í nefndinni bókað mótmæli við því að við hefðum þann hátt á að fara yfir þau efnisatriði sem fyrir liggja í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun, 318. mál, þskj. 560, en þau atriði sem það frv. fjallar um voru send húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til umsagnar. Ég held að ég fari rétt með það að engar athugasemdir voru bókaðar við að óeðlilegt væri að hafa þann hátt á að við að þessu sinni létum við það sitja að þær leiðréttingar yrðu gerðar sem aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um þó við á hinn bóginn bókuðum nokkur atriði sem við óskuðum að yrðu athuguð nánar síðar, þegar frekari og fyllri reynsla væri komin á hið nýja kerfi. Þetta held ég að liggi alveg ljóst fyrir og þurfi ekki um að deila.

Að í þessum orðum sem ég las upp hafi falist að ég hafi skuldbundið Sjálfstfl. með einum eða öðrum hætti til þess að leggja til hliðar þá áherslu sem er á Byggingarsjóði ríkisins er úr lausu lofti gripið. Það er ekki stafur fyrir því hér. Það er auðvitað algerlega út í hött þegar minnsti þingflokkurinn, þingflokkur Kvennalista hér á Alþingi, heldur því fram að það sé brot, einhvers konar brigð eða svik ef meiri hluti Alþingis fæst ekki til að leggja fram frv. í anda þess flokks sem minnstur er. Þingræðið er einfaldlega þannig að það er meiri hluti atkvæða á Alþingi sem ræður stefnu þingsins. Við féllumst á og komum til móts við sum sjónarmið Kvennalistans í því áliti sem fyrir liggur. En auðvitað kom það ekki til greina að *ríkisstjórnin færi að beygja af sinni stefnu, stefnu* meiri hluta Alþingis til að þóknast minni hlutanum, það er auðvitað algjört brot á öllu þingræði, það eru svik við kjósendur þessa lands. (**GA:** Hvenær er Halldór Blöndal orðinn ríkisstjórnin?) Svo einfalt er það. Þess vegna er auðvitað mjög undarlegt þegar stjórnarandstaðan á hverjum tíma fer að gera það að einhverju aðalatriði í sínu máli að það séu svik stjórnarflokkanna að fallast ekki á þau sjónarmið sem stjórnarflokkarnir hafa algjörlega hafnað. (**KH:** En öll atriðin sem nefndin var sammála um?)

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði mikið mál úr því að biðtími væri orðinn mjög langur eftir lánum. Nú er það svo að verulegar umbætur voru gerðar á húsnæðislánakerfinu. Ætli sakir hafi ekki staðið þannig í ágústmánuði að þeir sem áttu íbúð fyrir gátu vænst þess að fá um 150 þús. kr. til að kaupa gamla íbúð, G-lán? Og ætli G-lán til þeirra sem ekki áttu íbúð fyrir hafi ekki verið öðru hvoru megin við hálfa milljón, 450–500 þús.? Eitthvað á þessu bili, ég man ekki krónutöluna nákvæmlega en það var eitthvað á þessu bili. Nú voru þessi lán hækkuð, annars vegar tífölduð, upp í 1,2 millj., og hins vegar hækkað upp í 1,8 millj. eða eitthvað þvílíkt. Þetta er auðvitað gjörbreyting. Þetta hefur m.a. haft það í för með sér að í staðinn fyrir að áður sótti kannske annar hver maður sem keypti gamla íbúð um lán úr Húsnæðisstofnun, þá sækir nú kannske allur þorri manna. Ætli það megi ekki giska á að svo sé? Ef ég man tölur rétt þá hefur yfirleitt verið sótt um u.þ.b. 2000 G-lán á hverju ári en það má búast við að sú tala tvöfaldist. Við vissum það fyrir, áður en við hækkuðum lánin svo mikið, að það mundi valda röskun í bili á húsnæðismarkaðnum. Auðvitað vissum við það. Við vissum að fasteignaverð mundi liggja niðri um mitt ár. Við vissum að fasteignir mundu ekki hækka í verði á árinu 1986 fyrr en áhrifa hins nýja húsnæðislánakerfis færi að gæta. Þetta vissi hver einasti maður. Þetta vissu fasteignasalarnir, þetta vissu þeir sem voru að kaupa og þetta vissu þeir sem voru að selja.

Það er þess vegna ekkert óeðlilegt við það þótt fasteignaverð hafi eitthvað hækkað fyrst eftir að hið nýja kerfi tók gildi. En eigum við að láta slíkar skammvinnar sveiflur hafa þau áhrif á okkur að við þorum ekki að ráðast á vandann þar sem hann er, einkum þegar okkur er það ljóst sem höfum fylgst með þessum málum að margir þeir sem voru í mestum erfiðleikum, mestum greiðsluerfiðleikum, var fólk sem hafði átt litla íbúð, fjölskyldan hafði stækkað og það þurfti að kaupa aðra stærri, gat ekki losnað við sína fyrri íbúð nema á tiltölulega lágu verði, verðbólgan hélt áfram o.s.frv.? Margt af þessu fólki sem í mestu greiðsluerfiðleikunum lenti var einmitt þannig statt. Þetta vitum við. Þess vegna er það að alveg með sama hætti og það er jákvætt fyrir þann sem kaupir að fasteignaverðið sé sem lægst, þá er það auðvitað kostur fyrir hinn að fá a.m.k. sanngjarnt verð fyrir sínar fasteignir. Ég man ekki betur en ýmsir, a.m.k. úr röðum Alþfl. og úr röðum Alþb., *ég man ekki hvort þm. Kvennalistans* hafi einhvern tímann haft orð um það að hann hefði áhyggjur af lágu fasteignaverði víða um land, en ég held að ýmsir þm. hafi haft af því þungar áhyggjur að menn gætu ekki fengið sannvirði fyrir sínar íbúðir víða um landið. Þess vegna held ég að það sé ekki allt af hinu illa þótt verð á fasteignum hafi eitthvað hækkað. Það er enn langt undir byggingarkostnaði víðast hvar. Eins og ég sagði þá hlýtur þess að gæta á *fasteignamarkaðnum í fyrstu þegar verulegar umbætur* eru gerðar.

Þetta er ekki fyrsta skiptið núna sem menn hafa rætt um það með hvaða hætti væri hægt að greiða fyrir því að íbúðir seldust. Menn hafa séð það á undanförnum árum að þenslan hér á Reykjavíkursvæðinu hefur verið óeðlilega mikil einmitt vegna þess að menn hafa seilst til þess að reyna að ráðast í það að kaupa nýjar íbúðir vegna betri lánafyrirgreiðslu, en hins vegar hafa íbúðir legið óseldar jafnvel svo mánuðum skiptir. Ég veit dæmi um að það hefur verið komið á annað ár áður en íbúðir hafa selst vegna þess einmitt að menn réðu ekki við kaupin vegna hinnar lélegu fyrirgreiðslu.

Það voru allir sammála um það í milliþinganefndinni og það voru allir sammála um það hér á Alþingi

að við yrðum að hækka lánin fyrir allan almenning til kaupa á gömlum íbúðum. Um þetta var enginn ágreiningur. En inn í allar þessar umræður kom um leið óttinn við það að ef þessi hækkun yrði veruleg þá mundi fasteignaverðið hlaupa upp fyrst í stað. Þetta vissu menn. Síðan jafnar þetta sig.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur þá einföldu lausn, eins og ég skil hennar orð, að hún vill bæta tveim milljörðum kr. eða þrem í húsnæðislánakerfið á þessu ári. Það er eitthvað svoleiðis. Hún vill fá að auka veltuna í húsnæðismálunum. Við vitum hvað það mundi þýða. Það mundi að sjálfsögðu þýða meiri þenslu hér á Reykjavíkursvæðinu en nú er. Það mundi draga fólk í vaxandi mæli til Stór-Reykjavíkursvæðisins utan af landsbyggðinni. Og það er afskaplega hætt við því, ef menn reyna ekki að hafa stjórn á þessum málum, að afleiðingin verði sú sama og við urðum t.d. vitni að á Akureyri á árunum í kringum 1980, að íbúðarbyggingar voru hömlulausar með þeim afleiðingum að einn góðan veðurdag var ekki þörf fyrir fleiri íbúðir. Byggingariðnaðarmennirnir urðu að flytjast brott þannig að þær íbúðir sem þeir yfirgáfu tæmdust og þar hefur ekki verið eðlileg byggingarstarfsemi í mörg ár þótt reynt hafi verið að halda í horfinu varðandi örfáar íbúðir í verkamannabústöðunum. Auðvitað mundi það sama gerast hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu ef hömlulaust yrði dælt peningum í húsnæðislánakerfið, ég tala nú ekki um ef sú stefna Alþfl. næði fram að menn gætu bara skrifað elskulegt bréf og sagt: nú vil ég fá teppalagt út í öll horn kaupleiguíbúð, og það eigi að svara öllum þessum beiðnum og umsóknum samstundis. Við vitum að það mundi leiða til mikillar þenslu eins og ég sagði og yfirvinnu. Einn góðan veðurdag yrði ekki þörf fyrir fleiri íbúðir, byggingariðnaðurinn mundi hrynja og það mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér hrun á fasteignamarkaðnum. Allt þetta sjáum við fyrir.

Hitt getur vel verið að það sé gaman í ræðu og riti að slá sig til riddara og segja: Það er auðvitað alveg reginhneyksli ef manni dettur í hug að fara að byggja sér íbúð að hann geti ekki vænst lánafyrirgreiðslu fyrr en einu ári eftir að honum dettur það í hug. Hann þarf þó að láta teikna, hann þarf að gera fokhelt, hann þarf að athuga sinn gang. (**JS:** Er biðtíminn bara eitt ár?) Hann þarf að gera það. Við vitum ekki, hv. þm., hver biðtíminn verður á þessu ári. Biðtíminn varðandi þá sem eru að byggja sína fyrstu íbúð og búið er að svara á síðasta ári hefur verið innan við ár. Mér er sagt í Húsnæðisstofnun að fjöldi þeirra umsókna sem hafi komið inn í janúarmánuði sé þannig að hvorki sé um samning við verktaka að ræða, menn hafi ekki fengið lóð né gert kaupsamning, þannig að það er greinilega í vaxandi mæli farið að ryðja sér til rúms. (**JS:** Kaupsamningur þarf ekki að liggja fyrir þegar umsókn er lögð fram.) Ég var nú einmitt að segja hv. þm. að kaupsamningur þyrfti ekki að liggja fyrir þegar umsókn væri lögð fram. Menn geta lagt fram umsókn um leið og þeim dettur í hug og fara að velta því fyrir sér hvort þeir vilji kaupa íbúð eða byggja, þá setja þeir inn umsókn, síðan athuga þeir sinn gang. Og ef menn byggja þá er ekkert óeðlilegt við það þó að fyrri hluti lánsins komi kannske einu ári síðar. Menn fá ekki lánið greitt fyrr en gert hefur verið fokhelt. Þessi lánsloforð eru verðtryggð þannig að menn eiga að geta gengið í sína viðskiptabanka og fengið skammtímafyrirgreiðslu ef á þarf að halda. Þannig er nú þetta.

Ég geri mér vel grein fyrir því að við getum sett hér allt á annan endann. Við getum þyngt skattana, við getum slegið lán erlendis og við getum látið her manns í það að lofa og lofa öllum þeim fyrirgreiðslu sem láta sér detta í hug að byggja á þessu ári. En yrði það til góðs? Hefur allur þessi tröppugangur, sem hefur verið í öllum hlutum, verið til góðs í þessu þjóðfélagi okkar? Er ekki miklu betra að við reynum að finna einhvern takt í húsnæðismálunum, reynum að finna almenna lausn sem fólk getur smátt og smátt farið að treysta og getur reitt sig á? Er það ekki kjarni málsins? Auðvitað er það kjarni málsins. Það held ég að menn séu sammála um.

Ég skil vel að þm. Alþfl. séu fúlir. Þeir voru komnir með þessa fínu stefnuskrá. Þeir voru búnir að búa til pappírana og láta litprenta bæklinginn um að það ætti að gefa öllum íbúðir. Menn gætu bara gengið inn, vesgú takk. Það er ósköp eðlilegt að þeir séu fúlir yfir því Alþýðuflokksmenn, að það skuli koma almenn lausn sem fólkinu fellur vel, og að þeir reyni að gera þetta tortryggilegt. Ég skal t.d. taka eitt dæmi:

Hv. þm. talaði um það í ræðu sinni á þriðjudaginn að fjögurra manna fjölskylda, sem hefði 90 þús. kr. mánaðartekjur, hefði viljað flytja úr 60 m^2 íbúð í 80 m^2 íbúð, en hafi verið synjað um þetta vegna þess að hún hafi ekki haft ráð á að kaupa íbúðina.

Nú vil ég gera þm. tilboð, og ég bið hæstv. forseta afsökunar ef það tilboð sem ég geri er ekki þinglegt, þá slær hann í bjölluna. Nú vil ég gera þessum hv. þm. tilboð: Er hann reiðubúinn að fara ofan í þetta mál með mér, að við fáum umboð þessa fólks, þessara hjóna, til þess að athuga þeirra gögn og við tökum þetta mál upp við húsnæðismálastjórn? Að við leitum eftir umboði við þá einstaklinga sem í hlut eiga? Við fáum fram hvernig umsóknin hefur litið út og við göngum saman til húsnæðismálastjórnar, tveir þm., einn úr stjórn og annar úr stjórnarandstöðu, og förum saman ofan í þetta mál og reynum að leysa málið á grundvelli þeirra reglna sem eru?

Ég geri hv. þm. þetta tilboð. (**Gripið fram í:** Það er óskað eftir svari.) Það er ekki þinglegt að óska eftir svari þótt hv. 2. landsk. þm. hafi gert það að þráspyrja formann Verkamannasambandsins hér þegar hann talaði síðast. Þá var ekki slegið í bjölluna af þeirri ástæðu að ég held að það hafi annar hæstv. forseti stjórnað þeim fundi nefndarinnar. Ef ég mundi þráspyrja aftur hygg ég að hæstv. forseti mundi gera við það athugasemdir. En þetta tilboð liggur sem sagt fyrir.

Ég vil líka segja vegna fréttar sem ég heyrði um í

sjónvarpinu í gær um ung hjón. Mér var sögð sagan svo varðandi þessi ungu hjón að konan hefði 300 þús. kr. árstekjur, maður hennar væri í skóla, þau ættu 700 þús. kr. til þess að leggja á borðið og að stjórn Húsnæðisstofnunar hefði talið að þetta fólk hefði ekki ráð á því að eignast íbúð. Mér er sagt að fréttin hafi verið svona. Það væri auðvitað mjög nauðsynlegt að kafa ofan í þetta mál einnig. En það er bara sá hængur á að ég get ekki gengið í skattframtöl manna, skoðað einkatrúnaðarskjöl þeirra hjá Húsnæðisstofnun og með þeim hætti kynnt mér þessi mál. Þess vegna verð ég að fá umboð þessara aðila sem í hlut eiga til þess að athuga þau. En ég vil segja við þá sjónvarpsfréttamenn, ef þessi frétt er rétt sögð eins og ég sagði hana, ég hlustaði ekki á hana, mér var sagt að frásögnin hefði verið á þessa leið, ég vil segja við sjónvarpsfréttamennina að ef þeir kæmu mér í samband við þessi hjón þá vildi ég gjarnan fá að ræða þetta mál sérstaklega við húsnæðismálastjórn og sjá hvað hér er á ferðinni. Við skulum bara láta sannleikann koma á borðið.

Auðvitað stenst það ekki, það stenst ekki ef upplýsingar liggja réttar fyrir að hjón með 90 þús. kr. mánaðartekjur séu talin vanhæf að kaupa 80 m^2 íbúð. Auðvitað ber fréttin sjálf með sér að þarna er misskilningur á ferðinni. Ég veit ekki hvar hann liggur, til þess þarf ég að sjá gögnin, en ég veit að ef þetta hefur gerst þá hafa átt sér stað mistök og ég þori að fullyrða að ef þessi hv. þm. treystir sér til að ganga í þetta mál með mér þá muni það vera auðgert fyrir okkur að leysa þetta mál, leiðrétta þann misskilning sem þarna er uppi.

Herra forseti. Ég fékk bréfmiða um það að ætlunin væri að ljúka fundi um kl. 3. Vill hæstv. forseti að ég taki fyrir nýjan kafla í ræðu minni eða fresti henni?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þess var vænst að við hefðum getað haldið áfram þessari umræðu nokkuð lengur í dag. En það hefur komið í ljós að það er nauðsynlegt að setja fund í hv. Nd. hið bráðasta vegna þess að þar er verk að vinna sem þarf að ljúka í dag. Auk þess þarf að hafa það í huga að við höfum skemmri tíma í dag til fundahalda en venjulega vegna þess að við þurfum að ætla okkur svigrúm til að geta mætt til leiks síðar í dag eða í kvöld. Með tilliti til þessa er umræðunni frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

45. fundur, fimmtudaginn 19. febr., kl. 3 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 18. mál. — Þskj. 18, n. 621, brtt. 622, 631.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er að mínu viti óhæfa ef þingdeildin er það illa mönnuð að ekki er hægt að ná fram atkvæðagreiðslu með eðlilegum hætti um mál sem menn telja að sé svo mikils virði, eins og menn hafa talað fyrr í þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

3.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,2 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 622,3 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 622,4 (nýjar gr., verða 11.–13. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,5 samþ. með 23 shlj. atkv.

10. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

11. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,6 (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

13. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

14. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 622,7 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,8 (ný 15. gr., verður 21. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 622,9 samþ. með 23 shlj. atkv.

16. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 622,10 (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

17.–22. gr. (verða 24.–29. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,11 (ný gr., verður 30. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

23.–24. gr. (verða 31.–32. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 622,12 (nýjar gr., verða 33.–36. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 622,13 (ný gr., verður 37. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

27.–28. gr. (verða 38.–39. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 622,14 (ný gr., verður 40. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
29.–32. gr. (verða 41.–44. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 622,15 (ný gr., verður 45. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
33.–35. gr. (verða 46.–48. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631 (ákv. til brb.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 523, n. 617, brtt. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 618,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 618,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3.–12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 618,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
14.–16. gr. og ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Leigunám gistiherbergja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520, n. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Leigunám fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521, n. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

46. fundur, fimmtudaginn 19. febr., að loknum 45. fundi.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 18. mál (úthlutun þingsæta o.fl.). — Þskj. 647.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Frsm. kosningalaganefndar (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hafa setið fróðir menn yfir þessu frv. og skoðað það mjög gagnrýnum augum síðan þskj. kom fram og það hafa komið fram ábendingar um að á stöku stað í brtt. frá kosningalaganefnd megi orðalag vera skýrara og tilvísanir gleggri. Okkur þykir sjálfsagt að reyna að bæta úr þeim ágalla. Einkum þótti óljóst hvenær 1. áfanga úthlutunar jöfnunarsæta lyki eða það fundust dæmi þess að menn misskildu það og til að taka af öll tvímæli er rétt að taka fram að í honum ber að úthluta jöfnunarsætum á grundvelli atkvæðatalna sem nema ⅘ af kjördæmistölu eins og þær stærðir eru á undan hverri úthlutun. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. 113. gr. um endurreikning kjördæmistölu áður verið beitt ef við á.

Þá hefur nefndin að athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að viðlagaákvæði í 114. gr. sé óþarflega róttækt og leggur hún til nýtt ákvæði sem ekki felur í sér afturkall úthlutunar þurfi til þess ákvæðis að grípa. Þannig er lokið úthlutun, skv. tillögunni, í þeim kjördæmum, sem ekki tókst að fylla, án tillits til landsúrslita.

Ekki þykir ástæða til að vera með tilvísanir í hinum almennu úthlutunarákvæðum um það hvenær hverfa þurfi til þessa sérákvæðis.

Vert er að geta þess að nefndinni eru ekki kunn nein raunveruleg eða tilbúin dæmi um að viðlagaákvæðum þessum hefði þurft að beita.

Þess vegna leggjum við fram á þskj. 648 brtt. í fimm liðum sem eru eins og ég sagði áðan til að skýra þann texta sem í kosningalögunum á að standa og taka af tvímæli og komast hjá misskilningi og þrætum. Hér er ekki um efnisbreytingar að ræða. Hér er einungis um að ræða skýrara orðalag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 648, sem var of seint

fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var mikið mannval sett í að vinna upp kosningalögin og mikil áhersla lögð á að afgreiða þau. Þingmeirihluti var ærinn fyrir þeim breytingum og ekkert til fyrirstöðu að nota þau annað en það að þau brutu stjórnarskrána.

Aftur var hóað saman herdeild til starfa og við erum ekki fyrr búnir að samþykkja hennar brtt. en hún hefur sjálf komist að þeirri niðurstöðu að þær séu svo illskiljanlegar venjulegu fólki að nauðsynlegt sé að semja nýjar og leggja fyrir þingið. (**KP:** Samþykkti hv. þm. tillögurnar áðan? Af hverju segir hann „við"?) Hv. 3. þm. Vestf. er nú óðum að hressast og er það vel. (**KP:** Af hverju sagði hann ekki „þeir"?) (**Forseti:** Hv. 5. þm. Vestf. hefur orðið.) Það er vel, herra forseti.

Nú er það svo að slíkur er vinnuhraðinn að það er með afbrigðum leitað eftir því að koma þessari brtt. í gegnum þingið og ekki skrýtið því að trúlega, ef það biði til mánudags, væru komnar nýjar tillögur til afgreiðslu því að nefndin heldur áfram að hugsa og athuga málið, eins og hér hefur komið fram, og skyldi engan undra þótt þeir þyrftu að viðhalda þeirri venju sinni.

Ég tel að svona vinnubrögð séu fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég tel það algerlega fyrir neðan virðingu Alþingis að það sé útbýtt brtt. við þskj. Þær séu afgreiddar og samþykktar, málið tekið fyrir á nýjan leik með afbrigðum og þá flytji sami maður og flutti brtt. hið fyrra skipti nýjar brtt. Það er eins og þeir hafi það sér til skemmtunar að láta Alþingi fella allt á einu bretti sem þeir voru að samþykkja rétt áður.

Ég hygg að þrátt fyrir hina nýju uppsetningu sem hér er fram sett verði það aðeins lítið brot af þjóðinni sem átti sig á því hvaða reglur eru í gildi í næstu alþingiskosningum. Það er til mikils vansa að kosningalög skuli sett upp með jafnflóknum hætti.

Ég vil bæta því við, svo að hv. 3. þm. Vestf. velkist ekki í neinum vafa, að ég studdi ekki seinustu brtt. Ég greiddi ekki atkvæði gegn þeim aftur á móti. Ástæðan fyrir því að ég greiddi ekki atkvæði gegn þeim var einfaldlega sú að það var þrátt fyrir allt virðingarverður vottur hjá flm. að reyna að bæta fyrir þau mistök að þeir höfðu áður lagt til að stjórnarskráin væri brotin og það er ástæðulaust að áfellast menn fyrir það þó að þeir vinni að því að leiðrétta slík mistök. En það er alveg makalaust að standa þannig að verki að hér séu ekki fyrr afgreiddar brtt. en það komi fram nýjar brtt. frá sömu aðilum. Ég hefði nú gjarnan viljað að forseti upplýsti hvort það sé von á enn nýjum brtt. á fundinum úr prentun því að það tekur dálítinn tíma að fara yfir þetta og væri hugsanlegt að einhver annar úr nefndinni væri þá með brtt. í pússi sínu sem væntanlegar væru fyrir deildina áður en atkvæðagreiðslu væri lokið.

Frsm. kosningalaganefndar (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það kann að vera að það sé ástæða til þess að hv. 5. þm. Vestf. hrökkvi við eða skilji ekki það sem er að ske í kringum hann. En eins og ég tók fram áðan er hér einungis um mjög óverulegar brtt. að ræða. Það er einungis verið að leggja til skýrara orðalag, taka af tvímæli sem mönnum sýndist við nákvæma skoðun og ítarlega að gætu verið á einstökum ákvæðum. Það er mikilsvert og eftirsóknarvert fyrir Alþingi að hafa þetta allt saman sem skýrast og nákvæmast þannig að ekki sé hægt að snúa út úr einstökum ákvæðum laganna. Við höfum lagt áherslu á að hafa textann einfaldan og auðskiljanlegan hverjum manni og ég veit að þegar menn eru búnir að venjast honum sjá þeir að hann er ekkert flókinn. En það er okkur líka kappsmál að það gangi ekki út yfir nákvæmnina. Þess vegna eru þessar brtt. fluttar.

Málið er í fyrri deild. Okkur er kappsmál að koma því til meðferðar í Ed. þannig að Ed. gefist líka kostur á að fjalla um þetta mál. Þess vegna flytjum við þessar brtt. með þessum hætti. Við vildum hins vegar reyna að ganga svo vel frá þessu frv. áður en það færi til Ed. sem frekast væri kostur. Önnur aðferð gat verið sú að láta málið fara til Ed. og láta þar gera þær ítrekanir sem hér er lagt til, en það var nú vinnulag sem okkur þótti óskynsamlegra og leggjum þess vegna til að þessu verði breytt hér við 3. umr. eða þessi ákvæði gerð skýrari.

Að endingu vil ég taka fram að ég tel að ekki muni vera von á fleiri brtt. frá nefndarmönnum í Nd. Vera kann að efrideildarmenn óski eftir að breyta einhverju og þá kemur frv. aftur til deildarinnar, en það er ekki von á fleiri brtt. frá okkur.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það er örstutt. Ég fagna því að hv. 5. þm. Vestf. hefur hresst. Hér stóð yfir lengstan hluta fundar þingdeildar í gær umræða um þetta mál og hv. þm. sást ekki. En nú hefur Eyjólfur hresst og það fer vel.

En það má segja um þetta mál að fyrr má nú rota en dauðrota að því er vinnubrögð áhrærir. Hér er dengt inn núna, leitað eftir afbrigðum, brtt. í nokkuð mörgum liðum sem þingdeildarmenn hafa ekki séð. Ég veit heldur ekki hvort menn úr kosningalaganefnd hafa séð þetta. Mikið af þeim hefur verið fjarverandi úr þingdeildinni í dag. Kannske hafa þeir setið í að semja þetta. Það veit ég ekki. En þessi vinnubrögð eru hrein móðgun við þingdeildina, að haga málum á þennan veg ekki bara í þessu máli heldur og öllum öðrum málum sem koma fyrir þingið.

Ég lýsti í gær að ég hefði greitt atkvæði gegn kosningalagabreytingunni á sínum tíma, mundi ekki greiða atkvæði að því er varðaði breytingarnar sem lágu fyrir í gær, mundi sitja hjá við þær ákvarðanir. Enn frekar hefur hugsun mín styrkst til þess að taka ekki þátt í þeirri afgreiðslu sem hér á að fara fram á eftir, ef það er meiningin, og ég mun ekki greiða

atkvæði í afgreiðslu þessa máls hér í lokin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 648,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 648,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 648,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 648,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 648,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GSig, GeirG, GB, GJG, GHelg, GGS, GT, JS, MB, ÓE, PP, PJ, RH, SV, StH, IG.

GA, KP, KH, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.
13 þm. (SvG, EBS, FrS, GE, HBl, HG, JBH, KJóh, KSK, MÁM, PS, StG, SJS) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Umboðsmaður Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 649 (sbr. 523).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Leigunám gistiherbergja, 3. umr.

Stjfrv., 291. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 520.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 654).

Leigunám fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 292. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 521.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 655).

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 228, n. 606, brtt. 607.

Frsm. meiri hl. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um þetta frv. á fundum sínum. Til nefndarinnar komu Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Hilmar Jónsson frá Alþýðusambandi Íslands. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum. Undir þetta skrifa ásamt mér hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Eggert Haukdal, Karvel Pálmason með fyrirvara, Stefán Guðmundsson og Friðjón Þórðarson.

Brtt. eru við tvær greinar. Í fyrsta lagi við 4. gr. Í staðinn fyrir fimm menn í skipulagsnefnd fólksbifreiða verði þeir sjö, þ.e. að þarna komi inn menn frá Búnaðarfélagi Íslands og Ferðamálaráði Íslands.

Önnur brtt. er um það að þær bifreiðar sem eru notaðar í ferðir þurfi að hafa hóp- og sérleyfisréttindi.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum tveimur breytingum.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið, en eins og sjá má á nál. skrifa ég undir með fyrirvara. Ég tel að það sé engin þörf á því að hafa sjö manna nefnd þegar nægir að hafa fimm. Ég tel ekkert mæla með því t.d., eins og hér er lagt til í brtt., að Búnaðarfélag Íslands skipi fulltrúa í þessa nefnd. Það mætti alveg eins hugsa sér að Fiskifélagið skipaði fulltrúa í þessa nefnd, fiskideildirnar hringinn í kringum landið. Hvaða vit er í svoleiðis hlutum? Málið er að mínu viti alveg tryggt í höndum þeirrar nefndar sem frv. gerir ráð fyrir að verði sett upp og er óþarfi að bæta við. Á því byggist minn fyrirvari að ég er andvígur því að breyta því og mun ekki greiða brtt. atkvæði.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þegar ég lagði

fram þetta frv. var það gert í þeim tilgangi að leggja niður skatt á sérleyfisbifreiðir, afnema hann með öllu, og í öðru lagi að leggja niður skrifstofu umferðarmáladeildar og taka starfsemina inn í samgrn. Það er ekki meira starf en svo að það er vel hægt að bæta því á ráðuneytið. Jafnframt lagði ég til að það yrði fækkað í skipulagsnefnd fólksflutninga úr sjö í fimm og gert með þeim hætti að fækka um annan fulltrúa Félags sérleyfishafa og hinn Búnaðarfélags Íslands sem ég taldi vera óþarfi að hafa inni vegna þess að Samband ísl. sveitarfélaga á aðild að þessari stjórn sem mér þykir vera alveg nóg. Nefndin hefur breytt þessu á þann veg, ekki á sama veg og áður var heldur að annar fulltrúi sérleyfishafa er tekinn út og Ferðamálaráð er tekið inn. Ég fyrir mitt leyti er mótfallinn þessari breytingu. Við mig var ekkert samráð haft þó ég væri flm. frv. Hins vegar mun ráðuneytisstjórinn hafa mætt á fundi nefndarinnar, en hann sagði mér ekki fyrr en eftir á frá því og ég sagði honum að ég væri á móti þessari breytingu.

Seinni brtt. er í raun og veru alveg samhljóða því sem er í frv. að öðru leyti en því að það er bætt við einni setningu: „Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi.“ Það gæti alltaf komið fyrir að það væri nauðsynlegt í einstaka tilfellum að veita einhverja heimild. Þó að það sé að jafnaði ekki held ég að það sé ekki til bóta að setja þetta inn í lög. Að því leyti til þá hefði mér fallið betur við að hafa greinina óbreytta þó ég geri það ekki að neinu sérstöku kappsmáli, en það er hægt að hafa meginmarkmið í huga þó það sé ekki alveg fortakslaust bannað með lögum eins og þetta atriði.

Frsm. meiri hl. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Eins og kom fram var fenginn Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri fyrir nefndina. Þetta var borið undir hann. Það kom ósk fram frá Búnaðarfélaginu um að það héldi sínum fulltrúa inni vegna þess að sá fulltrúi þekkir mjög til á landinu öllu. Okkur fannst eðlilegt að hann væri þarna áfram inni. Hann hefur verið það frá 1947. Ég spurði ráðuneytisstjórann, sem ég tel vera fulltrúa hæstv. samgrh., og hann sagði að þetta væri ekkert mál og það geta nefndarmenn, sem þarna voru, borið.

Hitt atriðið var rætt dálítið og þótti ekki forsvaranlegt að bílar til fólksflutninga væru notaðir öðruvísi en þeir hefðu réttindi til þess að flytja fólk. Það má deila um hvort það hafi átt að vera eins og frv. var, en það þóttu öryggisráðstafanir að setja þetta inn í greinina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vitamál, 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. um vitamál fjallar um að vitamálastjóri verði ekki skipaður af forseta heldur af samgrh. og það er í samræmi við nýju lögin um hafnamál. Þar var slík breyting gerð þegar þau lög voru ákveðin og sömuleiðis var skipan í hafnarmálastjóraembættið til ákveðins tíma. Af því að það er sami maðurinn sem gegnir þessum embættum báðum samkvæmt þessum tvennum lögum þarf að gera þessa breytingu á vitalögum til þess að samræmi sé þarna á milli. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nauðungaruppboð, 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Frv. það sem hér er lagt fram og fjallar um breytingar á lögum um nauðungaruppboð nr. 57/1949 er samið af réttarfarsnefnd er starfar á vegum dómsmrn. að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar. Frv. fjallar um tiltölulega afmarkaðan þátt réttarfars við nauðungaruppboð, atriði þar sem talið er brýnt að koma á endurskoðun svo sem nánar kemur fram í grg. frv. Er með frv. stefnt að því að sú meginbreyting verði gerð á framkvæmd nauðungaruppboða á fasteignum að uppboðssölur, sem fyrir fram þykir ljóst að verði ekki endanlegar, fari fram á skrifstofu uppboðshaldara að undangengnum auglýsingum þar um. Jafnframt er ráðgert að uppboð á skipum og loftförum fari ávallt fram á skrifstofu uppboðshaldara þótt um endanlega sölu sé að ræða. Sú breyting er lögð til m.a. til að fyrirbyggja að eigendur skipa og loftfara geti komið í veg fyrir uppboðssölu með því að halda eign sinni utan lögsagnarumdæmis uppboðshaldara, en slíks munu vera nokkur dæmi á liðnum árum.

Er samhliða þessari breytingu lagt til að bundið verði í lög að önnur uppboðssala fari fram án þess að fram komi krafa þess efnis. Er enn fremur ráðgert að endanleg sala fasteignarinnar eigi sér að jafnaði ekki stað fyrr en með þriðju uppboðssölu sem fram fari á viðkomandi eign. Með þeim hætti verður reynt að kalla fram sem hæst boð í eignina. Með því að þriðja uppboð, hin endanlega sala, yrði væntanlega fátíð aðgerð má búast við að aðrir en veðhafar í eigninni gefi opinberri auglýsingu um slíkt uppboð gaum. Verður að ætla að betri möguleikar skapist til

að fá viðunandi boð í eign en eftir gildandi reglum.

Loks er með þessu aukið það ráðrúm sem uppboðsþola gefst til að leitast við að afstýra endanlegri uppboðssölu.

Auk þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd ráðgerir frv. breytingar á ýmsum öðrum reglum uppboðslaganna sem ekki verður vikið að frekar í þessari framsögu.

Frv. felur í sér breytingar er varða uppboðshaldara, uppboðsbeiðanda og uppboðsþola. Miða þær að því að einfalda framkvæmd fyrir alla aðila, draga úr kostnaði við uppboð sem lendir á uppboðsþola svo og að draga úr óþægindum fyrir uppboðsþola.

Eins og fram kemur í grg. með frv. eru eiginlegar uppboðssölur tiltölulega fáar miðað við fjölda uppboðsbeiðna og fjölda tilvika þegar uppboðshaldari og uppboðsbeiðendur fara á eign uppboðsþola til að halda uppboð, fyrri eða síðari nauðungarsölu. Er þar gerð grein fyrir fjölda uppboðsmála í Reykjavík þar sem langsamlega flest mál eru til meðferðar, en slík mál eru einnig mörg utan Reykjavíkur. Var gerð grein fyrir því við umræður í hv. Ed. hversu mörg þau eru. Yfirlitið í frv. tekur yfir árin frá 1983 til 1. nóv. á fyrra ári, en nú liggja fyrir tölur til loka þess árs.

Á þessu tímabili hefur fjöldi afgreiddra fasteignauppboða í Reykjavík ekki aukist verulega, en hins vegar hafa aðgerðir orðið að ganga lengra ár frá ári áður en skuldara hefur tekist að afstýra uppboðssölu. Var fjöldi afgreiddra uppboðsfasteigna í Reykjavík 3750 á síðasta ári á móti 2924 á árinu áður. Fjöldi aðgerða jókst hins vegar á þessu tímabili þannig að ferðum uppboðshaldara á eign til að framkvæma nauðungarsölu fjölgaði úr 499 í 1628. Aukning á uppboðssölu var svo hlutfallslega mest eða úr 8 í 54.

Með þeirri breytingu frv. að ákveða þrjár uppboðssölur en áskilja einungis þá síðustu á fasteigninni sjálfri sparast veruleg ferðalög og tími uppboðshaldara og uppboðsbeiðanda og innheimtukostnaður sem leggst endanlega á uppboðsþola. Með þessu losnar uppboðsþoli og við óþarfa óþægindi og niðurlægingu sem opinberar auglýsingar og sjálft uppboðshaldið með tilheyrandi mannsöfnuði á eigninni hefur í för með sér. Með því að færa yfirgnæfandi fjölda þessara tilvika á starfsstöð uppboðshaldara má losna við þessi óþægindi og kostnað og er frv. flutt í því skyni. Er það gert á þann hátt að hagsmunir uppboðsþola verði á engan hátt fyrir borð bornir.

Eins og áður greinir felur frv. í sér nokkrar aðrar breytingar á framkvæmd nauðungaruppboðs sem ekki þykir ástæða til að tíunda hér og er vísað til grg.

Rétt er að taka fram að frv. þetta er samið í samráði við starfsmenn borgarfógetaembættisins í Reykjavík sem gerst þekkja það svið sem hér um ræðir og starfsmaður þess, Markús Sigurbjörnsson, vann mjög að samningu frv.

Herra forseti. Ég mun ekki fjölyrða frekar um efni þessa frv. og leyfi mér að leggja til að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 623 (sbr. 597).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til umferðarlaga. Þetta frv. hefur þegar verið flutt áður á tveim þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Frv. er upphaflega samið af umferðarlaganefnd sem skipuð var fimm mönnum og felur í sér heildarendurskoðun gildandi umferðarlaga sem að stofni til eru frá árinu 1958. Hafði nefndin hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á umferðarlögum og umferðarreglum annars staðar á Norðurlöndum er byggðust á tillögum samnorrænnar nefndar um umferðarmál og alþjóðlegu samstarfi, m.a. alþjóðasamningi um umferð sem gerður var 1968 og kenndur er við Vínarborg. Auk þess var og höfð hliðsjón af hérlendum aðstæðum og ábendingum og tillögum aðila sem fara með umferðarmál og umferðaröryggi.

Á síðasta Alþingi höfðu allshn. Ed. borist margvíslegar umsagnir allmargra aðila um frv., en við þinglok hafði nefndin eigi lokið yfirferð sinni á frv. og þeim tillögum sem borist höfðu. Varð þá að ráði til að undirbúa frv. fyrir þetta þing að skipa nefnd fjögurra þm. úr allshn. Ed. til að endurskoða það, m.a. með hliðsjón af athugasemdum og umsögnum sem fram höfðu komið. Nefndin fór yfir þessar athugasemdir og frv. ítarlega og gerði tillögur um allnokkrar breytingar í samræmi við þær eftir því sem þeim sýndust tök á.

Frv. felur í sér fjölmargar breytingar og nýmæli borið saman við gildandi lög. Eru helstu breytingar taldar í 55 liðum á bls. 33–35 í frv. og varða þessar breytingar öll svið frv., umferðarreglur, reglur um ökuhraða, ökumenn og ökutækni, fébætur og vátryggingu, viðurlög o.s.frv. Ég mun ekki rekja þær hér en vil geta örfárra atriða.

Ljósatími allan sólarhringinn verður frá 1. sept. til 30. apríl. Notkun ökuljósa eykur til muna öryggið þar sem bifreiðin sést þá betur.

Gildistími fullnaðarskírteinis til aksturs venjulegrar bifreiðar og bifhjóls verði til 70 ára aldurs í stað þess að það er nú gefið út til tíu ára í senn. Aðhaldi gagnvart ökumönnum er hins vegar ætlað að ná með færslu ökuferilsskrár sem gert er ráð fyrir að haldin sé við embætti lögreglustjóranna.

Reglum um bótaábyrgð er breytt nokkuð. Hin ríka ábyrgðarregla er látin ná til allra vélknúinna ökutækja, en þær ná nú einungis til skráningarskyldra ökutækja. Ábyrgðarreglan er víkkuð þannig

að alfarið er tekin upp hlutlæg ábyrgð og þá felldur niður sá munur sem verið hefur eftir því hvort er flutt gegn gjaldi eða ekki. Ábyrgðarreglan tekur til tjóns sem hlýst af vélknúnu ökutæki vegna umferðarslyss eða annars umferðaróhapps eða vegna sprengingar eða bruna sem stafar frá eldsneytiskerfi í ökutækinu. Er þar um nokkra takmörkun á hinni sérstöku ábyrgðarreglu að ræða, en núgildandi regla miðar við allt tjón sem hlýst af notkun ökutækis.

Dregið er úr heimild til að fella niður eða lækka bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda þegar sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur.

Þá er reglum um bótaábyrgð, þegar um er að ræða líkamstjón eða tjón vegna missis framfæranda vegna áreksturs vélknúinna ökutækja, breytt þannig að ábyrgðin lendir á ökutækinu sem hinn slasaði eða látni var í. Reglur þessar miða allar að því að auka bótarétt þess sem verður fyrir líkamstjóni eða missi framfæranda. Eru þær teknar upp í samræmi við þróun sem orðið hefur erlendis á undanförnum árum, síðast í Danmörku í lok síðasta árs. Samhliða þessu er lagt til að breytt verði reglum um vátryggingaskylduna og að vátryggingafjárhæðir verði hækkaðar verulega.

Frv. það til umferðarlaga sem hér liggur fyrir felur í sér breytingu á umferðarreglum til samræmis við alþjóðlega þróun og á þannig að stuðla að auknu öryggi vegna aukinna samskipta þeirra í milli. Það felur í sér aukna vernd óvarinna vegfarenda. Það felur í sér aukinn bótarétt þeirra sem verða fyrir líkamstjóni eða missi framfæranda. Loks felur frv. í sér hagræðingu á ýmsum sviðum til hagsbóta fyrir borgarann og stjórnsýsluna, svo sem ákvæðin um lengingu á gildistíma ökuskírteina, ákvæðin um flutning ökutækjaskráningar frá lögreglustjórum til bifreiðaeftirlits, ákvæðin um breytta meðferð mála vegna brots á reglum um stöðvun og lagningu ökutækja og ákvæðin um heimild til að flytja brott ökutæki sem með ýmsum hætti brjóta í bága við reglur um stöðvun eða lagningu, valda truflun eða hættu eða skilin hafa verið eftir. Með samþykkt þessa frv. á því ekki einungis að skapast grundvöllur fyrir auknu umferðaröryggi heldur og fyrir bættri stjórnsýslu og hagræðingu.

Umferðarlögin ein sér eru aðeins rammi utan um frekari reglur. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að heildarendurskoðun reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Er það allmikið verk og undirbúningur er langt kominn. Verður trúlega heppilegt að ganga frá nýjum reglum um þetta efni í áföngum og er stefnt að því að á næstunni verði settar reglur um blá ljós fyrir lögreglu, sjúkra- og slökkvibíla, um fast ökuljós er logar alltaf við akstur og öryggisbelti í aftursætum fólksbifreiða.

Í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv., m.a. um ökuhraðann. Er þar gert ráð fyrir að hámarksökuhraði á malarvegum verði 80 km, á vegum með bundnu slitlagi 90 km, en heimild til að hækka upp í 100 km hraða þar sem sérstakar aðstæður leyfa. Í Ed. voru einnig sett inn í frv. ákvæði um torfærutæki. Reglur um þau eru ekki í núgildandi umferðarlögum, en mjög brýnt að setja ákveðnar reglur um akstur og meðferð þeirra. Þá var einnig samþykkt heimild til að setja á stofn sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa til að athuga einstök umferðarslys frá því sjónarmiði að reyna að finna orsakir þeirra og gera síðan ráðstafanir sem geti orðið til úrbóta.

Á s.l. sumri stóð ráðuneytið að sérstöku átaki lögreglu og Umferðarráðs er einkum beindist að ökuhraða og ölvunarakstri og í byrjun vetrar var staðið að hliðstæðu átaki er beindist að stefnuljósanotkun og virðingu fyrir rauðu umferðarljósi og stöðvunarskyldu. Þörf er á að auka og skipuleggja slíkt samstarf þessara aðila og jafnframt samstarf við fjölmiðla, einkum útvarp og sjónvarp. Reynslan sýnir að með samræmdu átaki má ná verulegum árangri til bættrar umferðarmenningar og aukins öryggis. Slíkar aðgerðir kosta hins vegar óhjákvæmilega talsverða fjármuni og þarf að tryggja Umferðarráði auknar fjárveitingar í því skyni.

Þá getur lögreglan ekki aukið að ráði þátt sinn án þess að skerða aðra þætti löggæslunnar. Með ákveðinni skipulagningu má þó styrkja þessa löggæslu. Hefur verið unnið að því að undanförnu í kjölfar úttektar sem gerð var á embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Ekki er síður mikilvæg til árangurs á þessu sviði þátttaka annarra aðila en hins opinbera. Því ber að fagna framréttri hendi bifreiðatryggingafélaganna sem héldu ráðstefnu snemma í vetur um öryggismál í umferðinni og tóku síðan ákvörðun um átak á þeirra vegum nú á þessu ári.

Umferðarslysin eru öllum áhyggjuefni. Samkvæmt skýrslu Umferðarráðs, sem byggð er á skráningu lögreglu, létust í umferðarslysum 24 á árinu 1985 og 889 slösuðust, þar af 375 alvarlega. Þetta eru uggvænlegar tölur. Þó er vitað að þessar tölur segja ekki allt. Í mörgum tilvikum fær lögreglan enga vitneskju um slys. Hinn slasaði er fluttur beint á sjúkrahús.

Fleiri tölur eru uggvekjandi. Á árinu 1985 færði lögreglan 2481 mann til blóðrannsóknar vegna meintrar ölvunar við akstur og er þetta nokkuð árviss tala. Af þessum hópi áttu 252 aðild að umferðarslysi og 80 höfðu slasast. Af skráðum umferðarslysum í Reykjavík árið 1985, alls 2597, voru 138 tilvik þar sem grunur var um ölvun við akstur. Rétt er að taka fram að af heildartölunni, 2481, reyndust 399 vera með áfengismagn innan refsimarka.

Til viðbótar þessu vil ég leggja áherslu á að missir ökuleyfis vegna ölvunaraksturs er ákaflega þungbær fyrir marga aðila. Ég hygg að það sé mesta hagsmunamál bifreiðaeigenda að reyna að gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir að menn lendi í slíkri aðstöðu að menn keyri ölvaðir og hljóti síðan réttindamissi af. Ákvæði frv. miða að því að reyna að koma í veg fyrir ölvunaraksturinn. Þau veita m.a. lögregluheimild til að taka öndunarsýni, jafnvel þótt ökumaður sé ekki grunaður um ölvun við akstur. Þá

er ekki síður nauðsynlegt að standa þannig að málum að ökumenn verði ekki fyrir meiri óþægindum en þörf er á og þeir ekki látnir gangast undir blóðrannsókn nema full ástæða sé til. Því er nú verið að taka í notkun hjá lögreglunni ný tæki til að taka öndunarsýni þar sem unnt er að greina þá betur frá sem eru með áfengismagn innan refsingarmarka.

Herra forseti. Umferðin er þáttur í daglegu lífi okkar. Við tökum öll þátt í henni. Umferðin er eins og við viljum láta hana vera. Umferðarlög og reglur hjálpa til að móta umferðina, en til þess að árangur náist verðum við að tileinka okkur umferðarreglurnar, góða akstursháttí og umgengni. Frv. þessu er ætlað að stuðla að bættu umferðaröryggi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég fagna því hve þetta umferðarlagafrv. er komið vel á veg og Ed. sýnist mér að hafi unnið vel að málinu og lagað það mikið. Hún hefur tekið inn í það ákvæði um hámarkshraða úr frv. sem ég flutti á þskj. 52 og því er ég feginn og þá er ekki ástæða til að afgreiða frv. mitt þar sem efni þess er komið inn í þetta umferðarlagafrv.

Ég tel að frv. hafi batnað mikið í Ed. Tvennt tel ég þó að lagfæra þurfi enn þá í þessu frv. og ég leyfi mér að leggja fram brtt. um þau tvö atriði sem ég tel að þurfi enn að bæta.

Í fyrsta lagi legg ég til að 32. gr. verði breytt þannig að upphaf hennar sé: „Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn“, en ekki bara allan sólarhringinn frá 1. sept. til 30. apríl. Ég tel að það sé rétt að innleiða það sem meginreglu að menn keyri alltaf með ljós. Ef menn venja sig á að keyra með ljósum eru þeir miklu öruggari í umferðinni og ber miklu meira á bifreiðinni og akstur verður allur miklu öruggari. Jafnvel þó að bjart sé af degi og sólskin tel ég rétt að menn temji sér að aka með ljósum. Það eru mjög ströng ákvæði um þetta víða, t.d. í Svíþjóð. Sænskir bílar eru útbúnir þannig að það er ekki hægt, ef þeir eru í akstri, að slökkva ljósin. Ég tel að það sé eftirsóknarvert að taka upp þá reglu hér með bíla sem verða fluttir inn. Hins vegar er ég ekki að leggja til að breyta þeim bílum sem hér eru, en legg til að menn temji sér þetta og það verði lögboðið að aka með ljósum. Um þetta hafa verið flutt frv. hér á þingi áður en ekki náð fram að ganga, en ég tel að eðlilegt sé að festa þetta í lög.

Í öðru lagi er það gamalt deilumál sem oft hefur borið á góma þegar umferðarlög hafa verið til umræðu hér í þinginu og er það um skráningu ökutækja. Ég legg til að í 64. gr. verði heimild dómsmrh. til að setja reglur um skráningu ökutækja bundin þannig að skráning verði miðuð við umdæmi, eins og verið hefur, og heimilt verði að halda skráningarnúmeri við eigendaskipti. Ég vil halda í það kerfi sem við búum við. Ég tel að það sé ástæðulaust að taka númer af fólki sem það hefur kannske af einhverjum ástæðum bundið tryggð við og lofa mönnum að eiga sín númer ef þeir óska þess. Nú kann að vera að mönnum sé ekkert sárt um númerið sitt og þá er ég ekki að hafa á móti því að það fylgi bílnum, en þeir sem þess óska eigi kost á því að halda sínu skráningarnúmeri þó þeir skipti um bíl.

Ég legg mikla áherslu á að ég held að það séu drjúgmargir sem eru þeirrar sömu skoðunar og ég að ástæðulaust sé að breyta þessu. Menn hafa verið að mikla fyrir sér hagræði það sem Bifreiðaeftirlitið hefði af því að breyta þessum reglum og láta sama númer fylgja bifreiðinni allan hennar notkunartíma. Ég held að menn geri allt of mikið úr því hagræði. Ég er ekkert að hafa á móti því þó að menn borgi eitthvað fyrir umskráningu og bifreiðaeigendur beri aukakostnað af því sjálfir ef þeir kjósa að halda sínu númeri, en ég vil ekki gefa svigrúm til að setja reglur um að taka númerið af mönnum sem vilja halda því.

Í Ed. voru sett nánari ákvæði um torfæruhjól. Ég er út af fyrir sig ekki að hafa á móti þeim, en ég varpa því fram til hv. allshn. hvort ekki er ástæða til að gaumgæfa sérstaklega þessi torfæruhjól og þá einkum að setja reglur um akstur þeirra utan vega. Þetta eru kraftmikil tæki og særa jarðveginn og ég óttast að innan fárra ára komum við til með að sjá ljót merki eftir torfæruhjól víða á viðkvæmum svæðum. Þetta eru þægileg tæki og vafalaust verða margir sem telja sér hag í að nota þau, en ég bið allshn. að hugleiða hvort þeim sýnist ekki tiltækilegt að lögfesta reglur bókstaflega um akstur þessara tækja utan vega þannig að ekki þurfi að hljótast stórfelld náttúruspjöll af notkun þeirra. Mér er ljóst að það er miklum vandkvæðum bundið að setja slíkar reglur, en kann þó að vera að það sé unnt að gera það. Ég held a.m.k. þyrfti að leggja mjög ríka áherslu á að almenningsálitið passaði upp á ökumenn sem yllu verulegum náttúruspjöllum.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Álit milliþinganefndar um húsnæðismál (307. mál) 3166, 3246.
Byggingarsjóður aldraðs fólks (339. mál, afnám laga) 3035.
Deilur menntamálaráðuneytisins og fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra (336. mál) 3098, 3221.
Drengskaparheit unnið 3135.
Fasteigna- og skipasala (193. mál, trygging) 3029, 3212.
Fjáröflun til vegagerðar (295. mál, gjalddagar þungaskatts) 3098, 3225.
Fólksflutningar með langferðabifreiðum (213. mál, heildarlög) 3264.
Gildistaka laga um staðgreiðslu opinberra gjalda (341. mál) 3085.
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna (330. mál, ráðstöfun ágóða) 3034.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (352. mál, heildarendurskoðun) 3218.
Iðnráðgjöf (348. mál) 3213.
Iðnráðgjöf í landshlutunum (335. mál) 3161.
Kosningar til Alþingis (18. mál, úthlutun þingsæta o.fl.) 3225, 3258, 3260.
Kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands (343. mál) 3143.
Kosning í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra 3246.
Kosning í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar 3246.
Landhelgisgæslan (327. mál) 3156.
Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna (232. mál, afnám laga) 3029, 3212.
Lausafjárkaup (267. mál) 3146.
Leigunám fasteigna (292. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3245, 3259, 3263.
Leigunám gistiherbergja (291. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3244, 3259, 3263.
Löggæslumál á Reyðarfirði (333. mál) 3162.
Lögskráning sjómanna (326. mál, heildarlög) 3031.
Markaðsaðstæður erlendis (331. mál) 3166.
Nauðungaruppboð (297. mál, þriðja uppboð á fasteign o.fl.) 3030, 3213, 3266.
Náms- og kennslugögn (328. mál) 3137.
Rannsókn kjörbréfs 3134.
Skriðuklaustur (329. mál) 3140.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (340. mál) 3047.
Stjórnarskipunarlög (174. mál, heildarlög) 3098.
Stjórnstöð vegna leitar og björgunar (313. mál) 3166.
Tekjuskattur og eignarskattur (342. mál, skattstofn og álagningarreglur) 3037.
Tekjustofnar sveitarfélaga (346. mál, álagning útsvara og innheimta) 3086.
Um þingsköp 3135 (svar við fsp. um stuðnings- og sérkennslu).
Umboðsmaður Alþingis (294. mál) 3241, 3259, 3263.
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 3090, 3268.
Umhverfismál (302. mál, umhverfis- og félagsmálaráðuneyti) 3165.
Útflutningslánasjóður (347. mál, takmörkuð ábyrgð) 3034.
Varamenn taka þingsæti 3245.
Veiting sterkra drykkja á vegum ríkisins (306. mál) 3166.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (323. mál) 3152.
Viðskiptahagsmunir Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu (322. mál) 3148.
Vitamál (296. mál, skipunartími vitamálastjóra) 3030, 3213, 3266.
Þinglýsingalög (120. mál, skrásettar bifreiðir) 3097.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (351. mál) 3218.
Þjóðhagsstofnun (305. mál) 3165.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3134, 3135, 3136, 3245, 3257.
Forseti Nd. Kristín Halldórsdóttir 3122, 3128.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3105, 3112, 3224.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3035, 3086, 3166.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3037, 3047, 3074, 3084, 3085.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3219.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 3162, 3213.
Landbrh. Jón Helgason 3035, 3157, 3160, 3163, 3165, 3266, 3268.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3138, 3139, 3141, 3143, 3144, 3218.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3031, 3034, 3147, 3148, 3149, 3151, 3264, 3266.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3145, 3153, 3155.
Árni Johnsen 3091, 3097, 3158.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3135.
Björn Dagbjartsson 3154.
Davíð Aðalsteinsson 3029, 3094.
Egill Jónsson 3031.
Eiður Guðnason 3054, 3083.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3073, 3158.
Friðjón Þórðarson 3157.
Guðmundur J. Guðmundsson 3146, 3222.
Guðmundur Bjarnason 3157.
Guðrún Agnarsdóttir 3110, 3137, 3139, 3143, 3145, 3146, 3235.
Guðrún Helgadóttir 3222.
Gunnar G. Schram 3241, 3244, 3245.
Halldór Blöndal 3112, 3246.
Helgi Seljan 3140, 3142, 3162, 3164.
Hjörleifur Guttormsson 3161, 3176.
Ingvar Gíslason 3098, 3122, 3223.
Jóhanna Sigurðardóttir 3110, 3182.
Jón Kristjánsson 3029, 3030, 3068, 3090, 3096, 3165.
Jón Baldvin Hannibalsson 3128.
Karl Steinar Guðnason 3148, 3151, 3152, 3155.
Karvel Pálmason 3156, 3159, 3161, 3223, 3231, 3238, 3240, 3258, 3262, 3264.
Kjartan Jóhannsson 3233, 3243.
Kolbrún Jónsdóttir 3159.
Kristín Halldórsdóttir 3195.
Ólafur G. Einarsson 3103, 3223.
Ólafur Þ. Þórðarson 3223, 3261.
Páll Pétursson 3098, 3120, 3224, 3225, 3239, 3260, 3262, 3271.
Ragnar Arnalds 3049, 3080.
Salome Þorkelsdóttir 3093, 3097.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3059, 3082.
Skúli Alexandersson 3033, 3145, 3155.
Stefán Benediktsson 3070, 3203.
Stefán Guðmundsson 3224.
Stefán Valgeirsson 3224, 3264, 3265.
Steingrímur J. Sigfússon 3106, 3130, 3135, 3222.
Svavar Gestsson 3136, 3146, 3147, 3222, 3236.
Valdimar Indriðason 3033, 3154.

SAMEINAÐ ÞING

53. fundur, mánudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti efri deildar."

Jón Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Eiður Guðnason, 5. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon símstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir.
forseti efri deildar."

Magnús H. Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Sverrir Sveinsson veitustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Sverrir Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Enn hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur enn borist bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Með vísan til 130. gr. 3. mgr. laga nr. 52/1959, sbr. lög nr. 66/1984, tilkynnist yður hér með að Magdalena Margrét Sigurðardóttir mun taka sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur vegna setu minnar á þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors og opinberrar heimsóknar til Sovétríkjanna og Danmerkur, en fyrsti varamaður minn, Magnús Reynir Guðmundsson á Ísafirði, er forfallaður."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Bréfi þessu fylgir bréf frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni þar sem hann tilkynnir forföll sín.

Magdalena Margrét Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

Enn hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 1987:

„Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Davíð Pétursson bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Davíðs Péturssonar og símskeyti frá Sturlu Böðvarssyni, sem er 1. varamaður, um að hann geti ekki tekið sæti Friðjóns Þórðarsonar.

Með því að það þarf að rannsaka kjörbréf er þess óskað að kjörbréfanefnd taki málið til meðferðar. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Birgir Ísl. Gunnarsson):
Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Davíðs Péturssonar. Hann er 2. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi. 1. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson er á förum til útlanda í opinberum erindum og hefur því óskað þess að 2. varamaður Sjálfstfl., Davíð Pétursson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans, en 1. varamaður Sjálfstfl. hefur sent skeyti þar sem hann segir að vegna anna heima fyrir geti hann ekki tekið sæti Friðjóns Þórðarsonar á Alþingi.

Kjörbréfanefndin hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Davíð Pétursson, 2. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Davíð Pétursson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

42. fundur, mánudaginn 23. febr., að loknum fundi í Sþ.

Sjómannadagur, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 224, n. 629, brtt. 630.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):
Virðulegi forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. um sjómannadag og gerir svofellt nál.:

„Nefndin ræddi frv. á fjórum fundum og fékk til viðtals fulltrúa frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi kaupskipaútgerða. Nefndin fékk einnig frá allshn. til umfjöllunar frv. um frídag sjómanna (3. mál). Bæði frv. voru rædd í sameiningu og gerðar brtt. við stjfrv. sem fylgja á sérstöku þskj. Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til sérstöðu varðandi einstakar greinar eða málsliði."

Eins og fram kemur í nál. fengum við þarna til umsagnar einnig 3. mál, þ.e. þmfrv. hér í deildinni. Því var á sínum tíma vísað til allshn., en með samþykkt héðan var ákveðið að það færi einnig til afgreiðslu í sjútvn. Þess vegna eru þau afgreidd þarna samtímis.

Ég ætla nú að gera örlitla grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til við þetta frv. því að það má segja að þær séu óvenjumargar í ekki lengra frv. en hér er fjallað um.

Þá er það, með leyfi forseta, við 1. gr. 2. málsl. Þar sem sagt er „beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir" gerum við tillögu um að því verði breytt í næsta sunnudag á undan. Það er gert vegna þess að eftir kannanir víða kom í ljós að aðilar vildu heldur þegar svona bæri upp á færa þetta fram um eina helgi en aftur. Það væri betra að halda upp á daginn þá en færa hann helgi aftur og þá nær 17. júní. Um þetta varð samkomulag.

Við 2. gr. gerum við þá brtt. að ákvæði 1. gr. taki ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag. Þarna var við ákveðið vandamál að etja. Við gerðum okkur ljósa mjög breytta skipan í útgerð kaupskipa, miklu hraðari ferðir hjá þeim og annað slíkt, við breytta háttu t.d. í gámaflutningum og öðru, og eins er hér mikið af leiguskipum á markaðnum og bæði þau og skip íslensku félaganna eru í ákveðinni rútusiglingu ef svo má segja milli landa. Töldum við því ekki fært, þó það væri að vissu leyti sárt í þessum efnum, að mæla með því að þetta gilti frá miðnætti á föstudegi og fram að hádegi á mánudegi eins og gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna gerir nefndin tillögu um það millistig að þarna verði miðað við kl. 12 á hádegi á laugardegi en ekki miðnætti á föstudagskvöldi.

Svo er í þessari grein einnig tekið fram í frv. að strandferðaskip, ferjur og sanddæluskip skuli halda höfn þar sem þau eru stödd skv. ákvæðum 1. mgr. Við gerum þá brtt. þarna að við tökum ferjurnar út úr. Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr. Það er rétt að skýra þetta aðeins vegna þess að þetta gæti valdið misskilningi. Þetta gæti t.d. átt við skip eins og Herjólf. Það getur átt við Hríseyjarferju o.fl. ef fólk kemst ekki landleiðina til staða. Aftur á móti hefur það verið tíðkað t.d. með Akraborg að hún hefur aldrei hreyft sig á sjómannadag svo að þetta breytir engu þar um. En við vildum halda þessum leiðum opnum. Svo að deildin viti hvað við erum að fara þarna vil ég taka þetta fram.

Eins er það með að strandferðaskip og sanddæluskip skuli halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag, sama og er í greininni. Við gerum enga athugasemd við 3. gr., en við 4. gr. kveðum við fastar á gagnvart Hafrannsóknastofnun. Í frv. segir að Hafrannsóknastofnun skuli leitast við að skipu-

leggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti eigi úr höfn fyrr en kl. 12 næsta mánudagsmorgun. Við breyttum „Hafrannsóknastofnun skal leitast við" í: Hafrannsóknastofnun skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Við breytum í öllum greinum þar sem talað er um mánudagsmorgun. Þar breytum við alls staðar í kl. 12 á hádegi næsta mánudag. Það þótti skýrara að taka það fram. Þó að hitt sé kannske ekki umdeilanlegt atriði er það tekið skýrt þarna fram.

Svo er það 5. gr. Þar eru gerðar nokkrar breytingar sem sjálfsagt eru eitthvað skiptar skoðanir um, en nefndin varð sammála um að þetta færi svona frá henni. Eins og ég tók fram áðan hafa einstakir nefndarmenn áskilið sér rétt til að gera breytingar við hinar einstöku greinar frv. En síðustu mgr. 5. gr. frv. breytum við á þann veg að ákvæði 1. mgr. séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.

Þarna er breytingin sú að í frv. sjálfu er lagt til að *fyrirhuguð sigling sé tilkynnt fjórum vikum áður en* slík veiðiferð hefst eða slíkur sölutúr hefst og það skuli nást um það fullt samkomulag milli útgerðarmanns og meiri hluta skipshafnar, nokkurs konar atkvæðagreiðsla. Við teljum hyggilegra að það sé farið þá leiðina að mönnum sé kunnugt um þetta áður en farið er í veiðiferðina.

Svo vil ég einnig vekja athygli á síðasta málsliðnum í þessari grein. Þar er sagt: „Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar." Það er einnig breyting á þessu í 5. gr. Til þess að það komi skýrt fram hvað við er átt hérna, þá hafa á einstaka stað komið upp þau frávik í þessu, það má segja að það sé einkum hér í Reykjavík og á Akureyri þar sem margir togarar eru gerðir út og vinnslan algerlega byggð á þeirra hráefni, menn óttast mjög að ef þetta á að taka gildi án nokkurra undantekninga verði verulegir erfiðleikar í vinnslunni og jafnvel að vinnsla falli niður. Við viljum láta leita eftir því að menn nái um þetta samkomulagi sín á milli, en það sé ekki lögskipað. Þetta er sú hugmynd sem á bak við þetta blundar í því áliti sem hérna er.

Aðrar brtt. gerum við ekki og má segja að þær séu allmargar þar sem það eru breytingar við fjórar greinar af þeim sex sem eru í frv.

Ég þarf ekki að orðlengja um þetta. Eins og kemur fram í athugasemdum með lagafrv. er tekið fram að sjómannadag er búið að halda hátíðlegan á Íslandi nú í tæp 50 ár, í fyrsta skipti 6. júní 1938, og hann hefur verið mjög ofarlega í huga allra íbúa þeirra staða a.m.k. sem byggja sitt á sjávarútvegi. Þó að það hafi ekki verið í öllum tilvikum að skip voru í höfn fyrstu árin á þessum degi hefur það farið mjög vaxandi og er komið víða inn í samninga að fiskiskip skuli vera í heimahöfn á sjómannadaginn. Þetta má segja að sé fyrst og fremst hátíðisdagur sjómanna og fjölskyldna þeirra sem eru við fiskveiðar. Það hefur verið túlkunin á þessu í gegnum árin. Þess vegna er það mjög viðeigandi og ég vil taka undir það sem segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta, „nú þegar nær hálf öld er liðin síðan sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur sýnist hins vegar tímabært að koma fastri skipan á frí sjómanna þann dag. Væri það táknræn kveðja Alþingis og þjóðarinnar allrar til sjómannastéttarinnar á þessum tímamótum." Undir þetta vil ég taka og vona að frv. fái að komast í gegn á Alþingi sem nú situr þannig að sjómenn viti stöðu sína í þessum efnum.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns er tilgangurinn með því að gera sjómannadaginn að almennum frídegi sá að sýna sjómannastéttinni virðingu og eru nefndarmenn því fyllilega sammála.

Á hátíðis- og tyllidögum hefur sjómannastéttin iðulega verið lofuð, kölluð hetjur hafsins og annað í *þeim dúr og látið mikið með aðdáun á* störfum sjómanna. Hins vegar þegar til hefur átt að taka hefur þessi aðdáun ekki birst í verkum sem skyldi eins og best kom fram nú fyrir skömmu þegar setja átti gerðardómslög á sjómenn þrátt fyrir að mál hefðu ekki verið rædd til hlítar.

Sjútvrh. mun hafa lofað íslenskri sjómannastétt að bera fram frv. um að sjómannadagurinn yrði almennur frídagur og lögfestur, mun hafa gert það fyrir 2–3 árum. Þegar séð var í fyrravetur að ekki bólaði á frv. um þau efni fluttum við Alþýðuflokksmenn lagafrv. um þetta efni. Það var mjög stuttort og hnitmiðað að mínu mati og var gert á sama veg og þegar 1. maí var gerður að almennum frídegi.

Grundvallarskoðun okkar er sú, a.m.k. mín, að það beri að semja um þessa hluti milli aðila, hvernig með daginn skuli fara, en löggjafinn lögfesti hann sem almennan frídag.

Það frv. sem við lögðum fram á síðasta þingi fékk ekki afgreiðslu, en það varð til þess að stugga við þeim er loforðin höfðu gefið og á þessu þingi kom fram frv. sem var þannig úr garði gert að nefndin taldi sig knúna til að gera á því mjög verulegar breytingar, enda komu mótmæli fram við mjög marga liði þess frá sjómannasamtökunum og líka frá útgerðarmönnum.

Ég og þeir aðrir sem ekki voru dús við frv. ráðherra féllumst á að gera breytingar á því með það í huga að þetta mál næði fram að ganga og því erum við aðilar að þeim brtt. sem hér eru. Í mínum huga er, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um hvað varðar hans skoðun, þessi dagur fyrst og fremst dagur fiskimanna og haldinn hátíðlegur af þeim og fiskimenn um hinar dreifðu byggðir landsins hafa kappkostað að sýna þessum degi sína virðingu og

íbúar byggðarlaganna tekið virkan þátt í því með hátíðahöldum þar sem því hefur verið við komið.

Hér er tíundað margt fleira en er varðar fiskimenn og mun ég láta það afskiptalaust eins og ég hef áður nefnt. Það hefur orðið samkomulag í nefndinni. En ég verð að segja frá því hér að ég er mjög andvígur síðasta málsl. frv. sem er breyting við 5. gr. frv. Þar segir:

„Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar."

Ég minni á að sjómannasamtökin hafa sýnt þessu atriði mikla andstöðu og það er skoðun mín, og vísa ég þá til eigin reynslu, að atkvæðagreiðslur um borð um vilja skipshafnar eigi sér ekki stað. Það er afar fátítt ef svo er. Yfirleitt er það skipstjórinn sem ræður fyrir skipinu og spurning er hvort svo á ekki að vera eins og í öðrum málum. Hitt er annað að það er farið inn á þessa hluti hér, en það er trúa mín að hásetar muni litlu ráða um hver niðurstaðan verður ef menn vilja sigla, ef útgerðin vill að skipið sigli. Þess vegna er ég andvígur þessum lið og tel að um þetta hefði mátt fjalla í samningum og ná þar niðurstöðu. Ég tel líka að það sé ónauðsynlegt að hafa þessa grein því að hægt sé að skipuleggja landanir með þeim fyrirvara sem til þarf.

Ég ætla ekki að tíunda fleira um þetta mál, en segi aftur: Ég er aðili að áliti sjútvn. vegna þess samkomulags sem gert var í því skyni að ná frv. fram á þessu þingi til að sjómenn geti fengið þá viðurkenningu sem þeim var heitin fyrir nokkrum árum og ég vænti þess að Nd. afgreiði þetta mál fljótlega eða stöðvi það ekki svo að af þessu geti orðið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér í ræðum hv. þm. um þetta mál að það var samkomulag í sjútvn. um að standa að sameiginlegu nál. um frv. til l. um sjómannadag. Það byggðist fyrst og fremst á því að við vorum öll sammála um að stuðla að því svo sem kostur væri að löggilding sjómannadagsins sem frídags næði fram að ganga á þessu þingi. Það var nokkur meiningarmunur um vissa hluti í frv., en menn lögðu það til hliðar og töldu æskilegra að þó að menn væru ekki að öllu leyti ánægðir með frv. eða ákvæði þess væri um svo mikinn vinning að ræða að það mætti ekki tefja málið á einhverjum deilum um það sem mætti frekar kalla aukaatriði.

Eins og frsm., hv. 3. þm. Vesturl., benti á eru 49 ár í vor síðan sjómannadagur fyrst var haldinn hátíðlegur og það hefur verið samfellt síðan. Þess vegna líta menn á það sem vissa afmælisgjöf til sjómanna frá hv. Alþingi að löggilda sjómannadaginn á þessu þingi þannig að það sé klárt á 50 ára afmælinu að hér sé um löggildan frídag sjómanna að ræða.

Við vorum öll sammála um þá breytingu sem var gerð á 1. gr. frv., þ.e. að breyta tillögum frv. um að sjómannadagurinn yrði haldinn hátíðlegur helgina eftir hvítasunnu þegar fyrsta sunnudag í júní ber upp á hvítasunnu en færa það frekar fram. Það mætti segja að þar hafi verið farið eftir almannarómi í sjávarþorpunum um að það væri æskilegra að vera með þetta frekar á undan en færa það aftur. Það gat þá jafnvel færst alla leið aftur til 14. júní þannig að það væri komið mjög nálægt 17. júní, auk þess sem mönnum fannst komið heldur langt inn í sumarið til hátíðahalda á þennan hátt.

Ég ætla ekki að lýsa andstöðu minni við breytingarnar á 2. gr., en það sem þar er breytt má kannske segja að hafi verið samkomulagsatriði. Að vissu leyti fannst mér þó óþarfi að breyta þarna um tíma, mætti ekki miða við kl. 12 aðfaranótt laugardags, en því var breytt í kl. 12 á laugardegi.

Um aðra þætti breytinga á þeirri grein varð fullt samkomulag, um það að ferjur milli lands og eyja væru undanþegnar þessum ákvæðum á þeim rökum sem formaður nefndarinnar tíundaði áðan. Svo eru talin upp strandferðaskip og sanddæluskip sem skulu halda höfn á þeim stað þar sem þau eru stödd á sjómannadag. Ég lít svo á að t.d. skip eins og Akraborg falli undir skilgreininguna strandferðaskip og þar af leiðandi sé óþarfi að telja upp í þessari upptalningu einnig ferjur.

Fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands komu og lögðu sínar tillögur fyrir nefndina sem voru allar á þann veg að breyta þessu nokkuð til frekari hagsbóta fyrir sjómenn, taka ákveðnar á t.d. í sambandi við Landhelgisgæsluna í 3. gr. Einnig voru þeir með tillögur um að breyta 4. gr. á þann veg sem hér er gert. Nefndin varð sammála um að fallast á tillögur sjómanna, bæði Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandsins, um að binda ákvæðið um það að Hafrannsóknastofnun skuli skipuleggja sína hafrannsóknaleiðangra þannig að hafrannsóknaskipin geti verið í sínum heimahöfnum á sjómannadag.

Þá kemur að því sem minn fyrirvari er fyrst og fremst um í sambandi við samþykkt frv. Það er 3. mgr. 5. gr., um hin frávíkjanlegu ákvæði um hvenær fiskiskip þurfi ekki að koma til hafnar. Ég er alveg andvígur því að það sé ástæða til að gera þessa frávikningarreglu og síst af öllu til að þjóna stórtogaraútgerðarfyrirtækjum sem eiga vitaskuld mikið auðveldara með að skipuleggja að skip skuli vera í höfn á sjómannadag en þau útgerðarfélög sem reka kannske ekki nema eitt skip eða fiskvinnslustöð sem rekur ekki nema eitt skip. Það er hér látið undan kröfum þeirra Grandamanna og Útgerðarfélags Akureyringa um að þessir hlutir séu frávíkjanlegir og á sama máta er verið að gera þeim skipum sem ætla sér að sigla með ferskan fisk til sölu erlendis þessa hluti léttari með því að kveða svo á að þessi skip hafi einhverja sérstaka undanþágu frá að vera í höfn á

sjómannadegi. Mér finnst þetta vera af hinu verra um væntanleg lög og ýti frekar undir að einhverjir skipstjórar og útgerðarmenn hyllist til þess í kringum sjómannadag að láta skip sín sigla á erlendan markað og það kalli á að í kringum sjómannadag verði atvinnuleysi í þessu eða hinu frystihúsinu. Ég legg því til að þetta ákvæði 5. gr. verði fellt og mun greiða atkvæði á þann máta.

Að lokum vænti ég þess að þetta mál eigi fljóta leið í gegnum deildina og að hv. þm. Nd. tryggi fyrir sitt leyti að það verði að lögum á þessu þingi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi það mál sem hér liggur fyrir.

Ég var einn af þeim sem áttu sæti í sjútvn. og fjallaði um þetta frv. þar ásamt félögum mínum. Þetta frv. er eins og fram hefur komið fram borið til að lyfta sjómannadeginum sem hátíðisdegi hjá sjómönnum og þjóðinni allri og festa hann í sessi. Sjómannadagur er og hefur verið hátíðisdagur einkum þeirra sem stunda fiskveiðar hér við land. Þar sem ég þekki til, á Austurlandi, hefur hann verið mikill hátíðisdagur og hafa ekki mikil vandkvæði komið upp í því sambandi.

Því er ekki að leyna að frv. ber merki málamiðlunar. Hér er verið að samræma sjónarmið sjómanna og útvegsmanna og þau rekast á í ýmsum tilvikum þó að á Austurlandi hafi þetta samstarf verið með ágætum, eins og ég gat um áðan, og skip hafi nær undantekningarlaust verið í höfn á sjómannadeginum.

Það er einkum varðandi 5. gr. sem voru skiptar skoðanir. Nefndin lagði nokkra vinnu í að reyna að samræma þau sjónarmið sem komu þar fram. Sjómenn lögðu mikla áherslu á að frv. gæfi ekki neina möguleika á að það yrðu nokkurs konar atkvæðagreiðslur um borð um það hvort ætti að vera í landi eða ekki. Á því tel ég að frv. hafi tekið. Ég tel að frv. hafi útilokað það með þeim breytingum sem á því eru gerðar. Hins vegar er gefinn þarna möguleiki á undanþáguákvæðum í 3. mgr. Allt er þetta til að samræma sjónarmiðin.

En ég vonast til þess að þessi lagasetning verði til að tryggja sjómannadaginn í sessi, veita honum þann sess sem honum ber. Þess vegna hef ég staðið að nál. án fyrirvara og mun samþykkja það eins og það liggur fyrir.

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er meira en mál að sjómannadagurinn sé festur í sessi með þeirri bindingu sem hér er fjallað um. Það hefur verið vikið nokkuð að þeim frávikningarmöguleikum frá reglunni sem tillagan ber með sér og haft á orði að það sé verið að fara sáttaleið á milli útvegsbænda og sjómanna. Mitt mat er að það sé ekkert síður vilji sjómanna almennt að hafa ákveðinn sveigjanleika í þessu efni vegna þess að sjómenn gera sér fulla grein fyrir því að þeir eru veiðimenn og það þarf ákveðinn sveigjanleika í veiðimennsku. Þess vegna þykir mér að þetta sé sett haganlega fram. Þetta er markvisst en með þó ákveðnum möguleika ef svo ber undir eftir því hvernig aflafengur er og tíð á veiðitímabilinu. Ég fagna því að þetta mál er á lokastigi og vona að það komist sem fyrst í höfn.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hér hafa flestir hv. þm. úr sjútvn. sagt örfá orð um þetta mál.

Ég fagna því vissulega að þetta mál sé að komast í höfn, að lögfesta sjómannadaginn. En ég get ekki orða bundist út af 5. gr. samt sem áður. Ég hefði talið fyrir mína parta að það hefði verið nóg að hafa síðustu mgr. þar, þ.e. einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst á milli útgerðar og skipshafnar. Ég taldi að undir þessa mgr. mundu falla þær siglingar sem nauðsynlega þyrfti að framkvæma í kringum sjómannadaginn og mun því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa mgr. því að mér finnst alveg óþarfi að það sé frekar regla en hitt að skip sem fara í siglingu þurfi ekki að taka tillit til sjómannadagsins. En auðvitað verður einhvers staðar að vera smuga til að skipuleggja ef miklir hagsmunir eru í húfi og getur vissulega komið upp á í sjómennsku eins og í öðru atvinnulífi.

Eitt annað atriði vildi ég að hefði verið öðruvísi, en við fórum samningaleiðina í nefndinni og reyndum að taka tillit til sjónarmiða hvers annars. Það var varðandi ferjurnar. Ég vildi að alfarið væru ferjur undanþegnar þessum lögum þar sem fram hefur komið að Akraborgin hefur ávallt verið í höfn á sjómannadaginn. Því þótti mér alveg óþarfi að taka það fram í lögum að svo skyldi vera og treysti þeim mönnum fyllilega til að halda því áfram, en mér fannst það heldur mikil skammsýni, ef það kæmu t.d. ferjur yfir einhverja flóa eða firði í framtíðinni, að það væri í lögum að þær mættu ekki fara á milli staða á sjómannadaginn. En svona er þetta nú. Samkomulagið er á borðinu hjá okkur og það er aðeins undanþága milli lands og eyja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 630,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 630,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 630,3 (ný 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 630,4 (ný 1.–2. mgr. 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 630,4 (ný 3. mgr. 5. gr.) samþ. með 8:7 atkv.
6.–7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 18. mál (úthlutun þingsæta o.fl.). — Þskj. 650 (sbr. 647).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Frv. til l. um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis liggur hér fyrir á þskj. 650 eftir breytingar sem gerðar hafa verið í hv. Nd. og voru allviðamiklar. Frv. eins og það var lagt fram í haust fól fyrst og fremst í sér ýmsar lagfæringar á ákvæðum kosningalaganna, en ýmsir annmarkar voru á þeim eftir breytingarnar sem gerðar voru vorið 1984. Svipuð frumvörp höfðu legið fyrir Alþingi á undanförnum þingum en eigi hlotið afgreiðslu.

Frv. fjallaði hins vegar ekki um reiknireglur kosningalaganna ef frá er tekin breyting á 112. gr. laganna sem kosningalaganefnd Nd. lagði til á síðasta þingi. Töf á afgreiðslu frv. á fyrri þingum stafaði hins vegar af því að leitað var samstarfs um breytingar á þessum reglum vegna gagnrýni sem komið hafði fram á þeim. Lagði kosningalaganefnd Nd. fram ítarlegar breytingar á frv. að þessu leyti er miða að því að sníða nokkra vankanta af gildandi ákvæðum og hafa þær nú verið felldar inn í frv. eins og það liggur hér fyrir.

Eftir sem áður er byggt á því kerfi sem markað var með breytingu á kosningalögunum 1984. Er því áfram byggt á reglu stærstu leifar, sem svo er nefnd, við úthlutun þingsæta. Ekki þykir ástæða til að rekja þær breytingar í þessari framsögu. Fyrir þeim var gerð grein í nál. kosningalaganefndar Nd. á þskj. 621 og er vísað til þess, svo og til framsögu formanns nefndarinnar við 2. og 3. umr. í hv. Nd.

Við meðferð frv. í Nd. voru einnig gerðar nokkrar aðrar breytingar. Varða þær fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu, þannig að hún geti staðið lengur yfir, svo og það hvernig staðið verði að vali á listabókstöfum stjórnmálasamtaka. Verður úrlausn þess færð frá yfirkjörstjórnum til dómsmrn.

Þá er þess loks að geta að með frv. er gert ráð fyrir að almennur kjördagur verði framvegis annar laugardagur í maí. Hins vegar er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að kjördagur við kosningar í vor verði laugardagurinn 25. apríl.

Ég hef hér gert nokkra grein fyrir efni frv. þessa til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis sem hér er til meðferðar. Frv. þetta hefur verið lengi til meðferðar í hv. Nd. og efni þess mun hafa verið kynnt öllum þm. í þingflokkunum þannig að þeir eru því orðnir kunnir. Ætti meðferð þess í þessari þingdeild því að geta gengið tiltölulega fljótt fyrir sig, en nauðsynlegt er að frv. hljóti afgreiðslu á næstu dögum þar sem með því eru lagðar línur um ýmis framkvæmdaratriði við undirbúning kosninga í vor, þar á meðal ákvörðun um kjördag.

Ég tel rétt að geta þess að þar sem kjördagur í vor er fyrirhugaður stuttu eftir páska koma margir helgidagar inn á þann tíma sem ætlaður er til meðferðar kjörskrárkæra. Þannig er að kærufrestur mun að óbreyttu renna út föstudaginn 10. apríl og frestur til sveitarstjórna til að ljúka meðferð fram kominna aðfinnsla rennur út á föstudaginn langa, 17. apríl. Augljóst er að skírdagur og föstudagurinn langi eru ekki heppilegir til þessara verka. Til að tryggja að sveitarfélögin lendi ekki í tímaþröng væri trúlega heppilegt að flytja þessi tímamörk fram um nokkra sólarhringa og er því beint til þeirrar þingnefndar sem um málið mun fjalla að taka það til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að kosin verði sérstök kosningalaganefnd til að fjalla um efni þessa frv. og vænti þess að hægt sé að kjósa hana nú þegar svo að slík kosning þurfi ekki að tefja framgang málsins. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og þeirrar nefndar.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Frv. til breytinga á kosningalögum er nú loksins komið til okkar í þessari hv. deild og er ekki seinna vænna þar sem senn á að kjósa eftir þessum lögum, frestir að bresta á og í óefni komið hvað tímaskort varðar. Ég held að ljóst sé að við í þessari hv. deild verðum að greiða fyrir því eins og kostur er að hraða meðferð þessa máls. Ég held að þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. séu allflestar til bóta, en þó er það ekki alveg einhlítt.

Það er t.d. nokkuð ljóst að þau nýju endurreikningsákvæði sem komin eru inn í frv. eftir meðferð málsins í Nd. gera það endanlega alveg útilokað fyrir hinn venjulega mann að reyna að reikna út hver úrslit hafa orðið í hverju kjördæmi fyrir sig. Nógu erfitt var það nú áður. En ég held að þessi nýja útreikningsregla, sem felur í sér að stöðugt þarf að reikna upp tölurnar í viðkomandi kjördæmi, geri útslagið með að það er vonlaust fyrir hinn venjulega mann að botna nokkuð í þessari úthlutunaraðferð. Þetta er þeim mun lakara vegna þess að mér skilst að þessu hafi verið breytt í Nd. kannske meira af fagurfræðilegum ástæðum og til að koma í veg fyrir að menn væru kosnir með neikvæðan hluta að baki sér, eins og það heitir á fagmannamáli, en að það séu ekki bein efnisleg rök fyrir því að þessi breyting var gerð og því held ég að hún hljóti að tejast mjög hæpin.

Ég vildi hins vegar nota sérstaklega tækifærið til að vekja athyli á að það hefur ekkert verið hreyft við ákvæði 115. gr. og ég hef satt að segja ekki orðið var við að fjölmiðlar hafi rekið augun í það ákvæði. En staðreyndin er sú að eins og kosningalög liggja nú fyrir, í lögum frá 1984, er orðið alveg útilokað að kjósendur striki nokkurn mann út af lista eða geri þær breytignar sem hingað til hafa verið kallaðar útstrikanir og var það þó nógu erfitt, líka þetta atriði rétt eins og hitt, fyrir kjósendur að ná fram vilja sínum með útstrikunum samkvæmt gamla kerfinu.

Árið 1959 voru útstrikanir gerðar þrefalt erfiðari en áður var með sérstöku ákvæði sem var stungið

inn í lögin á þeim tíma og þær hafa því lítið tíðkast síðan, útstrikanir, vegna þess að þær þurfa að vera svo þrælskipulagðar og það þarf að byggja upp svo skipulega herferð í þessa átt til að hún beri nokkurn tíma árangur. Menn treysta sér einfaldlega lítt til að standa í því. Um það hefur verið rætt að þessu þyrfti að breyta, það þyrfti að gera útstrikanir aftur mögulegar, en með breytingunni sem var gerð 1984 var endanlega komið í veg fyrir þetta vegna þess að nú gengur ekki útstrikun upp, hún hefur ekki áhrif, nema meira en helmingur kjósenda viðkomandi flokks hafi strikað viðkomandi mann út. Það er því orðið hálfu erfiðara en nokkurn tíma áður var að láta útstrikanir hafa nokkurt gildi.

Ég vek á þessu athygli vegna þess að ég er ekki viss um að mörgum sé þetta ljóst og ég sé að Nd. hefur ekkert hreyft við þessu. Ég tel því að nefndin sem fær frv. til athugunar hljóti að verða að taka þetta til nánari yfirvegunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Kosning sjö manna sérnefndar skv. 15. gr. þingskapa.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Þorv. Garðar Kristjánsson,
Jón Kristjánsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Valdimar Indriðason,
Ragnar Arnalds,
Stefán Benediktsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. (18. máli) vísað til sérnefndar, kosningalaganefndar með 15 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 479, n. 638.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til laga sem fjallar um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Í nál., sem nefndin lætur fylgja hér með til 2. umr., segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi frv. á fimm fundum og fékk til viðtals við sig fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeild SÍS, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sambandi fiskvinnslustöðva í VSÍ, Landssambandi smábátaeigenda, Undirbúningsfélagi fiskmarkaðar í Reykjavík og Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði.

Nefndin óskaði einnig eftir skriflegum umsögnum frá landshlutasamtökum fiskvinnslustöðva, útvegsmanna og verkalýðsfélaga og enn fremur var undirbúningsnefndum um fiskmarkað á Dalvík og Akureyri skrifað. Svör bárust frá Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar og Útvegsmannafélagi Norðurlands. Þá barst munnleg umsögn frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja.

Í öllum umsögnum var hvatt til þess að frumvarp þetta næði fram að ganga. Einnig töldu allir viðmælendur nefndarinnar það til bóta að veitt yrði lagaheimild til starfrækslu uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla.

Nefndin féllst á þau rök sumra viðmælenda sinna að lengja bæri gildistíma laganna um eitt ár og flytur því svofellda brtt.:

9. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1989.“

Það var gert ráð fyrir í frv. að þau giltu til 31. des. 1988, en ef þetta frv. nær fram að ganga nú á þessu hv. Alþingi er svo liðið á þetta ár að nefndin taldi eðlilegt að verða við óskum margra viðmælenda um að leggja til að það yrði lengt til 1989 og er það því brtt. sem er gerð við 9. gr. en er á sama þskj. og nál.

Með þessu frv. er farið inn á nýjar leiðir í okkar fisksölumálum. Þessi hugmynd er búin að blunda með mönnum um nokkurn tíma og hefur hún fengið vaxandi byr með auknum sölumöguleikum okkar á sjávarafla og nýjar leiðir verið að opnast með nýjum mörkuðum. Hinn mikli og vaxandi útflutningur á ferskum fiski, einkum í gámum, hefur ýtt undir í þessum efnum þar sem mjög gott verð hefur fengist fyrir slíkan fisk í mörgum tilfellum. Þannig hefur skapast kapphlaup um hráefnið milli vinnslunnar og útflytjenda ferskfisks, en ávallt verðum við að hafa hugfast að vinnsla á okkar sjávarafla á að fara sem mest fram hér í landi. Verðlag á fiski til útflutnings og þeim fiski sem fer til fiskvinnslunnar þarf að leita sem mest jafnvægis og tilraun til þess að svo megi verða er að koma upp fiskmörkuðum í landinu.

S.l. haust urðu miklar umræður um það í Verðlagsráði sjávarútvegsins að taka upp frjálst fiskverð. Því miður náðist ekki samkomulag um að gera tilraun með slíkt, en þó hafði ísinn verið brotinn skömmu áður með því að gefa verð á loðnu frjálst. Sú tilraun er enn í gangi og er það trú mín að það verði framtíðin í þeirri grein. Einkum eru það tveir aðilar hér á suðvestursvæðinu sem hafa sýnt því mikinn áhuga að koma upp fiskmörkuðum, en það er í Reykjavík og í Hafnarfirði. Einnig hafa aðilar á Norðurlandi eystra sýnt áhuga, en það er á Dalvík

og Akureyri. Akureyringar virðast mæla frekar með svokölluðum fjarskiptamarkaði en hinum hefðbundna fiskmarkaði. Markaðir þessir virðast mjög sniðnir eftir þeim fyrirmyndum sem við höfum haft mest kynni af í Vestur-Evrópu.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur starfað um aldarfjórðung. Það var stofnað á þeim tíma þegar sú reynsla lá fyrir að frjálsir samningar um fiskverð höfðu oft gefist illa og mikill dráttur varð oft á því að slíkir samningar tækjust. Útgerðin og skipshafnir voru því í algjörri óvissu um afkomu sína mánuðum saman. Tilkoma verðlagsráðsins bætti þarna verulega um þó fæstir væru ánægðir, en aðilar komu ekki auga á annað betra en þessa miðstýrðu aðferð. Við minnumst áreiðanlega þeirra tíma því ekki er svo langt um liðið þegar beðið var í ofvæni eftir því hvernig samningar um fiskverð mundu takast um áramót. Í fleiri tilvikum tókust ekki samningar heldur tók svokölluð yfirnefnd af skarið með oddamann skipaðan af ríkisstjórn í fararbroddi og þannig var fiskverð ákveðið. Þessum fiskverðsákvörðunum fylgdu svo alls konar hliðarráðstafanir í efnahagslífinu og oftast gengisfellingar til þess að „bjarga útgerð og fiskvinnslu“ eins og sagt var.

Það er hollt fyrir okkur að minnast þessara tíma einmitt þegar við ræðum mál sem þessi. Þetta var á þeim árum þegar verðbólgan tröllreið hvað mest íslensku efnahagslífi. En aðstæður hafa verið að breytast í þjóðfélaginu í þessum efnum sem öðrum. Vorið 1985 voru samþykkt lög sem heimiluðu Verðlagsráði sjávarútvegsins að gefa verð á einstökum fisktegundum frjálst ef það væri einróma samþykkt í verðlagsráðinu sjálfu. Með afnámi sjóðakerfisins í sjávarútvegi s.l. vor varð um margt hægara að ná samkomulagi um frjálst fiskverð vegna þess að þá féllu niður greiðslur á fisktegundir sem gert var ráð fyrir í verðákvörðunum að kæmu sem uppbætur í gegnum deildir Aflatryggingasjóðs og má þar nefna svokallaðar karfa- og ufsauppbætur. Eins og fram kom í þeim umsögnum og viðtölum sem sjútvn. átti við hagsmunaaðila kom greinilega fram að áhugi var fyrir því að settir yrðu á fót uppboðsmarkaðir. Helst voru það sumir fulltrúar fiskvinnslunnar sem virtust nokkuð hikandi, en þar voru þó skiptar skoðanir.

Erfitt er á þessu stigi að segja um þróun þessara mála, einkum er varðar fiskvinnsluna. Hún spyr hvort hún geti keppt í verði á markaðnum við þá aðila sem bjóða í fiskinn með það fyrir augum að flytja hann ferskan á erlendan markað. Við þessu er ekki hægt að gefa neitt algilt svar nú. Þetta verður tíminn að leiða í ljós. Allar líkur tel ég samt á því að þeir fiskmarkaðir sem upp verða settir ef frv. þetta verður að lögum muni verða mjög leiðandi í verði á ferskum fiski. Þó að þessi markaðir verði fyrst um sinn aðeins í Reykjavík og Hafnarfirði og e.t.v. fyrir norðan mun verða spurt um markaðsverðið á öðrum stöðum á landinu sem engan markað hafa. Sé markaðsverð hærra en útgefið verð verðlagsráðs mun verða leitað mjög fast eftir því af seljendum afla að verðið verði til samræmis við markaðsverðið ef það er hærra. Þetta skulum við gera okkur ljóst strax í byrjun. Uppboðsmarkaðir yrðu því viðmiðun í verði fyrir þá staði sem ekki hefðu markaði, en frjálst fiskverð yrði það sem kæmi samfara og í kjölfarið. Þá væri ekki lengur þörf fyrir Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Svokallaður fjarskiptamarkaður hefur verið einnig í umræðunni. Helsti munur á honum og uppboðsmarkaði er sá að veiðiskipin þurfa ekki að landa afla sínum í gegnum markað heldur fer fram sala á honum beint úr veiðiskipi til einstakra byggðarlaga eða fiskvinnslufyrirtækja fyrir ákveðið verð sem þau hafa boðið í farminn. Fjarskiptamarkaður eða -markaðir hefðu upplýsingar um þau fyrirtæki sem vildu kaupa aflann og á hvaða verði og einnig veiðiskip sem vildu selja sinn afla í gegnum slíka markaði. Þessi tilhögun kæmi mjög til greina og ætti að geta verið mun ódýrari í rekstri en uppboðsmarkaður.

Nefndin ræddi þetta nokkuð og var hún sammála um að með reglugerð með frv. þessu, ef að lögum verður, yrði einnig gert ráð fyrir að leyfa mætti slíkan markað ef um það væri sótt þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í frv. sjálfu.

Virðulegi forseti. Ég tel það framfaraspor fyrir íslenskan sjávarútveg að aukið frjálsræði verði tekið upp við fiskverðsákvarðanir og tel því stofnun uppboðs- og fjarskiptamarkaða vera spor í þá átt og mæli með því að sú tilraun verði gerð sem frv. það er hér er fjallað um kveður á um.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn á ekki fulltrúa í sjútvn. þessarar hv. deildar og er því ekki aðili að því nál. sem lagt hefur verið fram í þessu máli. Ég vil því láta það koma hér fram að við Kvennalistakonur erum sammála megininntaki þessa frv. og teljum það vel þess virði að gera þá tilraun með uppboðsmarkað fyrir sjávarafla sem hér er lagt til að gera.

Ég er einnig sammála þeirri brtt. sem sjútvn. hefur lagt til á þskj. 638 um að lengja gildistíma laganna þar sem ljóst er að upprunalegur gildistími er heldur stuttur til þess að nægileg reynsla fáist á þessa tilraun. Hins vegar hef ég athugasemd að gera við 1. gr. frv. og í því efni langar mig að beina spurningu til formanns sjútvn.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skuli aðeins vera veitt til eins árs í senn. Þetta er harla stuttur tími og spurning hvort þetta ákvæði þyrfti að vera heldur rýmra vegna þess að uppboðsmarkaður er nokkuð stórt fyrirtæki, stofnkostnaður er töluverður og e.t.v. þarf slíkt fyrirtæki lengri tíma en eitt ár til að sanna tilverurétt sinn. Þá er þess m.a. að gæta að víða erlendis þar sem tíðkast að hafa uppboðsmarkað fyrir sjávarafla er jafnframt lögboðið að allur fiskur skuli settur á slíkan markað. Slíkt er ekki lögboðið hér þannig að hér á landi er því óvissuþáttur í þessu efni sem ekki er fyrir hendi annars staðar, sá óvissuþáttur hversu mikill fiskur fæst í þetta fyrirkomulag. Þess vegna vil

ég spyrja formann sjútvn. hvort það hafi verið rætt í nefndinni að lengja heldur leyfistímann, að lengja hann úr einu ári t.d. í eitt og hálft eða tvö ár sem jafngildir þá nokkurn veginn þeim tíma sem lög þessi eiga að gilda.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, og geri að öðru leyti ekki athugasemdir við þetta frv.

Umræðu frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. það sem er lagt fyrir þessa hv. deild er um breytingu á lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt síðari breytingum. Það er flutt í tengslum við frv. til tollalaga sem ríkisstjórnin lagði fram fyrir síðustu áramót. Eitt af þeim markmiðum sem stefnt er að með tollalagafrv. er að einfalda og greiða fyrir tollmeðferð á innfluttum sem útfluttum vörum til hagsbóta jafnt fyrir tollyfirvöld og innflytjendur sem og endanlega notendur innfluttra vara. Liður í heildarendurskipulagningu tollmeðferðar á vörum er upptaka almenns greiðslufrests á aðflutningsgjöldum samfara heimild til beins flutnings á vörum frá farmflytjendum til innflytjenda. Gert er ráð fyrir að afhending beint frá farmflytjanda fari fram gegn framvísun farmskírteinis og að lokinni lágmarksskráningu vörusendingar hjá farmflytjanda, en afhending aðflutningsskýrslu, vörureiknings og annarra tollskjala fari fram innan ákveðins frests talið frá skráningu vörusendingar.

Skv. 3. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð t.d. með lántöku. Ákvæði þetta fær ekki samrýmst þeirri kerfisbreytingu sem hér að framan er vikið að því tollyfirvöldum er talið óheimilt að taka við greiðslu aðflutningsgjalds án þess að fyrir liggi að innflytjandi hafi áður greitt viðkomandi kröfu í banka eða tryggt greiðslu hennar. Í þessu frv. er því lagt til að ákvæði þar að lútandi í 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna falli brott.

Í ljósi þeirrar stefnu íslenskra stjórnvalda að auka frelsi í viðskiptum og jafnframt í ljósi þeirrar þróunar er átt hefur sér stað á þessu sviði er eðlilegt framhald að reglur varðandi tollmeðferð verði einfaldaðar og er sú lagabreyting sem hér er mælt fyrir mikilvægur liður í þeirri einföldun. Þrátt fyrir þær breytingar sem hér eru lagðar til með því að fella brott 2. og 3. málslið 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 63/1979 er gert ráð fyrir eftirliti gjaldeyrisyfirvalda eins og fram kemur í athugasemdum með frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að fylgja þessu frv. úr hlaði með öllu fleiri orðum, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 644.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur nú fyrir um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands er byggt á samkomulagi stjórnarflokkanna um stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands.

Af hálfu viðskrn. hefur verið unnið mikið starf í bankamálum á undanförnum árum. Þannig skilaði nefnd er viðskrh. skipaði í ágúst 1984 áliti sínu, en nefndinni var falið að kanna möguleika á því að bæta skipulag og rekstur viðskiptabankanna með fækkun þeirra og sameiningu ásamt færslu viðskipta og útibúa milli banka.

Nefndin lagði fram tvær hugmyndir til skoðunar. Önnur hugmyndin fólst í því að Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki yrðu sameinaðir í nýjum hlutafélagsbanka og jafnframt kæmi til aðild sparisjóða, annarra banka, fyrirtækja og einstaklinga. Nefndin benti einnig á að ef nýr einkabanki væri stofnaður með þessum hætti væri æskilegt að komið yrði á auknu samstarfi Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessar hugmyndir nefndarinnar voru síðan til athugunar hjá viðskrh., en sú staðreynd að Útvegsbanki Íslands varð fyrir miklum áföllum í rekstri sínum og ljóst varð að grípa yrði til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til lausnar á fjárhagsvanda Útvegsbankans leiddi til þess að unnið var að lausn þessa máls með sérstöku tilliti til stöðu Útvegsbankans.

Í ágúst 1986 lagði viðskrh. málið fyrir ríkisstjórnina og í framhaldi af því fól ráðherra bankastjórn Seðlabankans að leggja fram ákveðna tillögu í þessu efni. Hinn 10. nóvember s.l. sendi bankastjórn Seðlabankans viðskrh. grg. og ákveðna tillögu sem varðaði endurskipulagningu bankakerfisins og lausn á fjárhagsvanda Útvegsbanka Íslands. Tillaga Seðlabanka var á þá leið að stofnaður yrði nýr hlutafélagsbanki með samruna Útvegsbanka, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka og með viðbótarhlutafé frá öðrum aðilum innan og utan bankakerfisins. Seðlabankinn benti enn fremur á þrjá aðra kosti í skipulagsmálum bankakerfisins sem voru þessir: 1.

Sameining Búnaðarbanka og Útvegsbanka. 2. Skipting og samruni Útvegsbanka við Landsbanka og Búnaðarbanka. 3. Endurreisn Útvegsbanka.

Ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarflokkanna tóku tillögu og grg. Seðlabankans til meðferðar og var samþykkt að fela bankastjórn Seðlabankans að taka upp viðræður við fulltrúa Iðnaðarbanka og Verslunarbanka. Fulltrúum Samvinnubanka og Alþýðubanka var einnig boðin þátttaka í viðræðunum með sameiningu við Útvegsbankann í huga. Fulltrúar Iðnaðar- og Verslunarbanka svöruðu tilboðum um sameiningarviðræður jákvætt, en fulltrúar Samvinnubanka og Alþýðubanka svöruðu 28. nóv. s.l. á þá leið að þeir hefðu ekki áhuga á að taka þátt í slíkum viðræðum.

Frá desemberbyrjun áttu sér síðan stað viðræður um hugsanlega sameiningu Útvegsbanka, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka. Helstu þættirnir, sem athugaðir voru í þessum viðræðum, voru í fyrsta lagi áætluð rekstrarafkoma væntanlegs sameinaðs banka, í öðru lagi mat á útlánum bankans og í þriðja lagi mat á varanlegum rekstrarfjármunum, þ.e. fasteignum og lausafé. Enn fremur komu til skoðunar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsfólks bankans og skattalegt hagræði vegna yfirfæranlegra skattalegra tapa.

Eftir að skýrslur um útlán höfðu verið yfirfarnar kom í ljós að Verslunarbankinn óskaði eftir að hætta þátttöku í viðræðunum og var það tilkynnt á lokaviðræðufundi um stofnun nýs hlutafélagsbanka 19. jan. á þessu ári. Sama dag ritaði bankastjórn Seðlabankans viðskrh. bréf og lagði hún eindregið til að nú yrði reynt að fara aðra leiðina sem gerð var tillaga um í skýrslu Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar dags. 10. nóvember s.l., þ.e. að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Ekki náðist samstaða um þessa tillögu bankastjórnar Seðlabankans, m.a. vegna harðrar andstöðu aðila í bankakerfinu.

Eftir frekari viðræður stjórnarflokkanna hefur nú náðst samstaða um stofnun Útvegsbanka Íslands hf. sem frv. þetta fjallar um.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal stofnfundur hins nýja hlutafélagsbanka haldinn innan mánaðar frá því að lögin öðlast gildi og yfirtaka nýja bankans á Útvegsbanka Íslands síðan eiga sér stað hinn 1. maí n.k. Eru þessi tímamörk höfð eins þröng og frekast þótti unnt svo binda mætti endi á þá óvissu sem allt of lengi hefur ríkt um stöðu og framtíð Útvegsbankans og skapa stjórnendum og starfsfólki vinnufrið.

Samkomulag stjórnarflokkanna um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands grundvallast á því að tímabært sé orðið að draga úr hlutdeild ríkisins í bankakerfinu hér á landi. Því er kveðið svo á um í frv. að ríkisstjórnin skuli kveðja aðra aðila til samvinnu um stofnun hlutafélagsbankans. Einnig skal ríkisstjórninni heimilt að selja þau hlutabréf sem ríkissjóður eignast í hlutafélagsbankanum.

Hlutafjáráskrift og hlutafjárkaup verða öllum frjáls, en áhersla verður lögð á aðild eftirtalinna aðila: Hagsmunasamtaka fyrirtækja og einstaklinga í sjávarútvegi, núverandi viðskiptamanna Útvegsbanka Íslands, Sambands sparisjóða og einstakra sparisjóða og loks annarra viðskiptabanka ef það mætti verða til að koma fram aukinni hagræðingu eða samruna í bankakerfinu.

Ekki er hins vegar á þessu stigi unnt að segja neitt til um hversu mikilla hlutafjárframlaga megi vænta frá öðrum aðilum þegar við stofnun hlutafélagsbankans. Hugsanlegt er að ýmsir líklegir hluthafar kjósi að bíða átekta um sinn uns þeir sterku vindar sem blásið hafa um Útvegsbankann eru gengnir yfir. Brýna nauðsyn ber á hinn bóginn til að eiginfjárstaða hins nýja hlutafélagsbanka verði traust frá upphafi. Er tekið fram í frv. að stefnt skuli að því að hlutafé hans verði allt að 1000 millj. kr. Til að stuðla að því að það markmið náist er kveðið á um í frv. að ríkisstjórninni skuli heimilt að leggja fram allt að 800 millj. kr. sem hlutafé. Heimild hámarksframlags ríkissjóðs skal þó lækka jafnmikið og hlutafjáráskrift annarra aðila er umfram 200 millj. kr. Það ræðst því endanlega af þátttöku annarra aðila í stofnun hlutafélagsbankans hvert hlutafjárframlag ríkissjóðs getur mest orðið. Í þessu sambandi skal athygli vakin á því að lagt er til í frv. að Fiskveiðasjóði verði heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélagsbankans með allt að 200 millj. kr. hlutafjárframlagi.

Ég mun nú víkja stuttlega að öðrum helstu ákvæðum frv.

Um stofnun og starfsemi hlutafélagsbankans munu gilda sömu lagareglur og um aðra hlutafélagsbanka með þremur undantekningum. Í fyrsta lagi gerir óvissan um þátttöku annarra aðila í hlutafélagsbankanum það óhjákvæmilegt að bankinn sé undanþeginn ákvæðum viðskiptabanka og hlutafélagalaga um tölu stofnenda og hluthafa. Þess er hins vegar vænst að er frá líður muni hluthafar í hlutafélagsbankanum verða fleiri en 50 talsins.

Í öðru lagi er kveðið á um það í frv. að þau ákvæði viðskiptabankalaga sem takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa við ⅕ samanlagðra atkvæða hlutafélagsbanka gildi ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hinum nýja banka. Þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður selji það hlutafé sem kann að eignast í nýja bankanum standa vonir til að þetta undanþáguákvæði verði fljótt óvirkt.

Þriðja og síðasta frávikið frá almennum ákvæðum viðskiptabankalaga varðar heimild erlendra banka til að eiga hlutafé í hinum nýja banka. Er lagt til að erlendir bankar megi á hverjum tíma eiga samtals allt að 25% hlutafjár hins nýja banka. Hér er því í takmörkuðum mæli og í tilraunaskyni opnuð leið fyrir erlent framtaksfé og erlenda strauma inn í íslenskt bankakerfi þótt ekki sé þar með sagt að á þetta reyni þar sem ekki er hægt að slá neinu föstu um að erlendir bankar hafi áhuga á eignaraðild að íslenskum bönkum.

Hlutafélagsbankinn yfirtekur Útvegsbanka Ís-

lands eins og ég hef áður sagt. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi, bæði vegna þess að ljóst þarf að vera við hvers konar búi nýi bankinn tekur og eins vegna fjárhagslegra hagsmuna ríkissjóðs sem eiganda Útvegsbanka Íslands og fjárhagslegra hagsmuna þeirra sem gerast hluthafar í hinum nýja banka.

Vegna þeirra vandkvæða sem eru á því að leggja mat á Útvegsbankann miðað við yfirtökudag fyrr en þá síðar er gert ráð fyrir að við ákvörðun á heildarhlutafé hins nýja hlutafélagsbanka og hlutafjár ríkisins í honum verði eingöngu litið til þess nýja hlutafjár sem hlutafjáráskrift fæst að við stofnun bankans, en Útvegsbanki Íslands sem slíkur verði ekki metinn til hlutafjár. Eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands miðað við yfirtökudag, þ.e. eignir, skuldir og skuldbindingar sem nýi bankinn yfirtekur, verður hins vegar metin af sérstakri þriggja manna matsnefnd sem viðskrh. skipar, þar af einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og annan samkvæmt tilnefningu Fiskveiðasjóðs.

Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi á matsnefndin m.a. að leggja mat á raunvirði útlána Útvegsbanka Íslands, en í því felst að nefndinni er ætlað að afskrifa útlán í þeim mæli sem ástæða þykir til. Einnig á nefndin við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans að meta til verðmæta það skattalega hagræði sem nýi hlutafélagsbankinn fær með yfirtöku á Útvegsbankanum. Ekki er að öðru leyti í frv. kveðið á um þær forsendur sem matsnefndin á að leggja til grundvallar mati sínu en tekið fram að viðskrh. láti matsnefndinni í té erindisbréf þar sem verkefnið verður nánar afmarkað.

Í því sambandi má t.d. nefna að aðfengnir sérfræðingar hafa að undanförnu unnið að mati á fasteignum og lausafé þriggja banka, þar með talinn Útvegsbanki Íslands. Sýnast vart efni til annars en að matsnefndin styðjist við það mat í sínum störfum. Matsnefndin á að ljúka störfum fyrir árslok 1987. Reynist eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands samkvæmt þessu mati neikvæð skal ríkissjóður bæta hinum nýja hlutafélagsbanka það sem upp á vantar. Ef eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands reynist á hinn bóginn hafa verið jákvæð á yfirtökudegi ber hinum nýja hlutafélagsbanka að greiða ríkissjóði mismuninn. Sams konar ákvæði um heimild greiðsluforms og greiðslutíma gilda í báðum þessum tilvikum.

Kveðið er á um það í frv. þessu að fastráðnir almennir starfsmenn Útvegsbanka Íslands skuli eiga rétt á starfi hjá nýja bankanum við stofnun hans. Ljóst er að tími mun vart gefast til þess að taka í upphafi upp í hinum nýja banka skipulag sem í nokkru verulegu víkur frá skipulagi því sem nú er unnið eftir í Útvegsbanka Íslands. Endurskipulagning og hugsanleg fækkun starfsfólks í kjölfar þess hlýtur óhjákvæmilega að taka nokkurn tíma. Það eru hagsmunir hins nýja banka ekki síður en hagsmunir núverandi starfsfólks Útvegsbankans að yfirtakan geti gengið sem snurðulausast og átakaminnst fyrir sig.

Ákvæðum frv. um rétt núverandi starfsmanna til starfs hjá nýja bankanum við stofnun hans er ætlað að stuðla að að svo verði. Þessi ákvæði eru á hinn bóginn ekki á neinn hátt því til hindrunar að stjórnendur hins nýja banka geti síðar sagt þeim starfsmönnum sem áður störfuðu í Útvegsbanka Íslands upp störfum með sama hætti og öðrum starfsmönnum ef ástæða þykir til.

Samkvæmt ákvæðum viðskiptabankalaga ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Ríkissjóður ber því ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands sem stofnað er til fram að því að bankinn er lagður niður.

Vegna yfirtöku hlutafélagsbankans á Útvegsbanka Íslands þykir rétt að árétta í frv. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Frá þeirri meginreglu að ábyrgð ríkissjóðs standi þar til skuldbinding sem Útvegsbanki Íslands hefur tekist á hendur hefur verið efnd er þó gerð sú undantekning að ríkisábyrgð á innstæðum sem lagðar hafa verið inn í Útvegsbanka Íslands mun falla niður 1. maí 1989.

Útvegsbanki Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Áætlað hefur verið að þessar skuldbindingar Útvegsbankans nemi nokkrum hundruðum millj. kr. þótt vandasamt sé að reikna slíkt út nákvæmlega þar sem skuldbindingar eftirlaunasjóðsins falla til á mörgum áratugum og útreikningar því háðir ýmsum forsendum. Vegna þess hverjum erfiðleikum slíkir útreikningar eru bundnir og vegna þeirra áhrifa sem það hefði á mat á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands og uppgjör milli ríkissjóðs og nýja hlutafélagsbankans ef á Útvegsbankanum hvíldu umræddar lífeyrisskuldbindingar við yfirtöku hlutafélagsbankans á honum er kveðið svo á í frv. að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum eftirlaunasjóðs Útvegsbankans sem stofnast hafa eða stofnast munu fram að yfirtökudegi. Með þessu móti dreifast slíkar greiðslur ríkissjóðs á miklu lengri tíma en ef fylgt yrði þeirri uppgjörsaðferð sem frv. gerir að öðru leyti ráð fyrir.

Samkvæmt reglum eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands öðlast sjóðfélagar ekki rétt til eftirlauna úr sjóðnum nema þeir hafi greitt til hans í tiltekinn árafjölda. Réttur til að áunnin eftirlaun taki mið af þeim launum sem á hverjum tíma fylgja því starfi sem viðkomandi gegndi síðast stofnast heldur ekki fyrr en greitt hefur verið í sjóðinn í nokkurn tíma. Frv. byggir á því að starfsmenn nýja bankans hefji lífeyrisgreiðslur í annan lífeyrissjóð. Starfstími hjá Útvegsbanka Íslands, sem ekki hefur enn skapað rétt til eftirlauna eða launatengingar, nýtist starfsmönnum ekki í nýjum lífeyrissjóði. Eftirlaunaréttindi starfsmanna Útvegsbanka Íslands, sem hefja störf í nýja bankanum, gætu því í ýmsum tilvikum orðið lakari en verið hefði að öllu óbreyttu ef ekki kæmu til sérstakar ráðstafanir.

Í þessu frv. er kveðið á um að ríkissjóður og nýi hlutafélagsbankinn skuli bæta starfsmönnum og

þeim sem leiða rétt sinn frá þeim, svo sem maki starfsmanns eða börn hans, þetta hlutfallslega. Miðað við starfstíma viðkomandi annars vegar í Útvegsbanka Íslands og hins vegar í nýja bankanum er gert ráð fyrir að ríkissjóður, nýi bankinn og eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands, sem einungis verður þó starfræktur áfram til lúkningar eldri skuldbindingum, semji sín á milli um nánari framkvæmd.

Samkvæmt lögum um Fiskveiðasjóð Íslands eru nokkur tengsl milli hans og Útvegsbanka Íslands sem voru hér fyrr á árum mjög mikil en hafa farið minnkandi, sérstaklega við tvær síðustu lagasetningar um Fiskveiðasjóð. Það er lagt til í frv. að hlutafélagsbankinn komi í stað Útvegsbanka Íslands í þessu sambandi í tengslum Fiskveiðasjóðs við Útvegsbankann. Þá er lagt til að 9. gr. fiskveiðasjóðslaganna falli niður, en samkvæmt henni er það meginregla að handbært fé Fiskveiðasjóðs skuli geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Hvorki lög um Iðnlánasjóð né um Stofnlánadeild landbúnaðarins geyma sambærileg ákvæði. Þykir því ekki ástæða til að takmarka með þessum hætti eðlilegt valfrelsi Fiskveiðasjóðs í viðskiptum við innlánsstofnanir.

Hluthafar í hlutafélagsbanka bera aðeins ábyrgð á skuldbindingum bankans með hlutafé sínu nema að því marki sem þeir takast sérstaklega á hendur frekari ábyrgð. Í samræmi við þetta mun ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hins nýja hlutafélagsbanka takmarkast við hlutafjárframlag ríkissjóðs. Með hliðsjón af langvarandi erfiðleikum Útvegsbanka Íslands og þeirri tortryggni og vantrú sem hinn nýi hlutafélagsbanki kann að standa frammi fyrir í byrjun, þegar ríkisábyrgð er ekki lengur til að dreifa, einkum og sér í lagi hjá sparifjáreigendum og erlendum viðskiptaaðilum, þykir þó ekki verða hjá því komist að gera tvö tímabundin frávik frá þessari meginreglu. Annars vegar er kveðið á um það í frv. að ríkissjóður ábyrgist nýjar innstæður í hlutafélagsbankanum til 1. maí 1989 og hins vegar er ríkisstjórninni heimilað að veita ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hlutafélagsbankans sem stofnast gagnvart erlendum aðilum fyrir 1. maí 1989.

Samkvæmt þeim orðum sem ég hef nú sagt hefur mikið verið unnið að stofnun nýs banka, en þar hafa menn eins og fyrri daginn rekið sig á vegg, að þeir eru æðimargir sem litlar breytingar vilja gera. Það var stigið af Alþingi stórt og mikilvægt skref með viðskiptabankalögunum, með stofnun tryggingasjóðs samkvæmt þeim lögum o.fl. o.fl. Það hafa verið gerðar þó nokkrar breytingar á útibúum og viðskiptamenn á ákveðnum stöðum hafa flust á milli banka með samkomulagi á milli þeirra. En þrátt fyrir þær aðgerðir sem áður hafa verið gerðar er það skoðun mín að þó þessi leið sé nú farin með Útvegsbankann þurfi að halda áfram að vinna og það mjög ötullega að verulegum breytingum á samvinnu á milli þeirra tveggja ríkisviðskiptabanka sem eftir eru, Landsbankans og Búnaðarbankans. Því hef ég ákveðið að skipa fimm manna nefnd þar sem einn er tilnefndur af Seðlabanka Íslands, einn af bankastjórn Landsbanka Íslands, einn af bankastjórn Búnaðarbanka Íslands og tveir tilnefndir af viðskrh. Þessi nefnd á að gera tillögur um endurbætur í skipulagi og starfsháttum ríkisbankanna tveggja, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er hafi það að markmiði að auka hagræðingu, bæta þjónustu bankanna við viðskiptavini sína og treysta fjárhagslega uppbyggingu þeirra með hliðsjón af þróun bankakerfisins í heild. Nefndin skal gera rækilega athugun á starfsháttum og uppbyggingu ríkisbankanna tveggja með það fyrir augum að koma fram endurbótum á rekstri þeirra og skal hún m.a. fjalla um og gera tillögur um eftirfarandi meginatriði:

1. Gera skal úttekt á útibúa- og afgreiðslukerfi bankanna beggja í því skyni að tryggja betri verkaskiptingu milli þeirra og stuðla að því að útibú geti með fækkun og samruna náð hagkvæmri stærð án þess að dregið sé úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög. Stefnt verði að því að veruleg fækkun geti orðið á afgreiðslustöðum og betri nýting mannafla og húsnæðis.

2. Gerðar verði tillögur um leiðir til þess að ná meiri hagkvæmni í rekstri með því að bankarnir tveir hafi samvinnu um ýmiss konar sérhæfða þjónustu og rekstur stoðdeilda, t.d. á sviði erlendra viðskipta.

3. Kannaðar verði leiðir til að gera tillögur um aðgerðir til þess að jafna betur viðskipti milli bankanna tveggja, bæði með tilliti til heildarútlánagetu og í því skyni að bæta dreifingu útlána með tilliti til atvinnuvega og áhættu. Í þessu skyni séu bæði athugaðir möguleikar á því að flytja viðskipti beint milli bankanna og koma á samvinnu þeirra um útlán og þjónustu við stóra viðskiptabanka.

4. Í síðasta lagi á nefndin að gera tillögur um hvernig megi koma föstu skipulagi á samvinnu milli stjórnar bankanna tveggja er stefni að þeim markmiðum sem ég hef lítillega minnst á.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á að rekja frekar efni þessa frv., en vísa að öðru leyti til hinna prentuðu athugasemda með því. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég hefði kosið að þetta frv. hefði verið tilbúið fyrr, en þær viðræður sem fram fóru voru langdregnar og sömuleiðis fóru fram langar umræður til að ná samkomulagi um efni þessa máls og málsmeðferð. Ég vona að hv. fjh.- og viðskn. reyni að vinna fljótt og vel að þessu máli. Það eru vitaskuld fyrir hendi allar þær upplýsingar sem hægt er að láta af hendi til nefndarinnar til þess að hún geti sem best unnið að afgreiðslu frv.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það kom glöggt fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. hvílík afturfótafæðing er hér á ferð þar sem er endurreisn Útvegsbankans samkvæmt fyrirliggjandi frv. Eins og hann rakti skilmerkilega var gerð ítarleg úttekt á því af hálfu

Útvegsbankans og tillögur gerðar í kjöfar þess um það hvernig best væri að standa að málum eftir að gjaldþrot Útvegsbankans blasti við. Það varð niðurstaða sérfróðra aðila, sem um þetta fjölluðu, og tillaga bankastjórnar Seðlabankans að leitast yrði við að sameina Útvegsbankann öðrum banka og þannig yrði reynt að fækka bönkum, gera bankakerfið ódýrara, einfaldara og ná fram sparnaði fyrir þjóðarheildina. Það var sérstaklega tekið fram í álitsgerð Seðlabankans, eins og raunar kom mjög greinilega fram í máli hæstv. viðskrh., að versta leiðin sem til álita kæmi væri sú sem seinast var nefnd, þ.e. að endurreisa Útvegsbankann í nýrri mynd. Við minnumst þess líka að hæstv. fjmrh. lýsti því hvað eftir annað yfir að það yrði ekki varið einni einustu krónu úr ríkissjóði til að gera upp þetta þrotabú. Síðan glímdu þeir við það um langt skeið að sameina Útvegsbankann öðrum bönkum, einkum og sér í lagi að reyna að koma fótum undir nýjan öflugan einkabanka. En þetta tókst ekki. Eftir að ekki tókst að mynda nýjan einkabanka virtist lítill áhugi fyrir frekari tilraunum til einföldunar og sparnaðar í bankakerfinu, hver höndin upp á móti annarri innan stjórnarflokkanna. Reyndar voru sumar leiðirnar aldrei reyndar. Þá á ég við t.d. að sameina Útvegsbankann Landsbankanum sem hefði getað komið vel til greina. Niðurstaðan varð sú að ríkisstjórnin rann á rassinn með allar sínar fyrirætlanir, allar sínar fögru yfirlýsingar um einföldun og sparnað í bankakerfinu. Fjármálaráðherrann hljóp frá yfirlýsingum sínum um að ekki skyldi verja stórum fjárhæðum af fé skattborgaranna til að endurreisa Útvegsbankann og versta leiðin var valin, sú sem Seðlabankinn varaði sem mest við.

Það er sannarlega einkennilegt fyrirbrigði sem nú verður til í kjölfar þessa lagafrv. Ríkið á að eiga allt fjármagn í þessum banka eða mestallt í öllu falli. Það er ekki vitað með vissu um neina einkaaðila sem eru reiðubúnir til að leggja fram fé til þessa banka. En mikill hluti fjárins er kominn frá ríkinu. Auk þess afhendir ríkið þessu nýja einkafyrirtæki allar eignir bankans að sjálfsögðu. Samt sem áður, þó hér sé um að ræða ríkisfé að mestu leyti, á þetta að heita hlutafélag. Ríkisfyrirtæki á að bera nafn hlutafélags. Maður bíður eftir því hvenær þróunin verður komin á það stig hjá stjórnarflokkunum að við fáum fyrirtæki sem nefnist „Ríkissjóður hf.“ Vissulega mætti alveg eins hugsa sér það eins og hitt að stofna einkabanka sem er að mestu leyti í eigu ríkisins en á samt að vera hlutafélag.

Öll er saga þessa banka ákaflega sérkennileg. Eins og menn vita var þessi banki gjaldþrota hér fyrr á öldinni, sá sem var fyrirrennari Útvegsbankans. Þá var stofnað hlutafélag til að bjarga Íslandsbanka. Síðan liðu 30 ár. Þá er enn þörf á því að bjarga Útvegsbanka Íslands hf., eins og hann hét þá. Þá er gripið til þess úrræðis að breyta Útvegsbankanum í ríkisbanka til að bjarga hlutafélagsbankanum sem þá var fyrir. Núna, 16 árum síðar, er gripið til mjög hliðstæðs úrræðis og enn til að bjarga þessum banka, nema bara að nú er úrræðið öfugt við það sem seinast var. Nú á að breyta ríkisbanka í hlutafélagsbanka til að bjarga honum. Ég spái því hins vegar að eftir örfá ár komi til þess að Alþingi ákveði að breyta þessum hlutafélagsbanka enn einu sinni yfir í ríkisbanka vegna þess að bankinn verði þá enn kominn í þrot. það er alltaf til skiptis valin önnur leiðin, annaðhvort að breyta ríkisbankanum í hlutafélagsbanka eða hlutafélagsbankanum í ríkisbanka. Það yrði þá í fjórða sinn sem sú leið yrði valin og í öll skiptin er um stórkostlega björgunaraðferð að ræða sem því miður endist ekki of lengi.

Menn kunna kannske að spyrja: Hvort skyldi vera betra, að þetta sé hlutafélagsbanki eða ríkisbanki, úr því alltaf er verið að breyta þessu? Ég held að ekki þurfi að færa mikil rök að því að auðvitað er hlutafélagsbanki miklu veikari banki en ríkisbanki. Það er satt að segja alveg afleitt fyrir þennan banka að breytast úr ríkisbanka í hlutafélagsbanka vegna þess að það verður bankanum mjög til bölvunar erlendis. Það er alveg ljóst að þegar bankinn tekur lán erlendis og getur ekki boðið upp á ríkisábyrgð verður hann að greiða miklu hærri vexti og kostnað af slíkri lántöku. Hann er ekki jafnmikils trausts verður eftir að búið er að breyta honum með þessum hætti og því verða lántökur hans með óhagstæðari skilyrðum.

Eins er alveg ljóst að viðskiptamenn bankans munu taka nokkurt tillit til þess þegar þeir leggja innstæður í bankann ef ríkið ber enga ábyrgð á þessum innistæðum eins og nú er. Það er því alveg ljóst að þessi banki verður miklu veikari en áður var og afskaplega erfitt að sjá að þessi björgunarleiðangur, sem nú er lagt upp í, sé líklegur til að leysa vandann í eitt skipti fyrir öll.

Í öðru lagi er það afar óeðlileg breyting að viðskrh. eigi að ráða fjórum af fimm bankaráðsmönnum, eins og væntanlega verður eftir að búið er að breyta bankanum úr ríkisbanka í einkabanka. Ef menn ímynda sér að bankinn taki stórkostlegum breytingum til hins betra þegar hæstv. viðskrh. er búinn að tilnefna fjóra sjálfstæðismenn sem bankaráðsmenn hjá Útvegsbankanum hf. í staðinn fyrir að Alþingi hefur kosið þessa menn er ég ansi hræddur um að menn líti ekki mjög frjálslyndislegum augum á mál yfirleitt. Það er ólýðræðislegt fyrirkomulag í eðli sínu að einn maður, viðskrh. í þessu tilviki, hafi slíkt vald, sem hann fær með þessum hætti, og bersýnilega til hins verra á allan hátt. Auk þess tel ég að það sé ekki til bóta að erlendir bankar geti eignast hlut í þessum banka, en skal að vísu viðurkenna að það má vera að það sé mikið til í því, sem hæstv. viðskrh. sagði hérna áðan, að það kunni að vera takmarkaður áhugi hjá erlendum bönkum að eignast hlut í þessum íslenska banka og því ekki sérlega líklegt að þetta ákvæði komi nokkurn tíma til framkvæmda.

Ég lít svo á að kjarni þessa máls sé: Ríkisstjórnin rann á rassinn með allar sínar fyrirætlanir um einföldun og sparnað í bankakerfinu. Hún gafst upp

á viðfangsefninu að sameina banka fyrst og fremst vegna ósamkomulags innan stjórnarflokkanna, en ekki vegna þess að það væri ekki tæknilega framkvæmanlegt. Hæstv. viðskrh. gafst upp á verkefni sínu og hæstv. fjmrh. hljóp frá öllum fyrri yfirlýsingum um að ekki ætti að verja fé skattborgaranna til að endurreisa Útvegsbankann. Það stendur ekki steinn yfir steini þegar allt er talið saman hjá ríkisstjórninni og versta leiðin er valin, sú leið sem að dómi sérfróðra manna var talin síst til þess fallin að betrumbæta bankakerfið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og mun því ekki verða langorð við 1. umr. þessa frv. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Það er alveg ljóst að sú lausn á vanda Útvegsbanka Íslands sem er að finna í þessu frv. er hallærislausn og nokkurs konar þrautalending í ósamkomulagi stjórnarflokkanna um það hvernig leysa skuli vanda bankans. Það lá ljóst fyrir í haust að annar stjórnarflokkurinn vildi fara þá leið í málum Útvegsbankans að leggja hann saman við Iðnaðarbanka og Verslunarbanka í hlutafélagsbanka, hina svonefndu „fyrstu leið" Seðlabanka, á meðan hinn stjórnarflokkurinn vildi sameina Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Ekki náðist samkomulag um þessar leiðir og ýmsir annmarkar komu í ljós á því að fyrsta leiðin gæti gengið upp. Það er alveg ljóst að sú leið sem farin er í því frv. sem hér liggur nú fyrir er nokkurs konar millileið, þrautalending í því ósamkomulagi sem er á milli stjórnarflokkanna í þessum málum.

Mér finnst það fyrirkomulag sem lagt er til í þessu frv. á skipan mála vegna Útvegsbanka Íslands vera óttalegt samkrull á milli ríkis og einkaaðila. Við höfum því miður ekki góða reynslu af slíku samkrulli ríkisins og einkaaðila. Annaðhvort hefur ríkið þá verið nokkurs konar vátryggingarfélag fyrir einkarekstur, þegar allt siglir í strand og töp verða hefur ríkið oftar en ekki greitt, setið uppi með skuldabagga og tap, eða þá, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að ábyrgð ríkisins á hinum nýja banka sé takmörkuð. Það leiðir hins vegar af sér, eins og síðasti ræðumaður kom inn á, að staða hins nýja banka er margfalt veikari en væri hann ríkisbanki.

Ég hef þetta að athuga við það fyrirkomulag sem hér er lagt til. Jafnframt hef ég það við það að athuga að í þessu frv. er gert ráð fyrir að erlendir aðilar geti fjármagnað hinn nýja banka að ¼ til. Ég held að við verðum að fara ákaflega varlega í að hleypa hér inn erlendu fjármagni.

Fyrst er til þess að líta að hér á landi eru engin lög í gildi um hvernig haga skuli málum í því efni. Þess vegna er töluvert varhugavert að taka þetta inn í frv. án þess að heildarlöggjöf um meðferð erlends fjármagns sé fyrir hendi.

Í öðru lagi hvað varðar þetta erlenda fjármagn þá vil ég vara við áhrifum þess á íslenskt hagkerfi. Íslenskt hagkerfi er lítið og þar af leiðandi er það ákaflega viðkvæmt fyrir þeim sveiflum sem geta orðið vegna erlends fjármagns, fjármagns sem við höfum engin yfirráð yfir og sem eigendurnir geta dregið burt eða aukið við og þar af leiðandi valdið straumkasti í hagkerfinu sem við eigum erfitt með að stjórna. Þetta getur orðið okkur erfitt og dýrkeypt.

Í þriðja lagi, sem er ekki síður mikilvægt, ber náttúrlega að varðveita vel fjárhagslegt sjálfstæði okkar sem þjóðar. Ég held reyndar að það sé ekkert í hættu þótt hér sé gerð einhver smuga hvað varðar erlent fjármagn, en það er þó hlutur sem við verðum ávallt að hafa í huga og gæta vel að.

Hitt er svo annað mál, eftir það hringl sem hefur verið vegna Útvegsbankans hjá stjórnvöldum, hvort nokkur erlendur aðili hafi traust á þessu fyrirtæki og vilji leggja fé sinn í þennan banka. Ég hef ekki trú á því þannig að ég held að hér sé e.t.v. ekki nein bráðahætta á ferðinni.

Það á að stofna hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Eftir því sem ég best veit, og ekki var neinar upplýsingar um það að hafa í máli ráðherra áðan þegar hann mælti fyrir frv., hefur engin könnun verið gerð á því hvort einhverjir innlendir aðilar hafi hug á því að kaupa hlutabréf í Útvegsbanka Íslands. Ég spyr hæstv. ráðh. að því hvort svo sé, hvort hann viti um einhverja aðila sem hafa hug á því að gerast hluthafar í þessum nýja banka. Útvegsbankinn er sennilega ekki mjög fýsilegur fjármagnskostur fyrir fjármagnseigendur eftir það sem á undan er gengið. Það þýðir vitaskuld lítið að tala um stofnun hlutafélags ef engir eru hluthafarnir. Það er grundvallarspurning sem ég held að verði að svara hér.

Leysa verður vanda Útvegsbanka Íslands. Um það er engin spurning. Við Kvennalistakonur höfum ávallt verið á því að heppilegast sé að sameina hann Búnaðarbanka, það sé langbesti kosturinn, að hinn nýi banki yrði alfarið ríkisbanki með öllum þeim réttindum og kostum sem slíkum banka fylgja. Og hvað varðar sérstakar þarfir atvinnulífsins, sem stundum þarf á töluverðu fjármagni að halda, hefði hinn nýi banki getað tekið upp nánara samstarf við Landsbanka en nú er á milli bankanna. En þeirri lausn sem er að finna í frv., sem hér er til umræðu, höfnum við.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Það hefur ekki þótt drengilegt hér á Íslandi að sparka til liggjandi manna, en þannig stendur eiginlega ríkisstjórnin í þessu máli. Það er sannkallaður hetjuskapur að leggja í að mæla fyrir því hér í deildinni og verður að reiknast hæstv. ráðh. sem slíkt.

Það hefur náttúrlega ekki farið fram hjá mönnum að þessi bankamál hafa verið í brennidepli, ekki bara í vetur heldur bráðum hartnær á annað ár. Ástæðan er það áfall sem Útvegsbankinn varð fyrir við gjaldþrot Hafskips árið 1985. Það er reyndar þannig að Útvegsbankinn hefur alls ekki fullnægt

ákvæðum laga um viðskiptabanka um hlutfall eiginfjár frá því í ársbyrjun 1986 og hefur starfað á grundvelli undanþágu frá þeim lagaákvæðum og á ábyrgð Seðlabankans.

Vandi Útvegsbankans er ekki bundinn því einstaka fjárhagslega áfalli sem hann varð fyrir árið 1985 þó það hafi verið nógu alvarlegt. Vandinn er um leið vísbending um veilur í bæði skipulagi og stjórnkerfi bankanna sem ráða þyrfti bót á.

Í fyrsta lagi þarf að haga rekstri banka sem fyrirtækja á sem hagkvæmastan hátt. Það þýðir í flestum tilfellum líklega það að rekstrareiningar í bankakerfinu þyrftu að stækka frá því sem nú er. Aftur á móti er líka nokkuð mikils vert að ekki myndist einokunarstaða á fjármagnsmarkaði. Það sjónarmið togast auðvitað á við hið fyrra. Í þriðja lagi er mjög mikilvægt að stjórnvöld geti beitt almennri peningastjórn til að auka stöðugleika í hagkerfi, en til þess er nauðsynlegt að það sé ákveðið jafnræði með bönkum eða peningafyrirtækjum og samkeppnin á milli þeirra á þeim grundvelli. Í fjórða lagi þarf bankakerfið að taka ábyrgð á eða miðla fé til þeirra verkefna sem arðvænlegust eru hverju sinni ef það á á annað borð að þjóna því mikilvæga hlutverki að beina fjárfestingu í þann farveg að hagvöxtur verði sem mestur þegar til langs tíma er litið.

Nú er það ekki bara mín skoðun heldur líka margra annarra að bankakerfi hér á landi sé að mörgu leyti áfátt þegar það er skoðað í ljósi þeirra atriða sem ég nefndi hér að framan og geti ekki fyllilega gegnt hlutverki sínu sem skyldi. Langvarandi verðbólga og neikvæðir raunvextir ásamt mjög víðtækum pólitískum afskiptum af bankamálum hafa verið þrándur í götu. Þrír stærstu bankar landsins, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbanki, eru í eigu ríkisins og lúta þingkjörnum bankaráðum og flokkspólitískt völdum bankastjórum. Þegar raunvextir eru neikvæðir, eins og þeir voru um mjög langan tíma, er afar líklegt að eftirspurn eftir lánsfé verði meiri en framboð á sparifé. Þá er líka hætt við því að önnur sjónarmið en viðskiptaleg ráði því hver fær fé að láni og hver ekki.

Pólitískra áhrifa á starfsemi bankanna hefur ekki eingöngu gætt og kannske ekki fyrst og fremst við ákvarðanir um einstök lán því að verkaskipting milli banka og sérhæfing þeirra í þjónustu við ákveðnar atvinnugreinar og tiltekin viðfangsefni er skilgetið afkvæmi afskipta stjórnvalda af bankamálum. Menn þekkja hver þessi hlutverkaskipting, sérstaklega ríkisbankanna, er. Þessi sérhæfing hefur gert það að verkum að dreifing áhættu í útlánum einstakra banka hefur orðið einhæf og lítil og stundum beinlínis varasöm. Vandi Útvegsbankans er einmitt ljóst dæmi um hvernig verkaskipting milli bankanna gerir starfsemi þeirra áhættusama þegar áföll verða í einstökum atvinnugreinum eins og í siglingum eða sjávarútvegi.

Nú er það þannig að skömmtunarstjórn á fjármagni virðist vera á undanhaldi sem regla í stjórnun. Um leið er mjög brýnt að efla hér á landi bankakerfi þar sem efnahagsleg og viðskiptaleg sjónarmið ráða ferðinni. Þannig litu menn til þeirra atburða sem gerðust árið 1985, að endanlega gætu þeir hugsanlega, þó hrapallegir væru, orðið til þess að menn sæju ástæðu til að bindast samtökum um að endurskipuleggja bankakerfið hér á landi í ljósi þeirra ágalla sem menn sjá á því.

Bankamálanefnd, sem skilaði áliti fyrir bráðum 14 árum, komst að þeirri niðurstöðu að æskilegast væri að stefna að því að hér á landi væru ekki fleiri en þrír til fjórir viðskiptabankar. Þannig væri tryggð nægileg samkeppni milli banka. Þróunin hefur reyndar ekki orðið þessi. Viðskiptabankarnir eru enn þá sjö að tölu.

Á síðasta ári dróst Útvegsbankinn verulega aftur úr öðrum bönkum hvað varðar aukningu innistæðna. Staða hans í Seðlabanka er neikvæð um 1 milljarð kr. og öll viðskiptasambönd hans eru í alvarlegri hættu. Starfsfólk og viðskiptavinir hafa hingað til búið við mikla óvissu og það er ekki fyrr en með þessu frv. ríkisstjórnarinnar að starfsfólkið hefur fengið þau svör við sínum spurningum sem með þurfti. Að vissu leyti hljóta viðskiptasambönd Útvegsbankans núna að vænkast þannig að menn vita þó betur í dag að hverju þeir ganga en áður.

En samt er það þannig að það frv. sem hér liggur fyrir okkur gengur í þá átt sem Seðlabanki Íslands lagði allra síst til í þeim tillögum sem hann setti fram í nóvember s.l. Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi upp áðan þær leiðir sem Seðlabankinn lagði til og þar var síðasta leiðin talin sú sísta, en bankastjórn Seðlabankans mælti, eins og öllum er kunnugt, eindregið með fyrstu leiðinni, þ.e. sameiningu Iðnaðarbanka og Verslunarbanka við Útvegsbankann. Sú leið reyndist ekki fær og höfðu reyndar æðimargir sagt það jafnvel um leið og stungið var upp á henni þar sem það var augljóst að ríkið var þegar búið að gefa upp sín sjónarmið í þeirri sameiningu í stað þess að leita fyrst eftir því hver áhugi þessara banka væri og hversu langt þeir væru reiðubúnir til að ganga áður en ríkið raunverulega gæfi til kynna hversu langt það væri reiðubúið að ganga og því vitað mál að samningsstaða ríkisins var engin og að það voru í sjálfu sér engin líkindi til þess að þessir bankar hefðu nokkurn áhuga á að ganga inn í þessi kaup nema með enn þá meiri meðgjöf en ríkið hafði þá þegar boðið, enda reyndist það þannig þegar fram í sótti að þeir misstu áhugann. 9. des. s.l. samþykkti þingflokkur Alþfl. ályktun þar sem fram kom skoðun Alþfl. á þessu máli og með leyfi forseta mun ég lesa hana hér:

„Þingflokkur Alþfl. telur að nú sé nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á íslenska bankakerfinu sem miði að því að efla á Íslandi bankakerfi þar sem efnahagsleg og viðskiptaleg sjónarmið eru í fyrirrúmi. Rétt sé að hið opinbera stuðli að því að hér á landi starfi fáir allstórir viðskiptabankar er veitt geti atvinnulífi og einstaklingum alhliða þjónustu. Það er skoðun þingflokksins að markmið endurskipulagn-

ingar bankakerfisins skuli vera þríþætt:

1. Að eyða óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans.
2. Að bæta skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála.
3. Að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka, fækka ríkisbönkum og draga skýrari línur hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkunum.

Við þá endurskipulagningu bankakerfisins sem nú er óhjákvæmileg telur þingflokkurinn eðlilegast að líta á ríkisbankana þrjá í einu lagi. Eignum þeirra og skuldum verði steypt saman að viðbættum sama eiginfjárstuðningi og Seðlabanki Íslands hefur lagt til að veittur verði ef Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki sameinast. Þessari bankastarfsemi, þ.e. ríkisbönkunum þremur, verði þegar skipt í tvo ámóta stóra fjárhagslega sterka banka þar sem Landsbankinn yrði uppistaðan í öðrum en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn í hinum. Öðrum þessara banka verði breytt í hlutafélagsbanka og allt hlutafé boðið til sölu. Hinn bankinn starfi áfram sem ríkisbanki.

Þingflokkurinn telur það rökrétta afleiðingu af slíkri endurskipulagningu bankakerfisins að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð viðskiptabanka. Bankaráð ríkisbanka verði skipuð af ráðherra bankamála út frá faglegum sjónarmiðum. Ráðherra tilnefni einnig einn fulltrúa í bankaráð hvers hlutafjárbanka hvort sem ríkið á hlut í bankanum eða ekki. Setja ber strangari ákvæði en nú gilda um viðskipti bankaráðsmanna og fyrirtækja í þeirra eigu við hlutaðeigandi banka. Ákveðið verði í lögum að meðal þeirra mála sem bankaráð skuli fjalla um og ákvarða eigi sjaldnar en árlega sé hámark lánveitinga til eins aðila í hlutfalli við eigið fé bankans.

Það er skoðun þingflokks Alþfl. að með þessu móti yrði stuðlað að eflingu bankakerfis þar sem ríkti nokkurt jafnræði með ríkisbönkum og hlutafjárbönkum og að slíkt kerfi gæti átt ríkan þátt í að efla efnahagslegar framfarir hér á landi, bæta bankaskipulagið til frambúðar og gæta almannahagsmuna í bráð og lengd."

Í árslok 1985 var staða ríkisbankanna þannig að eignir Landsbanka Íslands voru alls 32 milljarðar, Útvegsbankans 9,7 milljarðar og Búnaðarbankans 9,8. Eigið fé Landsbankans var 2 milljarðar, eigið fé Útvegsbankans 90 millj. og eigið fé Búnaðarbanka Íslands 831 millj. Þannig var þá ástatt hjá bönkunum að eigið fé Landsbankans var rúm 6% af eignum, tæpt 1% hjá Útvegsbankanum og 8,4% hjá Búnaðarbankanum. Þetta er aðeins til upplýsingar svo að menn geti áttað sig á því hvernig þessir bankar stóðu innbyrðis hvað eignir og eigið fé áhrærir. Aftur á móti voru útlán þessara banka að því leyti jafnari að hlutfallið milli Búnaðarbanka og Útvegsbanka, þ.e. mismunurinn, var ekki eins mikið eins og gera mátti ráð fyrir miðað við eigið fé.

Sú ályktun sem Alþfl. gerði miðaði við að litið yrði á ríkisbankana þrjá sem eina heild og úr myndaðir tveir bankar, að ríkið legði fram 850 millj. eigið fé til sameiningar ríkisbankanna og síðan yrði öðrum bankanum breytt í hlutafélagsbanka. Þeim þætti sem sneri að stjórnkerfi og ábyrgð í bönkunum hafa Seðlabanki og ríkisstjórn enn alls ekki gert nein viðhlítandi skil. Till. Alþfl. var sú að lögum um viðskiptabanka yrði breytt þannig að Alþingi hætti að kjósa í bankaráð.

Ef við skoðum það frv. sem hér liggur fyrir, frú forseti, í ljósi þeirra þriggja atriða sem þingflokkur Alþfl. setti fram, í fyrsta lagi kröfuna um að óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans yrði eytt, hefur þetta frv. að því leyti uppfyllt þá kröfu að menn vita núna hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir.

Í öðru lagi var þess krafist að bætt yrði skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála. Það verður ekki séð af þessu frv. um að halda áfram að reka Útvegsbankann, þó í eilítið öðru formi sé en hingað til, að þau skilyrði verði á nokkurn hátt uppfyllt.

Í þriðja lagi var farið fram á að dregið yrði úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka, fækkað viðskiptabönkum og dregnar skýrari línur hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkum. Þó að eignaraðild ríkisins sé breytt með þeim hætti að í stað þess að eigið fé bankans sé beint á ábyrgð ríkissjóðs sé eignarhaldi ríkisins breytt í hlutafélagsform telst það að mínu mati ekki vera leið til þess að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka. Ekki fækkar bönkunum við þessa aðgerð né verða línur neitt skýrari hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkunum. Þó má benda á að hér er gert ráð fyrir því að viðskrh. skipi bankaráðsmenn í hlutfalli við eignaraðild ríkisins að bankanum og þá sýnt að til að byrja með skipi hann meiri hluta þeirra.

Ef maður les þetta frv. eru nokkur atriði sem maður staldrar við. Ég hefði viljað spyrja hæstv. viðskrh. hvað átt sé við í athugasemdum við 4. gr. frv., en 4. gr. fjallar um matsnefnd sem á að meta eiginfjárstöðu Útvegsbankans miðað við þann dag sem hlutafélagsbankinn yfirtekur reksturinn. Þar segir neðarlega á bls. 6:

„Einnig á nefndin við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans að meta til verðmæta það skattalega hagræði sem nýi hlutafélagsbankinn fær með yfirtöku á Útvegsbankanum."

Er það réttur skilningur hjá mér að hér sé verið að höfða til 17. gr. frv. þar sem lagt er til að hlutafélagsbankinn taki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands, en þar kemur fram að seljandi bankans, sem er reyndar um leið kaupandi líka, þ.e. ríkið, telur að því leyti vera einhvers konar gullgæs á ferðinni að uppsöfnuð ónýtt rekstrartöp Útvegsbanka Íslands, sem eru veruleg, muni nýi hlutafélagsbankinn geta dregið frá tekjum sínum, ef og þegar rekstur hans skilar

hagnaði í framtíðinni? Mér finnst þessi hugsunarháttur, þó að hann sé sjálfsagt rökréttur í ljósi bókhaldslaga og vinnu, samt sem áður mjög lýsandi dæmi fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf, þar sem það er talið fyrirtæki til ágætis, sem verið er að selja, hvað það hefur tapað miklu. Það sé hlutur sem komi eigandanum til góða einhvern tíma ef og þegar rekstur hans skilar hagnaði í framtíðinni. Það mætti kannske leyfa sér að spyrja hæstv. ráðh.: Hve lengi getur nýi eigandinn átt innhlaup í þann rétt að draga þetta rekstrarlega tap frá hagnaði sínum í framtíðinni? Er það óendanlegt eða fyrnist þessi réttur á einhverjum ákveðnum tíma?

Hæstv. ráðh. gerði 5. gr. reyndar þó nokkur skil og lauk umfjöllun sinni um hana á þá leið, ég hef það ekki orðrétt eftir, en það var sú skoðun sem mér heyrðist hann vera að setja fram, að auðvitað væri nýja fyrirtækinu heimilt að segja upp starfsfólki eftir að endurráðning hefði farið fram eins og það væri meiri háttar kostur. En 5. gr. fjallar um að þessu nýja fyrirtæki er skylt að ráða allt það starfsfólk, sem núna starfar við bankann, á ný. Auðvitað er þetta góður kostur fyrir starfsfólk Útvegsbankans. Því ber ekki að neita. Og auðvitað vildu menn leysa þetta mál þannig að þessu starfsfólki yrðu boðnir þeir bestu kostir sem mögulegir eru. En aftur á móti hlýtur að verða að taka eitthvert tillit til þessa nýja fyrirtækis sem á nú líklega samkvæmt ætlun manna að fara að skila arði. Manni finnst það dálítið undarleg byrjun á slíkri endurskipulagningu að skuldbinda fyrirtæki til að ráða allt það starfsfólk sem þegar er í starfi hjá bankanum því að óneitanlega hlýtur bankinn að verða að leysa hluta af þeim vandamálum sem upp hafa komið í rekstri hans með einhvers konar samdrætti, með einhvers konar hagræðingu í rekstri, sem endanlega hlýtur alltaf að koma niður á starfsfólki.

6. gr. frv. lætur í sjálfu sér ekkert óskaplega mikið yfir sér, en hún fjallar samt sem áður trúlega um mjög stórar upphæðir. Ástæðan fyrir því að upphæðir eru ekki nefndar í því tilefni þegar verið er að fjalla um eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands er sú, eins og segir efst á bls. 8 í athugasemdum við einstakar greinar frv., með leyfi frú forseta:

„Vegna þess hverjum erfiðleikum slíkir útreikningar eru bundnir og vegna þeirra áhrifa sem það hefði á mat á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands og uppgjör skv. 2. mgr. 4. gr., ef á honum hvíldu umræddar lífeyrisskuldbindingar við yfirtöku hlutafélagsbankans á honum, er kveðið svo á í 2. mgr. 6. gr. að ríkissjóður yfirtaki ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum eftirlaunasjóðs Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa eða stofnast munu fram að yfirtökudegi."

Engar upphæðir. Ríkissjóður yfirtekur einfaldlega heila klabbið, aðallega að því er virðist vegna þess að það er ekki hægt að reikna út hvað þetta er mikið. Einhvern tíma voru samþykkt lög í þessu landi um að öllum frumvörpum sem hefðu fjárskuldbindingar í för með sér fyrir ríkissjóð yrði að fylgja nákvæmt yfirlit um þær fjárskuldbindingar, en það er yfirlýst strax við samþykkt þessa frv. að slíka áætlun er alls ekki hægt að setja fram.

Í seinustu málsgr. umsagnar um einstakar greinar segir, með leyfi frú forseta:

„Tekið skal fram að um lífeyrisréttindi núverandi og fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands fer samkvæmt sérstökum samningum þeirra við bankann. Nýi hlutafélagsbankinn yfirtekur þessar skuldbindingar og eru þær á meðal þess sem matsnefnd skv. 4. gr. á að leggja mat á."

Ekki hefði verið neinum erfiðleikum bundið að láta hér koma fram um hvaða upphæð væri að ræða, en mér býður í grun að hér muni vera um nokkuð á annan tug milljóna á ársgrundvelli að ræða. Kannske hefur hæstv. ráðh. þessar upplýsingar á reiðum höndum. Það er áberandi hvað bankastjórar Útvegsbanka Íslands hafa yfirleitt verið og eru ernir þegar þeir fara á eftirlaun. Ég þori ekki alveg að fara með hvort þeir eru fimm eða sjö sem eru núna á eftirlaunum.

Hvað er bankanum ætlaður langur tími til að aðlaga bókfært virði fasteigna og búnaðar sem viðskiptabankinn notar til starfsemi sinnar og má skv. viðskiptabankalögum ekki vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans? Hvað telja menn að það taki langan tíma að koma þessum hlutum hjá Útvegsbankanum í það horf að það samræmist gildandi lögum? Hér segir reyndar í athugasemdum að um sé að ræða sama aðlögunartíma og starfandi viðskiptabönkum sé veittur til að koma eigin fé í það horf sem lög áskilja. En telja menn að þessi aðlögunartími nægi eða telja menn að það þurfi hugsanlega að ætla þessum banka eitthvað lengri tíma? Mér finnst undarlegt ef það tækist á þeim aðlögunartíma sem lögin gera ráð fyrir, sérstaklega með tilliti til þess að það eru svo margar aðrar skuldbindingar sem menn verða að uppfylla.

Skv. lögum nr. 44 frá 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands segir í athugasemdum um 14. gr.: „Skal Útvegsbanki Íslands veita Fiskveiðasjóði nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu."

Það er nokkuð ljóst einmitt af lestri þessara athugasemda hvað raunverulega er hér á ferðinni því að það sem áður var Fiskveiðasjóður, alla vega hvað rekstur hans snerti, ekki kannske hvað sjóðinn sjálfan snerti, var áður rekið á ábyrgð Útvegsbankans, en núna á að fara að reka Útvegsbankann á ábyrgð Fiskveiðasjóðs. Það er öll sú stóra breyting sem raunverulega verður gerð því að eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans breytir að því leyti bara um nafn að nú er það kallað hlutafé og síðan Fiskveiðasjóði gert með lagaboði nánast að gerast eignaraðili að bankanum, en Fiskveiðasjóður er náttúrlega ríkisfyrirtæki.

Auðvitað eru mörg önnur atriði sem hægt hefði verið að fjalla um í 1. umr. um þetta mál, en ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um málið, þannig að maður hefur tækifæri og tíma til að gæta að þeim

þar. Óneitanlega finnst manni gerður munur á Jóni og séra Jóni. Það væri auðvelt að stofna hlutafélög hér á landi ef maður gæti ákveðið það si svona heima hjá sér að það þyrfti ekki tilskilinn fjölda sem hlutafjárlög gera ráð fyrir til að stofna hlutafélagið. Það nægði einn aðili í byrjun. Það þyrfti enga fimm aðila eins og lög krefja. Það er lítill sómi að því þegar Alþingi gengur fram með sínu valdi í því að brjóta þau lög sem það sjálft hefur sett. Þetta hefur verið talið eitt af grundvallaratriðum laga um hlutafélög, að til þess að stofna hlutafélag þurfi tilskilinn fjölda aðila. Það er ekki fyrr en að uppfylltum þeim fjölda sem menn mega stofna hlutafélög. En hér er farin styttri leið að lausn þessa máls og sú leið einfaldlega opnuð að það sé einn aðili og hann kalli sig hlutafélag. Það er það eina sem breyst hefur í, hvað eigum við að segja, örlögum Útvegsbankans í sögu hans að hann er aftur orðinn „hf." eins og hann var fyrir hartnær 30 og eitthvað árum.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands byggir á samkomulagi stjórnarflokkanna um aðgerðir í bankamálum. Þær eru vegna þeirra erfiðleika sem Útvegsbankinn er í. Eiginfjárstaða bankans er orðin slík að aðgerðir mega ekki dragast lengur og hafa nú þegar dregist fram úr hófi. Ég vil við 1. umr. málsins segja örfá orð um afstöðu okkar framsóknarmanna til þessa máls. Þau verða að vísu ekki ýkjamörg. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar að lokinni þessari umræðu þannig að ég mun stytta mál mitt og ekki fara efnislega í einstakar greinar þess.

Því er ekki að leyna að stjórnarflokkarnir höfðu misjafnar áherslur í þessu máli í upphafi. Við framsóknarmenn lögðum áherslu á að þetta tækifæri yrði notað til að endurskipuleggja bankakerfið og styrkja ríkisbankakerfið með samruna. Það þýddi þó ekki að við útilokuðum hlutafélagsbankaformið. Við erum ekki á móti hlutafélögum sem slíkum og hlutafélög eru staðreynd í bankarekstri í landinu og mjög algengt form á móti ríkisbankaforminu.

Það voru kannaðar rækilega ýmsar leiðir í þessu máli, eins og hér hefur verið komið inn á í þessari umræðu, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Það var kannað rækilega hvort væri mögulegt að sameina Útvegsbankann einkabönkunum, en sú leið var ekki fær.

Sú leið sem var mjög til umræðu á seinni stigum málsins var sameining Útvegsbanka og Búnaðarbanka Íslands. En það fór svo, eins og við framsóknarmenn óttuðumst, að sök þeirra vandræða sem Útvegsbankinn var í, Hafskipsmálið, reyndist það steinbarn sem kom í veg fyrir þann samruna. Það skapaði tortryggni og spillti fyrir málinu hjá starfsfólki og viðskiptavinum Búnaðarbanka Íslands þannig að við þessar aðstæður reyndist ekki unnt að ganga til þessarar sameiningar. Þess vegna var þessi leið valin, sem frv. fjallar um, að endurreisa Útvegsbankann í hlutafélagsformi og halda möguleikunum opnum til frekari breytingar á bankakerfinu síðar, að fleiri aðilar komi þarna inn sem hluthafar, þar á meðal erlendir. Við framsóknarmenn lítum svo á að hér sé um skref að ræða, en það sé ekki nein endanleg lausn. Það verði að halda áfram að því markmiði að endurskipuleggja bankakerfið þó að það hafi ekki tekist að ná nógu stórum skrefum í því að sinni.

Það hefur verið rætt um erlent fjármagn í bankakerfinu og ýmsir hafa varað við því. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það hlutfall erlends fjármagns sem er gert ráð fyrir í frv. skapi neina hættu á erlendum yfirráðum í okkar efnahagslífi. Ég tel að þetta geti orðið til góðs, en því er ekki að leyna að einstakir þm. Framsfl. hafa misjafnar áherslur í þessu efni.

Ég tel að erlent fjármagn sé nú mjög ráðandi á ýmsum öðrum sviðum en þessum. Við höfum ekki verið hræddir við erlendar lántökur í ríkum mæli og í kannske allt of ríkum mæli. Erlent fjármagn er hér í gangi í gegnum ýmis kaupleiguviðskipti án þess að menn hafi séð ástæðu til að sporna við því.

Bankakerfið er viðamikið í landinu. Það samanstendur af 7 bönkum, 39 sparisjóðum, yfir 100 lífeyrissjóðum sem eru nokkurs konar bankastofnanir, auk verðbréfamarkaða sem núna eru risnir á legg. Þetta viðamikla kerfi hefur orðið til þess að vaxtamismunur hér er mikill. Rekstrarkostnaður bankakerfisins er mikill og þessir litlu bankar, sem hér eru, eru í ýmsum tilfellum vanmegnugir til þess að þjóna undirstöðuatvinnuvegunum eins og skyldi og taka stór fyrirtæki í ýmsum greinum í viðskipti. Ríkisbankakerfið hefur hingað til haft það hlutverk í langmestum mæli að þjóna aðalatvinnugrein landsmanna, sjávarútveginum, og í rauninni framleiðsluatvinnuvegunum öllum, en einkabankarnir hafa lánað að meginhluta til í alls konar einkaneyslu.

Við framsóknarmenn teljum þá leið sem frv. gerir ráð fyrir viðunandi í þeirri stöðu sem núna er. Það er aðalatriðið að endurskipuleggja bankakerfið þannig að bankarnir geti veitt viðskiptavinum sínum viðunandi þjónustu, þar á meðal Útvegsbankinn, og að endurskipulagning bankakerfisins verði til þess þegar fram í sækir. Það er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem nú ríkir í rekstri Útvegsbankans og að geta gengið til endurskipulagningar bankakerfisins án þess að Hafskipsmálið hvíli þar yfir eins og skuggi. Það þarf að einfalda bankakerfið og koma þar við meiri sparnaði og hagræðingu en nú er. Slíkt er nauðsynlegt ef vaxtamunur á að minnka frekar á næstu árum og þessar einingar eiga að geta þjónað atvinnulífinu og fyrirtækjum undirstöðuatvinnugreinum eins og skyldi.

Ég hef ekki litið þannig á að með samþykkt þessa frv. værum við stjórnarliðar að sparka í liggjandi mann. Ég hefði haldið að með þessu frv. værum við að rétta þessum manni hendina til þess að komast á fætur og leiða hann nokkur skref og styðja hann til áframhaldandi verka. Í því trausti mun ég og mínir

flokksbræður hér á Alþingi vinna að þessu máli áfram. (**HS:** Og systur.) Og systur, segir Helgi, og ég þakka honum fyrir ábendinguna.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ég sá þetta frv. fyrst áðan í fullbúinni gerð, en maður var svo sem búinn að sjá og lesa helstu þætti þess áður. Raunar hefði ég ekki þurft þess. Ég er, eins og Geir Hallgrímsson og fleiri góðir sjálfstæðismenn, andvígur þessari leið. Mér segir svo hugur um að það séu ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli. Mér segir svo hugur um að þetta mál sé alls ekki búið þó að hæstv. ríkisstjórn takist að hnoða þessu í gegn á síðustu dögum þingsins.

Í rauninni þarf maður ekki önnur rök en brjóstvit í þessum efnum til að láta segja sér að þessi leið er ófær eins og seðlabankanefndin sagði. Það er eins og einhver ósýnileg hönd hafi teflt þessu máli í tímaþröng þar sem afleikir voru fyrirsjáanlegir.

Það er sjaldgæft að á þessu tveimur og hálfu ári sem ég hef hér verið hafi ég þurft að taka undir rök stjórnarandstöðu svo til orð fyrir orð, en svo hefur mér farið nú. Hv. þm. Jón Kristjánsson talaði fyrir hönd Framsfl. áðan. Hann hafði að vísu þann fyrirvara að einstakir þm. Framsfl. hefðu ekki einn hug í öllum greinum, en hann talaði þannig að fyrir hönd Framsfl. mundi hann samþykkja frv. Ég vil fá að ráðgast fyrst við mína samvisku um hvað ég geri í þessu máli. Ég er ekki reiðubúinn að veita því brautargengi gegnum þingið eins og er. Ég segi það hér og nú.

Hæstv. ráðh. hefur látið þess getið í fjölmiðlum að báðir þingflokkarnir hafi samþykkt málið. Um mína afstöðu í mínum þingflokki hefur held ég enginn velkst í vafa síðan þetta mál kom á dagskrá fyrir ári eða svo.

Ég sagði að ég þyrfti að ráðgast um þetta mál við mína samvisku eins og þm. ber. Ég vildi líka gjarnan fá að ráðgast um það betur við mína umbjóðendur, við mín flokkssystkin sem nú halda landsfund bráðum. Ég segi það aftur að ég er ekki reiðubúinn að ljá þessu máli brautargengi nú.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég óska stjórnarandstöðunni til hamingju með nýjan liðsmann sem kemur hér upp eftir að þingflokkur Sjálfstfl. hefur samþykkt þetta fram komna frv. og þingflokkur Framsfl. sömuleiðis, verið bókað í báðum flokkum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. lagði mikla áherslu á að Seðlabankinn hefði talið þetta lökustu leiðina og ég óska honum og Seðlabankanum til hamingju með að þeir séu nú búnir að finna hvor annan eftir langa leið. Það út af fyrir sig hlýtur að vera mjög ánægjulegt fyrir báða aðila. (**RA:** Ætli það færi vel á með okkur.) En eitt vil ég segja við hv. 3. þm. Norðurl. v. að óheppilegasta leiðin í sameiningarmálum banka hefði verið sameining Landsbanka og Útvegsbanka, ekki nánast heldur gersamlega útilokuð leið, sú alversta enda aldrei komist í gegn.

Það þarf engan að undra að þegar tekin er ákvörðun um að stofna til hlutafélagsbanka vilja þeir sem gjarnan vilja leggja fram hlutafé ekki byrja á því að skrifa sig fyrir hlutafé áður en ákvörðun er tekin um að stofna hlutafélagsbanka. Það eru fjölmargir aðilar, sérstaklega í höfuðatvinnugrein okkar, í sjávarútvegi, sem hafa mikinn hug á því að leggja fram hlutafé í þennan banka. Þessir aðilar allir hafa sagt að þeir kæri sig ekki um að vera nefndir fyrr en búið sé að taka ákvörðun um að þessi banki verði stofnaður. Þá þurfum við heldur ekkert að óttast að ríkisvaldið skipi fjóra menn eða viðskrh. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að viðskrh. mundi skipa fjóra sjálfstæðismenn í stjórn þessa hlutafélags. Ég segi fyrir mitt leyti, ef það kæmi í mitt hlutskipti að skipa fjóra menn, sem ég tel mjög ólíklegt, mundi aldrei hvarfla að mér að skipa fjóra sjálfstæðismenn. Ég ætla fyrst og fremst að hugsa um að þessi banki færi þannig af stað að hann hefði breiðan grundvöll. Það stefna engir stjórnmálaflokkar að því að einhver einn stjórnmálaflokkur eigi að hafa alger yfirráð yfir því sem samfélagið er að leggja til. Ég tel það fráleitt.

Það er ákaflega þægilegt að segja: Það hefur ekkert gengið og allt hefur þetta farið eins illa og hefur getað farið. Það er búið að reyna allar hugsanlegar leiðir. Ef maður segði eða gæti sagt frá öllu því sem búið er að ganga á til þess að reyna að koma mönnum saman. Það er komið á þriðja áratug eða liðlega tveir áratugir frá því að það átti að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Það hafa allir þessir gömlu stjórnmálaflokkar verið í ríkisstjórn, sumir lengi og aðrir skemur á þessu tímabili. Það hefur engum tekist þetta. Hv. 11. þm. Reykv. segir: Við Kvennalistakonur vildum sameina Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Það gengur ekki hnífurinn á milli mín og þeirra í því. Ég vildi það líka. Áttum við í fullkominni andstöðu við allt starfsmannalið Búnaðarbankans að knýja fram þessa breytingu? Það er búið að reyna þetta hvað eftir annað af fjölmörgum ríkisstjórnum og það hafa bilað menn og það hefur ekki endilega farið eftir flokkum. Það hefur farið eftir því hvort þeir hafa verið mjög tengdir öðrum bankanum. Þá hafa þeir siglt á þeim bátnum og ekki verið spurt um flokksskírteini heldur tryggð við bankann.

Það hefði heldur ekki verið einfalt mál að loka Útvegsbankanum. Það er ekkert hlaupið að því fyrir viðskiptamenn Útvegsbankans að komast inn í aðra banka. Landsbankinn á fyllilega nóg með sig. Lausafjárstaða Landsbankans er mjög slæm og hefur verið lengi og verður. Hann er með miklar skuldbindingar. Okkur varðar um atvinnulífið í heilu byggðarlögunum. Við skulum taka einn stærsta útgerðarstað landsins, Vestmannaeyjar. Útvegsbankinn hefur verið höfuðbanki Eyjamanna áratugum saman.

Við skulum taka fleiri útibú, Ísafjörð, Siglufjörð og svo auðvitað hér á Reykjavíkursvæðinu. Þessir viðskiptamenn hafa haft miklar áhyggjur af hvað

verður um þá. Eigum við að fara krjúpandi til annarra banka og segja: Viljið þið taka okkur að einhverju leyti? Á samfélagið að skilja allan þennan atvinnurekstur, allt það fólk sem vinnur þar, eftir úti á köldum klaka einn góðan veðurdag? Nei, þetta er ekki svo einfalt sem menn vilja vera láta. Það er heldur ekkert hlaupið að því þegar ekki næst samkomulag um stofnun sterks einkabanka, eins og var hugmyndin, og einn aðilinn hættir við þegar búið er að vinna mikið starf. Löggjafinn getur ekki knúið þessa einkabanka í þeim efnum.

Viðhorf manna til hlutafélagsbanka og ríkisbanka. Það hefur auðvitað hver leyfi til að hafa sitt viðhorf. Ég tel að ríkisbankakerfið í okkar landi sé allt of stórt og viðamikið. Við verðum að draga úr því og það er þó breyting með þessu. Að vísu er aðlögunartími. Aðrar þjóðir eru að draga úr áhrifum ríkisbankakerfisins og menn spyrja: Af hverju? Ástæðan er sú að mönnum finnst það vera of sjálfvirkt þegar ábyrgð þjóðfélagsins er á bak við.

Ef við tölum um erlent fjármagn. Hvaða hætta er á því? Ég hef ekki nokkra von enn þá um að erlendur banki komi inn með 25%. En við viljum hafa þetta opið og erum ekkert að fara í kringum það ef það verður hægt. Ég tel mikils virði að fá erlent fjármagn til þessa banka. Og ég tel það miklu meira virði að þeir sem erlent fjármagn eiga leggi það fram sem áhættufé, en láni okkur það ekki allt saman með 100% ríkisábyrgð. Ég held við hljótum að geta orðið sammála um að þetta sé eðlileg og heilbrigð skoðun.

Ef við hefðum átt, Íslendingar, álverið í Straumsvík. Ég er hræddur um að við værum komnir í alvarlega erfiðleika. Við skulum líka líta á Útvegsbankann. Það hefur verið nefnt lítillega Hafskipsmálið sem er ekkert óeðlilegt. Bankinn varð fyrir áfalli. Bankar um víða veröld urðu fyrir ofboðslegu áfalli í sambandi við kaupskipaútgerð á liðnum árum. Það var of mikið byggt af kaupskipum, miklu meira en verkefnin leyfðu og jafnframt að það fóru svo margir út í allt of miklar fjárfestingar og með allt of lítið eigið fjármagn. Við skulum bara líta til næstu nágranna okkar, Færeyinga, í þessum efnum. Færeysk skipafélög létu byggja og kaupa 20 nýleg skip á árinu 1980 fyrir fleiri milljarða ísl. kr. Flest þeirra voru fjármögnuð með um 70% erlendum lánum. 20% hafa yfirleitt verið fjármögnuð af landsstjórninni í Færeyjum, en eigið fé hefur verið mjög takmarkað eða um 10%. Auk þessa hefur landsstjórnin oftast gefið ábyrgð vegna erlendu lánanna. Landsstjórnin í Færeyjum, þessu litla landi, hefur tapað hundruðum millj. kr. vegna erfiðleika á kaupskipaútgerð eða um 700 millj. á árinu 1986 og væntanlega meira á þessu ári. Talað hefur verið um að tapið geti numið um 10% af fjárlögum landsstjórnarinnar á þessu ári. Sú stefna landsstjórnarinnar í Færeyjum að efla kaupskipaútgerð þar hefur gersamlega brugðist. Landsstjórnin ýtti undir þessa kröfu um kaup og byggingu skipa. Á þessu sést að þetta litla land hefur sennilega tapað miklu meiru en nokkurt annað miðað við stærð þjóðarinnar og umfang í viðskiptum, en töp hinna ýmsu banka um allan heim hafa numið hundruðum milljarða. Þetta mættu menn gjarnan hafa í huga þegar verið er að dæma Útvegsbankann.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði, að það væru ekki til upplýsingar um hvaða upphæð eftirlauna ríkið þyrfti að taka á sig vegna eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbankans eða eftirlaunasjóðs bankastjóra. Það er ekki nokkur leið að gefa þessa upphæð upp. Það er búinn að vera í þessu einn færasti tryggingafræðingur landsins og það verður auðvitað að gefa sér ýmsar forsendur sem margar hverjar eru hæpnar. Ef ég ætti að gefa upp hvaða skuldbindingar eru t.d. vegna bankastjóra yrði ég að ákveða fyrir fram eða einhver okkar hvenær þeir eiga að deyja og konur þeirra líka o.s.frv. Eins og allir vita með þessar eftirlaunaskuldbindingar er ekki hlaupið að því að gefa það upp. Þetta eru hlutir sem koma ekki í ljós, eins og ég sagði í minni framsögu hérna í dag, jafnvel fyrr en eftir áratugi að öllu leyti. Það má alltaf búa til einhverjar forsendur, en það er ekki þar með sagt að þær standist. Það hefur verið reynt að gera en mjög ófullkomlega.

Hv. sami þm. spurði um skattalega meðferð. Það er alveg rétt. Þetta er það sem lagt var til grundvallar í viðræðunum við einkabankana, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka, og þetta er það sem átti að leggja einnig til grundvallar í viðræðum ef þær hefðu farið fram formlega milli Búnaðarbanka og ríkisins og þar með Útvegsbanka. Þetta fer auðvitað eftir lögunum um viðskiptabanka og eftir skattalögum.

Það var ósköp eðlilegt að sami hv. þm. spyrði um starfsfólkið hvort það ætti að skylda þennan nýja banka að taka við öllu því starfsfólki sem þarna er. Það verður ekkert gert í þessum efnum og kemst ekkert á nema fá frið við fólkið sem þarna vinnur. Ég er ekkert hræddur um að hin nýja stjórn þessa banka fái ekki strax færi á að fækka starfsfólki, þannig séð að ráða ekki nýja starfsmenn. Þegar við lítum á t.d. þrjú s.l. ár hættu hjá Útvegsbankanum árið 1984 63 starfsmenn, 1985 69 starfsmenn og 1986 63 starfsmenn. Auk þess gerir það þörfina miklu minni eða jafnvel enga að ráða fólk til sumarafleysinga. Á árinu 1984 voru ráðnir til sumarafleysinga 76 starfsmenn, 1985 88 og 1986 77.

Hins vegar er svo aftur með bankastjóra, útibússtjóra, aðalendurskoðandann og í þessar æðstu stöður bankans. Það verður auðvitað á valdsviði stjórnar hins nýja banka hvernig þar verður ráðið og ekki hægt að hafa það með öðrum hætti ef vel á að vera. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi grein frv. er orðuð með þessum hætti, að ef við hefðum gefið undir fótinn með að þarna yrði einhverju starfsfólki sagt upp hefði aldrei náðst jákvæð samstaða við starfsfólkið í þessum efnum.

Ég held það hafi verið hv. 11. þm. Reykv. sem spurði hvort ég vissi um marga sem hefðu áhuga. Ég svaraði því nú áðan. Ég er sannfærður um að það eru bæði samtök í atvinnulífinu og sömuleiðis

ákveðnir lífeyrissjóðir sem eru að hugleiða að leggja fram hlutafé. Það getur komið til greina aukið samstarf við ákveðnar lánastofnanir sem telja sér hag í því að stofna til slíks samstarfs, sérstaklega í sambandi við erlendar ábyrgðir og erlend viðskipti sem geta auðvitað rennt stoðum undir að þessi atvinnubanki getur orðið svo öflugur innan nokkurs tíma að hann eigi að geta náð betri stöðu en Útvegsbankinn hafði áður en hann varð fyrir þessu mikla áfalli.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi mál, en þessu frv. var útbýtt á Alþingi á fimmtudaginn var svo að þm. hafa haft tækifæri til að lesa það síðan. Hins vegar getur verið mismunandi áhugi sumra þm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög, það er langt liðið á dag. En það kom mér mjög á óvart að heyra hæstv. ráðh. segja það áðan að á milli mín og sín kæmist ekki hnífurinn með það að bæði vildum við helst af öllu að þetta mál væri leyst með því að Búnaðarbanki og Útvegsbanki væru sameinaðir. Hæstv. ráðh. beindi til mín einni spurningu sem ég vil ekki láta hér ósvarað. Hann spurði sem svo: Á að knýja fram sameiningu Búnaðarbanka og Útvegsbanka gegn öllu starfsliði Búnaðarbankans? M.ö.o.: það er andstaða í Búnaðarbanka gegn því að bankinn verði sameinaður Útvegsbanka.

Hæstv. ráðh. tók svona til orða. En ég hef samt ekki trú á því að allt starfslið Búnaðarbankans hafi verið spurt. Hér held ég að hæstv. ráðh. hljóti að eiga við afstöðu yfirstjórnar bankans og þá kannske einkum og sér í lagi bankastjóranna (**Samgrh.:** Starfsmannafélagsins.) og Starfsmannafélagsins. Þá spyr ég á móti: Hver fer með yfirstjórn bankamála hér á landi? Það er vitaskuld Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma, en ekki starfslið Búnaðarbankans með fullri virðingu fyrir því og að því ólöstuðu. Ég er ekki að mæla með því að ráðherrann beiti því valdi sem hann hefur í sínum höndum án nokkurrar tillitssemi við þá sem í hlut eiga, en ég get heldur ekki mælt með því að lausn þessa máls strandi á vilja starfsliðs Búnaðarbankans. Ég held að það verði að reyna til þrautar að ræða við menn og setja niður þær deilur sem þar kunna að vera og þann ágreining sem greinilega er um þetta mál.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði ekkert haft á móti því þó að yfirstjórn Búnaðarbankans hefði mótmælt þessu því að þetta er ríkisbanki sem samfélagið á og sem alþm. fyrst og fremst ráða yfir ef breytingu á að gera á honum en ekki bankastjórarnir. Að því leyti erum við algerlega sammála.

Hins vegar kom fram ályktun starfsfólksins. Að vísu talaði ekki allt starfsfólkið við mig, en það komu æðimargir og þar var mikill ágreiningur. Vitaskuld hefði mátt þess vegna sameina bankana og segja við starfsfólkið: Þið sem eruð svona á móti því verðið bara að fara. Það hlýtur að vera hægt að ráða nýja. En svo koma líka ýmsir aðrir og þar á meðal menn sem eiga sæti á hinu háa Alþingi sem elska mikið bankann sinn og töldu þetta alveg hræðilegt. Ef ég hefði mátt ráða þessu einn og Alþingi hefði viljað gefa mér umboð til þess, sem það hefði aldrei gert, hefði þetta mál tekið allt aðra stefnu. En því var ekki að heilsa. Það er eins og ég sagði hér áðan: Þetta vandamál er ekki eingöngu innan stjórnarflokkanna. Þetta vandamál er víðast hvar innan stjórnmálaflokkanna og er búið að vera, eins og ég sagði áðan, í rúma tvo áratugi og hefur ekki verið auðleyst og verður ekki. Ég vek enn á ný athygli á því sem ég sagði frá í framsöguræðunni að nú er maður að koma á samstarfi á milli tveggja banka og auka það. Það er auðvitað gert með það fyrir augum að auka skyldur Búnaðarbankans til atvinnulífsins. Þessi nefnd verður skipuð næstu daga. Það er ekki komin tilnefning frá einum aðila enn þá. Hún sest strax niður til að vinna og hún þarf að hafa hraðar hendur varðandi þó nokkuð mörg atvinnufyrirtæki og hagræðingu í fjölda útibúa.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans til mín þó að ég búist ekki við því að hann reynist sannspár í því að kalla mig 4. þm. Austurl. Ég þóttist samt skilja á máli hans að hann væri að tala þar til mín. (**Samgrh.:** Það er nú auðvelt að leiðrétta þetta.)

Hvað viðkemur eftirlaunamálunum veit hæstv. ráðh. að upphæðir hafa verið nefndar í þessu máli, en það er eins og eftir því sem á þá umræðu leið hafi menn sífellt hræðst meira þær tölur sem þeir voru að nefna. Það að menn eru gersamlega orðnir klumsa gagnvart þessu eftirlaunamáli gefur visst tilefni til gruns um að þessar upphæðir séu enn þá hrikalegri en menn höfðu ætlað. Þegar ég talaði um eftirlaun bankastjóra var ég ekki að tala um þær greiðslur sem ætti eftir að greiða til þeirra það sem eftir væri af þeirra ævi heldur var ég að tala um það á ársgrundvelli svo að ekkert færi á milli mála.

Það kemur í ljós að greinin sem viðkemur skuldbindingum þessa nýja banka til ráðningar þess starfsfólks sem þegar er fyrir í bankanum er í raun og veru meira sýndarmál en alvara þar sem þar er enginn aðili bundinn strax að lokinni þeirri endurráðningu frekar en hver vill þannig að það verður eftir sem áður samningsatriði milli starfsmannafélags og viðkomandi yfirvalda bankans hvernig úr rætist fyrir starfsfólki.

En seinustu upplýsingar í þessu máli, sem komu fram núna rétt áðan, eru æðiskondnar. Í dag var verið að ræða um frv. til kosningalaga. Þetta frv. hefur má segja þá eiginleika hvað kjósendur varðar að þeir gætu þess vegna allt að eins verið að stinga atkvæðinu sínu í bréfakörfuna vegna þess að þeir hafa ekki hugmynd um hvað þetta atkvæði gerir í

kosningum. Þegar þeir greiða atkvæði vita þeir ekkert hvaða áhrif þeir eru að hafa á stjórnmál á Íslandi. Ráðherra lýsti eiginlega enn þá skondnari mynd af lýðræði í landinu. Við sitjum hér á löggjafarþingi sem fulltrúar þjóðarinnar og ráðum m.a., eins og ráðherra lýsti, yfir bönkunum í umboði þjóðarinnar. En lýðræðið er samt sem áður svo skrýtið að stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbankans og Stefán Valgeirsson í sameiningu komu í veg fyrir að hægt væri að fara þá leið sem flestir töldu skynsamlegasta í þessu, þ.e. sameina Útvegsbanka og Búnaðarbanka. Það var upplýst undir rós, án þess að nefna nöfn, að samanlagt hafa líklega innan við tíu manns raunverulega komið í veg fyrir að þessi kaup banka væru sameinuð. Við hérna 60 á þingi höfum ekkert að segja í þessum málum að því er virðist þó við eigum að vera fulltrúar þjóðarinnar sem á þennan banka. Það er rétt eins og manni sé hreint og beint varnað inngöngu í þær stofnanir sem við eigum síðan, þegar hrikta tekur í, að bera ábyrgð á og gjalda fyrir ef illa er farið með vald okkar.

Ég vil ekki trúa því að þetta sé svona. Ég tek undir orð hv. 11. þm. Reykv. að jafnskörulegur maður og hæstv. ráðh. er getur ekki látið það spyrjast um sig að hann láti innan við tíu manns koma í veg fyrir að hann framkvæmi það í þessu máli sem hans hugur stendur til. Ég trúi því ekki að Stefán Valgeirsson og stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbankans hafi meiri áhrif á stjórn þessa lands en hæstv. viðskrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 479, n. 638.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég gerði ráð fyrir að þetta mál yrði ekki tekið hér á dagskrá á áliðnum fundi fyrst þurfti að taka það út af dagskrá vegna annarra mála sem voru nauðsynlegri. Ég veit um a.m.k. tvo hv. þm. sem ætluðu að taka þátt í þessari umræðu en eru ekki á fundinum, a.m.k. ekki eins og stendur. Ég vildi heldur að þessi umræða fengi að bíða og að hún yrði samfelld það sem eftir er en yrði ekki slitin í sundur enn á ný. (**Forseti:** Til þess að upplýsa hv. 4. þm. Vesturl. er enginn annar á mælendaskrá en hv. 4. þm. Vesturl. Einn þm. hafði samband við forseta auk frsm. Forseta er ekki kunnugt um að það séu fjarverandi þm. sem hafi ætlað að taka til máls í þessu máli. En kannske veit hæstv. 4. þm. Vesturl. betur um það en forseti.)

Það var nú svo, virðulegur forseti, að ég heyrði einn hv. þm. segja upp við forsetastól að hann mundi líkast til tala ef 4. þm. Vesturl. mundi tala. Einnig sagði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir mér það að hún ætlaði sér að taka þátt í þessari umræðu, ekki halda langa ræðu, sem sjálfsagt enginn af þessum hv. þm. ætlaði að gera, ekki sá sem hér stendur heldur. (**Forseti:** Forseti vill skjóta því inn vegna þessara athugasemda að hv. 6. landsk. þm. hafði samband við forseta áður en hann fór af fundi þannig að það var með hans vitund að málið er enn til umræðu. En hefði hv. 8. landsk. þm. ætlað að taka til máls hefði hann væntanleta látið vita af því að hann yrði fjarverandi og beðið þá um frestun á málinu. Enn má benda hv. þm. á að það er eftir 3. umr. um málið og þá geta þessir hv. þm. væntanlega notað sér þann tíma sem þá gefst til að taka þátt í umræðu.)

Ég held ekki uppi frekari mótmælum í sambandi við það að málinu sé haldið áfram á dagskrá og sé til umræðu.

Um þetta mál var mikið fjallað í hv. sjútvn. Það voru kallaðir til ýmsir aðilar og málið sent mörgum til umsagnar. Nú tíðkast orðið sá sjálfsagði hlutur að senda mál eins og þetta, sem snertir fjölmarga víða um land, og þau eru reyndar mörg málin sem koma fyrir hv. Alþingi sem snerta landið allt, þetta mál var sent til umsagnar hagsmunaaðilum vítt og breitt um landið og við fengum svör einnig frá ansi mörgum. Margir aðilar úti um landið þökkuðu okkur sérstaklega fyrir það að hafa sýnt landsbyggðinni þá sjálfsögðu kurteisi að senda þetta mál til umsagnar út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið.

Ég bjóst svo við því að hér mundi framsagan fyrst og fremst snúast um þetta mál, þ.e. um markaðinn, en mér til nokkurrar undrunar fjallaði frsm., hv. formaður sjútvn., að miklu leyti í ræðu sinni um verðlagningu á fiski og Verðlagsráð sjávarútvegsins í tengslum við það og þá umræðu sem hefur orðið um frjálst fiskverð í landinu. Að vissu leyti má tengja þetta mál því að stefnt er að því að koma á frjálsu fiskverði, en þó tel ég að það verði ekki á jafnríkulegan máta og hv. 3. þm. Vesturl. benti á í ræðu sinni að þróunin gæti orðið sú að með því að fá markað, með því að fá fjarskiptamarkað og annað eftir því mundi Verðlagsráð sjávarútvegsins að meira eða minna leyti geta orðið óþarft og við farið að beita hinu frjálsa fiskverði á almennari hátt en gert hefur verið hingað til. Um þetta má vitaskuld mikið fjalla, en ég held að það tengist ekki þessu ágæta máli svo mjög mikið þó við leyfum fiskmarkað hér til eins árs eða svo að sá reynslutími leiði okkur beinlínis til frjáls fiskverðs.

Það má segja um þetta frv. og þá umræðu sem hefur átt sér stað í kringum það að hún hefur öll verið á þann veg að verið væri að skapa aukið frjálsræði, eins og ég nefndi hér, aukinn möguleika til þess að fiskverðið í landinu gæti orðið frjálst. En jöfnum höndum er stefnt að ákveðinni einokunarstjórn í kringum þetta. Í 1. gr. frv. er hnýtt hverju leyfisatriðinu við annað í hendur sjútvrh. þannig að

frelsið, sem á að skapast með þessum fiskmarkaði, er í höndum eins manns meira og minna. Allt það sem lýtur að þessum markaði er í höndum sjútvrh. og hann gefur leyfi til hvers og eins sem tengist þessum markaði. Ofan á hin beinu leyfi sjútvrh. og eftirlit sjútvrh. á þessu frelsi er síðan bundið í mjög ströngu ákvæði að Ríkismat sjávarafurða skuli líka fylgjast að öllu leyti með þessu frjálsræðisfyrirtæki. Og ekki nóg með að það sé verið að koma á frelsi undir opinberu eftirliti. Það virðist, eins og ég nefndi í upphafi, við 1. umr. þessa máls, verið að stefna að því að búa til nýja Bæjarútgerð á suðvesturhorninu með þessum markaði. Það virðist deginum ljósara að sá markaður sem núna er verið að byggja upp í höfuðborginni, í Reykjavík, verður fyrst og fremst fjármagnaður af Reykjavíkurborg. Það verður nýtt BÚR sem á að fara að búa til hér til að koma á frelsi. Það er skrýtið að ári eftir að Bæjarútgerð Reykjavíkur er lögð niður, til þess að sumu leyti að koma á frelsi einstaklingsins í fiskverkun á Reykjavíkursvæðinu, skuli vera lagt inn á hv. Alþingi frv. sem fyrst og fremst byggir á að Reykjavíkurborg komi á fót fiskmarkaði. Það sama er að ske í næsta nágrenni. Það verður lítið af uppbyggingu fiskmarkaðar í Hafnarfirði öðruvísi en það verði fyrst og fremst bærinn sem stendur á bak við hann, fjármagnar hann og kemur honum upp.

Um þetta er kannske allt gott að segja. Ég vil ekki segja að við Alþýðubandalagsmenn höfum verið að boða að hv. alþm. og einmitt sú ríkisstjórn sem leggur þetta frv. fram hafi ekki verið að boða þróunina á hinn veginn. Það er eðlilegt og sjálfsagt, ef talið er og menn eru ásáttir um að það sé framfaraspor að koma hér á fiskmarkaði, að opinberir aðilar leggi þar einhvern fjárstuðning til. En það er ekki það sem hefur verið boðað og verið talað um að gera eigi.

Það kom í ljós í viðræðum við þá aðila sem við kölluðum til viðtals og hv. formaður sjútvn. nefndi í framsöguræðu sinni að við undirbúning að þessu frv. var ekki leitað á framleiðslusvæði fisks, t.d. til Norður-Noregs eða Nýfundnalands, til að fá fyrirmyndir að hugsanlegri markaðsuppbyggingu hjá okkur, heldur var farið til Þýskalands, það var farið til Hollands og Englands og fyrirmyndin að uppboðsmarkaði sótt á svæði þar sem neytendamarkaður er alveg við hliðina og markaðirnir eru fyrst og fremst byggðir upp sem slíkir.

Ég tel þess vegna að meginrökin á bak við þetta frv. séu ekki mjög traust vegna þess að það hlýtur að vera allt annað viðhorf hjá þeim aðilum sem kaupa fisk á Íslandi en þeim aðilum sem kaupa fisk í Bremerhaven eða Cuxhaven eða þá í ensku höfnunum Grimsby og Hull. Þeir geta raunverulega dag frá degi gert sér grein fyrir því hvernig markaðurinn er sem þeir setja þessa vöru á daginn eftir eða svo. Þeir sem kaupa fisk á Reykjavíkurmarkaði eða markaði sem settur er upp hér verða að bíða í nokkrar vikur eftir því að koma sinni vöru á þann markað sem þeir þurfa að selja hana á. Allar líkur virðast á því að markaður hjá okkur virki á sama máta og markaður í neyslulöndum. Þar af leiðandi fáum við ekki eins lifandi og breytilegt fiskverð og á sér stað á þeim mörkuðum sem við þekkjum mætavel vegna þess að Íslendingar hafa nýtt þessa markaði sér til hagsbóta í áratugi.

Það var m.a.s. svo að viðmælendur okkar, sem eru að undirbúa og byggja upp fiskmarkað, — ja, ég má ekki segja að þeir hafi verið með mikla glýju í augunum, en þeir lýstu fyrir okkur markaði í Hollandi og töluðu reyndar um aðra markaði og töldu að hér þyrfti að gera eitthvað svipað. Þessi hollenski markaður var þó að hálfu leyti síldarmarkaður. Það var fyrirmyndin sem var verið að sækja. Vitaskuld, eins og ég sagði áður, var þetta fyrst og fremst heildsölumarkaður fyrir þá sem seldu beint á neytendamarkaðinn.

Ég hef fullan hug á því, virðulegi forseti, að klára ræðu mína fyrir sjö þó ég sé með þetta mikið af pappírum fyrir framan mig.

Við höfum fengið, eins og ég sagði, margar umsagnir og ég held að engin þeirra hafi verið neikvæð, hafi verið á þann veg að ekki væri rétt að gera þessa tilraun. En flestar umsagnirnar voru á þann veg að þetta væri tilraun og hér væri verið að fara út í eitthvað sem menn vildu ekki taka fullkomna ábyrgð á. Manni fannst einhvern veginn að vegna þess að umræðan í þjóðfélaginu væri á þann veg að það væri nauðsynlegt að koma þessu á ætti að gera þessa tilraun. Ég get alveg tekið undir þessa skoðun. Ég held að það sé nauðsynlegt að koma á þessum markaði til að lofa þeim sem um hann hafa verið að tala og gera sér miklar vonir um að hann skili einhverju jákvæðu til íslensks sjávarútvegs að sjá það. Ég hef aftur á móti þá skoðun, eins og ég lýsti í 1. umr., mín tilfinning er sú að að miklu leyti sé þessi umræða, sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum og á sér stað enn þá, fyrst of fremst dúsa upp í þá sem gera sér grein fyrir því hvað sjávarútvegurinn íslenski er illa farinn undir þeirri stjórn sem hefur verið á undanförnum árum. Það er verið að dreifa umræðunni. Það er verið að tala um eitthvert lausnarorð og að markaður, hvort sem hann heitir markaður eins og hér er verið að tala um að verði byggður upp eftir þessum lögum eða einhver fjarskiptamarkaður, sé eitthvert lausnarorð í sambandi við íslenskan sjávarútveg, það sé möguleiki til að laga og rétta eitthvað af að fá markað. Ég er á þeirri skoðun að markaðurinn muni gera okkur óskaplega lítið gagn. Hann mun ekki gera okkur ógagn, en ég hef trú á því að miðað við uppbyggingu á okkar fiskvinnslutækjum séu mjög litlar líkur fyrir því að eitthvert verulegt magn fari á þennan markað þannig að hann sýni okkur eitthvað, þannig að hann skili okkur einhverju. Fiskvinnslustöðvarnar, hvort sem þær heita Grandi, Heimaskagi eða Jökull, munu halda sínum viðskiptaskipum eins lengi og þær telja sig þurfa þess. Þær munu ekki skila afla af sínum viðskiptaskipum inn á markaðinn fyrr en svo er komið að það er ekki fyrirtækinu í hag að taka við

meiri afla en þeim býðst þennan eða hinn daginn.

Meðan við setjum ekki meginhluta þess afla sem fiskast á ákveðnu svæði á markaðinn verður þessi markaður meira og minna, því miður, markleysa. Þá erum við að gera það sem ég var að segja áðan. Þá erum við aðeins að samþykkja frv., sem er nauðsynlegt, til þess að staðfesta að þetta sé ekkert framfaraspor, það sé fyrst og fremst verið að sýna fram á það að við breytum ekki stöðu íslensks sjávarútvegs í einu eða neinu þó við fáum markaðinn. En ég er á þeirri skoðun að þetta spilli engu heldur. Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær fá að láta nokkrar milljónir í þetta. Eins og kom fram í umræðunni er nauðsynlegt að við fáum á þetta reynslu. Það er kannske of stutt að hafa leyfið til eins árs. Það þarf að vera jafnvel 2–3 ár til að fá örugga reynslu. Þegar upp verður staðið verður breytingin engin, en við verðum búnir að ljúka kosningum í vor og við verðum kannske búnir að setja á aðra ríkisstjórn og það verða kannske einhverjir svo trúaðir á þennan markað að þeir trúi því að sú fiskveiðistefna sem við höfum búið við undanfarandi ár og afkoma fiskvinnslustöðva og margra annarra aðila í útvegi batni eitthvað við að það komi enn einn nýr aðili til að sinna því hlutverki að taka á móti fiski á Íslandi. Það er yfirlýst stefna þeirra manna sem standa að uppbyggingu þessa markaðar að honum er ekki ætlað að vera milliliður í sambandi við útflutning. Þetta er fyrst og fremst markaður til að sinna því að skipta upp fiski milli aðila hér heima.

Ég á eftir að sjá að Grandi og önnur góð fyrirtæki, Heimaskagi og fleiri sem ég nefndi, komi til með að láta afla sem þau hafa á milli handanna inn á markað á komandi árum og þar af leiðandi verði þessir markaðir ekki mikið meira en það sem einn viðmælandi okkar taldi: „Ég mun láta á þennan markað þann fisk sem ég hef látið fisksalana í Reykjavík hafa á undanförnum árum.“ Það er mjög hætt við því að það verði það sem kemur út úr þessari markaðsuppbyggingu. En reykvískir skattborgarar og hafnfirskir eiga kannske eftir að sjá eftir þeim milljónum sem þeir láta í uppbygginguna ef reynslan verður sú að þessir hlutir verði ekki meiri umleikis en ég spái hér.

Ég er á því að við eigum að samþykkja þetta frv. og ég styð þetta frv. að öðru leyti en því að mér finnst allt of mikið miðstýringaryfirbragð yfir því. Ef við erum að tala um frelsi eigum við að láta það heita og vera það. En það á að gera þessa tilraun til að sýna að þetta er því miður ekki mikið meira en dúsa.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Í fyrsta lagi var það að í umræðunni í dag spurði hv. 11. þm. Reykv. hvernig stæði á því að það væri aðeins til eins árs sem þetta leyfi væri veitt. Það er rétt að þetta er svona í 1. gr., að leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal leyft til eins árs í senn og er leyfishafa jafnframt skylt að reka markað allt leyfistímabilið. Þetta er dálítið óljóst, en það skýrist strax ef við flettum upp í athugasemdunum á bls. 3. Í 2. mgr., þar sem talað er um 1. gr., segir að leyfi skuli aðeins veitt til eins árs í senn og ákvæði þetta sett í því skyni að starfsmenn hvers markaðar fái endurskoðun árlega. Það er ekki meiningin með þessu að svipta þá leyfinu. Það á að gilda til ársloka 1989. Hins vegar kemur til kasta Ríkismats o. fl. um búnað á markaðshúsum og öðru að það þarf starfsleyfi á hverju ári og að þeir fullnægi því. Það er skýringin á því að talað er um eitt ár í 1. gr.

Ég þakka ágæta ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Við eigum ágæta samvinnu þarna í nefndinni og ég fagna því að hann skuli vera að þokast æ meira til frjálsræðis og út úr miðstýringarvitleysunni. Það endar með því að hann kemur vel yfir fyrir rest. Ég fór kannske í minni framsöguræðu dálítið mikið inn á að spá í hvað mundi ske með þennan markað. Ég sá ekki að það væri til að meiða einn eða neinn þó ég talaði um hvernig þetta mundi þróast. Mín skoðun er sú að svokallaður fjarskiptamarkaður verði miklu sterkari þegar til kemur en uppboðsmarkaðurinn. Ég er sammála hv. þm. um að það eru ekki öll skip sem geta landað á uppboðsmarkaði.

En eitt ætla ég að benda á aftur, eins og ég sagði í minni framsögu, að ég held að hvort sem fyrirtækin heita Heimaskagi eða Jökull eða Grandi verði það viðmiðunarverðið á uppboðsmarkaðnum sem verður ráðandi verð á þessum stöðum meira og minna. Það verður sótt fast bæði af sjómönnum og útgerðarmönnum að spyrjast fyrir um hver markaðurinn var í dag og ef hann er hagstæður vilja þeir fá það verð fyrir sinn afla.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 638 (ný 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

47. fundur, mánudaginn 23. febr., að loknum fundi í Sþ.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 228, n. 606, brtt. 607.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 607,1 (ný 4. gr.) samþ. með 14:12 atkv.
5.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 607,2 samþ. með 12:9 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, GT, HG, KJóh, ÓÞÞ, SvS, SV, MMS, ÞS, AS, EH, GB, IG.

nei: JBH, KSK, MB, PJ, GHG, RH, BÍG, DP, FrS, GSig.

GJG, GA, KH, SvG, TG, GeirG greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GE, GHelg, HBl, JS, KP, MÁM, ÓE, StG, SJS, ÞP, EBS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég verð að játa að mér finnst þetta undarlegt. Ég fékk ádrepu hér fyrir nokkrum vikum, þegar ég sat hérna inni, þegar ég gerði athugasemdir við það sem meiri hl. nefndar hafði unnið og stjórnarliðar þar á bak við. Það á svo að fella þetta. Ég vænti þess að stjórnarliðar, sem greiða atkvæði á móti því, muni kannske eftir þessu. Þarna fékk ég ádrepu. Nú vil ég gefa þeim sjálfum ádrepu fyrir að ætla að fara að fella þetta. En til þess að spilla ekki meira fyrir þeim en þetta greiði ég ekki atkvæði.

8.–12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Nauðungaruppboð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Vitamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 623 (sbr. 597).

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv. skuli vera komið svo langt áleiðis á þessu þingi og vonast sannarlega til þess að það verði að lögum fyrir þinglok. Í því eru mjög margar ágætar breytingar til batnaðar en hins vegar finnst mér vera þarna nokkur atriði sem huga megi betur að í umfjöllun þessarar deildar um frv. Og án þess að hafa lengri formála langar mig til að víkja beint að þeim og mun ég fara yfir frv.

Það er þá í fyrsta lagi í IV. kafla frv. sem fjallar um umferðarreglur fyrir ökumenn. Ég álít að í þessum kafla mætti vel koma fyrir ákvæðum um farsíma. Það hefur verið fundið að því að engin ákvæði í þessum lögum skuli vera um notkun farsíma sem nú gerist æ algengari, þ.e. að engar takmarkanir skuli vera á notkun slíkra tækja þegar ökutæki er á ferð. Hefur verið vitnað, t.d. af Umferðarráði, til aðstæðna erlendis þar sem ætlast er til þess að ökumenn nemi staðar við vegkant þegar þeir nota farsíma og vil ég minnast á tíðni umferðarslysa þegar ökumaður hvarflar athygli sinni að öðrum viðfangsefnum en akstrinum sjálfum og kem að því síðar, en þetta mundi e.t.v. hæfa best í IV. kaflanum.

Síðan vil ég víkja að ljósanotkun sem fjallað er um í sama kafla. Þar eru ákvæði um lögboðna ljósanotkun sem kveða á um að ljós eigi að vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. sept. til 30. apríl. En ég hygg að það hafi komið fram athugasemdir við þetta í byrjun 1. umr. hér fyrir helgina og ég gæti vel hugsað mér að styðja við brtt. um að ljós væru í notkun allan sólarhringinn allt árið um kring. Ég verð þó að segja að fyrst þegar þessar till. komu fram fannst mér þær ekki vera raunhæfar en eftir því sem ég hef hugsað málið betur og með tilliti til þeirra slysa sem verða finnst mér að þessu megi breyta þannig að ljósanotkun verði í raun allan sólarhringinn og allt árið um kring.

Næst vil ég víkja að ökuhraða sem er fjallað um í V. kafla. Þá er í fyrsta lagi að við verðum vitanlega að vera raunsæ hvað varðar ökuhraða. Ákvæði um hámarksökuhraða eru margbrotin hérlendis bæði í þéttbýli og líka á strjálbýlli svæðum, úti á þjóðvegum. Hins vegar er mjög varasamt að auka sífellt löglegan hraða vegna þess að tilhneiging manna er að keyra sífellt hraðar og hættan er á því að þeir fari jafnvel fram úr hámarkshraða sem hefur verið hækkaður. Spurningin er hvort ekki megi afgreiða ökuhraða með heimildum þannig að ráðherra hafi heimildir til þess að aðlaga ökuhraða að aðstæðum og vil ég þá víkja t.d. fyrst að ökuhraða í þéttbýli en hér er ákvæði um að hann megi ekki vera meiri en 50 km á klst. Ég hygg að ástæða sé til að breyta þessu á þéttbýlli svæðum, t.d. þar sem verslunar-

hverfi eru og mikil umferð gangandi fólks, og mætti hann vera lægri þar. Ég vil vekja athygli á því að um 80% þeirra slysa sem verða á gangandi börnum á aldrinum 6–12 ára verða fyrst og fremst vegna þess að þau hlaupa út á götuna. Og þeim mun hraðar sem bílarnir aka þeim mun erfiðara er að stöðva þá. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að það sé sveigjanleiki í sambandi við hraðaákvarðanir og þær séu fyrst og fremst í heimild ráðherra sem geti aðlagað hraðann eftir aðstæðum.

Síðan er um ökuhraða á vegum úti. Þar mætti, jafnvel þó að ökuhraðinn væri eitthvað aukinn til að samræmast því sem er í raun og veru, takmarka hann á vissum svæðum, t.d. í myrkri og á óupplýstum vegum í strjálbýli, að hámarkshraðinn væri a.m.k. 10 km lægri. Ég tel vera nauðsynlegt að þarna sé sveigjanleiki sem sé á valdi ráðherra en ekki að hámarkshraði sé tilgreindur í lögum sem ófrávíkjanlegur.

Í sama kafla eru ákvæði um hjólreiðamenn og ég vildi víkja lítillega að þeim. Í 40. gr. er kveðið svo á: „Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.“ Í frv. eins og það var áður var miðað við 9 ára aldur og mig langar til þess að spyrja að því hvers vegna í ósköpunum þetta aldurstakmark var lækkað. Íslendingar hafa hærri slysatíðni á börnum bæði í heimahúsum og í umferð en allar nágrannaþjóðir okkar. Ég veit ekki hvort þarna hefur verið hugað að nágrannaþjóðum þegar þetta takmark var lækkað. Ég hef undir höndum ákvæði umferðarlaga á Norðurlöndunum um hjólreiðar. Þar er almennt ekki tilgreint aldurstakmark en í lögum frá Danmörku er að vísu tilgreint að börn megi ekki vera yngri en 6 ára. Hins vegar skulum við hyggja að því að aðstæður á Íslandi til hjólreiða eru engan veginn sambærilegar við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Þar ríkir hjólreiðamenning, þar er fjöldi hjólreiðastíga og hjólreiðamenn þess vegna mun óhultari fyrir umferð og fyrir umferðarslysum en hérlendis. Ef við tökum dæmi af Bretlandi þurfa börn yfirleitt að vera 10 ára áður en þau fara á hjólreiðanámskeið, 9–10 ára áður en þau fara á hjólreiðanámskeið. Þeim er ekki leyft að hjóla í umferð fyrr en þau hafa farið á hjólreiðanámskeið. Samkvæmt ákvæðum þessa frv., ef það verður að lögum, mega 7 ára börn hjóla á Miklubrautinni. Þau mega hjóla upp Ártúnsbrekkuna t.d., í þeirri þungu umferð sem er á þessum götum, þau mega hjóla á Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi og þau mega hjóla á Keflavíkurveginum. Það yrðu engin lög sem banna þeim það. Ég álít þetta fráleitt og ég vildi tilgreina nokkrar ástæður fyrir því sem ég hef kynnt mér hjá Umferðarráði.

Með rannsóknum hefur verið sýnt fram á að börn undir 10–12 ára aldri hafa ekki þroska til þess að hjóla samhliða annarri akandi umferð, þ.e. innan um bíla. Þeir sem rannsakað hafa þessi mál halda því fram að börn geti ekki haft auga á öllu því sem þeim er nauðsynlegt að sjá í umferðinni samhliða því að hjóla af öryggi. Barnasálfræðingar segja að börn eigi t.d. erfitt með að sjá út undan sér, sjónsvið þeirra er þrengra en fullorðins manns. Sömuleiðis eiga flest börn undir 10 ára aldri í erfiðleikum með að greina á milli hægri og vinstri. Að vera leikinn á hjóli sannar ekkert um hæfni barns til þess að geta hjólað samhliða bílum á venjulegum akbrautum. Þess misskilnings virðist því miður gæta hjá mörgum foreldrum sem leyfa börnum sínum að vera á hjóli á akbrautum allt of ungum. Yngri börn en 10 ára ættu aðeins að hjóla á hjólreiðastígum og gangstéttum. Og ég vil vekja athygli á því að árið 1984 slösuðust 36 hjólreiðamenn samkvæmt skýrslu lögreglu, þar af voru 19 börn á aldrinum 6–14 ára. Auk þess er vitað í raun að miklu fleiri hjólreiðaslys verða en skráð eru hjá lögreglu og hefur það sést af tölum frá slysavarðstofunni.

Ég legg því til að þessu verði breytt og mun flytja brtt. eitthvað á þá leið að á stofnbrautum í þéttbýli megi börn yngri en 12 ára ekki aka reiðhjólum. Sömuleiðis mundi ég vilja breyta þessu aldurstakmarki úr 7 ára í 9 ára. Sama gildir um leiðsögn og eftirlit manns sem náð hefur 15 ára aldri, það ætti líka að vera til athugunar að hækka þessi aldursmörk, að þau verði 17 ára fremur en 15 ára.

Varðandi akstur bifhjóla, sem getið er um í 41. gr., gæti ég einnig vel hugsað mér að styðja það að bifhjól ættu ævinlega að aka með ljós allt árið um kring.

Í VII. kaflanum, sem fjallar um ökumenn, í 43. gr., um veikindi og áfengisáhrif, er kveðið á um tóbaksreykingar og það er víst af tölum og upplýsingum frá rannsóknum á umferðarslysum að mjög alvarleg umferðarslys verða þegar athygli manna hvarflar frá akstrinum og þá t.d. vegna tóbaksreykinga eða neyslu matar og drykkjar. Sama gæti gilt um farsíma. Að sjálfsögðu má segja að það þýði e.t.v. lítið að setja lög um slíka hluti en hins vegar þarf að koma mikil og stöðug fræðsla um hættu þess að sinna öðru en akstri þegar menn sitja undir stýri.

Áfram held ég og sný mér nú að ökuprófum og ökuskírteinum.

Í 48. gr. eru tilgreind þau skilyrði sem þarf til þess að fá ökuskírteini. Þar er fyrsti liðurinn tilgreindur að sá sem veita má ökuskírteini verði að vera fullra 17 ára. Ég vil benda á að alls staðar í nágrannalöndum okkar og víðast hvar eru þessi mörk 18 ára. Ég hygg að það muni reynast erfitt úr því sem komið er að færa þessi mörk ofar en það er þó samt til athugunar og sannarlega þyrftu að vera ákvæði sem væru mun harðari gagnvart þeim sem yngri eru og óreyndari, rétt eftir að þeir fá ökupróf. Rannsóknir liggja fyrir um umferðarslys á Íslandi þar sem glögglega kemur í ljós að slys meðal ungra ökumanna fyrstu þrjú árin eftir ökupróf eru mun algengari en í nágrannalöndum okkar. Og mig langar með leyfi forseta að vitna til blaðagreinar sem fjallar stuttlega um rannsóknaskýrslu sem unnin hefur verið af Jóni Baldri Þorbjörnssyni bílaverkfræðingi og fjallar um umferðarslys á Íslandi. Ég hef

því miður ekki getað fengið þessa skýrslu en vil benda þeirri nefnd sem fjallar um frv. eða mun fjalla um frv. á hana. Ég vil þá vitna í þessa blaðagrein úr DV:

„Seint á sjötta áratugnum var byrjað að halda skrá um ökuferil manna í nokkrum lögsagnarumdæmum landsins. Vegna þess að hún var ekki haldin alls staðar og þar sem lagaákvæði eru óljós hefur skráin aldrei komið að neinu umtalsverðu gagni og sums staðar er hætt að halda hana. Sama er að segja um skráðan árangur ökukennara. Ekkert hefur verið gert með þá skrá heldur.

Frá þessu segir Jón Baldur Þorbjörnsson bílaverkfræðingur í rannsóknaskýrslu sinni um umferðarslys hér á landi. Hann segir að auk þess að ökuferilsskráin hafi ekki komið að teljandi notum hafi hún t.d. í Reykjavík eingöngu náð til upplýsinga um umferðarlagabrot ökumanna. Samræmd ökuferilsskrá fyrir allt landið væri til margra hluta nytsamleg, segir Jón Baldur. Auk eftirlits með ökuferli ungra ökumanna með bráðabirgðaökuskírteini mætti hafa vakandi eftirlit með svokallaðri punktaskrá samhliða innköllun ökuskírteina við ákveðinn refsipunktafjölda. Eftir innköllun ökuskírteinis og með tilliti til eðlis brots yrði um að ræða fyrirlestra, endurmenntun eða jafnvel endurtöku bílprófs áður en viðkomandi aðili fengi ökuskírteini á ný. Með þessu móti yrði e.t.v. grundvöllur fyrir því að hætta endurnýjun ökuskírteina sem hvort sem er hefur um of þróast í að vera formsatriði. Jón Baldur segir þetta þó aðeins hægt ef læknar yrðu skyldaðir til þess að tilkynna lögregluyfirvöldum ef þeir yrðu varir við eitthvað í fari skjólstæðinga sinna sem gæti gert þá hættulega í umferðinni. Einnig þurfi að fylgjast betur með heilsufari aldraðra ökumanna og skylda þá til þess að mæta í læknisskoðun annað hvert ár eftir 67 ára aldur til að halda ökuskírteini sínu.

Varðandi þessi öryggisatriði bendir Jón Baldur á árangur Japana sem tóku upp notkun ökuferilsskrár og harðari reglur um ökuréttindi. M.a. þurfa ökumenn í Japan að endurnýja ökuskírteini sín á þriggja ára fresti og gangast um leið undir læknisskoðun svo og að hlýða á fyrirlestur um umferðaröryggismál eða jafnvel gangast undir endurmenntun sem ökumenn. Á árunum 1970–1980 tvöfaldaðist bílaeign í Japan en dauðaslysum í umferðinni fækkaði úr 16 500 í 8700 á ári."

Við þurfum að huga vel að okkur hér á Íslandi sem höfum, eftir því sem ég man best, næsthæsta bílaeign á íbúa eða þjóðfélagsþegn í heiminum í dag. Ég held við komum næst Bandaríkjamönnum í þeim efnum þannig að okkur er vandi á höndum varðandi akstursheğðun manna, sérstaklega þegar litið er til þess fjölda umferðarslysa sem hér er, einkum á börnum.

Ég vil síðan víkja að grein um ökukennara sem er 56. gr. frv. Ég vil benda á það að þarna hafa aldursmörkin verið lækkuð hjá þeim sem fengið geta löggildingu sem ökukennarar. Þau eru 25 ár í gildandi umferðarlögum en hafa nú verið lækkuð niður í 21 ár. Ég bendi á það að fólk á aldrinum upp að 24 ára er hættulegustu bílstjórar í umferðinni. Ökuferli 17–19 ára er langverst, næstverst er ökuferli þeirra frá 19 og upp í 24 ára. Ég vil spyrja um það hvers vegna þessi aldursmörk voru lækkuð með tilliti til þess arna. Jafnframt vil ég benda á það að hér er nú einungis krafist 27 klst. námskeiðs til þess að öðlast ökukennararéttindi. Í nágrannalöndum okkar er farið fram á 800–1200 klst. nám a.m.k. og t.d. í Noregi þarf 1600 klst. nám til þess að geta orðið ökukennari og ég vil aftur vitna í þessa ökuferlisskýrslu eða skrá sem getið var um í rannsóknaskýrslu Jóns Baldurs Þorbjarnarsonar. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á þessar staðreyndir því að í greininni stendur: „Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara" o.s.frv.

Ég tel þetta vera afar mikilvægt atriði til þess að gera akstur öruggari og umferðaröryggi almennara að miklar kröfur séu gerðar til ökukennara sem síðan gera strangar kröfur til þeirra sem eiga að gangast undir ökupróf. Ég vil nefna dæmi af persónulegri reynslu minni, ég bjó lengi í Bretlandi, og þá fylgdist ég með því þegar ungt fólk, sem ég umgekkst, var að taka ökupróf. Það var tíðast að helmingur þeirra féll í fyrsta sinn. Kröfurnar voru svo strangar að það reiknuðu allir með því að þeir ættu jafnmikla möguleika á að falla eins og að ná. Ég held að það þurfi að gera kröfur mun strangari en þær hafa verið hingað til til þess að umferðaröryggi aukist hér á landi.

Síðan langar mig til þess að ræða IX. kaflann, um notkun öryggis- og verndarbúnaðar. Í 71. gr. er talað um öryggisbelti og fagna ég því mjög að nú skuli komin ákvæði um slíkt inn í umferðarlög. Öryggisbelti hafa verið mikið til umræðu bæði á þingi, í fjölmiðlum og meðal almennings, og enginn vafi er á því að þau eru veruleg úrbót vegna þess hve mjög þau vernda þá sem lenda í umferðarslysum. Hins vegar hygg ég að það væri skynsamlegt að taka sérstaklega fram í þessari grein að bannað sé að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti við akstur á vegum. Í greininni stendur: „Hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það."

Ég hygg að ákvæðin þurfi að vera mun skýrari því að það er því miður ekki óalgengt að foreldrar haldi á börnum sínum þar sem foreldrið situr í framsæti, einnig að barnið standi fyrir framan foreldri sitt sem situr í framsæti. Ég tel að hér þurfi að vera sérstakt ákvæði til þess að vernda börn og til þess að draga athygli fólks að því að það þurfi sérstaklega að vernda börn.

Síðan langar mig til að minnast á greiðsluskyldu og endurkröfurétt vátryggingafélags í 95. gr. XIII. kafla.

Ég vek athygli á því að ökumanns- og farþegatrygging er ekki skilyrði og ekki skylda. Hins vegar taka flestir hana undantekningarlítið en þó ekki allir

og ég veit dæmi þess að bílaleigubílar, sumir, eru ekki tryggðir á þennan hátt. Sá sem lendir í slysi í bílaleigubíl getur verið gjörsamlega vantryggður ef slys verður og ég veit um dæmi þess að einstaklingur lenti í mjög slæmu slysi og hlaut mikla örorku og var gjörsamlega vantryggður vegna þess að eigandi bílaleigubílsins hafði ekki haft fyrirhyggju til þess að taka þessa tryggingu. Ég mundi vilja leggja til að þessi trygging yrði algjör skylda. Hún er þar að auki ódýr, kostar ekki nema um 100 kr. á ári.

Síðan vík ég að Umferðarráði sjálfu og umferðarfræðslu. Og þó. Ég vil ekki gleyma að minnast á það að torfærutæki, sem reyndar eru nú í 55. gr., torfærutæki hafa verið tekin inn í lögin og er það til mikilla bóta vegna þess að þessi nýju farartæki þau eru á fjórum hjólum og geta ekið á allt að 60 km hraða á klst. og um þau giltu engin sérstök ákvæði, þeim gat hvaða barn sem er ekið. Gefur það auga leið að yfir slík farartæki þurfa lögin að ná. Þeim hefur sem sagt verið aukið inn í lögin og er það mjög vel.

Ég sný mér þá að Umferðarráði. Þá er í fyrsta lagi að Umferðarráð hefur lengi verið fjársvelt og það er spurning hvort ekki eigi að koma inn einhver liður sem eyrnamerkir fé sjálfkrafa handa Umferðarráði, t.d. að við álagningu bifreiðagjalda verði ákveðið framlag sem renni sjálfkrafa til Umferðarráðs. Mætti það t.d. vera andvirði ákveðins fjölda bensínlítra, 5 lítra, miðað við verðlag á einhverjum ákveðnum tíma. Ég bendi á þetta vegna þess að það er afar mikilvægt að Umferðarráð hafi nægt fé til þess að geta sinnt sínu starfi.

Hvað varðar skipun Umferðarráðs og hvernig það starfar má að sjálfsögðu velta vöngum yfir því en ég nefni alveg sérstaklega að það er einungis einn aðili frá heilbrigðisþjónustunni sem á sæti í Umferðarráði. Þarna eru margir hagsmunaaðilar sem koma að en ég tel að umferðarmál og umferðarslys séu í raun þvílíkt heilbrigðisvandamál, og afar dýr fyrir þjóðfélagið bæði í mannslífum, í heilsutjóni og í beinhörðum peningum, að það ættu að vera fleiri frá heilbrigðisgeiranum í þessu ráði. Nefni ég t.d. fulltrúa frá slysadeild Borgarspítalans. Þetta er fólk sem vinnur m.a. við það að sinna þeim sem lenda í umferðarslysum. Það mætti e.t.v. líka vera aðili frá Félagi um umferðarlækningar. Mér dettur í hug Tryggingastofnun ríkisins sem greiðir þau tjón sem af umferðarslysum hljótast. Landlæknir og margir fleiri gætu komið til greina. En ég tel að það verði að vera fleiri en einn aðili frá heilbrigðisþjónustunni, þeir mættu vera a.m.k. tveir.

Meðlimir í ráðinu eru um 18 ef mér telst rétt. Þeim mætti gjarnan fjölga, og ég veit að það kom fram tillaga frá landlækni og landsnefnd um slysavarnir þar sem stungið var upp á a.m.k. 40 fulltrúum, held ég, og hlutverk þeirra væri fyrst og fremst að halda árlegt þing um slysavarnir, slysaþing, þar sem farið væri yfir þau atriði sem væri ábótavant í umferðarmálum hérlendis. Þetta eru hugmyndir sem ég held að væru þess virði að ræða.

Síðan sakna ég þess í frv. að þar skuli í raun ekki vera betur tekið á málefnum fatlaðra og aldraðra. Ég hringdi til fulltrúa fatlaðra og mér var þar tjáð, a.m.k. hjá Þroskahjálp, að þeim hefði aldrei verið sent þetta frv. til umsagnar meðan það var til umfjöllunar í Ed. Um Öryrkjabandalagið veit ég ekki. Í flestum nágrannalöndum okkar fjallar dágóður hluti umferðarlaga um einmitt þessa hópa og hér vantar þá nær alveg. Ég vil því leggja til að í umfjöllun um þetta mál verði hugað að því að senda frv. til umsagnar, bæði til fulltrúa fatlaðra, t.d. til Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar, og einnig til Samtaka aldraðra.

Ég vil ekki hafa mörg fleiri orð í þessari umræðu. Það væri ýmislegt fleira sem væri áhugavert að minnast á en það eru kannske smáatriði miðað við margt af því sem ég hef þegar nefnt. Nefna mætti t.d. atriði í sambandi við tryggingamál. Það er greinilegt að gagnvart umferðarslysum eru bæði aldraðir og börn mjög vantryggð og það er fyrst og fremst vegna þeirrar skilgreiningar að þau séu ekki fyrirvinnur. Ég held að það þurfi mikið að bæta þar úr til þess að auka öryggi og tryggingu bæði þeirra sem eru ungir og þeirra sem eru aldnir.

Ég hygg að þetta frv. muni fara til allshn. Nd. þar sem Kvennalistinn á ekki fulltrúa og vildi því biðja um að fá að vera áheyrnarfulltrúi í þeirri nefnd þegar fjallað verður um þetta mjög svo mikilvæga mál sem ég einlæglega styð að verði að lögum á þessu þingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er vel að þetta frv. skuli komið hér til hv. deildar frá Ed. og gæti verið von til þess að ráðrúm reyndist til að afgreiða þetta mál fyrir þinglok. Ég a.m.k. mun styðja það og greiða fyrir því en það eru nokkur atriði sem ég vil nefna á þessu stigi máls, örfá atriði í rauninni því að af mörgu væri að taka ef farið væri að ræða um álitamál í sambandi við þetta frv.

Ég vík fyrst að ökuhraðanum samkvæmt 37. gr. eins og frv. liggur fyrir frá hv. Ed. og raunar er það óbreytt að því er varðar 1. mgr. varðandi ökuhraða í þéttbýli, óbreytt frá upphaflegu frv. eins og það var lagt fyrir þingið. Þar segir: „Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst."

Ég er nokkuð undrandi yfir því að þetta skuli vera sett hér fram með svo fortakslausum hætti, og ég skil það svo að þau ákvæði sem síðar eru upp talin í greininni í 3. mgr., um hærri hraðamörk á tilteknum vegum, varði ekki ökuhraða innan þéttbýlis. Þann skilning hef ég fengið staðfestan af fulltrúum í umferðarlaganefndinni og allshn. Ed. Ég tel að þetta ákvæði sé of þröngt varðandi ökuhraða í þéttbýli, þó svo að ég telji að 50 km ökuhraði á klst. innan þéttbýlis sé almennt séð eðlileg regla og víða auðvitað lægri ökuhraði samkvæmt reglum sem setja þarf. Jafnfráleitt tel ég að hafa þetta hámark bundið með þeim hætti sem lagt er til, 50 km á klst., og tel ég raunar að ekki þurfi annað en að vísa til aðalumferð-

aræða innan þéttbýlis eins og t.d. hér innan höfuðborgarinnar og hvaða þýðingu það hefur að geta haft þarna hærri mörk þar sem það getur verið fullkomlega að skaðlausu án þess að tefla umferðaröryggi í hættu. Ég tel miklu frekar að þessi þröngu takmörk sem þarna eru nefnd séu varhugaverð, svo undantekningarlaust sem þau eru fram sett samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir og var lagt fyrir Alþingi.

Varðandi ökuhraða að öðru leyti ætla ég ekki að lýsa sérstökum skoðunum á því. Ég sé að það hafa verið gerðar breytingar og ég styð þær breytingar sem fram hafa komið, en að öðru leyti verður þetta mál til meðferðar hér í nefnd og ég áskil mér rétt til þess að athuga það frekar.

Þá eru það torfærutækin sem hafa verið tekin inn í frv. eftir að það var upphaflega lagt fram og ég vek í fyrsta lagi athygli á því að það er ósamræmi í skilgreiningum eins og málið kemur frá hv. Ed. Í 2. gr., þar sem skilgreind eru hugtök, er talað um torfærutæki, en skv. 41. gr., yfirskrift, er talað um bifhjól og torfæruhjól. Það er ekki fullt samræmi þarna á milli og ég vil vekja athygli á því.

Í 55. gr. er vikið nánar að torfærutækjum og segir þar, með leyfi forseta: „Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.“ Í 63. gr. er vikið aftur að torfærutæki þar sem segir: „Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það.“ Svo segir í 2. mgr. 63. gr.: „Dómsmálaráðherra getur ákveðið að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið.“

Þetta er varðandi torfærutækin, þau ákvæði sem ég hef rekist á í frv. Það er út af fyrir sig sjálfsagt mál að setja í lög heimildir og fyrirmæli um slík tæki og kröfur sem gerðar séu til ökumanna þeirra. En ég tel í rauninni að þarna þurfi miklu fortakslausari ákvæði inn í umferðarlög varðandi þessi tæki.

Til hvers eru torfærutæki ætluð? Eru þau ætluð til að aka erfiðar vegslóðir, erfiðar slóðir utan alfaraleiða? Nú kveður á um það í náttúruverndarlögum að það megi eigi aka utan merktra vega og slóða. Það er ákvæði í sérlögum, náttúruverndarlögunum, um þetta efni. Ég hef þau hér ekki fyrir framan mig en efnislega er það á þessa leið. En nú vitum við að þessu ákvæði hefur verið slælega framfylgt og eftirlit verið takmarkað í þessu efni og ýmsir aðilar hafa stundað það, m.a. aðilar sem fást við rannsóknir á landinu og ýmsu sem snertir nýtingu þess, þar á meðal í sambandi við orkumál, hafa ekki fylgt þessum ákvæðum og það er mjög miður og það hef ég gagnrýnt og geri enn. Nú eru komin til sögunnar ný tæki, ný tryllitæki, sem svo mætti nefna, svokölluð torfæruhjól, og ég spyr hæstv. ráðh., falla þau undir þessi torfærutæki, torfæruhjólin, fjórhjólin? Falla þau undir þessar skilgreiningar hér? Og ég spyr hæstv. ráðh.: Er innflutningur þessara tækja samkvæmt gildandi lögum? (**Forseti:** Hv. ræðumaður hefur áhuga á að hæstv. ráðh. fylgist með máli.)

Ég var að beina fsp. til hæstv. samgrh. í sambandi við umferðarmálin og ég var ekki viss um að ráðherrann legði við hlustir. Það snertir torfærutækin og sérstaklega torfæruhjólin, fjórhjólin, sem eru flutt til landsins og upplýst hefur verið að séu hátt á þriðja hundrað, að ég hygg, og farið er að nota utan vega, til að fara um landið utan vega og merktra slóða, upp á fjöll og um holt og móa. Ég spyr hæstv. ráðh.: Er innflutningur þessara fjórhjóla heimill samkvæmt gildandi lögum? Og það gæti verið spurning til hæstv. viðskrh. í leiðinni. Er þetta heimilt og eru einhverjar reglur um þessi fjórhjól í gildi? Og hyggst ráðherrann ekki taka á þessu máli í sambandi við innflutning á þessum tækjum? Ég held í rauninni að það þurfi að skoða það í fullri alvöru hvort það sé eðlilegt að heimila innflutning á tækjum sem þessum, sem eru sérstaklega til þess ætluð að ganga gegn gildandi lögum um akstur í landinu, til þess að fara um landið utan vega með þeim áhrifum sem það hefur á viðkvæma náttúru landsins, gróðurfar, og ógróið land. Mér finnst a.m.k. að það sé skylt að fara alveg sérstaklega ofan í saumana á þessu máli áður en heimildir verða veittar varðandi það og einnig þá í krafti þeirra ákvæða sem hugmyndir eru um að setja í lög um skráningarskyldu varðandi þessi tæki.

Það er áreiðanlega allra hugur að halda landinu í sem bestu ástandi og þá verða menn að taka tillit til þess upp á hvað er verið að bjóða í þessum efnum. Þegar farið er að framleiða tæki sem sérstaklega eru til þess fallin að ganga gegn gildandi reglum og lögum og hafa í rauninni ekkert gildi nema þeim sé beitt með þeim hætti hlýtur það að vera mikið umhugsunarefni. Ég held að löggjafinn þurfi að horfa til þess í sambandi við jafnt framleiðslu hér innanlands á ákveðnum þáttum og eins innflutning á varningi að ekki sé misboðið í rauninni reglum sem í gildi eru samkvæmt sérlögum. Og ég get nefnt sem dæmi þó að það varði ekki þetta mál: Það er innflutningur á öli eða gosdrykkjum í dósum úr varanlegu efni sem menga mjög umhverfið. Ýmsar þjóðir hafa gripið til reglna að þessu leyti og ég held að við þurfum að horfa til þess og alveg sérstaklega í sambandi við þessa löggjöf varðandi torfærutækin.

Þá er það að lokum varðandi Umferðarráð skv. 113. og 114. gr. Það er raunar varðandi 114. gr., varðandi tilnefningu og skipan í Umferðarráð. Þar eru margir aðilar kallaðir sem er verið að tilnefna og ráðherra síðan að skipa fulltrúa í ráðið en það eru ekki þeir aðilar sem eiga að fylgjast með umgengni við náttúru landsins. Ég sé engan slíkan aðila í rauninni sem hefði það öðrum fremur sem verkefni að fylgjast með að lög og reglur að þessu leyti séu virtar og mér finnst einkennilegt að inn í þennan langa lista af fulltrúum sem eiga að tilnefna í þetta ráð skuli ekki vera aðili eins og Náttúruverndarráð sem á þó lögum samkvæmt að fylgjast með því að

ekki sé ekið utan merktra vega og akslóða. Ég kem því þeim ábendingum á framfæri við nefndina sem fær þetta mál að sérstaklega sé hugað að þessu efni.

Herra forseti. Ég hef aðeins gert að umræðuefni í rauninni þrjá þætti varðandi þetta stóra mál. Ég gæti að lokum nefnt spurninguna um bílbeltin sem mjög hefur verið til umræðu hér fyrir þinginu. Fyrir nokkrum árum lágu tillögur um það að skylda notkun bílbelta og spurningin um sektun í því sambandi hlýtur að vera ofarlega í huga manna. Ég held að bílbeltin hafi sýnt og sannað gildi sitt til að draga úr slysum í umferðinni og mér finnst í rauninni óeðlilegt að það sé ekki gert ráð fyrir ekki aðeins að það sé lögboðið að hafa slík öryggistæki í bifreiðum, heldur finnst mér einnig til athugunar að það séu ákvæði til þess að heimila sektir ef gegn þeim er brotið.

Ég læt þetta nægja, herra forseti, en vænti að hæstv. ráðh. geti vikið aðeins að því sem ég beindi til hans um torfærutækin.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Því miður eru hér á ferðinni, allt of seint, umræður um þetta frv. og mjög farið að líða að þingslitum. Menn hafa viljað ýta mjög á afgreiðslu málsins og er ekkert óeðlilegt við það, en jafnframt talað fyrir því að málinu verði breytt og segir það sína sögu um það hve skiptar skoðanir manna eru á þeim lagagreinum sem menn vilja að séu *í gildi á þessu sviði.*

Það fyrsta sem hlýtur að leita á hugann er það hvort þessi lög tryggi það á einhvern hátt að slysum fækki í landinu. Er ekki markmiðið að fækka slysunum? Ég hefði viljað byrja á því að fá að vitna í skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 1985 sem Umferðarráð gefur út. Þar kemur fram á bls. 21 að aldurshóparnir frá 17 til 20 ára eru aðalslysavaldarnir í umferðinni. Óhöppin og slysin sem þessi aldurshópur veldur eru svo yfirþyrmandi að það hvarflar ekki að venjulegum manni þegar hann skoðar þetta *að þetta sé með eðlilegum hætti. Hér blasir við að* mínu viti annars vegar skortur á því að umferðarkennslan í landinu sé færð til samræmis við það sem er t.d. í Danmörku, en þar fá kennarar, sem sjá um kennslu barna eða ungmenna, verulega tilsögn áður en þeim er falið það verkefni að annast ökukennslu, verulega tilsögn í því að kenna. Ég efa ekki að þeir sem stunda ökukennslu á Íslandi séu fullfærir hvað það snertir að þeir þekki íslensk umferðarlög og að þeir þekki nægilega vel þær hættur sem eru til staðar og að þeir hafi næga þekkingu á bifreiðunum sem *slíkum. En eru þetta aðilar sem eru færir um að* miðla þeirri þekkingu til nemendanna á þann hátt að nemandinn akti þá miðlun og taki tillit til hennar þegar hann fer sjálfur að keyra? Það bendir allt til þess að svo sé ekki. Og ég vildi nú hvetja menn til að skoða súluritin á bls. 21 í skýrslu Umferðarráðs, skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 1985.

Það má vera að hluti af þessu máli sé agaleysi í þjóðfélaginu, að menn telji að þeir þurfi ekki að taka tillit til yfirvalda eða lögreglu eða hvernig sem menn vilja skilgreina það. Það blasir hins vegar við að *þetta er það fyrsta sem verður að taka á.* Það verður að taka á því af nægilegri festu að þessum ungmennum sé ljóst að þau eru að leika sér með mannslíf. Þau eru að leika sér með mannslíf með akstursháttum sem kallar yfir þjóðina gífurlegan fjölda umferðarslysa.

Annað atriðið sem verður að taka á í umferðarmálum Íslendinga er það að vegakerfið íslenska er sambland af mjög góðum akvegum, þokkalegum malarvegum og gjörsamlega vonlausum akvegum. (**Gripið fram í:** Hvar eru þessir mjög góðu?) Mér er sagt að þeir séu yfirleitt á Norðurlandi en það má vera að til séu upplýsingar um eitthvað annað. Okkur finnst, í það minnsta Vestfirðingum, að þegar við erum komnir á akveg með tveimur akreinum með bundnu slitlagi séum við komnir á mjög góðan veg. En þegar kaflar eru inn á milli, eins og nú er, sem hafa kallað á dauðaslys og umferðarslys ár eftir ár, hlýtur að verða að taka upp alveg sérstaka merkingu á þessum vegum og m.a. heimildir til að hafa umferðarhraða þar miklu lægri.

Það er verið að taka ákvarðanir um það, eftir því sem ég best veit, að fara í einn svona kafla sem er í Norðurárdalnum í Borgarfirði. Á leiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar er annar svona kafli fyrir norðan Hólmavík sem þyrfti að merkjast alveg sérstaklega sem stórhættulegt akstursvæði þar til búið verður að gera þar almennilegan veg.

Mér þykir það líka athyglisvert að nýjar brýr sem verið er að setja á vegi eru ekki samræmdar á þann hátt að á sama veginum megi treysta því að maður sé að aka eftir brúm sem hægt er að mætast á, heldur séu menn að aka um veg þar sem til skiptis er brú sem hægt er að mætast á og svo önnur sem ekki er hægt að mætast á. Og þetta eru nýjar brýr. Hönnun mannvirkja á þennan hátt býður beinlínis heim dauðaslysum í umferðinni. Það eru alveg hreinar línur.

Ég held að allt of lítið sé hugsað út í það að hönnun veganna er það sem oft og tíðum ræður úrslitum um það hvað gerist í umferðinni úti á landi þegar íbúar þéttbýlisins streyma í stríðum straumum eftir þjóðvegum landsins eins og umferðarslysin bera með sér í júlímánuði og ágústmánuði. Þá lenda menn í því að vegakerfið, sem getur verið þjóðvegur nr. 1 þess vegna, er svo misjafnt að gæðum og það er engin sérstök áherslumerking þó að menn séu að yfirgefa mjög góðan veg og fara yfir í gersamlega vonlaust akstursvæði. Það er kannske skilti sem bendir til þess að það sé bugðóttur vegur, lítið skilti sem menn taka kannske varla eftir í rykkófinu.

Það vakna líka ýmsar spurningar þegar maður sér nýhönnuð vegamót þar sem fleiri, fleiri bílar hafa skemmst og hópur bíla hefur hafnað út af, eins og er t.d. með vegamótin við Brú í Hrútafirði. (Gripið fram í.) Þar hefur verið gerð breyting á vegamótunum á þann veg að flutningabílar, sem ætla t.d. norður á Ísafjörð, þurfa stundum að grípa til þess

ráðs að keyra fyrst yfir í Húnavatnssýslur og snúa þar við því þeir eru ekki í aðstöðu til að ná beygjunni. Þar hefur verið komið fyrir kerum. Það er búið að brjóta mörg af þessum kerum af því að bílarnir hafa hafnað á þeim og aðrir hafa hafnað niðri í skurði. Auðvitað hljóta menn, þegar ákveðnir staðir verða að sérstökum slysagildrum, að reyna að ná einhverju samstarfi á milli lögreglu sem hefur eftirlit með vegunum og þeirra sem vinna að því að hanna þessa vegi til þess að draga úr hættu á svona stöðum.

Ég er þeirrar skoðunar að umferðarslysin á Íslandi séu eitt af því alvarlegasta sem við búum við. Og ég held að það þurfi að leggja á það mikla áherslu að reyna að draga úr þeim. Alþingi Íslendinga ber á því fulla ábyrgð að hafa skammtað allt of lítið fé til þessara mála. Mér finnst að þegar talað er um þessi mál, oft og tíðum, séu það þessi stóru aðalatriði sem blasa við í öllum þeim skýrslum sem fyrir liggja um þessi mál. Það er annars vegar það að okkur hefur gjörsamlega mistekist að sannfæra íslensk ungmenni um þá ábyrgð sem fylgir því að aka bíl eða að okkur hefur mistekist að kenna þeim að aka bíl þannig að þau séu fær um að leysa það af hendi án slysa og hins vegar að við höldum áfram að starfa að þessum málum eins og ekkert samband sé á milli löggæslunnar í landinu sem hefur eftirlit með umferðinni og hönnun mannvirkjanna og merkingu hættulegra vegsvæða.

Ég hef t.d. stundum spurt sjálfan mig að því á sólheitum sumardögum hér í Reykjavík þegar verið er að vinna að lagfæringu á gatnakerfinu á Stór-Reykjavíkursvæðinu og allt í einu standa venjulegir vegfarendur frammi fyrir því að það er búið að loka flestöllum aðalæðunum í borginni, það er alls staðar verið að gera við samtímis, og svo dynja umferðaróhöppin yfir, ég hef oft spurt mig: Skyldi raunverulega aldrei vera reynt til hlítar, þegar svona ákvarðanir eru teknar á milli þessara sveitarfélaga hérna, að samræma aðgerðir og ákveða það hvað hugsanlegt sé að loka að hámarki miklu samtímis af gatnakerfinu, aðalæðum svæðisins?

Ég hygg að menn veigri sér almennt við því að ræða um það sem staðreynd að hönnun gatnakerfisins og gjörbreytt gatnakerfi, eins og t.d. með því að byggja yfir vegi sem hefur verið gert hér í Kópavogi og í Reykjavík, slíkar aðgerðir, skilar náttúrlega alveg stórkostlegum hlutum til öryggis. Þessar breytingar kosta peninga. Umræðan hefur hins vegar snúist miklu meira um það hvort menn eigi að sekta einhvern fyrir að vera ekki með bílbelti, hvort við eigum að hafa ljós allan ársins hring eða ekki, hvort við eigum að setja það í lög að menn eigi að keyra á 70, 80 eða 90 km hraða. Þegar vitað er að þungaumferðin úti á vegum landsins er búin að vera í mörg ár á bilinu 90–100 km á þeim vegsvæðum þar sem aksturssskilyrði eru góð, þá er óraunhæft að tala um að akstursshraðinn sé minni. Ég er nefnilega stundum að spyrja sjálfan mig að því hvort það sé staðreyndin að vegna þess að við höfum ekki viljað leiðrétta suma hluti og menn hafi vanið sig á það að brjóta umferðarlögin, vegna þess að þeir hafi talið þau svo vitlaus að það væri ekki hægt að fara eftir þeim, séum við með því móti raunverulega að stuðla að því að menn beri sem heild miklu minni virðingu fyrir lögunum.

Ég gladdist t.d. yfir því og taldi það eitt af afrekum Íslendinga þegar við skiptum úr vinstri umferð yfir í hægri umferð hversu vel tókst til. Það var þjóðarátak og menn voru harðákveðnir í því að ná þeim árangri að breytingin kostaði þjóðina ekki mörg mannslíf og við náðum þeim árangri. En svo er eins og umræðan hafi dofnað. Það er eins og heildaryfirsýn yfir þessi mál hafi ekki verið til staðar. Menn hafa kannske verið að berja á hinum smáu atriðum en stóru atriðin hafa orðið út undan, eins og t.d. að það verður alveg kalt og ákveðið að ná umferðinni á mjög lélegum köflum niður í 50 km hraða sem hámark á sama tíma og það er ekkert óeðlilegt við það þó að umferðarhraðinn á góðum vegi fari í 90. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að okkur hefur alls ekki tekist að koma ökumönnum á aldrinum 17–20 ára til þess að standa sig í umferðinni.

Aldurinn 21–24 ára, sem er sýndur hér líka í súluriti, er með að meðaltali um helmingi færri, meira en helmingi færri umferðarslys. Og þó er hann, þó er aldurinn þar fyrir ofan, 25–64 ára, allur sá aldurshópur er með miklu færri umferðarslys en hitt sex ára tímabilið hjá hinum báðum aðilunum lagt saman. Miklu, miklu færri.

Hér verður að taka á málum. Á að gera það með því að skírteini sem gefin eru út séu með punktum þannig að menn séu búnir að tapa sínu skírteini ef þeir lenda í tveimur umferðaróhöppum og fái skírteinið ekki aftur fyrr en eftir sex mánuði? Á að gera þetta með sektum? Hvað er til ráða? En það gengur bara hreinlega ekki að líða þetta ástand eins og það er. Það bara gengur ekki.

Ég tel að það hafi heldur ekki verið tekið inn í þessa umræðu sem skyldi að það er hreinlega stórhættulegt, þó ekki sé meira sagt, af Alþingi Íslendinga að slaka á varðandi áður gerðar samþykktir þessa þings um fjármagn til vegagerðar. Sú ákvörðun að hægja á uppbyggingu veganna mun þýða fleiri, fleiri dauðaslys, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, því að bifreiðunum fjölgar með ári hverju og það er alveg tómt mál um að tala að íslenskir vegir séu færir um að taka við þeim umferðarþunga sem á þeim er.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara út í umræðu um einstakar greinar. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um þetta frv. og veit að hún mun strax í fyrramálið fara að starfa að því að fara yfir þetta, en mér þykir það miður hversu seint þetta mál kemur til nefndarinnar vitandi það að það er allt útlit fyrir að Nd. leggi til breytingar á vissum greinum og málið fari aftur til Ed. og þess vegna spurning hvort það vinnst tími til að gera þetta frv. í meginatriðum að lögum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér áðan var ég að beina fsp. til ráðherra sem ekki hefur kvatt sér hljóðs í umræðunni. Hæstv. dómsmrh. var ekki viðstaddur og hann ber nú aðalábyrgð á þessu máli, en hæstv. samgrh. og viðskrh. var viðlátinn og ég leyfði mér að bera fsp. fram við hann sem hann hefur ekki séð ástæðu til að svara.

Ég vil þá koma á framfæri við hæstv. dómsmrh. fsp. minni varðandi torfærutækin og benda honum í fyrsta lagi á að ekki er fullt samræmi í þessu máli eins og það er fyrir lagt varðandi skilgreiningar. Annars vegar skv. 2. gr. torfærutæki og hins vegar yfirskrift 41. gr. bifhjól og torfæruhjól. En það er nú kannske ekki meginatriðið heldur ætla ég að inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvort hann sé ásáttur með að inn í landið er verið að flytja torfærutæki í formi fjórhjóla og sjálfsagt af fleiri gerðum sem engin skráningarskylda er á samkvæmt gildandi lögum og í rauninni engin heimild til notkunar á eins og ég skil gildandi lagaákvæði. Jafnframt liggur það fyrir að þessi tæki eru fyrst og fremst til þess ætluð að aka utan vega og slóða og böðlast yfir holt og móa og jafnvel upp á fjöll, á auðu landi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann telji það við hæfi að innflutningur slíkra tækja sé heimilaður og hvaða ráðstafanir hann hafi gert í því sambandi varðandi innflutning á þessum tækjum. Ég tel það vera mikið ábyrgðarmál að heimila slíkan innflutning. Það er öllum ljóst að í rauninni er með beinum hætti verið að ýta undir brot á náttúruverndarlögum með slíkum innflutningi. Víða er tekið á þeim málum þannig að innflutningur og framleiðsla á slíkum tækjum er ekki heimiluð sem og á öðrum varningi sem brýtur gegn almennum ákvæðum laga.

Mér finnst nauðsynlegt að á þessu máli sé tekið í sambandi við umferðarlögin, endurskoðun þeirra, og þætti gott að heyra hér álit hæstv. dómsrh. á þessu. Ég bendi jafnframt á, sem ég ekki gerði í ræðu minni áðan, að í skilgreiningu á torfærutækjum skv. 2. gr. eins og hún liggur hér fyrir segir:

„Torfærutæki:

Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.“

„Ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum.“ — Hvað er verið að lögleiða hér? Er verið að færa hér í lög orðalag sem stríðir gegn ákvæðum náttúruverndarlaga um það að ekki megi aka utan merktra vega og vegslóða? Hvaða augum lítur hæstv. ráðh. á þetta? Nú er málið vissulega í meðförum þingsins og þetta var ekki inni í frv. eins og ríkisstjórnin lagði það fyrir, en er það virkilega ásetningur þingsins að fara að lögheimila slík tæki og akstur sem gengur þvert á náttúruverndarlögin? Ég vil ekki trúa því.

Ég vil minna hv. formann allshn. alveg sérstaklega á þetta atriði, hann er því miður ekki í þingsal, en ég vænti að það nái eyrum hans að hér er um mál að ræða sem ég hvet allshn. sérstaklega til þess að athuga jafnframt því að mér finnst alveg sjálfsagt að í Umferðarráði eigi Náttúruverndarráð fulltrúa.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. 5. þm. Austurl. að ég tel að það sé mjög brýnt að setja ákveðnar reglur um þessi torfærutæki sem nú hafa verið flutt inn í landið. Ástæðan fyrir þeim drætti sem orðið hefur á að slíkar reglur væru settar er sú að þessi umferðarlög hafa verið til meðferðar á Alþingi nú í þrjú ár og ég vænti þess í upphafi að þau yrðu afgreidd miklu fyrr. Þegar það kom í ljós á s.l. vetri að Alþingi mundi ekki afgreiða þau þó þau væru þá búin að liggja fyrir þinginu lengi, þá benti dómsmrn. á að það væru ekki til reglur um þessi torfærutæki sem svo eru nefnd.

Það er sjálfsagt erfitt að taka á þessu máli en engu að síður nauðsynlegt og ég vænti þess að hv. allshn. Nd. athugi vel þau ákvæði sem sett voru inn í frv. í Ed. um þessi tæki. M.a. hefur verið bent á að þessi tæki séu góð t.d. til björgunarstarfa, þau geta komist mikið um og þess vegna sé kannske erfitt að banna slík tæki. En eins og hv. þm. benti á eru það náttúruverndarlögin sem takmarka umferð utan vegar til þess að koma í veg fyrir náttúruspjöll en ekki umferðarlögin, þannig að vissulega þarf þá að vera samræmi í framkvæmd þar á milli.

Ég vonast til þess að fljótlega verði hægt að gefa einhverjar reglur um þetta um leið og þessi lög hafa verið afgreidd, jafnvel þó gildistökutími þeirra hefjist ekki fyrr en í árslok og að hægt sé að gefa þá út einhverjar reglur á grunni hinna gildandi laga þó að það sé að sjálfsögðu erfitt meðan tækin eru ekki beinlínis nefnd þar.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru örfá orð út af athugasemdum hv. 5. þm. Austurl. þar sem hann ræddi um torfæruhjólin. Nú vitum við að náttúruverndarlög og önnur lög hafa verið brotin í sambandi við akstur utan vega. Þar eiga jepparnir stærstan hlut að máli. Það er satt að segja grátlegt að horfa upp á landið eins og búið er að fara með það af þeirra völdum. Ég er þeirrar skoðunar að þessi hjól, þessi léttu hjól með breiðum dekkjum, þau bæti þetta ástand, þau verði til bóta en ekki til skaða. Þetta eru það létt hjól og þau eru setin af einum manni. Hann getur kannske hlaðið einhverjum farangri á þetta sem yrði þá væntanlega ekki þungur, en þetta mundi ábyggilega bæta ef það væri hægt að stöðva hin ósköpin sem jepparnir eru í sambandi við þessi mál. Ég endurtek að það er grátlegt að sjá hvernig búið er að fara með landið af þeirra völdum. Það er eins og það sé árátta, það er ekki einasta hjá unglingum, það eru fullorðnir menn sem æða upp á hvern þann hól sem þeir halda að þeir geti komist. Við sjáum þessi sár á jörðinni, við sjáum sárin eftir þessa meðferð þegar

þeir þurfa að hrökklast aftur á bak vegna þess að krafturinn var ekki nógur í þessum tækjum.

Ég er ekki hræddur við þessi hjól að því leyti að þau skemmi meira, ég held að þau fari betur með landið, en ég vil þó takmarka þau helst við það að þau yrðu einungis nýtt utan þéttbýlis. Það er erfitt að segja að það eigi að banna að kaupa þau í þéttbýli, ég þori ekki að koma með þá tillögu, en að þau verði ekki notuð nema sem björgunartæki og önnur tæki til ýmissa þæginda fyrir bændur og þá sem eiga erindi um torfæruleiðir landsins sem eru afar margar. Ég man ekki hvaða hv. þm. það var, ég held að það hafi verið hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem minntist á rafveiturnar í þessu sambandi, þar hafa fullorðnir menn verið á ferð og sárin eru mörg eftir þá.

Ég ætla aðeins að láta það koma fram að ég er ekki á móti þessum tækjum ef hægt væri að stöðva hin ósköpin þar sem jepparnir eru. Auðvitað þarf að koma lögum yfir þessi tæki, bæði tryggingaskylda þau eða skrásetja þau eftir lögum, það er náttúrlega útilokað annað.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en af svona hálfgerðum hrekk vil ég þó benda hér á 32. gr. Þar segir í b-lið:

„Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju," — og svo segir neðar:

„Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju." Þetta orð „glýja" er ekki eftir minni málvitund rétt. Glýja hélt ég að væri allt annað en þetta.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og vilja í þessum efnum eins og hann kom fram. Ég tel það mjög þýðingarmikið að á þessum málum sé tekið og ég held að orðalagið samkvæmt skilgreiningu 2. gr. og torfærutæki þurfi endurskoðunar við vegna þess að það gengur í rauninni gegn ákvæði náttúruverndarlaga.

Ég vil svo vegna ummæla hv. 3. þm. Austurl. benda á að ég held að torfæruhjól leysi ekki þann vanda sem hv. þm. var að gera sér vonir um. Þó að þetta séu tiltölulega létt tæki þá geta þau markað djúp og býsna varanleg spor í viðkvæmt land, ekki síst í votlendi, og einnig þegar frost er að fara úr jörðu og jörð er gleyp. Og ég vil andmæla því að reynt sé að lögleiða slík tæki og notkun þeirra vegna þess að þau séu hentug til björgunar. Það tel ég ekki. Og hvað þá til smalamennsku. Ég held að menn gangi oft fram að ryðja brautina fyrir ýmsan búnað sem betur væri ekki mikið af í landinu vegna þess að það sé hægt að draga úr slysum eða auðveldara sé um björgunarstörf. Auðvitað ber að taka alveg sérstaklega á því máli. En það á ekki að ryðja brautina fyrir óeðlilega notkun tækja sem spilla náttúru landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 598.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978. Þetta frv. hefur verið afgreitt frá Ed. og liggur hér fyrir með breytingu sem þar var gerð. Þetta frv. er fylgifrv. umferðarlagafrv. og fjallar um nauðsynlega breytingu á þinglýsingalögum ef heimild í umferðarlagafrv. um breytta skráningu ökutækja verður notuð til þess að gera hana framkvæmanlega.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um niðurfellingu laga nr. 54 frá 29. maí 1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og hefur Ed. samþykkt frv. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

1. gr. frv. fjallar um að lög nr. 54 frá 21. maí 1981 um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna falli úr gildi. Jafnframt skal Lánasjóður sveitarfélaga skv. lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 yfirtaka eignir og skuldir Landkaupasjóðs og það hlutverk sem sá sjóður hafði samkvæmt lögum nr. 54/1981.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 1988, eins og stendur í 2. gr.

Ég vil aðeins koma inn á örstutt hér í sambandi við grg. frv. sem ég vísa örlítið til.

Þar eð ríkissjóður hefur frá og með árinu 1981 hætt að leggja Landkaupasjóði til fjármagn, ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið minnkandi og starfandi er sjóður sem hefur það meginhlutverk að veita sveitarfélögum lán til langs tíma sýnist með öllu ástæðulaust að reka Landkaupasjóð áfram sem sjálfstæða stofnun til frambúðar, heldur er lagt til að sameina hann Lánasjóði sveitarfélaga sem í tvo áratugi hefur séð um starfsemi Landkaupasjóðsins. Er því í frv. þessu lagt til að lög nr. 54 frá 21. maí 1981, um Landkaupasjóð kaupstaða og kauptúna, verði felld úr gildi og Lánasjóður sveitarfélaga yfirtaki hlutverk hans og eignir.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. október 1986 að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að beina þeim tilmæl-

um til félmrh. að Landkaupasjóður ríkisins skv. lögum nr. 54/1981 yrði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaga. Ég ákvað því að fara að óskum sambandsins í þessu máli og þess vegna er þetta frv. flutt á þskj. 249, enda ekki ástæða til að hafa tvö kerfi eins og hefur verið undanfarið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta. Hér er um lítið mál að ræða en þó mikilvægt að þessi breyting nái fram að ganga og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

54. fundur, þriðjudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Fangelsismál, ein umr.

Fsp. KSK, 309. mál. — Þskj. 546.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram spurningar til hæstv. dómsmrh. á þskj. 546. Þessar spurningar varða annars vegar það hvað kostar ríkissjóð að halda úti þeim fangelsum sínum sem tiltæk eru og er þá bæði tekið til beinn rekstrarkostnaður og svo það sem snýr að föngunum, svo sem fæðiskostnaður og laun starfsmanna.

Þá er einnig spurt um hvað gert sé ráð fyrir að þörfin fyrir fangelsisrými verði áætluð mikil á næstu árum.

Það er mikilsvert fyrir allan almenning að fá skýr svör við þessum spurningum og að þau liggi fyrir og séu tiltæk á hverjum tíma. Umræða um afbrotamál í þjóðfélaginu er með þeim hætti að stefnumörkun stjórnvalda er nauðsynleg þannig að ekki fari á milli mála t.d. hvað átt er við með afplánun. Ég tel t.d. ekki að afplánun sem kemur til framkvæmda að 3–4 árum liðnum eftir að afbrotið var framið nái á neinn hátt tilgangi sínum. Ég rökstyð það með því að í millitíðinni er viðkomandi hugsanlega búinn að eignast fjölskyldu og búinn að leggja nótt við dag til að koma sér og sínum upp húsnæði og er með miklar fjárskuldbindingar á herðunum. Þá kemur kallið og hann verður að fara í fangelsi til að taka út dóm fyrir afbrot sem framið var fyrir 3–4 árum. Það segir sig sjálft að öll tilvera þessarar fjölskyldu og allra vandamanna hrynur og allt útlit fyrir að viðkomandi lendi í hringiðu afbrota á nýjan leik, nokkuð sem honum hafði e.t.v. tekist að koma sér út úr.

Ég tel að það sé mjög mikils virði að þannig verði staðið að þessum málaflokki í framtíðinni að stefnumörkun gangi til þeirrar áttar að afplánun, í hverju formi sem henni er ætlað að vera, komi um leið og dómsúrskurður liggur fyrir. Ég vonast þess vegna eftir að fá skýr svör frá hæstv. dómsmrh.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 546 hefur hv. 1. landsk. þm. beint til mín nokkrum spurningum um fangelsismál.

Fyrst er spurt hver sé heildarkostnaður ríkissjóðs við fangelsismál 1983, 1984, 1985. Í þeim tölum sem fara á eftir er tekinn saman heildarkostnaður við fangelsismál samkvæmt ríkisreikningi fyrir viðkomandi ár að meðtöldum kostnaði við skilorðseftirlit ríkisins, fangavarðaskóla og framlag til félagasamtakanna Verndar. Á Akureyri er í tengslum við lögreglustöðina rekin fangelsisdeild fyrir allt að sex fanga. Kostnaður vegna hennar er ekki meðtalinn þar sem hann er í ríkisreikningi ekki aðskilinn frá öðrum löggæslukostnaði á Akureyri.

Í fyrstu spurningunni er óskað eftir upplýsingum um hvernig kostnaður við fangelsismál skiptist í a) rekstrar- og húsnæðiskostnað og b) laun fangavarða, fæði og annað. Í svari mínu mun ég styðjast við þá sundurgreiningu sem ríkisreikningur byggir á, þ.e. heildarkostnaður fyrir hvert ár og honum skipt í laun og annan starfsmannakostnað, ýmis rekstrargjöld, annar kostnaður og sértekjur til frádráttar.

Árið 1983 var heildarkostnaður ríkissjóðs vegna fangelsismála 45 millj. 115 þús. kr. Launakostnaður var 30 millj. 840 þús. kr., rekstur 16 millj. 672 þús. kr. og annar kostnaður 3 millj. 862 þús. kr. Sértekjur til frádráttar eru 6 millj. 260 þús. kr.

Árið 1984 var heildarkostnaður ríkissjóðs vegna fangelsismála 56 millj. 337 þús. kr. Launakostnaður var 36 millj. 999 þús. kr., rekstur 21 millj. 265 þús. kr. og annar kostnaður 4 millj. 904 þús. kr. Sértekjur til frádráttar voru 6 millj. 831 þús. kr.

Árið 1985 var heildarkostnaður ríkissjóðs vegna fangelsismála 78 millj. 887 þús. kr. Launakostnaður var 50 millj. 198 þús. kr., rekstur 33 millj. 901 þús. kr., annar kostnaður 1 millj. 109 þús. kr. Sértekjur til frádráttar voru 6 millj. 322 þús. kr.

Í öðru lagi er spurt: Hve margir fangar voru í fangelsum landsins árin 1983, 1984 og 1985? Að meðaltali voru 66,25 fangar að afplána dóma á dag árið 1983, 59,16 árið 1984 og 73,25 árið 1985. Til viðbótar má nefna að árið 1986 voru 87,67 fangar í afplánun á degi hverjum. Í gæsluvarðhaldi voru að meðaltali 3,3 fangar árið 1983, 7,5 árið 1984 og 6 árið 1985. Í afplánun á vararefsingu vegna sekta voru 2,4 fangar að meðaltali á dag árið 1983, 2,3 árið 1984 og 1,3 árið 1985. Í geymslu vegna rannsóknar mála á þeim fresti sem lögreglan hefur og eftir að krafa um gæsluvarðhald hefur verið gerð en áður en úrskurður var kveðinn upp voru að meðaltali á dag 0,7 árið 1983, 1,1 árið 1984 og 1,1 árið 1985. Samtals voru því 72,7 fangar að meðaltali á dag árið 1983,

70,2 árið 1984 og 81,7 árið 1985.

Í þriðja lagi er spurt hvort dreifing afplánunar dóma hafi verið jöfn yfir allt tímabilið. Ef átt er við hvort jafnmargir óskilorðsbundnir refsivistardómar hafi borist til fullnustu umrædd þrjú ár er svarið að árið 1983 bárust 223 óskilorðsbundnir refsivistardómar til fullnustu og var heildarrefsitími þeirra rúmlega 87 ár. Þar af voru sjö dómar þar sem refsitími var meiri en eitt ár og var refsitími þeirra tæp 39 ár samtals. Árið 1984 barst 201 dómur til fullnustu og var heildarrefsitími 93,5 ár. Þar af voru tólf dómar með lengri refsitíma en eitt ár og var refsitími þeirra rúmlega 44 ár. Árið 1985 bárust 348 dómar til fullnustu og var heildarrefsitíminn tæplega 111 ár. Þar af voru tólf dómar með lengri refsitíma en eitt ár og var refsitími þeirra samtals 24 ár. Til viðbótar má nefna að árið 1986 barst 361 dómur til fullnustu og var refsitími þeirra 147 ár. Þar af voru 18 dómar með lengri refsitíma en eitt ár og var refsitími þeirra samtals rúm 51 ár.

Ég á eftir að svara 4. og 5. spurningu og mun gera það í síðari tíma mínum.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem fram að þessu hafa borist og hlýt að fara niður úr ræðustól aftur til að fá afganginn af svörunum.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Í fjórða lagi er spurt: „Hve mörg vistunarrými eru alls í fangelsum landsins?“ Alls eru 108 fangapláss í landinu, þar af 13 fyrir gæsluvarðhald. Því eru 95 pláss til afplánunar á dómum.

Í fimmta lagi er spurt hvort þörf sé á fleiri vistunarrýmum og ef svo er, hversu mörgum og hversu fljótt. Á síðasta ári voru fangelsi landsins nær full allt árið og miðað við þann dómafjölda sem nú er til fullnustu í ráðuneytinu virðist fyrirsjáanlegt að svipað ástand verði þetta ár. Mjög brýnt er að byggja fangelsi í Reykjavík er leysi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Síðumúlafangelsið af hólmi, en þau eru mjög vanbúin til síns brúks miðað við þær lágmarkskröfur sem eðlilegt er að gera til slíkra stofnana. Minna má á að árið 1978 var steypt plata undir fangelsi upp við Tunguháls, en síðan hafa ekki fengist fjárveitingar til að halda áfram við þá bygginga.

Aðstæðum á Litla-Hrauni, sem er stærsta fangelsið með 52 fangapláss, er að mörgu leyti ábótavant. Væri æskilegt að endurskipuleggja það m.a. á þann veg að fangaklefar í elsta hluta hússins væru lagðir niður og sá hluti hússins tekinn undir þjónustuálmu. Auk þess er óæskilegt að ekki sé hægt að aðgreina fanga meira en nú er og fangar sem t.d. eru í fyrstu afplánun þyrftu ekki að afplána með öðrum afbrotamönnum og einnig skapa aðstöðu til að sinna félagslegum þörfum fanga betur. Sem niðurstöðu má segja að fangaplássum á næstu tveim til þrem árum þyrfti að fjölga um tíu til tuttugu, auk þess sem byggja þarf fangelsi sem leysi Hegningarhúsið og fangelsið við Síðumúla af hólmi.

Dómsmrn. hefur ítrekað óskað eftir því að fá fjárveitingar til þess að gera endurbætur á fangelsunum með nýbyggingum og viðhaldi. Því miður hefur það ekki fengist fyrr en á fjárlögum þessa árs var veitt nokkur upphæð til viðhalds og endurbóta á þeim og er vonast til þess að á þessu ári verði hægt á þann hátt að ráðast í allra brýnustu framkvæmdirnar, en það leysir ekki þann vanda sem Hegningarhúsið á Skólavörðustíg og Síðumúlafangelsið er.

Hv. fyrirspyrjandi vék að því að það þyrfti að ljúka fullnustu dóma strax eftir að þeir hafa verið kveðnir upp. Dómsmrn. sendir út kvaðningar um slíkt strax og það hefur fengið dómana til sín þannig að það stendur ekki á því. Hins vegar er það svo að viðkomandi aðilar óska oft eftir því að fá frest á fullnustu vegna margvíslegra aðstæðna hjá þeim og er reynt að verða við því innan ákveðinna takmarka ef færð eru rök fyrir slíku þó ég hafi í slíkum tilvikum lagt áherslu á það við viðkomandi aðila að það sé best fyrir þá að ljúka afplánuninni sem fyrst. Þar er ekki við dómsvaldið eða framkvæmdarvaldið að sakast heldur er það þá að beiðni viðkomandi aðila.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Ég vildi aðeins, herra forseti, fá að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör og tel mjög eðlilegt að þessi svör liggi fyrir og sérstaklega í umræðunni um till. sem ég lagði hér fram í haust um hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta gæti komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Þótti mér eðlilegt að svör við þessum spurningum gætu legið fyrir. En þau eru komin fram í dagsljósið núna og hlýt ég að ítreka það að þau koma að góðu haldi í þessari umræðu áfram.

Dýralæknisembætti, ein umr.

Fsp. SJS, 349. mál. — Þskj. 619.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. landbrh. nokkurra spurninga varðandi veitingu embætta héraðsdýralækna í landinu. Ástæðan fyrir þeim fsp. eru nokkrar endurteknar veitingar þar sem svonefnd starfsaldursregla Dýralæknafélags Íslands hefur verið sniðgengin við röðun umsækjenda og gengið fram hjá þeim mönnum, jafnvel nokkrum, sem haft hafa flesta punkta eða verið efstir í forgangsröðun samkvæmt svonefndri starfsaldursreglu. Starfsaldursregla Dýralæknafélagsins er regla sem þetta félag hefur sett sér og á að þjóna þeim tilgangi fyrst og fremst að tryggja dýralæknaþjónustu í afskekktum og tekjurýrum héruðum með því að umbuna í nokkru þeim mönnum sem þar gegna störfum og styrkja stöðu þeirra til embætta-

veitinga í feitari héruðum þegar síðar verður.

Reglan samanstendur af eftirfarandi þáttum:

1. Raða skal eftir starfsaldri, þar með talið framhaldsnám að loknu embættisprófi.
2. Hvert ár að loknu embættisprófi í starfi skal telja einn punkt.
3. Hvert ár í uppbótarhéraði samkvæmt kjarasamningi, þau héruð eru nú Þórshöfn, Breiðdalsvík, Hólmavík, Ísafjörður og Barðaströnd, telur að auki ⅓ punkt.
4. Í starfi erlendis eru fyrstu tvö árin óskert, þriðja árið og síðari ár teljast 0,66 punktar hvert.

Þessi regla, sem félagið hefur sett sér og samstaða er um í Dýralæknafélagi Íslands, á sem sagt að þjóna eins og ég áður sagði þeim tilgangi að tryggja afskekktum og tekjurýrum héruðum þjónustu. Dýralæknar óttast mjög að ef horfið verður alveg frá því að hafa hliðsjón af þessari reglu, eins og stöðuveitingar upp á síðkastið gætu bent til, verði hag þessara héraða stofnað í hættu hvað þessa þjónustu snertir. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. landbrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Eftir hvaða reglum velur landbrh. úr hópi umsækjenda um embætti héraðsdýralækna?

2. Hverju sætir að svonefnd starfsaldursregla Dýralæknafélags Íslands hefur margsinnis verið sniðgengin við veitingu embættis héraðsdýralæknis?

3. Hyggst ráðherra grípa til annarra aðgerða til að tryggja afskekktum og tekjurýrum héruðum dýralæknisþjónustu ef fallið verður frá því að hafa hliðsjón af starfsaldursreglu Dýralæknafélagsins?"

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 619 spyrst hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir um veitingu dýralæknisembætta. Í fyrsta lagi: „Eftir hvaða reglum velur landbrh. úr hópi umsækjenda um embætti héraðsdýralækna?" Í öðru lagi: „Hverju sætir að svonefnd „starfsaldursregla" Dýralæknafélags Íslands hefur margsinnis verið sniðgengin við veitingu embætta héraðsdýralækna?"

Að sjálfsögðu fer landbrh. eftir þeim lögum sem sett eru um héraðsdýralækna. Í 1. gr. laga nr. 71/1981, um dýralækna, segir:

„Þeir einir eru í lögum taldir dýralæknar sem lokið hafa prófum úr dýralæknaháskóla sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbrn. með þeim skilyrðum og þeim skuldbindingum sem sett kunna að verða í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis."

Allar umsóknir um laus dýralæknisumdæmi eru sendar til umsagnar yfirdýralæknis. Þegar umsækjendur eru fleiri en einn geta mismunandi aðstæður, jafnvel staðbundnar, komið til mats og álita áður en tillaga er gerð til forseta um það hver skuli skipaður úr hópi þeirra sem teljast hæfir til að gegna starfinu. Að jafnaði er litið til starfsaldurs við veitingu dýralæknaembætta þó hann einn sé ekki látinn ráða niðurstöðum. Lög geyma engin fyrirmæli um að svonefnd starfsaldursregla stöðuveitinganefndar Dýralæknafélags Íslands skuli ráða niðurstöðu um hverjum er veitt staða dýralæknis. Þær reglur munu hafa verið samdar algerlega án nokkurs samráðs við landbrn. Mér er tjáð að slík röðun frá Dýralæknafélaginu muni aldrei hafa legið fyrir áður, né verið farið eftir henni við veitingu dýralæknisembættis. Hins vegar er það svo að við veitingu á tveimur embættum sem ég hef veitt kom slíkur listi og í bæði skiptin var tekinn umsækjandi sem var í hópi þeirra efstu sem voru á listanum en ekki sá efsti.

Í þriðja lagi er spurt: „Hyggst ráðherra grípa til annarra aðgerða til að tryggja afskekktum og tekjurýrum héruðum dýralæknisþjónustu ef fallið verður frá því að hafa hliðsjón af „starfsaldursreglu" Dýralæknafélagsins?

Eins og ég sagði áður hygg ég að það muni enginn dýralæknir í landinu sitja í embætti þar sem byggt er á starfsaldursreglu Dýralæknafélags Íslands þannig að hún hefur ekki tryggt einu einasta héraði setu dýralæknis. Ég á því dálítið erfitt með að skilja þessa spurningu og hvort hv. fyrirspyrjandi er að gefa í skyn að ef eftir þessari reglu er ekki farið muni hún koma í veg fyrir þetta. Ég skil ekki almennilega þessa spurningu.

Eins og ég sagði fer landbrh. eftir þeim lögum sem fyrir liggja eða eru í gildi. Ef Alþingi breytir lögum og kveður á um það að í staðinn fyrir að landbrh. skuli veita stöðuna skuli það vera Dýralæknafélag Íslands sem gerir það verður að sjálfsögðu farið eftir því. Því væri eðlilegt, ef hv. fyrirspyrjandi vildi það, að hann flytti frv. um slíkt hér á hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef vissulega hugleitt að flytja frv. til breytinga á dýralæknalögum og setja þar inn skýrari ákvæði um veitingu dýralæknisembætta og ég hef mjög styrkst í þeirri trú að það sé rétt eftir að hafa hlustað á hæstv. landbrh. lopa upp úr sér svari sem ég að öðru leyti þakka honum fyrir eins og venja er.

Það eru mér engar fréttir að hæstv. landbrh. fari að lögum þegar hann veitir dýralæknisembætti. Að sjálfsögðu gerir hann það, enda er það einfalt og auðvelt því lögin eru ákaflega opin hvað þetta varðar. Ég tel að það hljóti að koma til skoðunar, m.a. í framhaldi af þessari umræðu, að breyta lögunum þannig að inn í þau komi bundin ákvæði um starfsveitinganefnd með aðild Dýralæknafélagsins a.m.k. sem fari yfir og hafi lögbundinn umsagnarrétt um umsækjendur til embætta héraðsdýralækna.

Ég mótmæli því að svonefnd starfsaldursregla hafi ekki haft nein áhrif hvað varðar það að menn hafi komið heim úr námi til að taka að sér dýralæknisstörf í afskekktum héruðum. Ég fullyrði að það hefur hún gert. Það hefur verið skilningur þessa fagfélags, Dýralæknafélags Íslands, að með því að hún væri höfð til hliðsjónar væri viss trygging fyrir því að þeir menn sem legðu á sig að þjóna í afskekkt-

um og tekjurýrum héruðum hefðu betri möguleika en ella til að færa sig um set í auðveldari og betri embætti þegar þeir hefðu þjónað um nokkurra ára bil í slíkum héruðum. Þess vegna er mjög alvarlegt að mínu mati þegar það hefur gerst að þessi regla hefur algerlega verið sniðgengin og tekinn umsækjandi sem var einna lægstur í uppröðun Dýralæknafélagsins úr hópi nokkurra manna og gengið fram hjá mönnum með umtalsverða starfsreynslu, hæfum dýralæknum með umtalsverða starfsreynslu í afskekktum héruðum sem búnir eru að vinna þar við erfið skilyrði og leggja þar á sig ýmiss konar óhagræði og eiga það að sjálfsögðu öðrum fremur skilið að komast í hægari embætti. Það er það sem er þarna alvarlegt. Ég óttast að þó jafnvel ekki komi til uppsagna vegna þess fordæmis sem hér hefur verið gefið verði það til þess að þeir sem eiga möguleika á störfum í öðrum löndum t.d. komi síður heim til að leggja á sig að þjóna í erfiðum og afskekktum héruðum. Það er einitt þetta sem ég veit að forráðamenn Dýralæknafélags Íslands hafa miklar áhyggjur af.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það getur vel verið tillaga frá hv. þm. um að dýralæknar eigi að fara að kjósa um menn í stöður í staðinn fyrir að ráðherrar veita, en það væri dálítið fráhvarf frá því sem nú er verið að ræða um í sambandi við prestskosningar. Ég minni á að dýralæknaembættin eru ekki eingöngu fyrir dýralæknana. Þau eru líka fyrir þá sem þeirra eiga að njóta. Ef það á að fara að taka upp kosningafyrirkomulag í þessu skyni held ég að það væri eðlilegt að líta eitthvað til þeirra.

En það sem kom mér fyrst og fremst til að standa upp var að hv. fyrirspyrjandi sagði að það hefðu verið teknir umsækjendur úr hópi þeirra lægstu sem dýralæknar hefðu raðað á sinn lista. Maður getur þá vissulega ekki borið mikla virðingu fyrir talnaþekkingu hv. þm. því í öðru tilfellinu var það fjórði af fimmtán eða sextán umsækjendum sem var tekinn, enda sagði ég að hann væri tekinn úr hópi þeirra efstu og í hinu tilfellinu var það sjötti af sextán eða sautján þannig að því miður er ekki nokkur sannleikur í því sem hv. fyrirspyrjandi heldur fram.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hæstv. ráðh. er nú bara með útúrsnúninga. Ég nefndi kosningar aldrei á nafn í mínu máli og ég veit ekki hvað í ósköpunum gaf honum tilefni til að ætla það að ég ætlaðist til þess að Dýralæknafélag Íslands færi að kjósa um menn í þessum efnum. Ég tel koma til greina að breyta dýralæknalögunum, t.d. í samræmi við heilbrigðislög og önnur slík þar sem fagaðilar hafa lögbundinn umsagnarrétt eða jafnvel tillögurétt til þess ráðherra eða þess yfirvalds sem veitir tilteknar stöður. Og ég teldi það mjög æskilegt.

Ég veit það, hæstv. ráðh., að dýralæknaembætti eru ekki bara fyrir dýralækna. Þeir fara til mannalæknis eins og aðrar mannlegar verur sem veikjast. Það eru auðvitað dýrin og landbúnaðurinn sem á að njóta dýralæknaþjónustunnar. Það er alveg rétt, hæstv. ráðh. Við skulum hafa dýralæknaþjónustuna í huga þegar við ræðum þessi mál vegna þess að ég óttast að ef þessi starfsaldursregla verði með öllu sniðgengin og ekkert annað gert í staðinn leiði það til þess að ákveðin erfið og tekjurýr héruð sitji uppi dýralæknislaus og þess vegna er þessi fsp. fram borin þó að hæstv. landbrh. virðist ekki hafa áttað sig á því enn þá.

Símaþjónusta, ein umr.

Fsp. ÞS, 355. mál. — Þskj. 628.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég er hérna með fsp. til samgrh. um símaþjónustu. Það hefur mikið verið um það talað og skrifað í blöðum að breytingar hafi átt sér stað á því gjaldi sem tekið væri af símanotendum, bæði daggjaldi og helgidaga. Ég vildi þess vegna gjarnan fá að heyra um það hvaða breytingar hefðu orðið á því. Eins hefur líka verið rætt um erfiðleika, eins og við þekkjum, að stundum hafi verið erfitt að ná á milli ýmissa staða. Það eru viss svæði sem hefur verið mjög erfitt að ná til, sérstaklega á álagstímum. Það hefur verið rætt um að bæta úr þessum þáttum og það er nauðsynlegt að fá að heyra líka um það.

Svo er það sem felst kannske líka í þessum spurningum en það er hvaða áætlanir eru gerðar um lagfæringar á símakerfinu sem er ákaflega þýðingarmikið öryggistæki eins og allir vita. Spurningarnar hljóða svona:

„1. Hvaða breytingar hafa orðið á afnotagjaldi síma á síðustu fjórum árum?

2. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á skrefatalningu: á dagtaxta, á nætur- og helgidagataxta?

3. Hvað hefur verið gert til úrbóta á þeim svæðum þar sem síminn verður óvirkur vegna of mikils álags?

4. Hver er áætlun um lagfæringu svo að síminn geti verið það öryggistæki sem honum hefur verið ætlað?“

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Svar við fyrstu spurningu er að 1. febr. 1983 var afnotagjald fyrir síma 387 kr., 11. maí sama ár 484 og 1. ágúst 1983 575, 1. júlí 1985 530 kr. og 1. janúar 1987 585 kr. Þetta er allt án söluskatts. Afnotagjald síma hefur því aðeins hækkað um 1,7% frá 1. ágúst 1983 eða í rúma 42 mánuði. Frá 1. ágúst 1983 hefur verð á hverju teljaraskrefi hins vegar lækkað úr 1,35 kr. í 1,32 kr. eða um 2,3%.

Svar við annarri spurningu: 1. janúar s.l. var byrjað að breyta gjaldflokki 1 úr 60 sekúndum í skrefi að degi til og 120 sekúndum um kvöld og

helgar í 360 sekúndur allan sólarhringinn en það er sama og gjaldflokkur 0 að degi til. Þessu verki var lokið í janúar s.l. og frá sama tíma var afslætti á nætur- og helgartaxta í langlínuumferð breytt úr 50% í 33% miðað við dagtaxta. Á undanförnum árum hafa fjölmargar lækkanir verið gerðar á töxtum milli ákveðinna staða og skal ég aðeins nefna örfá dæmi tímans vegna.

Gjöld milli Egilsstaða, Eiða og Lagarfoss lækkuð úr gjaldflokki 1, 60 sekúndum, í gjaldflokk 0, 6 mínútur. Símstöðin Ásgarður í Sogi lögð niður og notendur tengdir til Selfoss, þ.e. lækkun úr gjaldflokki 1, 60 sekúndum, í gjaldflokk 0, 6 mínútur. Gjöld milli Hvolsvallar og Hellu lækkuð úr gjaldflokki 1, 60 sekúndum, í gjaldflokk 0, 6 mínútur. Gjöld milli Keflavíkur, Garðs, Grindavíkur, Keflavíkurflugvallar, Sandgerðis og Voga lækkuð úr gjaldflokki 1, 60 sekúndum, í gjaldflokk 0, 6 mínútur. Símstöðin Árnes lögð niður og notendurnir tengdir til Flúða, þ.e. lækkun úr gjaldflokki 1, 60 sekúndum í gjaldflokk 0, 6 mínútur. Bráðlega verður Víkurhnútur felldur undir Hvolsvallarhnút og við það breytist gjaldið milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs annars vegar og Hvolsvallar, Búrfells, Hellu, Laugalands og Steina hins vegar úr gjaldflokki 2, 18 sekúndur, í gjaldflokk 1, 60 sekúndur.

Svar við 3. spurningu: Á undanförnum fjórum árum hafa verið settar upp sjálfvirkar símstöðvar af nýrri og tæknilega fullkomnari tegund, stafrænar símstöðvar. Fyrsta stöð þessarar tegundar var tekin í notkun í Reykjavík í ársbyrjun 1984 og var strax farið að tengja beinar línur frá henni út um allt land. Auk þess að vera notendasímstöð nýtist hún einnig sem langlínusímstöð. Nú hafa verið teknar í notkun stöðvar af þessari tegund á Keflavíkurflugvelli, Sauðárkrókssvæði, Hvolsvallarsvæði og Húsavíkursvæði og hafa langlínumöguleikar þessara svæða verið stórbættir um leið. Búið er að panta svona stöðvar fyrir Egilsstaðasvæði og Borgarnessvæði og verða þær teknar í notkun á þessu ári. Á öðrum svæðum landsins hefur stofnunin endurnotað það símaefni sem losnað hefur vegna útskiptingar yfir í þessar nýju stöðvar og einnig hefur verið keypt viðbótarefni til fjölgunar langlínusambanda milli stöðva af eldri tegundum.

Á höfuðborgarsvæðinu hafa verið lagðir ljósleiðarar sem flutt geta mikinn fjölda símarása samtímis. Nú þegar er farið að nota þessi sambönd á milli stafrænu stöðvanna á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári var lagður ljósleiðarastrengur milli Reykjavíkur, Selfoss og Hvolsvallar og verður hann tekinn í notkun bráðlega. Á þessu ári verður lagður fyrri áfangi ljósleiðarasambands milli Reykjavíkur og Akureyrar. Er fyrirhugað að ljúka þeirri framkvæmd á næsta ári. Gæði sambanda um ljósleiðara eru miklu meiri en á eldri gerðum sambanda.

Að lokum skal á það bent að mesti álagstími langlínusambanda var eftir kl. 19 á kvöldin en lækkun afsláttar að kvöldi til, eins og fram kemur í svari við 2. spurningu, var m.a. sett á í þeim tilgangi að liðka fyrir símaumferð á þessum tíma með því að beina hluta hennar yfir á aðra tíma sólarhringsins.

Svar við 4. spurningu: Í ágúst 1986 voru síðustu handvirku símarnir gerðir sjálfvirkir og fengu þeir þar með sólarhringsþjónustu. Var þetta verk unnið samkvæmt sérstökum lögum þar um. Í handvirka kerfinu var val milli símstöðva takmarkað við opnunartíma þeirra. Niðurfelling aðflutningsgjalda og sölugjalds síðustu árin af framkvæmdaefni fyrir sjálfvirkar símstöðvar og sambönd hefur átt stóran þátt í hraðri uppbyggingu sjálfvirka kerfisins. Þetta ásamt tilkomu sjálfvirka farsímakerfisins, sem opnað var 3. júlí á s.l. ári, hefur stóraukið gildi símans sem öryggistækis. Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlögum mun sjálfvirka farsímakerfið ná að mestu leyti um allt landið í lok þessa árs. Skip nálægt landi hafa auk þess mikil not af farsímakerfinu til viðbótar við önnur fjarskipti þeirra og eykur það þar með öryggi sjófarenda.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson):

Forseti. Ég þakka samgrh. fyrir hans svör. Það kemur greinilega fram að mikið verk hefur verið unnið til bóta á símakerfi landsins og það er ánægjulegt að heyra það. Maður hefur aftur séð um það skrifað í blöðum og heyrt talað um það að síminn sé dýr en ég held að maður geti sagt að það hafi þá verið í þá áttina að hann hafi verið lækkandi. Þetta tæki er bara svo gífurlega mikið notað orðið.

Ég held að einnig sé mjög nauðsynlegt að gera eins mikið að því og mögulegt er að jafna símakostnaðinn milli allra landshluta og væntanlega verður það næsta sporið. Þetta er fyrst og fremst geysilega mikið öryggistæki sem ekki heldur má klikka. Það er afskaplega stór þáttur að síminn sé alltaf virkur og tiltækur þegar á þarf að halda. Þess vegna er að mínum dómi unnið rétt að og hefur mikið áunnist í því eftir því sem fram kom hjá ráðherranum.

SAMEINAÐ ÞING

55. fundur, þriðjudaginn 24. febr., að loknum 54. fundi.

Vegáætlun 1987–1990, fyrri umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 658.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Lögð er fram till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990, en skv. lögum á endurskoðuð vegáætlun að vera til afgreiðslu á þessu þingi. Þessi vegáætlun nær yfir annað tímabil langtímaáætlunar og á sú áætlun einnig að vera til endurskoðunar nú í fyrsta sinn. Verður því ekki hjá því komist að skoða báðar áætlanirnar í samhengi og í sömu andránni, en endurskoðuð langtímaáætlun

verður væntanlega lögð fram á næstu dögum.

Enda þótt markmið langtímaáætlunar að því er varðar fjáröflun hafi ekki náðst á fyrsta tímabilinu hefur tekist að mestu leyti að framkvæma það sem hún gerði ráð fyrir og má þakka það mörgu en mest vega þar eftirtalin atriði:

Hluta þess fjár sem áætlunin gerði ráð fyrir var haldið óskiptum til að mæta ófyrirséðu. Því var aldrei úthlutað. Tilboð voru yfirleitt hagstæð og náðist að framkvæma mörg þeirra fyrir minna fé en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagræðing hjá Vegagerð ríkisins varð einnig til þess að fjárveitingar entust betur en fyrirsjáanlegt var. Olíuverð var hagstætt á tímabilinu og lækkun verðs á asfalti varð til þess að bundin slitlög urðu ódýrari en ella og loks má nefna að í mörgum tilvikum voru valdar ódýrari lausnir á framkvæmdum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar má sérstaklega nefna mjórri bundin slitlög en áður hafði tíðkast á fáfarnari vegi. Sum þessara atriða hafa vakið nokkra umræðu, svo sem útboð Vegagerðarinnar, þáttur viðhalds í gerð bundinna slitlaga, mjó slitlög og fleira og verður vikið að því nánar síðar.

Þótt ekki blási byrlega í bili með framhaldið er ekki ástæða til að vera svartsýnn og vonandi tekst að rétta hlut vegamálanna þótt síðar verði. Mestu máli skiptir að langtímaáætlun fari sem minnst úr böndum meðan þessar þrengingar ganga yfir. Til þess má gera ýmsar ráðstafanir og eru þær helstar að á árunum 1988–1990 verði við afgreiðslu vegáætlunar eingöngu skipt fé sem svarar til takmarkaðra tekna en þá heimilað að hvikað verði nokkuð frá upprunalegum markmiðum langtímaáætlunarinnar er varðar uppbyggingu vega og breiddir slitlaga. Þetta táknar að lögð verður áhersla á að nota sem mest núverandi vegi með styrkingum í stað endurbygginga og að leggja á þá mjórri slitlög til bráðabirgða en ráð var fyrir gert þar sem umferð leyfir. Enn fremur verður að draga úr framkvæmdahraða við einstaka verk og jafnvel fresta sumu. Þessi verk þarf að velja með það fyrir augum að áætlun raskist sem minnst. Ef í ljós kemur að Alþingi samþykkir fjárveitingar til vegaframkvæmda eins og upprunaleg langtímaáætlun gerir ráð fyrir er hægastur vandinn að hverfa aftur að markmiðum hennar og taka upp ýmis ný verkefni sem ekki hafa komist að vegna fjárskorts. Má þar sem dæmi nefna jarðgangagerð en víða er hún eina varanlega lausnin í samgöngumálum.

Tekjur til að standa undir þeim hluta vegáætlunar sem skipt er út kemur eingöngu af mörkuðum stofnum Vegagerðarinnar en þeir eru bensíngjald og þungaskattur. Bensíngjald hefur frá upphafi verið meginuppistaðan í tekjum Vegagerðarinnar og er enn. Hins vegar hefur aukning bensínsölu hvergi nærri fylgt þeirri aukningu sem orðið hefur á bílafjölda landsmanna. Þetta má væntanlega skýra með því að sífellt algengara er að tveir bílar séu á heimili en í þeim tilvikum verður tiltölulega lítil aukning í heildarakstri. Í dag er meðaleyðsla á bíl á ári um 1250 lítrar. Fyrir 10 árum síðan var þessi tala 1685 lítrar og hefur því lækkað um 435 lítra á bíl eða alls miðað við bílafjölda í dag um 48 millj. lítra sem gæfi Vegasjóði um 500 millj. kr. í tekjur. Ef litið er á þetta dæmi út frá heildarsölu á bensíni er aukning hennar 22% á þessu tímabili. Hins vegar var aukning umferðar á þjóðvegakerfinu um 31% á sama tíma. Þetta sýnir að tekjur af bensíngjaldi ná ekki að fylgja því aukna álagi sem umferðin leggur á vegakerfið.

Með tilliti til þess sem hér er sagt og þess svigrúms sem skapaðist með lækkun olíuverðsins lagði ég til í ríkisstjórn á s.l. sumri að í stað þess að lækka bensínverð til fulls yrði þeim mismun að hluta til mætt með sérstökum tímabundnum skatti sem rynni í vegagerð. Þessi tillaga náði þar ekki fram að ganga en ef hún hefði verið samþykkt hefðu fengist hér auknar tekjur til vegamála sem hefðu numið 200–300 millj. kr. miðað við heilt ár.

Tekjuáætlun er unnin í samráði við Þjóðhagsstofnun og er árið 1987 í samræmi við fjárlög. Tekjustofnar voru hækkaðir um síðustu áramót um 10% og er áætlunin sett fram á því verði fyrir öll árin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir um 2,5% aukningu tekna á ári á föstu verðlagi.

Í ársbyrjun 1983 var ákveðið að taka til hagræðingar alla verklega starfsemi Vegagerðar ríkisins. Hefur þetta ásamt mikilli aukningu útboða leitt til verulegrar fækkunar starfsfólks hjá Vegagerð ríkisins á undanförnum árum. Um áramótin 1982–1983 voru starfsmenn 461 en 371 um s.l. áramót, þ.e. starfsmönnum hefur fækkað um 90 á fjórum árum. Að litlum hluta hefur þessi fækkun orðið með uppsögnum en að mestu leyti á þann hátt að ekki hefur verið endurráðið í þær stöður sem hafa losnað. Áfram verður gætt ýtrasta aðhalds varðandi endurráðningar og gera má ráð fyrir að starfsmönnum Vegagerðarinnar fækki enn á næstu árum þótt það verði ekkert í líkingu við það sem verið hefur á undanförnum árum.

Í tillögunni er fjárveiting til sumarviðhalds í ár 671 millj. kr. og á árinu 1988 sama upphæð en hækkar síðan í 686 millj. kr. og 702 millj. kr. Sá liður í sumarviðhaldi vega sem hefur verið ætlaður til endurnýjunar á malarslitlögum á stofnbrautum og þjóðbrautum með mikla umferð hefur verið rýmri á undanförnum árum vegna þess hve mikil áhersla hefur verið lögð á lagningu nýrra slitlaga af nýbyggingarfé. Þar með hefur skapast nokkurt svigrúm til að nota fé af þessum lið til lagningar bundins slitlags og á þá kafla þar sem endurnýja átti malarslitlag. Verður reynt áfram að leggja bundið slitlag á umferðarmeiri vegi fyrir viðhaldsfé í stað þess að endurnýja malarslitlögin.

Á s.l. ári voru lagðir um 280 km af nýju, bundnu slitlagi og á undanförnum fjórum árum hafa verið lagðir tæpir 200 km á ári að meðaltali. Á undanförnum árum hefur verið lagt einbreitt bundið slitlag á um 233 km af umferðarminni vegum. Breidd þess er 3,8 metrar í stað 5,5–6 metra sem er venjuleg breidd. Reynsla af þessu hefur verið jákvæð og verður haldið áfram á þessari braut.

Til að nefna nokkrar tölur varðandi aksturskostnað, þá er talið að fyrir fólksbifreið sparist 15% í brennsluefni við það að fara af vondu malarslitlagi yfir á bundið slitlag, 38% í sliti á bíl, 33% í viðhaldskostnaði. Fyrir vöruflutningabíla er sparnaðurinn enn meiri. Minni rekstrarkostnaður og tímasparnaður ætti því að geta komið fram í lægri töxtum til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Því meiri umferð sem er á veginum, því fljótar vegur sparnaðurinn upp kostnað við slitlag. Ef dæmi eru tekin er arðsemi fjárfestingar af lögn slitlags á vegum með 200 bíla á dag 15–25%, með 500 bíla á dag 36–60% og með 750 bíla á dag 50–90%. Efri og neðri mörk arðseminnar gefa til kynna hvort farið er af góðum eða vondum malarvegi yfir á bundið slitlag.

Áætlað er að árlegur akstur á vegakerfinu sé tæplega 580 millj. km. Af þeim eru í dag tæplega 220 millj. km á malarslitlagi, þ.e. 62% af allri umferð eru á bundnu slitlagi. Enn eru þó margir malarvegir með mikla umferð. T.d. eru 547 km með meiri umferð en 200 bíla ársumferð á dag. Þar af eru 50 km með meiri umferð en 50 bíla á dag, 182 með umferð milli 300 og 500 bíla á dag og 315 með umferð milli 200 og 300 bíla á dag.

Undanfarin ár hafa að meðaltali 200 km verið lagðir bundnu slitlagi. Mikil arðsemi réttlætir fyllilega að reynt verði að ná stærri áföngum á næstu árum. Ljóst er að verulegur hluti þessara framkvæmda getur borið lántöku frá þjóðhagslegu sjónarmiði hvort sem lán eru tekin utan lands eða innan.

Mikill hluti sparnaðarins er erlendur gjaldeyrir. Hefur verið reiknað út hvað hann er mikill í hlutfalli við þann erlenda kostnað sem er við slitlagslögnina. Ef tekið er dæmi af vegi sem hefur 300 bíla umferð á dag er árlegur sparnaður 15–30% af útlögðum erlendum kostnaði. Það er því engin goðgá að sækja erlend lán til slíkra framkvæmda að mínum dómi.

Fjárveiting til vetrarviðhalds er á þessu ári 207 millj. kr. og hækkar síðan í 209 millj. kr. á árinu 1988, í 221 millj. kr. árið 1989 og 227 millj. kr. á árinu 1990.

Á s.l. árum hefur snjómokstursreglum verið breytt öðru hverju og hefðu þær breytingar í venjulegu árferði haft hækkandi kostnað vetrarviðhalds í för með sér. Vegna hagstæðs veðurs á síðasta ári sparaðist fé á þessum lið og var þá hægt að greiða skuldir sem safnast höfðu upp árin á undan. Breytingar á snjómokstursreglum eru í samræmi við vaxandi þarfir um flutninga og önnur samskipti að vetrarlagi, enda þótt langt sé frá því að komið sé á móti öllum kröfum á því sviði. Betri vegir hafa bætt mjög aðstöðu við snjóruðning. Hægt hefur verið að nota vörubifreiðar með snjótennur í auknum mæli, en það eru mun fljótvirkari tæki en vegheflar og blásarar sem notaðir eru á snjóþungum vegum, svo sem fjallvegum.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega skiptast á verkefnaflokka með hliðstæðum hætti og verið hefur. Sama er að segja um fjárveitingar til nýrra brúa. Í skiptingu fjár innan stofnbrauta hefur verið bætt fimmta liðnum við þá fjóra sem fyrir voru, þ.e. almenn verkefni, bundin slitlög, sérverkefni og Óvegi. Hér er um að ræða fjárveitingar til stofnbrauta á Reykjavíkursvæðinu.

Undanfarin ár hefur verið sérstök fjárveiting til þjóðvega í Reykjavík. Hefur hún komið að góðu gagni svo langt sem hún náði. Reynslan hefur hins vegar sýnt að nauðsynlegt er að líta á Reykjavíkursvæðið sem heild. Það svæði takmarkast í þessu samhengi af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur til norðurs og austurs og nær til Hafnarfjarðar í suðri. Á þessu svæði eru um 20 km af stofnbrautum. Á þessum litla hluta vegakerfisins fór fram meira en tíundi hluti alls aksturs á þjóðvegakerfi landsins árið 1985. Nærri ⅕ hluti allra skráðra slysa á þjóðvegum landsins það ár varð á þessum vegarköflum. Þessar tölur varpa skýru ljósi á vandamál þessa svæðis og undirstrika að þarfir þess lúta í verulegum atriðum öðrum lögmálum en þarfir á þjóðvegakerfinu almennt.

Í ljósi þessa verður ekki komist hjá því að veita nokkru fjármagni til lausnar brýnustu verkefnum á Reykjavíkursvæðinu og er gerð tillaga um það. Það skal tekið fram að þjóðvegir í þéttbýli á Reykjavíkursvæðinu eru ekki inni í þessum tölum, en þar eru umferðarvandamál og fjármagnsþarfir mjög miklar.

Áður en vikið er nánar að einstökum verkefnaflokkum innan nýrra framkvæmda er rétt að fara nokkrum orðum almennt um það verkefni sem við blasir í uppbyggingu þjóðvegakerfis landsins.

Í upphafi þessa máls var vikið að stöðu langtímaáætlunar að loknu fyrsta tímabili hennar. Ég tel rétt að gera nokkru nánari grein fyrir þessu og horfum fram undan. Þær tölur um fjármagn og kostnað sem nefndar eru hér eru allar á verðlagi þessa árs, en áætluð vísitala vegagerðar er 2100.

Með árinu 1986 lauk fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1983–1986. Samkvæmt langtímaáætluninni skyldi fjármagn til nýrra framkvæmda vera 5,2 milljarðar kr. Í raun hafa farið 4,1 milljarður til þessara verkefna eða um 78% af áætlaðri upphæð. Magn framkvæmda hefur hins vegar ekki minnkað að sama skapi og vantar ekki mikið á að heildarframkvæmdir séu í samræmi við upphaflega áætlun. Sumir framkvæmdaþættir eru á undan áætlun en aðrir á eftir. Bundin slitlög eru sá þáttur sem mestan framgang hefur haft. Alls eru bundin slitlög 1420 km í árslok 1986 og er það um 150 km lengra en áætlað var.

Helstu ástæður til þess að framkvæmdir hafa að mestu haldist í hendur við áætlunina þrátt fyrir minna fjármagn voru raktar hér í upphafi og mun ég ekki endurtaka það. Sé litið til annars tímabils langtímaáætlunar, þ.e. áranna 1987–1990, skyldu framlög til nýrra framkvæmda vera um 6,6 milljarðar. Það fjármagn sem tekið er til skipta samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að vegáætlun gefur um 3,7 milljarða til nýrra framkvæmda eða um 56% af því sem vera átti.

Ljóst má vera að svo mikil skerðing hlýtur að bitna hart á vegagerð í landinu og því mjög brýnt að aflað verði meira fjár á næstu árum. Minni ég enn á í því sambandi að arðsemi mjög margra framkvæmda er mikil. Nútímalegar samgöngur eru undirstaða byggðar í landinu og verkefni sem við blasa í vegagerð eru enn geysimikil og vaxandi.

Úttekt á stofnbrautum landsins í árslok 1986 sýnir að 12 milljarða þarf til að ljúka þeim að því marki sem viðunandi teldist í dag. Til samanburðar má ætla að um 2,9 milljarðar renni til vega og brúa í þessum flokki samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að vegáætlun sem eins og áður er sagt nær yfir annað tímabil langtímaáætlunarinnar.

Að loknu fjórða tímabili, þ.e. í árslok 1998, er malarslitlag enn á fjórðungi stofnbrauta. Nýjar þarfir vegna vaxandi umferðar og aukinna krafna um umferðaröryggi og vetrarumferð munu koma til. Jarðgöng eru ekki í úttektinni nema Ólafsfjarðarmúli og svo mætti áfram halda. Samkvæmt sömu úttekt þarf um 8,3 milljarða til að byggja upp þjóðbrautakerfið svo að vel væri. Verkefni eru því ærin á þessu sviði.

Með tilliti til stærðar verkefnisins og þeirrar þröngu fjárhagsstöðu sem nú ríkir verður ekki komist hjá að breyta nokkuð áherslum í stefnumörkun vegaframkvæmda. Leggja ber áherslu á að raska sem minnst áformum um bundin slitlög. Til að halda megi uppi áætluðum framkvæmdahraða á því sviði verður að nota núverandi vegi í mun ríkara mæli en áætlað var. Styrkja þarf þá og lagfæra verstu gallana og leggja síðan bundið slitlag á þá. Um leið verður þá nauðsynlegt að færa aftur eitthvað af dýrum mannvirkjum. Þá verður einnig að reikna með nokkurri þátttöku viðhalds í styrkingum og bundnu slitlagi eins og ég sagði áður. Þessar breyttu áherslur byggja á þeim rökum að enn er töluvert af umferðarmiklum vegum með malarslitlagi og er erfitt að halda þeim í sómasamlegu standi. Þá er sparnaður þjóðarbúsins mestur af lagningu bundins slitlags og er þá ótalinn sá umhverfislegi ávinningur sem því fylgir.

Mun ég nú hverfa aftur að einstökum verkefnaflokkum innan nýrra framkvæmda eftir því sem ástæða er til.

Stofnbrautir fá sem fyrr mest fjármagn í sinn hlut. Af því fjármagni fara um 60% til almennra verkefna og bundinna slitlaga. Því fjármagni mun fjvn. skipta milli kjördæma að venju og þm. hvers kjördæmis síðan á verkefni.

Til sérstakra verkefna fara um 26% af stofnbrautafé. Vegagerðin hefur þar lagt fram hugmyndir sem fjvn. mun taka til skoðunar og vil ég gera þessar hugmyndir stuttlega að umræðuefni. Hugmyndir Vegagerðarinnar tiltaka 15 verkefni. Þar af eru níu þegar í gildandi vegáætlun, en sex verkefnanna eru ný.

Suðurlandsvegur um Markarfljót. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um árið 1990.

Eyrarbakkavegur um Ölfusárós. Gert er ráð fyrir fjárveitingum á þessu ári og þremur næstu, samtals 170 millj. kr. Brú á ósinn ásamt fyllingum og görðum næst henni hefur þegar verið boðin út. Gerður hefur verið verksamningur við lægstbjóðanda og eru framkvæmdir að hefjast. Brúin er 360 metra löng með tveimur akreinum og verður með stærstu mannvirkjum sinnar tegundar. Smíði hennar á að ljúka 1988. Vegur vestan brúar verður lagður 1989 og þar með opnast leiðin til umferðar.

Þingvallavegur. Gert er ráð fyrir fjárveitingum á þessu ári og tveimur næstu, samtals 28 millj. kr., og ætti endurbyggingu vegar yfir Mosfellsheiði þá að vera lokið.

Vesturlandsvegur um Hvalfjörð. Þetta er nýtt verkefni sem lagt er til að fái 15 millj. kr. fjárveitingu árið 1989 og 20 millj. kr. árið 1990. Það er mjög aðkallandi orðið að halda áfram uppbyggingu þessa vegar þar eð umferð um hann er mikil og vegurinn víða hættulegur. Um þennan veg var nýlega rætt á hinu háa Alþingi og þar lýsti ég þeirri skoðun minni að það ætti að byggja upp veg fyrir Hvalfjörð, hann væri heppilegasta leiðin til frambúðar, og síðar að fara yfir Botnsvoginn sem styttir veginn nokkuð.

Þá er næst Reykjanesbraut, Reykjavík–Hafnarfjörður. Það er gert ráð fyrir 28 millj. kr. fjárveitingum til þessa verkefnis á þessu ári í samræmi við fyrri vegáætlanir. Það er ekki gert ráð fyrir frekari fjárveitingum til þessa verkefnis undir þessum lið þar eð það fellur undir vegi á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem annars staðar er gerð grein fyrir.

Þá er Vesturlandsvegur um Holtavörðuheiði. Lagt er til að til þessa verkefnis verði varið 19 millj. kr. í ár, 21 millj. kr. á næsta ári, 30 millj. kr. 1989 og 30 millj. kr. 1990. Fyrir þetta fjármagn ætti að takast að ljúka uppbyggingu þess sem nú er eftir af veginum frá Norðurárdalsvegi að Brú í Hrútafirði. Hins vegar er sennilegt að nokkra viðbót vanti til að ljúka slitlagslögn.

Vestfjarðavegur um Dýrafjörð. Það er lagt til að fjárveitingar hefjist til þessa verkefnis 1988 og haldi áfram 1989 og 1990, samtals 42 millj. kr. Þarna vantar hins vegar töluvert fé til að ljúka verkinu sem áætlað er að kosti um 120 millj. kr. og væri eðlilegt að því lyki á þremur árum. Vegur sá sem þarna yrði byggður er rúmir 3 km og leysir af hólmi næstum því 17 km veg inn fyrir fjörðinn. Sá vegur er á köflum bæði lélegur og snjóþungur og á honum eru staðir með verulegri snjóflóðahættu.

Djúpvegur og tenging Inn-Djúps. Það er lagt til að til þessa verkefnis verði varið 23 millj. kr. á þessu ári, 10 millj. á því næsta og 20 millj. kr. 1989. Lokið yrði vegagerð um Lágadal, byggð brú á Langadalsá og nýr rúmlega 2 km vegur um hana sem leysir af hólmi gamla brú og um 8,5 km lélegan veg.

Norðurlandsvegur, sýslumörk Skagafjarðarvegar. Lagt er til að áfram verði haldið framkvæmdum á Vatnsskarði á þessu ári og því næsta og er stefnt að því að ljúka endurbyggingu vegarins nema um Bólstaðarhlíðarbrekku sem væntanlega verður þá eini kaflinn á Norðurlandsvegi í Húnavatnssýslum

sem ólokið er.

Norðurlandsvegur, Miðhús–sýslumörk. Það er lagt til að 1989 verði byrjað á nýju sérverkefni í Blönduhlíð í Skagafirði og yrði þar með hafist handa við að koma veginum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar í viðunandi horf. Í þessu skyni er lagt til að einnig komi fjárveitingar á sömu árum til nýs verkefnis Eyjafjarðarmegin, þ.e. í Norðurlandsveg frá sýslumörkum að Ólafsfjarðarvegi.

Lagt er til að 24 millj. kr. verði veittar til Norðurlandsvegar um Eyjafjarðarleirur um Vaðla á þessu ári og 28 millj. kr. á næsta ári. Ætti því verki þá að ljúka og eru raunar horfur á að þá yrði lokið endurbyggingu vegarins milli Akureyrar og Húsavíkur og bundið slitlag komið á hann allan.

Á Austurlandsvegi um Hvalsnesskriður er reiknað með að framkvæmdum við kaflann Hof–Össurá ljúki á þessu ári. Síðan er lagt til að tekið verði fyrir nýtt verkefni sem er Norðfjarðarvegur frá Eskifirði að Oddsskarði. Er lagt til að fé verði varið til þess vegar á árunum 1988–1990 og ætti að vera unnt að ljúka því á þeim tíma. Að þessu verki loknu ætti að vera unnt að taka fyrir nýtt verkefni sem t.d. gæti verið tenging Vopnafjarðar og Héraðs.

Ó-vegir fá í sinn hlut um 8% af heildarstofnbrautafé. Þar er fyrsta verkefninu, Ólafsvíkurenni, lokið sem kunnugt er og var það verk ódýrara en áætlað var. Næsta verkefni, Óshlíð, naut góðs af því og komst þar með fyrr á dagskrá. Framkvæmdum þar hefur miðað allvel. Á þessu ári er lagt til að varið verði um 28 millj. kr. til verksins og er áætlað að byggð verði vegþekja á Hvanngjá ytri og lokið því sem á vantar af bundnu slitlagi. Þess skal einnig getið að á s.l. ári voru þar byggðar vegsvalir sem eru fyrsta mannvirki sinnar gerðar hér á landi. Á næsta ári er áætlað að breikka vegfyllingu á kafla og treysta grjótvörn. Þá er gert ráð fyrir nokkrum fjárveitingum árin 1989 og 1990 vegna frágangs og ýmissa framkvæmda til að auka öryggi vegarins, svo og að mæta áföllum sem kynnu að koma fyrir.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla hefjist á því tímabili sem hér er fjallað um. Er lagt til að fjárveiting verði 10 millj. kr. á þessu ári og síðan 45 millj. kr. á ári. Þarna vantar hins vegar mun meira fé þar eð ætla má að heildarkostnaður við verkið verði e.t.v. allt að 600 millj. kr. þó að það sé erfitt að fullyrða það á þessu stigi. Þarna verður að finna leiðir til þess á næstu árum að fjármagna þetta verkefni til þess að eðlileg framkvæmd þess sé tryggð. Koma þar ýmsar leiðir til greina og vil ég ekki útiloka lántökur í því sambandi sem og annað sem ég mun koma að síðar í minni ræðu.

Um þjóðbrautir þarf ekki að fara mörgum orðum. Alls eru ætlaðar 543 millj. kr. til þeirra verkefna, auk þess sem nokkurt fjármagn af brúafé rennur til brúa á þjóðbrautum. Ýmsar þjóðbrautir hafa mjög mikla umferð og verður að reikna með að nokkur hluti þjóðbrautafjár fari til bundinna slitlaga á umferðarmestu köflunum.

Til girðinga og uppgræðslu er varið 56 millj. kr. skv. till. Mikil verkefni eru hér óleyst og Vegagerðin enn langt á eftir með lausn þessara verkefna. Ógreiddar girðingakröfur nema nú um 95 millj. kr., en það svarar til um 700 km af girðingum. Það er talið að eftir sé að græða upp um 3600 hektara meðfram þjóðvegum landsins. Kostnað við það má áætla um 120 millj. kr. Þó mikil verkefni séu hér óleyst hefur þó miðað í rétta átt á undanförnum árum.

Fjárveitingar til brúagerða eru alls 269 millj. kr. Auk þess fer hluti af fjárveitingum stofnbrauta til brúabygginga. Einkum á þetta við um sérstök verkefni og þar eru nokkrar stórar brýr á dagskrá svo sem áður hefur verið á minnst.

Vegna þeirrar áherslu sem að undanförnu hefur verið lögð á gerð bundinna slitlaga hefur endurbygging brúa setið nokkuð á hakanum. Skv. tillögu um langtímaáætlun er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurbyggingu brúa þegar líður á áætlunartímabilið. Nokkur stór verkefni eru nú fram undan. Má þar nefna brýr á Kúðafljót, Múlakvísl, Markarfljót, Laxá í Kjós, Dýrafjörð, vesturós Héraðsvatna, Hafralónsá í Þistilfirði, Jökulsá á Brú, Eyvindará hjá Egilsstöðum og Breiðdalsá í Breiðdal. Til að leysa þessi verkefni og önnur sem bíða í brúagerð þarf mikið fjármagn og verður ekki undan því vikist til lengdar að auka fjárveitingar í þessu skyni.

Ég vil fara nokkrum orðum um þjóðvegi í þéttbýli og hef þá bæði í huga lið 2.3.3 og lið 2.7 í vegáætluninni.

Í till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð var gert ráð fyrir að á fyrstu fimm árum áætlunarinnar yrði sérstakri fjárveitingu til nýbyggingar vega varið til að flýta lögn bundins slitlags á þær götur sem samkvæmt vegalögum og sérstakri reglugerð teljast þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum. Í framhaldi af þessu var í vegáætlun fyrir árin 1983–1986 og 1985–1988 samþykkt fjárveiting til þessa verkefnis.

Langtímaáætlun gerði ráð fyrir að verkefni þessu lyki á fimm árum. Í reynd hefur fjárveiting sú sem til verksins hefur verið varið samkvæmt vegáætlun verið töluvert lægri en langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Hið sama á raunar við um annað fjármagn sem varið hefur verið til þjóðvega í þéttbýli. Því er lagt til í þáltill. að þessi sérstaka fjárveiting haldi áfram til ársins 1990 og er þess að vænta að þá verði náð því marki að þeir þjóðvegir í þéttbýli sem nú eru malarvegir verði komnir með bundið slitlag.

Þó að þessum áfanga verði náð blasa enn við tvö stór verkefni á þjóðvegum í þéttbýli. Annars vegar er uppbygging og útvíkkun þess hluta vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu sem telst til þessa flokks. Einkum á þetta við um höfuðborgina sjálfa þar sem mikil verkefni eru fram undan, svo mikil að þau rúmast ekki innan núverandi fjárhagsramma þjóðvega í þéttbýli. Þarf að finna lausn á því máli á allra næstu árum. Hins vegar er viðhald umferðarmestu þjóðvega í þéttbýli. Mun fjármagn í vaxandi mæli fara til

viðhalds á næstu árum.

Þá vil ég nefna einn útgjaldalið sem nú er felldur niður í vegáætlun, en það er fjárveiting til vélakaupa og byggingar áhaldahúsa. Uppbyggingu Vegagerðarinnar á aðstöðu víðs vegar um landið er nú svo langt komið að hægja má þar á. Þá hefur vélaeign hennar minnkað mikið á undanförnum árum og endurnýjun véla því mun minni en áður. Er nú svo komið að afskriftafé véla og áhaldaleiga duga fyrir fjárfestingum sem nauðsynlegar eru á þessu sviði.

Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir helstu liðum á fyrirliggjandi till. Ég mun nú víkja nokkuð að ýmsum atriðum sem snerta umferð og vegi og hafa verið ofarlega á baugi undanfarið.

Undanfarin tvö ár hefur umferð á þjóðvegum landsins aukist mjög mikið. Þetta hefur í flestum tilfellum í för með sér þörf á auknum framkvæmdum víðar, en þörf á bundnu slitlagi og viðhaldsþörfin eykst. Á umferðarmestu vegunum kallar aukin umferð oft á mjög dýrar úrbætur á viðkomandi vegum. Á þetta einkum við um vegi í næsta nágrenni stærstu þéttbýlisstaðanna og þá sérstaklega í næsta nágrenni Reykjavíkur. Því miður virðast umferðarslys vera óhjákvæmilegur fylgifiskur. Sem betur fer hefur slysatíðnin þó fremur farið lækkandi undanfarin ár, þ.e. slysafjöldinn hefur ekki vaxið í sama mæli og umferðin.

Árið 1985 urðu samkvæmt lögregluskýrslum alls 923 slys á þjóðvegum landsins utan þéttbýlisstaða. Í 250 þeirra eða um 27% tilfella urðu meiðsli á fólki, þar af dauðaslys í tólf skipti. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kemur að um 36% slysanna verða er bifreið er ekið út af vegi og um 61% allra slysa með meiðslum á fólki verða í útafakstri. Slysatíðni er skilgreind sem fjöldi slysa fyrir hverja 1 millj. ekinna km og meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1985 reyndist vera 1,59. Samsvarandi tala fyrir árið 1984 var 1,85. Meðalslysatíðni áranna 1977–1985 er um 1,78 þannig að árið 1985 virðist liggja töluvert neðan meðaltals.

Slysatíðnin hefur lækkað verulega frá fyrra ári þótt slysum hafi ekki fækkað nema um 4%. Skýringin er sú að umferð hefur aukist talsvert á árinu. Tíðni slysa með meiðslum var 0,43 slys pr. milljón ekinna km og er það með því hæsta frá því að samræmd skráning hófst árið 1977. Meðaltal áranna 1977–1985 er 0,39.

Sá þjóðvegur sem flest slys urðu á er Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1985 gerðar lögregluskýrslur um 147 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut og eru þetta um 15,9% allra slysa sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á þessum vegi reyndist vera 2,86, þ.e. verulega hærri en landsmeðaltal, en lækkar miðað við fyrra ár sem hafði slysatíðnina 3,21.

Af öðrum vegarköflum með mikinn slysafjölda eða háa slysatíðni má nefna Reykjanesbraut við Hafnarfjörð og Njarðvík, Vesturlandsveg næst Reykjavík svo og kafla í Norðurárdal. Á þessum stöðum og fleiri hefur verið reynt að bæta úr ágöllum vegar og auka umferðaröryggi og verður því haldið áfram.

Slysaskráning samkvæmt lögregluskýrslum sýnir að vísu ekki nema hluta umferðaróhappa. Oft er ekki leitað til lögreglu. Einkum á það við um minni háttar óhöpp. Þessi mælikvarði á þó að vera nothæfur til að bera saman tölur á milli ára.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að bættum merkingum á þjóðvegum landsins. Merkingar þessar miða að tvennu. Í fyrra lagi að auka umferðaröryggi og í öðru lagi að leiðbeina vegfarendum. Varðandi umferðaröryggi hefur auk viðbóta og stöðugs viðhalds á umferðarmerkjum verið gert átak í eftirtöldum atriðum í merkingarmálum á árunum 1985–1986:

1. Viðsjárverðar beygjur á stofnbrautum og umferðarmestu þjóðbrautum hafa verið merktar með svokölluðum stefnuörvum. Byrjað var á þessum merkingum 1985 og hafa rúmir 4 þús. km þjóðvegakerfisins verið merktir á þennan hátt.

2. Ákveðið hefur verið að merkja allar stofnbrautir, alla vegi með bundnu slitlagi og þjóðbrautir með malarslitlagi en með meira en 100 bíla dagsumferð með kantstikum. Er áætlað að ljúka þessari framkvæmd vorið 1988 og þá er gert ráð fyrir að stikur verði á báðum köntum á um það bil 900 km vega og á öðrum kanti á um það bil 3500 km vega.

3. Brúarendar einbreiðra brúa hafa verið merktir sérstaklega með gulum og svörtum skástrikum.

Auk framangreinds má geta þess að Vegagerð ríkisins hefur sett á nokkrum stöðum sérstök merki við innkeyrslur á fjallvegi sem sýna með tákni að vegurinn sé eingöngu ætlaður bifreiðum með drifi á öllum hjólum. Einnig hefur Vegagerð ríkisins lagt til efni í upplýsingabækling sem Ferðamálaráð gefur út á fjórum tungumálum og hefur m.a. að geyma hagnýtar upplýsingar til ökumanna um akstur og aðstæður á þjóðvegum og fjallvegum landsins.

Þjónustuaðilar hafa í auknum mæli sóst eftir að setja upp auglýsingamerki við þjóðvegi. Hafa merki þessi verið af ýmsum stærðum og gerðum og oft ekki í samræmi við reglur sem fjalla um slíkar merkingar. Árið 1983 gaf Vegagerð ríkisins í samráði við Náttúruverndarráð út reglur um uppsetningu leiðbeiningarmerkja. Að fenginni reynslu eru reglur þessar nú í endurskoðun og hafa aðilar sem tengjast ferðamálum verið kallaðir til samráðs. Við þessa endurskoðun er það meginatriði haft að leiðarljósi að leiðbeiningarmerki við þjóðvegi eru til að leiðbeina vegfarendum. Vegfarandinn verður að geta treyst því að leiðbeiningarmerki gefi réttar upplýsingar um þá þjónustu sem honum stendur til boða án þess að leita langt yfir skammt.

Vegagerð ríkisins sér um að merkja þjóðvegina með umferðarmerkjum í samráði við lögregluyfirvöld og er þess sérstaklega gætt að samræmi sé í merkingum á milli landshluta. Unnið hefur verið markvisst að þessum merkingum á undanförnum árum og verður svo áfram eftir því sem ástæður og

aðstæður þykja gefa tilefni til.

Á undanförnum árum hefur Vegagerð ríkisins í auknum mæli boðið út framkvæmdir. Hefur það yfirleitt gefist vel, m.a. vegna lágra tilboða, tekist að ná stærri áföngum í framkvæmdum og jafnvel að ljúka ýmsum verkefnum þótt fjárveitingar hafi ekki verið í samræmi við vegáætlun og langtímaáætlun.

Sú breyting hefur orðið á að undanförnu að stærri verktakar á höfuðborgarsvæðinu hafa átt erfitt uppdráttar við hina hefðbundnu vegagerð úti á landi. Hafa þeir ekki getað keppt við verktaka á landsbyggðinni um þessi verkefni sem flest hver eru smá. Á s.l. sumri unnu verktakar á höfuðborgarsvæðinu mjög lítinn hluta af hinum almennu vegagerðarverkefnum, en hlutur verktaka á landsbyggðinni hefur aukist í sama mæli. Því miður ber þó nokkuð á því að verktakar ætla sér um of í gerð tilboða og verkefni reynast þeim ofviða fjárhagslega. Enda þótt þeir skili sjálfum verkunum af sér í flestum tilvikum kemur stundum í ljós að þeir standa ekki í skilum við viðskiptaaðila sína og starfsmenn.

Á árinu 1985 voru boðin út tæplega 100 verk, stór og smá, hjá Vegagerðinni og kostnaður þeirra var áætlaður um 418 millj. kr., en tilboðsupphæð var 277 millj. kr. eða um 66% af kostnaðaráætlun. Í mörgum þessara verka var aukið við þau á grundvelli einingarverða og fyrir slíkar viðbætur var greitt um 23 millj. kr. eða um 8% af tilboðsupphæð.

Aðrar greiðslur til verktaka, þar með taldar verðbætur og kröfur vegna breyttra aðstæðna o.fl., námu um 28 millj. kr. eða um 10% af tilboðsupphæð. Heildarkostnaður við umrædd verk varð því 328 millj. kr. Á dag er árlegur sparnaður 15–30% af útlögðum erlendum kostnaði. Það er eins og ég hef áður sagt engin goðgá að sækja um erlend lán til slíkra framkvæmda að mínum dómi.

Fyrrnefndar tölur eru byggðar á uppgjöri í lok apríl á s.l. ári. Nokkur verk voru þá enn óuppgerð, en það breytir ekki myndinni svo neinu nemi. Öllum uppgjörum er nú lokið nema á Laxárdalsheiði, en þar hefur ekki náðst samkomulag og líklegt að það mál fari fyrir gerðardóm svo sem venja er um slík mál.

Allmörg byggðarlög í landinu eru þannig í sveit sett að þau verða ekki tengd við vegakerfi landsins eða nærliggjandi byggðarlög með fullnægjandi hætti nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum. Jarðgangagerð hefur alloft verið til umræðu hér á Alþingi undanfarin ár, m.a. í tengslum við svokölluð Ó-verkefni, Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla. Jarðgöng komu til skoðunar við öll þessi verkefni og í Ólafsfjarðarmúla var niðurstaðan sú að þau væru besta lausnin. Þá hafa verið fluttar nokkrar þáltill. um jarðgangagerð og athuganir og áætlanir þar að lútandi.

S.l. haust skipaði ég nefnd til að gera langtímaáætlun um jarðgöng til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir svo um verkefni hennar og markmið áætlunarinnar:

„Markmið slíkrar áætlunar er að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga völ á fullnægjandi tengingu með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda eðlilega félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum, t.d. yfirbyggingu. Nefndin skal í starfi sínu m.a. taka fyrir eftirfarandi atriði:

1. Samanburð jarðganga við aðrar mögulegar lausnir með tilliti til stofnkostnaðar, viðhaldskostnaðar, notagildis og umferðaröryggis.
2. Röðun verkefna.
3. Framkvæmdahraða og hugmyndir að fjármögnun miðað við að áætlun sé þannig sett upp að hún geti fallið að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Áætlunin skal hefjast með jarðgöngum í Ólafsfjarðarmúla sem voru þegar í upphafi tekin með í langtímaáætlun um vegagerð."

Lögð var áhersla á að í þessari fyrstu áætlun sinnar tegundar yrði fyrst og fremst litið á tengingu kaupstaða og stærri kauptúna. Aðrir staðir yrðu teknir fyrir síðar. Nefndinni var skammtaður naumur tími og skyldi hún skila skýrslu nú í vetur. Nefndin hefur starfað undanfarna mánuði og standa vonir til að hún skili skýrslu sinni í næsta mánuði.

Vegna þess hvað þing er stutt verður ekki unnt að hafa jarðgangaáætlunina til hliðsjónar við afgreiðslu vegáætlunar og langtímaáætlunar að þessu sinni. Með jarðgangaáætluninni er þó vonandi stigið fyrsta skrefið í þá átt að fella þessa dýru en mikilvægu mannvirkjagerð að langtímaáætlun í vegagerð. Með því móti verður unnt að undirbúa þessi verkefni á skipulegan hátt að því er tekur til jarðfræði, tækni og fjármögnunar. Niðurstöður nefndarinnar verða kynntar alþm. þegar þær liggja fyrir.

Ég hef nú gert að umtalsefni nokkur stór og dýr mannvirki sem verða munu á dagskrá á næstu árum. Fleira má nefna af því tagi en jarðgöng. Vega- og brúagerð yfir firði hefur verið mikið á dagskrá að undanförnu og nokkrum slíkum verkefnum er þegar lokið. Önnur eru í byggingu eða þegar ákveðin. Tvö stór verkefni á þessu sviði eru þó óleyst enn, en hafa verið nokkuð til umræðu hér á Alþingi sem út í þjóðfélaginu að unnið sé samfellt að jarðgangagerð. Í Hvalfirði er verulegur hluti vegarins enn þá malarvegur sem á köflum hefur slæma legu. Umferð er þarna mikil og verður ekki komist hjá því öllu lengur að leggja bundið slitlag á veginn þó að ekki takist að endurbyggja hann eins og æskilegt væri. Um 1970 vann sérstök nefnd að úttekt á samgöngum um Hvalfjörð. Niðurstaðan þá var sú að leggja bæri veg fyrir fjörðinn en fara þó þvert yfir Botnsvog utanverðan. Vegaframkvæmdir hafa miðað við þetta, en dýrustu hlutarnir þó ógerðir enn.

Alloft hefur því verið hreyft hér á Alþingi að endurskoða bæri nefndarálitið og hafa þm. Vesturlands haft forustu um það. Nú er grundvöllur nefndarálitsins að verða 20 ára gamall og því ekki óeðlilegt að huga að endurskoðun. Gefst nú tækifæri

til að veita nokkru fjármagni til þeirrar vinnu ef áhugi er fyrir hendi.

Í gildandi vegáætlun er veitt fé til rannsókna í Gilsfirði. Er fyrsta áfanga þeirrar rannsóknar nú lokið og benda niðurstöður til að fýsilegt sé að fara yfir fjörðinn. Þetta er þó háð ýmsum skilyrðum um lífríki Gilsfjarðar og atriði tengd því. Næsti áfangi er að rannsaka nánar þau efni og þarf nokkurt fjármagn í því skyni til viðbótar því sem áður var komið.

Athuganir hafa að undanförnu einkum beinst að veglínu af Kaldrana að Króksfjarðarnesi. Sú leið mundi alfarið leysa núverandi veg um Gilsfjörð af hólmi, en hann er oft og tíðum snjóþungur og erfiður yfirferðar að vetrinum. Þá mundi leiðin vestur um styttast um 16–17 km og er óvíða hægt að ná slíkum árangri á því sviði. Byggðir Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu mundu færast nær hvor annarri, auk þess sem leiðir til Vestur-Barðastrandarsýslu munu styttast.

Enn vil ég geta eins verkefnis þó ekki sé það jafnstórt þeim sem rætt var um hér á undan. Þetta er Suðurlandsvegur á Mýrdalssandi. Hin síðari ár hefur ástand vegarins á Mýrdalssandi versnað, einkum í samanburði við aðra hluta Suðurlandsvegar. Helstu annmarkar vegarins eru lélegt malarslitlag, snjóþyngsli og sandfok. Farið er að huga að framtíðarlegu vegarins og þykir vænlegast að taka hann mun neðar á sandinn, allt frá Múlakvísl austur undir Álftaver eða á rúmlega 20 km kafla. Þar mælist snjór minni og þar er hefting sandfoks með uppgræðslu talin möguleg. Kostnaðarmunur á því að gera nýjan veg niðri á sandinum og leggja núverandi veg bundnu slitlagi er áætlaður rúmlega 40 millj. kr. Fyrir þær á að fást snjóléttari vegur án teljandi sandfoks.

Þjóðvegakerfi landsins er tæplega 8500 km, þar af um 3800 km af stofnbrautum. Þetta langa vegakerfi er vitanlega mjög misjafnt að gæðum og hefur þó vissulega farið mjög batnandi unanfarin ár. Nú er talið að rúmlega 60% stofnbrauta þoli 10 tonna öxulþunga allt árið og hefur þetta hlutfall hækkað um 10% á síðustu fjórum árum. Sambærileg tala fyrir þjóðbrautir er aðeins tæp 30%.

Bundið slitlag er komið á 1420 km og hefur lengd þess meira en tvöfaldast á undanförnum fjórum árum. Er nú komið bundið slitlag á um 45% af hringveginum, 64% af leiðinni Reykjavík–Akureyri, rúmlega þriðjung leiðarinnar Reykjavík–Ísafjörður, svo dæmi séu tekin, og á leiðinni Reykjavík–Egilsstaðir er bundið slitlag á um 45% leiðarinnar hvort sem farin er syðri eða nyrðri leiðin.

Uppbyggingu sýsluvegakerfisins hefur miðað vel undanfarin ár. Sveitarstjórnir hafa notað heimildir til að leggja fram aukaframlag gegn mótframlagi frá ríki og hefur m.a. tankvæðing mjólkurframleiðslunnar ýtt þar undir. Af 3166 km sýsluvegakerfi er nú lokið 223 km, sé rutt eða ófært, eða um 7%. Það þekkist að sýsluvegir séu lagðir bundnu slitlagi, en það telst þó til undantekninga.

Eins og fram hefur komið í þessari þáltill. til vegáætlunar er lagt til að engin breyting verði gerð frá því sem fjárlög hafa markað á þessu ári. Hins vegar er lögð hér fram till. um að framlög verði miðuð við 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu fyrir árin 1988, 1989 og 1990. Það þýðir að það vantar á næsta ári 1380 millj. miðað við þá mörkuðu tekjustofna sem fyrir hendi eru og rúmar 1400 millj. kr. á árinu 1989 og 1440 millj. kr. á árinu 1990. Ekki hefur náðst um það samkomulag að auka þessa fjármuni til vegagerðar, en af því sem ég hef hér sagt geng ég ekkert til baka með að það er brýn nauðsyn á að auka þetta fjármagn.

Ég nefndi áðan að ég hefði lagt til að nota hluta af lækkun bensíns til að auka framkvæmdir í vegamálum, en um það náðist ekki samkomulag. Ég tel að ekki verði hjá því komist að leggja aukið framlag til vegamála umfram þessa mörkuðu tekjustofna. Ég tel að það eigi að skipta því með þrennum hætti. Í fyrsta lagi á að taka ⅓ af þeirri upphæð til brýnna verkefna hér á höfuðborgarsvæðinu, í öðru lagi til brýnna verkefna við jarðgangagerð sem þá ætti að liggja fyrir og í þriðja lagi til að auka framlag við brúabyggingar sem vantar mikið á að séu viðunandi. Þetta verða verkefni nýs Alþingis og nýrrar ríkisstjórnar. Ég hefði kosið að geta lagt fram slíkar tillögur og fengið til þess heimild, en ég vona að sú ríkisstjórn sem mynduð verður að kosningum loknum taki fljótlega upp þessi mál og ef ég á eftir að sitja áfram á þingi, hvort sem ég verð stjórnarþingmaður eða stjórnarandstæðingur, væri mér mjög kærkomið að styðja slíka viðleitni því að fá eða engin mál eru sem þarf jafnmikla fjármuni til að koma í gott lag og vegamálin. Vegamálin og samgöngur almennt, vegamál, flugmál, hafnarmál og samgöngumál almennt, eru lífsskilyrði fyrir hinar dreifðu byggðir landsins og líka gífurlegt atriði fyrir þéttbýlið eins og ég hef ekki látið undir höfuð leggjast að minna ítarlega á í þessari ræðu minni.

Ég skal svo ekki þreyta þingheim með lengri ræðu, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Hér er komið að einu af þeim málum sem við köllum stóru málin á Alþingi og við bíðum ævinlega eftir með nokkurri eftirvæntingu hvernig til muni takast um og skiptir okkur afarmiklu máli.

Þessi till., sem hæstv. ráðh. hefur nú mælt fyrir til þál. um vegáætlun til næstu fjögurra ára, var lögð fram í gær og aðeins nokkur atriði sem hægt er að tæpa á nú. Ég get þó ekki látið hjá líða að þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög glögga og greinargóða ræðu þar sem komið var víða við og tekið á helstu þáttum samgöngumála í víðustu merkingu þess orðs. Þessi ræða sýndi hvort tveggja, góða yfirsýn hæstv. ráðh., sem enginn efar að er mikil og góð í þessum efnum, og glöggt og skýrt upplýsingastreymi frá Vegagerð ríkisins, enda vitað að þar eru óvenjuhæfir starfskraftar sem ævinlega eru reiðubúnir að veita þm.

hinar bestu upplýsingar sem hægt er. Ég fullyrði að þó ég sé ekki ætíð sammála þeim ágætu mönnum sem ráða á þeim bæ virði ég hvort tveggja, ágæta upplýsingagjöf þeirra almennt og hrein og bein samskipti og heiðarleg í hvívetna sem er meira en hægt er að segja um margar aðrar opinberar stofnanir.

Þessi ræða hæstv. ráðh. var glögg og greinargóð eins og ég sagði áðan, enda má segja að hæstv. ráðh. hafi farið vítt um vegi, næstum um allt vegakerfi landsins, án þess að hafa í nokkru verið úti að aka í neikvæðri merkingu þeirra orða og er ekki nema gott um það að segja að Alþingi sé flutt jafnglögg og greinargóð úttekt á samgöngumálum, stöðu þeirra, þróun undanfarið og því sem hægt er að reikna með fram undan.

Hæstv. samgrh. lætur nú skammt stórra högga á milli hér í Alþingi og ég skil vel að hann vilji í lokin á þessu kjörtímabili láta allar sínar langanir og þrár rætast, ef svo mætti að orði kveða, eftir sveltistefnu liðinna ára. Hafnaáætlunin sem liggur nú á borðum manna er glöggt dæmi um það sem ráðherra hefði án efa viljað gera á undanförnum árum, en er þveröfugt við það sem hefur verið í raun. Lántaka til Egilsstaðaflugvallar, sem þm. seinni kjörtímabila eiga auðvitað að standa undir, er líka gott dæmi um þetta og ber að fagna því og nú vegáætlun þó þar sé um óútfyllta hluti að ræða að nokkru, eins og reyndar í hinu einnig.

Ég er alveg sannfærður um að hæstv. ráðh. hefur oft verið ofurliði borinn þegar hann hefur verið að reyna að klóra í bakkann varðandi framlög til samgöngumála. Ég fullyrði það. Ég veit áhuga hans í sambandi við þetta og ég held að dæmið sem hann tók áðan um það að taka hluta af bensínverðinu, sem lækkaði mjög verulega, langt niður fyrir rauða strikið sem samið var um á sínum tíma, sé kannske ærið merki um dapurlegt hlutskipti þessa hæstv. ráðh. í ríkisstjórninni, þar sem hann lýsti því að hann hefði verið ofurliði borinn með þá skynsamlegu tillögu í ríkisstjórninni og þá trúlega af hæstv. fjmrh., formanni síns flokks, og hæstv. forsrh. einnig, formanni hins stjórnarflokksins, ásamt öðrum liðsmönnum sem þar hafa gengið svo skammsýna götu sem menn gengu í því efni.

Ég get lýst því yfir að ég er hæstv. ráðh. hjartanlega sammála í þessu efni, enda var sú tillaga um að nýta þetta til framkvæmda í vegamálum þegar reifuð í umræðum á Alþingi af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á síðasta þingi og bent á þar og flutt um það till. að þetta yrði nýtt beinlínis, það forskot sem þarna kom, eins og hæstv. ráðh. gerði svo síðar tillögu um í ríkisstjórninni en var ofurliði borinn eins og hann lýsti dapurlega og með mikilli hryggð í röddinni áðan. Ég held nefnilega að hæstv. ráðh. sé býsna vel meinandi og vel vitandi um nauðsyn og þarfir í þessum efnum, en hann hefur bara ekki fengið að ráða ferðinni. Það er vitanlega mjög dapurlegt hlutskipti fyrir fagráðherra sem hefur áhuga á málum, eins og hæstv. samgrh. hefur margoft sýnt að hann hefur, og ég tala nú ekki um þegar jafnskapheitur maður og allir vita að hæstv. samgrh. er verður að una því hlutskipti að beygja sig í duftið hvað eftir annað, jafnvel þegar hann er með allra skynsamlegustu tillögur sem hafa sést og heyrst úr þessari ríkisstjórn um alla hennar daga.

Það fer svo ekkert á milli mála að maður óskar honum til hamingju með að fá nokkra útrás fyrir þetta núna á lokadögum þingsins, með hafnaáætlun, með tillögu um Egilsstaðaflugvöll og með vegáætlun núna, fá nokkra útrás fyrir það sem samráðherrar hans hafa hindrað hann í gott að gera allt kjörtímabilið. Ég get út af fyrir sig vel unnt honum þess, en annað er svo hvað við verður gert í alvörunni og hverjir niðurskurðarpostular koma til valda og bregða kutanum á bjartsýna loftkastala hætv. ráðh. Ég segi loftkastala miðað við rauntölur þess tíma sem gildir því það eru auðvitað þær tölur sem gilda og við tökum mark á. Hinar eru tölur sem eru meira og minna út í loftið og þar af leiðandi loftkastalar en full þörf er á að byggja úr varanlegra efni en lofti.

Hér og nú þá skal ekki tíunduð þýðing vega, samgangna sem bestra og samgangna í heild, eins og hæstv. ráðh. kom inn á í lokaorðum sínum. Þar er hægt að taka undir hvert orð. Samgangna milli landshluta, innan landshluta, milli byggðarlaga. Hér er auðvitað um að ræða þá þætti sem skipta sköpum um öll samskipti á hvers konar þjónustusviðum og skipta sums staðar sköpum um framtíð byggðar í raun. Alla landsmenn snertir þessi þáttur. Hæstv. ráðh. hefur gert hér ítarleg skil á því hversu suðvesturhornið þurfi mjög á þessu að halda þannig að fólk á þessu horni þyrfti ekki síður að huga að mikilvægum verkefnum sem hann lagði mjög mikla áherslu á hér og ég ætla ekki að draga úr, en það ætti þá að tryggja að öll þjóðin stæði að baki átaki sem bestu í vegagerð og þeirri skattlagningu sem til þyrfti að koma svo að þessi vegagerð yrði sæmandi og það átak yrði gert sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir á sínum tíma og ég skal nú koma nokkuð að.

Það var fullur einhugur hér á Alþingi um markmiðin sem sett voru fram í langtímaáætlun í vegagerð. Það markmið sem þar var sett var í senn mjög skynsamlegt og eðlilegt. Ákveðinn hundraðshluti af þjóðarframleiðslu er nefnilega sanngjörn viðmiðun í þessum efnum. Því betur sem árar í þjóðarbúskap okkar, því meira getum við gert og betur í okkar samgöngumálum, í okkar vegaframkvæmdum og svo aftur öfugt. Hér er um rétta og eðlilega viðmiðun að ræða. Því er það þeim mun ergilegra, að maður taki nú ekki sterkara til orða en það, að þegar meira hefur verið til skipta varðandi þjóðarframleiðsluna, þegar góðærið hefur farið svo langt fram úr björtustu vonum manna sem raun ber vitni, skuli samgöngumálin ekki hafa notið meira góðs af því með tilliti til þeirrar þýðingar sem þau hafa en raun ber vitni.

Hæstv. ráðh. sagði: Það hefur verið staðið að miklu leyti við flest þau verkefni sem langtímaáætlun gerði ráð fyrir, en fjármagnið til hennar hefur

verið mjög skert. Markið sem menn settu sér í þessum efnum með 2,4% af þjóðarframleiðslunni var að vísu hátt, en það var full þörf á því og enginn efar það. Þessi vegáætlun er líka því marki brennd. Þegar þessu raunverulega ári sleppir, árinu 1987 er vitanlega gert ráð fyrir því að þessu 2,4% marki af þjóðarframleiðslunni verði náð þó að þarna standi önnur framlög óráðstafað varðandi skilgreiningu á því sem ég kem að aftur síðar.

Ég er þó viss um að vegna þess að slíkur einhugur var um þetta markmið, að við skyldum verja 2,4% af okkar þjóðarframleiðslu til þessa þáttar, hefur hæstv. ráðh. haft einhverja fótfestu í því máli ef maður miðar t.d. við hafnamálin sem hafa fengið hina hraklegustu útreið. Ég er sannfærður um að einmitt þetta hefur valdið því að niðurskurðarhnífnum hefur ekki verið beitt jafngrimmilega í sambandi við vegamálin og hefur það þó verið gert í nægilega ríkum mæli. Ég nefndi áðan að enn einu sinni sjáum við rauntölur þess árs sem við erum að fjalla um, þ.e. 1987, sem er ekki nema hluti af því sem átti að vera. En næst skal efna allt. 1988, 1989 og 1990 skal efna allt saman sem markmið var sett um. Bara eitt ár enn, bara einn dans enn með lágu prósentunni. Síðan á allt að réttast af. Mikil er sú trú sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur á næstu hæstv. ríkisstjórn að hún skuli ætla henni að stökkva úr 1,5% upp í 2,4% af þjóðarframleiðslu strax á næsta ári. 1,5% skal það vera í ár, 0,9% er þá skerðingin miðað við það mark sem sett hefur verið.

Því miður er það auðvitað rétt að árið 1987, sem við sjáum á fyrstu síðu þessarar till., er ár raunveruleikans. Það er það ár sem við höfum. Hitt eru ár óskanna þar sem þrá ráðherrans fær ærna útrás. Ég skal játa það. Og ég ann honum þess hlutskiptis sannarlega að fá vissa útrás í því að setja þessar tölur á blað. Ég ætla líka að vona það, eins og hann tók fram áðan, hvort sem hann verður stjórnarandstæðingur eða stjórnarsinni, að hann fái nógu marga liðsmenn hér á Alþingi til að ganga þvert á þá niðurskurðarstefnu sem hann hefur orðið að búa við að því er hann sagði sjálfur frá áðan í þeirri hæstv. ríkisstjórn sem hann er nú bráðum trúlega að hætta í — eða sem vonandi er að leggja upp laupana ef maður mætti orða það svo kurteislega.

Nokkrar tölur hér að lútandi er rétt að skoða. Í því ljósi er rétt að skoða að þessi framlög skyldu fara vaxandi á þeim árum sem ég tek hér sem dæmi, framlögin skyldu fara mjög vaxandi og ná þessu 2,4% markmiði. Ef við tökum nýframkvæmdir á sambærilegu verðlagi frá 1983 eru þær 1983 926 millj. kr., 1984 1065 og síðan fer að síga aftur niður á við. Hér er um nýframkvæmdir að ræða. 1985 fer þetta niður í 1054 millj. kr., 1986 1010 millj. kr. og í ár, á þessu lokaári, ári raunveruleikans, niður í 913. Allt er þetta á eina bók, því miður. En það er rétt, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að það hafa ýmis atvik valdið því að það hefur ekki farið eins illa og þessar tölur gefa tilefni til.

Ég ætla að koma að útboðsþættinum sérstaklega á eftir sem hæstv. ráðh. tíundaði hér áðan. Vitanlega hefur olíuverðslækkunin haft gífurleg áhrif hér varðandi bundna slitlagið og ýmsar aðrar ytri aðstæður bætt mjög úr og eins að menn hafa farið út í ódýrari og skynsamlegri lausnir um leið, eins og hæstv. ráðh. benti á, og drýgt þar af leiðandi framkvæmdir og teygt verulega úr þeim.

En það er kannske rétt að snúa sér að því, vegna þess að það er í raun og veru aðaleinkenni þessarar till. til þál. um vegáætlun, að virða fyrir okkur önnur framlög ríkissjóðs en markaðar tekjur, þ.e. það sem á að gera árið 1988 og áfram, þá tölu sem á að verða svo unaðslega há þá. Ég nefni sem dæmi um þetta hver voru framlög ríkissjóðs utan við markaðar tekjur. Árið 1981 var um 973 millj. að ræða, árið 1983 780 millj. kr., árið 1985 705 millj. kr., í fyrra lækkaði þetta niður í 578 millj. kr. Allt er þetta á sambærilegu verðlagi. Nú, og það þarf ekkert sambærilegt verðlag þar, er talan núll. Hún er staðfest hér á fremstu síðu. Núll skulu önnur framlög vera í ár, en þau skulu verða býsna há á næstu árum. Það er þetta núll sem á að vísa okkur veg til bjartari tíðar á næstu árum. Það er þetta núll sem á að skína okkur sem sól, enda reyndar kringlótt eins og sólin og á þess vegna trúlega að gefa álíka birtu fram á veginn til okkar.

En ég segi: Því miður. Það læðist að manni sá grunur að af því að hæstv. ráðh. er í framboði í vor með sínum flokkssystkinum og það á að kjósa í vor eins og allir vita sé ekki amalegt að geta veifað vegi hér og þar út á eitthvert óráðstafað núll sem reyndar er í raun og veru. Ég sé alveg fyrir mér að hægt verður að hampa höfnum hér og þar á næstu árum sem hafa verið sveltar allt þetta kjörtímabil. Auðvitað læðist að manni að meiningin með þessu sé kannske þessi. Ég ætla ekki hæstv. ráðh. svo lágar hvatir að setja þetta fram í þessum tilgangi heldur sé hans meining sú að reyna að hefja þessa málaflokka til nokkurs vegs. En hæstv. samráðherrar hans úr báðum flokkum, sem einnig eru því miður allt of margir í framboði áfram, munu örugglega nota sér þetta og hampa þessum tölum, hæstv. ráðh., þeir sömu ráðherrar sem hafa verið að skera niður fyrir honum allan tímann. Það verður ekki amalegt fyrir þá að nota sér þessar tölur, t.d. hæstv. framsóknarráðherra sem hafa verið allra manna drýgstir í því að bera ráðherrann ofurliði í þessum málaflokki alveg sérstaklega, það vitum við. (**StG:** Er það nú víst?) Það er víst og meira en víst, hv. þm. Stefán Guðmundsson, og er von að þú segir það bakdyramegin en komir ekki inn í sal til að spyrja um svo augljósa hluti. (**StG:** Það er nú ekki öll nótt úti enn.) Nei, það er ekki öll nótt úti enn. Kannske framsóknarráðherrarnir geti líka farið að hampa einhverju svipuðu og veifa þessu hér og þessu þar. Mér sýnist að ef svo heldur áfram með sjálfstæðisráðherrana — ég sé að hæstv. heilbr.- og trmrh. er kominn í kosningabuxurnar bærilega og ætlar að fara að veifa fæðingarorlofi framan í konur landsins — verði framsóknarráðherrarnir að taka til hendi og fara að veifa einhverju

svipuðu, því að það er hreint með ólíkindum hvað sjálfstæðisráðherrarnir hafa náð þarna drjúgu forskoti á framsóknarráðherrana. (StG: Það þarf tvo til í þeim efnum.) Það þarf tvo til, segir hv. þm. Ekki þegar um óútfyllta tékka er að ræða. (StG: Til að fá fæðingarorlofið.) Til að fá fæðingarorlofið, já. Ég hélt að hann meinti sérstakt afkvæmi þessara tveggja flokka. Já, ég væri alveg tilbúinn að veita þeim hv. flokkum, ef þeir eignuðust afkvæmi saman, Sjálfstfl. og Framsfl., ákveðið orlof og það meira en sex mánaða orlof frá stjórn landsins. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að það væri full ástæða til þess að veita þeim ærið orlof og jafnvel greiða þeim vel fyrir ef það tækist að ná þeim í það orlof frá stjórn landsins.

En hér mætti rekja utan enda. Ég nefndi t.d. að Ó-vegir skyldu fá sérstakt fjármagn. Því var lofað. Um það var samið. Inn á það gengum við t.d. þm. Austfirðinga vegna þess að við vorum á því að hér væri um þörf og góð verkefni að ræða og töldum sjálfsagt að verða við því að þau væru sett í nokkurn forgang. Við töldum það sjálfsagt. En hvað varð? Ó-vegirnir lentu inni í skiptingunni og skertu hlut annarra kjördæma en þeirra sem Ó-vegirnir voru í. Ætlunin var aldrei þessi og menn létu blekkjast í þessu efni.

Inn í þetta mætti svo taka hluti sem er kannske ástæða til að ræða meira við síðari umræðu þessa máls. Það er hin háa upphæð viðhaldsfjár. Ég segi ekki að hún sé svo há miðað við þörfina, en hún er hátt hlutfall af nýbyggingarfénu. Nýbyggingarféð er þannig að við skiptum því hér á Alþingi og þm. hvers kjördæmis taka þátt í skiptingu þess. Viðhaldsféð er hins vegar alfarið á ábyrgð Vegagerðarinnar. Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt og tel að það eigi að halda áfram vegna þess að faglegir aðilar vita best og þekkja best hvar skórinn kreppir varðandi hið almenna viðhald. En hér er um svo háar upphæðir að ræða að ég held að það þurfi að fást við afgreiðslu hverrar vegáætlunar ákveðnar útlínur um í hvað helst verður veitt því viðhaldsfé sem kemur í hvert kjördæmi. Ég skal taka undir að nýting Vegagerðar ríkisins á þessum fjármunum hefur verið mjög skynsamleg. Það hefur oft verið bætt við verk sem hafa verið í nýbyggingum, hefur verið veitt fjármagn til nýbygginga, bætt við það úr viðhaldsfénu, og þannig hefur nýtingin orðið góð og við fengið miklu betra og meira út úr þessu en annars hefði verið. En ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þm., þegar þeir eru að skipta alveg niður í botn má segja nýbyggingarfénu, að hafa helstu útlínur varðandi skiptingu viðhaldsfjárins, þau stærstu verkefni, og geta hagað nokkuð skiptingu nýbyggingarfjárins eftir því hvar Vegagerðin ætlar að ráðstafa meginhluta þess viðhaldsfjár sem hún er með á hverjum tíma. Það er býsna stór hlutur, líklega yfir 60% af nýbyggingarfjárupphæðinni á hverjum tíma.

Tvö atriði kem ég ævinlega inn á og skal ekki láta bregðast í lok minnar þingsetu að koma inn á varðandi afgreiðslu vegáætlunar. Annað snertir hina miklu og auknu áherslu á bundið slitlag. Ekki skal amast við því út af fyrir sig ef svo þröngur stakkur væri ekki sniðinn heildarframlögum. Ég held nefnilega að við eigum að viðurkenna það öll og hljótum að gera að hér er um arðbærar framkvæmdir að ræða að sjálfsögðu, en þegar svo þröngur stakkur er sniðinn sem raun ber vitni getum við ekki leyft okkur að auka þennan þátt á kostnað annarra. Það hefur að vísu verið farið út í það, eins og hæstv. ráðh. kom inn á áðan, að leggja einbreitt slitlag sums staðar þar sem það hefur verið talið kleift. Ég mæli mjög með því. Það er ódýr lausn og getur verið skynsamleg, en auðvitað á hún sín takmörk einnig.

Ef við værum með 2,4% af þjóðarframleiðslunni inni í þessu dæmi í staðinn fyrir 1,5% eða 1200–1300 millj. kr. meira fjármagn en nú er skyldi ég ekki vera með múður út af þessari áherslu á bundna slitlagið, ef við værum með þessa peninga til viðbótar. En ég held að við verðum að skoða það, og það er óhjákvæmilegt a.m.k. fyrir okkur sem búum á torfæruleiðum landsbyggðarinnar og búum við þá vegi sem þar eru, að staldra nokkuð við þegar verið er að leggja enn aukna áherslu á bundnu slitlögin, því að þegar uppbygging bíður svo víða sem raun ber vitni, þegar heilu vegarkaflarnir eru nánast ruðningar, þegar slysagildrur blasa við okkur svo víða sem raun ber vitni og þegar einstök höft virka sem hrein háðsmerki á milli kafla með bundnu slitlagi, teppalagðir í bak og fyrir en með ófærukafla á milli, þá hlýt ég að hugsa minn gang, hversu gott sem mér þykir að aka á þessum teppalögðu brautum og hversu mikil sem arðsemin kann að verða reiknuð ein og sér út frá þröngum mælikvarða þess tiltekna kafla sem taka á fyrir án tillits til þeirra kringumstæðna sem valda því að þessi kafli er kannske ekki ökufær tímunum saman af þeirri einföldu ástæðu að ákveðið haft eða ákveðin gildra er þar rétt hjá. Þetta hljótum við að athuga í ljósi þess ástands og þess heildarástands sem er á vegum í hverju kjördæmi. Á þessu stigi skal ekki farið út í kjördæmasamanburð. Við fáum þetta til meðferðar og þetta með óráðstafaða fé kemur óneitanlega inn í dæmið. Um það hef ég þegar rætt.

Hitt atriðið sem ég kemst ekki hjá að nefna snertir útboðin og skal ekki endurtekið allt sem hér hefur verið sagt þar um. Ekkert af því sem ég hef fullyrt þar hefur verið afsannað. Hæstv. ráðh. tíundaði áðan tölur um ágæti útboðanna. Ég hef ekki tök á að rengja þær út af fyrir sig, en þó komu þar fram ákveðnar viðbótartölur, ákveðnar viðbótarprósentur sem hækkuðu hinar upphaflegu tilboðstölur, sem svo mjög er gumað af, um nær 20%. Skyldu nú öll kurl vera komin til grafar þegar þessi 18–20% eru komin ofan á þær tölur sem venjulega eru gefnar upp og alltaf er verið að guma af? Það skyldi nú vera. Ég verð líka að segja það í ljósi þeirrar sögu sem ég hef af örlögum margra verktaka að óskaplega þykir mér hæpið að tala um gróða. Ég hreinlega get það ekki þegar ég horfi á gjaldþrot heimaaðila sem eru að basla við þessi verkefni. Gróði hvers?

Hver er að græða á þessu? Það hryggir mig hreinlega að heyra ráðherra tala sífellt um sérstakan gróða af þessu því að hann veit nákvæmlega eins og ég um þau mörgu tilfelli þar sem mistök, ýmiss konar vandræði og hrein gjaldþrot hafa blasað við þeim verktökum sem hafa tekið þessi verk að sér, hafa lokið þeim fyrir Vegagerðina þannig að hún gæti skilað þeim á þennan veg og sagt: Við græddum þetta og þetta mikið á þeim, en þeir standa svo gjaldþrota eftir. Og ég spyr bara: Hver græðir á þessum hlutum?

Ég ætti kannske ekki að vera að taka verktaka almennt, sem eru eflaust atvinnurekendur í þá veru skilið, alveg sérstaklega í forsvar og taka þá eitthvað fram fyrir samfélagið í þessum efnum því að það er samfélagið líklega sem græðir á útboðunum eftir því sem hæstv. ráðh. upplýsti áðan. En ég get ekki annað satt að segja vegna þess hversu margir verða hér fyrir. Það eru ekki neinir einstaklingar sem eru í einhverju gróðabralli heldur verða fjöldamargir aðilar fyrir barðinu á þeim gjaldþrotum sem hafa orðið í sambandi við hin einstöku verk á undanförnum árum. Ég held að við verðum að setja hérna reglur. Útboð eiga að sjálfsögðu rétt á sér, það hef ég alltaf sagt, í vissum sértækum verkefnum. Við verðum að setja reglur, ákveðnar takmarkanir þar sem það á við, samninga um minni verk þar sem skynsemin fær að ráða báðum til góðs, verksala og verkkaupa. Hér þarf og á að gá til allra átta.

Við síðari umræðu gefst kostur á ítarlegri umræðu um þessi mál. Þá kemur kjördæmaskiptingin í ljós. Þá hefur hún skýrst og eins raunveruleg niðurstaða langtímaáætlunar og skipting öll orðin ljósari og skal ég því ekki fara nánar út í þessi mál hér og nú. En ég vek athygli á því enn hvers konar till. til þál. um vegáætlun menn ætla að samþykkja núna fyrir árin 1987–1990. Við ætlum að samþykkja rauntöluna eða raunveruleikann 1987, 2150, og svo ætlum við að gefa út óútfyllta ávísun á 1988–1990 þar sem við ætlum að fara um 60% yfir það mark sem við treystum okkur til á þessu ári.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni er mjög skammt síðan þessari till. til þál. var dreift á Alþingi þannig að skammur tími hefur gefist til að líta yfir það merkilega plagg sem hér er vissulega til umræðu. En það þarf ekki að líta nema á fyrstu síðuna til að sjá ansi merkilega hluti. Það eru, eins og kom einnig fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þær tölur, sá mismunur sem er á núgildandi fjárlögum og þeirri draumsýn sem hæstv. ráðh. sér í næstu ríkisstjórn. Ég verð að leyfa mér að segja að með því að líta líka á áætlun um hafnarframkvæmdir og áætlun um flugvelli, sem við vorum að afgreiða á fundi í morgun, er næstu ríkisstjórn ætlað að gera aldeilis töfraverk.

Ég get ekki stillt mig um að nefna hvað er áætlað til framkvæmda í höfnum á árinu 1988, en í ár eru 192,5 millj. til framkvæmda í höfnum. 1988 513,5 millj. Til flugvalla erum við að tala um í kringum 200 millj. til viðbótar við það sem til er á fjárlögum þessa árs og er það þá varlega reiknað miðað við vísitölu. Og hér erum við að tala um í vegáætlun 1380 millj. til viðbótar því sem er á fjárlögum 1987. Ef við tökum líka tillit til þess að þau fjárlög sem gilda fyrir þetta ár eru með 2,4 millj. kr. halla erum við að tala um milli 4 og 5 milljarða á næsta ári svo að við minnumst nú ekki á kosningaloforðin varðandi fæðingarorlof. Ég veit því ekki hversu langan tíma maður á að nota á hv. Alþingi til að fara ítarlega yfir þau plögg sem hér liggja því að staðreyndin segir okkur að það er ekki meint neitt með þessu, þetta er óskhyggja hæstv. ráðh. Hún er góð út af fyrir sig, en hún kemst ekki í framkvæmd nema a.m.k. helmingur af þeim þm. sem nú fylgja ríkisstjórn falli út af þingi og ég held að það sé engin von til þess eða í annan stað að það náist samkomlag hér um einhverja aðra ríkisstjórn. Ég vildi því heyra hjá hæstv. ráðh., ef hann hefði einhverja skýringu á því, hvort hann sæi möguleika á því að þessar vonir hans og óskir eigi eftir að rætast þó það væri ekki nema í einu af þeim málum sem ég hef hér nefnt.

Það er kannske allt í lagi að breyta tölum úr hafnarframkvæmdum, t.d. Blönduóshöfn upp á 90 millj. Ég mundi ekki harma að því væri sleppt, en ég vildi fá skýringar á því hvort það væri einhver von til þess að þetta gæti staðist.

Vissulega er um mjög brýnan málaflokk að ræða og það er sorglegt að framkvæmdir í vegamálum skuli vera komnar niður í 1,5% af þjóðartekjum. Samkvæmt langtímaáætlun ætti þetta að vera 2,4%. Eins og hæstv. ráðh. kom að áðan höfum við allt of háa slysatíðni, við höfum allt of margar slysagildrur í dag. Það er vissulega hægt að réttlæta lántökur til þessara mála. Hryggir mig að á sama tíma skuli hafður í huga 1 milljarður í Útvegsbanka þegar ekki er til nema 2,1 milljarður í vegaframkvæmdir 1987. Við gætum notað þá fjármagn sem hefur farið í margar skyssur undanfarinna ára í að framkvæma heilmikið. Við getum því ekki alltaf lokað okkur inni í því að tala um að fjármagnið sé svo takmarkað. Það þarf að skipta því upp á réttlátari hátt og hafa forgangsröðina mannlegri en nú er og það mætti vissulega margt falla úr fjárlögum þannig að fram gæti gengið sú áætlun sem hér er til umræðu. Ég gæti fyllilega stutt slíkt.

Ef við lítum aðeins aftur á tölurnar 1988 hefur Vegagerðin ekki meiri trú á þessum tölum en svo að hún þorir ekki að skipta nema 62% af heildartölunni svo að það þurfi ekki að fara að klípa af hverri einustu framkvæmd þegar niðurskurðurinn kemur á, sem vissulega er mikil hætta á, þannig að það væri kannske skynsamlegra að halda sig við 1,5% af þjóðartekjum en 2,4% í þessari umfjöllun. En eins og kemur fram í grg. með þáltill. á bls. 19 samsvarar niðurskurðurinn á árinu 1987 30%.

Það kom vissulega margt fram hjá hæstv. ráðh. sem ég get fyllilega tekið undir, en það er sérstaklega eitt atriði sem ég vil nefna varðandi Ólafsfjarð-

armúla. Ég tel mjög brýnt að það verði reynt að standa við framkvæmd í Ó-vegum eins og áætlað var. Ég skil vel að hér er um mjög háa upphæð að ræða og það þarf eflaust að taka fé að láni til að geta staðið við slíkar framkvæmdir, en þar er talað um e.t.v. 600 millj. kr. Auðvitað fleygir tækninni svo fram í slíkum framkvæmdum, jarðgangagerð, að hér getur hlaupið á 100 millj. eða svo, 500 eða 600 millj. kr. En til þess að þessu verki verði lokið á 2–3 árum, en það er ekki hentugt að dreifa framkvæmdum á mjög mörg ár, þarf eflaust að koma verulega hærri upphæð en hér kemur fram. Ég vil bara að það komi fram að ég mundi styðja að slíkt yrði gert. Við verðum að líta til þeirra byggðarlaga sem liggja mjög afskekkt. Þeir sem hafa farið fyrir Ólafsfjarðarmúlann í hálku og snjókomu eða bara í rigningu þegar hætta er á skriðuföllum efast ekki um nauðsyn þessara framkvæmda.

Einnig kom fram hjá hæstv. ráðh. að þær merkingar sem hafa verið framkvæmdar á vegum landsins hafa verið mjög til bóta og ég tek virkilega undir það. Það er svolítið annað að aka í myrkri um *dimmar þjóðbrautir, malarvegi, þegar vel er merkt.* En ég get ekki stillt mig um að nefna Norðurárdalinn því að þar fer ég alloft um. Mér finnst það alltaf jafnhvimleitt þegar maður kemur eftir góðum vegi og er svo allt í einu kominn 30 ár aftur í tímann. Ef maður er eitthvað annað að hugsa og keyrir kannske heldur greitt má þakka fyrir að fara ekki þarna út af, sem ansi margir hafa lent í. Ég held að þarna verði að bæta úr.

En þá er það líka eitt atriði í viðbót, sem kom einnig fram, að þm. hvers kjördæmis skipta niður fjármagni þegar búið er að deila því út á kjördæmin og þeir hafa ansi mikið um þetta að segja. Ég verð fyrir mína parta að gagnrýna slíka skiptingu. Við erum með fagmenn í vegagerð og við verðum að treysta þeirra niðurstöðum, við eigum ekki að vera að skipta þessu niður á kafla hér og þar og reyna að hafa vit fyrir þeim. Vissulega óska allir eftir að vegurinn verði fyrst bættur heima hjá sér. En við verðum að líta á faglegu sjónarmiðin og það væri líka hagkvæmara varðandi útboð ef ekki væri verið að skipta stundum niður í 2–3 km kafla hér og hvar um kjördæmin. Hvort sem það er Vegagerðin sjálf *sem gerir tillögur um úrbætur í Norðurárdal eða þm.* kjördæmisins, það væri svo sem ekki verra, vil ég endilega minna á að það er ekki til sóma að það sé verið að búta of mikið niður verkefni og þá í þágu hvers og eins þm. út af fyrir sig.

Hér hafa einnig verið nefnd útboð og vissulega leiða útboð til lækkunar í stórum verkefnum. En mér þótti merkilegt þegar ráðherra nefndi þá prósentu sem útboðin hafa lækkað um, þau eru metin 66% af áætlun Vegagerðarinnar, en síðan kom + 8% og + 10% þannig að við erum komin upp í 84% af útboðsverki. En það væri gaman að vita hvernig þetta skiptist á verkefnin, hvort það eru stóru verkefnin sem skila sér betur í útboðum eða minni verkefnin. Ég held, án þess að hafa neinar tölulegar staðreyndir um það, að mörgum minni verkefnum væri betur komið með því að semja um þau, en stærri verkefnin væru útboðsverkefni. Ef ráðherra hefði einhver svör við þeirri spurningu minni væri ég þakklát fyrir það, en ég er ekki viss um að svo geti orðið.

Einnig komu merkilegar upplýsingar fram um það hvað sala á bensíni hefði aukist lítið miðað við aukinn umferðarþunga. Ég saknaði eiginlega eins atriðis. Það er að bílar eru sparneytnari en áður var og hvort það sé ekki líka einhver orsök þess. Það er hluti af orsök þess að bensínlítrunum fækkar miðað við umferðarþunga.

Ég get ekki tekið undir að það sé hægt að fjármagna vegaframkvæmdir eingöngu með því að hækka skatta, hvort sem það er á bensíni eða öðru. Við samþykktum þá leiðina í flugmálaáætlun að hækka skatta. Við getum ekki endalaust hækkað skatta til að auka framkvæmdir. Við verðum að skipta fjármagni upp á nýtt og, eins og ég nefndi áðan, raða því í forgangsröð.

Í grg. á bls. 29 kemur fram hvaða fjárframlög eru ætluð til fjallvega. Nú þegar ferðamannastraumurinn hefur aukist eins og hann hefur gert hér á landi og útlit er fyrir að hann aukist enn meir get ég ekki stillt mig um að minnast á að 5–6 millj. til aðalfjallvega og 5–7 millj. til annarra fjallvega eru ekki mjög háar upphæðir miðað við ástand þeirra vega í dag þannig að ég vonast til þess að í meðferð í fjvn. verði þetta skoðað. Auk þess eru sums staðar á landinu vegir sem flokkast undir fjallvegi, t.d. vegir að skíðasvæðum, sem nauðsynlegt væri að veita fé til, en eins og hver maður sér er þetta rúmlega til að merkja betur þá fjallvegi sem fyrir hendi eru án þess að þar væri nokkuð hægt að gera við. Eins og ég sagði áðan eru til annarra fjallvega 5 millj. á árinu 1987, 5 millj. á árunum 1988 og 1989 og 7 millj. á árinu 1990. Svipað er það til aðalfjallvega.

Virðulegi forseti. Ég held að frekari umræðu um þetta mál geymi ég mér þangað til málið kemur til 2. umr. því að eins og ég hef áður sagt var þáltill. dreift hér í gær þannig að það hefur ekki gefist ýkjamikill tími til að fara yfir hana. En ég vonast til þess að ráðherra, ef hann vildi vera svo góður, svari þeim spurningum sem ég beindi til hans. Hann hlýtur að *hafa heyrt þær. Ég sé að hann er farinn úr salnum.* Ég vonast til þess að hann geti svarað þeim tveim spurningum sem ég beindi til hans.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, síðari umr.

Þáltill. JK og DA, 106. mál. — Þskj. 109, n. 634, brtt. 635.

Frsm. atvmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning búfjár en sú till. er á þskj. 109, flutt af hv. 4. þm. Austurl. o.fl. Nefndin fékk umsagnir frá landbrn., Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda og yfirdýralækni.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar, en efni till. er á þá leið að fela landbrh. að skipa nú þegar nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Við leggjum til breytingu á till. þannig að í stað þess að landbrn. sé gert að skipa nefnd í málinu leggjum við það á vald ráðherra að ákveða með hvaða hætti þessi endurskoðun fari fram. Þetta mál er ekki það flókið að það þurfi endilega að skipa í það nefnd, en við leggjum það í vald ráðuneytis að ákveða það. Síðan er tímasetningu í tillögunni breytt, þannig að stefnt verði að því að leggja lagafrv. um mál þetta fyrir næsta þing.

Umsagnir sem bárust um þessa till. voru jákvæðar og því leggjum við til að hún sé samþykkt með þessum breytingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 635 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 680).

Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6, n. 636, brtt. 637.

Frsm. atvmn. (Garðar Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. atvmn. um till. til þál. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Nefndin fékk fjórar umsagnir um þáltill., frá Líffræðistofnun Háskólans, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnun, og eru þessar umsagnir allar jákvæðar, samt með mismunandi áherslum og leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt með ofurlítilli breytingu sem er prentuð á sérstöku þskj.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil sem fyrsti flm. þessarar till. þakka hv. atvmn. fyrir þá afgreiðslu sem hún leggur til á þessari till. Mér sýnist að tillaga nefndarinnar um smávegis breytingu á till. sé fremur til bóta þannig að ég lýsi ánægju minni með þessa málsmeðferð af hálfu nefndarinnar og vil þakka fyrir að þessi till. hefur verið afgreidd út úr nefndinni með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 637 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 681).

Neyslu- og manneldisstefna, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 366. mál. — Þskj. 659.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 659 till. til þál. ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Skúla Alexanderssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Eggert Haukdal og Kristínu Halldórsdóttur. Tillagan er um mótun opinberrar neyslu- og manneldisstefnu og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að vinna að mótun opinberrar neyslu- og manneldisstefnu. Meginatriði stefnunnar verði:

1. Hollusta fæðunnar, þar sem lögð verði til grundvallar manneldismarkmið manneldisráðs.
2. Leiðbeiningar og fræðsla um hollt mataræði, samsetningu fæðunnar, meðferð matvæla og matreiðslu.
3. Hvatning til neyslu hollrar og næringarríkrar fæðu.
4. Gæðakröfur matvöru með tilliti til litar- og bragðefna.
5. Betra mataræði á stofnunum.
6. Efling næringarrannsókna.
7. Að lögð verði áhersla á nýtingu innlendrar framleiðslu.
8. Að stjórnvöld stýri neyslunni með verðlagningu."

Það er löngu orðið tímabært að mörkuð verði opinber neyslustefna hér á landi eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Markmið opinberrar stefnumörkunar á þessu sviði eru að hvetja til neyslu hollrar og næringarríkrar matvöru, að tryggja nægilegt framboð á henni og efla leiðbeiningar og ráðgjöf um hollustumataræði, meðferð matvæla, samsetningu fæðunnar og matargerð.

Það hefur komið greinilega í ljós að nægilegt framboð matvæla í landinu er ekki eitt sér trygging

fyrir heilsusamlegu mataræði. Verðlag skiptir hér miklu máli. Stjórnvöld geta t.d. stýrt eftirspurn og þar með neyslu hollustuvöru með lágu verðlagi samhliða markvissum áróðri. Setja þarf ákveðin markmið um samsetningu neyslunnar, hvernig draga megi úr óæskilegum þáttum í fæðunni, svo sem fitu og sykri. Gera þarf úttekt á því að hve miklu leyti er hagkvæmt að fullnægja fæðuþörf þjóðarinnar með innlendri framleiðslu og setja markmið í því efni.

Samkvæmt könnun manneldisráðs 1979–1980 var sykurneysla landsmanna tvöfalt meiri en æskilegt er og ein sú mesta sem spurnir fara af í víðri veröld. Samkvæmt tölum um innflutning og framleiðslu sælgætis í hitteðfyrra, árið 1985, má reikna með að sælgætisneysla Íslendinga sé nærri 1½ kg á mann í hverjum mánuði. Ein alvarlegasta afleiðing hinnar óhóflegu sykurneyslu eru miklar tannskemmdir, en þær eru meiri meðal Íslendinga en flestra annarra þjóða. Einnig má nefna hættu á skorti á vítamínum, steinefnum og fæðutrefjum.

Breyttir þjóðfélagshættir hafa haft það í för með sér að máltíðirnar hafa að miklu leyti flust út af heimilunum. Láglaunastefnan, sem hér hefur viðgengist, þar sem ekki er unnt að framfleyta meðalfjölskyldu á dagvinnulaunum, hefur haft þær afleiðingar að báðir foreldrar vinna langan vinnudag til að endar nái saman. Oft neyta þeir matar á vinnustað eða a.m.k. utan veggja heimilisins. Aðeins morgunverður, sem oft er af skornum skammti og næringarsnauður, er snæddur heima, svo og kvöldverður þegar heim er komið að loknum vinnudegi. Börn á dagvistaraldri matast á dagheimilum eða hjá dagmæðrum. En hvað með börn og unglinga á skólaaldri? Hvað er þeim boðið upp á? Hér tíðkast hvorki samfelldur skóladagur né skólamáltíðir sem þykja sjálfsagðar hjá flestum þeim þjóðum sem siðaðar vilja kallast.

Þetta ófremdarástand hefur átt stóran þátt í því að í þessum stóra hópi þjóðfélagsþegna virðist „sjoppufæði“ og skyndibitasnarl hafa komið í staðinn fyrir hollan hádegisverð og aðra matmálstíma að degi til. Börn og unglingar eiga mörg hver ekki í önnur hús að venda en sjoppurnar, enda fyrirfinnst varla sá skóli, a.m.k. í þéttbýli, sem ekki hefur sjoppu við húshornið. „Sjoppufæðið“ er að sjálfsögðu yfirleitt óhollt og að uppistöðu fita og sykur. Afleiðingar þessa útigangsmataræðis eru smám saman að koma í ljós, m.a. í tannskemmdum, sleni, þolleysi og ýmiss konar heilsuleysi.

Það vekur líka athygli í könnun manneldisráðs hve lítið er af D-vítamíni í daglegu fæði landsmanna. Besta ráðið við D-vítamínskorti er lýsisneysla, en lýsisgjafir í skólum hér á landi eru nú liðin tíð.

Undanfarin ár hefur skilningur almennings aukist mjög á hollustu og heilbrigðu líferni. Allir þurfa að huga að þessum málum, en mikilvægast er þó að vekja til vitundar um neysluvenjur og heilsufar skólabarna. Ástandið í þeim efnum er óviðunandi og þar verður að snúa við blaðinu með myndarlegum hætti, ef ekki á að fara enn verr en þegar er orðið.

Því miður hefur lítið farið fyrir aðgerðum stjórnvalda á þessu sviði hingað til. Núverandi ríkisstjórn hefur þó sýnt nokkra viðleitni, m.a. með því að hefja niðurgreiðslur á mjólk til skólabarna, með lækkun tolla á innfluttu grænmeti og breytingum á reglum um kjötmat sem miða að því að draga úr fitu á dilkakjöti. Þá ber einnig að nefna átak gegn tannskemmdum á vegum heilbrrn. En betur má ef duga skal. Okkur vantar heildar neyslu- og manneldisstefnu. Að framgangi hennar verður síðan að vinna með ýmsu móti, jafnt með fræðslu sem félagslegu átaki. Þar er samfelldur skóladagur og hollar skólamáltíðir efst á blaði.

Það er óumdeilanleg staðreynd að verðlag á matvörum hefur áhrif á neysluna. Í sambandi við óhemjumikið sykurát Íslendinga má benda á að sykur er mjög ódýr hér á landi. Kílóið kostar tæpan þriðjung af því sem það kostar í Finnlandi og Danmörku, og í Noregi og Svíþjóð er sykur tvöfalt dýrari en hér. Álögð gjöld á sykur árið 1987 eru engin, enginn tollur, ekkert vörugjald, enginn söluskattur né nokkur önnur gjöld. Væri ekki skynsamlegra að hækka sykurverðið og nota mismuninn til heilsugæslu, t.d. til tannverndar eða niðurgreiðslu á skólamáltíðum?

Í þeim grannríkjum okkar, þar sem opinber neyslustefna hefur verið mörkuð, er líka lögð áhersla á gott og næringarríkt mataræði á stofnunum, í skólum, á sjúkrahúsum, á elliheimilum og ekki síst á dagvistarstofnunum. Það er afar mikilvægt að byrja snemma að ástunda hollar matarvenjur, því að lengi býr að fyrstu gerð.

Herra forseti. Ég hef rakið hér nokkra þætti sem nauðsynlegt er að hafa í huga við mótun opinberrar stefnu í neyslu- og manneldismálum. Í framkvæmd yrði slík stefna ekki einungis til hagsbóta fyrir börn og unglinga, því að hagsmunir æskunnar eru auðvitað samtvinnaðir hagsmunum fjölskyldunnar og heimilisins og reyndar þjóðfélagsins í heild. Með mótun öflugrar stefnu í þessum málum yrði stigið framfaraspor til almenningsheilla.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu ágæta máli sem fjallar um mótun opinberrar neyslu- og manneldisstefnu. Í þessari þáltill. er tiltekið sérstaklega ákvæði um leiðbeiningar og fræðslu um hollt mataræði og vil ég víkja nánar að heilbrigðisfræðslu. Sú vitneskja er að verða almennari að orsakir margra þeirra sjúkdóma sem okkur eru einna skæðastir megi rekja til lifnaðarhátta, umhverfis og næringar svo eitthvað sé nefnt. Meðal fátækra þjóða ríkja smit- og hörgulsjúkdómar en meðal ríkra þjóða er heilbrigðisvandinn oft afleiðing velmegunar eins og umhverfismengun, kyrrseta, ofnotkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna ásamt slæmum matar-

venjum sem einmitt er tekið á í þessu máli. Þessir þættir ásamt öðrum leiða svo til ýmissa þeirra sjúkdóma sem heilbrigðisþjónustan þarf nú að kljást við og hér eru einmitt nefndir þeir sjúkdómar sem eru tíðastir orsakavaldar að dauða manna hérlendis í dag, t.d. eins og æðakölkun, kransæðastífla og krabbamein.

Hægt er að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma og besta vörnin gegn þeim er einmitt fræðsla sem virkjar einstaklinga til að finna til ábyrgðar gagnvart eigin heilbrigði og löngunar til að viðhalda henni. Till. þessi miðar að því að efla fræðslu um ákveðinn þátt sem varðar matarvenjur og næringu.

Almennri heilbrigðisfræðslu hefur verið í ýmsu ábótavant hér á landi. Heilsufræði hefur verið kennd í skólum en þó mjög misvel. Á þessu mun þó vonandi verða ráðin bót vegna þess að á árunum 1984–1985 tók Ísland þátt í norrænu verkefni í heilbrigðisfræðslu í grunnskólum. Markmið þess er að þróa heilbrigðisfræðslu í þátttökulöndunum og að móta sameiginlega stefnu landanna í málefnum heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldis. Sem sagt: Að venja börnin frá fyrstu tíð við hollustusamlegar lífsvenjur. Verkefnið byggist á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 1948 um heilbrigði. Samkvæmt henni er heilbrigði skilgreind sem fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan, en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma eða veiklun. Slík heilbrigði er talin til grundvallarmannréttinda.

Viðhaldsfræðsla almennings um heilbrigðismál hefur verið handahófskennd. Stofnanir eða embættismenn á vegum hins opinbera, áhugasamir einstaklingar, félög og samtök heilbrigðra og sjúkra hafa að vísu gefið út ágætis fræðsluefni og jafnvel fylgt því eftir með kennslu eða áróðri. Vert er í þessu sambandi að lofa hið mikla og góða starf sem þegar hefur verið unnið í þessum efnum. Hins vegar hefur samræmda og skipulega fræðslu vantað og hún hefur ekki verið á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði. Í þessari tillögu er tiltekið að hafin verði fræðsla, og reyndar fleiri aðgerðir, til þess að efla hollustuhætti í matarvenjum.

En fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingarnir taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Og hér er einmitt til þess tekið að stjórnvöld stýri neyslu með verðlagningu og þá í hollustusamlega átt. Þau hafa þarna miklu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þau verða að vera vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau móta stefnu og taka ákvarðanir og gæta þess jafnframt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslunnar og að því miðar þessi tillaga einmitt.

Ég tel að hún hreyfi hinu ágætasta máli og vona að hún fái greiða leið í gegnum þingið. Hún er í anda þeirrar samþykktar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem hæstv. heilbrmrh. hefur skrifað undir og fjallar um áætlun sem hefur að markmiði: Heilbrigði fyrir alla á árinu 2000. Þess vegna er þessi tillaga í takt við tímann og ég skora á alla hv. þm. að kynna sér efni hennar og veita henni brautargengi í gegnum þingið.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa ágætu till. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm., frsm. fyrir þessari till., ágæta ræðu hér og flutning á þessu nauðsynlega máli. Ég held að hér sé hreyft því sem við hv. þm. hugsum ekki allt of oft um, þ.e. hollustuvernd og manneldisstefnu.

Eins og fram kom í máli hv. flm. er það sú láglaunastefna sem ríkt hefur undanfarin ár sem hefur leitt til þess að mæður og feður þurfa bæði að vinna utan heimilis til að afla nægilegs fjár til þess að fjölskyldan komist af og því verður að huga að samfelldum skóladegi. Ýmsar upplýsingar hafa nú á undanförnum vikum komið fram um það „sjoppufæði“ sem börn og unglingar lifa á í dag og okkur er eflaust öllum vel kunnugt um, a.m.k. okkur sem eigum börn og erum ekki heima í hádeginu til þess að hugsa um þau eða gefa þeim að borða, þannig að ég legg áherslu á að hér verði komið á samfelldum skóladegi. Einnig eru þær upplýsingar sem fram koma í grg. varðandi sykurneyslu og verð á sykri hér og annars staðar mjög fræðandi, svo ekki sé meira sagt. Mætti líta til þess að minnka álögur t.d. á tannburstum en hækka sykurverðið ef verið er að hugsa um tannvernd sem markmið, en vissulega hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. tekist á við það nú að undanförnu.

En fræðslan ein sér er ekki nóg. Það þarf líka að stýra þessum hlutum með verðlagningu. Á meðan tollur á sykri er enginn er tollur á tannburstum 50%. Vörugjald á tannburstum er 24% á meðan ekki neitt vörugjald er á sykri. Söluskattur er 27,5% á tannburstum og afgreiðslugjald 1%. Sama má segja um tannkrem nema hvað það er ekki tollað. En eins og áður sagði eru engin álögð gjöld á sykri. Þetta er atriði sem stjórnvöld gætu tekist á við á morgun þess vegna og þyrfti ekki einu sinni að samþykkja þessa till. til þess að slíkt gæti komist í framkvæmd. En ég held að hér hafi verið hreyft mjög merku máli og vona að þessi till. fái greiðan aðgang í gegnum þingið.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mig langar til að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu um þessa þáltill. Mig langar aðeins til að geta þess í framhaldi af máli mínu áðan að í þeim löndum þar sem stefna hefur verið mörkuð í neyslu- og manneldismálum, þar sem hún er komin í framkvæmd, þá hefur hún yfirleitt heyrt undir félagsmálaráðuneyti eða umhverfismálaráðuneyti. Ég hef orðið vör við þann misskilning að þetta eigi að heyra eingöngu undir

heilbrigðismál. En ég vildi láta þetta koma fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Álit milliþinganefndar um húsnæðismál, frh. einnar umr.

Skýrsla félmrh., 307. mál. — Þskj. 543.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég svaraði hér á dögunum í stuttu máli ýmsum atriðum sem fram höfðu komið við umræðurnar en átti eftir örfá niðurlagsorð ræðu minnar.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því sem hv. 2. landsk. þm. sagði og hafði eftir Stefáni Ingólfssyni, sem starfaði hjá Fasteignamatinu, eða starfaði hjá Fasteignamati ríkisins, svo ég hafi nú þennan titil rétt eftir. Hv. þm. hefur eftir honum að fyrir hvert 1% sem raunvextir af fasteignaveðlánum hækki, þá minnki kaupgeta fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð sem svarar einu herbergi í íbúð. Og þm. segir frá sjálfum sér nokkru áður:

„Benda má á að frá árinu 1980 til 1986 hafi raunvextir á fasteignaveðlánum hækkað um a.m.k. 3,5%. Þessi hækkun á raunvöxtum jafngildir 47% minnkun kaupmáttar. Kannske er hér komin meginskýring þess hvers vegna fólk stendur ekki undir greiðslubyrði lána, að það megi rekja beint til hárra raunvaxta og kjaraskerðingar."

Nú væri auðvitað nauðsynlegt að fá fyllri upplýsingar um það hjá hv. þm. hvernig hann finnur það út í fyrsta lagi að raunvextir á fasteignaveðlánum hafi hækkað um a.m.k. 3,5% og í öðru lagi hvernig hann fær það út að þetta jafngildi 47% minnkun kaupmáttar.

Það vill svo til að „ágrip úr þjóðarbúskapnum" frá Þjóðhagsstofnun er nýkomið út og staðfestir raunar það sem efsti maður á lista Alþfl. hér í Reykjavík hafði sagt um kjaramálin meðan hann var forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, en í þessu ágripi segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnutekjur hækkuðu að meðaltali um nálægt 35% á mann á milli áranna 1985 og 1986. Kaupmáttur tekna heimilanna er talinn hafa verið rúmlega 11% hærri árið 1986 en árið 1985, eða hærri en nokkru sinni fyrr. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst einnig mjög mikið á síðasta ári, en þó minna en kaupmáttur atvinnutekna vegna þyngri skattbyrði. Miðað við að samningsbundnar launabreytingar á þessu ári verði þær sömu og fólust í desembersamningunum er nú spáð 22–23% hækkun atvinnutekna á mann að meðaltali á þessu ári. Kaupmáttur tekna heimilanna gæti þá enn aukist um nálægt 7% á mann að meðaltali milli áranna 1986 og 1987. Þessi kaupmáttaraukning er þegar komin fram hjá þeim launþegum sem hafa lokið samningum. Því er gert ráð fyrir því að launa- og verðlagsþróun haldist að mestu í hendur það sem eftir er ársins."

Það þarf ekki að lesa lengra til þess að menn átti sig á að það hljóta að hafa verið mismæli hjá hv. þm. þegar hann talaði um að kjaraskerðing hefði orðið. Á hinn bóginn liggur það fyrir, og eins og ég sagði í grein í Morgunblaðinu um daginn, að þá hlytu að koma til athugunar á nýjan leik greiðsluerfiðleikar þeirra sem keyptu íbúðir eftir gamla kerfinu. Um það erum við sammála og úr því verður að fé verður veitt til þess.

Ég hlýt að svara með nokkrum orðum ræðu hv. 8. þm. Reykv., Stefáns Benediktssonar. Hann segir svo í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað sem menn vilja halda um þær fullyrðingar sem fram eru komnar um stöðu þessara mála í dag má minna á það að hv. 2. þm. Norðurl. e. skrifar grein í Morgunblaðið laugardaginn 14. febr. þar sem hann tekur undir mál Jóhönnu Sigurðardóttur að mjög miklu leyti og virðast nokkuð stangast á viðhorf ráðherrans og þess manns sem þar ritar. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 10. febr. s.l. birtist í Morgunblaðinu grein eftir Jóhönnu Sigurðardóttur alþm. undir þessari myndarlegu fyrirsögn: „Húsnæðiskerfið riðar til falls." Of langt mál yrði að rekja einstök efnisatriði. Sum þeirra hafa við rök að styðjast, önnur ekki."

Hér lýkur tilvitnun þessa hv. þm. og sér hann ekki ástæðu til þess að láta það fylgja sem á eftir kemur. Ég held þess vegna, herra forseti, að ég verði að fá heimild til að ljúka málsgreininni til þess að hugsunin skili sér til fulls. En málsgreinin er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Of langt mál yrði að rekja einstök efnisatriði. Sum þeirra hafa við rök að styðjast, önnur ekki. Sum eru hálfsögð saga, önnur lýsa almennt þeim erfiðleikum sem hljóta ávallt að fylgja þegar tekið er upp nýtt húsnæðislánakerfi vegna ótal óvissuþátta sem því eru samfara, ekki síst eins og nú stendur á, eftir að lán Húsnæðisstofnunar hafa margfaldast og strangari kröfur eru gerðar um úrvinnslu umsókna en áður."

Ég vil síðan, herra forseti, úr því að verið var að draga þessa grein mína inn í umræðuna lesa örstuttan kafla svohljóðandi:

„Eftirtalin sjónarmið voru lögð til grundvallar hinu nýja húsnæðislánakerfi:

1. Menn skyldu hafa rétt til þess að sækja um lán úr Byggingarsjóði ríkisins áður en þeir hæfu byggingu íbúðar eða skrifuðu undir kaupsamning. Húsnæðisstofnun skyldi síðan svara innan tveggja mánaða hvenær lánið yrði til reiðu. Þetta á að gera viðkomandi kleift að haga framkvæmdum eða kaupum í samræmi við útgreiðslu lánsins. Ljóst er að til lengdar er þetta til mikils hagræðis og sparnaðar fyrir lántakendur.

2. Hámarkslán til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir

er rétt um 2,5 millj. kr. og að hámarki 70% af byggingarkostnaði sem svarar til þess að íbúðin sé tilbúin undir tréverk eða svo. Samsvarandi lán til að kaupa notaða íbúð er rúmlega 1,7 millj. kr. og sömuleiðis til þeirra húsbyggjenda sem eiga íbúð fyrir, en þeir fá 1,2 millj. kr. til kaupa á notaðri íbúð. Þessi lán eru til 40 ára og bera 3,5% vexti.

3. Lánin hækka í samræmi við byggingarvísitölu til útborgunardags gagnstætt því sem áður var. Það þýðir að viðkomandi getur tekið bráðabirgðalán í sínum viðskiptabanka og treyst því að húsnæðislánið hækki í samræmi við það. Ef svo hefði verið á liðnum árum hefðu margir þeirra sem lentu í greiðsluerfiðleikum sloppið við þá ömurlegu reynslu.

4. Húsnæðisnefndin, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka, var sammála um að það öryggi sem fælist í því sem ég hef nú lýst væri grundvallaratriði. Ef ónógu fé væri veitt til húsnæðislánakerfisins ætti að mæta því með því að biðtími eftir lánum lengdist fremur en að draga úr lánveitingum til hvers einstaks eða láta lántakendur standa í sömu óvissunni og áður um það hver lánsfyrirgreiðslan raunverulega væri eða hvenær hún yrði látin í té."

Svo mörg voru þau orð. Þessi síðasta málsgrein vísar til álits húsnæðisnefndarinnar og ég hygg að það hafi komið á ofanverðu ári 1985, það álit sem leggur áherslu á þetta síðasta efnisatriði sem ég vitnaði hér til.

Ég vil líka að það komi fram að í viðtali sem Morgunblaðið átti við Sigurð E. Guðmundsson, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, og ég geri ráð fyrir því að það sé eins um þann embættismann og þann embættismann sem áður var forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar að Alþfl. hafi ekki ástæðu til að telja að þessi embættismaður dragi sérstaklega taum íhaldsins eða Framsfl., en í Morgunblaðinu 19. febr. er sem sagt viðtal við framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sigurður kvaðst vilja í leiðinni leiðrétta misskilning sem upp hefði komið um óeðlilega langan biðtíma eftir húsnæðislánum. Sagði hann að nýju reglurnar væru mjög skýrar og í stuttu máli þær að þeir sem væru að kaupa í fyrsta skipti nytu forgangsafgreiðslu. Að undanförnu hefðu liðið um sex mánuðir eftir að umsókn var lögð inn og þar til fyrri hluti lánsins var greiddur út."

Síðan kemur orðrétt eftir framkvæmdastjóranum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lít svo á að biðtíminn svokallaði sé nú úr sögunni. Með gamla lánakerfinu var það siður í landinu að fólk gerði fyrst íbúðarkaup og skuldbatt sig til að greiða svo og svo stórar fjárhæðir sem áttu m.a. að koma í formi húsnæðislána. Oft kom fyrir að þessar greiðslur féllu ekki saman og fólk lenti í vandræðum. Samkvæmt nýja lánakerfinu eiga menn að leggja inn umsóknir og bíða eftir því að fá skuldbindandi lánsloforð áður en þeir gera nokkuð annað í íbúðarkaupum. Þannig geta menn gert skuldbindingar á öruggum grundvelli með hliðsjón af afgreiðslu lánanna," sagði Sigurður Guðmundsson.

Ég tel nauðsynlegt að þessi sjónarmið komi fram til þess að skýra fyrir þeim sem ekki hafa áttað sig á því á hvaða grunni hið nýja húsnæðislánakerfi byggir.

En til þess að koma nokkuð til móts við hv. þm. Stefán Benediktsson sem hefur verið fljótur í læri í sínum nýja flokki, þá skal ég einnig taka hér annan kafla úr grein minni þar sem ég vík sérstaklega að óskalausn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jóhanna Sigurðardóttir segir: „Kaupleiguíbúðir sem Alþfl. hefur ítarlega kynnt á undanförnum mánuðum er tvímælalaust hagstæðasti kosturinn í húsnæðismálum í dag." Hann er sá að Húsnæðisstofnun eigi að leggja fram 80–85% byggingarkostnaðar en viðkomandi sveitarfélag það sem upp á vantar og á framlag sveitarfélagsins að vera vaxta- og afborgunarlaust svo lengi sem viðkomandi sýnist að láta íbúðina heita leiguíbúð, en vera lánuð til 30 ára ef til þess kæmi að viðkomandi lýsti því einhliða yfir að hann vildi kaupa hana og tæki hann þá við húsnæðislánunum eins og þau stæðu á þeim tíma. Þetta er auðvitað notalegur kostur fyrir þann örlitla minni hluta sem hans fengi að njóta. En hinir, sem yrðu að spjara sig á eigin spýtur, yrðu að borga brúsann með hærri sköttum til ríkisins og þó sérstaklega til sveitarfélagsins. Tilboð af þessu tagi er órafjarri þeim jöfnuði sem Alþýðuflokksmenn vilja leggja í orðið „jafnaðarmaður" þegar þeim sýnist að tala svo."

Ég verð að segja eins og er ef það er mat hv. þm. Stefáns Benediktssonar að þessi orð, sem ég hef nú vitnað í, séu mjög í anda Alþfl. og hann skilji það sama skilningi og ég, að tilboð Alþfl. í húsnæðismálum komi í veg fyrir almennar úrbætur í húsnæðismálum af þeirri einföldu ástæðu að ef við gerum mun betur eða helmingi betur til sumra, þá hlýtur að draga úr því sem kemur í annarra hlut þegar fjármagn er takmarkað. Þetta skiljum við öll og gerum okkur grein fyrir.

Ég vil enn minna á það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði í sinni ræðu sérstaklega að umtalsefni að til athugunar væri að ef menn keyptu notaðar íbúðir á frjálsum markaði þá skyldi miðað við það að útborgun yrði ekki hærri en 50%. Seljandi yrði þá að lána kaupanda 50%, eins og ég skil hv. þm., sem auðvitað mundi þýða það gagnvart venjulegum íbúðum að hjá öllum almenningi yrði dregið úr þeirri fyrirgreiðslu sem nú er látin í té varðandi þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. En þetta hlutfall svarar nokkurn veginn til þeirrar hámarksfjárhæðar sem aðrir geta notið.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það er auðvitað notalegt, ekki síst rétt fyrir kosningar, að hafa uppi mörg orð um það að menn vilji gefa og gefa, að menn þykist hafa nóga sjóði að ausa úr. Það er auðvitað það auðveldasta af öllu auðveldu. Ég hef á hinn bóginn fundið það á

mörgum, og raunar öllum sem ég hef við talað, að það verkar ósannfærandi, svo ekki sé meira sagt, þegar heill stjórnmálaflokkur lýsir því yfir að hann vilji láta öllum í té það sem kallað er kaupleiguíbúð. Ég tók eftir því í þeirri húsnæðisnefnd sem ég sat, þá spurði ég sérstaklega um eitt atriði og það var hvort nefndarmenn væru sammála um það að á næstunni væri ekki við því að búast að gerðar yrðu grundvallarbreytingar á þeim reglum sem vörðuðu Byggingarsjóð ríkisins og vorum við allir sammála um það að að svo stöddu kæmi slíkt ekki til greina.

Í því felst að sjálfsögðu sú afstaða fulltrúa Alþfl. í nefndinni að til kaupleiguíbúðanna eigi að lána á þeim kjörum sem lánað er úr Byggingarsjóði verkamanna eða með 1% vöxtum í staðinn fyrir 3,5% og væri fróðlegt að reyna að tengja þá hugsun hinu, sem fram hefur komið hjá þeim Alþýðuflokksmönnum þegar þeir tala um framtíð byggingarsjóðanna, hvernig þeir hyggist tryggja nægilegt fjármagn í húsnæðislánakerfið, miðað við það að svo sem allir fái lán sem svarar til alls íbúðarverðsins, hvort sem það er byggt eða keypt. Það eigi að lána til 40 ára með 1% vöxtum. Það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það. Nema þetta sé misskilningur, en þá hlýtur líka skýringin að vera sú, samkvæmt þeim plöggum sem Alþfl. hefur lagt fram, að þeir menn sem fara í þessar óskaíbúðir Alþfl. eigi að fá 80% lán úr Byggingarsjóði ríkisins til viðbótar 20% framlagi frá sveitarfélaginu, en aðrir eigi að sætta sig við 70%. Þetta er nú sanngirnin á þeim bæ.

Ég vil mjög þakka, herra forseti, fyrir það hversu miklum tíma er varið einmitt til húsnæðismálanna. Ég held að það væri mjög nauðsynlegt að við ræddum þessi mál alveg ofan í kjölinn, það kæmi fram frá Alþfl. frá orði til orðs hvað þeir meina með kaupleiguíbúðunum. Hvað ætlast þeir t.d. til að margir fái þessar kaupleiguíbúðir sínar eftir að þeir komast að t.d. á næsta ári? Hvað eiga margir að njóta þessa? Eiga allir að fá þetta eða bara sumir? Og hvernig stendur á því að Alþfl. hefur fallið frá því sem forverarnir gerðu, að leggja áherslu á það að verkalýðshreyfingin kæmi inn í hið félagslega íbúðakerfi? Nú erum við að tala um að þetta fé, sem ráðstafa á, komi frá lífeyrissjóðunum, komi frá verkalýðshreyfingunni sjálfri óbeint og aðilum vinnumarkaðarins. En hvernig stendur þá á því að Alþfl. getur ekki hugsað sér að verkamannabústaðakerfið megi standa áfram?

Svo er ein spurning enn: Segjum svo að maður búi í svokallaðri kaupleiguíbúð í 20 ár. Hvernig á þá að reikna framlag sveitarfélagsins þegar hann segist vilja breyta þessu í eignaríbúð? Það má vera að ég hafi misskilið þegar ég sagði áðan að framlag sveitarfélagsins, 15 eða 20% eftir atvikum og eftir því hvenær talað var, eigi að vera vaxtalaust. Þá vil ég líka að það komi fram. Ég hygg að það eigi að vera með verðbótum en vaxtalaust. Er þetta ekki rétt? Eða er hugmyndin sú að þá, á þeirri stundu eigi að reikna á þessi 15% einhverja vexti og þá hve mikla? Og á þá að reikna vaxtavexti? Hvað hugsar Alþfl. sér að sveitarfélagið hafi háa vexti á þessum 15% sem á að lána til 30 ára? (**Gripið fram í:** 3,5%.) 3,5%. Það er bara heilt herbergi í íbúðinni, segir varaformaður Alþfl. Það á m.ö.o. bara að taka eitt herbergi af viðkomandi. 3,5% vextir af fasteignalánum, það er heilt herbergi. Það er hvorki meira né minna. En eiga að vera 3,5% vextir líka tímann sem íbúðin heitir kaupleiguíbúð eða á það að vera vaxtalaust? (***Gripið fram í:*** *Við getum talað um* það.) Já, við skulum tala um það. Við skulum reyna að fá þetta alveg ofan í kjölinn.

Þá væri líka fróðlegt að fá að vita, af því að Alþfl. talar svo mikið um tölur og spyr svo mikið um tölur: Hvað ætlast Alþfl. til að mikið fjármagn komi í kaupleiguíbúðirnar t.d. á næsta ári? Og hvaðan á að taka það? Nú liggur fyrir hver er stefna aðila vinnumarkaðarins. Mér er ekki kunnugt um að þeir hafi tekið undir þessar hugmyndir. Nú væri gaman að fá að vita hversu mörgum milljörðum eigi að verja í þetta kerfi frá byggingarsjóðunum.

Og líka annað: Ætlar Alþfl. að beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái eitthvert sérstakt framlag til þess að standa undir 15%, eða var það rétt eins og ég lýsti því, að það ætti að standa undir þessu bara með almennum sköttum? Það væri líka fróðlegt að fá að vita það. Það er ekkert lítið að sveitarfélög standi með óhreyft fjármagn upp á 15% af hverri íbúð, vaxtalaust. Hvað ætli þeir kratarnir í Hafnarfirði séu reiðubúnir að láta mikið þannig vaxtalaust í íbúðir? Ef þeir ætla sér nú að ná endurkjöri, hvað ætli þeir treysti sér þá til að láta 15% standa óhreyft vaxtalaust í mörgum íbúðum? Hver ætli áætlun Alþfl. í Hafnarfirði sé varðandi það? Alþfl. gæti nú kannske byrjað smátt. Við skulum segja að úr húsnæðislánakerfinu sé lánað 70%. Getur þá ekki Alþfl. látið 20% óhreyft í íbúðina og látið viðkomandi borga 10%? Það væri í áttina. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað Alþfl. þar hugsar sér mikið af þessu tagi af vaxtalausu fé, þar og annars staðar þar sem hann er við lýði.

Ég held, herra forseti, að ég hafi út af fyrir sig ekki meira um þessi mál að segja. Ég vil aðeins ítreka að síðustu að það er auðvitað hægt að hugsa sér það að dæla í húsnæðismálin eins miklu fé og nokkur leið er að koma út, svara öllum umsóknum sem inn koma jafnóðum og segja að menn geti fengið lánin undir eins, sem mér skilst að sé skoðun varaformanns Alþfl., en ég vil þó ítreka það sem ég sagði í minni ræðu síðast: Það mundi að sjálfsögðu valda mikilli þenslu á vinnumarkaði í bili. Það mundi auðvitað draga mjög fólk til Reykjavíkursvæðisins, við gerum okkur grein fyrir því. Sú mikla þensla sem hér yrði yrði auðvitað verðbólguhvetjandi og við vitum að slík spenna á íbúðamarkaðinum gæti ekki haldist til langframa þannig að það hlyti að hefna sín í því að til mjög mikils atvinnubrests kæmi í atvinnugreinum byggingariðnaðarmanna. Þetta er sú framtíðarsýn sem við blasir ef farið yrði að stefnu Alþfl. í þessum málum.

Guðmundur Bjarnason:

Herra forseti. Skýrsla sú sem hér er til umræðu er byggð á áliti svokallaðrar milliþinganefndar um húsnæðismál. Tildrög nefndarstarfsins þarf ekki að rekja frekar hér í umræðum en þegar hefur verið gert og er þeirra auk þess getið í inngangi að skýrslunni og mun ég því ekki fara mörgum orðum um það.

Verkefni nefndar þessarar var eins og þar kemur fram að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Það var að sjálfsögðu viðamikið hlutverk og var nefndinni ætlað að ljúka störfum haustið 1985 þannig að hægt væri að leggja tillögur um þetta nýja húsnæðislánakerfi fyrir það þing sem þá var að störfum.

Ég held að okkur, sem sátum í þessari nefnd, hafi fljótt verið það ljóst að erfitt yrði að koma fram hugmyndum um algjöra endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins í samræmi við þær hugmyndir sem fram komu í erindisbréfi nefndarinnar á svo skömmum tíma sem okkur var ætlað til þessa nefndarstarfs og það hafi verið ljóst strax þá um sumarið eða alla vega á haustdögum að okkur mundi ekki takast að standa við það markmið.

Svo sem fram kemur í þessu nefndaráliti var nefndinni falið nýtt hlutverk þá um haustið, nánar tiltekið með bréfi hæstv. félmrh. 10. sept. 1985, að gera tillögur um ráðstöfun á því fé sem aflað yrði á árinu 1986 með stoð í sérstökum lögum um fjáröflun til húsnæðismála. Og á haustmánuðum 1985 sneri nefndin sér eingöngu að því hlutverki.

Vegna fullyrðinga hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um það að nefndarstörfin hafi gengið hægt fyrir sig og farið seint af stað, en hann gat um það í ræðu sinni fyrr í þessari umræðu að nefndin hafi ekki haldið sinn fyrsta fund fyrr en 25. júlí 1985 og greindi frá þessu með miklu yfirlæti, vil ég minna þann hv. þm. — verst að hann skuli ekki vera hér til að hlusta á það svar — og aðra hv. þingdeildarmenn á að nefnd þessi var ekki skipuð fyrr en 11. júlí 1985 með bréfi hæstv. félmrh. og það getur vart talist að langur tími hafi liðið þó þarna líði hálfur mánuður frá því að skipunarbréfið er dagsett og þar til fyrsti nefndarfundur er haldinn þegar um er að ræða að ná *saman þó þetta stórri nefnd um mitt sumar. Ég vísa* því alfarið á bug þessum athugasemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Fyrsti fundur nefndarinnar var sem sagt haldinn 25. júlí 1985. Nefndarmenn voru sammála um það meginhlutverk nefndarinnar að setja fram tillögur um nýskipan húsnæðismála sem gætu staðið um nokkra framtíð. Starfsáætlun nefndarinnar var miðuð við þetta og fór fram á hennar vegum umfangsmikil gagnaöflun um húsnæðismál hérlendis og erlendis. Haustið 1985 hafði hún aflað margvíslegra gagna um húsnæðismál. Á fundum hennar í september og október það ár var farið yfir þær upplýsingar sem höfðu borist og fyrstu drög að heildarskýrslu nefndarinnar tekin til umræðu. Eftir setningu laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, sem ég nefndi áðan, og vegna umfjöllunar í þjóðfélaginu um greiðsluvanda íbúðareigenda var því erindi eða hlutverki beint til nefndarinnar að hún legði í starfi sínu sérstaka áherslu á þetta atriði. Nefndin varð við þessum tilmælum hæstv. ráðh. og samþykkti á fundi sínum hinn 7. des. 1985 álitsgerð um greiðsluvanda íbúðareigenda sem send var hæstv. félmrh.

Nefndin gerði þá nokkurt hlé á störfum sínum eftir að hún sendi frá sér álitsgerðina 7. des. og kom aftur saman til fundar 9. jan. 1986 og voru drög að skýrslu nefndarinnar þá tekin til áframhaldandi umræðu. Um svipað leyti fóru fram á milli aðila vinnumarkaðarins samningaviðræður um kaup og kjör. Meðal þeirra atriða sem rædd voru í samningaviðræðunum var róttæk breyting á húsnæðislánakerfinu. Með tilliti til þessa þótti rétt að gera enn hlé á störfum nefndarinnar og sjá hvaða tillögur aðilar vinnumarkaðarins hefðu fram að færa í húsnæðismálum. Vil ég taka fram að öll þessi tilhögun nefndarstarfsins var gerð í fullu samráði við alla nefndarmenn. Þessi frásögn af nefndarstarfinu er nauðsynleg vegna þeirra ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem ég vitnaði til áðan varðandi nefndarstörfin og hvernig þau gengu fyrir sig.

Atvinnurekendur og samtök launafólks undirrituðu kjarasamningana 26. febr. 1986. Húsnæðismál voru veigmikill þáttur í þessum kjarasamningum. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir stórauknu fjármagni til opinbera húsnæðislánakerfisins frá lífeyrissjóðunum. Nefnd, sem forsrh. skipaði á grundvelli yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninganna, var síðan falið að semja frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, byggt á þessu samkomulagi. Það var sem sagt ekki hlutverk milliþinganefndarinnar að semja þetta frv. svo sem ég hygg að hv. þm. öllum sé kunnugt og ljóst. Milliþinganefndin og húsnæðisnefnd ríkisstjórnarinnar og aðilar vinnumarkaðarins héldu þrjá sameiginlega fundi í mars- og aprílmánuði þar sem farið var yfir frumvarpsdrög og breytingar á húsnæðislánakerfinu. Á þessum fundum komu einstakir nefndarmenn milliþinganefndarinnar á framfæri ábendingum um atriði sem betur mættu fara í frumvarpsdrögunum.

Segja má að kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1986 hafi valdið straumhvörfum í starfi milliþinganefndarinnar. Með kjarasamningunum var að verulegu leyti brostin forsenda fyrir umfjöllun hennar um það meginviðfangsefni sem henni var í upphafi ætlað að fjalla um, þ.e. framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins.

Frá þessum tíma snerust umræður innan nefndarinnar að verulegu leyti um vankanta sem menn þóttust sjá á þeirri skipan sem tekin var upp með lögum nr. 54/1986. Nefndarmenn voru ekki sammála um hvort rétt væri á þessu stigi málsins að gera miklar breytingar á hinu nýja lánakerfi og þegar kom fram í janúarmánuð s.l. var ljóst að nefndin gæti ekki sameinast um tillögur að frv. um breyting-

ar á húsnæðislánakerfinu. Var því ákveðið að freista þess að ná samstöðu um að nefndin setti fram í nál. ýmsar ábendingar og kæmi á framfæri hugmyndum sem hefðu verið ræddar á fundum hennar. Jafnframt var ákveðið að einstakir nefndarmenn kæmu skoðunum sínum og tillögum á framfæri í sérálitum sem fylgdu nál.

Líta verður á nál. þetta og þær tillögur og athugasemdir sem í því eru settar fram í ljósi þess sem ég hef hér greint frá. Og ég vil ítreka að um þetta hafi að lokum verið fullt samkomulag í nefndinni.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hélt því fram í máli sínu að óeining hafi ríkt í nefndarstarfinu. Hann talaði um að stjórnarliðið hafi hvorki haft vilja né burði til að taka á þessum málum. Ég ítreka að það kom hvað eftir annað skýrt fram, bæði í störfum nefndarinnar og eins í viðræðum hennar við þá aðila sem nefndin boðaði á sinn fund, svo sem fulltrúa aðila vinnumarkaðarins sem oft eru nefndir svo, að það væri bæði rétt og eðlilegt að láta þetta nýja kerfi sýna sig, fá af því reynslu áður en gripið yrði til nokkurra breytinga sem heitið gætu á þessum nýju húsnæðislögum. Þeim fullyrðingum hv. þm. að það hafi verið stríðandi öfl innan stjórnarflokkanna í milliþinganefndinni og þar hafi verið einhver sérstakur undirlægjuháttur af hálfu okkar framsóknarmanna vísa ég algjörlega á bug sem órökstuddum staðhæfingum.

Ég taldi það hlutverk mitt sem formanns nefndarinnar að leggja mig fram um að hafa sem best samstarf við alla nefndarmenn og ná sem bestu samkomulagi um það sem við gætum orðið sammála um. Mér var það reyndar ljóst strax á haustdögum og hreyfði því þá í nefndinni að það væru ekki miklar líkur á því að við næðum að setja fram heilsteyptar tillögur í frumvarpsformi, m.a. vegna þess sem ég nefndi hér áðan, að það var ekki vilji til þess, ekki almennur vilji til þess að gera verulegar breytingar á núgildandi lögum. Ég fullyrði enn og aftur að það hafi verið nokkuð gott samkomulag um að nefndarstarfinu skyldi ljúka með þeim hætti sem ég greindi frá áðan.

Því til staðfestingar má reyndar vitna til málsgr. undir kaflanum 4.1 Inngangur í skýrslu nefndarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er mat nefndarinnar að þær breytingar sem voru gerðar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins með lögum nr. 54/1986 geri róttækar breytingar ólíklegar næstu árin á meðan reynsla fæst af hinu nýja fyrirkomulagi.“

Ég tel að hér komi skýrt fram og undirritað af öllum nefndarmönnum að þetta var almennt þeirra álit. Ég tel afar mikilvægt að hv. þm. hafi í huga þessa framvindu nefndarstarfsins og hvaða áhrif kjarasamningarnir í febrúar 1986 höfðu á starfshætti nefndarinnar þegar fjallað er um þann árangur sem varð af starfi hennar.

Í kafla 4.2 í nál. gerir nefndin grein fyrir umfjöllun sinni um greiðsluvanda íbúðareigenda. Þar eru og rifjaðar upp þær hugmyndir sem nefndin sendi félmrh. í álitsgerð sinni eða áfangaskýrslu sem dags. var 7. des. 1985. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla hér nánar um þessar aðgerðir. Skýrslu ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunarinnar um það efni hefur verið dreift til þm. Ég tel þó rétt að benda á eitt atriði í sambandi við greiðsluvanda íbúðareigenda sem nefndin telur að betur megi fara. Á bls. 4 í þskj. vekur nefndin athygli á því að vorið 1985 hafi verið sett lög um greiðslujöfnun lána hjá Húsnæðisstofnun sem er til hagræðis þegar til lengri tíma er litið. Nefndin varð sammála um að greiðslujöfnunin ætti einnig að ná til lána lífeyrissjóða og annarra langtímalána til húsnæðismála og við útreikning greiðslujöfnunarinnar yrði miðað við vísitölu kauptaxta í stað launavísitölu.

Í kafla 4.3.2 í álitinu er fjallað um umræður sem hafa átt sér stað innan nefndarinnar um fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Þar kemur fram að með setningu laga nr. 54/1986 er lánstími nýbyggingarlána hjá Byggingarsjóði ríkisins verulega lengdur eða úr 31 ári í 40 ár og úr 21 ári í 40 ár vegna kaupa á notuðum íbúðum. Út frá því er gengið að lánin verði tengd breytingum á lánskjaravísitölu.

Í 30. gr. laga um Húsnæðisstofnun þar sem kveðið er á um lánskjör segir að vextir skuli vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af ríkisstjórn Íslands. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið um það fyrirheit að vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki hærri en 3,5%. Nefndin vekur athygli á því sem segir í athugasemdum með frv. til laga nr. 54/1986, en þar kemur fram að útreikningar bendi til að verði mismunur á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3 prósentustig til lengdar muni lánakerfið sligast.

Hins vegar bendir nefndin á það í áliti sínu að náðst hafi samkomulag á milli Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna um kjör vegna kaupa á skuldabréfum á árunum 1987 og 1988. Mikilvægasta atriði samkomulags þessa er að skuldabréf keypt á árinu 1987 bera 6,25% vexti og skuldabréf keypt á árinu 1988 bera 5,9% ársvexti með mislöngum lánstíma að vali lífeyrissjóðanna. Það er því ljóst að vextir af skuldabréfum munu lækka. Hvort þeir halda áfram að lækka er auðvitað háð því hvort þjóðin njóti áfram sömu festu í stjórn efnahagsmála næstu árin og hún hefur notið á því kjörtímabili sem senn er á enda. En þessir samningar um þau vaxtahlutföll sem þarna hefur verið samið um eru innan þeirra marka sem bent var á í grg. sem ég vitnaði til áðan.

Rétt er að vekja athygli hv. þm. á því að þau sjónarmið og þær tillögur sem settar eru fram neðst á bls. 7 og fram á bls. 9 í þskj. eru komnar frá einum nefndarmanni en ekki nefndinni í heild sinni eins og svo margt fleira sem getið er um í nál. Einmitt þennan kafla gerði hv. þm. Stefán Benediktsson að umræðuefni í ræðu sinni og það má líta á þessa þætti í nál. eins og reyndar fleiri sem nokkurs konar hugmyndabanka, þ.e. þetta er safn þeirrar umræðu sem varð í nefndinni og nefndin var sammála um að

láta koma fram svo sem ég hefur áður greint frá.

Hv. þm. Stefán Benediktsson og Kristín Halldórsdóttir gerðu reyndar bæði grein fyrir því í ræðum sínum og bentu á að nefndin hafi þrátt fyrir allt orðið sammála um ýmis atriði sem greint er frá í þessu nál. og vissulega var það svo. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði hvers vegna við hefðum gefist upp við það verkefni að semja frv. með hliðsjón af þessum sameiginlegu niðurstöðum. Hún taldi að það bæri að krefjast frekari skýringa af hálfu nefndarmanna í þessu sambandi. Ég tel að þær komi ljóst fram í nál. og ég hef þegar greint frá því hvernig samkomulag varð um vinnubrögð og ítreka það að í viðræðum við þá aðila sem lögðu drögin að þessu nýja húsnæðislánakerfi kom mjög ákveðið fram að það væri ekki rétt að gera verulegar breytingar á þessu nýja húsnæðislánakerfi fyrr en betri reynsla hefði fengist af því. Þetta vil ég að sé alveg ljóst og sé þá líka svar, a.m.k. af minni hálfu, við þeirri spurningu sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir varpaði fram.

Það má auðvitað spyrja hvort Alþingi eigi að taka svo mikið tillit til viðhorfa þessara aðila sem drjúgan þátt áttu í þessari lagabreytingu, en með tilliti til þess að stjórnvöld ákváðu á sínum tíma að taka mjög undir það sjónarmið sem fram kom í umræddum kjarasamningum tel ég a.m.k. alveg ljóst og reyndar mjög eðlilegt að það sé áfram tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem ríkja hjá þessum sömu aðilum enn þann dag í dag.

Hv. þm. Stefán Benediktsson gerði í ræðu sinni nokkuð ítarlega grein fyrir þeim atriðum í nál. sem samkomulag náðist um og gæti ég e.t.v. sleppt því úr ræðu minni, en hafði hugsað mér að draga fram nokkra punkta og benda á og mun þrátt fyrir ábendingar hans halda mig við það.

Meðal þess efnis sem nefndin bendir á eru starfshættir Húsnæðisstofnunarinnar. Fram kemur að þeir hafi oft verið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar. Hún er sammála um að stofnunin verði að leggja meiri rækt við stefnumótun á sviði húsnæðis- og byggingarmála og upplýsingamiðlun til einstaklinga, félagasamtaka, stofnana og stjórnvalda um þessi málefni. Einnig telur hún nauðsynlegt að Húsnæðisstofnunin bæti þjónustu sína við einstaklinga, félagasamtök og stjórnvöld. Nefndin telur mikilvægt að stofnunin bæti upplýsingamiðlun um lánamöguleika, lánskjör og greiðslubyrði. Nefndin fjallaði um verkefni ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunarinnar og telur að hún eigi að leggja megináherslu á almenna upplýsingamiðlun um lánaflokka, lánskjör, greiðslubyrði og fleiri atriði sem varða þjónustu Húsnæðisstofnunarinnar.

Nýja lánakerfið gerir nauðsynlegt að ráðgjöf sé veitt í beinum tengslum við lánsumsóknir. Með markvissu ráðgjafarstarfi má reyna að koma í veg fyrir óraunhæfa fjárfestingu og að fólk leggi ekki út í fjárfestingu sem verður því ofviða. Þetta tel ég að sé mikilvægt hlutverk Húsnæðisstofnunarinnar eða ráðgjafarstöðvarinnar og er því mjög undrandi á þeim ummælum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í umræðunum fyrr þar sem hún gerir lítið úr þessu hlutverki ráðgjafarstöðvarinnar og telur lítilsvirðandi eða jafnvel óviðeigandi þau aðvörunarbréf sem ráðgjafarstöðin hefur sent hugsanlegum íbúðakaupendum eða -byggjendum þar sem þeir eru aðvaraðir um að fyrirhuguð fjárfesting og lántaka geti orðið þeim ofviða og þeir séu e.t.v. að reisa sér hurðarás um öxl. Þetta virðist mér hv. þm. telja nánast óviðeigandi. Ég tel hins vegar að þetta sé mjög mikilvægt hlutverk og geti komið í veg fyrir að menn lendi framvegis í hliðstæðum greiðsluerfiðleikum og þeim sem menn hafa lent í á undanförnum árum.

Nefndin tók einnig til umfjöllunar núgildandi 12. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í henni er kveðið á um lánsrétt hjá Byggingarsjóði ríkisins. Nefndin telur að takmarkanir á lánsrétti sem byggja á ófullnægjandi aðild fólks að lífeyrissjóðum séu mjög erfiðar í framkvæmd. Hún beinir þeim tilmælum til lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins að þeir taki þessi ákvæði til endurskoðunar. Í þessu sambandi vill nefndin sérstaklega benda á lánsrétt hjóna, sambýlisfólks, námsfólks og þeirra sem eru að afla eftir- og endurmenntunar. Nefndin varar jafnframt við ákvæðum um skilyrðislausa tveggja ára aðild að lífeyrissjóði til að öðlast lánsrétt.

Reglur um veð og veðhæfni íbúðarhúsnæðis komu einnig til umræðu í nefndinni. Í 3. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er fjallað um að lán eða lánshlutar skuli að fullu fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar að almenna reglan um veð og veðhæfni skuli vera sú að lán skuli ekki vera hærri en 70% af brunabótamati en þó aldrei hærri en 90% af kaupverði.

Af gefnu tilefni fjallaði nefndin um verðtryggingu lánveitinga og leggur áherslu á þá afstöðu sína að lán og lánshlutar séu verðtryggð lögum samkvæmt fram til greiðsludags án tillits til þess hvort um sé að ræða lán til nýbyggingar eða íbúðarkaupa.

Þá fjallaði nefndin um lánsrétt námsmanna. Í nál. kemur fram að ljóst sé að námsmenn, sem greiða ekki einhverra hluta vegna samfleytt til lífeyrissjóðs á meðan á námi stendur, eiga ekki lánsrétt er námi lýkur. Það er álit nefndarinnar að kveða þurfi skýrar á um þennan lánsrétt. Hún er sammála um að lánsréttur þeirra sem stunda fullt nám eigi ekki að rofna vegna sumarleyfa eða hliðstæðra ástæðna. Nefndin telur að jafnframt þurfi að hyggja að rétti þeirra námsmanna sem ekki taka námslán og greiða þar af leiðandi ekki í lífeyrissjóð.

Í nál. kemur fram að við endurskoðun og breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vorið 1986 virðist fyrst og fremst hafa verið miðað við að breyta lánskjörum einstaklinga. Nefndin er sammála um að lánskjörum félagasamtaka þurfi að breyta til samræmis við þau kjör sem einstaklingum er nú boðið upp á.

Þá tók nefndin til umfjöllunar reglur um stærðarmælingar íbúðarhúsnæðis. Í nál. kemur fram að Iðntæknistofnun hafi samþykkt að staðallinn ÍST-50

verði notaður við stærðarmælingar frá og með 1. des. s.l. Nefndin mælir eindregið með því að Húsnæðisstofnun ríkisins noti þennan staðal. Hún vill jafnframt vekja athygli á því að stærðarreglur voru felldar úr gildi 1980 vegna þess að talið var að þær hefðu óæskileg áhrif á byggingarhætti þegar reynt er að sniðganga reglur. Nefndin telur nauðsynlegt að athuga hvort núgildandi reglur geti haft slíkt í för með sér.

Nefndin tók til umfjöllunar lánsrétt þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og nýta sér lánsrétt sinn ekki til fulls. Hún er sammála því að næsta umsókn frá umsækjanda, sem hafi fengið lán sem er lægra en 70% af hámarksláni vegna þess að keypt er lítil og ódýr íbúð, skuli hljóta sömu meðferð og umsóknir frá þeim sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta skipti, þó ekki varðandi forgangsröð í tíma þar sem viðkomandi hefur þó húsaskjól eða á íbúð. Með þessu móti telur nefndin að tryggt sé að hver húsnæðiskaupandi eða -byggjandi eigi eitt sinn kost á fullu láni og þar með sé ekki lengur fyrir hendi sú óbeina hvatning sem sumum virðist vera í því að nýta sér lánsrétt sinn til fulls með því að kaupa dýrari og stærri íbúðir en e.t.v. er þörf á eða ástæða er til þegar ungt fólk er að festa sér húsnæði í fyrsta skipti.

Nefndin telur nauðsynlegt að vekja athygli á heimildarákvæði um skerðingu á lánsrétti sem var í 5. málsgr. 13. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984. Samkvæmt henni var húsnæðismálastjórn heimilt að hafna eða skerða lánveitingar til umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar. Í núgildandi lögum er þessi heimild til skerðingar felld niður. Á þetta atriði vildi nefndin benda sérstaklega.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom einnig nokkuð inn á þetta í ræðu sinni fyrr í þessari umræðu. Mitt álit er að hér sé veruleg hætta á því að Húsnæðisstofnunin þurfi að veita lán lögum samkvæmt því fólki sem í mörgum tilfellum hefur ekki brýna þörf fyrir slíka fyrirgreiðslu af opinberri hálfu.

Hér held ég að sé nauðsynlegt að líta á málið og kanna hvort ekki sé ástæða til að gera á þessu breytingar. En ég ítreka að um þetta atriði eins og svo mörg önnur sem rætt var um við húsnæðisnefnd ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins, sem samdi frv. að núgildandi lögum, varð ekki samkomulag. Það varð ekki samkomulag um að breyta þessu atriði eins og ég hygg þó að ýmsir hafi bent á, m.a. fulltrúar úr milliþinganefndinni, þegar við áttum sameiginlega fundi með henni.

Sumt af ábendingum nefndarinnar sem ég hef hér á undan gert grein fyrir og nefndin varð sammála um er þegar komið fram í frv. hæstv. félmrh. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er óþarfi að tíunda þau atriði frekar. Um það geta menn lesið sér til í frv. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða nokkrar tæknilegar lagfæringar sem allir voru sammála um að yrðu að koma fram. En ég ítreka það enn og aftur að í viðræðum við [illegible] aðila sem lögðu drög að þessu nýja húsnæðislánakerfi í kjarasamningunum fyrir u.þ.b. ári var ávallt varað við því að gera verulegar breytingar á lögunum á þessu stigi. Það hefur enn komið fram frá þeim aðilum að þeir vilja fyrst og fremst að gerðar séu þær breytingar sem menn telja tæknilega nauðsynlegar en ekki neinar stórvægilegar eða verulegar efnisbreytingar fyrr en frekari reynsla hefur fengist af framkvæmdinni.

Það er ljóst af nál. að verulegur skoðanamunur var innan nefndarinnar varðandi félagslega hluta íbúðalánakerfisins. Beinar tillögur nefndarinnar um þennan hluta húsnæðislánakerfisins eru fáar. Nefndin tekur þó undir sjónarmið sem fram koma í tillögum Þroskahjálpar og telur að endurskoða þurfi lagaákvæði í því sambandi. Í nál. kemur fram að meginkrafa fulltrúa Þroskahjálpar er að þeim einstaklingum sem eru fatlaðir verði gert kleift að búa á eigin heimili við aðstæður sem séu sambærilegar við heimili annarra um íbúafjölda og aðgengi.

Nefndin kynnti sér aðrar tillögur Þroskahjálpar varðandi húsnæðismál fatlaðra. Meðal þess sem þar kemur fram er að fötluðum verði gert kleift að stofna húsnæðissamvinnufélög um sambýli. Óskað er eftir því að ákvæði um hámarkslán í félagslega húsnæðislánakerfinu gildi einnig um kaup á eldra húsnæði sem uppfylli eðlilegar gæðakröfur. Þá er sett fram það markmið að stefnt skuli að því að húsnæði fatlaðra verði fjármagnað 100% með opinberum lánveitingum á sömu kjörum og gilda um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Einnig fjallaði nefndin um þarfir öryrkja og aldraða fyrir húsnæði. Í nál. kemur fram að hún er þeirrar skoðunar að fatlaðir og samtök þeirra skuli hafa möguleika á lánum á bestu mögulegum kjörum. Í því sambandi telur nefndin rétt að ítreka álit meiri hluta félmn. sem húsnæðismálastjórn hefur tekið undir með bókun dags. 26. maí 1986, en þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Byggi félagasamtök eða sveitarfélög verndaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða eða öryrkja í skipulögðu hverfi eða háhýsi en í tengslum við þjónustu- og öryggismiðstöð skal Byggingarsjóður verkamanna lána til slíkra íbúða svo sem gert er til verkamannabústaða. Skilyrði slíkra lána er að íbúðir þessar verði notaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega á meðan sjóðurinn á veð í viðkomandi íbúð."

Herra forseti. Ég hef hér gert nokkra grein fyrir ýmsum atriðum í áliti milliþinganefndarinnar um húsnæðismál. Í áliti nefndarinnar er fjallað ítarlega um starf hennar og þær tillögur sem hún hefur orðið sammála um að setja fram og hér hafa verið tíundaðar. Einnig eru reifaðar hugmyndir sem komu fram innan nefndarinnar um einstaka þætti húsnæðismála. Þar eru kynntar nokkrar hugmyndir og tillögur í sambandi við fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Á sama hátt eru einnig kynntar hugmyndir um félagslega hluta íbúðarlánakerfisins, t.d. búseturétt-

aríbúðir og kaupleiguíbúðir. Þessir þættir eru, eins og ég hef áður sagt, hugmyndir einstakra nefndarmanna sem ræddar voru í nefndinni og samkomulag varð um að láta koma fram í nál. þó að þær væru ekki skoðaðar sem sameiginlegt álit nefndarinnar í heild.

Ljóst er að með þessum breytingum, sem nú hafa verið gerðar á húsnæðislánakerfinu, hefur verulega dregið saman með byggingarsjóðunum, þ.e. Byggingarsjóði ríkisins annars vegar og Byggingarsjóði verkamanna hins vegar. M.a. af þeim ástæðum hafa komið fram hugmyndir um einn byggingarsjóð með auknum sveigjanleika til að takast á við þau verkefni sem Húsnæðisstofnuninni ber að sinna. Ég held að slíkt fyrirkomulag gæti leitt til mikillar einföldunar og hagræðingar og auðveldað alla starfsemi stofnunarinnar. Það er ekki með því verið að segja eða gefa í skyn að draga eigi úr byggingu fyrir þá sem lökust hafa kjörin eða að með þessu sé verið að ráðast á nokkurn hátt á félagslega íbúðarlánakerfið heldur lít ég svo á að með þessu móti væri hægt að koma við auknum sveigjanleika. Það ætti t.d. að taka upp heimild til að breyta vaxtaákvæðum þannig að íbúð sem eitt sinn er lánað út á með 1% vöxtum þurfi ekki að vera svo um alla framtíð eða svo lengi sem lánstíminn varir heldur séu heimildir til að hækka vextina í þá upphæð sem almennt gildir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins ef aðstæður breytast hjá lántakendum.

Hvað hugmyndir um kaupleiguíbúðirnar varðar virðist mér að áhugi sveitarstjórnarmanna á þeim hugmyndum sé fremur takmarkaður. Nefndinni bárust bréf frá nokkrum sveitarstjórnum með athugasemdum sem þær vildu koma á framfæri við nefndina, en ég minnist ekki í nokkru tilviki að þar hafi verið lýst sérstökum áhuga eða undirtektum við hugmyndir um kaupleiguíbúðir. Þar var hins vegar bent á að þörf væri fyrir leiguíbúðir í hinum ýmsu sveitarfélögum og auðvitað kemur það einnig fram í þeirri könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði, sem Húsnæðisstofnunin stóð fyrir síðari hluta s.l. árs og hefur verið gefin út í skýrsluformi, að það þarf að byggja leiguhúsnæði til að fullnægja íbúðaþörf víða á landinu.

Varðandi fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um hvort nefndinni hafi borist bréf frá starfsmannafélaginu Sókn, verkakvennafélaginu Framsókn og Framtíðinni í Hafnarfirði, þar sem m.a. sé mælt með byggingu kaupleiguíbúða og því beint til milliþinganefndarinnar að leggja til við félmrh. að þetta kaupleigufyrirkomulag verði tekið upp, skal því svarað að þessa ályktun hafði nefndin undir höndum og greint var frá því á nefndarfundi að þessi ályktun hefði borist. (**JS:** Var hún lesin?) Það þori ég ekki að fullyrða, hv. þm., að hún hafi verið lesin upp, en hún var alla vega lögð fram. Ályktun þessi er ódagsett og henni fylgdi ekkert sérstakt bréf til nefndarinnar og ég verð að játa það hreinskilnislega að það er ekkert sem segir til um það hvaðan þetta bréf barst nefndinni, hvort það kom sem afrit frá ráðherra til nefndarinnar eða hvort það kom frá einhverju þessu félagi sem stóð að þessari ályktun, því að það fylgdi þessu ekkert tilskrif. Það kann að vera að umslagið, sem þetta bréf var í, hafi verið merkt einhverju félaginu, en því miður hef ég ekki haldið því til haga og get þess vegna ekki gert nánari grein fyrir því hvaðan bréfið barst. Reyndar skiptir þetta ekki öllu máli.

Nefndinni bárust bréf og upplýsingar frá ýmsum aðilum sem lögð voru fram sem fylgiskjöl og skráð á skjalaskrá nefndarinnar og það var auðvitað hverjum og einum nefndarmanni frjálst að taka þau upp eða taka þau til sérstakrar umfjöllunar á fundum nefndarinnar hafi hann haft áhuga á slíku, en ég man ekki eftir því að slíkt hafi komið upp hvað þessa ályktun varðar sérstaklega, utan þá áherslu sem einn ágætur nefndarmaður sérstaklega lagði á kaupleiguíbúðaformið almennt.

Þeir hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni hér á undan gerðu sumir að umræðuefni nál. félmn. Nd. Alþingis og þau tilmæli sem í því áliti var beint til milliþinganefndarinnar. Ég fullyrði að í þessu nál. og í þeim punktum sem ég hef rakið úr nál. er tekið á mörgum þeim atriðum sem beint var til nefndarinnar og afstaða nefndarinnar kemur ljóslega fram hvað flesta þessa þætti varðar. Ég minni einnig á að nú þegar hefur verið lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins hvað ýmsa þessa sömu þætti varðar.

Um þær fullyrðingar, sem komu fram hjá einstökum hv. þm., að það hefði verið einhver kvöð á þessari milliþinganefnd að hún ætti að skila tillögum til ráðherra á s.l. hausti svo fljótt að hægt væri að leggja fram frv. fyrir þetta þing vil ég aðeins segja það að slík tilmæli geta aldrei orðið nein skylda og ég ítreka það enn og endurtek að það hafi verið samkomulag í nefndinni um hvernig að þessum málum skyldi staðið þó svo að einstakir nefndarmenn kunni að hafa viljað ganga þannig frá að nefndin semdi drög að lagafrv. En það er minn skilningur að ekki sé hægt að skikka nefnd, sem er að störfum, til að skila tillögum um lagafrv. sé hún alls ekki sammála um að leggja slíkt frv. til.

Á hinn bóginn tel ég að í þessu nál. séu margar hugmyndir sem geta komið til góða þegar og ef menn telja nauðsynlegt að gera frekari breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og margvíslegum upplýsingum hefur verið safnað sem ættu að vera tiltækar handa þeim sem þá kunna að vinna slíkt verkefni. Því fullyrði ég að nefndarstarf þetta hafi þrátt fyrir allt verið til mikils gagns. Og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka mínum meðnefndarmönnum öllum fyrir ágætt samstarf og vilja til að vinna sem best að þessu verkefni og geri ég þar engan greinarmun á fulltrúum stjórnar eða stjórnarandstöðu þó svo að einstaka hv. þm. hafi reynt að draga hér fram og skerpa þar skil á milli með málflutningi sem mér fannst meira líkjast því að hv. þm. væru komnir á kosningafund heima í sínum kjördæmum.

Hvað varðar umræður þær sem hér hafa spunnist um fjárhagslega stöðu húsnæðislánakerfisins og þá miklu eftirspurn sem óneitanlega er nú eftir lánum hlýt ég að verða að láta það álit mitt koma fram að stórhækkað lánshlutfall hefur vissulega haft áhrif til verulega aukinnar eftirspurnar eftir lánum svo og aukin bjartsýni í þjóðfélaginu, bættur þjóðarhagur og aukinn kaupmáttur einstaklinga. Allt hefur þetta verkað á þann veg að það eru miklu fleiri aðilar sem nú eru tilbúnir til þess að takast á við það verkefni að byggja eða kaupa sér íbúðir. Þessar ástæður hafa eðlilega leitt til þess að umsóknum hefur fjölgað mjög verulega og stórhækkað lánshlutfall, úr 15–30% í 60–70% af kaupverði íbúða, hlýtur einnig að leiða til þess að nú um sinn þrengist um fjárhag Húsnæðisstofnunarinnar og biðlistar lengjast. Á móti verður hins vegar að hafa í huga að lánsloforðin eru bindandi með ákveðnum dagsetningum og verðtryggð þannig að auðveldara er fyrir væntanlega lántakendur að gera áætlanir fram í tímann sem eiga að geta staðist.

Ég álít hins vegar að þetta muni leita jafnvægis aftur. Það er auðvitað erfitt að ætla að byggja upp húsnæðiskerfi sem getur svarað þeim toppum sem hugsanlega kunna að koma eins og nú hefur ljóslega orðið. Við þurfum auðvitað að setja okkur eitthvert markmið í því efni, hvað t.d. eigi að byggja margar íbúðir á einu ári, og gera ráð fyrir því að hið opinbera húsnæðislánakerfi geti svarað þeirri þörf sem teljast verður eðlileg. En að leyfa sér að fullyrða að húsnæðislánakerfið sé sprungið nú þegar, þó að svona toppur komi og gangi yfir okkur, finnst mér vera óábyrgt og algjörlega út í hött og aðeins sett fram af þeim hv. þm. sem þannig tala til að ala á tortryggni, úlfúð og óánægju og til að skapa sér einhverja pólitíska stöðu til að koma höggi á hæstv. félmrh. og gera lítið úr þeim margvíslegu lagfæringum og breytingum sem hann hefur komið fram til úrbóta á húsnæðislánakerfinu og til bóta fyrir húsnæðiskaupendur og húsnæðisbyggjendur sem svo sannarlega eiga eftir að njóta þessa nýja kerfis á næstu árum.

Ég vil að lokum segja það, herra forseti, vegna spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um álit aðila vinnumarkaðarins og þörf á reynslu af nýja húsnæðislánakerfinu áður en gripið yrði til róttækra breytinga, þessari spurningu varpaði hv. þm. reyndar ekki eingöngu til okkar nefndarmanna eða hæstv. ráðh. heldur einnig til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, að það er alveg ljóst að þannig var álit þessara aðila þegar þeir komu sem viðmælendur til milliþinganefndarinnar. Fulltrúar stjórnarflokkanna í milliþinganefndinni lögðu áherslu á að ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem sett voru í apríl 1986, voru sett í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem undirritaðir voru í febrúar það ár. Nýjar útlánareglur tóku gildi 1. sept. s.l. og með gildistöku þeirra stórhækka lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði og lánstími lengist verulega. Það er því skoðun fulltrúa stjórnarflokkanna að nauðsynlegt sé að fá nokkra reynslu af hinu nýja útlánakerfi áður en lagt er til að því verði breytt í veigamiklum atriðum.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er sök tveggja virðulegra þm., hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. 7. landsk. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að ég stend hér og get ekki annað út af þrálátum fyrirspurnum til mín sem einhvers verkalýðsleiðtoga. (**KH:** Sem orsökuðust af þrálátum frammíköllum.) Já, og þrálátum frammíköllum mínum. Það er að vísu rétt. Ég þarf því sennilega eitthvað að ræða þessi mál þó ég sé eiginlega kominn í bindindi að ræða húsnæðismál. Ég sat í 12 eða 14 ár í stjórn framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og stjórn verkamannabústaða í Reykjavík og hafði hugsað mér að afskiptum mínum af þessum málum tæki nú að linna.

Ég vil fyrst snúa mér að efnisatriðum og ætla ég ekki að fara að gerast forsvarsmaður Alþfl. Þar segir hv. 2. þm. Norðurl. e. að með þessum kaupleiguíbúðum sé verið að stuðla að ójöfnuði. Ja, það er nú svo. Ef þetta er ótakmarkaður fjöldi af kaupleiguíbúðum má vera að það verði og engin skilyrði eru fyrir því að komast í þessar íbúðir. En ef hugsað væri beint út frá fullyrðingum ræðumanns hafa lögin um byggingu verkamannabústaða 1929 verið ójöfnuður. (**JBH:** Enda hélt íhaldið því þá fram mjög rækilega.) Já, heldur betur og heldur því enn fram að því er virðist vera. En ekki ætla ég hv. 2. þm. Norðurl. e. svo illt. Hins vegar var í því ákveðinn ójöfnuður. Þá voru lán að mig minnir með 2% vöxtum þegar innlán í bönkum voru með 3 eða 3½% og lánið var til 42 ára.

Það er rétt hjá formanni Alþfl. Sjálfstfl. hélt því fram mjög hatrammlega þá, þó hann hafi síðar gerst talsmaður verkamannabústaða, að þarna væri verið að koma á gífurlegum ójöfnuði í þjóðfélaginu. Ég vara við svona tali. Þegar verið er að ræða um húsnæðismál verður alltaf að hafa ákaflega sterkt í huga að það er ákveðinn fjöldi þjóðfélagsþegna sem býr við erfið kjör. Menn eru öryrkjar, búa við lélega heilsu, geta ekki lagt á sig yfirvinnu eða mikið erfiði eða hafa orðið fyrir einhverjum áföllum sem orsaka það að þeir hafa ekki samkeppnismöguleika á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég vil ekkert afskrifa þessar kaupleiguíbúðir. Mér líst að mörgu leyti vel á þær. Ég held að það mætti hrista aðeins upp í verkamannabústaðakerfinu. Það er orðið nokkuð „stagnerað“. Hitt held ég að verði náttúrlega að vera, ákveðin tekjumörk og ákveðin eignamörk til að komast inn í kaupleiguíbúðir. Hitt er staðreynd að ástandið er þannig að þetta fólk hefur ekki möguleika á hinum almenna húsnæðismarkaði og það verður líka að hafa í huga að sumt af fólki sem á möguleika á verkamannabústöðum er ekki efnað fólk. Ætli þriðjungur af þeim sem hafa fengið verkamannabústaði í Reykjavík séu ekki auglýstir oftar en tvisvar sinnum á nauðungaruppp-

boði? Hér er ákaflega takmarkað af leiguíbúðum og hluti af þessum leiguíbúðum er á svokölluðum frjálsum markaði sem er okurmarkaður. Peningamenn byggja ekki íbúðir til leigu. Þarna hefur því myndast ákveðið gat. Hinn almenni leigumarkaður er ekki lengur til staðar nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég held að það verði að hafa ákaflega vel í huga. Ég skal viðurkenna að þetta getur ekki gengið yfir alla, en fyrir þá sem verr eru settir, hafa takmarkaða vinnuheilsu, hafa takmarkaðar tekjur eða takmarkaða möguleika á öflun tekna hygg ég að þetta form geti verið að ýmsu leyti æskilegt. Það mætti vel segja mér að það eigi eftir að ryðja sér til rúms.

Hv. 7. landsk. þm., svo ég reyni eitthvað að ná mér niðri á þeim ágæta þm., taldi að það væri hrein spurning hvort það ætti nokkuð að vera að lappa upp á þetta kerfi eða hvort það ætti ekki að smíða algerlega nýtt. Það er nú svo. Það er ágætt að vera með nýsköpunarhugmyndir á ferðinni. Hvað er það raunverulega sem verkalýðshreyfingin gerði og hvernig var ástandið? Ástandið var þannig að hluti lífeyrissjóða keypti fyrir um 40%, hluti þeirra miklu minna og stór hluti þeirra varði engu til kaupa á skuldabréfum frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Lífeyrissjóður sjómanna keypti fyrir 80%, Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar fyrir 45%, Lífeyrissjóður flugmanna ekki fyrir krónu, Lífeyrissjóður lækna ekki fyrir krónu, Lífeyrissjóður verkfræðinga ekki fyrir krónu. Það var einkenni á ástandinu að þeir sem höfðu hæst launin keyptu ekki bréf af Húsnæðisstofnun ríkisins, en þessir aðilar gátu fengið lán hjá Húsnæðisstofnun án þess að þeirra lífeyrissjóðir legðu eitt eða neitt til. (**JBH:** Hvað kom mikið frá samvinnustarfsmönnum?) Það kom svipað frá samvinnustarfsmönnum og frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, einhvers staðar milli 5 og 7%. (**GHG:** Hvað kom frá Lífeyrissjóði verslunarmanna til eftirlaunasjóðs?) Já, við skulum ræða eftirlaunasjóð þegar þar að kemur. Ég minnist þess að 1981 eða 1982 þegar átti að lögleiða að lífeyrissjóðir keyptu skuldabréf af húsnæðismálastjórn lágu loforð um að ef þetta yrði ekki lögleitt skyldi t.d. Lífeyrissjóður verslunarmanna, og er óþarfi að vera að tiltaka hann einan, kaupa fyrir 40%. (Gripið fram í.) Það var þm. sjálfur sem gaf þessa yfirlýsingu. (**GHG:** Þetta er rangt.) Við skulum ekki vera að munnhöggvast mikið, en ég var viðstaddur þegar þessi yfirlýsing var gefin.

Þetta var ekkert bundið við einn lífeyrissjóð. Þetta voru t.d. fyrirtækjasjóðirnir. Olíufélögin hafa sérstaka lífeyrissjóði fyrir sitt starfsfólk. Hvað skyldu þeir hafa keypt mikið, blessaðir mennirnir í olíufélögunum? Ekki fyrir krónu. Lífeyrissjóður Sláturfélagsins, þau hafa lag á að hafa sína lífeyrissjóði, þessi fyrirtæki, til að geta plokkað þetta í reksturinn, hann keypti ekki fyrir krónu.

Það sem verkalýðsfélögin gerðu 1986 var að binda það að lífeyrissjóðir keyptu fyrir 55% af ráðstöfunartekjum sínum, 55%, ekki minna. Og ef ekki ættu viðkomandi sjóðsfélagar ekki rétt á lánum. Þessir samningar voru býsna erfiðir við marga lífeyrissjóði og erfiðastir við marga þá sem hæst voru launaðir. Það má t.d. geta þess, af því að menn eru ákaflega viðkvæmir fyrir Lífeyrissjóði verslunarmanna, að Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna hékk illa í 20%. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar keypti ekki fyrir eina krónu. Verkamenn, verkakonur og sjómenn lögðu til þetta fé en höfðu ekki möguleika á byggingu. Þetta var allt réttlætið sem fólk er að gráta.

Ég held að þetta hafi verið eitt stærra átak í húsnæðismálum og félagsmálum sem gert hefur verið. Þau lög sem nú eru komin hafa gerbreytt þessum hlutum. Hitt ber hins vegar að viðurkenna að verkalýðsfélögin féllu frá kröfum sem þau höfðu lengi gert og má deila töluvert á þau fyrir. Það var að þriðjungur af þeim lánum sem húsnæðismálastjórn veitti — það var undirritað samkomulag um það við ríkisstjórn síðast held ég 1976, gott ef það var ekki undirskrifað líka 1974, — skyldi fara til félagslegra íbúða. Það voru engin ákvæði í þessum samningum um félagslegar íbúðir. Þar kemur að þessum veika punkti í samkomulagi verkalýðsfélaganna. Hvort sem það eru kaupleiguíbúðir eða eitthvert annað hliðstætt form held ég að það sé óhjákvæmilegt og skylda verkalýðsfélaganna að hafa hliðsjón af slíku.

Ég er ekki undirbúinn í að fara að rekja ítarlega gang þessara mála, en ég vildi þó segja að mér virðist ekki vera mikill húsnæðisskortur á Íslandi. Og af hverju segir maðurinn þetta? er spurt. Ég á við húsnæðisskort þannig að húsnæði sé raunverulega til. Erfiðleikarnir eru þeir að ungt fólk, fólk sem er á lágum launum, á erfitt með að ráða við kaupverð íbúða. Ég minnist þess vel að 1984 var ég skammaður af Þjóðviljanum og fleiri dag eftir dag fyrir svik. Þá var Verkamannasambandið að reyna að semja, og opinberir starfsmenn voru í verkfalli, um að fyrst ekki væri greidd vísitala á kaup væri rétt að fella niður vísitölu á öllu öðru líka, m.a. húsnæðislánum. Það var á þessu tímabili sem það myndaðist þetta gífurlega gap sem sligaði margar fjölskyldur og margir eru ekki búnir að ná sér enn. Það var vísitala á lánum og verðbólga, en ekki vísitala á kaupi.

En lítum aðeins á Reykjavík. Ég segi þetta til fróðleiks. Í Reykjavík eru um 90 þús. íbúar. Þeir eru víst sennilega komnir núna upp í 91 þús. Eins og tveggja herbergja íbúðir í Reykjavík, hvað skyldu þær vera margar? 7470. Þriggja herbergja íbúðir eru 8600. Fjögurra herbergja íbúðir eru 7620. Fimm herbergja íbúðir eru 4400. Sex herbergja íbúðir og stærri eru hvað? 5300. Þetta liggur á 35 þús. íbúðum með 90 þús. íbúa eða rösklega 2,55, 2,58 íbúar á hverja íbúð og þó er meiri hlutinn af þeim fjögurra herbergja og stærri. Nýtingin er alveg furðuleg.

Ég get tekið undir það með hv. 2. landsk. þm. að mér finnst engin ástæða til þess að ef einhver selur sex herbergja íbúð eða einbýlishús til að kaupa sér þriggja herbergja íbúð eigi hann að fá sérstakt

húsnæðismálalán til þess. Ég get alveg tekið undir það. En ef við förum t.d. í Garðabæ verður þessi tala stærri. Það er betra og stærra húsnæði þar. Sama á Seltjarnarnesi. Ætli Kópavogur og Hafnarfjörður liggi ekki nokkuð svipað og Reykjavík? Þarna er ákaflega lítið nýting á húsnæði. Það þýðir ekkert með lögum að segja fólki að skipta og það megi ekki búa stórt eða rúmt. Hins vegar eru erfiðleikarnir held ég ekki að það vanti svo gífurlega húsnæði heldur eru þeir gagnvart ungu fólki og gagnvart fólki sem er á lágum launum, á við erfiðleika að etja. Það þarf að hjálpa því meira en gert er nú. Við getum deilt um hvaða fyrirkomulag við höfum á því.

Ég fellst ekki á lítilsvirðandi tal um svokallaða ráðgjafarþjónustu. Ráðgjafarþjónusta húsnæðismálastjórnar hefur lánað tæplega 600 millj. Ég minnist þess að ég sendi félaga mína marga úr mínu verkalýðsfélagi. Þeir fengu þarna ákaflega góða úrlausn og var í mörgum tilfellum hreinlega bjargað frá nauðungaruppboði. Ég held að það sé ekki af hinu góða að gera lítið úr þessari starfsemi því að margt af því fólki sem var að missa sínar íbúðir fékk þarna ákveðna aðstoð og hefði sennilega þurft meira fé.

Húsnæðisstofnun hefur aldrei haft meira fé handa á milli en hún hefur nú. Hins vegar hafa aukist gífurlega umsóknir. Af hverju það er og af hverju íbúðir hafa hækkað? Ég vara fyrir fram við að taka formann Félags fasteignasala sem örugga heimild fyrir hækkunum á íbúðum. Sannleikurinn er sá að það eru engir sem ýta jafnmikið undir hátt verð á íbúðum og spá hækkandi verði á íbúðum og fasteignasalar. Ég gef ákaflega lítið fyrir þeirra umsagnir vegna þess að þær eru yfirleitt af þeim hvötum að hækka íbúðaverð. Þá verður gróðinn meiri. En það er ekki þar með sagt að það megi ekkert fara eftir þeim. Ég held að hækkun á lánum til eldri íbúða hafi komið af sjálfu sér. Þarna var óeðlilegur verðmismunur og eldri íbúðir voru óeðlilega miklu lægri en nýjar.

Það hafa komið um 4260 umsóknir frá september til áramóta og 523 í janúar og það er spáð hátt í 500 í febrúar. Það er eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, það kemur alda umsókna miðað við gerbreytt ástand og hækkuð lán. Ég held, þó að ég geri ekki lítið úr að þarna sé komið ákveðið vandamál, að það verði að hafa í huga að fólk er ákaflega tortryggið á kerfið. Það er ekki nema hluti af þessu fólki sem stendur í því, eins og áður var, að það hreinlega væri að missa sínar íbúðir eða væri algerlega stöðvað í íbúðaframkvæmdum, þó eru sjálfsagt dæmi þess, heldur er fólk að tryggja sig, komast í röðina tímanlega. Það var upplýst í umræðunum að um 60% af umsóknum hefðu ekki veðheimild á neinum stað og jafnvel ekki sótt um lóð þeir sem óskuðu eftir lánum til nýbygginga.

Nú frétti ég í húsnæðismálastjórn í morgun að af þeim lánum sem ætti að veita 1. mars og hefði átt að vera tilbúið veð og annað annaðhvort um áramót eða 1. febrúar væru yfir 20% af þeim sem ættu kost á útborguðu láni 1. mars ekki komin með neina veðheimild og er þó aðeins vika til stefnu. Þetta sýnir að þær tölur, sem eru óhugnanlega stórar, eru ekki spegilmynd af ástandinu. Hitt er hins vegar annað mál að ef byggingin stöðvast verður það yfirleitt til þess að íbúðir verða dýrari og öruggasta ráðið til að lækka verð á íbúðum er að byggja nógu mikið þannig að framboðið sé.

En náttúrlega eru einhver takmörk fyrir því hvað hægt er að ráðstafa til húsnæðislána. Ég vil t.d. taka fram eins og kom hér fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni: Það er mesti misskilningur t.d. að verkafólk víða úti á landsbyggðinni sé með lægri tekjur en verkafólk í Reykjavík. Í fjölmörgum sjávarþorpum allt í kringum landið eru tekjur mun meiri. Fólk leggur gífurlega á sig, langan og strangan vinnudag í sjávarplássum. Hins vegar er tregða til þess að fjárfesta af ótta við að það geti ekki selt á kostnaðarverði. Það er ein ástæðan fyrir fólksflótta. Ég held þess vegna um kaupleiguíbúðir eða íbúðir á félagslegum grundvelli að það mundi verða þó nokkuð mikið af ungu fólki sem væri reiðubúið að flytja út á land í þessi gróskufullu framleiðslubyggðarlög ef það hefði þar húsnæði. Ég vil því á engan hátt afskrifa það.

Ég skal að vísu viðurkenna að það er ákveðinn vandi hvað hægt er að ráðstafa miklu til húsnæðismála og það eru einhver takmörk, en ég held að ástandið hafi oft orðið verra en núna. En það sem ég hef mestar áhyggjur yfir er, eins og ég hef margsagt áður í þessari sundurlausu ræðu minni, þetta unga fólk, þetta tekjulitla fólk og fólk sem af persónulegum ástæðum, mismunandi ástæðum, hefur ekki möguleika til útborgunar. Það verður að gera meiri ráðstafanir þar.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta að sinni. Ég vil aðeins benda á að sennilega sé hvergi í Evrópu betur byggt, meginhluti íbúða, en í Reykjavík og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta gildir reyndar ekki bara um Stór-Reykjavíkursvæðið því að það er ákaflega vel byggt úti á landi mjög víða, einbýlishús stór og dýr.

En þá held ég að vandinn, eins og ég sagði áðan, liggi ekki hættulegastur þarna. Verkalýðshreyfingin hefur sagt eða forráðamenn hennar að það sé ekki komin nægileg reynsla á þetta. Hv. 2. landsk. þm. er hér með spádóma, og styðst við ýmsar tölur sem eru athyglisverðar, að kerfið sé sprungið þannig að það anni ekki umsóknum. Á þetta er ekki komin nægileg reynsla til þess að hægt sé að segja að það sé hrunið vegna þess að við vitum ekki enn hve stór hluti af umsækjendum mundi notfæra sér þessi lán. Það eru örugglega meira en 15%.

Ég er ekki móðgunargjarn, en ég verð að segja að mér finnst það gegna nokkurri furðu að verkalýðshreyfing skuli verða fyrir aðkasti fyrir að hafa gerbreytt húsnæðislánakerfinu þannig að lán hafa aldrei verið fleiri eða hærri og aldrei verið jafnmiklir möguleikar. Ég hef enga trú á því að á árinu 1987

verði 500 til viðbótar eða 350–375 á mánuði. Ég held að allt að þriðjungur af þeim sem nú hafa lagt inn umsóknir eigi eftir að falla frá. Þeir eru beinlínis að bíða, þeir vilja koma sér inn í kerfið, eru tortryggnir og hafa hvorki lóð né hús til kaupa.

Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að byggja smærri íbúðir fyrir aldrað fólk. Það er ótrúlega mikið af því á Stór-Reykjavíkursvæðinu og kannske sér í lagi í Reykjavík. Það búa þetta ein og tvær manneskjur í sex herbergja íbúð og væru að öllu leyti betur komin, þetta er allt orðið fullorðið og aldrað fólk, í litlum og smekklegum þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Það verður að leggja áherslu á þetta.

En fyrst og síðast skulu orð mín vera: Umfram alla muni. Við skulum ekki gleyma þessum félagslega þætti. Þegar ausið er milljörðum inn í þetta kerfi eins og vera ber skulum við ekki gleyma þeim sem hafa versta aðstöðuna og geta ekki notfært sér kerfið. Til þess þurfa að vera sérstakar ráðstafanir. Hitt viðurkenni ég að það eru takmörk fyrir hve miklu hægt er að ráðstafa á ári hverju. Ég mundi vera því meðmæltur, ég er sannfærður um að félög eins og Dagsbrún og Framsókn, sem kaupa fyrir 55%, gætu keypt fyrir 65%. Mér fyndist ekki óeðlilegt að fleiri félög gerðu það, býsna stór hluti. Um betri ávöxtun lífeyrissjóða er ekki að ræða en þær auknu tekjur sem kæmu þarna færu til félagslegra íbúða. En ég held að það hafi verið allt of mikið af gífuryrðum, fullyrðingum um að allt sé hrunið, allt sé ónýtt og allt sé í ólestri. Það er mörgu áfátt enn þá, en það hefur þó aldrei staðið betur heldur en í dag. — [Fundarhlé.]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Öfugt við það sem voru lokaorð hv. seinasta ræðumanns þá hygg ég að það sé sannmæli að þrautir húsbyggjenda og íbúðarkaupenda hafi ekki í langan tíma verið meiri en í tíð núv. hæstv. félmrh. Þeim sem reynt hafa mun áreiðanlega þykja nóg hafa verið á sig lagt að hafa þraukað þó í húsnæðismálaráðherratíð hæstv. ráðh. þótt ekki bætist við annað böl sem kenna má við Blöndal eða þá „Blöndælu“ af þröngsýni, hleypidómum og virðingarleysi í meðhöndlun staðreynda sem við heyrðum sýnishorn af hér áðan.

Hverjar hafa verið þrautir húsbyggjenda? Það er rétt að rifja upp helstu áfangana:

Í fyrsta lagi hið margfræga misgengi launa og lána. Í hverju fólst það? Það lýsti sér í því í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og forvera hæstv. húsnæðismálaráðherra að ríkisstjórn þeirrar tíðar skerti vísitölubætur á laun oftar en ég hirði að telja upp á sama tíma og lánskjaravísitala mældi óskertar verðbætur á lán og jók þannig stöðugt greiðslubyrði lána.

Í annan stað vísum við til og rifjum upp afleiðingarnar af takmörkuðu vaxtafrelsi sem ákveðið var í tíð núv. ríkisstjórnar sumarið 1984 og leiddi til umtalsverðrar hækkunar raunvaxta á sama tíma og húsbyggjendur urðu að fleyta sér áfram frá gjalddaga til gjalddaga með töku skammtímalána úr bankakerfi sem báru óheyrilega háa vexti.

Þriðji stólpinn á þessari leið var verðfall fasteigna. Verstu afleiðingar af þessu öllu saman urðu þær að þeir sem þraukuðu og reyndu að standa í skilum með afborganir af lánum horfðu upp á verðfall eignanna og hækkun raunverulega á skuldum í hlutfalli við endursöluverð eigna sem lýsti sér í því að eignarmyndun í þessu húsnæði varð minni en verið hafði þrátt fyrir skilvísar greiðslur afborgana og lýsti sér í verstu tilvikum í hreinum eignamissi.

Ég sagði: Það hefur verið mikið lagt á húsbyggjendur og þeir sem reynt hafa og hafa þraukað af þessar tíðir, þeim þykir nóg um þótt ekki bætist við „Blöndæla“, að lesinn sé yfir þeim lestur af fordómum, sleggjudómum og skætingi um jafnalvarleg mál eins og við heyrðum hér áðan.

Hver er afrekaskrá hæstv. húsnæðismálaráðherra? Málsvarar hans segja: Auknu fé hefur verið veitt til húsnæðislána. Húsnæðislán eru núna hærri sem hlutfall af verði meðalíbúðar en áður og það mun vera tilefni þeirra ummæla, sem hv. fyrri ræðumaður hér úr þessum stóli lét falla, að ástandið hefði kannske sjaldan verið jafngott. Samt hafði hann í fyrri hluta ræðu sinnar tínt til ýmsar athyglisverðar staðreyndir sem benda nú til þess að þarna hafi hann ofmælt því það er sitt hvað lánsloforð og lánsfé. Það er sitt hvað fyrirheit um eitthvað sem á að gerast og svo hitt að standa við fjármögnun þess arna í reynd. Menn byggja nefnilega ekki á lánsloforðum heldur á lánum.

Herra forseti. Þessi umræða gefur tilefni til að rifja upp að þegar allt var komið í þrot í húsnæðismálum í tíð hæstv. núv. húsnæðismálaráðherra þá greip verkalýðshreyfingin til sinna ráða og knúði það fram í kjarasamningum að teknar yrðu upp róttækar breytingar á löggjöf og fylgdi því eftir með því að beita áhrifum sínum innan lífeyrissjóða verkalýðshreyfingarinnar til þess að tryggja stóraukið fjármagn. Það sem við nú þurfum að gera er að reyna að meta eftir fimm mánuði reynsluna af þessu kerfi og reyna að gera það helst sæmilega hleypidómalaust. Hitt er svo annað mál að þessi kerfisbreyting og þetta aukna fjármagn sem verkalýðshreyfingin hefur lagt á borð með sér og á borð með hinu nýja kerfi verður seint talið til afrekaskráar hæstv. húsnæðismálaráðherra. Það er hins vegar ekkert aðalatriði málsins.

Ég vil fyrst rifja það upp að sá sem hér stendur og flokksbræður mínir, við samþykktum hin nýju húsnæðismálalög og við gerðum það vegna þess að við töldum að þáverandi kerfi væri komið í þrot, það væri fárra góðra kosta völ, það væru engin rök fyrir því að hafna fyrir fram þessari tilraun og það væri þakksamlega þegið þegar verkalýðshreyfingin beitti afli sínu og því fjármagni sem hún hafði umráðarétt yfir í lífeyrissjóðunum til þess að reyna að rétta hlut hins langhrjáða húsbyggjanda. En við sögðum þá strax og við greiddum þessu atkvæði að við gerðum það með vísan til tveggja fyrirvara:

Í fyrsta lagi töldum við þá þegar 1986 að fyrirsjá-

anlegt væri að það mundi skorta fjármagn til þess að standa við fyrirheit þessa nýja kerfis í reynd, m.ö.o. það yrði að fylgja því eftir, ekki með minnkuðum ríkisframlögum heldur verulega auknum ríkisframlögum. M.a. með vísan til þess að þetta kerfi er greinilega ekki hugsað til frambúðar, þetta fjármögnunarkerfi fullnægir ekki þeim skilyrðum að á grundvelli þess sé unnt að byggja upp eigin fjárhag byggingarlánasjóðanna, sem hlýtur að vera eitt meginmarkmiða þeirrar húsnæðismálastefnu sem *sæmilega ráðdeildarsöm og ábyrg ríkisstjórn vill* reka. Ég er hér að tala um vaxtamun, þann vaxtamun sem verður annars vegar þegar tekin eru lán, þá á allt að 9% vöxtum, seinna á rúmlega 6% vöxtum og til tiltölulega skamms tíma, og lánuð út á niðurgreiddum lágum vöxtum, 1–3,5%, og lánuð til miklu lengri tíma, allt að 40 ára. Það lá fyrir þá strax að þessi vaxtamunur mundi smám saman binda byggingarsjóðunum slíka bagga að við værum ekki með fjármögnunarkerfi sem stæðist til frambúðar. Því yrði að spretta upp.

Í annan stað vöktum við athygli á því að samkvæmt okkar hugmyndum um lífeyrissjóði getur það ekki orðið frambúðarhlutverk lífeyrissjóðanna að vera lánasjóðir til húsnæðismála fyrst og fremst vegna þess að þeirra hlutverk er þrátt fyrir allt að tryggja þeim sem þá eiga og eiga rétt á lífeyrisgreiðslum sómasamlegan lífeyri. Það er orðið mikið vafamál þegar lífeyrissjóðirnir í heild innheimta í iðgjöldum af launþegum 6–7 milljarða kr. á ári hverju en greiða ekki út á s.l. ári nema rúmlega 1,2 milljarða kr., það er orðin mikil spurning hvernig á að ávaxta þetta fé. Og hvernig munu lífeyrissjóðirnir innan fárra ára standa við sínar skuldbindingar þegar staða þeirra gerbreytist vegna aldursdreifingar í þessu þjóðfélagi, vegna fækkunar vinnandi fólks á bak við hvern lífeyrisþega. Við vísuðum m.ö.o. til þess að það væri sýnilegt að fjárhagsgrundvöllur þessa kerfis væri þrátt fyrir allt ekki nægilega traustur. Það þyrfti aukið ríkisframlag með hliðsjón af vaxtamuninum og það stæðist ekki til frambúðar vegna þess að þetta væri ekki meginhlutverk lífeyrissjóðanna þegar fram í tímann væri litið.

Í þriðja lagi vísuðum við til þess fyrirvara að það *væri galli á þessum lögum og þessu kerfi og þessum* hugmyndum að hið félagslega kerfi væri vanrækt. Við hefðum viljað sjá, og sögðum það þá, að stærri hluti af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna færi í Byggingarsjóð verkamanna vegna þess að það lá þá þegar í augum uppi að það er orðin gerbreyting að því er varðar alla fjármögnun húsnæðismála. Sú breyting sem varð við verðtryggingu varð snögg. Sú breyting sem síðan verður við það að við höfum bæði verðtryggingu og háa raunvexti á þessu fjármagni er mikil. Það þýðir ósköp einfaldlega: Þegar tekið er tillit til þess kaupmáttarhruns sem varð á fyrri hluta stjórnartímabils þessarar ríkisstjórnar, að það eru stórir hópar, og þeim fer fjölgandi, sem munu fyrirsjáanlega ekki af venjulegum launum sínum rísa undir greiðslubyrði slíkra lána og þurfa þess vegna, ef það á að gerast að þeim verði tryggt öryggi í húsnæðismálum, þurfa þess vegna að geta leitað til félagslegra lausna í húsnæðismálum. Þetta átti ekkert að koma mönnum á óvart. Þetta lá fyrir þá þegar. Hafi menn efast um það þá, þá rifja ég nú upp að þeir sem guma hvað mest af þeirri réttarbót launþega að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, launþega sem hingað til hafa staðgreitt sína skatta þótt viðmiðunin hafi verið árið á undan, þeir sem mest guma af því sem réttarbót ættu að athuga að *það mál hefur tvær hliðar*. Það snertir þessa umræðu vegna þess að það hefur auðveldað ungu fólki sem er að koma t.d. frá námi með námsskuldir á bakinu og er að byrja þátttöku í atvinnulífinu, þetta fólk hefur verið skattlaust 12–18 mánuði, einmitt meðan það er að koma sér fyrir og meðan húsnæðisfáránleikinn íslenski ætlast til þess að unga fjölskyldan, sem þá er venjulega með lágar tekjur, eigi að binda sér drápsklyfjar skuldbindinga vegna íbúðaröflunar. Nú, þegar staðgreiðsla skatta verður lögleidd, þá verður þarna um að ræða snöggbreytingu til hins verra fyrir stóran hluta ungu kynslóðarinnar í landinu sem er enn ein röksemdin fyrir þeirri nauðsyn að taka upp kaupleiguíbúðir.

Herra forseti. Ég sagði: Við þurfum að meta reynsluna af hinu nýja kerfi, sem nú er orðið tæplega hálfs árs, áður en lengra er haldið. Það er svo spurningin um það hver þessi reynsla telst vera. Það fer eftir henni hvort menn taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að gefa þessu kerfi frekara ráðrúm til þess að meta reynsluna eða hvort menn þurfa að staldra við nú þegar í ljósi fenginnar reynslu og sníða af því alvarlega vankanta — því það er rétt, það er engan veginn með öllu óhafandi. Það er enginn að halda því fram.

Spurningin er: Hafa komið fram vankantar og ágallar á þessu kerfi sem rétt er að staldra við nú þegar og leita samkomulags um að sneiða af áður en lengra er haldið? Hverjir væru þeir vankantar hugsanlega?

Í fyrsta lagi: Ríkisframlagið er sýnilega of lágt. Það verður að hækka þetta ríkisframlag til þess að útlánaáætlunin sé raunhæf, til þess að stytta biðtíma og til þess að vega upp á móti vaxtamun.

Í annan stað: Ef við lítum á fjármögnun fasteignamarkaðarins í heild þá hefði það verið mjög skynsamleg ráðstöfun áður, og er orðin mjög brýn núna, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því í gegnum sína húsnæðislánastofnun að skilyrða lánveitingar að því er varðar kaup og sölu á eldra húsnæði eða lánveitingar til þess, skilyrða það lægra útborgunarhlutfalli. *Lægra útborgunarhlutfalli til þess þannig* að draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf og tryggja að eigendur fasteigna, sem margir hverjir fengu þessar fasteignir með lánum sem voru niðurgreidd, leggi fram við fasteignaskipti á markaðinum meiri hlutdeild af þeim lánum og minnki þannig lánsfjárþörfina.

Í þriðja lagi sýnist mér reynslan benda til þess að menn verði að horfast í augu við þá staðreynd að

það verður að stefna að því í alvöru að auka hlutdeild hins félagslega kerfis.

Dæmi: Menn eru að tala um að nú sé talsvert mörgum umsækjendum synjað um lán með þeim rökum að framtaldar tekjur þeirra bendi ekki til þess að þeir fái staðið undir greiðslubyrði af þessum lánum. Stöldrum við þennan punkt. Hvað mega þessar tekjur vera lágar? Greiðslubyrði af húsnæðismálastjórnarláni til 40 ára upp á 3,5% vexti af venjulegri íbúð er ekkert voðalega há á mánuði hverjum. En þetta lán er hins vegar ekki að hámarki nema 70% af kaupverði. Sá kaupandi, sem ekki á í eigin fé u.þ.b. 30% af þessu kaupverði og ætlar að fjármagna það í gegnum bankalán á óniðurgreiddum raunverulegum markaðsvöxtum, hann er hins vegar í mörgum tilvikum ef hann er venjulegur launþegi sannanlega ekki fær um það að rísa undir greiðslubyrði af venjulegum íbúðarkaupum.

Tökum nú dæmi af láglaunafólki úr Sókn eða úr Framsókn eða úr Iðju, eða úr Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, fólki sem er á taxtakaupi, með takmarkaðan vinnutíma og á tiltölulega lágum launum. Ég hygg að það sé mjög auðvelt að sýna fram á það að þetta fólk rís ekki undir greiðslubyrðinni. En ég minni á: Lífeyrissjóðir þessa fólks, sem þetta fólk greiðir iðgjöld í, leggur fram fé í húsnæðislánasjóðina. Er hægt síðan að koma til þessa fólks og segja: Að vísu er það rétt, þið greiðið iðgjöld í þessa sjóði, áður gátuð þið snúið ykkur til þessara eigin lífeyrissjóða ykkar og farið fram á lán, nú getið þið það ekki lengur. Nú greiðið þið iðgjöld í þessa sjóði. Þessir sjóðir fjármagna síðan húsnæðislánasjóðina. En þegar þið komið sem láglaunafólk til húsnæðislánasjóðsins sem er fjármagnaður af iðgjöldum ykkar þá verður ykkur sagt: Nei, launin ykkar eru svo lág, þið rísið ekki undir lánunum. Burt með ykkur.

Ég spyr — og mundi spyrja hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson ef hann væri hér sýnilegur: Mundi formaður Verkamannasambands Íslands og mundi formaður Dagsbrúnar réttlæta það að þetta fái staðist? Að byrðarnar af því að fjármagna húsnæðislánakerfið séu lagðar á lægst launaða fólkið í landinu en síðan komi það á daginn að það fái ekki risið undir greiðslubyrðinni af þessum lánum af sínum lágu launum og þá sé sagt við það: Þið eruð réttdæmd til þess að leggja fram fé til þess að fjármagna þessa sjóði, sem m.a. eiga núna að fjármagna endurkaup fólks sem fékk niðurgreitt húsnæði hér á velmektardögunum. En þið sjálf? Ykkar réttur er enginn því þið getið ekki risið undir lánunum.

Ég held að þessi punktur, um hlutverk lífeyrissjóðanna og þessa leið við fjármögnun húsnæðislánakerfisins, sé eitt af því sem þurfi að endurmeta núna og ég nefni annað dæmi:

Í umræðum um tillögur okkar jafnaðarmanna um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og samræmd lífeyrisréttindi hefur t.d. formaður Sjálfstfl. lýst þeirri skoðun sinni að hann vilji slá skjaldborg um óbreytt kerfi og hann telji það hina mestu ósvinnu að koma með tillögu um einn lífeyrissjóð og samræmd lífeyrisréttindi ef það gangi á snið við vilja stjórnenda kerfisins, sjóðakóngana í hundrað lífeyrissjóðum. Við segjum hins vegar, og það er ágreiningurinn: Hverjir eru rétthafar þessa kerfis? Hverjir eru þeir sem greiða iðgjöldin? Það er fólkið í þessu landi sem á að ráða því hver verður framtíðarskipan lífeyrismála, enda viljum við að tillögur okkar um einn lífeyrissjóð og samræmd lífeyrisréttindi verði lagðar fyrir fólk í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá segja andstæðingar þessara tillagna: Tillögur um einn lífeyrissjóð, þ.e. samræmd lífeyrisréttindi að því er varðar réttindin, deildaskiptur eftir landshlutum samkvæmt okkar tillögum, að því er varðar ráðstöfun fjármagnsins og ávöxtunarkjörin, þá segja þeir: Þetta er miðstýring.

Ég spyr: Hundraðsjóðakerfið núna, ætli það sé ekki í reynd dálítið mikið miðstýrt? Flettum upp í símaskránni og spyrjum: Hvar eru heimilisföng þessara sjóða flestra hverra? Ætli þau séu ekki í Reykjavík? Og lítum á það frá fjármagnshliðinni, ávöxtunarhliðinni: Hvar ætli þessir 6 milljarðar kr. sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar umfram lífeyrisgreiðslur, hvar ætli þeir séu ávaxtaðir? Ætli þeir séu ávaxtaðir austur á Hellu? Ætli þeir séu ávaxtaðir austur á Seyðisfirði? Ætli þeir séu ávaxtaðir vestur í Ólafsvík? Áreiðanlega að mjög litlu leyti vegna þess að bróðurparturinn fer auðvitað til ríkisins beint í gegnum þessi húsnæðismálalög, til byggingarsjóðanna og eru ávaxtaðir hvar? Fjárfest hvar? Þarf að minna fulltrúa landsbyggðarinnar hér á hinu háa Alþingi á hver hafi verið hlutur landsbyggðarinnar að því er varðar byggingarstarfsemi á undanförnum árum? Það er hægt að telja hér upp í tugatali þau byggðarlög úti á landi þar sem ekki hefur verið byggð ein einasta íbúð á undanförnum árum. Ekki ein einasta. Það heyrir til undantekninga ef nokkur einasta íbúð hefur verið byggð.

Allir vita það að núverandi kerfi er kerfi sem sogar fjármagn sem verður til úti á landi, og greitt er af iðgjöldum launafólks úti á landi, sogar fjármagnið hingað suður í sjóðakerfið í Reykjavík þar sem það er lánað út til byggingarstarfsemi — í Reykjavík. Svo koma sömu menn og bera sig mannalega, segjast vera á móti miðstýringu og kalla skipulagsleysi og óskapnað og misrétti, sem er hvað mesta misréttismál gagnvart öldruðum Íslendingum sem nú eru í þessu þjóðfélagi, núverandi sjóðakerfi, vilja slá um það skjaldborg, óbreytt kerfi, og kenna það við valddreifingu!

Herra forseti. Ég hef nefnt hér tvö dæmi sem eru um alvarlega ágalla á því kerfi sem við erum hér að ræða. Annað lýtur að því að láglaunafólk greiðir inn iðgjöld í lífeyrissjóðina, lífeyrissjóðirnir fjármagna húsnæðislánakerfið, en síðan eru þessu láglaunafólki vísað frá og vitnað til þess að það hafi ekki efni á að standa undir greiðslubyrðinni.

Hitt dæmið er um það að fjármunir sem verða til úti á landi eru í gegnum þetta kerfi sogaðir suður til

Reykjavíkur og ráðstafað þar. Einhvern tímann hefði nú heyrst hljóð úr horni í flokki sem kenndi sig við landsbyggð, byggðastefnu, og taldi sig málsvara fólksins úti á landi, sem mér skilst að hæstv. félmrh. sé fulltrúi fyrir, ef einhverjir aðrir hefðu staðið þannig að verki. Nóg held ég að hafi nú verið lagt á landsbyggðina þegar og er ég þar bæði að tala um miðstýrt kvótakerfi og framleiðsluskerðingu í landbúnaði, leyniskýrsluna frægu um það að skera niður, ekki framleiðslu í landbúnaði heldur 2000 bændur, með samdráttarafleiðingum þess í þjónustubyggðarlögunum úti á landi, kvótakerfi í sjávarútvegi o.s.frv.

Herra forseti. Það voru fleiri en við sem gerðum fyrirvara að því er varðaði líkurnar á því að þetta kerfi gæti staðist þegar það var samþykkt hér á hinu háa Alþingi og reyndar áður en það var samþykkt. Ég verð að segja eins og er að það er ekki hægt að líta fram hjá því í þessari umræðu að hæstv. félmrh. hefur verið borinn alvarlegum sökum í því efni. Hann hefur verið borinn þeim sökum að hafa haldið leyndu fyrir Alþingi og þjóðinni ítarlegum skýrslum sem höfðu verið samdar að hans undirlagi og fyrir hans ráðuneyti. Og að því er varðar þær upplýsingar sem í þessum skýrslum voru, þá hefðu þær upplýsingar nægt til þess að vekja athygli manna þá þegar á lykilatriðum, nefnilega þessum:

Í fyrsta lagi að fjáröflun til hins nýja kerfis væri fyrirsjáanlega ónóg. Að fjármagnsþörfin væri meiri.

Í annan stað að aukningin á lánsfé í hinu nýja kerfi gegnum lífeyrissjóðina væri ofmetin þegar litið væri á fasteignamarkaðinn í heild og þar með eftirspurnin eftir lánum vanmetin stórlega.

Það eru vissulega alvarlegar ásakanir þegar sagt er að hæstv. ráðh. hafi haldið leyndum slíkum upplýsingum. Ég er hér með í höndunum grein eftir Stefán Ingólfsson sem birtist í Morgunblaðinu í dag, 24. febrúar, undir fyrirsögninni „Rakalaust kjaftæði", en þar er greinarhöfundur að vitna í ummæli sem hæstv. ráðh. viðhafði í útvarpsþætti þegar hann var spurður hvort rétt væri að hann hefði haldið þessum upplýsingum leyndum. Rakalaust kjaftæði, sagði hæstv. ráðh. Spurningin er: Vill hann endurtaka þau ummæli hér? Þurfum við að sýna honum skýrslurnar, sex talsins, sýna þær hér úr ræðustól, ég er að vísu ekki með þær, en þær eru í salnum samt sem áður, rifja upp dagsetningarnar á þeim og þylja upp fyrir honum aðalatriðið sem fram koma í þessum skýrslum áður en hann viðurkennir þá staðreynd að þessar skýrslur voru til? Þær upplýsingar sem þar koma fram um ofmat á aukningu lánsfjár í nýja kerfinu og vanmat á eftirspurn sem fyrirsjáanleg væri lágu á borðinu og voru þar af leiðandi þess eðlis að það var hægt að sjá fyrir þann vanda sem nú er kominn upp og fyrirbyggja hann. Ég er hér að tala um alvarlega hluti í stjórnsýslu. Ég er að tala um hvort það er rétt eða rangt að hæstv. ráðh. hafi legið á þessum upplýsingum og haldið þeim leyndum. **(Gripið fram í:** Brottrekstraratriði.) Í flestum löndum væri það.

Hvað segir höfundur þessara skýrslna? Hann segir í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

Í janúar og febrúar 1985 gerði félagsvísindadeild Háskólans könnum á kaupum notaðs húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin var framkvæmd fyrir nefnd sem starfaði á vegum félmrn. Skýrsla deildarinnar með niðurstöðum úr könnuninni birtist í ágúst 1985. Hún ber heitið: „Könnun á húsnæðiskjörum. Kaup notaðs húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu 1984." Í ítarlegum töfluviðauka sem henni fylgdi kemur fram að liðlega 34% af fasteignakaupendum séu að kaupa sína fyrstu íbúð. Nákvæmlega sömu upplýsingar er að finna í skýrslu sem unnin var fyrir ráðuneytið úr þeim upplýsingum sem fengust úr könnuninni. Hún nefnist „Áfangaskýrsla 5. Fjármagn á fasteignamarkaði" og kom út í ágúst 1985 eins og hin. Það má einnig geta þess að sömu upplýsingar er að finna í markaðsfréttum frá Fasteignamati ríkisins, mars 1986. Þetta hlutfall, 34%, skiptir meginmáli þegar fjöldi umsækjenda um lán er áætlaður. Það sýnir nefnilega að í meðalári kaupi 1450–1500 fjölskyldur húsnæði í fyrsta sinn. Það er 300 fjölskyldum fleira en forsendur frv. gerðu ráð fyrir. Endurtek: 300 fjölskyldum fleira en forsendur frv. gerðu ráð fyrir. Þetta eina atriði jafngildir því að fjárþörf kerfisins hafi verið 500 millj. kr. hærri en talið var.

2. Heimildin er „Áfangaskýrsla 2. Fasteignamarkaður á höfuðborgarsvæðinu 1980–1984." Þar segir:

„Kaupendur sem komnir eru yfir fimmtugt kaupa sér í auknum mæli litlar íbúðir. Þeim kaupendum sem eru 51 árs og eldri og keyptu litlar íbúðir fjölgaði um 60% frá 1980 til 1984."

Á bls. 7 í skýrslunni kemur auk þess fram að 20% allra kaupenda voru á þessum aldri 1984. Það eru 850 kaupendur á ári. Nú er ljóst að þeir sem áttu stórar skuldlitlar íbúðir og voru að minnka við sig áttu ekki lánsrétt í gamla kerfinu. Þeir fengu hann hins vegar með nýju lögunum. Þær upplýsingar sem hér voru nefndar gera mönnum auðveldlega kleift að meta hversu stór hópur mundi þannig öðlast rétt til lána. Ætla má að ekki færri en 450 manns, sem eru að minnka við sig húsnæði og fá greitt reiðufé í milli við kaupin, öðlist lánsrétt. Lán til þeirra má áætla um 500 millj. kr. á ári. Þetta var ekki fyrirséð í upphaflegum reikniforsendum kerfisins. En upplýsingarnar voru í ráðuneytinu og erindi um það voru send og athygli var vakin á því.

3. Mat á fjárþörf kerfisins í heild, þ.e. fasteignamarkaðarins í heild vegna fasteignakaupa í heild sinni:

Í skýrslunni Fjármagn á fasteignamarkaði er í löngu máli fjallað um það hversu gríðarlega fjárfrekur fasteignamarkaðurinn er. Bent er á það að það megi rekja til afarhárrar útborgunar og sagt að miðað við óbreytt ástand sé markaðurinn það fjárfrekur að lánsfjárþörf hans verði ekki leyst með opinberu fé eingöngu. Í skýrslunni er einnig fjallað um hvaða þýðingu lánsfé lífeyrissjóðanna hafi fyrir

kaupendur fasteigna. Um þetta er fjallað í sérstökum kafla. Þar kemur fram að lánsfé frá lífeyrissjóðum hafi fram að þeim tíma þegar nýja kerfið tók gildi verið jafnhátt og öll lán frá Húsnæðisstofnun. Þetta er einnig sett fram í töflu í marsblaði Markaðsfrétta. Úr þessari töflu má áætla hver nettóaukning verði á lánsfé því sem veitt er inn á fasteignamarkaðinn með nýja húsnæðislánakerfinu. Þegar tekið er tillit til þess að lán lífeyrissjóðanna beint til félaga munu nánast falla niður og miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma þegar frv. að lögunum var til umræðu og áður eru nefndar virðist aukningin ekki munu vera meira en 5% af heildarveltu markaðarins. M.ö.o.: það sem hefur verið gumað af sem stórauknu lánsfé til húsnæðismála í heild er þegar nánar er skoðað lítil sem engin aukning, 5% aukning ef litið er á fasteignamarkaðinn í heild, sem er þá upphæð upp á nokkur hundruð milljónir kr., en áhrifin af nýja kerfinu til að hækka fasteignaverð á höfuðborgarmarkaðnum og víðar á sama tíma gerir meira en að gleypa upp alla þessa aukningu. Nettó aukningin er núll.

Með því að nota sömu skýrslur gerði höfundur þessara skýrslna í ágúst spá um hver biðtími umsækjenda eftir lánum mundi verða orðinn í apríl n.k. Biðtíminn var varlega áætlaður 14 mánuðir. Þetta hefur gengið eftir. Biðtíminn er nú þegar orðinn liðlega 15 mánuðir og stefnir í 17 mánuði. Þá mátti áætla hina miklu eftirspurn sem koma mundi á fyrstu árum kerfisins vegna uppsafnaðs vanda í húsnæðismálum. Ætla mátti að þessi hópur væri allt að 500 fjölskyldur. Með því að bæta þeim hópi við hóp fyrstu kaupenda mátti þess vegna vænta þess að allt að 2000 manns í forgangshópi mundu sækja um fyrsta árið. Hverjar eru staðreyndirnar? Á fyrstu fjórum mánuðunum samkvæmt nýju kerfi var umsóknafjöldinn 1900, eins og Stefán Ingólfsson sá fyrir, eins og hann lagði fram skýrslur og gögn um og áætlanir um áður en nýja kerfinu var hleypt af stokkunum.

Til þess að draga saman, herra forseti: Það lá með öðrum orðum fyrir á gögnum í ráðuneytinu, sem unnin höfðu verið fyrir það áður en Alþingi hafði þessi mál til umfjöllunar, hver var fjöldi þeirra sem í meðalári kaupa sínar fyrstu íbúðir og sú áætlun var vanmetin um 300 fjölskyldur eða 500 millj. kr.

Í annan stað. Það lá fyrir áætlun byggð á reynslutölum um hversu margir þeir væru, 450 manns, sem höfðu að jafnaði á undangengnum árum losað sig við stórar eignir, minnkað við sig íbúðareign og öðluðust lánsrétt og bættu þar með við 500 millj. kr. útlánaþörf.

Í þriðja lagi. Samanburðurinn á fjármagni í kerfinu í heild hefur gjarnan verið gerður á röngum forsendum vegna þess að menn hafa sagt: Þetta er nettóaukning, en gleymt að niður féll réttur launþegans til að fá í sumum tilvikum tvöfalt lán hjá lífeyrissjóðnum sínum. Nettóaukningin nær því ekki að vega upp þá verðhækkun fasteigna sem orðið hefur á markaðnum síðan.

Í fjórða lagi lágu fyrir upplýsingar um þann fjölda sem mátti ætla að mundi sækja um rétt í forgangshópi vegna uppsafnaðs vanda greiðsluerfiðleika á liðnum árum, 500 fjölskyldur.

Þessar áætlanir hafa allar staðist og leiða til þeirrar niðurstöðu að kerfið hefur brugðist vonum manna að því leyti að það eru gefin út lánsloforð í stórum stíl sem síðan hefur ekki verið unnt að standa við vegna þess að fjármögnunin er ekki í lagi.

Velkominn í salinn, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar (**GJG:** Þakka þér fyrir.) og formaður Verkamannasambands Íslands. Ég beindi einni lítilli spurningu til hv. þm. áðan þegar ég var að meta kosti og galla hins nýja kerfis núna að fenginni tæplega hálfs árs reynslu. Spurningin er þessi: Telur hv. þm., formaður Dagsbrúnar og formaður Verkamannasambands Íslands, vera í lagi þegar meðlimir Dagsbrúnar, Framsóknar, Sóknar, Iðju, Verslunarmannafélagsins o.s.frv., sem greiða sín iðgjöld í lífeyrissjóðina sína, lífeyrissjóðirnir þeirra greiða síðan fyllilega sinn skerf og ríflega það, 55% og sumir miklu meira, til þess að fjármagna húsnæðislánakerfið, en síðan koma þessir einstaklingar, sem halda þessu kerfi uppi með sínum iðgjöldum, til Húsnæðisstofnunar og sækja um lán og eru þá gerðir afturreka á þeim forsendum að laun þeirra séu svo lág að þau nægi ekki til að standa undir greiðslubyrði lána sem ótal dæmi eru um? Er þetta ekki ágalli á því kerfi sem við lögðum upp með? Er það ásættanlegt fyrir forustumenn og trúnaðarmenn launþega á Íslandi að segja annars vegar við sitt fólk: — Það var að vísu allt komið í hönk í húsnæðismálum. Það er ég búinn að fjalla um. Það viðurkennum við. Það var rausnarlega gert af verkalýðshreyfingunni að bjarga ríkisstjórninni úr snörunni svo sem hún hefur orðið að gera ekki bara í þessu máli heldur fleirum og það er guðsþakkarvert. — En er hægt að segja: Leggið þið fram ykkar iðgjöld í þetta lánakerfi, en þegar talið berst að réttindunum er sagt, nei, því miður launin ykkar eru of lág. Þið getið ekki staðið undir greiðslubyrðinni. Ykkur er nógu gott að halda uppi kerfinu. Á sama tíma er bætt við nýjum hópi sem ekki átti lánsrétt áður, því fólki sem á stórar íbúðir, einmitt íbúðirnar sem hv. þm. var að tala um, fimm herbergja íbúðir, sex herbergja íbúðir, þar sem eru 60 fermetrar undir rassinn á hverri persónu, og geta nú komið, þegar þeir eru að selja þessar eignir og minnka við sig, til húsnæðismálastjórnar og fengið lán. (**GJG:** Hundrað fermetrar.) Já, geta nú komið til húsnæðismálastjórnar, sem er fjármögnuð að verulegu leyti með iðgjöldum láglaunafólks, og fengið lán, um leið og það fær milligreiðslu við sölu á fasteignunum upp á kannske 1–1½ millj. og það af meira auðvitað, fengið því næst lán niðurgreitt sem er fjármagnað af iðgjöldum láglaunafólksins og farið með það beint upp í Kaupþing og ávaxtað það þar praktuglega á þeim raunvöxtum sem virðast núna vera nokkurn veginn þeir hæstu á OECD-svæðinu a.m.k. Ég spyr þessara spurninga, hv. þm., í því samhengi að ég var

að segja: Við skulum nú meta hleypidómalaust reynsluna af þessu kerfi eftir hálft ár, og ég hef sagt: Það er ekki nóg að segja „við skulum bíða og sjá hvað setur". Það er þegar komið á daginn að það eru þarna vissir ágallar og ég segi að þeir eru:

Ríkisframlagið er of lágt, m.a. vegna vaxtamunar og til þess að standa við eðlilegar forgangskröfur sem þetta kerfi á að leysa.

Í annan stað segi ég: Ríkisvaldið hefur brugðist skyldu sinni um að skilyrða lán vegna kaupa á eldra húsnæði um það að greiðsluhlutfallið og útborgunarhlutfallið er of hátt. Það verður að lækka það. Þar með mundu þeir lækka heildarlánsfjárþörfina og knýja þá sem á sinni tíð fengu niðurgreitt húsnæði til að lána meira á markaðnum við skipti á íbúðum.

Og í þriðja lagi segi ég, hv. þm.: Hið félagslega kerfi var vanrækt. Mér þótti vænt um að það kom fram í máli hv. þm. áðan að það væri ágalli á kerfinu. Við ríkjandi aðstæður er alveg ljóst að við verðum núna að leggja aukna áherslu á hið félagslega kerfi, m.a. ef það á að líðast að fólki í stéttarfélögunum, láglaunafólki, sé vísað frá fyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar vegna lágra launa. En hvert á að vísa því á sama tíma og ekki eru byggðir verkamannabústaðir, á sama tíma og ekki er veitt fjármagni í Byggingarsjóð verkamanna og á sama tíma og þingmeirihlutinn þrjóskast gegn kaupleiguíbúðum? Aftur á móti skal ég segja að það er gleðileg undantekning og ánægjulegt að heyra hleypidómalausa og jákvæða umfjöllun hv. þm. um það efni áðan.

Að því er varðar mat manna á umsóknafjöldanum og hvað sé raunhæft þegar menn eru að tala um biðtíma eða áætla hvort raunhæf byggingaráform búi að baki umsóknum dugar náttúrlega ekki að segja eins og hv. þm. gerði áðan: Þessir menn eru ekki einu sinni komnir með lóðaloforð, lóðafyrirheit eða búnir að ganga frá veðsetningu. Nú birtist daglega í blöðum, m.a. í Morgunblaðinu 22. febrúar, auglýsing frá Húsnæðisstofnun sem hljóðar svo: „Skriflegt lánsloforð frá Húsnæðisstofnun er örugg ávísun á lán. Bíddu, bíddu eftir því áður en þú gerir nokkuð annað. Með lánsloforð í höndum er orðið tímabært að ganga frá bindandi kaupsamningi, fyrr ekki." Það er beinlínis beðið um það. Bíddu maður! Þetta er kostur kerfisins. Þú átt að geta sótt um lán og fengið lánsloforð, en þú átt ekki að ganga fyrst frá lóðasamningi. Menn eru auðvitað að fara eftir settum reglum. Menn eru að bregðast við breyttum reglum. Af þessu verður ekkert metið um það hvort byggingaráform manna eru raunveruleg eða ekki.

Í raun og veru tek ég mark á þeim tölum sem ég rakti áðan eftir heimild Stefáns Ingólfssonar hafandi farið í gegnum þær skýrslur og hafandi fylgst með hans málflutningi á mörgum árum. Ég held að þær tölur sem hann hefur nefnt um fasteignamarkaðinn í heild, þ.e. hvað eru það margir sem eru að kaupa í fyrsta sinn og meina það, hvað eru það margir sem á undanförnum árum hafa verið að skipta úr stórum íbúðum í smærri og meina það og hvað eru það margir sem eiga forgangsrétt vegna þess að þeir voru í greiðsluerfiðleikahópnum frá fyrri árum? — allar þessar tölur lagðar saman benda til þess að umsóknafjöldinn sé ekki svo fjarri lagi. Að vísu mundi það gleðja mitt gamla hjarta ef það væri svo að í þeim hópi fólks sem synjað er núna um lán á þeim forsendum að það muni hugsanlega ekki rísa undir greiðslubyrðinni væri að finna þá forréttindahópa og skattsvikara sem samkvæmt skattframtölum væri bónbjargamenn og eru bónbjargamenn. Ég vildi gjarnan beina því til hæstv. félmrh., ef það væri einhver von til þess að fá svör, hvort hann gæti gert úttekt á því hvernig þessi hópur, sem synjað hefur verið um lán, sundurgreinist. Ég á að vísu ekki von á því að hið opinbera kerfi hafi ráð til þess að vinsa þar sauðina frá höfrunum, þ.e. skattsvikarana frá heiðarlegu fólki.

Herra forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um ágalla kerfisins og ég tíundaði í upphafi máls míns helstu stólpana á langri leið húsbyggjenda og raunasögu þeirra, nefndi misgengi launa og lána, gífurlega hækkun raunvaxta og úrræði hæstv. félmrh., sem reyndar fékk þá umsögn hjá hv. þm. undir lok hans ræðu að hann hefði búið þjóðinni bestu kjör í húsnæðismálum sem sögur færu af, ef mér skildist rétt.

Afrekaskrá hæstv. ráðh. er aðallega í því fólgin að í stað þess að leysa vandamál hefur hann fengist við að leysa sinn eigin vanda með því að slá honum á frest, með því að leggja hann í nefnd. Og nefndirnar hafa starfað misjafnlega, þar á meðal þessi umrædda milliþinganefnd. En hitt er verra þegar nefndirnar hafa starfað dyggilega og starfsmennirnir starfað dyggilega en nefndarálitunum hefur verið stungið undir stól.

Framan af var brugðist við grundvallarvandanum með því að bjóða upp á viðbótarlán og lengingu á lánum, stundum farið offari með því að segja að bankakerfið mundi samkvæmt samningum greiða fyrir þessu og fréttist nú oft og tíðum heldur lítið af því. En lenging á lánum, það sem hinir hrjáðu húsbyggjendur kölluðu að lengja í hengingarólinni, var þrautaráðið. En stundum var gripið til annarra ráða og nú staldra ég við vorið 1985. Þá átti að afla fjár sérstaklega til þess að hægt væri að leggja hinum hrjáðu líkn með þraut, til þess að hægt væri að verja auknu fjármagni til að leysa vanda greiðsluvandræðahópsins eða harmkvælahópsins. Hvernig var það gert? Það var m.a. gert með því að hækka söluskatt. Hvert er samhengi milli þess að afla fjár með því að hækka söluskatt og segjast vera að leysa vanda hinna hrjáðu húsbyggjenda? Eins og menn vita er lánskjaravísitala saman sett af tveimur þáttum, framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu. Hækkun um eitt söluskattsstig skilaði á þessum tíma 7 eða 800 millj. kr. í ríkissjóð. Hún hækkaði að sjálfsögðu framfærslubyrði og framfærslukostnað þeirra fjölskyldna sem átti að hjálpa. Það er dálítið sérstakt með hliðsjón af þeirri staðreynd að hinir hrjáðu húsbyggjendur eru að öllum jafnaði fólk sem leggur

nótt við dag til þess að afla tekna. Það hefur þau áhrif að það keyrir það upp í hæsta jaðarskatt. Fólkið sem aflar hæstu tekna er um leið það sem ber af skilvísum launþegum hæstu beina skatta. Síðan er hækkaður söluskattur til að hækka framfærsluna sem færist inn í lánskjaravísitöluna sem hækkar greiðslubyrðina! Hvað er ég hér með að segja? Ég er að segja að það er sitt hvað að vera meðmæltur verðtryggingu fjárskuldbindinga og hóflega jákvæðri raunvöxtun fjár, sem er skynsamleg skoðun, sérstaklega fyrir Íslendinga og skulduga þjóð, eða að útfæra það í framkvæmdinni með þeim hætti að búa til vísitölu sem m.a. tekur inn óbeina skatta og breytingar á óbeinum sköttum og hækkar þar með greiðslubyrði skuldara, færir til eignir milli sparifjáreigenda og skuldara og breytir innistæðueignum í bankakerfinu með einu pennastriki. Það sem á að vera fjáröflun í þágu einhvers verður að refsivöxtum til að þyngja byrðar þess sem átti að bjarga.

Ég minnist þess hér á árum áður, þegar menn ræddu hið gamla sjálfvirka og vitlausa vísitölukerfi launa, hvers andstæðingur ég var eindreginn og mátti þola nokkrar kárínur fyrir hjá verkalýðsforingjum sumum hverjum eða flokksforingjum, hv. 3. þm. Reykv. t.d. Ég minnist þess frá umræðum um það mál þegar við lýstum því yfir að við værum andvíg svo sjálfvirku vísitölukerfi að þá var mikið um það rætt að það væri hrein fásinna að hafa skatta, hvort heldur væru beinir skattar eða óbeinir, inni í vísitöluviðmiðunum. Vont var það þá. En nú spyr ég: Ríkissjóður Íslands er rekinn með dúndrandi halla, og hefur verið lengst af, tæpir 3 milljarðar bara á B-hlutanum þetta árið. Í raun og veru, ef það er mælt út frá lánsfjárþörf opinberra aðila í heild, fullyrði ég að það eru allar líkur á því að ríkisbúskapurinn á Íslandi verði rekinn með að minnsta kosti 6000 millj. kr. halla á þessu ári.

Segjum nú sem svo að hér komi til valda viti borin ríkisstjórn eftir næstu kosningar. Segjum sem svo að hún geri það eitt af forgangsverkefnum sínum að nú dugi ekki lengur, ef góðæri helst, annað en nýta það m.a. til að fara að greiða niður erlendar skuldir. Hún á þá engin önnur ráð en þau að gera það með sköttum, með því að leggja á skatta, og ef það á að leggja á skatta til að jafna hallann á ríkisbúskapnum og ef það á að leggja á skatta til að byrja að greiða niður erlendar skuldir, langtímaskuldir, á það þá jafnframt að þýða refsivönd og gífurlega þyngingu á greiðslubyrði allra þeirra sem tekið hafa þessi lán í húsnæðislánakerfinu og skulda, ja, hámarkslánin 2,1 millj. eða 2,3 millj. eða þetta frá 1,5 til 2,5 millj. kr.? Á að framvísa þeirri ráðdeildarráðstöfun í ríkisfjármálum, að reyna að draga úr ríkisfjárlagahallanum og byrja að greiða niður erlendar skuldir, til húsbyggjenda og annarra skuldara gegnum lánskjaravísitölu með því að þyngja stórlega greiðslubyrði þessa fólks? Þetta er fjarstæðukennt! Að vísu er það svo að hallareksturinn á ríkissjóði núna er meginskýringin á því af hverju raunvaxtastig hér er hærra en í öðrum löndum og hærra en það ella væri. Hvernig dekkar ríkissjóður sinn halla? Þeir segjast vera á réttri leið og ná árangri. Árangurinn í ríkisfjármálunum er 6 milljarða gat. Og hvernig dekka þeir það? Þeir dekka það með því að gerast keppinautur annarra aðila á lánsfjármarkaðnum, þar á meðal atvinnulífsins, sprengja þar upp vexti í samkeppni og eru meginástæðan fyrir því að raunvextir eru hér hærri en þeir ættu að vera. Ef hin hliðin á kerfinu ætti að vera sú að ríkisstjórn, sem vildi fara að greiða niður, ætti að sprengja upp vexti vegna þess að það er sjálfvirk viðmiðun við lánskjaravísitölu sjá menn að menn eru komnir í kolvitlaust kerfi.

Það er ekki von að hæstv. félmrh. hafi orðið vel ágengt í að ráða fram úr vanda húsbyggjenda sem lýsti sér fyrst og fremst í misgengi lána og launa og afleiðingum af vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, gífurlegri hækkun raunvaxta, og afleiðingum af botnlausum hallarekstri þessarar ríkisstjórnar sem er svo ósvífin að vera að hæla sér af einhverjum árangri. Þetta er þó það sem hún vissulega gat ráðið við.

En þeir aðilar í þjóðfélaginu sem bera byrðarnar eru hinn hrjáði húsbyggjandi enn sem fyrr og framleiðslustéttirnar í landinu, landbúnaðurinn skuldum hlaðinn, sjávarútvegurinn skuldum hlaðinn, en þeir sem græða á öllu saman eru að sjálfsögðu forgangshópar þessarar ríkisstjórnar, handhafar og eigendur fjármagns á verðbréfamörkuðum þessa uppboðsþjóðfélags.

Herra forseti. Ég held að nóg rök hafi verið færð fyrir því nú þegar að kerfinu sem við erum að tala um er ekkert alls varnað. Það var til bóta á sínum tíma. En reynslan af því eftir hálft ár er sú sem reyndar var séð fyrir af mörgum, sbr. fyrirvara okkar á hinu háa Alþingi þegar greitt var um það atkvæði og sbr. þær skýrslur sem lágu á borðum félmrh. sem hins vegar voru gerðar að leyniskjölum, sbr. leyniskjalið sem núna er á borðum hans frá Húsnæðisstofnun og staðfestir allar staðreyndirnar um biðtímann og lánsloforðin og óraunhæfar útlánaáætlanir. Það er ekki góður umræðumáti, hæstv. ráðh., að halda leyndum staðreyndum og upplýsingum fyrir fólki sem á að taka hér ákvarðanir og fjalla um mál.

Kerfinu var ekkert alls varnað, segi ég, en það eru á því alvarlegir gallar.

Í fyrsta lagi er það galli að lífeyrissjóðunum er ætlað annað hlutverk. Þeir eiga ekki að vera útlánasjóðir númer eitt fram í tímann að líta.

Í annan stað: Ríkisframlagið er of lágt og það verður að hækka það. Það verður að auka framlög ríkissjóðs af sköttum til húsnæðismála ef við ætlum ekki að láta fjárhag byggingarlánasjóðanna verða að engu vegna vaxtamunar, ef við ætlum að ná því markmiði að byggja upp eiginfjárhag sjóðanna í framtíðinni.

Í þriðja lagi: Það verður að ætlast til þess af hæstv. félmrh. og ríkisstjórn nú þegar að hann skilyrði lán til kaupa á eldra húsnæði því að útborgunarhlutfallið verði lægra en það er nú. Það ber að beita stjórn-

tækjum og ráðum ríkisins til að keyra það niður.

Og í fjórða lagi: Það ber að verja auknu fjármagni í hið félagslega útlánakerfi og taka alvarlega skynsamlegar tillögur sem fram hafa komið um endurreisn hins félagslega kerfis sem ég tel alveg tvímælalaust að eigi sér fyrst og fremst framtíð í formi kaupleiguíbúða.

Og þá er ég kominn að „Blöndælu", herra forseti.

Ég sagði áðan að nóg væri á húsbyggjendur lagt að hafa þraukað af hæstv. félmrh. þó ekki bættist við annað böl og verra sem væri Blöndal og hans leiða „Blöndæla", fordómarnir, hleypidómarnir og geðstirfnin sem einkenndi hans mál, botnlaust skilningsleysi á aðstæðum þess unga fólks sem nú er að byrja að hasla sér völl í þjóðfélaginu.

1. spurning til hv. þm. Blöndals: Er engin þörf fyrir leiguhúsnæði í þessu landi? Hv. þm. hafa tekið eftir því að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur hér úr þessum ræðustól farið með rakalaus öfugmæli um niðurstöður úr könnunum sem gerðar hafa verið um þörf fyrir leiguhúsnæði. Þetta er hlutur sem við þurfum ekkert að deila um vegna þess að niðurstöður af þessum könnunum liggja fyrir. Hverjar eru þessar kannanir?

Í fyrsta lagi: Könnun Félagsvísindastofnunar. Þar var spurt: Hver eftirtalinna atriða telur þú brýnast að leggja áherslu á í húsnæðisöflun landsmanna á næstunni? — og eru taldir upp fimm kostir. Niðurstaðan er sú, eins og þar segir, að 26,3% aðspurðra setja búseturéttaríbúðir eða almennar leiguíbúðir á oddinn meðan 29,2% telja einkabyggingar mikilvægastar, rúmlega fjórðungur.

Næsta könnun. Sérstök könnun á vegum framtíðarnefndar forsrn. á því hverjum augum ungt fólk um tvítugt lítur eigin framtíð og þar á meðal hvaða leiðir það vill fara í húsnæðismálum. Aldurshóparnir 17–23 ára í framhaldsskólum sem og ungra félagsmanna í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Niðurstöður: Samanlagt 43% framhaldsskólanema, 46% ungs verslunarfólks telur byggingu leiguíbúða eða búseturéttaríbúða mikilvægasta framtíðarverkefni í húsnæðismálum. Og hana nú! Tæpur helmingur.

Þriðja könnun birtist nýlega í Fréttabréfi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þar er um að ræða könnun Húsnæðisstofnunar á þörf fyrir leiguíbúðir þar sem niðurstaðan er sú að það vanti 2500–3000 leiguíbúðir fram til ársins 1990, á næstu þremur árum. Þetta eru lokaniðurstöður úr könnun Húsnæðisstofnunar ríkisins á leiguíbúðaþörf og könnunin er gerð í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins í febrúar s.l.

Þrjár kannanir. Niðurstöðurnar: Fjórðungur til helmingur þess fólks sem spurt er telur byggingu leiguíbúða brýnasta framtíðarverkefnið, bráðnauðsynlegt. Og á næstu þremur árum? Könnun gerð á vegum Húsnæðisstofnunar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, 2500–3000 íbúðir bráðnauðsynlegar.

Og svo er eitthvað sem hv. 2. þm. Norðurl. e. þyrfti að gefa gaum. Þörfin er nefnilega mismunandi eftir sveitarfélögum. Sérstaklega er vakin athygli á því að í Norðurlandskjördæmunum, Austurlandi og Suðurlandi var þörfin nálægt meðaltali, 10–13 íbúðir á hverja 1000 íbúa. Ef litið er á höfuðborgarsvæðið virðist þörfin vera um 640 íbúðir á þessum þremur árum, en um 900 íbúðir, tæplega 1000, ef litið er á þarfir almannasamtaka sem láta uppi slíkar óskir. Sér í lagi er þetta rökstutt með því á landsbyggðinni, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði réttilega hér áðan, að þar er vísað til þarfa atvinnulífsins og á nokkrum stöðum taka menn svo djúpt í árinni að leiguíbúðaskortur standi öllu atvinnulífi fyrir þrifum. Kannske hv. þm. Guðmundur Bjarnason ætti að heyra þetta líka. Leiguíbúðaskortur standi öllu atvinnulífi fyrir þrifum, einkum norðanlands. Þar er fullyrt að leiguíbúðaskortur komi í veg fyrir að ungt fólk setjist að í byggðarlaginu og veigri sér við að setjast þar að af ótta við versnandi atvinnuástand og vilji því ekki binda fé sitt til að byrja með í húsnæði.

Ég tek undir það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði hér áðan. Ég er ekki í minnsta vafa um það að ungt fólk hér á höfuðborgarsvæðinu væri reiðubúið til þess að leita eftir búsetu og til starfa úti á landi ef þess væri nokkur kostur, ef því væri gert kleift að koma sér þar fyrir án þess að ráðast til að byrja með í óviðráðanlegar fjárhagslegar skuldbindingar. Síðan hef ég þá reynslu að margt ungt fólk unir svo vel hag sínum við þá kosti sem landsbyggðarlíf býður upp á umfram höfuðborgarsvæði að það væri líklegt til þess að festa þar sína byggð og búsetu, ef því væri gert það kleift með skynsamlegri langtímaskipulagningu á húsnæðismálum.

Hver væri besta lausnin á því? Við höfum flutt hér, herra forseti, tillögur um kaupleiguíbúðir sem standa mjög fyrir brjóstinu á hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldóri Blöndal. Hver er hugmyndin á bak við þessar tillögur? Út af fyrir sig er hún sáraeinföld. Á bak við tillögur um félagslegar lausnir á húsnæðismálum er sá þanki að við ætlum að skipuleggja fjármagn til þess að brúa ákveðið bil milli aldursskeiða. Unga fjölskyldan, sem er að byrja að hasla sér völl, oft með skuldir á bakinu, byrjar starfsferilinn venjulega með mun lægri laun heldur en síðar á æviskeiðinu. Á sama tíma samkvæmt lögmáli hins íslenska húsnæðisfáránleika er til þess ætlast að útgjaldaþörf þessarar fjölskyldu sé mest þegar tekjuöflun er minnst. Á sama tíma og tekjurnar eru lægstar, fjölskyldan er að byrja að koma undir sig fótunum, börnin eru að byrja að fæðast og oft og tíðum er það svo að annaðhvort foreldra, venjulega sem betur fer móðirin, verður að vera heima með börnum sínum til þess að ala þau upp og fjölskyldan hefur þess vegna þar af leiðandi aðeins eina fyrirvinnu. Tekjurnar lægstar, útgjaldaþörfin mest. Það er akkúrat á þessum tíma sem hið íslenska húsnæðislánakerfi segir: Fjölskyldan á strax að binda sér fjárhagsskuldbindingar sem eru henni raunverulega

ofviða og breyta venjulegu manneskjulegu lífi í skuldafangelsi utan um hamingjusnautt líf sem endar í hjónaskilnaði, magasári, hjartaveseni og vitleysu (**GJG:** Og fylleríi.) Og fylleríi, já, rétt.

Kaupleiguíbúðir eru tillaga um félagslega lausn á þessu á mjög skynsamlegan máta og kannanirnar sem ég nefndi hér áðan staðfesta þörfina. En röksemdir hv. 2. þm. Norðurl. e., Blöndals, gegn hinu félagslega kerfi eru nefnilega mjög skondnar. Þær eru aðallega tvær.

Fyrri röksemd hv. þm. kemur fram í blaðagrein með vísan til Hávamála og þaðan, frá Hávamálum, er það rakið að eyjaskeggjar vilji vera sínir eigin herrar. Hvað segir könnunin um þetta? Hvað segja þessar þreföldu kannanir, sem ég var að þylja upp, um það?

Hin meginröksemdin er sú að með félagslegri fjármögnun í húsnæðismálum sé verið að gefa einhverjum eitthvað. Hann tönnlast á því að það sé verið að gefa fólki eitthvað og það sé verið að krefjast þess af skattgreiðendum að þeir gefi hinum fátæku og hinum snauðu. Ja, þvílík speki!

Hverjir eru það sem eru að gefa hverjum í þessu þjóðfélagi? Hverjir eru það sem greiða skattana sína og skyldurnar sínar skilvíslega í staðgreiðslukerfi og hafa gert það alla tíð? Eru það ekki launþegar þessa lands? Hverjir eru það sem hafa notið þeirra forréttinda að hafa sjálfdæmi, þegar kemur að skattframtölunum sínum og borga ýmist ekki neitt eða gerviupphæðir til sameiginlegrar þjónustu? Hverjir eru það sem byggja félagsheimilin utan um fjölskyldur sínar upp á þetta 200, 300, 400, 500, 600 fermetra og sækja sér niðurgreidd lán í almannasjóði, sem m.a. eru greiddir af skattpeningum láglaunafólksins? Hverjir eru það? Hverjir eru að gefa hverjum? Og hverjir eru það sem njóta síðan skattfrádráttar vegna gífurlegrar vaxtabyrði af skuldum sínum sem þeir, sem skjólstæðingar kerfisins, eiga auðvelt með að fá? Og hverjir eru það ef það eru ekki leigjendur í þessu þjóðfélagi sem fá enga hlutdeild í eignamynduninni? Sem eru að niðurgreiða fasteignir fyrir hverja? Ævinlega skal þessi hv. þm. geta snúið öllu á haus. Alltaf skal það vera öfugmæli sem út úr honum kemur.

Það eru staðreyndafalsanir að það sé ekki þörf fyrir leiguíbúðir á Íslandi. Það er búið að kanna það þrisvar fyrir hv. þm. og það er brýn þörf, mikil eftirspurn og ungt fólk bíður eftir því að því verði boðið upp á manneskjulegar lausnir í húsnæðismálum. Það er fjarstæða að það sé verið að gefa nokkrum manni nokkuð. Það er þvert á móti að í núverandi kerfi og í því húsnæðislánakerfi sem við höfum kynnst áður hafa átt sér stað eignatilfærslur frá hinum efnaminni, það hafa átt sér stað eignatilfærslur svo nemur hundruðum milljóna og milljörðum frá hinum eignaminni í þessu þjóðfélagi til hinna sem betur mega sín. Í raun og veru ætti lánstími til leiguhúsnæðis að vera lengri og á lægri vöxtum en önnur lán vegna þess að þar er engin eignamyndun á móti og þar er enginn vaxtafrádráttur sem kemur á móti.

Það er þess vegna sem tillögurnar um kaupleiguíbúðir henta mjög vel og sér í lagi nú þegar sú breyting er að verða á skattakerfinu að það er verið að taka upp staðgreiðslukerfi skatta sem þýðir fyrir ungu fjölskylduna í fyrsta lagi að í stað þess að hafa notið griða frá skattakerfinu í 12–18 mánuði fyrsta árið meðan hún var að koma sér fyrir, þá nýtur hún þess ekki lengur og verður þegar í stað að byrja að greiða þriðjung af tekjum sínum eða allt að því í skatta strax. Til viðbótar þeim greiðslum sem hún gjarnan verður að inna af hendi vegna námslána sem a.m.k. á við um marga. Hún er þess vegna verr sett núna en hún var áður og enn þá brýnna að greiða fyrir aðlögun þessa fólks að þjóðfélaginu með því að gera því kleift að eignast húsnæðisöryggi, að geta komið sér fyrir með þak yfir höfuðið yfir sína ungu fjölskyldu á þeim kjörum að það sé viðráðanlegt hlutfall launa sem menn greiða mánaðarlega. Síðar meir, þegar efnahagur þessarar fjölskyldu vex og henni hefur vaxið fiskur um hrygg, þá getur hún ef hún þess óskar annaðhvort keypt sína íbúð sem þetta kerfi býður upp á eða leitað út úr þessu kerfi og freistað gæfunnar á fasteignamarkaðnum og þá fyrst og fremst vegna þess að hún gæti þá sjálf af eigin aflafé að verulegu leyti risið undir greiðslubyrði.

Höfuðkostir kaupleiguíbúðanna eru þess vegna þeir að sameina kosti eignaríbúða og leiguíbúða, að gefa fólki frjálsan valkost milli eignar og leigu. Þessar leiguíbúðir eiga að vera á sérstökum kjörum fyrir láglaunafólk og aðra sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoðar við í húsnæðisöflun. Þess vegna leggjum við til að þær verði fjármagnaðar eins og verkamannabústaðirnir með 85% láni, en 15% kæmi í hlut framkvæmdaaðila — sem þarf ekki endilega að vera sveitarfélag. Það er engin nauðsyn á því. Ef fram kemur, þegar þetta kerfi hefur fengið sína reynslu, að samtök fólks, hvort heldur eru lífeyrissjóðir láglaunafólksins, sem verið er að gera afturreka, eða aðrir sjóðir stéttarfélaga, nú eða byggingarsamvinnufélög eða hvers kyns önnur félagasamtök vilja ganga inn í það að ábyrgjast þennan hluta, þá er þeim það að sjálfsögðu frjálst og á að greiða fyrir því.

Leiguíbúðir fyrir aðra en láglaunafólk yrðu þá fjármagnaðar að 80% hluta úr Byggingarsjóði ríkisins, 80% vegna þess að við viljum að það verði hið almenna viðmiðunarhlutfall, ekki vegna þess að við ætlum að hafa þarna einhvern mun, milli 70 og 80% yrðu fjármögnuð úr Byggingarsjóði ríkisins en 20% af framkvæmdaaðila sem væri sveitarfélag eða félagasamtök.

Það skal fúslega viðurkennt að fyrirmyndin er ekkert frumleg. Fyrirmyndin er sótt til útlanda og hún hefur gefið þar góða raun. Ég bendi mönnum á að kynna sér reynsluna af þessu kerfi t.d. í Hollandi. Forsvarsmenn þessa kerfis þar í landi segja mér að sennilega hafi ekki eitt einasta atriði í hollensku þjóðfélagi, sem er „sívilíserað“ og mannúðlegt þjóðfélag, átt meiri þátt í því að skapa öryggi, festu og

samstöðu í því þjóðfélagi heldur en einmitt þessi gamalgróna reynsla af þessari leið til að tryggja láglaunafólki þar í landi húsnæðisöryggi með viðráðanlegum kjörum. (Gripið fram í.) Rétt, mikið rétt. Og var bylting í íslensku þjóðlífi og rétt að rifja það upp í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, sem nú þykist bera kápu arftaka forfeðranna, höfuðs Engeyjarættar, Bjarna Benediktssonar, fyrrv. forsrh. og Ólafs Thors.

Sú var tíð þegar Alþfl. barðist fyrir og kom á verkamannabústaðakerfinu, sem var þessi bylting að leiða fátæka fólkið ofan af hanabjálkum og upp úr saggakjöllurum þessarar borgar m.a., þar sem reyndar 70% íbúanna þá voru í óhæfu leiguhúsnæði, að viðbrögð íhaldsins þá voru vægast sagt ekkert slorleg. Þeir skáru upp herör gegn slíku. Kölluðu þetta algjöra byltingu. Sögðu að það væri verið að tæma sveitirnar af öllu vinnuafli og hömruðu á því að það væri verið að gefa, það væri ætlast til þess að það væri verið að gefa niðursetningum og fátæklingum það sem þeir ekki verðskulduðu. Svo, mörgum árum seinna, þegar öllum er ljóst að þetta er sjálfsögð leið, þá vill hv. þm. láta eins og þetta sé eitthvert sérstakt keppikefli Sjálfstfl. að verja verkamannabústaðakerfið. Ja, heyr á endemi! En það er nefnilega ekki allt sem sýnist með það ágæta kerfi lengur, því miður, sem er m.a. ástæðan fyrir því að við þurfum nú að grípa til aðgerða til að finna nýjar leiðir fyrir hið félagslega kerfi.

Nú vil ég, með leyfi herra forseta, taka aðeins eitt dæmi um það hvernig komið er fyrir verkamannabústaðakerfinu, og það er bara eitt dæmi af mörgum. Hér er úrklippa úr blaði, föstudagurinn 6. febrúar, DV. Fyrirsögn: „Keypti í verkamannabústað árið 1982. Áhvílandi lán orðin hærri en brunabótamat.“ Og síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Maður nokkur, sem keypti í verkamannabústað árið 1982, stendur nú í þeim sporum að áhvílandi lán á íbúðinni eru orðin hærri en sem nemur brunabótamati íbúðarinnar og munar þar rúmum 61 þús. kr. Lánin sem hér um ræðir eru húsnæðismálastofnunarlán og tvö lífeyrissjóðslán. Samtals eru þau nú 2 millj. 548 þús. kr. en brunabótamatið, sem talið er nálægt söluverðmæti íbúðarinnar, er nú 2 millj. 480 þús. kr. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að íbúðin var keypt hefur viðkomandi borgað eðlilegar afborganir af þessum lánum og nema þær rúmum 200 þús. kr. þannig að segja má að hann hafi á þessu tímabili tapað tæplega 300 þús. kr. á því að vera íbúðareigandi.“ — Ég endurtek, tapað 300 þús. kr. á því að vera íbúðareigandi. En það er fleira athyglisvert.

Á sínum tíma kostaði íbúðin 546 þús. og bar honum að greiða 10% af því verði fyrir afhendingu, en afgangurinn var húsnæðismálastjórnarlánið. Þegar íbúðin var keypt vann maðurinn sem smyrjari á einu SÍS-skipanna — SÍS-skipanna, hæstv. félmrh. — og hafði í grunnlaun 7819 kr. á mánuði þannig að hann hefði þurft að vinna í 5,9 ár til þess að borga íbúðina upp. Í dag er þessi taxti smyrjara hjá SÍS 28 759 kr. og til að borga íbúðina nú þarf maðurinn að vinna í 7,4 ár, en þarna munar 25%. Bara frá 1982 til 1. febr. 1987.

Þetta er að vísu ekkert einkennandi fyrir verkamannabústaðina. Þetta er lýsing á því sem er að gerast almennt séð, en það er margt fleira sem veldur því að verkamannabústaðakerfið nýtist ekki. Í fyrsta lagi er allt of lítið byggt af verkamannabústöðum. Í annan stað er reynslan víða sú að þeir eru allt of dýrir og kostir kaupleigukerfisins eru að öðru leyti margvíslegir umfram þetta. Þess vegna má auðvitað vel fara svo að kaupleigukerfið leysi hitt af hólmi um það er lýkur, um það skal ég ekkert fullyrða, en mér þykir vænt um að heyra að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og margir aðrir forustumenn í verkalýðshreyfingunni og launþegahreyfingunni eru byrjaðir að skilja að þetta er mjög þýðingarmikið mál sem getur átt framtíð fyrir sér.

Ég er ekkert hissa á því þótt menn hafi það eftir sveitarstjórnarmönnum að þeir séu ekkert ginnkeyptir fyrir því að hefjast handa nú þegar. Ég á ekkert von á því að það gerist með þeim hætti. Auðvitað kostar þetta fjármagn að svo miklu leyti sem við erum að tala um 15% hlut sveitarfélaga af því það eru leiguíbúðir. Auðvitað kostar þetta fjármagn. En er þetta fjármagn mikið? Er þetta óviðráðanlegt? Auðvitað gera sveitarfélögin það ekki á sama tíma og tekjustofnar þeirra, t.d. eini verðtryggði tekjustofninn af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur verið skertur um a.m.k. 700 millj. á tímabili núv. hæstv. ráðh., a.m.k., sennilega miklu meira. Og samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjórnarmönnum nú bara um 400 millj. kr. á þessu ári. Það gerist ekki með þeim hætti. Auðvitað þýðir þetta það að við ætlumst til þess að lífeyrissjóðirnir, meðan það kerfi er, lífeyrissjóðir láglaunafólksins sérstaklega, geri um það nýja samninga að þeir verji hluta af því fé sem þeir nú ráðstafa til Byggingarsjóðs ríkisins til þessa forgangsverkefnis fremur en vera að lána 500 millj. kr. til villueigendanna sem eru að losa stóru gömlu íbúðirnar og fá þarna milligjöf í stórum stíl á niðurgreiddu verði.

Í annan stað leggjum við til að ríkisvaldið geri sveitarfélögunum þetta kleift, að byrja þetta átak með byggingu kaupleiguíbúðanna, með rúmlega 250 millj. kr. framlagi á ári hverju, þ.e. til láns fyrstu tvö árin til þess að komast af stað. Ef þær röksemdir stæðust að menn vildu endilega vera í eigin húsnæði fremur en leigu, þá mundi náttúrlega endurgreiðslan koma mjög fljótlega til baka því að þeir sem gera kaupsamning í þessu kerfi endurgreiða að fullu ekki aðeins 80% lánið heldur líka 20% hlutann, að fullu með verðbótum og vöxtum, þannig að ef rök hv. þm. Halldórs Blöndals stæðust um það að eyjarskeggjar samkvæmt Hávamálum vilja ævinlega eiga steinsteypuna sem umlykur sjálfa þá, þá munu þeir náttúrlega endurgreiða. Að öðru leyti er á það bent að sveitarfélög hafa hingað til að sjálfsögðu ekkert hikað við það að leggja fram fé til þess að reisa leiguíbúðir. Öll slík form eru okkur þekkt. Spurn-

ingin er bara ósköp einfaldlega sú hvort kaupleiguíbúðakerfið hafi ekki kosti umfram þau gömlu form, bæði vegna sveigjanleika kerfisins, vegna þess að sá sem byrjar sem leigjandi getur orðið kaupandi og nýst það, og svo vegna þess að þarna er um að ræða lausn að því er varðar láglaunafólk, sem byrjar á að líta á málið frá allt öðru sjónarhorni, nefnilega: Hvert er það hlutfall launa sem dugar fyrir húsnæðiskostnaði? Skipuleggjum þá fjármögnun í samræmi við það. — Fremur en að ætla að byrja á að spyrja: Hversu dýrt sem það er og hversu óhagkvæmt sem það er, þá skuluð þið taka á ykkur byrðar sem þið ráðið ekki við.

Herra forseti. Ég hef að vísu í alllöngu máli reynt að koma á framfæri hvað það er við nýja kerfið sem verða að teljast ágallar og er tímabært að reyna að breyta.

Það er í fyrsta lagi þetta: Það er brýnt, ef þetta kerfi á ekki að valda verulegum vonbrigðum að óþörfu, að auka ríkisframlagið til húsnæðismála, bæði vegna vaxtamunarins og vegna þess að raunsæjar tölur um útlánaþörf og raunsæjar tölur um eftirspurn kalla á aukið fjármagn.

Í annan stað: Það er brýnt að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að skilyrða lán til kaupa á eldra húsnæði um það að útborgunarhlutfall á ári hverju verði lækkað til þess að minnka heildarlánsfjárþörfina og auka hlutdeild fasteignaeigenda í því fjármagni sem er í umferð á fasteignamarkaðinum.

Í þriðja lagi: Það er mjög brýnt og þýðingarmikið, og sérstaklega nú, að auka fjárframlög til hins félagslega kerfis, binda enda á deilur um kaupleiguíbúðir, verkamannabústaði, leiguíbúðir, búseturéttaríbúðir, ná samstöðu um það form sem sennilega mun þjóna hagsmunum láglaunafólksins í framtíðinni best og verja til þess verulegum fjármunum á næstu árum. Samkvæmt þeim könnunum sem fram hafa farið er síst of í lagt sú áætlun sem við gerum ráð fyrir um 6000 íbúðir næstu tíu árin.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni yfir því hvað miklar umræður hafa spunnist um skýrslu milliþinganefndar sem ég lagði hér fram fyrir alllöngu síðan. Mér finnst það benda til þess að það hafi verið nauðsynlegt að leggja hana fram í þessu formi sem hún er. Ég vil segja það að í henni er mjög mikill fróðleikur um húsnæðismálin, ýmsar nauðsynlegar ábendingar sem verða til að auðvelda mönnum að móta stefnu sem þeir vilja taka í sambandi við þessi mál. Þó að ég hafi vænst þess að fulltrúar allra stjórnmálaflokka gætu komið sér saman um einhverjar ákveðnari tillögur um þessi mál, þá fagna ég því sem er í þessari skýrslu. Það er margt sem, eins og ég sagði áðan, mun koma að miklum notum.

Vegna ræðu hv. formanns Alþfl., sem hér var að stíga úr ræðustól, þykir mér ástæða til að koma hér inn á nokkur atriði sem hann vakti máls á hér af miklum vígagangi. Ég vil fyrst segja það að ég hef talið það mitt hlutverk að láta vinna að ýmsum úttektum á ýmsum málaflokkum sem menn eru sammála um að hafi mikla þýðingu á þessu sviði, ekki síst á húsnæðissviði, og raunar fleiri sviðum, og hef á undanförnum árum skipað í það nefndir.

Ég get nefnt t.d. nefnd sem gerði úttekt og tillögur um að samræma brunabótamat og fasteignamat og liggja um það ákveðin frumvörp í viðkomandi ráðuneytum sem verða væntanlega sýnd bráðlega.

Ég hef látið gera úttekt m.a. á þolhönnun mannvirkja sem hefur m.a. leitt í ljós nauðsyn þess að gera frekari úttekt með nákvæmni á ýmsum mannvirkjum í landinu og er verið að gera núna á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Niðurstöður af þeirri úttekt eiga eftir að koma í ljós mjög fljótlega, en þær sýna það að mannvirki hér á landi eru gölluð. Þau standast ekki þær kröfur sem gera þarf í sambandi við slík mannvirki ef jarðhræringar eða aðrar náttúruhamfarir koma yfir okkur. Þetta er alvarlegt mál. Mjög mætir menn hafa starfað í þessari nefnd og ég vænti mikils af þeirri nákvæmu vinnu sem á að leiða í ljós raunverulega úttekt á þessu sviði.

Sömuleiðis taldi ég nauðsynlegt að láta gera úttekt á fasteignamarkaði hér á landi og valdi í það hæfa menn í byrjun árs 1985 undir forustu þess manns sem oft er hér nefndur, Stefáns Ingólfssonar verkfræðings. Þessi nefnd vann mjög ötullega að þessari úttekt og gaf út, eins og hér hefur komið fram, mjög merkilegar skýrslur um þessi mál.

Vegna þess sem hér hefur komið fram í máli hv. 5. þm. Reykv. og raunar í blaðagreinum þar sem ég hef verið borinn þeim sökum að stinga slíkum skýrslum og úttektum undir stól og leyna þeim fyrir aðilum í þjóðfélaginu, þá þykir mér rétt að afsanna það hér rækilega svo ekki sé verið að hafa slíkt mál í flimtingum eins og hér hefur gerst, m.a.s. hjá hv. formanni Alþfl. hér í þessum ræðustóli.

Það vill svo til að formaður þessarar nefndar hefur áhuga fyrir því að koma sínum upplýsingum á framfæri og í samráði við sína nefndarmenn gaf hann fjölmiðlum upplýsingar jafnóðum og þessar skýrslur urðu til. Og ég hvatti sérstaklega til þess og stuðlaði að því að tvívegis var haldinn opinber blaðamannafundur — tvívegis var haldinn opinber blaðamannafundur, hv. 5. þm. Reykv., — þar sem þessar skýrslur voru lagðar fram. Ekki aðeins til að lesa úr þeim af einhverjum ákveðnum manni heldur til að afhenda öllum sem áhuga höfðu og þær voru skýrðar af formanni nefndarinnar fyrir fjölmiðlafóiki, ekki aðeins á einum slíkum fundi heldur tveimur. Og ekki aðeins það heldur fengu allir fjölmiðlar skýrslurnar í hendur. Og ekki nóg með það heldur fól ég formanni nefndarinnar að halda sérstakt námskeið um þessi mál meðal fjölmiðlafólks og þetta námskeið stóð í þrjá daga. Það var mjög vel sótt af fulltrúum frá öllum fjölmiðlum, bæði ríkisfjölmiðlum og dagblöðum. Og hver haldið þið að hafi verið

leiðbeinandi á námskeiðinu? Það var formaður þeirrar nefndar sem oft er hér vitnað í þar sem hann útskýrði verkefni þessarar nefndar og niðurstöður úr ýmsum könnunum í sambandi við fasteignamarkað hér á landi. Og það var ekki aðeins þetta sem var gert heldur var í samráði við Félag fasteignasala á Íslandi og félmrn. gefin út sérstök handbók. Hún var gefin út í tugþúsunda eintökum. Hún var send inn á flest heimili í landinu, þessi bók, og hefur verið til afhendingar síðan á mörgum opinberum stöðum.

En þetta var ekki allt, herra formaður Alþfl., ef hann vill gjöra svo vel og hlusta. Þetta var ekki allt búið. Af því að hann var að bera það á borð og raunar hv. varaformaður einnig í ýmsum blaðagreinum og viðtölum að þessu hafi verið stungið undir stól, þessu hafi verið leynt. Hver er sannleikurinn í málinu? Það fyrsta sem ég gerði þegar ég skipaði milliþinganefnd sem hér er til umræðu eða skýrsla hennar, hvað haldið þið að hafi verið það fyrsta sem ég gerði? Það var að fela nefndinni, formanni þeirrar nefndar, að afhenda jafnóðum skýrslur þessarar nefndar til milliþinganefndarinnar. Það vill svo til að ég er með í höndunum skjalaskrá milliþinganefndarinnar og er í skránni tiltekið númer, hvenær hver skýrsla er afhent nefndinni, alveg frá því hún tók til starfa 1985. Lokaskýrslan nr. 6 var afhent nefndinni 28. febr. 1986. Það var lokaskýrslan. Hver einasti fulltrúi stjórnmálaflokkanna á Alþingi sem átti sæti í þessari nefnd hafði þessar skýrslur allar undir höndum. Þetta var nú leyndin. Ég hef ekki vanið mig á það, herra formaður Alþfl., 5. þm. Reykv., að stinga neinu undir stól af svona gögnum. Mín stefna er einmitt sú að reyna að afla upplýsinga og láta þær í té við öll þau tækifæri sem mögulegt er. Ég hef sennilega gert meira í sambandi við starf þessarar nefndar en nokkurrar annarrar nefndar. Ég fól formanni hennar að hafa forgöngu um að skýra þetta verkefni út við öll möguleg tækifæri og hann gerði það vissulega vel.

Ég ætla því ekki að hafa meira mál um þetta, en mér þykir leitt þegar menn eins og formaður Alþfl., sem ætlar sér greinilega eða hugsar sér alla vega og lætur sig dreyma um stóra hluti í þjóðmálum hér á landi, skuli leyfa sér að gera þetta að slíku umtalsefni og fullyrða hér úr ræðustól að það sé verið að fara aftan að hlutunum án þess að kynna sér það á einn eða neinn hátt. Það er ósæmilegt og gera ekki nema óvandaðir menn, herra formaður Alþfl.

Ég þarf ekki að ræða meira um þetta, en sný mér að öðru sem hv. 5. þm. Reykv. kom með sem var margt vel fram sett þó það væri ekki að öllu leyti sannleikanum samkvæmt eða samræmi í því þegar grannt er skoðað.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að allt hefði farið aftur á bak í húsnæðismálum þann tíma sem ég hef stjórnað þessum málaflokki. Það mátti ekki viðurkenna eitt eða neitt í sambandi við þessi mál. Nú ætla ég að lesa fyrir hann örfáar tölur sem hann getur sannprófað hjá flokksmanni sínum, sem er forstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, ef hann dregur mín orð í efa. Raunar eru þau í fréttabréfi Húsnæðisstofnunarinnar ef hann vill hafa nærtæk gögn í höndum. Það er raunvirðisaukning lána til húsnæðismála, þ.e. byggingarsjóðanna, á vissu árabili. Ég ætla að byrja 1984: Raunvirðisaukning til byggingarsjóðanna 1984 frá fyrri árum var 46% — 46%. Raunvirðisaukning 1985 var 8,2%. Raunvirðisaukning 1986 var 12,8%.

Ég þarf ekki að lesa þessar upphæðir. Það væri nóg fyrir hv. þm. að hafa þessa töflu fyrir framan sig. Þá sæi hann hvernig uppstigningin hefur verið á þessum málum á undanförnum árum. Ég er alls ekki með þessu að segja að þetta sé óskaplegt afrek. Nei, nei, en þetta sýnir þó svart á hvítu að það hefur verið viss framþróun í þessum málaflokki, það hefur verið aukning á fjármagni til húsnæðismálanna, það hefur verið hækkun lána, lenging lána o.s.frv. sem ég þarf ekki að lýsa nánar. En það sem mér finnst athygli vert í sambandi við þessar umræður, sem hér hafa farið fram og eru að fara fram, er hvernig stendur á því að Alþfl. skuli einn stjórnmálaflokka hér á Alþingi leyfa sér að draga í efa að aðilar vinnumarkaðarins, þar á ég ekki aðeins við verkalýðshreyfinguna heldur einnig við atvinnurekendur, hafi rétt til að koma með skynsamlegar tillögur til úrbóta í sambandi við málaflokk eins og húsnæðismálin. Þetta er búið að koma hvað eftir annað fram í ræðum og skrifum forustumanna Alþfl., ekki aðeins formanns heldur einnig varaformanns og einnig nýbakaðra þm. þessa flokks á hv. Alþingi. Það þarf ekki annað en rifja hérna upp. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp úr þingræðu sem var flutt hérna fyrir nokkrum kvöldum. Og hver flutti þessa þingræðu? Það var nýr þm. Alþfl., Stefán Benediktsson, hv. 8. þm. Reykv. Hvað sagði hann? Hvað sagði hann um verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins? Það stendur hérna orðrétt:

„Ég held að það liggi alveg í augum uppi hvernig gallarnir á þessu frv. [þ.e. húsnæðislögunum] eru til komnir. Þeir aðilar sem stóðu að því að semja grundvöll þessa frv. voru þar í hlutverki gæslumanna mjög sértækra hagsmuna. Annars vegar vinnuveitenda og hins vegar launþega. Þeir sjá náttúrlega enga brýna ástæðu til þess að gæta neinna altækra hagsmuna þar sem þeirra umboð er miklu afmarkaðra en umboð þingmanna. Það sem aftur á móti átti ekki að koma fyrir og var í raun og veru alveg ónauðsynlegt var að flytja þessa sértæku hagsmunagæslu inn í frv. til laga um húsnæðismál með þeim hætti sem gert er."

Ég þarf ekki að lesa meira, hv. alþm. Þetta sýnir í raun og veru hvernig þessi Alþfl. er orðinn, flokkur sem barðist fyrir því á sínum tíma ásamt öðrum að koma á skynsamlegasta kerfi sem upp hefur verið tekið á Íslandi og skilað mestum árangri, þar á ég við verkamannabústaðakerfið. Hann er gjörsamlega fallinn frá þessu fyrra stefnumarki sínu. Hvers vegna, spyrja menn. Hvers vegna? Ja, það er ekki mitt að svara því, en ég vil segja eins og er að það veldur mér og mörgum öðrum vonbrigðum sem höfum álitið að það væri eitt af því besta sem gert

var í gegnum tíðina að taka upp verkamannabústaðakerfið og framfylgja því fram á þennan dag. (Gripið fram í.) Það veldur manni vissulega vonbrigðum að þessi sinnaskipti skuli vera svona algjör. (**JS:** Það er til betri lausn.) Svo kallar hv. varaformaður Alþfl., hv. 2. landsk. þm.: Betri lausn. Ja, þeim tókst það í sveitarstjórnarkosningunum, það má segja það, að blekkja fólk á Íslandi um að þeir hefðu patentlausnir í sambandi við húsnæðismálin þegar þeir prédikuðu um landið og við hinir létum þá komast upp með það án þess að krefja þá um ákveðin svör. Það gerðum við ekki. Þið sögðuð: Ja, öll lausnin í þessum málum er bara að byggja kaupleiguíbúðir. (**JBH:** Nei, nei.) Kaupleiguíbúðir, það var lausnin. En þeir gleymdu einu: Hver átti að taka að sér að sjá um þessa framkvæmd? Það var ekki nefnt. Það var bara sagt: Ríkið 85% eða 80%, sveitarfélögin 15 eða 20%. (Gripið fram í.) Vitaskuld vissu þessir háu herrar að það voru ekki til í landinu sveitarfélög né aðrir aðilar sem vildu taka að sér þetta hlutverk. Alls ekki. Hvorki að sveitarfélög væru til í að láta 15 eða 20% í þetta kerfi án þess að fá neitt í staðinn eða þyrftu að standa undir því á hvern hátt né að standa undir því að framkvæma þetta fyrirtæki með öllu því sem því fylgir. Við þekkjum það sem höfum verið í sveitarstjórn í nokkra tugi ára að sveitarfélögin hafa viljað stuðla að því að fá ódýrt húsnæði í sinni heimabyggð o.s.frv. og hafa reynt það og fengið til þess lán að byggja leiguíbúðir og söluíbúðir. En það fyrsta sem sveitarstjórnarmenn hafa reynt eftir að búið er að byggja þær er að losa sig við þær og selja vegna þess að þeir vilja ekki standa í því að sjá um rekstur á slíku. Það er þarna sem gatið er hjá Alþfl. Það er dálítið merkilegt núna til þess að vita að eftir að þeir unnu kosningasigur í sveitarstjórnum víða um landið og fengu meirihlutaaðstöðu, annaðhvort einir eða með öðrum, hvað hefur skeð? Það er kominn meiri reynslutími á það, hv. 5. þm. Reykv., en á nýja húsnæðiskerfið sem er aðeins að fara af stað. Það er varla til sveitarfélag á Íslandi undir stjórn Alþýðuflokksmanna í dag sem krefst þess að fá að byggja kaupleiguíbúðir. Og meira að segja eru þeir tregir að láta peninga úr sveitarsjóði eða ábyrgð til að byggja verkamannabústaði, hvað þá heldur annað. Þetta er staðreyndin. Svo ætlar þetta fólk að koma hér og rífa og tæta allt niður og segja: Þarna er lausnin. Þetta er blekking.

Það má segja margt að öðru leyti um ræðu hv. 5. þm. Reykv. Ég ætla ekki að eltast við það öllu lengur, en ég verð að endurtaka að það er alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins, sem stóðu fyrir þessari sem sumir kalla byltingu í sambandi við breytingu á húsnæðiskerfinu, gerðu sér fyllilega grein fyrir hvað þeir voru að gera. Þeir gerðu sér fyllilega grein fyrir því. Ég hygg að það sé hægt að segja hér upphátt að auðvitað áttuðu þessir menn sig á því að það þurfti að styrkja lífeyrissjóðakerfið í landinu. Það voru allt of margir aðilar í landi okkar, þrátt fyrir lagafyrirmæli frá 1980 og 1982, sem skutu sér undan því að greiða í lífeyrissjóði. Þeir voru allt of margir. Það var að byrja að brydda á því að það kæmi þessu blessaða fólki í koll að það hafði engan lífeyrisrétt, ekki aðeins til að byggja hús heldur til að fá lífeyri þegar að því kom í sinni elli. Þess vegna var þetta, mundi ég segja, eitt af stóru málunum í sambandi við kjarasamningana á s.l. ári að reyna með einu átaki að lagfæra þetta vandamál og það tókst vissulega. En til þess að það tækist urðu aðilar vinnumarkaðarins að gera það sem þeir gerðu, setja ákveðna kröfu um löggjöf þar sem allir ættu rétt á að sækja um lán ef þeir uppfylltu þau skilyrði að hafa lífeyrisréttindi. Það má sjálfsagt deila um hvort þetta er viðráðanlegt kerfi í okkar litla landi, þar sem allir ríkir og miðlungsríkir og allt þar í kring eiga sama rétt. Það er þá ein bremsa í lögunum sem við skulum ekki gleyma gagnvart þeim sem eru með flottheit. Sá sem byggir yfir 170m^2 íbúð fær ekki lán. Það er núna í brtt. sem liggja fyrir Alþingi að þetta verði stækkað í 180m^2 og samræmt almennum stöðlum.

Hv. 5. þm. Reykv. var einnig að gera lítið úr þessum lögum og reyna að draga í efa að lán sem eru samkvæmt þessum lögum 40 ára lán væru ekki nema fyrir hátekjufólk. Hann var að draga það í efa. Nú erum við að tala um lán, a.m.k. til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn eða kaupa, sem eru allt að 70%. Og hver er lánsbyrðin miðað við janúar–mars 1987 á þessum hámarkslánum? Lánsbyrði á fyrstu íbúð, sem er 2 millj. 461 þús. lán, á fyrsta og öðru ári er 21 543 kr. Á 3.–40. ári eru það 29 338 kr. Og fyrir þá sem eru með seinni íbúð, fá 1723 þús., er lánsbyrðin á 1. og 2. ári 15 076 og á 3.–40. ári 20 540 kr. Þetta er staðreynd sem verður ekki hrakin. Þetta er nákvæmlega vísindalega út reiknað og sett upp í töflu þannig að hv. 5. þm. Reykv. getur sannfært sig um sannleiksgildi þessa ef hann dregur það í efa. Hér er það svart á hvítu og það eru engar upplýsingar komnar um það í dag að láglaunafólki, sem kemur og sækir um lán, sé sjálfkrafa úthýst frá þessu kerfi. Ég ætla að láta hv. þm. vita að þó að hann sé að tala um að það sé komið hálft ár er kerfið fyrst að fara raunverulega af stað núna. Það er búið að gefa út rúmlega 2000 lán núna og það er tiltölulega fáir enn þá sem eru komnir í þá stöðu að það sé hægt að segja að það sé búið algjörlega að synja um lánin. Það er verið að vinna úr þessu. Það er öllum gefinn kostur á að koma aftur í stofnunina og gera grein fyrir sínum málum. Það er alls ekki þannig, eftir þeim upplýsingum sem ég hef þó ég sé ekki tilbúinn að gefa neina skýrslu hér nú, það er ekki eðlilegt, þær eru ekki komnar frá stofnuninni, að það sé ástæða til að segja úr ræðustól að verið sé að níðast þarna á lægra setta fólkinu í þjóðfélaginu. Það er síður en svo. Ég veit meira að segja um það að stóreignamönnum í þjóðfélaginu sem hafa sótt um og ætlað sér að nota þetta kerfi er vísað frá. Vegna hvers? Vegna þess að tekjurnar sem þeir gáfu upp voru svo lágar að þeir náðu ekki því að geta staðið undir svo lágri greiðslubyrði eins og hér er. Það skal ekki standa á félmrh., það ætla ég að láta hv. 5. þm.

Reykv. vita, það skal ekki standa á mér meðan ég er í þessu starfi að upplýsa nákvæmlega og flokka það niður hvernig synjunin skiptist milli aðila. Það skal verða gert. Það er engin ástæða til að leyna því, enda mun Húsnæðisstofnun ekki leyna neinum upplýsingum í sambandi við þessi mál.

Hv. þm. var að brýna okkur landsbyggðarmennina um það að það hefði veri lítið byggt úti um land. Auðvitað erum við móttækilegir fyrir slíka gagnrýni. En við vitum að það hafa á undanförnum árum verið ýmsar ástæður fyrir því. Það hafa verið erfiðleikar í landbúnaði, það hafa verið erfiðleikar í sjávarútvegi einnig þó það sé guði sé lof farið að birta til í þeim málum. Miðað við þær umsóknir sem voru komnar frá áramótum um nýja kerfið voru þó greinileg batamerki þarna því að 46% tæp voru umsóknir frá Reykjavík, tæplega 16% frá Reykjanessvæðinu eða Reykjaneskjördæmi, sem er næststærst og sennilega það svæði sem hefur tekið mestum breytingum, og það voru tæp 39% úti um land. Þetta er mun hærra en hefur verið á undanförnum árum í sambandi við þetta og veruleg aukning. Það er ljóst.

Það væri ástæða til að draga fram á sviðið fleiri aðila sem fjalla um þessi mál. Ég ætla ekki að gera það til að tefja ekki tímann, virðulegi forseti, en ég vil aðeins benda á að sú breyting hefur meira að segja orðið undanfarið að það merkilega blað sem heitir Alþýðublaðið er farið að birta greinar eftir menn sem unnu að því að semja þessi lög, voru aðalþátttakendur í því og hafa tekið mjög virkan þátt í að kynna þessi lög út um landið. Þeir eru farnir að skrifa núna greinar. Þeim ofbýður. Hvað ofbýður þeim? Þeim ofbýður málflutningur forustumanna Alþfl. og þeir skrifa í þeirra eigin blað. Ég gæti vitnað til tveggja greina í Alþýðublaðinu eftir sama aðilann, þann aðila sem hefur unnið skeleggast fyrir hönd Alþýðusambandsins að kynningum og þátttöku í þessum málum. Hann heitir Ásmundur Hilmarsson. Það er fullkomin ástæða til þess að hvetja hv. alþm., sem sjálfsagt nenna ekki oft að lesa Alþýðublaðið, a.m.k. að skoða þessar greinar. Þær eru merkilegar. Þær eru nefnilega nægjanlegt svar við öllu nöldrinu í hv. formanni og varaformanni Alþfl. Það þarf í rauninni ekki að svara þeim öðruvísi en að biðja þá um að lesa í eigin blaði þar sem verið er að reka ofan í kokið á þeim.

Þá vil ég aðeins nefna einn þátt sem hér hefur borið á góma og það er í sambandi við ráðgjafarstöðina í Húsnæðisstofnun. Ég vil vekja athygli á því og hef gert það hér áður og ég mun sennilega síðar í kvöld, ef nóttin leyfir, flytja skýrslu ráðgjafarstöðvarinnar. Ég vil aðeins koma því að, vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram, að þessi ráðgjafarstöð er með betri skipulagningu í starfi Húsnæðisstofnunar sem gerð hefur verið. Hún er búin að fjalla um aðstoðarlán líklega yfir 6000 aðila í þjóðfélaginu frá því að hún tók til starfa. Þau viðbótarlán sem veitt hafa verið í gegnum þessa aðstöðu eru á núvirði að nálgast 2 milljarða. Svo segja þessir menn að ekkert hafi verið gert. Það hafi ekkert verið gert fyrir þetta fólk. Ég bendi á að þó að peningarnir kæmu ekki frá lífeyrissjóðunum á s.l. ári svo fljótt sem gert var ráð fyrir greiddi stofnunin út 574 millj. í aðstoðarlán og var búin að greiða það fyrir 1. sept. Og ég get glatt menn með því úr þessum ræðustóli að í morgun vorum við að ganga frá því að 100 millj. koma núna til viðbótar samkvæmt samkomulagi sem við gerðum okkar á milli, hæstv. fjmrh. og ég, þannig að Húsnæðisstofnun geti byrjað að leysa úr brýnum vandamálum sem hafa hlaðist upp síðan í október að starfseminni var hætt vegna fjárveitingarinnar sem þá var búin. Það verður byrjað eftir helgina þannig að það leysir vandamál margra.

Það væri freistandi að tala lengi við hv. 5. þm. Reykv. og gefst sjálfsagt tækifæri til þess síðar, áður en þingi lýkur vonandi, því mig langar oft til að tala við hann þó ég hafi ekki alltaf haft tækifæri til þess, því að hann hefur frekar leikið þann leik að þeytast um landið og leika þar djarfan mann en heldur reynt að komast hjá því að lenda í orðasennu augliti til auglitis. Það held ég að hann hafi gert. Það væri freistandi að spyrja þessa hv. þm., sem reyna að rífa niður fyrir fram þetta kerfi sem aðilar vinnumarkaðarins voru sammála um að þyrfti að hafa sinn reynslutíma a.m.k. í ár, hvernig ætluðu þeir að fjármagna þessi mál? Og ætlast þetta fólk til þess að það sé eðlilegt að hafa eins mikla spennu í byggingum eða á húsnæðismarkaðnum og bara hver vill. Á engin stjórn að vera á því? Á að vera hægt að framleiða fjármagn alveg viðstöðulaust eins og eftirspurnin í toppunum segir til um? Hvernig ætluðu þeir að fara að því?

Hv. 5. þm. Reykv. sagði áðan að það væri dúndrandi halli á ríkissjóði. Hann nefndi 3 milljarða og hann komst að þeirri niðurstöðu að hann yrði kannske 5–6 milljarðar í lok þessa árs. Hvar ætla þeir að taka fjármagnið til að láta 7–8 milljarða, eins og hv. varaformaður Alþfl. vildi láta fá, í húsnæðiskerfið á þessu ári? Hvar ætlaði hann að fá peningana? Það þýðir ekkert að tala eins og allir séu svo vitlausir í þjóðfélaginu að það sé hægt að segja hvaða vitleysu sem er við þetta fólk. Svo einfalt er málið ekki, herra formaður Alþfl. og hv. 5. þm. Reykv.

Ég er alveg sannfærður um það, og þarf ekki að hafa langt mál um það, að þetta kerfi hefur auðvitað ýmsa ágalla, sem bæði ég og fleiri höfum komið auga á, og ég minni á það hér að í samræmi við það sem kemur fram í þessari skýrslu, sem við erum búin að þrautræða hér, hefur félmrn. unnið að því núna á vetrarmánuðunum í samráði við milliþinganefndina, síðan við húsnæðisnefndina, þá nefnd sem samdi lagafrv., þ.e. fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins og ráðuneyti undir forsæti hagstofustjóra, að fara yfir það og reyna að sníða af ýmsa tæknilega galla og raunverulega galla sem væri nauðsynlegt að sníða af. Það frv. liggur nú hér til afgreiðslu og ég hef sagt það hér úr ræðustóli að ég vonast til þess að þm. almennt sameinist um að lögfesta þessar leiðréttingar. Það kemur m.a. til góða fyrir ýmsa hópa

námsmanna, ýmsa hópa fólks sem vinnur óreglulega úti á vinnumarkaðnum og eins öryrkja og margt fleira sem er þar til leiðréttingar sem ég vænti að hv. þm. hafi kynnt sér. Ég vænti þess að þetta verði leiðrétt.

Mig langar einnig til að koma inn á það sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um leiguíbúðir. Það var samkomulag um það milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að láta framkvæma könnun á þörf fyrir leiguíbúðir og vissulega var ástæða til að fylgja því eftir og það var gert. Hins vegar verð ég að segja og sagði þegar ég gaf skýrslu um þessa könnun á s.l. ári að það yrði að gjalda varhuga við þessari könnun vegna þess að hún er hroðvirknislega gerð. Því miður. Þá komu einmitt nýir kratar hingað og þangað um landið sem héldu fram ýmsum tölum úr ýmsum byggðarlögum sem hvorki fortíð eða nútíð getur sýnt fram á að hafi sönnunargildi. Þetta á eftir að sýna sig og þess vegna vil ég taka varlega þessari könnun sem þarna kom fram. Hitt vil ég segja og leggja áherslu á að ég hef alltaf verið fylgjandi því að við þurfum að efla félagslega kerfið. Og það hefur verið reynt að gera það. En það er alveg hægt að segja það hér hreint út: Það hefur ekki náðst samkomulag um stórátök á því sviði þetta kjörtímabil.

Ég vil vekja athygli á því um leið að aðilar vinnumarkaðarins í þeim samningum sem sköpuðu þetta nýja kerfi vildu ekki leggja áherslu á félagslega kerfið. Þeir voru heldur ekki tilbúnir að velja um kerfi. Menn vilja ekki sleppa verkamannabústaðakerfinu fyrir eitthvað sem heitir kaupleiguíbúðir eða búsetaíbúðir eða eitthvað slíkt, þeir vilja ekki skipta. Aðilar vinnumarkaðarins eru ekki tilbúnir til að taka þá afstöðu og ég skil þá vel. Ég tel af minni reynslu að við megum ekki fórna verkamannabústaðakerfinu. Þetta kerfi hefur leyst úr vanda láglaunafólks á Íslandi í áratugi með mjög góðum árangri og ég veit ekki hvar við stæðum ef við hefðum ekki haft þetta kerfi. Hins vegar hef ég haldið því fram og held því fram að við þurfum að setja upp fleiri valkosti. Ég er alveg inni á því en það náttúrlega kemur alltaf að því sama. Vandinn er sá hvernig við eigum að finna fjármagn og stýra því inn í þetta kerfi. Ég tel sjálfsagt að auka byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, ég hef haldið því fram. Ég tel að það sé nauðsynlegt og við erum að vinna að því núna einmitt þrátt fyrir lágar fjárhæðir. Við erum með um 1,2 milljarða í Byggingarsjóði verkamanna á þessu ári, að auka byggingar þjónustuíbúða fyrir aldraða og fyrir fatlaða. Þetta er verkefni sem verður að hafa forgang. Það er verið einmitt þessa dagana að reyna að finna flöt á því hvernig við getum staðið sem best að þessu máli. Varðandi kaupleiguíbúðir og búsetuíbúðir: Við þurfum að vanda okkur betur þar og það þýðir ekkert að tala um þetta nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Það verður að vera samkomulag um þetta. Aðilar vinnumarkaðarins eru rétti vettvangurinn til þess að vinna að lausn hins félagslega vanda í sambandi við íbúðarhúsnæði. Ég er alveg inni á þeirri línu, hef alltaf verið.

Ég segi það að lokum að það hljóta náttúrlega allir sanngjarnir menn, hvar í flokki sem þeir standa, að verða að viðurkenna að það var nauðsynlegt og það var hárrétt hjá ríkisstjórninni að greiða fyrir lausn kjaramála með því að taka á ríkissjóð byrðar sem fylgdu þessum kjarasamningum sem m.a. orsökuðu hluta af þeim rekstrarhalla sem varð að afgreiða ríkissjóð með á þessu ári. Það var ekki meiri möguleiki til að auka það fjármagn sem fór til húsnæðismálanna en niðurstaðan varð, því verðum við alveg að átta okkur á og þess vegna er fjármagnið fastmótað í sambandi við árið 1987. Við erum með milljarð í Byggingarsjóði ríkisins í samræmi við fjárlög og við erum með 3,3 milljarða frá lífeyrissjóðum og þetta er það fjármagn sem við getum byggt á, plús annað sem ég hef sagt áður, sem kom mér meira að segja á óvart, að fjármálaleg staða Byggingarsjóðs ríkisins í árslok var miklu betri en menn höfðu gert sér grein fyrir því að raunverulega var sjóður á áramótum um 700 millj. Og það er það sem bjargar okkur talsvert til að standa að þessu máli á þessu ári.

Það vita allir hvernig mál standa í sambandi við árið 1988. Við erum með samninga við lífeyrissjóðina fyrir það ár sem gera ráð fyrir að þeir kaupi fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé. Ráðstöfunarfé þeirra eykst sjálfsagt um 50–60%, þannig að sú fjárhæð eykst verulega og ég geri ráð fyrir því að það sé eðlilegur hlutur að það fjármagn sem ríkissjóður lætur, hver sem ný ríkisstjórn kann að vera, verði aldrei lægri en milljarður plús verðlagsforsendur sem gæti þýtt 1300–1400 millj. kr.

Ég ætla ekki að ræða um þetta öllu meira. Ég segi aðeins að það er engin ástæða til þess að vera með panik í sambandi við þessi mál. Þetta kerfi er í vinnslu og ég vísa á þessa mætu menn, bæði framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar og forráðamenn Alþýðusambandsins og vinnuveitenda sem túlka þetta kerfi og það er engin ástæða til að gefa þessu kerfi ekki tíma til að koma úr vinnslunni. Eins og ég sagði áðan, það er aðeins búið að afgreiða rúmlega 2000 lán og það kemur í ljós að það eru hundruð fólks í landinu sem sótt hafa um sem eru ekki einu sinni tilbúin að svara Húsnæðisstofnun hvort og hvernig það ætlar að nota sér þann lánsrétt sem það þannig fær. Við skulum samt einlæglega vona að þetta kerfi komi til með að fá á sig þá mynd sem við erum öll sammála um og ég legg á það höfuðáherslu, og það skulu vera mín síðustu orð, að ég treysti því að a.m.k. stjórnmálaöfl í landinu og foringjar stjórnmálaflokkanna, sem hafa haft tæp tvö ár til að vinna saman að þessum málum, leggist á eitt um að verja þetta kerfi meðan verið er að sýna hvernig það kemur til með að koma út til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi umræða um skýrslu félmrh.

um álit milliþinganefndar um húsnæðismál hefur nú staðið í nokkuð langan tíma, sennilega 8–10 klukkustundir, og er það vel því að við erum hér að fjalla um mál sem skiptir sköpum fyrir fólkið í landinu.

Hæstv. félmrh. hefur talað tvisvar við þessa umræðu og ég verð að segja að ýmsum spurningum sem ég beindi til hans í mínu máli um daginn er enn ósvarað.

Hæstv. ráðh. staðfesti í ræðu sinni um daginn, þó óbeint væri, að það væri um verulega vanáætlun að ræða á fjármagni til húsnæðiskerfisins. Að vísu rak sig hvað á annars horn í hans málflutningi. Hæstv. ráðh. rakti forsendur nýju laganna og vitnaði þar óspart til athugasemda í frv. með nýju lögunum og ráðherrann benti m.a. í sinni ræðu á vanáætlun á fjármagni þegar frv. að nýrri húsnæðislöggjöf var til umræðu. Þá sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta, og er þá að vitna í forsendur laganna:

„Þá er komist að þeirri niðurstöðu að verði um helmingi af þeim lánveitingum, sem reiknað er með í athugasemdum til þeirra sem eiga íbúð fyrir, frestað um eitt ár verði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar á árinu 1987."

Og hvað hefur komið í ljós? Fjárþörf er ekki 3,5 milljarðar á árinu 1987 eins og hæstv. ráðh. vitnaði í, heldur er fjárþörfin 5,8 milljarðar einungis vegna umsókna sem bárust fyrir áramótin.

Hæstv. ráðh. vitnaði nefnilega til þess í máli sínu hér um daginn að það hefðu borist 4260 umsóknir og hann reiknaði með 15% afföllum af þeim umsóknum. Ef við reiknum þetta dæmi nú til enda, sem ráðherrann hefði auðvitað átt að gera og sýna þingheimi fram á vanáætlun sem er augljós á fjármagnsþörf, ef hann hefði reiknað dæmið til enda hefði komið í ljós — ráðherrann gaf upp að meðallán væri 1600 þús. kr. — að fjárþörf vegna umsókna sem bárust fyrir áramót er 5,8 milljarðar og til ráðstöfunar eru nú 4,4 milljarðar sem þýðir að það vantar 1,4 milljarða inn í húsnæðiskerfið á þessu ári til þess að standa við lánsloforð vegna umsókna sem bárust fyrir áramótin. Þetta þorði hæstv. ráðh. vitanlega ekki að segja berum orðum. Ég sagði að hvað hefði rekið sig á annars horn í ræðu ráðherra vegna þess að þegar hann er búinn að upplýsa um umsóknafjöldann og afföllin, sem auðvitað má reikna út hvað þýðir í fjármagni, segir ráðherrann, með leyfi forseta:

„Það er ljóst af því sem að framan greinir að sá áróður sem hafður er uppi um nýja húsnæðislánakerfið, að það sé brostið, hefur ekki við rök að styðjast."

Nú hafa borist, samkvæmt því sem fram kom í fjölmiðlum, um 5000 umsóknir frá september til febrúar og ef reiknað er þar líka með 15% afföllum er niðurstaðan sú að þegar hefur verið ráðstafað 2,4 milljörðum af fjármagni næsta árs. Og ég tel nokkuð víst að umsóknir, sem eru að berast þessa dagana, verður ekki hægt að uppfylla fyrr en á árinu 1989. Þá spyr ég: Erum við ekki farin að ráðstafa fjármagni lífeyrissjóðanna sem ekki hefur verið samið um? Var ekki bara samið til tveggja ára við lífeyrissjóðina að því er varðar fjármagn í húsnæðiskerfið?

Hæstv. ráðh. vill sem minnst tala um biðtíma í þessum umræðum þó að hann hafi talað tvisvar við þessa umræðu. Hann leiddi biðtímann hjá sér. Honum finnst greinilega að biðtími skipti engu máli. En það er það sem skiptir máli fyrir fólkið. Það er biðtíminn. Hann hefur greinilega ekkert um hann að segja.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh., af því að hann var að enda við að segja hér í ræðustólnum að hann vildi ekki leyna neinum skýrslum, hann vildi sýna öll skjöl sem hann hefði í fórum sínum til þess að upplýsa stöðuna: Er það rétt að hann hafi í fórum sínum og stjórn Húsnæðisstofnunar innanhússskýrslu um stöðu húsnæðismála sem staðfesti að það sem sagt hefur verið og sú gagnrýni sem komið hefur fram á kerfið sé rétt? Er það rétt, hæstv. ráðh., að þessi skýrsla sé trúnaðarmál og hana megi ekki birta? Ég tel það ekki forsvaranlegt, ef svo er, ef leyna á Alþingi, sem kýs stjórn Húsnæðisstofnunar sem hefur þessa skýrslu undir höndum, þessari skýrslu. Ég vil skora á ráðherrann, sem segir að hann vilji ekki leyna neinum skýrslum eða skjölum, að hann sýni nú þessa skýrslu á Alþingi, sýni þessa skýrslu sem merkt er trúnaðarmál og ekki má upplýsa. Og ég spyr: Hvað er að fela sem fram kemur í þessari skýrslu? Er það eitthvað um biðtímann sem hæstv. ráðh. kýs að leiða hjá sér að ræða um? Er hægt að finna þar einhverjar upplýsingar um fjármagnsþörf? (**Gripið fram í:** Er ekki einhver krati þarna í stjórninni sem getur sagt hv. þm. frá þessu?) (**JBH:** Það er verið að spyrja ráðherrann.) Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. upplýsi Alþingi um þessa skýrslu og dreifi henni hér. Staða húsnæðismála á ekki að vera trúnaðarmál og ráðherrann vill ekki liggja á neinum leyniskjölum þannig að ég fer þess á leit við hann og óska eftir því að hann svari því hér við þessa umræðu að hann sé tilbúinn, hann sé reiðubúinn að birta þessa skýrslu.

Þó að hæstv. ráðh. sé þögull um biðtímann hefur forstjóri Húsnæðisstofnunar, þrátt fyrir það sem Halldór Blöndal var að vitna í og haft var eftir forstjóra Húsnæðisstofnunar um að biðtíminn væri úr sögunni, engu að síður upplýst í útvarpi þann 18. febrúar hver biðtíminn er. Þar kom fram hjá Sigurði E. Guðmundssyni að þeir sem sóttu um í janúar, forgangshópar sem sóttu um í janúar, fá sinn fyrri hluta í desember 1987 og seinni hlutann í júní 1988. Biðtíminn er 11 mánuðir í fyrri hluta og 17 mánuðir að því er seinni hlutann varðar. Og Sigurður E. Guðmundsson upplýsti líka að víkjandi hópar, eða aðrir en forgangshópar, sem sótt hefðu um í janúar, fengju sinn fyrri hluta ekki á þessu ári heldur í mars 1988 og seinni hlutann í september 1988, 14 mánaða biðtími eftir fyrri hlutanum og 20 mánaða biðtími eftir seinni hlutanum. Og hvað segja þessar tölur okkar ef þegar, að því er varðar umsóknir í janúar, er kominn svo langur biðtími?

Menn segja að það sé ekkert að marka þann umsóknafjölda sem hafi borist. Sumir eru meira að segja með útúrsnúninga í því máli eins og t.d. Ásmundur Hilmarsson sem hæstv. ráðh. var að vitna í. Hann segir í Alþýðublaðinu, með leyfi forseta, og það er eftir málflutningi þeirra sem vilja verja kerfið og þora ekki að taka á þeim vanda sem við blasir:

„Ef það er rétt að það berist að meðaltali 1000 umsóknir á mánuði um lán þá þýðir það 12 þúsund umsóknir á ári. Spurningin er: Finnst mönnum það líklegt til frambúðar?"

Hver hefur verið að tala um 12 þúsund umsóknir á ári? Ekki nokkur maður. Ég hef ekki nefnt það. (**Félmrh.:** Jú, jú.) Jú, segir hæstv. ráðh. Hann leyfir sér að segja jú, hæstv. ráðh. Ég sagði að það hefðu borist, og það var staðfest af ráðherra, 4260 umsóknir fyrir áramót og nú þegar 5000 umsóknir. Á hverju byggir áætlun sem ég byggi á um fjármagnsþörf? Að það berist 4500 umsóknir á öllu þessu ári eða 375 umsóknir til jafnaðar á hverjum mánuði? Og er það há áætlun, hæstv. ráðh.? Eru það 12 þúsund umsóknir á ári? Ég hef byggt á 4500 umsóknum, 375 umsóknum á mánuði og ég fullyrði að það er varleg áætlun. Og miðað við þá varlegu áætlun þarf að tvöfalda fjármagnið í húsnæðiskerfið á næsta ári og er þá líka gert ráð fyrir þeirri aukningu sem ráðherra talaði um að kæmi á fjármagni frá lífeyrissjóðunum.

Það hafa sem sagt borist nú um 5000 umsóknir á fyrstu fjórum eða fimm mánuðunum og það er 1000 umsóknum fleira en gert var ráð fyrir á heilu ári í forsendum laganna. Og ráðherra talaði um afföll. Og menn tala um að það séu svo margir sem séu að sækja um sem séu bara að fara í röðina af því að þeir tortryggi kerfið. Er ekki ein skýringin á því, hæstv. ráðh., að það er fjöldi fólks sem nú hefur lagt í að leggja inn umsóknir af því að það treysti á þau loforð og þau fyrirheit sem voru gefin, fjöldi fólks sem hefur ekki þorað að leggja út í það á undanförnum árum, í því öngþveiti sem verið hefur í húsnæðismálum, það hefur ekki þorað að leggja út í það að koma sér þaki yfir höfuðið. Þessi hópur er núna að koma fram og leggja inn sínar umsóknir. Ég er sannfærð um að það er ein meginskýringin á fjölda umsókna sem nú hafa komið fram en ekki það að fólk sé að tryggja sér að fara inn í einhverja röð í kerfinu og ætli sér ekkert að sækja um þessi lán.

Að því er varðar þessi 15% afföll: Hæstv. ráðh. dregur það í efa að fólki sé vísað frá af því að það standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána. Hann segir að það séu engar upplýsingar um að fólki hafi verið sjálfkrafa úthýst úr kerfinu. Rengir hæstv. ráðh. það dæmi sem kom í sjónvarpinu um hjónin sem áttu 700 þús. í reiðufé, að vísu lág laun, 30 þús. kr., og þeim var vísað frá af því að þau stóðu ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána. (**Félmrh.:** Veit hv. þm. hvað stóð á bak við þetta?) Og hvað með manninn með 90 þús. kr.? (**Félmrh.:** Veit hv. þm. eitthvað um þetta.) Hefur einhverjum verið vísað frá sem hefur verið með 90 þús. kr. tekjur? (**Félmrh.:** Var ekki hv. þm. að segja það?) Ja, ég spyr ráðherra. Hann hlýtur að hafa kynnt sér málið. (*Gripið fram í.*) Það liggur fyrir að það er svo. Ég skal vitna hér í plagg frá Húsnæðisstofnun. Það er kannske leyniplagg sem ekki má vitna í. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Það hefur vissulega komið fyrir að umsækjendum með yfir 90 þús. kr. mánaðarlaun hefur verið synjað um lán hjá Húsnæðisstofnun þrátt fyrir að fyrirhuguð íbúðakaup umsækjenda hafi ekki verið kostnaðarsöm. Ástæður synjunar gætu verið þær helstar að annaðhvort hafi góð mánaðarlaun umsækjenda ekki komið fram í umsókn eða skuldir umsækjenda fyrir séu það miklar að góð mánaðarlaun dygðu ekki." Og síðan er talað um það að 10% umsókna sem afgreiddar hafi verið hafi verið synjað.

Nú skulum við athuga t.d. þann mann sem var með 90 þús. kr. launin sem ég vitnaði í um daginn. Var farið með hann t.d. samkvæmt ákvæðum húsnæðislaganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu mótið staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu."

Var þessi tiltekni maður með 90 þús. kr. launin kallaður aftur fyrir Húsnæðisstofnun og var krafist ríkari ábyrgðar af honum? Hér stendur í synjunarbréfinu: „Ástæður synjunar: Umsækjandi getur ekki staðið fjárhagslega undir þeim íbúðakaupum sem ráðgerð eru." Og síðan, með leyfi forseta: „Jafnframt þessu skal yður tilkynnt að ráðgjafarstöðin er að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna við yður um þau íbúðarkaup sem ætla má að samræmist greiðslugetu yðar og unnt er að mæla með lánveitingu til."

Ég spyr hæstv. ráðh.: Er hann ekki reiðubúinn að gera úttekt á þessum hópi sem vísað er frá, sem úthýst er úr kerfinu, fær ekki aðgang að almenna kerfinu, og leggja fyrir Alþingi skýrslu um það á hvaða forsendum fólki er vísað frá almenna húsnæðiskerfinu? Ég segi: Ef 15% umsókna eru ekki lánshæfar eins og ráðherra upplýsir er nauðsynlegt að fá að vita um það hvort fólki sé úthýst í stórum mæli úr kerfinu á þeirri forsendu að það standi ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána. Og þá er spurningin: Hvert á þetta fólk að leita? Þetta eru spurningar sem félmrh. hefur ekki fengist til að svara og það þýðir ekki að vísa þessu fólki á félagslega íbúðakerfið. Það er fjárhagslega svelt vegna þess að talið var að nýju húsnæðislögin mundu draga verulega úr eftirspurn eftir félagslegu húsnæði. En það er nú annað að koma í ljós.

Það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir verkalýðshreyfinguna þegar lífeyrissjóðirnir halda fjárhagslega uppi húsnæðislánakerfinu. Á sama tíma og stjórnvöld lofuðu auknum lánsrétti og hagstæðum greiðslukjörum var dregið úr ríkisframlaginu til

húsnæðismála. Það var skerfur stjórnvalda, það var skerfur hæstv. félmrh. til nýju húsnæðislaganna, að draga verulega úr ríkisframlaginu. En ríkisframlagið í Byggingarsjóð ríkisins er á þessu ári aðeins 1000 millj. kr. meðan það var 1300 millj. kr. á s.l. ári. Og það er auðvitað alvarlegt ef af 3,8–3,9 milljörðum sem renna inn í húsnæðiskerfið á þessu ári fara aðeins 400–500 millj. í félagslegar íbúðabyggingar. Og ég spyr: Er það ásættanleg niðurstaða fyrir láglaunafélögin, sem fjármagna stóran hlut af húsnæðislánakerfinu, ef þeirra fólki er í einhverjum mæli úthýst af því að það stendur ekki undir greiðslubyrði lána? Og er það ásættanleg niðurstaða fyrir verkalýðsfélögin að þetta fólk geti heldur ekki fengið aðgang að félagslega kerfinu af því að það er fjárhagslega svelt? Á sama tíma er fjármagn lífeyrissjóðanna gegnum húsnæðislánakerfið notað til að veita lán til þeirra sem eiga fyrir stórar skuldlausar eignir og vilja minnka við sig. Það má spyrja: Er þessi réttur á kostnað láglaunafólksins? Það er talið að þessi hópur geti verið 15% af heildinni og tekið til sín um 500 millj. af ráðstöfunarfé Byggingarsjóðsins. Ef þessi hópur vill minnka við sig er alveg sama þó þetta fólk fái nokkrar milljónir á milli í reiðufé við íbúaskipti. Það á engu að síður rétt á niðurgreiddu lánsfé úr húsnæðiskerfinu að upphæð 1200 þús. kr. sem það getur haft af vænar tekjur með því að ávaxta í hagstæðum skuldabréfum. Það kom einmitt fram í sjónvarpinu nýlega að það væri hægt að hafa 13 þús. á mánuði í hreinar tekjur af ávöxtun af þessum skuldabréfum.

Það má spyrja við þessar kringumstæður: Fyrst húsnæðiskerfið er aflögufært til þessara hópa, er þá rétt að svelta félagslega kerfið og úthýsa láglaunafólki meðan öðrum, sem eiga skuldlausar eignir, stendur til boða fjármagn lífeyrissjóðanna gegnum húsnæðiskerfið til þess að ávaxta í þessum hagstæðu skuldabréfum? Það er auðvitað hlálegt ef húsnæðiskerfið er nú fært um að ráðstafa hundruðum milljóna til skuldlausra íbúðareigenda, sem eignuðust auðveldlega sitt húsnæði með hjálp verðbólgu og óverðtryggðra lána, á sama tíma og sérstök fyrirgreiðsla til greiðsluerfiðleikahópanna, sem byggðu á umliðnum árum, er stöðvuð vegna fjárskorts. Ég spyr: Er ekki eitthvað að þessu kerfi þegar hægt er að setja miklar fjárhæðir í fólk sem á skuldlausar eignir en er að minnka við sig en ekki er hægt að veita frekari fyrirgreiðslu til greiðsluerfiðleikahópanna?

Við þessar aðstæður liggur fyrir að 2500–3000 félagslegar íbúðir vantar á næstu þremur árum og í áliti milliþinganefndar, undirrituðu m.a. af Halldóri Blöndal, kemur fram að eftirspurn eftir félagslegum íbúðum er langt umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Eftirspurn eftir félagslegum íbúðum og fjármagni úr Byggingarsjóði verkamanna er langt umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Samt eigum við nokkur hundruð milljónir sem við getum látið til hópanna sem eiga skuldlausu eignirnar. Boðskapur Halldórs Blöndals er bara: Fáum reynslu af nýja kerfinu og látum félagslegar íbúðir bíða.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal hefur talað langt mál við þessa umræðu og auðvitað var ekki við öðru að búast í hans málflutningi en útúrsnúningum og rangfærslum um staðreyndir málsins. Hann forðast eins og hæstv. félmrh. að tala um kjarna málsins, gerir lítið úr biðtímanum sem þó skiptir miklu máli fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur. Um fjármögnunina og fjárvöntunina hafði hann lítið að segja nema þá kannske helst að snúa út úr mínu máli. Og í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals kom fram, með leyfi forseta:

„Jóhanna Sigurðardóttir hefur þá einföldu lausn, eins og ég skil hennar orð, að hún vill bæta tveimur milljörðum eða þremur, hvort heldur, í húsnæðiskerfið á þessu ári.“ Þetta er auðvitað ekki rétt farið með tölur og er eins og annað sem fram kemur í máli hv. þm. En kjarni málsins er sá að ef menn telja ekki rétt, t.d. vegna þensluáhrifa eins og hv. þm. Halldór Blöndal nefndi, að setja nauðsynlegt fjármagn inn í húsnæðiskerfið, þá var nauðsynlegt, hv. þm., að gera sér grein fyrir því strax. Gera sér grein fyrir því strax þegar frv. var hér til umræðu, áður en tekið var til við að lofa húsbyggjendum og íbúðarkaupendum því sem ekki er hægt að standa við. Kjarni málsins er sá sem stjórnvöld verða að gera upp við sig núna þegar við höfum þessi lög sem lofa fólki gulli og grænum skógum: Eru þau reiðubúin til þess að setja meira fjármagn inn í húsnæðiskerfið eða á að mæta fjárvöntun og lánsloforðum með lengri biðtíma?

Hæstv. félmrh. upplýsti hér fyrr í vetur, fyrir áramótin, í nóvember að mig minnir, í sjónvarpsþætti um nýju húsnæðislögin þegar settar voru fram efasemdir um að fjármögnunin stæðist: Að sjálfsögðu, sagði hæstv. félmrh., mundu stjórnvöld setja nauðsynlegt fjármagn inn í kerfið ef það kæmi í ljós að um fjárvöntun væri að ræða. — Nú fer hæstv. ráðh. bara undan í flæmingi. Vill helst ekki tala um fjárvöntunina þó hún blasi við, þó hann hafi sett hér fram tölur og upplýsingar sem staðfesta að um mikla fjárvöntun sé að ræða.

Hv. þm. Halldór Blöndal gerði hér að umræðuefni fyrr í dag samspil hárra raunvaxta og minnkandi kaupgetu og hann taldi sig geta afsannað mitt mál með því að vitna til kaupmáttar atvinnutekna í riti Þjóðhagsstofnunar. En það kemur því ekkert við, hv. þm., sem ég var að halda fram. Ég vil minna hv. þm. á það, ef hann hefur hlustað á umræðurnar um greiðslujöfnunina þegar hún var hér til umræðu fyrir tveimur til þremur árum síðan, að þá settu einmitt fulltrúar ASÍ, og ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal ber mikla virðingu fyrir forustumönnum ASÍ, þeir settu þetta einmitt fram í sjónvarpi, áhrif og samspil hárra raunvaxta og minnkandi kaupgetu. Þm. hefur greinilega ekki skilið hvað ég var að sýna fram á, ég trúi ekki öðru en hv. þm. viðurkenni að háir raunvextir hafi veruleg áhrif á greiðslubyrði fólks og þar með kaupgetu. Ætlar hv. þm. að neita því? (**HBl:** Var ekki þm. að tala um að hækkun úr 2,5% í 3,5% skerti lífskjörin um 49%? Var það ekki það

sem þm. var að reyna að segja?) Ég var að tala um það, hv. þm., (Gripið fram í.) ef ég kemst að fyrir hv. þm., hæstv. forseti. (**Forseti:** Ég bið um hljóð á fundinum. Það er aðeins ræðumaður sem hefur leyfi til þess að tala.) Ég var að sýna þingheimi fram á það og væntanlega helst hv. þm. Halldóri Blöndal, sem illa skilur málin, að háir raunvextir hafa áhrif á greiðslugetu og kaupmátt fólks. Og það sem ég var að leiða í ljós var hvaða áhrif raunvextir, hvert prósentustig til hækkunar, hafi á kaupmátt og þar af leiðandi greiðslugetu til að standa undir lánum.

Ég skal taka sem dæmi Sigtúnshópinn. Hv. þm. kannast vonandi við hann. Hann hefur til að mynda sýnt fram á að vegna misgengis launa og lánskjara á árunum 1983–1985 hafi húsbyggjendur og íbúðarkaupendur orðið að greiða 2,6 milljarða kr. í umframgreiðslur vegna misgengis launa og lánskjara, þar af 910 millj. kr. vegna hækkaðra raunvaxta. Ætlar hv. þm. síðan að halda því fram að raunvextir, háir raunvextir hafi ekki áhrif á greiðslugetu fólks? Ég hef haldið því fram að þriðjungur af láni forgangshópa eða 600–700 þús. kr. af 1700 þús. kr. láni sé horfið í verðhækkanir á s.l. 5–6 mánuðum. Og ef þetta fólk þarf þá að taka lán úr bankakerfinu til að standa undir útborgun, til að standa undir útborgun sem hefur hækkað úr 71% í 75%, ef það þarf líka að leita eftir skammtímaláni í bönkum með háum raunvöxtum, þá skerði það auðvitað greiðslugetu fólks og minnki kaupmátt þess. Svo einfalt er það, hv. þm.

Í stað þess að ræða málefnalega um þá ágalla sem hafa komið í ljós á nýju húsnæðislöggjöfinni og í stað þess að ræða af skynsemi um það hvernig eigi að taka á vandanum og mæta fjárvöntuninni eyddi hv. þm. löngum tíma í að ræða um kaupleiguíbúðir. Hann fór hamförum eins og hann gerir alltaf ef hann heyrir einhvers staðar nefnt orðið „búseti“ eða „kaupleiga“ eða „félagslegar íbúðir“. Þá þýtur hv. þm. upp hér í ræðustól og lætur öllum illum látum, oft án þess að hafa kynnt sér málið til hlítar. Það hefur berlega komið í ljós í þessari umræðu.

Af því að hv. þm. Halldór Blöndal og einnig hæstv. ráðh. telja að kaupleiguíbúðir séu verkalýðshreyfingunni á móti skapi og eins og hv. þm. Halldór Blöndal orðaði það „að honum sé ekki kunnugt um að verkalýðshreyfingin hafi tekið undir kaupleigutillögurnar,“ þá vil ég leiða verkalýðsleiðtoga marga hverja hér fram til vitnis um skoðun þeirra á kaupleiguíbúðum. Ég held að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, þegar hér hefur komið fram bæði í málflutningi hæstv. ráðh. og hv. þm. Halldórs Blöndals að verkalýðshreyfingin vilji helst ekki vita af kaupleiguíbúðum. Það lágu þegar fyrir í maí 1986 skoðanir ýmissa málsmetandi verkalýðsleiðtoga.

Hvað segir Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir um kaupleiguíbúðirnar? Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir segir: Athyglisverðasta tillaga sem komið hefur fram lengi. Orðrétt segir Aðalheiður: „Þetta er tvímælalaust athyglisverðasta tillaga sem komið hefur fram lengi í húsnæðismálum. Tvímælalaust eru kaupleiguíbúðir mikið hagsmunamál fyrir lægst launaða fólkið sem fárra kosta á völ í húsnæðismálum. Ég tel það skyldu verkalýðshreyfingarinnar að athuga gaumgæfilega þennan kost.“

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur þegar sagt það hér úr þessum ræðustól, þess vegna er óþarfi að vitna mikið til hans, en hann segir í þessu blaði sem ég er að vitna í að að hans mati séu kaupleiguíbúðir efstar á blaði.

Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, segir: Skoða ber þennan kost í fyllstu alvöru. Orðrétt segir hann: „Mér finnst hugmyndin athyglisverð. Í verkamannabústaðakerfinu eiga hópar í erfiðleikum með að fjármagna útborgun. Það er því mikill kostur ef hægt er að veita þessum hópum möguleika á mánaðarlegum greiðslum án útborgunar.“

Kristján Thorlacius, formaður BSRB, segir: Fagna tillögum um kaupleiguíbúðir.

Formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar segir: Verkalýðshreyfingin á að stuðla að kaupleigukerfinu.

Guðríður Elíasdóttir, formaður Framtíðarinnar, segir: Brýnt að verkalýðshreyfingin kanni þennan kost.

Þessir formenn umræddra félaga, ásamt Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, formanni Sóknar, fylgdu þessu eftir og skrifuðu milliþinganefndinni, skrifuðu hæstv. ráðh. og óskuðu eftir því að milliþinganefndin beitti sér fyrir því að leggja tillögur fyrir ráðherra til þess að koma í framkvæmd kaupleiguíbúðum.

Formaður milliþinganefndar upplýsti hérna áðan, jú að bréfið hefði borist nefndinni, en hann mundi ekki einu sinni eftir hvort nefndin hefði kynnt sér það, hvort bréfið hefði verið lesið. Ég tel þetta lítilsvirðingu við formenn þriggja stórra láglaunafélaga sem setja stóran hlut af fjármagni sinna lífeyrissjóða inn í húsnæðiskerfið. Og svo gæti komið í ljós að þeirra félagar, sem vegna lágra launa gætu ekki staðið undir greiðslubyrði lána, hafi ekki aðgang að húsnæðiskerfinu. Og svo er bara hundsuð beiðni frá formönnum þessara félaga um að skoða af alvöru kaupleigukerfið!

Hæstv. félmrh. gerði líka mikið úr því að sveitarstjórnarmenn vildu lítið vita af þessum tillögum. Hann taldi þetta allt skrum hjá Alþfl. í síðustu sveitarstjórnarkosningum að því er kaupleigutillögurnar varðar. Auðvitað er þetta allt vitleysa. (**HBl:** Þetta var allt vitleysa.) Ég get sagt hv. þm. það og hæstv. félmrh. að þar sem fulltrúar Alþfl. eiga aðild að sveitarstjórnum er í samstarfssamningi að finna ákvæði um að hrinda í framkvæmd kaupleigukerfinu. Ég get nefnt að t.d. á Akureyri, þar sem íhaldið er í samstarfi við Alþfl., eru ákvæði um að hrinda í framkvæmd kaupleigutillögunum. Það er í Kópavogi, það er í Hafnarfirði. Alls staðar þar sem Alþfl. hefur haft einhver áhrif er þetta sett inn í samstarfssamninginn. En hvað kemur í veg fyrir að hægt sé að hrinda þessu í framkvæmd? Hvað kemur í veg fyrir það?

Við þurfum að fá lagagrunn til þess að byggja á. Það þarf að setja lög um kaupleiguíbúðir. Við höfum gert tilraun til þess, við Alþýðuflokksmenn. Hér í fyrra þegar húsnæðislöggjöfin var til umræðu fluttum við brtt. Þær voru allar stráfelldar af hæstv. félmrh., af hv. þm. Halldóri Blöndal. Það væri auðvitað prófandi að flytja þessar till. einu sinni enn. Það gefst til þess gott tækifæri nú að láta á það reyna hvort menn séu tilbúnir að gera það sem t.a.m. fulltrúar stórra láglaunafélaga vilja, koma í framkvæmd kaupleiguíbúðum. Það væri athugandi að flytja brtt. við frv. hæstv. ráðh. sem nú liggur fyrir Alþingi til breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það væri athugandi að flytja núna brtt. að því er varðar kaupleiguna.

Hv. þm. Halldór Blöndal kvartaði yfir því hér í umræðum fyrir nokkrum vikum síðan að við hefðum ekki flutt neitt lagafrv. um málið. Ef við flytjum aftur þessar brtt., þá gefst hv. þm. Halldóri Blöndal tækifæri til þess að segja afstöðu sína í atkvæðagreiðslu um málið, láta það koma í ljós hvort hann vilji styðja sveitarstjórnarmenn íhaldsins á Akureyri sem vilja hrinda í framkvæmd kaupleigunni, hvort hann vilji styðja þá í því með því að greiða fyrir því hér á Alþingi. Þeir hafa undirritað samstarfssamning um að koma þessu til framkvæmda. En málið er það að ég hef enga trú á því að þessar tillögur verði samþykktar meðan þessi ríkisstjórn situr að völdum. Það þarf að skipta um ríkisstjórn. Skipta um ríkisstjórn til þess að koma á kaupleigutillögunum, til þess að þær verði samþykktar hér á Alþingi.

Hv. þm. Halldór Blöndal kemur hér aftur og aftur í ræðustól, hvenær sem hann hefur tilefni til þess. Hvenær sem hann heyrir einhvern tala um Búseta eða félagslegar íbúðir, þá kemur hann hér og reynir að rakka niður kaupleigutillögur Alþfl. og spyr: Hvað margar á að byggja? Hvernig á að fjármagna þær? Hvað eiga sveitarfélögin að gera? Hvar eiga þau að fá fjármagn? Þetta stendur allt í tillögunni. Nú held ég að hv. þm. Halldór Blöndal ætti að taka sér tíma frá þingstörfum, svo sem eins og einn dag, hann mundi þá ekki tefja þingstörfin svona lengi eins og hann hefur gert að tala um þetta mál, taka sér nú tíma og lesa þessa tillögu. (**JBH:** Hann má ekki vera að því, það hefur allur tíminn farið í Sturlumálið.) Já, allur tíminn í Sturlumálið, en ég held að hann ætti nú samt að reyna að taka sér tíma og lesa þessa tillögu frá orði til orðs. Þar er að finna svör við öllum þessum spurningum. Öllum þessum spurningum sem hv. þm. hefur sett hér fram. Hverri einni og einustu, varðandi fjármögnunina, varðandi hvað margar íbúðir á að byggja, varðandi framkvæmdaaðila. Þetta stendur allt í tillögunni.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vil þó aðeins fara nokkrum orðum um það sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar hér áðan. Hann vildi ekki gera mikið úr þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á kerfið en þó viðurkenndi hv. þm. veika punkta í samkomulaginu sem var félagslegi hlutinn. Það er alveg rétt, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að það er mjög veikur punktur í þessu öllu saman. Ég tel mig hafa sýnt fram á það. Og ég skora nú á hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson að hann beiti sér fyrir því, t.d. inni í miðstjórn ASÍ, að verkalýðshreyfingin skoði þetta mál af alvöru og hvort ekki sé rétt að endurmeta á nýjan leik þær forsendur sem lágu að baki þessum lögum. Og eins, hv. þm., hvort ekki sé rétt að beina meira af því fjármagni sem er til staðar nú inn í félagslega kerfið ef sú er raunin að fólki er úthýst af því það getur ekki staðið undir greiðslubyrði lána í almenna kerfinu. Ef menn segja að það sé ekki til fjármagn, þá skulum við bara horfa á þessa hópa sem hér hafa hvað eftir annað verið nefndir, þessir sem eiga stóru skuldlausu eignirnar og geta tekið til sín nokkur hundruð milljónir af þessu fjármagni, það væri þá réttara að láta þau hundruð milljóna sem renna til þessara hópa inn í félagslega kerfið. Ég held að verkalýðshreyfingin ætti að skoða það af einhverri alvöru.

Hv. þm. telur að þriðjungur detti út. Þetta er auðvitað bara getspá. Eins og ég sagði áðan tel ég að þarna sé um stóra hópa að ræða sem hafa ekki treyst sér út í húsbyggingar eða íbúðarkaup á umliðnum árum en eru nú að koma og leggja inn umsóknir af því að þeir telja að hér sé komin mjög hagstæð húsnæðislöggjöf þar sem greiðslubyrði lána er mjög hófleg. Það er auðvitað ein skýringin á þeim fjölda umsókna sem um ræðir. Ég held að við getum ekkert gengið fram hjá því, hv. þm., að þær umsóknir sem fyrir liggja eru mælikvarði á þörfina. Og ég vil biðja hv. þm. að aðstoða mig í því, hvernig sem við förum að því, að gerð verði úttekt á þessum hópum sem hafa fengið synjanir og þessum afföllum sem menn eru að tala um þannig að við getum gert okkur þá betur grein fyrir vandanum, hvort hann felst í stórum mæli í því t.d. að fólki er úthýst af því að það stendur ekki undir greiðslubyrði lána.

Reyndar talaði hv. þm. um það að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir fyrir þá sem ekki geta notfært sér kerfið. Nú er spurning, hv. þm., hvort ekki sé rétt að þú fylgir því eftir sem þú hefur sagt hér í ræðustól, að gerð verði úttekt á þeim afföllum og þeim synjunum sem þegar liggja fyrir, sem talið er að sé um 10–15%. — Er hæstv. félmrh. hér einhvers staðar nærri?

Ég er rétt að ljúka máli mínu en vil samt gera lokatilraun til þess, hæstv. ráðh., að reyna að fá fram svör við spurningum sem ég hef sett fram, ekki í einni ræðu, ekki tveimur, heldur reyndar í þrem ræðum og síðan áttum við hæstv. ráðh. orðastað í útvarpi fyrir skemmstu þar sem ég reyndi að fá fram svör við þeim spurningum sem ég tel nauðsynlegt að fram komi. En ekkert hefur gengið. Ég vil nú gera lokatilraun til þess að biðja hæstv. ráðh. að svara þessum spurningum:

Það er í fyrsta lagi hvort hann sé tilbúinn til að gefa Alþingi skýrslu um og gera úttekt á þeim hópum sem fá synjanir í almenna húsnæðiskerfinu, gera úttekt á þeim afföllum sem hann talar um,

þessum 15% afföllum og þeim synjunum sem þegar liggja fyrir og þær ástæður sem að baki synjuninni liggja. Ég held að þetta sé veigamikil forsenda til þess að við getum bætt ágalla kerfisins og að við stöndum ekki frammi fyrir því að fólk í láglaunafélögunum fái ekki lán, ekki heldur úr lífeyrissjóðunum af því þeir hafa meira og minna kannske lokað fyrir sérstök lán til sinna sjóðfélaga, treysta á að þeir fái lán úr almenna kerfinu. Við getum bara ekki staðið frammi fyrir því að þessu fólki sé alls staðar úthýst og fái hvergi lán. Þess vegna spyr ég í fyrsta lagi um það.

Ég spyr hæstv. ráðh. í annan stað um þessa skýrslu sem á að liggja fyrir stjórn Húsnæðisstofnunar og hann á að hafa í fórum sínum sjálfur, skýrslu sem á að staðfesta langan biðtíma, sem á að sýna fram á fjármagnsþörfina, að hann leggi hana nú hér fyrir Alþingi eða a.m.k. fyrir þá nefnd sem núna er að fjalla um nokkrar breytingar á nýju lögunum um Húsnæðisstofnun. Hæstv. ráðh. gæti kannske upplýst um það hér og talað gleggra máli um biðtímann sem fyrir liggur, hvort hann geti staðfest það sem fram hefur komið um langan biðtíma, að biðtíminn stefni í að verða á þriðja ár núna í árslok. Ef ráðherra segir ekki eitt einasta orð um biðtímann hér í ræðustól, sem skiptir máli fyrir fólkið, þá lít ég svo á að hann samþykki það með þögninni sem hér hefur verið sagt um langan biðtíma. (Gripið fram í.) Ég var að vitna til þess áðan, ef hæstv. ráðh. hefur hlýtt á mitt mál, að Sigurður E. Guðmundsson upplýsti það fyrir skemmstu í útvarpi að biðtími vegna janúarumsókna væri allt fram til ársins 1988.

Að síðustu vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það sem ég reyndi að gera á síðasta fundi þegar þetta mál var til umræðu, og ég bið hæstv. forseta forláts á því að ég skuli tefja tíma sameinaðs þings með síendurteknum spurningum um sama mál, en það verður að virða mér það til vorkunnar að hæstv. ráðh. svarar ekki því sem ég spyr hann hér um. Ég vil spyrja hann um það sem fram kemur hér í athugasemdum með lagafrv. um húsnæðismálin. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði árið 1980 og síðar. Nú þegar verði 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. sem fyrir eru varið til fólks sem á í greiðsluerfiðleikum.“ — 300 millj. kr. til viðbótar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því enn og aftur og vonast eftir svari: Hefur ríkissjóður staðið skil á þessum 300 millj.? Hefur hann staðið skil á þessu fjármagni, þessum 300 millj., eða er þetta fjármagn fengið úr Byggingarsjóði ríkisins og tekið af fjármagni til almennra útlána? Er ríkissjóður í skuld við Byggingarsjóð ríkisins að því er varðar þessa upphæð, 300 millj. kr.? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá svar við þessu. Það vantar nógu mikið fjármagn inn í kerfið þó að Byggingarsjóður ríkisins eigi ekki að hafa af honum þessar 300 millj. og því vil ég spyrja um það í lokin hvort svo sé, að ríkissjóður skuldi Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð.

Að lokum, hæstv. forseti, treysti ég á það að hæstv. ráðh. svari mínu máli og þeim spurningum sem ég hef hér fram borið þannig að ég þurfi þá ekki að koma aftur hér í ræðustól og endurtaka þessar spurningar.

Magnús H. Magnússon:

Herra forseti. Nokkur orð í tilefni þess sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. sama kjördæmis.

Það kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að sveitarfélögin hefðu ekki mikinn áhuga á kaupleiguíbúðum. Það er rétt að tveir fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga komu á fund nefndarinnar og sýndu ekki mikinn áhuga fyrir þessu máli en tóku það jafnframt fram að þeir hefðu alls ekki kynnt sér það. Meira var nú ekki að marka það. Þeir vildu auðvitað helst fá mikil og löng lán til bygginga leiguíbúða, helst 95% með 1% vöxtum til 40 ára. Rökin voru þau helst að sveitarfélögin verði að sinna þeim sem eru of tekjulágir og of eignalitlir til að geta notfært sér kjör verkamannabústaðakerfisins. Það er út af fyrir sig rétt, en leigjendur sveitarfélaga eru þó af ýmsum toga, a.m.k. sveitarfélaga úti á landi. Það eru ekki allir sem eru svona illa á sig komnir.

Um bréfið, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. gat um frá Verkakvennafélaginu Framsókn, Starfsmannafélaginu Sókn og Verkakvennafélaginu Framtíðinni í Hafnarfirði, er það að segja að það var aldrei lagt fyrir nefndina. Ég hafði þó spurnir af þessu bréfi og spurði formanninn um það á fundi hvort það hefði borist. Þá kannaðist hann við það og kannaðist við efni þess í grófum dráttum en sjálfur hef ég ekki fengið að sjá það eða aðrir nefndarmenn fyrr en nú í kvöld. Ég fékk ljósrit af því. Hitt er annað mál að hv. þm. gaf mér nokkuð fullnægjandi skýringu á því hvernig þetta hafði farið, alla vega er það ekki hæstv. félmrh. að kenna.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. kom víða við. Ég er ánægður með að heyra það að hann viðurkennir nú að meira þurfi að gera fyrir greiðsluerfiðleikahópinn svokallaða en gert var s.l. vetur og s.l. vor. Það viðurkenndi hann ekki í milliþinganefndinni og vildi alls ekki standa að neinni tillögu í þá átt.

Hv. þm. gerði mikið úr erfiðleikum sveitarfélaga við að fjármagna kaupleiguíbúðir. Því er til að svara að sveitarfélögin hafa nú þegar verulegan kostnað af íbúðarbyggingum og íbúðareignum auk þess sem gert var ráð fyrir því í þáltill. að sérstök lánafyrirgreiðsla verði veitt sveitarfélögunum fyrstu tvö ár gildistíma laganna. Þar við bætist, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að gert er ráð fyrir að margir aðrir aðilar komi inn í myndina, samstarfsaðilar sveitarfélaga. Það geta t.d. verið stéttarfélög, starfsmannafélög, lífeyrissjóðir, byggingarsamvinnufélög o.s.frv. Og auðvitað minnkar fjármögnunarþörf sveitarfélaganna að sama skapi.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. spyr um afstöðu aðila vinnumarkaðarins, hvort ekki sé verið að brjóta samninga á þeim o.s.frv. með tillöguflutningi um

kaupleiguíbúðir og yfirleitt um breytingar á núverandi lögum. Hann hefur alltaf haft það sem afsökun eða notað það sem átyllu til að neita öllum tillögum að verið væri að brjóta samninga. Því er til að svara að mínu mati að við gerð samninganna í febrúar í fyrra var félagslega kerfið, sem svo er kallað, skilið eftir að mestu leyti. Ætlunin var, það heyrði ég hjá mörgum verkalýðsforingjum a.m.k., að skoða það kerfi betur í heild, betur en þá var tóm til vegna skorts á tíma.

Könnun, sem hæstv. félmrh. lagði fyrir Alþingi nú fyrr í vetur, sýnir að þörf sé á 2500–3000 leiguíbúðum fram til ársins 1990. Hv. 2. þm. Norðurl. e. neitar að ræða lausn þessa máls, hvað þá að fallast á tillögur til úrbóta. Hann neitar að ræða þetta. Hv. þm. segir að Alþfl. hafi lagt til að verkamannabústaðakerfið verði lagt af. Það er ekki rétt. Hins vegar býst ég við að ýmsir vilji vera með í kaupleiguíbúðum sem annars eiga rétt til þátttöku í verkamannabústaðakerfi þannig að þess vegna muni draga úr eftirspurn eftir íbúðum á grundvelli verkamannabústaðalaganna. En hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur neitað að ræða félagslega kerfið og ber fyrir sig aðila vinnumarkaðarins.

Mestum hluta spurninganna sem hv. þm. lagði fram er svarað í þáltill. Alþfl. eins og kom fram hjá hv. 2. landsk. þm. Þar er þessum spurningum öllum svarað svo annaðhvort hefur hv. þm. ekki lesið plaggið sem hann er nú alltaf að rífast út af, eða þá hann er búinn að steingleyma því. Þar er talað um áætlaðan fjölda íbúða, þar er talað um áætlaða fjármögnun o.s.frv. Auðvitað er ekki um nettóaukningu fjárþarfar til byggingarlána að ræða. Þar er fyrst og fremst um aukna valkosti fólks að ræða og aukna möguleika fyrir hundruð manna, tugi eða hundruð manna og kvenna sem hafa fengið eða koma til með að fá neitun um lán hjá húsnæðismálastjórn ríkisins vegna þess að tekjur og eignir eru ekki taldar duga fyrir afborgunum og vöxtum af lánum. Þessu fólki verður að liðsinna öðrum fremur og þar koma kaupleiguíbúðirnar mjög sterklega inn í myndina.

Herra forseti. Ég læt í ljós miklar áhyggjur af stöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar. Það hefur margoft verið sýnt fram á að bein framlög ríkissjóðs verði að vera minnst 33% ef við ætlum ekki að éta okkur út á gaddinn. Til þess þyrfti að auka framlög ríkissjóðs á þessu ári um 400 millj. Í reynd eru nákvæmlega sömu rök nú og voru 1984, þegar þáverandi lög voru sett, um nauðsyn þess að framlög ríkissjóðs verði aldrei minni en 40% af útlánum. Það er nú sami vaxtamunur og þá á veittum og teknum lánum og til þess þyrftu, ef við ætlum að miða við þessi 40% sem voru sett í lög 1984, framlög ríkissjóðs í ár að hækka um 700 millj. kr.

Ef ekki tekst í mesta góðæri Íslandssögunnar að standa við slík takmörk, hvað þá í venjulegu árferði, að maður ekki tali um krepputíma? Hæstv. félmrh. hefur sagt að engin ástæða væri til að ætla að ekki verði á næstu árum stórhækkun ríkisframlaga til að ná þeim mörkum sem ég var að tala um til húsnæðislánakerfisins. Á næstu árum, bara ekki nú. Sama segir hæstv. samgrh. í vegáætlun, í hafnaáætlun, í flugmálaáætlun. Eintómar ávísanir á framtíðina og það í þessu mikla góðæri.

Hæstv. ráðh. sagði að Alþfl. hafi ekki komið með tillögur um fjármögnun kerfisins. Það er ekki rétt. Alþfl. hefur hvað eftir annað á undanförnum árum lagt fram ítarlegar tillögur í þessum efnum og reyndar verið skammaður fyrir af formanni Sjálfstfl. Alþfl. er reyndar eini flokkurinn sem hefur lagt fram slíkar tillögur og hefur gert það mörgum sinnum á undanförnum árum.

Hæstv. ráðh. sagði að ýmsir kratar hafi unnið að áætlunum um þörf fyrir leiguíbúðir og vildi meina að þess vegna væri ekki að marka niðurstöður þeirrar áætlunar sem hann sjálfur lagði fram á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum mánuðum. Hæstv. ráðh. virðist sjá krata í hverju horni og er það mér mikil ánægja.

Það hefur verið sagt um þá kynslóð sem nú er á miðjum aldri að hún hafi étið upp sparifé foreldra sinna með neikvæðum vöxtum. Nú er þessi sama kynslóð einnig að éta börnin sín út á gaddinn með því að velta yfir á þau uppsöfnuðum vanda vegna vaxtamismunar tekinna og veittra lána húsnæðislánakerfisins og það í mesta góðæri Íslandssögunnar.

Að lokum, herra forseti. Mér finnst það mjög miður að milliþinganefndinni skyldi ekki takast að skila af sér heildstæðum tillögum um fjárhagsgrundvöll til frambúðar, um félagslega kerfið, um viðunandi lausn fyrir greiðsluvandahópinn svokallaða og margt fleira. Mér þykir það mjög miður að nefndinni skyldi ekki takast betur en raun varð á að gera það sem hið háa Alþingi fól henni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Það er vissulega fróðlegt að hlýða á mál manna á hv. Alþingi um húsnæðismál. Margt er vel mælt og ekki fer milli mála að allir vilja vel í þessum efnum, en ekki get ég varist því að oft finnst mér sem hv. ræðumenn hafi farið léttilega með tölur. Þeir sveiflast þetta fram og til baka með nokkra milljarða. Það er verið að sveiflast með peninga á milli sjóða og það er verið að sveiflast með háar tölur á milli ára. Þetta minnir mig nokkuð á það þegar ég var á mínum háskólaárum í námi hjá dr. Gylfa Þ. Gíslasyni. Það voru oft mjög skemmtilegar kennslustundir. Prófessorinn var hugmyndaríkur og sem betur fer oft upp í skýjunum sem gaf okkur stúdentunum góðar vonir um glæsta framtíð, en satt best að segja var það kannske ekki alltaf niðri á jörðinni sem fram fór í fræðunum. Það var ekki kennaranum að kenna heldur hvernig hlutirnir voru settir fram.

Þá er það líka athyglisvert hvað menn fara hér létt með vexti. Í einu orðinu er talað um að það þurfi að gæta vel hagsmuna lífeyrissjóðanna, þeir verði að fá hæstu ávöxtun sem hægt er, en svo kemur það í hinu

orðinu að það verði að nota peningana þeirra og lána þá helst með engum vöxtum þegar kemur að íbúðabyggingum eða öðrum þörfum framkvæmdum svo ekki sé talað um afslættina. Svo kemur hv. þm. Magnús H. Magnússon og segir að kynslóðin sem sé að skila af sér sé ræningjakynslóð sem skilji eftir slæman arf til þeirra sem eigi að borga niðurgreiddu vextina. Ég verð að segja að einhvern veginn gengur þetta ekki upp hjá mér. Ég hef vanist því eins og flestir hv. þm. að þeir sem vinna alvöruvinnu verði að skila niðurstöðu og niðurstaðan er beinharðar og kaldar staðreyndir. Sá sem ekki dregur fisk úr sjó gerir ekki lengur út. Sá sem ekki getur selt afurðirnar er óhæfur sölumaður.

Mér finnst þessi umræða því miður satt að segja einkennast of mikið af leik með orð. Það minnir mig á pólitískan skollaleik. Það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir, og ég hugsa að það geri það einnig hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni þar sem við höfum verið nokkuð virkir þátttakendur í því að móta þann þátt þessara mála sem hér hefur verið talsvert til umfjöllunar, sem eru lífeyrissjóðir, hvað hv. þm. virðist vera laust í hendi að það sé hægt að ganga inn í þessi verk manna, sem samið var um á frjálsum grundvelli í frjálsum félagslegum samtökum, með þeim hætti sem hér er fjallað um þessi mál og húsnæðismálin.

Í þessum umræðum hafa komið fram mörg mjög athyglisverð atriði sem snúa að húsnæðismálum og einnig lífeyrismálum þannig að hér væri hægt að flytja langt mál, en fyrir þann sem hefur ekki komið mjög undirbúinn, eins og margir aðrir hv. þm. eru sem hafa setið á hv. Alþingi í allan vetur, er ekki rétt að blanda sér inn í mörg atriði í þeirri umræðu en drepa á nokkur. (**GJG:** Þú færð að sitja hér að staðaldri á næstunni.) Ja, það efast ég ekki um. Ég efast ekki um að minn ágæti flokkur hljóti að fá mjög góða kosningu. Ég ætla ekki að fara út í þjóðmálaumræðu um hin ágætu verk flokksins á liðnu kjörtímabili, en ég efast ekki um góðan framgang Sjálfstfl. í næstu kosningum.

En hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kom inn á nokkur mikilsverð atriði sem mér finnst rétt að koma einnig inn á, bæði í upphafi þessarar ræðu og síðar.

Ég get tekið undir orð hv. þm. þegar hann mælti eitthvað á þá leið að þegar félagslegar aðstæður væru með þeim hætti að aðilar gætu ekki komið sér upp þaki yfir höfuðið væri nauðsynlegt að hið opinbera kæmi til skjalanna. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að fela þá framkvæmd á bak við illa skilgreint hugtak sem heitir kaupleiguíbúðir, en hér mun það samt hafa verið notað í umræðunni og í þeim áróðri sem rekinn er. Raunverulega er verið að tala um að það þurfi að koma upp félagslegum íbúðum sem fólk geti gengið að sem getur alls ekki fengið þak yfir höfuðið með öðrum hætti. Það að nota orðið kaupleiga yfir þessar félagslegu þarfir finnst mér eiginlega útúrdúr eða sýndarmennska eða rangleg notkun á orðinu „kaupleiga“. Ég held að það sé best að menn komi hreint til dyra og segi sem er: Það verður að bjarga því fólki um húsnæði sem hefur verulega og brýna félagslega þörf fyrir það. Ég segi fyrir mitt leyti að ég hef tekið þátt í því sem aðili bæði í stjórnmálaflokki, Sjálfstfl., og einnig innan verkalýðshreyfingarinnar að taka afstöðu með því að slíkar íbúðir skyldu vera fyrir hendi. Ég veit ekki betur en að það bæjarfélag eða sveitarfélag sem Sjálfstfl. hefur haft forustu í í áratugi, Reykjavíkurborg, hafi haft forustu í þeim efnum. Það fer ekki á milli mála og hefur ekki þurft mikil afskipti hv. Alþingis af þeim málum hvað Reykjavík áhrærir.

Mér finnst óþarfi að blanda Húsnæðisstofnun ríkisins inn í umræðu um lausn þessara mála með þeim hætti sem gert hefur verið hérna. Hér er um að ræða sjálfstæða ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda um þörf fyrir félagslegar íbúðir og það getur hv. Alþingi gert sem og þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli. En það sem mér fannst kannske einna athyglisverðast er að Alþfl. hefur reynt að helga sér þessi mál, húsnæðismálin, sem er misskilningur. Þó flokkurinn hafi látið margt gott af sér leiða í þeim efnum eins og aðrir flokkar hefur hann ekki haft þá forustu sem gefur tilefni til þeirra umræðna af hálfu hv. þm. Alþfl. sem hér hafa farið fram á hv. Alþingi. En það sem mér finnst merkilegt var í sambandi við ræðu formanns flokksins, hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem ég hef haldið að væri maður frelsisins en andstæðingur kerfisins. Mér finnst öll ræða hv. þm. hafa verið mjög kerfistengd, ef unnt er að orða það þannig. Mér fannst öll ræða hv. þm. vera mjög tengd þeim kerfum sem við þekkjum. Það er annars vegar húsnæðismálakerfið, sem ég mun víkja að hér á eftir, og hins vegar lífeyrissjóðakerfið. Þriðja atriðið eða það sem mér finnst skipta höfuðmáli kom aldrei inn í umræðuna. Það eru einstaklingarnir sjálfir, þjóðin sjálf. Hvernig kemur hún til skjalanna í lausn þessa vandamáls sem er íbúðamál hennar? Það var ekki minnst einu einasta orði á að menn gætu af eigin rammleik komið sér upp húsnæði á grundvelli eigin framlags fjármuna ásamt eðlilegri lánafyrirgreiðslu sem yrði síðan greidd af aflafé. Ekki var talað um það. Mér finnst það vera meginatriði að eigið framlag fólks geti verið sem mest.

Hins vegar sagði hv. þm. að Alþfl. hefði greitt atkvæði með núverandi kerfi sem flokkurinn deilir núna mjög hart á. Hann sagði að flokkurinn hefði gert það þrátt fyrir að það væri hans skoðun og Alþfl. að þetta kerfi gæti ekki staðist. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, enda kom það fram í Morgunblaðinu á sínum tíma þegar verið var að ganga frá því kerfi sem við erum núna að ræða um og deilt er mjög hart á af hálfu Alþýðuflokksmanna, ég lýsti því yfir opinberlega þá, að ég lít á núverandi kerfi í sambandi við húsnæðislán sem bráðabirgðakerfi, algert bráðabirgðakerfi sem gæti ekki staðist til frambúðar. Þar erum við hv. þm. Jón Hannibalsson sammála. Ég mun víkja að því síðar hvað ég get hugsað mér að ætti að koma í staðinn. Það fannst

mér vanta í ræðu hv. 5. þm. Reykv.

Ég vil einnig taka undir það atriði og undirstrika að það er rangt að fjalla um þátt lífeyrissjóðanna í lausn á húsnæðismálum með þeim hætti sem gert er því lífeyrissjóðir eru fyrst og fremst tryggingarkerfi, tryggingarsjóðir. Þeir voru aldrei hugsaðir sem lausn á vandamálum eða vandræðum í húsnæðismálum þjóðarinnar. En það var því miður ekki rétt og kannske ekki meiri háttar atriði þegar hv. þm. sagði að iðgjöld sjóðanna yrðu 6–7 milljarðar á þessu ári. Þar mun hann hafa átt við að ráðstöfunarfé sjóðanna, þ.e. iðgjöld og tekjur sjóðanna, vaxtatekjur og annað, væri 6–7 milljarðar. Hv. þm. sagði að af þessu ætti ekki að greiða út nema 2 milljarða og hann efaðist um að fjárhagslegur grundvöllur sjóðanna væri nægilega sterkur. Ég vil segja: Í fyrsta lagi verða menn að hafa í huga að sú ákvörðun hefur verið tekin, hvað sem líður skoðunum manna um annað, af hálfu þeirra sem hafa ráðið úrslitum um gang þessara mála á liðnum áratug að á Íslandi skuli vera svokallað söfnunarkerfi í sambandi við lífeyrissjóðsréttindi að hluta. Þetta kerfi á að standa undir þeim tryggingum sem það gefur sig út fyrir að vilja greiða samkvæmt samningum að starfsævi lokinni.

Hvað sem líður spám manna og tryggingastærðfræðinga um stöðu þessara sjóða vil ég fullyrða að líklegast eru engar fjármálastofnanir á Íslandi jafnsterkar og jafnvel framreiknaðar og lífeyrissjóðirnir. Ég efast um að nokkur fjármálastofnun og nokkurt það fyrirtæki sé til á Íslandi sem hægt er að reikna áratugi fram í tímann varðandi það að það geti staðið við sínar skuldbindingar. En það getur lífeyrissjóðakerfið í heild. Það getur staðið við sínar skuldbindingar. Nú er ég að tala um hið frjálsa kerfi. Einstaka sjóðir misjafnlega, en í það heila tekið langt fram í tímann miðað við aðra í íslensku þjóðfélagi. Við verðum að hafa það hugfast að allt er afstætt í þessu lífi og einnig hér á Íslandi og það er ekkert þess eðlis að hægt sé að reikna það marga áratugi fram í tímann. Það er rangt.

Ég get nefnt dæmi um stóra lífeyrissjóði sem eru svo sterkir hvað skuldbindingar áhrærir. En það er hægt að breyta öllum reikningslegum forsendum og reikna þá bæði í tap og gróða og einnig að við eðlilegt verðbólgustig geta þeir staðið við sínar skuldbindingar til ársins 2012. Svo eru aftur aðrir sjóðir sem voru stofnaðir af vanefnum og geta ekki staðið við sínar skuldbindingar. Sumir þeirra eru komnir í þrot.

Staðreyndin er sú að þeir sem hafa ráðið yfir þeim lífeyrissjóðum sem eitthvað mega sín hafa brugðist mjög hart og fljótt við því hvernig ætti að mæta verðbólguvandanum og hefði það verið betur að aðrir hefðu brugðist jafnfljótt við og stjórnendur margra lífeyrissjóða. Ég minni á það, og ég held að Alþýðuflokksmenn hljóti að taka undir það með mér, að það var mikið framfaraspor þegar lífeyrissjóðirnir tóku upp á því að verðtryggja sín útlán og voru fyrstir til hérlendis.

En þá er eitt annað atriði sem hafa ber í huga þegar verið er að ræða um lífeyrissjóði, ég kem inn á það atriði að gefnu tilefni. Lífeyrissjóðirnir eru eins og öll tryggingaform þess eðlis að það er hægt að breyta þeim. Það er ekkert óendanlegt eða óbreytanlegt í þeim. Í öllum reglugerðum lífeyrissjóða á Íslandi eru ákvæði sem segja eitthvað á þá leið að ef þeir geti ekki staðið við sínar skuldbindingar á grundvelli höfuðstóls hafi menn fullan rétt til að semja um hærri iðgjaldagreiðslur eða geta minnkað og takmarkað lífeyrisréttindi. Þetta er það ákvæði sem allir sem eru í lífeyrissjóði eiga að vita um og þekkja. Þetta er fyrirvari sem gerður er. Hérlendis hafa menn ekki þurft að beita þessu ákvæði enn þá þannig að flestir sjóðanna eru með 10% iðgjöld, en erlendis er ekki óalgengt að lífeyrissjóðir séu með iðgjöld allt að 20–25%. Ég ber því ekki kvíðboga fyrir því að lífeyrissjóðirnir standi ekki við sínar skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum fái þeir að starfa í friði.

Hv. 5. þm. Reykv. Jón Hannibalsson kom hér nokkuð inn á lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og ýjaði að því þó hann segði það ekki beinum orðum að formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson fjmrh., væri ekki fylgjandi því að lífeyriskerfi landsmanna væri með þeim hætti að viðunandi væri. Ég mótmæli því að menn séu að ýja að slíkum hlutum um afstöðu formanns Sjálfstfl. Það er yfirlýst stefna þess flokks að vilja efla lífeyrisréttindi landsmanna. Sjálfstfl. og margir af forustumönnum hans hafa haft forustu í þeim efnum bæði í sambandi við frjálsa lífeyrissjóði sem og í sambandi við almenna tryggingakerfið. Það sem hefur gerst í sambandi við þá hugmynd að stofnaður væri einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn frá því hún var sett fram árið 1976 er að kringumstæður hafa breyst vegna þess að menn notuðu ekki það tækifæri, þann möguleika sem var fyrir hendi árið 1976 til að koma á svokölluðu gegnumstreymiskerfi og var það m.a. vegna þess að það skorti vilja af hálfu þeirra manna sem hefðu getað ráðið framþróun þess máls öðrum fremur. Það er vegna þess að árið 1976 voru ekki liðin nema þrjú ár frá því að almennu lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir, þ.e. að þeir væru komnir í fulla framkvæmd. En eins og menn muna var það í samningum á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins sem samið var um það í maí árið 1969 að félög á samningssviði þessara aðila skyldu stofna lífeyrissjóði samkvæmt nánar tilteknum samningum þar um á grundvelli reglugerða sem menn kæmu sér saman um. Þessir lífeyrissjóðir hófu starfsemi sína 1. jan. 1970 með þeim hætti að fyrstu þrjú árin voru 10% greidd í áföngum þannig að 1. janúar 1973 voru 10% greiðslurnar komnar í fulla framkvæmd. Þetta þýddi að árið 1876 voru fáir gamlir sjóðir til staðar. Lífeyrissjóðakerfið í núverandi mynd var í mótun. Ef farið hefði verið að þeim hugmyndum sem fram voru settar árið 1976 um gegnumstreymissjóð var raunverulega ekki verið að ganga frá neinu mótuðu kerfi. **(Forseti:** Á því skal vakin athygli að á dagskrá er álit milliþinganefndar

um húsnæðismál.) Herra forseti. Ég skal víkja frá þessu fljótlega, en ég vildi ræða það að gefnu tilefni. Þar sem hv. 5. þm. Reykv. fékk ærinn tíma til þess fjalla um þetta mál og mjög frjálslega vildi ég fá að koma þessu að. Þetta er mjög veigamikið atriði í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Hefði þetta verið gert hefði það söfnunarkerfi sem upp úr þessu hófst árið 1976, þegar þessari hugmynd var hafnað, ekki orðið til með þeim hætti sem gefur tilefni til þeirrar umræðu sem hér er verið að ræða um húsnæðismálin í.

Það sem gerist síðan er að aðilar vinnumarkaðarins og forustumenn í öllum stjórnmálaflokkum láta þetta tækifæri sér úr greipum ganga á árunum 1976–1980 og fara allir inn á svokallað söfnunarkerfi. Það þýðir að í því tryggingarkerfi sem Íslendingar hljóta að búa við verður um tveggja þrepa kerfi að ræða. Það verður annars vegar um það að ræða að söfnunarkerfið mun halda áfram í frjálsum lífeyrissjóðum og hins vegar verður almannatryggingakerfið grunnkerfi.

Ég vona að hv. þm. Alþfl. hafi tíma og ástæðu til að hlusta á þetta. Þetta er veigamikið atriði þegar verið er að tala um peninga lífeyrissjóðanna sem ýmsir stjórnmálamenn þurfa að komast í í umræðunni.

Ég tek undir að það er ótækt að vera með almennt lífeyrissjóðakerfi sem samanstendur af 100 lífeyrissjóðum og er því sammála þeirri hugmynd, sem fram hefur komið, að þeim þarf að fækka niður í 10–20 talsins þannig að þessir lífeyrissjóðir ásamt almannatryggingakerfinu myndi það heilsteypta kerfi almennra trygginga á Íslandi sem formaður Sjálfstfl. og Sjálfstfl. berjast fyrir. Þetta tryggingakerfi mundi síðan framkalla samræmd tryggingaréttindi í samstarfi og samningum við viðkomandi aðila. Hlutverk löggjafans yrði við slíkar aðstæður í fyrsta lagi að setja rammalöggjöf og í öðru lagi að endurskoða lög um almannatryggingar í ljósi nýrra viðhorfa og breyttra aðstæðna á hverjum tíma.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því sem hér er til umræðu og menn tengja mjög fjármagni lífeyrissjóðanna, en það er fjármögnun húsnæðislánakerfis. Ég held að það væri ágætt að hv. varaformaður Alþfl. hlýddi á það ef hann er ekki upp yfir það hafinn að hlusta á aðra þm. ræða um þessi mál. Ég vænti þess að varaformaður Alþfl., Jóhanna Sigurðardóttir, gefi hljóð í salnum á meðan talað er um þessi mál svo menn þurfi ekki að vera að brýna röddina með ósæmilegum hætti og að ástæðulausu.

Ég vil fá að vekja athygli á því í sambandi við fjármögnun húsnæðislánakerfisins að þegar verið er að tala um það er um tvennt að ræða. Það er alltaf þannig í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, alla vega í dag, að fyrra atriðinu, sem ég kalla að sé meginmál í sambandi við húsnæðismál, hefur verið sleppt. Hér hafa menn ekkert rætt um hver er þáttur eigin framlags, hvert er eigið fé manna sem fara út í að eignast íbúð eða reyna að eignast íbúð. Við skulum sleppa því, en það hlýtur að vera grundvallaratriði hverjar eru ástæður og aðstæður fólks til þess að eignast íbúð.

Að sjálfsögðu er það misjafnlega mikið sem menn geta lagt með sér í upphafi þegar þeir fara út í að eignast íbúð þannig að menn staldra fljótlega við lánsfé vegna þess að það er stærsti hlutinn af því fjármagni sem fer í íbúðakaup eða húsnæðisbyggingu. Ég fyrir mitt leyti er á móti því að núverandi kerfi verði til frambúðar. Ég er þeirrar skoðunar að sá sem kaupir íbúð eigi að geta snúið sér annað en til opinbers kerfis. Það er eðlilegt og hlýtur að vera meira í takt við tímann og kröfur yngra fólks sem vill vera frjálst að menn geti snúið sér til banka og sparisjóða í sambandi við útvegun fjármagns. Síðan er það hlutverk banka og sparisjóða að útvega það fjármagn sem þarf til þess að menn geti farið í þessar stofnanir og fengið það fé sem þörf krefur í sambandi við íbúðareign. Þessir aðilar geta snúið sér til sparifjáreigenda á grundvelli þeirra viðskipta sem eiga sér stað á milli þessara stofnana annars vegar og sparifjáreigenda hins vegar. Þetta er hið frjálsa lögmál um hvernig menn fara með það sem afgangs er af aflafé. Menn leggja það yfirleitt í banka, þeir sem ekki þurfa á því að halda til íbúðarkaupa eða annarra nota.

Einnig geta bankar og sparisjóðir snúið sér til tryggingafélaga, þeir geta snúið sér til lífeyrissjóða og þeir geta snúið sér til almennra fjármálastofnana og myndað það fjármagn, þann höfuðstól sem þessar stofnanir gætu haft við hendina þegar einstaklingurinn eða hóparnir þurfa á þessu fjármagni að halda í sambandi við húsnæðismál. Í þessu felst að sjálfsögðu bæði valddreifing og ég vil halda því fram miklu eðlilegra mat á því hvernig menn geta staðið að þessum málum en með því miðstýrða kerfi sem við nú búum við. Bankar, sparisjóðir, fjármálafyrirtæki hafa yfir mun meira fjármagni að ráða en hið þrönga bráðabirgðakerfi sem við nú búum við. Þetta er viðurkennd staðreynd og hefur komið fram í ræðum margra í kvöld.

Í öðru lagi. Fólk getur leitað til mun fleiri aðila sem hafa mismunandi mat á aðstæðum og getu manna til að framkvæma það sem um er að ræða og þá skiptir engu mali hvar fólk býr á landinu. Það fær afgreiðslu sinna mála í gegnum hið víðtæka net banka og sparisjóða sem eru fyrir hendi. Höfuðkosturinn við þetta er að sjálfsögðu fólginn í því að þarna yrði um valddreifingu að ræða og að sjálfsögðu það byggðajafnvægi sem menn hafa lagt áherslu á að þyrfti að vera fyrir hendi.

Ég legg áherslu á að bankar og sparisjóðir semji beint við lífeyrissjóði sem og aðra aðila sem hafa yfir sparifé að ráða. Þá er ég ekki að tala um þessar félagslegu íbúðir sem menn leggja áherslu á og við gerum okkur grein fyrir að þarf að leysa með öðrum hætti gagnvart þeim sem geta alls ekki staðið í slíkum framkvæmdum sem hér um ræðir.

Mín niðurstaða er í stuttu máli þessi: Það þarf engar maraþonræður á hv. Alþingi um þessi mál. Það sem hv. alþm. þurfa að gera upp við sig er þetta:

Það á að lofa fólkinu að leysa þetta sjálft. Það á að glíma við þetta sjálft og fá að ráðstafa sínum peningum og fjármunum hvort sem þeir eru myndaðir í samningum í kringum stóra hópa eða af einhverjum fáum sjálfstæðum einstaklingum. En ég geri mér grein fyrir því, sem ég held að allir hv. alþm. geri einnig, að maður þarf að vera raunsær í stöðunni. Það er þetta raunsæi sem við stöndum frammi fyrir í dag og erum að ræða um í þessari umræðu.

Það er mín skoðun að þjóðin hafi árið 1983 staðið frammi fyrir gjaldþroti á því opinbera kerfi í húsnæðislánamálum sem við höfðum haft. Þegar óðaverðbólgan geisaði hérlendis og komst upp í 130% að mati þeirra sem reikna þetta út var þessu opinbera kerfi greitt rothögg. En það sem skeður í framhaldi af því er að stjórnmálamenn almennt vildu ekki viðurkenna að svo væri komið eins og raun bar vitni um. Það var búið að greiða þessu lánakerfi rothöggið og allir stjórnmálaflokkar reyndu að bjarga sér undan því áfalli sem þeir stóðu frammi fyrir. Þá var leitað til þeirra aðila sem höfðu myndað umtalsverðan sparnað, fjármagn, sem eru lífeyrissjóðirnir fyrst og fremst.

En það sem skiptir máli að gera sér grein fyrir er að það skortir pólitískan vilja hjá vinstri flokkunum og sterkum aðilum í verkalýðshreyfingunni til að leggja niður opinbera húsnæðislánakerfið og fara yfir í opið sveigjanlegt kerfi sem byggðist á frjálsum samningum og frjálsum fjármagnsflutningum á milli fjármálastofnana og þeirra banka og sparisjóða sem eiga sannarlega að hafa fyrirgreiðslu í þessum málum. Það er það form sem tíðkast í þeim vestrænu lýðræðisríkjum sem við lítum oft til. Við neyddumst til að lappa upp á gamla húsnæðislánakerfið sem allir stjórnmálaflokkar bera ábyrgð á og þá ekki hvað síst Alþfl.

Ég vil svo, herra forseti, víkja nokkrum orðum að því sem rætt var um fyrr í umræðunni í sambandi við leiguíbúðir og leigukjaraíbúðir eða kaupleiguíbúðir. Ég hef þegar lýst því sem minni skoðun að þegar hv. þm. eru að tala um kaupleiguíbúðir eru þeir raunverulega að tala um félagslegar íbúðir sem sveitarfélög og hið opinbera eiga að útvega þeim sem af óviðráðanlegum ástæðum getur ekki eignast þak yfir höfuðið. En það sem upp úr stendur er það hvað snýr að byggingu leiguíbúða. Ég segi það fyrir mitt leyti og mótmæli því sem hefur verið sagt hér í umræðunni að Sjálfstfl. hafi hafnað þeim hugmyndum að menn geti búið í leiguíbúðum. Ég kannast ekki við það í umræðum í mínum flokki að þar hafi menn talað gegn því að byggðar væru leiguíbúðir. Hins vegar getur vel verið að áherslur séu misjafnlega miklar í þeim efnum eftir því hver talar. En ég neita því að því hafi verið hafnað nema síður sé. En þá kemur upp sú spurning sem ég krefst svara við og aðrir að sjálfsögðu. Þegar verið er að tala um leiguíbúðir hljóta fjármagnseigendur, hvort sem það eru lífeyrissjóðir eða aðrir, að ætlast til þess að þeir fái eðlilega ávöxtun á fjármagninu. Ef það eru lífeyrissjóðir sem eiga að fjármagna byggingu leiguíbúða verðum við að leysa þá þversögn, sem hefur komið fram hér í umræðum, að lífeyrissjóðirnir verða að fá að lána sitt fé með sem bestri ávöxtun til að geta staðið við tryggingaskuldbindingar sem lengst fram í tímann. Ég hef því miður ekki séð útreikning um hvernig menn hugsa sér að það eigi að fjármagna leiguíbúðir með fé lífeyrissjóðanna þannig að ég geri mér grein fyrir því hver sé ávöxtunarprósentan í þeirri framkvæmd. Væri mjög gott ef það væri upplýst hér í umræðunum eða síðar hvernig þeir útreikningar eru.

En mér finnst að það megi ekki blanda saman leiguíbúðum annars vegar og félagslegum íbúðum hins vegar. Þetta með kaupleiguíbúðirnar heitir nú á enskri tungu „leasing“, kaupleiga. Kaupleiga hefur yfirleitt aldrei þótt mjög góður kostur því að yfirleitt eru kaupleigukjör mun dýrari en almenn vaxtakjör. En kaupleigukjörin eru þeim kostum búin að maður þarf ekki að eiga þá eign sem um er að ræða fyrr en á lokastigi. Ef maður t.d. kaupir vél er það raunverulega seljandi sem fellst á að það sé gert á kaupleigukjörum í gegnum fjármögnunarfyrirtæki. Síðan greiðist ákveðin upphæð á mánuði eða það er reiknuð út ákveðin prósenta og í lok tímabilsins, þegar búið er að greiða viðkomandi vél eða tæki upp, fær sá sem gerði kaupleigusamninginn að kaupa vélina eða tækið ef eitthvað er eftir af því eftir notkun. Ef talað er um kaupleigu í sambandi við húsnæði verður því að gera sér grein fyrir að ef kaupleigufyrirtækið á að ganga upp samkvæmt almennri merkingu þess orðs eru menn raunverulega að tala um að gefa viðkomandi kost á að kaupa íbúðina eftir 20–30 ár en ekki eftir 5–6 ár eins og þetta hugtak virðist hafa verið notað í umræðunum. Ef ég er að fara með einhverja vitleysu verður það vonandi leiðrétt. En ég held að það væri nauðsynlegt að menn skilgreindu betur hvað þeir eiga við með kaupleiguhugtakinu og legg til að í það verði fengnir fagmenn, bæði málfræðingar sem og menn sem hafa gott vit á þessum fræðum á fjármálasviði. Það eru til fjármálafræðingar sem kunna þetta og geta látið hv. þm. fá þetta mjög vel skilgreint og útreiknað langt fram í tímann.

En talandi um kaupleigu minnist ég þess að árið 1972 fór ég á vegum Alþýðusambands Íslands til Vestur-Þýskalands og kynnti mér sérstaklega húsnæðismál. Þjóðverjarnir voru ekkert að tala um kaupleigukjör á þeim nótum sem hér hefur verið rætt. Hins vegar voru þeir með öll þessi stig í sambandi við íbúðamál. Þeir framkvæmdu það í gegnum mikla fyrirtækjasamsteypu sem heitir Neue Heimat. Ég ætla ekki að rekja þá raunasögu hver eru að verða endalok Neue Heimat, en á sínum tíma var Neue Heimat stærsta fyrirtæki í Vestur-Þýskalandi og það var orðið svo stórt í sniðum að það var að verða alheimsfyrirtæki. Það stóð í framkvæmdum út um allan heim. Eigendur þessa fyrirtækis voru vestur-þýska verkalýðshreyfingin sem m.a. á þriðja stærsta bankann o.s.frv.

Það athyglisverða í sambandi við Neue Heimat, svo að ég rifji þetta dálítið upp, var að þeir buðu upp á öll þau kjör sem menn hafa verið að tala um hér. Þeir voru með svokallaðar félagslegar íbúðir svo að við byrjum neðst í þrepinu. Þeir voru með kaupleiguíbúðir. Þeir voru með möguleika á að menn gætu sjálfir eignast sínar íbúðir með sama hætti og við þekkjum og er grundvallarstefna Sjálfstfl., sjálfseignarstefnan. Síðan voru þeir með aðra möguleika í þessum efnum.

En það sem lýtur að félagslegu íbúðunum og það sem mér finnst Alþýðuflokksmenn rugla saman í sambandi við leiguíbúðir og kaupleiguíbúðir, það er afar ruglingslegt hvernig þeir setja þetta fram, er það að félagslegu íbúðirnar voru hreint og klárt íbúðir sem voru byggðar samkvæmt samningum og fyrir tilstyrk stjórnmálaafla í Vestur-Þýskalandi í samstarfi við Neue Heimat og verkalýðshreyfinguna. Þar var um að ræða hreina meðgjöf eða niðurgreiðslu á byggingarkostnaði eða vaxtakostnaði. **(Félmrh.:** Kjaramál.) Það voru hrein kjaramál, alveg rétt hæstv. félmrh. Mér finnst að menn verði að tala hér hreint út. Við skulum tala hreint út um það ef við viljum með einhverjum hætti á hv. Alþingi leysa þessi félagslegu vandamál með þeim hætti sem hér er talað um, koma með það út úr pokahorninu með hvaða hætti það skuli gert og þarf ekkert að snúa út úr fyrir mönnum í þeim efnum.

Hins vegar legg ég áherslu á að við skoðum gaumgæfilega hvort hægt sé að fara út í að gera verktökum, verkalýðsfélögum eða öðrum kleift að byggja leiguíbúðir á kaupleigukjörum og reikna það þá nákvæmlega út hver vaxtakrafan sé af hálfu þeirra sem eiga að fjármagna þetta. Þar kemur sérstaklega til greina sá aðili margumtalaði, lífeyrissjóðirnir.

Annars held ég að menn eigi ekki að vera að þreyta sig á að tala mikið um þetta á hv. Alþingi. Ég sný mér nú til hv. 7. þm. Reykv., Guðmundar J. Guðmundssonar, og segi við hann: Hvers vegna, Guðmundur, framkvæmdum við þetta ekki í gegnum verkalýðshreyfinguna þegar við stofnuðum lífeyrissjóðina? Af hverju erum við að eyða tíma hv. Alþingis og sóa fjármunum þjóðarinnar í þessa umræðu í kvöld. Þetta hefðu verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins getað leyst á sínum tíma hefðu þeir viljað. En það er liðin tíð. Aðrir eru farnir að reyna að setjast í það sæti að ætla að stjórna þessum málum sem verður ekki gert öðruvísi en í samráði við og með samningum við þá aðila sem eiga þetta fjármagn eins og hæstv. félmrh. sagði. Allt annað væri óráð, það er óskynsamlegt að tala of mikið um þetta án þess að gera samninga við þá sem eiga það fjármagn sem um er að ræða. Það verður ekki gert með tilskipun frá Alþingi, hvernig þeim fjármunum verður ráðstafað, hvort sem það er í sambandi við tryggingar, skuldbindingar lífeyrissjóðanna eða þátttöku þeirra í húsnæðismálakerfinu.

Ég vil segja hæstv. félmrh. það til hróss, en ég er í gegnum árin búinn að standa í mörgum samningum í sambandi við þessi mál sem fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar, að hann hefur farið mjög vel og kurteislega að þeirri samningsgerð sem lýtur að þeim málum sem hér hefur verið fjallað um og gert það með sæmd. Hins vegar breytir það ekki skoðun minni á því að ég lít á þetta sem bráðabirgðalausn og óæskilega bráðabirgðalausn sem ég fyrir mitt leyti mun stefna að að breyta í framtíðinni eigi ég þess kost með þeim áhrifum sem því fylgir þar sem þessi mál eru til umfjöllunar. Ég tel að það sé tímaskekkja að vera að burðast með svona stórt miðstýrt kerfi eins og húsnæðislánakerfið hefur þróast upp í á Íslandi. Ég tel að mörg þeirra vandamála sem menn hafa verið að fjalla um í kvöld stafi einmitt af því að jafnvel þeir sem vilja láta mest af sér leiða og best, eins og margir hv. þm. hafa greinilega vilja til og hafa sýnt í ræðum sínun, séu á villigötum um hvernig þeir ræða og fjalla um þessi mál og það sé ekki rétt að koma fram með tillögur sem fái ekki staðist og sérstaklega ekki þegar menn horfa vonaraugum til þeirra peninga sem er tryggingafé gamla fólksins og hinna öldruðu sem eru í lífeyrissjóðunum. Við skulum ekki tala um að byggja niðurgreitt húsnæðislánakerfi með því fjármagni heldur skulum við gera upp við okkur með skattlagningu eða öðrum hætti að útvega það fé sem þarf í félagslegar íbúðir fyrir þá sem hafa sannarlega þörf fyrir það.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp í tilefni af því að það er runninn nýr dagur. Ég veit ekki hvernig öðrum hv. þm. líður eða starfsfólki hér í húsinu, en ég veit að ég er a.m.k. orðin mjög þreytt, en ég vil ómögulega missa af þessari umræðu og þar sem ég hef grun um að það séu a.m.k. tveir ef ekki þrír þm. á mælendaskrá enn þá og ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. ráðh. eigi eftir að taka til máls, a.m.k. saknaði ég svara við spurningum bæði frá sjálfri mér og öðrum þm., og ekki er ótrúlegt að fleiri vilji tjá sig um þetta mál, auk þess sem mér skilst að meiningin hafi verið að taka aðra skýrslu um húsnæðismál á dagskrá, vil ég nú spyrja hver sé meiningin um áframhaldandi fund, hvað sé ætlunin að hann standi lengi og sömuleiðis, ef meiningin er að ljúka þessu dagskrármáli, hvað knýi svo mjög á um það að ljúka þessari umræðu núna og hvort það megi ekki fresta henni þar sem nú er orðið svo áliðið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er gert ráð fyrir að umræðan haldi áfram og þess vænst að henni verði lokið áður en fundinum er slitið. Hv. þm. segir að hann sé orðinn þreyttur. Það kann að vera að ýmsir séu þreyttir. Hv. þm. man ekki þá tíð þegar það var allalgengt að það væru kvöldfundir á Alþingi. En það hefur á síðustu tveim þingum verið afar sjaldgæft. Þetta er fyrsti kvöldfundurinn sem er í Sþ. á þessu þingi fyrir utan fjárlagaumræðu þannig að það verður að ætlast til

þess að hv. þm. geti staðist þá áreynslu sem fundarhald núna þýðir.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Þessi umræða er orðin æðilöng og ströng, en það ber m.a. til að það tala hér menn dálítið hver um annan þvert, sérstaklega þegar á að túlka þær upplýsingar sem fyrir liggja í þessu máli. Ég held að þær ásakanir sem komið hafa fram í garð ráðherra um að hann hafi ekki sinnt sinni upplýsingaskyldu eins og vera bar hafi í raun og veru í engu verið hraktar. Ég ætla mér að vitna beint til hans ummæla þar sem hann beindi einna harðast skeytum sínum að hv. 5. þm. Reykv. þar sem 5. þm. Reykv. lagði út af blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu í dag, að ég held. Þar greindi Stefán Ingólfsson frá því hvernig hann taldi að þær áfangaskýrslur, sem hann og fleiri unnu að, hefðu ekki nýst sem skyldi í undirbúningsvinnunni að húsnæðislagafrv. Ég tel ekki að hæstv. ráðh. hafi með sínum gífuryrðum í garð 5. þm. Reykv. í raun hrakið þann málflutning nokkuð.

Fyrst er þar til að taka að það eitt er ekki nóg þó haldnir séu blaðamannafundir um skýrslur, hvaða efni sem þær kunna að innihalda. Skýrslur eru eins og allir vita samansafn ákveðins fróðleiks og upplýsinga og þarf að lesa í þær skýrslur til að vinna úr þeim það efni sem nota þarf hverju sinni. Sumar þessara skýrslna, eins og t.d. fimmta áfangaskýrslan um fjármögnun fasteigna, eru mjög tyrfið efni og ekki nema á valdi mjög sérfróðra manna að túlka innihaldið eftir því hvaða verkefni var verið að fjalla um hverju sinni. Þá á ég við að túlka t.d. innihaldið í ljósi frumvarpsdraganna sem lágu fyrir við gerð húsnæðislaganna nýju. Þó að haldnir hafi verið blaðamannafundir um þessar skýrslur þegar þær voru gerðar til að kynna að sú vinna væri í gangi voru þessar skýrslur aldrei gefnar út. Þeim var að vísu dreift til blaðamanna, en þær voru ekki gefnar út opinberlega. Þeim var líka dreift til milliþinganefndarinnar. Hún fór fram á það. Ráðherra aflaði henni allra þeirra gagna sem fyrir lágu um húsnæðismál og þessar skýrslur fylgdu þar með eins og margt annað. En það þýðir ekki það sama og að nefndin hafi getað gert sér þann mat úr þessum skýrslum sem skyldi því að í henni sátu ekki sérfróðir menn í húsnæðismálum eða um fasteignamarkað nema þá að mjög litlu leyti. Upplýsingaskylda opinberra yfirvalda er ekki eingöngu skylda um að opinbera eða dreifa því upplýsingaefni sem hún lætur vinna. Upplýsingaskyldan felst fyrst og fremst í því að skilgreina þýðingu þeirra staðreynda sem fram koma í slíkum skýrslum. Það er það sem verið er að gagnrýna, hæstv. ráðh., þegar fullyrt er að frv. sem við erum að fjalla um öðrum þræði meðfram skýrslu milliþinganefndarinnar hafi verið byggt á fölskum forsendum að því leyti að menn tóku ekki t.d. áfangaskýrslurnar og unnu úr þeim þær upplýsingar sem leitt hefðu til þess að menn hefðu getað séð fyrir fram í hvað stefndi. Þegar menn eru að gagnrýna þetta og gagnrýna þá m.a. þá fjárvöntun sem virðist við blasa í lánamálum Húsnæðisstofnunar eru menn að gagnrýna að þessa hluti hefðu menn getað séð fyrir og hefðu þá hugsanlega sparað sér að einhverju leyti stóru orðin þegar frv. var afgreitt.

Ég tel heldur ekki, þó að opinber starfsmaður sé fenginn til þess að kenna á einhverju námskeiði á vegum félmrn. fyrir blaðamenn, að í því hafi falist það að sinna upplýsingaskyldu hvað þessu máli viðvíkur því að ráðherrann veit eins vel og ég veit núna, eftir að hafa kynnt mér það, að þetta efni, sem hér var nefnt og er nefnt í blaðagreininni, var þar ekki námsefni nema í framhjáhlaupi.

Það má nefna það líka m.a. í þessu samhengi að áfangaskýrslurnar og innihald þeirra bentu til að áhrif frv. yrðu m.a. þau að breyta mjög lánastefnu sjóðsins að því leyti að hingað til hefur lánsfé sjóðsins aðallega beinst til nýbygginga, en í dag beinist það að miklum meiri hluta til inn á fasteignamarkaðinn sjálfan, þ.e. til kaupa á notuðu húsnæði. Það er staðreynd að þeir menn sem um málefni lánasjóðsins fjalla hafa miklu minni þekkingu á þeim viðskiptum en þeir höfðu á nýbyggingum. Því gerir hver maður sér grein fyrir að það þarf allt aðra þekkingu og allt öðruvísi sérfræðinga til að fjalla um málefni fasteignaviðskipta en þarf til að fjalla um málefni nýbygginga.

Í sem allra stystu máli má taka þetta saman í það að í þeim skýrslum sem hér eru til umræðu var einfaldlega falin vitneskja sem ekki verður séð nema við lestur sérfróðra manna og ráðuneytið eða ráðherrann brugðust skyldu sinni í að leiða þessar staðreyndir fram í dagsljósið þegar verið var að fjalla um frv. á þingi. Til að mynda veit ég að sá maður sem þessa grein skrifaði, sem hér var til umræðu, Stefán Ingólfsson, var ekki kallaður til viðræðna við nefndir þingsins fyrr en að tilhlutan hv. 2. landsk. þm. þegar málið var hér í nefnd.

Ég held að menn þurfi ekki að deila um að það hafa komið miklu fleiri gallar fram á þessum nýju lögum en þeir sem ráðherrann ætlar að leiðrétta í frv. sem lagt hefur verið fyrir þingið og er 318. mál Nd. Þeir smávægilegu tæknilegu ágallar sem því frv. er ætlað að leiðrétta skipta ekki sköpum um framtíð lánasjóðsins eða framtíð lánamála húsnæðis hér á landi. Aftur á móti er greinilegt af ræðu ráðherra að hann mun ekki á neinn hátt sjá sig knúinn til að skoða lögin með tilliti til að sníða af þeim þá alvarlegu vankanta sem þegar eru komnir í ljós öðruvísi en til komi krafa verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Hann leggur svo mikla ofuráherslu á að þetta frv. og þessi lög séu samin af aðilum vinnumarkaðarins og eingöngu nánast flutt á þingi af ríkisstjórn og ráðherrum að það er bersýnilegt að hann mun ekki láta sér segjast fyrr en aðilar vinnumarkaðarins og þá sérstaklega verkalýðshreyfingin krefjast þess að leiðréttir verði þeir stóru gallar sem þegar hefur verið bent á.

Það er vissulega gífurlega stór galli á þessum lögum þegar ljóst verður að þeir sem standa undir

lánasjóðnum eiga ekki jafnan rétt til lána á við aðila sem jafnvel alls ekki eiga neina aðild að þessum lánasjóði, ekki nema að mjög litlu leyti, alla vega að hverfanda hluta til miðað við hinar stóru hreyfingar t.d. Verkamannasambandsins og Iðjufólks. Það hlýtur að verða einhvern tíma í mjög náinni framtíð athugað mjög gaumgæfilega hjá verkalýðshreyfingunni hvort ekki verði að fara fram á breytingar á þessum hlutum.

Auðvitað er líka réttlætismál fyrir landsbyggðarfólk að það geti raunverulega gengið til jafns að lánum í þessum sjóði við aðra landsmenn. Auðvitað er engin hæfa að horfa upp á það að helmingur af lífeyrissjóðsgreiðendum úti á landsbyggðinni fer nánast varhluta af útlánum sjóðsins miðað við útlánafjöldann. Það er greinilegt að um helmingur lífeyrissjóðsgreiðenda úti á landi stendur beint undir um 25% af nýjum útlánum í Reykjavík. Þau nýtast þeim ekki. (**GJG:** Þetta er alrangt hjá þm.) Það er alls ekki alrangt. (**GJG:** Það er rangt.) Nei, langt frá því. (**GJG:** Þetta er ósæmilegt.) Það er alls ekki ósæmilegt. Ósæmilegt er þegar menn ekki ná til jafns rétti sínum hjá stofnun eins og húsnæðislánasjóði. (**GJG:** Hver er mismunurinn?) Hver er mismunurinn? Ég er að tala um að þau lög sem við erum að fjalla um hérna hafa haft þau áhrif t.d. á fasteignamarkaðinn að fasteignir fólks úti á landi eru nánast óseljanlegar og þar með eiga menn ekki í raun og veru innkomu í sjóðinn þegar þeir ekki geta notað rétt sinn til að kaupa eða selja. (**GJG:** Þetta er bara rugl.) Það er ekki rugl. (**GJG:** Algert rugl.) Hafið þið ekki fylgst með skýrslum sem komið hafa fram um það hvað hefur verið byggt og selt úti á landsbyggðinni undanfarið? Það má kannske skilja það hjá hv. 7. þm. Reykv. að hann viti það ekki. Hann er Reykvíkingur. En það er algerlega óskiljanlegt þegar hv. 2. þm. Norðurl. e. er sér gersamlega *ómeðvitandi um hve litlar hreyfingar hafa verið* bæði á fasteignamarkaði og í nýbyggingum úti á landi, sér það ekki í neinu samhengi við þessa nýju löggjöf sem núna liggur fyrir. Auðvitað er þar samhengi á milli sem menn geta ekki afneitað. Náttúrlega bera þessir menn svo mikla ábyrgð á þessu samhengi, á þessum afleiðingum að þeir vilja ekki kannast við það. (**HBl:** Það er allt rugl.) Það er afskaplega einfalt, hv. 2. þm. Norðurl. e. að kalla allt það sem menn segja rugl. En ég gæti ef ég vildi og sérstaklega ef ég hefði gleraugun mín með mér náð í þá ræðu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hélt við upphaf þessarar umræðu. Ég er ekkert í vafa um að það mundu margir menn gefa henni sömu einkunn og hann er að gefa mínu máli hér. En ég ætla ekki að fara í orðaskak við hann á þeim grundvelli eða á því plani. (**GJG:** Ég segi sjaldan rugl, en þetta er algert rugl.) Ég held að hv. 7. þm. Reykv. hafi alveg aðstöðu til þess og möguleika að koma í ræðustól og hrekja það að sú löggjöf sem við erum að tala um hérna hafi gersamlega fryst byggingar- og fasteignaviðskiptaástand úti á landi og að þeir fjármunir sem þar ættu að vera á ferðinni í þeim viðskiptum eru á ferðinni hér í Reykjavík og koma því fólki þar ekki á nokkurn hátt til góða. Því miður var þessu ástandi spáð þegar þetta frv. var hér til umræðu, að slíkt mundi gerast, og þá kölluðu menn það líka rugl.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka undir orð hv. 2. landsk. þm. Ég tel það mjög mikinn ábyrgðarhlut ef það er satt og ef það er rétt að innan Húsnæðisstofnunar, í stjórn Húsnæðisstofnunar sé á ferðinni einhver skýrsla um ástand húsnæðismála sem við megum ekki líta augum og sem þeim fulltrúum, sem kjörnir eru á löggjafarþingi af okkur, þeim fulltrúum sem við berum ábyrgð á, er gert að halda sem trúnaðarmáli og mega ekki sýna eða láta þm. í té, þeim mönnum sem bera ábyrgð á setu þeirra í þessari stjórn. Ég skora á hæstv. ráðh. að lyfta leyndinni af þessu plaggi. Ég trúi því ekki að þær staðreyndir sem þar eru á ferðinni séu svo ljótar að það sé ekki hægt að birta þær okkur og almenningi og létta þar með líka af því mjög svo óeðlilega ástandi að það fólk sem kosið er af okkur og við berum ábyrgð á þurfi að halda hlutum leyndum fyrir okkur sem við eigum alveg jafnmikinn rétt á og allir aðrir landsmenn að fá að sjá og heyra.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Tarna var skrýtin þula. Ég hef nú alltaf litið á hv. þm. Stefán Benediktsson sem nokkuð greindan og greinargóðan mann. Ég fer að draga þá skoðun mína mjög í efa. Það er upplýst að eftir að þetta kerfi tók við eru tæplega 40% fyrir utan Reykjavík og Reykjanes, þ.e. umsóknum um húsnæðismálalán utan af landsbyggðinni hefur fjölgað. Áður keyptu hin ýmsu verkalýðsfélög vítt og breitt um landið og miklu minni hluti en tæp 40% fór til bygginga þar.

Það má ekki slá um sig hér með sérfræði og fara með alrangar tölur. Það er allt annað þjóðfélagsmein sem þjakar okkur í sambandi við landsbyggðina. Það er þessi flótti til Reykjavíkur sem er þjóðhagslega óhagkvæmur og Reykjavík líka fjandsamlegur vegna þess að það bætir ekki aðstöðu Reykvíkinga að þessi gróskufullu sjávarpláss, sem framleiða ótrúlega mikinn gjaldeyri á hvern mann, missi fólk vegna þess að það flýji til Reykjavíkur. Þetta gerir einhæft atvinnulíf, þetta gera skólar, sennilega nokkuð einhæft félagslíf o.s.frv. En það sem hefur skeð er að umsóknum utan Reykjavíkur og Reykjaness hefur fjölgað við tilkomu nýja kerfisins. Áður var þessi tala miklu lægri. Menn verða aðeins að reyna að halda sig við einföldustu staðreyndir þó arkitektar séu.

Jóhanna Sigurðardóttir, hv. 2. landsk. þm., upplýsti að það væru ýmsir forustumenn verkalýðsfélaga sem væru inni á kaupleiguíbúðum eða öðru félagslegu kerfi. Það er rétt. Hún tilgreindi hv. 2. þm. Norðurl. e., hún tilgreindi hæstv. félmrh. sem hefði greitt atkvæði á móti kaupleiguíbúðum hér í fyrra. Hún hefur þá getað tilgreint mig líka. Það sem var hér til afgreiðslu í fyrra voru lög sem voru í samræmi við þá samninga sem gerðir voru og samkomulag var

um við ríkisstjórnina að hún flytti á þeim grundvelli. Ég var aðili að þessum samningum. Ég hefði tekið það óstinnt upp ef einstakir ráðherrar hefðu flutt brtt. eða stutt brtt. sem ekki voru í samkomulaginu og við vorum kannske andstæðir. Nákvæmlega eins tók ég það að ég væri bundinn af þessu samkomulagi og þess vegna greiddi ég atkvæði á móti því og gerði grein fyrir atkvæði mínu, en lýsti því jafnframt yfir að ég væri vel reiðubúinn síðar til að ræða þessi mál. Og málin gengu svona fyrir sig. Hitt skal ég alveg fallast á hjá þm. að athuga minn gang í stjórn Alþýðusambandsins með breytingar á afstöðu til félagslegra íbúða og tek þeirri ábendingu ekki illa.

Ég vil hins vegar benda á að tekjur lífeyrissjóða koma til með að aukast. Það hefur einungis verið lífeyrissjóður af dagvinnu. Á næstu þremur árum verður þetta af allri vinnu í þremur áföngum. Kaup fyrir yfirvinnu verkamanna í Reykjavík er 35–40% af þeirra heildartekjum og meira víða annars staðar. Að því leyti aukast þessar tekjur og lífeyrissjóðir ættu að vera tilbúnir eða færir um að grípa þarna inn í.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði mig hvort ég gæti sætt mig við að mönnum væri neitað um lán sem greiddu í lífeyrissjóði vegna lágra launa á sama tíma og þeir sem ættu stórar eignir og seldu þær fengju 1260 þús. kr. húsnæðislán. Ég spurðist fyrir um þetta ásamt nokkrum félögum mínum úr Alþýðusambandinu og viðstaddir voru allir æðstu menn Húsnæðisstofnunar, hvort það væri tilfellið að þetta dæmi sem hv. 2. landsk. þm. tók — ja, ég man ekki töluna, 90 þús. kr. mánaðartekjur held ég og hefði verið neitað um lán og hvernig á því gæti staðið. Þeir fortöldu mér að það gæti aðeins skeð á þann hátt að viðkomandi skuldaði t.d. 2–4 millj. En aftur á móti spurði ég: En fjölskylda sem hefur 30 þús. kr. á mánuði? Er henni neitað um lán? Þeir sögðu mér að það væri ekki.

Nú skal ég ekki um þetta fullyrða. Ég þykist hafa nokkur tengsl. Ég hef ekki orðið var við þetta. Ég vil ekki fortaka að það sé, en ef það er þarf að gera ráðstafanir til að tryggja að fólk á lágum launum sé ekki útilokað þarna frá. Ég hef ekki aðra fyrir mér í því en eina þrjá eða fjóra af æðstu starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sem aftaka að þetta geti átt sér stað nema þá að um einhverjar sérstakar aðstæður sé að ræða, mikla skuldasúpu eða annað þess háttar, þannig að ekki séu nokkrir möguleikar.

Hins vegar er með þessa menn sem eiga stóru eignirnar og selja. Hvernig hefur þetta verið? Þetta hefur verið þannig að þessir menn hafa getað gengið í lífeyrissjóðina og hafa sín veð í lagi og fengið lífeyrissjóðslán og vitanlega held ég að það eigi að ganga í — og held ekkert — að stoppa þetta. Ég hef ekki trú á að þetta sé í stórum stíl, en ef það er á alveg skilyrðislaust að stöðva það. Hins vegar getur gegnt nokkru öðru máli um t.d. fjölskyldu sem er að kaupa íbúð í annað sinn. Hún hefur keypt íbúð, litla tveggja herbergja íbúð, og fjölskyldan er orðin fimm manna. Mér finnst þarna gegna nokkru öðru máli þar sem íbúðin er of lítil og þó að það sé fengið viðbótarlán þar og er af andstæðum orsökum vil ég gera þarna greinarmun á. En því er haldið ákaflega mikið hér á loft að launalágu fólki sé neitað. Mér þykir ákaflega ótrúlegt að ég hefði ekki orðið var við þetta, ég skal ekki fortaka það, ef þetta væri í verulegum mæli.

Hins vegar hef ég orðið var við að ráðgjafarstofnunin hjá húsnæðismálastjórn hefur hjálpað mörgum og ég hef líka orðið var við að það eru nokkrir sem hefðu þurft að fá betri hjálp eða voru fullseinir með þetta. 100 millj. sem félmrh. var að tala um koma sér ábyggilega vel.

En það er ekki nokkur minnsti ágreiningur á milli mín og hv. 5. þm. Reykv. og 2. landsk. þm. um að vitanlega á að stoppa það að menn sem eiga 300 fermetra einbýlishús og jafnvel þó minna sé til þess að kaupa minni íbúð fái lán í Húsnæðisstofnun. Ég held að það ætti að ganga í að breyta því og ætti að vera einfalt mál, enda kom það hér fram.

Menn hafa verið langorðir og ég skal ekki lengja mál mitt. Ég held þó að ég vilji á engan hátt gera lítið úr þeim fjölda sem bíður eftir lánum sé þetta þó að verulegum hluta ekki eins og oft hefur verið ef menn hafa verið að byggja og þeir stöðvast vegna þess að það stendur á húsnæðismálastjórn að lána og lánin bregðast. Ég held að verulegur hluti af þessu fólki sé fólk sem ætlar í byggingar, fólk sem ætlar sér að kaupa eldri íbúðir. Þetta sé ekki að öllu leyti sambærilegt. Sannleikurinn er sá að það getur enginn slegið því algjörlega föstu hvað mikil afföll verða af þessari tölu. Ég held að þau verði töluverð og byggi það m.a. á því að 20–25% af þeim sem eiga að fá lán 1. mars og áttu að vera búnir að skila þar til gerðum plöggum hafa því engu sinnt. Ég vil ekki fullyrða neitt þarna, en ég held að hluti af þessu sé vantrú manna á kerfinu, að það sé vissara að skrifa sig strax, koma sér strax á biðlistann til að eiga réttinn. Ég held að það sé að hluta til orsökin.

Um félagslegu íbúðirnar, hvað sem þær eru kallaðar, og ég get vel fallist á kaup- og lánsíbúðirnar sem hér er verið að minnast á, var ég að tala. Ég held að það hafi verið þungamiðjan í mínu máli að þar yrði að koma meira til móts við fólk. Mér var sagt í morgun að það væru um 1150–1200 millj. sem áætlað væri að verja til þessara félagslegu íbúða, það er sennilega mest af því verkamannabústaðir, á árinu 1987. Þetta er greinilega of lítið og þarf að bæta úr og þarf að auka þetta. Ég hef heyrt ávæning af því að það hafi verið rætt í ríkisstjórn og auka þetta jafnvel um allt að 500 millj. Hvað til er í því vil ég ekkert fullyrða nema ég segi að þetta sé of lítið. Ég held að þessum félagslegu lausnum sé algjörlega vonlaust að komast hjá.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Sjálfsagt eru ýmsir gallar á lögunum og sjálfsagt eiga þau eftir að taka ýmsum breytingum, en stærsti gallinn var sá að það var horfið frá þeirri gömlu stefnu að þriðjungur íbúða væri á félagslegum grundvelli. Ég held að þar þurfi að taka á og ég stend á því sem minni skoðun og ræð því ekkert einn, en mundi beita áhrifum

mínum til þess, ef þau einhver eru, að lífeyrissjóðir verðu fé í það. Vissulega er það í samræmi við hugsjónir og markmið verkalýðshreyfingarinnar að tryggja að svo sé.

Ég skal svo ekki fara út í ítarlegan fyrirlestur um lífeyrissjóðsmál eins og hér hefur verið gert, aðeins leiðrétta eitt atriði sem út af fyrir sig skiptir nú ekki miklu máli. Það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., þegar hann var að segja hvernig farið væri með ungt fólk sem var að ýmsu leyti rétt, að það hefði lægri laun en þeir sem eldri væru. Það er eftir því við hvaða aldurshóp er miðað. Af mínum athugunum og hef ég kannað þetta nokkuð eru menn yfirleitt með langhæstu tekjurnar á bilinu 25–45 ára. Hitt er rétt að þeir sem hefja ungir búskap, um tvítugt og svo, eru yfirleitt með mun lægri laun. En 24–46 ára, svo við höfum þetta ríflegra, eru áberandi hæstu tekjuflokkarnir.

Hitt er svo aftur annað mál, og skal ég svo ljúka máli mínu, að það er athyglisvert að þeir sem peninga eiga byggja ekki leiguíbúðir. Þeir verja fé ekki í það. Eins hitt að byggingarkostnaður hér á landi er ákaflega hár. Það er dálítið furðulegt að t.d. fyrir stríð, þegar allt var unnið á höndum, var byrjað á húsi í apríl og það var flutt inn í það í október. Eftir að þetta er allt orðið vélvætt, steypudælur, steypustöðvar og hvers konar vélar, virðist íbúðaverð hafa hækkað að sama skapi og byggingartími lengst jafnvel þó fé sé fyrir hendi. Það er nær óþekkt mál orðið að byggingartími sé 5–6 mánuðir. Það þykir mjög gott að koma upp húsi á einu ári jafnvel þótt peningar séu fyrir hendi. Mér virðist tæknin á engan hátt hafa komið til húsbyggjenda. Mér virðast þarna vera tæknimilliliðir sem hafi hirt ágóðann af tækninni. Ég verð að segja að mér virðist byggingarkostnaður óeðlilega hár og hæstur er hann í Reykjavík þar sem tæknin er mest.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. segir á stundum að ég eigi erfitt með að skilja hvað hann segir. Það fór nú fyrir mér svo í þetta skipti að ég tók ekki eftir því að hann véki nokkuð að því hvort hann vildi svara því tilboði mínu að við mundum í sameiningu athuga um þá lánsumsókn sem hann talaði mest um hér í sinni síðustu ræðu. Þá talaði hann um að fjögurra manna fjölskylda með 90 þús. kr. mánaðartekjur hefði ekki fengið lánsloforð eða fyrirgreiðslu í Húsnæðisstofnun til að kaupa 60 fermetra íbúð. Ég bauð þessum hv. þm. í ræðu minni fyrir helgi að ganga í það með henni að athuga þetta mál sérstaklega ef við fengjum heimild hjá viðkomandi til að athuga hans lánsumsókn. Auðvitað er ekki hægt að segja neitt til um efni hennar nema maður fái að sjá hana því það er trúnaðarmál og yrði trúnaðarbrot af Húsnæðisstofnun ef hún mundi sýna mér þær persónulegu upplýsingar sem fram koma í þeirri umsókn. En ef hv. þm. veit um hvaða einstakling þar er að ræða er ég reiðubúinn að ganga í það með honum að reyna að glöggva mig á því hvernig á þessu kunni að standa og þykist vita að ef málavextir eru jafneinfaldir og hér var skýrt muni leiðrétting fást, en það væri vissulega fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Ég verð að biðjast afsökunar á því, herra forseti, að vitaskuld var ekki þinglegt að segja úti í þingsalnum rugl áðan undir ræðu sem hér var flutt, en ástæðan er sú að hv. þm. hélt því fram að svo hefði brugðið við eftir að nýja húsnæðislánakerfið tók gildi að það hefði fækkað umsóknum utan af landi. Nú hef ég í höndum yfirlit um þetta sem hæstv. félmrh. rakti í sinni upphafsræðu. Þar kemur fram, ef maður tekur nýbyggingar og eldri íbúðir í heild, og hér er um að ræða umsóknir sem inn komu frá 1. sept. til 31. des., að af þeim 1486 íbúðum sem höfðu veðstað, þessu er þannig skipt, voru 846 íbúðir eða 56,93% á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík og Reykjanesi, en á þessu landsvæði búa 59,88% íbúanna þannig að þarna er nokkur munur á. 59,88% íbúanna búa á þessu svæði, en þær umsóknir sem gerðu ráð fyrir veðstað, sem tilgreindu veðstað voru einungis 56,93%.

Varðandi Norðurland eystra, sem hv. þm. ræddi sérstaklega, háttar svo til um 12,7% allra umsókna, sem höfðu veðstað, að þær eru úr Norðurlandsumdæmi eystra en íbúarnir einungis 10,72% af heildarfjölda landsmanna þannig að það er greinilegt að þessi lög hafa haft það í för með sér að nokkur kippur hefur komið í fasteignamarkaðinn í Norðurlandi eystra. Það er að vísu rétt að enn liggur hlutur Norðurlands eystra eftir varðandi nýbyggingar. Það eru einungis 6,5% umsókna úr því kjördæmi þar sem sótt er um nýbyggingu, en þó 6,7% sem hafa veðstað. Þetta er þó hærri tala en maður hefði getað vænst miðað við fyrra ástand og ber það með sér að nokkur breyting er í rétta átt. Við skulum vona að framhald verði á því, en þær upplýsingar sem fyrir liggja gefa tilefni til að ætla að þessi breyting hafi valdið því að menn taki frekar við sér úti á landsbyggðinni en ella ef við getum m.ö.o. markað þær umsóknir fjóra síðustu mánuði s.l. árs þar sem veðstaður var tilgreindur. Hitt er auðvitað miklu flóknara mál að fara að giska á hve mikið af hinum umsóknunum séu alvöruumsóknir. Það treysti ég mér ekki til að dæma. Það kemur í ljós síðar, en eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir virðist þetta blasa við.

Ég þarf að leiðrétta nokkur orð sem komu frá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni sem ég kann nú ekki að ávarpa með þinglegum hætti, 5. landsk. þm. Hann sagði áðan að ég hefði verið á móti því í þeirri húsnæðisnefnd sem við störfuðum saman í að greiðsluerfiðleikalán héldu áfram. Þetta er ekki rétt. Ég man ekki betur en við hefðum gert um það samþykkt í nefndinni að taka það inn í okkar álit, en þegar ég fletti því áðan sá ég að það hefur fallið brott. Hins vegar sá ég í sérbókun þessa hv. þm. að hann hafði tekið setningu um það inn í sérálitið, en hann fór aldrei fram á að sú setning yrði sett inn í það heildarnefndaráliti sem kom. Það væri að gera

öllum öðrum nefndarmönnum, bæði Kvennalista, Alþýðubandalags, framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, rangt til að segja að þeir hafi verið þessu andsnúnir þó að það sé að sjálfsögðu bagalegt að slík mistök hafi átt sér stað. Ég verð að harma það, hæstv. ráðh., að svo skyldi hafa til tekist en við allir, nefndarmenn, hljótum að bera á því nokkra ábyrgð. Þessu til rökstuðnings skal ég benda á að í nál. er einmitt tilgreint í sérstakri töflu að þessar beiðnir um greiðsluerfiðleikalán vegna íbúðarkaupa hafa verið að koma inn að mig minnir alveg fram á þetta ár sem sannfærði okkur um það að þörf væri á slíkri fyrirgreiðslu á meðan gamla húsnæðislánakerfið væri í gildi. Ég held að við þurfum ekki að deila um þetta.

Ég verð að segja nokkur orð varðandi leiguíbúðir. Það má auðvitað leggja mér það til lasts að ég skyldi ekki fara mjög rækilega ofan í einstaka þætti allra húsnæðismálanna í minni ræðu fyrr við þessa umræðu og hefði ég kannske átt að gefa mér sæmilegan tíma í það skiptið. Ég vil minna á að á 106. löggjafarþingi 1983 var lagt fram frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem samdi þetta frv. Þar var tekinn inn nýr liður við 33. gr. *húsnæðislaganna svohljóðandi, með leyfi* hæstv. forseta:

„Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Þessi grein var tekin inn við þetta frv. og ég var einn þeirra nefndarmanna sem sömdu frv. Áður hafði það verið svo að einungis sveitarfélög höfðu heimild til þess að fá fé úr Byggingarsjóði verkamanna. Ég held ég fari rétt með þetta. Er þetta ekki rétt munað? Þetta er 33. gr., það er hægt að fletta þessu upp. Í athugasemdum við 33. gr. segir: „Samkvæmt gildandi lögum lánar Byggingarsjóður verkamanna sveitarfélögum til bygginga leiguíbúða. Hér verður einnig gert ráð fyrir að lánað verði til félagasamtaka o.s.frv."

Það er því alveg ljóst að þessi grein kemur þarna inn og hefur ekki verið inni þegar þessi hv. þm. fór með húsnæðismálin. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þetta komi fram. Ég vil líka taka undir, og *ég hef margsinnis gert það hér á hinu háa Alþingi*, þörf á leiguíbúðum fyrir skólafólk. Ég hygg að það hafi meira að segja verið frá mér komið að námsmenn voru teknir inn í þessa 33. gr. Ég held að það sé ljótur ljóður á ráði okkar hversu illa við búum að námsmönnum, ekki síst þeim sem koma utan af landi og sækja nám hér við Háskólann, við Stýrimannaskólann, við Iðnskólann, við Tækniskólann, hversu illa er að þeim búið hér á höfuðborgarsvæðinu, og ég hef verið mjög harður einmitt á því að þessi heimild húsnæðislaganna yrði notuð fyrir námsfólk, fyrir aldraða og öryrkja. Ég hef lagt á þetta ríka áherslu að til þess hafi verið ætlast og ég hef margsinnis talað um það við umræður hér þegar aðrir hafa talað um að rétt sé að veita fé úr Byggingarsjóði verkamanna til t.d. búsetuíbúða, óskilgreint, að nauðsynlegt sé að láta þessa hópa sitja fyrir. Þetta hefur legið fyrir. Ég hef líka haldið því fram að verkamannabústaðirnir séu á eftir leiguíbúðum sveitarfélaga sá kostur sem mér þykir geðfelldastur fyrir það fólk sem illa er statt fjárhagslega. Um þetta höfum við átt margar umræður og ég vil líka vekja athygli á því þegar talað er um þær breytingar sem gerðar voru á húsnæðislögunum s.l. *vor að það var komið verulega til móts við þá sem* lægst voru launaðir og vildu ráðast í það að eignast sitt húsnæði. Þannig var lánsheimildin upp í 90% fyrir þá sem verst eru settir látin standa, 85% fyrir aðra og til viðbótar kom að mismunurinn, þessi 10% og eftir atvikum 15%, yrðu lánuð til þriggja ára til þess að menn ættu þess kost að flytja inn í verkamannabústað. Þetta var auðvitað gífurlegur munur, gífurleg bót, fyrir þetta fólk. Ég hef spurnir af því að í nýjum verkamannabústað á Akranesi, sem kostaði 2,6 millj. kr., fjögurra herbergja íbúð rúmlega 100m^2, hafi þessi heimild verið notuð og viðkomandi fær þá 260 þús. kr. að láni til þriggja ára og þarf ekki að greiða *af láni verkamannabústaðanna fyrr en* að þeim tíma liðnum. Hin venjulegu lán eru afborgunarlaus þessi fyrstu þrjú ár. (Gripið fram í.) Ja, þessar upplýsingar fékk ég. Ég fékk raunar líka þær að á Sauðárkróki kostuðu þær 4 millj., því var skotið að mér en ég veit ekki um það. Ég tek dæmi sem mér var sagt frá Akranesi um þetta sérstaka tilvik. (**JBH:** Það staðfestir líka að það er langódýrasta dæmið sem hægt er að segja frá.) Ekki er það vont að þeir byggi ódýrt á Skaganum. (**JBH:** Nei, það er gott.) Ég held að það sé ljómandi. Ég er bara að segja nýjasta dæmið sem ég þekki og mér finnst réttast að reyna að halda sig við það.

Nú skulum við aðeins íhuga málið. Um hvað snýst í raun og veru ágreiningur minn við Alþfl.? Það kom fram í ræðu hv. 2. landsk. þm. þegar hann talaði fyrir kaupleiguíbúðunum hér á Alþingi hinn 11. des. s.l. að í huga hans væri verkamannabústaðakerfið svo gengið sér til húðar að rétt væri að það yrði niður lagt. (**JS:** Vill ekki þm. vitna orðrétt í það sem ég sagði.) Það skal ég gera með mikilli ánægju. Ég veit að hv. þm. hafa gaman af því að heyra hvað hv. þm. hefur til málanna að leggja ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, ef honum finnst ég ekki fara út fyrir efnið. Þetta hefst á bls. 1504: Sameinað þing 11. des. 1986, kaupleiguíbúðir, framhald fyrri umræðu, og þá kemur tilvitnunin, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. þm. spurði að því" — og hv. þm. það er hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir — „hvort kaupleiguíbúðir ættu að verða til við hliðina á verkamannabústöðum eða hvort þær ættu að koma í staðinn fyrir þær. Í þessu sambandi vil ég nefna að kaupleiguíbúðir hafa ýmsa kosti fram yfir íbúðir í verkamannabústaðakerfinu. Ég nefni þar til að mynda að í kaupleigukerfinu hefur fólk val um leigu eða kaup og í kaupleigukerfinu er ekki um að ræða neina útborg-

un sem aftur á móti er í verkamannabústaðakerfinu. Fólk þarf ekki að leita lánafyrirgreiðslu til að brúa bilið milli kaupverðs og lána Húsnæðisstofnunar eða standa undir þungri greiðslubyrði vegna skammtímalána í bankakerfinu.

Þegar hv. þm. Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, sem sat hér á þingi fyrir nokkru, mælti fyrir tillögu Kvennalistakvenna um byggingu leiguhúsnæðis kom hún einmitt inn á þennan þátt. Hún sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Eins og efnahagsmál hafa þróast hér á landi á undanförnum árum hefur komið í ljós að það eru allnokkrir sem ekki ráða einu sinni við þau kjör sem verkamannabústaðakerfið býður upp á. Þess eru allmörg dæmi að íbúðir í verkamannabústöðum hafa lent á nauðungaruppboðum nú á undanförnum mánuðum, því miður."

Ég hygg því að þm. Kvennalistans hljóti að hafa gert sér grein fyrir því ef þær hafa kynnt sér þessa tillögu um kaupleiguíbúðir náið að þessi tillaga um kaupleiguíbúðir hefur ýmsa kosti fram yfir íbúðir í verkamannabústöðum. Það er mín skoðun að komist kaupleiguíbúðir til framkvæmda geti þær komið í staðinn fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Ég hygg þó að ýmsir í verkalýðshreyfingunni hafi þá skoðun að reynsla verði að komast á kaupleiguíbúðir áður en sleppt er íbúðum í verkamannabústöðum. Og þegar ég mælti fyrir þessari till. í síðustu viku vitnaði ég einmitt í ýmsa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sem tjá sig um þessar kaupleiguíbúðir. Það kemur fram hjá öllum þessum forustumönnum sem tjá sig um þessa till. að þeir eru mjög hlynntir því að kaupleigutilhögun komist til framkvæmda en telja þó, a.m.k. sumir, að rétt sé að verkamannabústaðakerfið verði um hríð við hliðina á kaupleiguíbúðum, a.m.k. á meðan reynsla er að komast á kaupleiguíbúðir. En í mínum huga er það ekki vafamál að ég tel að kaupleiguíbúðir geti tekið við af íbúðum í verkamannabústöðum."

Svo mörg voru nú þau orð. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo að hv. þm. telji með þessu að kaupleiguíbúðirnar eigi að leysa verkamannabústaðina af hólmi og tel ég raunar að þær hafi margt fram yfir verkamannabústaðina. Þannig að um þetta þarf ekki að deila. Menn geta auðvitað haft skiptar skoðanir um það hvað þessar áherslur varaformanns Alþfl. þýða, hversu mikill hugur fylgir þarna máli, en ég held að hv. þm. Magnús Magnússon hljóti að viðurkenna að ég hafi nokkuð til míns máls þegar ég held því fram að í huga varaformanns Alþfl. sé það skýrt að kaupleiguíbúðirnar eigi að taka við af verkamannabústöðunum. Ég held að það verði nú að vera þannig.

Nú er það svo að leiguíbúðir hafa verið byggðar og keyptar af sveitarfélögum og sveitarfélögin hafa orðið að standa undir 20%, ég man það áreiðanlega rétt, af byggingarkostnaði þessara kaupleiguíbúða en fengið 80% lánuð úr Byggingarsjóði verkamanna. Er þetta ekki rétt með farið? Já.

Ég held að það hafi líka komið fram í umræðum sveitarstjórnarmanna að þeir hafa haft sterka tilhneigingu til þess að selja þessar íbúðir, losa það fjármagn sem þeir höfðu bundið í þessum leiguíbúðum sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Það var heimilt um skeið og margir sveitarstjórnarmenn vilja hafa þá heimild inni. Það er því alveg ljóst að hugur þeirra stendur ekki til þess að binda fé með þeim hætti í þessum íbúðum. Það liggur því alveg ljóst fyrir að möguleikinn á leiguíbúðum hefur verið í lögum, allrúm heimild nú um nokkurt skeið, og það held ég að liggi líka ljóst fyrir að ekki hefur verið ágreiningur um það hér á hinu háa Alþingi að undir vissum kringumstæðum hljóti að verða að fara þá leið til þess að leysa vanda þeirra sem verst eru settir.

Á hinn bóginn, þegar við erum að tala um húsnæði, um kaupleiguíbúðirnar, er ekki verið að ræða um þá sem verst eru settir einungis. Það sjá menn mjög glöggt ef menn lesa ræðu hv. 2. landsk. þm. þegar hann gerði grein fyrir tillögum sínum um leiguíbúðirnar. Nú sé ég að vísu í hrokkinkollinn á formanni Alþfl. Hann var að tala um það í ræðu sinni áðan að verkamannabústaðirnir væru of dýrir þannig að fólk gæti ekki í þeim búið. Nú hugsar Alþfl. sér afborganir af lánum í þessum svokölluðu kaupleiguíbúðum þannig að þeir sem í þeim búa eiga að standa undir 85% af kaupverðinu með 1% vöxtum sumir og aðrir með 3,5% vöxtum. Hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki gert grein fyrir því og alls ekki gefið í skyn að hann hugsi sér að fella niður, svo ég taki dæmi, þegar kaupleiguíbúð er verðlögð, að aðrar reglur verði hafðar um þá verðlagningu en gildir um verkamannabústaðina. Ég hef ekki séð neina útfærslu á því þannig að það er deginum ljósara að þegar metið verður, ef til þess kemur að viðkomandi sveitarfélag þurfi að leysa til sín kaupleiguíbúð, en Alþfl. gerir ráð fyrir í sínum tillögum að til slíks geti komið, er ekki gert ráð fyrir að með það verði farið öðruvísi en með verkamannabústaðina. Alþfl. virðist þannig halda sig algjörlega við það endursölukerfi sem er í verkamannabústöðunum að því leyti.

Ég vil líka segja, og það skýrir afstöðu mína, hvers vegna ég tek verkamannabústaðakerfið fram yfir, að ég tel að verkalýðshreyfingin ásamt sveitarstjórnarmönnum eigi að ráða mestu um það hverjir eigi að njóta hinna félagslegu íbúða, þeirra íbúða sem hið opinbera, ríki og sveitarfélag, greiðir mest til, hinna sérstöku kjara. Ég vil líka segja að ég tel að menn fari betur með sín híbýli ef þeir eiga þau sjálfir fremur en að þeir séu leigjendur.

Svo er einn munur enn og hann er sá að hlutur sveitarfélagsins, þessi 15%, er ekki vaxtalaus heldur falla á hann 3,5% vextir ef íbúa kaupleiguíbúðar dettur síðar í hug að vilja neyta kaupréttarins og kaupa íbúðina. Nú hefur ekkert komið fram um það hjá þm. Alþfl. að maður í kaupleiguíbúð verði að gera upp hug sinn eftir fjögur eða fimm ár eða tíu ár. Hann getur búið í kaupleiguíbúðinni þess vegna sem kaupleiguíbúð í 40 ár eða þangað til hann er búinn

að greiða upp þetta 85% lán. Og þá segir hann við þann sem hefur lagt fram 15%: „Nú vil ég kaupa.“ Og þá er reiknað upp. Hvað eru nú 3,5% vextir af þessum 15% í 40 ár? Þá kemur í ljós að 15% eru allt í einu orðin eitthvað í kringum 59,4%. Á meðan maðurinn í verkamannabústaðnum, sem að vísu verður að leggja það á sig að borga 10% á þremur árum, ef hann er illa staddur, að öðrum kosti að reiða af hendi 15% þegar hann flyst í íbúðina, á þó alla íbúðina skuldlausa eftir 43 ár. En maðurinn í kaupleiguíbúðinni, sem búinn er að borga sama lánið í Byggingarsjóði verkamanna eða sama lánið í Byggingarsjóði ríkisins, nema þá tölum við um 20% í staðinn fyrir 15%, í Byggingarsjóði verkamanna standa hlutirnir þannig að hlutur sveitarfélagsins er orðinn 59,4%, eftir að hafa borgað 85% lán á hann 40% af íbúðinni. Þannig lítur það dæmi út ef það er reiknað.

Hins vegar væri mjög fróðlegt að fá það frá Alþfl.: Telur Alþfl. rétt að þetta kaupleigutilboð eigi að standa og vara að eilífu? Telur sveitarstjórnarmaðurinn gamli úr Vestmannaeyjum rétt að sveitarfélagið geti unað því að leggja 15% í íbúðina og fá ekki eina einustu krónu í ávöxtun af því fé svo áratugum skipti? Og hvað gerist svo síðan ef maður fer yfir í Byggingarsjóð ríkisins þar sem líka er talað um kaupleiguíbúðir? Þá talar Alþfl. um það að þeir sem njóta 20% framlags frá sveitarfélaginu með þessum góðu kjörum eigi að fá til viðbótar 80% lán úr Byggingarsjóði ríkisins á meðan aðrir fá 70%, og svo vilja þeir lækka niður í 50% hjá þeim sem kaupa notaða íbúð, hjá öðru fólki. Og þá eiga 20% að liggja vaxtalaus. Ef viðkomandi svo sýnist einn góðan veðurdag að borga út þessi 20%, kaupa þau af sveitarfélaginu ef það dæmi reynist þá vera hagkvæmt, hefur hann heimild til að selja íbúðina á frjálsum markaði daginn eftir, ef það sýnist þá vera hagkvæmt. Ef það sýnist vera óhagkvæmt þá auðvitað borgar hann aldrei þessi 20%. Svo einfalt er það mál nú.

Svo langar mig til að spyrja af því að ég hef lengi unnið með hv. 5. landsk. þm. Magnúsi Magnússyni að húsnæðismálum og veit hans skoðanir. Er hann sammála því sem formaður og varaformaður Alþfl. hafa hér sagt við þessar umræður að það sé nauðsynlegt að lækka lánsfyrirgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins til þess að kaupa notaðar íbúðir? Er hann sammála um það? Finnst honum of hátt að þeir sem ekki eiga íbúð fyrir fái 1,9 milljónir til þess að kaupa íbúð? Og finnst honum ástæða til þess að lækka það niður í 1,2? Er þessi gamli húsnæðismálaráðherra sammála því? Er þetta stefna hans sem formaður og varaformaður Alþfl. eru að lýsa? Ég hef ekki heyrt þær tillögur frá honum í húsnæðisnefndinni. Það væri virkilega fróðlegt fyrir okkur sem með honum störfuðu að fá það bara fram. Eða er þetta einhver prívat og einkaskoðun formannsins og varaformannsins sem þeir vilja ekki kannast við í Vestmannaeyjum? Það væri fróðlegt að fá þetta upplýst.

Formaður Alþfl. sagði áðan: Það verður að skilyrða lægra útborgunarverð á notuðum íbúðum. Og hann talaði um að það yrði að stefna að því í alvöru að auka hlutdeild hins félagslega kerfis af því að það væri of mikið fé í Byggingarsjóði ríkisins. Þó vill hann ekki aðeins lækka fyrirgreiðsluna til þeirra sem kaupa notað húsnæði niður í 50% heldur vill hann til viðbótar veita forréttindi eins og ég sagði, sumum að þeir fengju 80%. Og ég held ég fari rétt með það að fulltrúi Alþfl. í húsnæðisnefndinni hafi talað um það að þessar kaupleiguíbúðir þyrftu ekki allar að vera nýbyggingar. Það væri líka hægt að hugsa sér það að kaupa á frjálsum markaði íbúðir til kaupleigu. Það væri líka hægt að tala um það og þá á að staðgreiða. Þá á að borga 100% út. En þeir sem ekki njóta fyrirgreiðslunnar verða að láta sér nægja 50%, þeir eiga að vera í sömu sporunum og þetta fólk sem við erum nú að tala um að þurfi á sérstakri fyrirgreiðslu að halda vegna greiðsluerfiðleika. Það væri fróðlegt að vita hvernig hv. 2. landsk. þm., sem var að tala um það að vaxtahækkunin frá húsnæðisráðherra Alþfl., úr 2,5% í 3,5% nú, þýddi 47% rýrnun kaupmáttar, dæmir það ef þetta unga fólk á að fá hálfri milljón minna til kaupa á notaðri íbúð heldur en nú er gert ráð fyrir í lögum.

Ég kann auðvitað vel að meta það þegar hv. 5. landsk. þm. talar um að það eigi að hækka eigið fé eða ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég hef sjálfur verið áhugamaður um það og það má sjá það víða þó að ég hafi ekki alltaf náð því máli fram og menn hafi stundum orðið að haga sér með öðrum hætti við fjárlagagerð. En einmitt til þess að rekja nokkuð þessi mál ætla ég að rifja upp smákafla sem skrifaður hefur verið um þróun Byggingarsjóðs ríkisins. Hann var skrifaður árið 1980 og, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo:

„Í upphafi s.l. áratugar“ — þá er átt við sjöunda áratuginn — „svaraði framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins til 45–50% af ráðstöfunarfé hans. Hlutfallið lækkaði í 40% árið 1973 en hækkaði aftur með hækkun launaskattsins og var um 50% á árunum 1976–1978. Árið 1979 og 1980 voru skatttekjur sjóðsins skertar samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum en eftir gildistöku laga nr. 51/1980 varð framlag ríkissjóðs óbundið og ákveðið í fjárlögum. Við skerðinguna 1979 lækkaði framlag ríkissjóðs sem hlutfall af ráðstöfunarfé sjóðsins úr 49% 1978 í 39% 1979 og þetta hlutfall varð síðan 34% 1980, 16% 1981 og 19,5% 1982.“ Þessi óheillaþróun hún hófst þegar hv. 5. landsk. þm. var húsnæðisráðherra. Þá var fyrsta stökkið niður á við.

Ég ætla ekki að halda því fram að þessi hv. þm. hafi ekki meðan hann var ráðherra viljað efla eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins. Það ætla ég ekki að segja en ég tel nauðsynlegt samt sem áður að þetta komi fram. Ég vil líka að það komi fram, einmitt vegna þess að Alþýðuflokksmenn hafa talað hér mikið um það hversu illa hin verðtryggðu lán Byggingarsjóðs ríkisins hafi farið með launafólk þegar kaupmáttur hefur verið versnandi, þá skulum við líka rifja upp hvenær það var sem full verðtrygging á húsnæðis-

lánum var tekin upp. Ég vil gjarnan fá að lesa hér örlítið frekar upp úr þessari skýrslu, herra forseti, til þess að það megi líka ljóst vera hver þá Lilju kveðið hefur. Með leyfi hæstv. forseta:

„Lán til 26 ára veitt á tímabilinu frá miðju ári 1975 til 1. maí 1978 eru verðtryggð að 4/10 og bera 9,75% nafnvexti og bera á sömu forsendum jákvæða meðalraunvexti sem nema um 2,5%. En 26 ára lánin sem veitt voru frá 1. maí 1978 til miðs árs 1979 og eru verðtryggð að 6/10 bera raunvexti sem eru að meðaltali 5–5,5% á ári yfir allan lánstímann miðað við 30–40% árlega verðbólgu. Frá 1. júlí 1979“ — við munum hver var félmrh. þá — „var hins vegar farið að verðtryggja lánin að fullu miðað við byggingarvísitölu og nafnvextir ákveðnir 2% auk 0,25% þóknunar.“

Það er þess vegna alveg ljóst að það var ráðherra Alþfl. sem fór með húsnæðismálin þegar full vísitölutrygging var sett á. Ég man ekki betur en einmitt sá hópur Alþýðuflokksmanna sem myndaði þá ríkisstjórn 1978 hafi verið háværasti hópur sem talað hefur hér í þessum sölum um háa raunvexti. Það hafa engir þm., frjálshyggjumenn eða aðrir, talað jafnháum rómi um raunvexti og þessi hópur þm. sem kosinn var af Alþfl. 1978, enginn. Svo eru þeir að tala um það núna Alþýðuflokksmenn, m.a. formaður Alþfl., að það að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi 1. júní 1983 hafi valdið því að menn gátu verr staðið við greiðslur vegna þess að lánskjaravísitalan var látin leika lausum hala, sagði hann, eins og sú breyting hafi orðið þá. Ég veit ekki betur en þessi misvísun milli lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu hafi byrjað mun fyrr. Hún var mjög veruleg á árinu 1982. Hún var fram í septembermánuð 1983. Síðan hélst kaupmáttarstig nokkuð á sömu nótum og lánskjaravísitalan um einhver misseri, það var svona mánaðamunur á hvor hafði betur, lánskjaravísitalan eða kaupmátturinn. Síðan aftur á s.l. ári, ég tala nú ekki um eftir að kaupmátturinn óx jafnmikið og raun bar vitni, hefur þetta aftur leiðréttst. Þetta skildi ekki varaformaður Alþfl. Hann hélt að kaupmáttarstigið hefði ekkert að segja með greiðslubyrði af lánum. Auðvitað gefur það auga leið nú þegar tekjur heimilanna eru hærri en nokkru sinni fyrr. Auðvitað eru verðtryggðu lánin léttbærari launafólki en áður. Þessu held ég að menn hljóti að geta gert sér grein fyrir.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan í sambandi við kaupleiguíbúðirnar, að nauðsynlegt er að þær séu betur skilgreindar og menn geri sér grein fyrir því að hverju þeir stefna ef þeir á annað borð vilja halda þeirri hugmynd til streitu. Formaður Alþfl. talaði um það áðan að lífeyrissjóðir lægst launaða fólksins gætu fest peninga í slíkum kaupleiguíbúðum, lagt 15% í slíkar kaupleiguíbúðir vaxtalaust. Við vitum auðvitað hvað það þýðir. Það þýðir að þessir sjóðir lægst launaða fólksins verða ekki jafnvel undir það búnir og vera mundi að greiða lífeyri fyrir sitt fólk. Slík meðferð á sjóðum hinna lægst launuðu hlyti að valda því að þeir yrðu verr í stakk búnir en ella til að greiða lífeyri. Það þýddi það að ellilífeyrir lægst launaða fólksins yrði af þeim sökum lægri en ella mundi. Það getur ekki verið stefna sem menn vilja í alvöru koma fram. Ég held að það geti ekki undir neinum kringumstæðum átt sér stað.

Ég veit ekki við þessa umræðu hvað maður á að halda þessu lengi áfram. Formaður Alþfl. hafði orð á að vaxtafóturinn ætti að vera lægri af því að það væri engin eignamyndun á móti í kaupleiguíbúðunum. Síðan sagði hann rétt á eftir: Síðar, þegar efnahagurinn batnar, getur viðkomandi keypt íbúðina eða leitað út úr þessu kerfi. Hann reiknar með öðrum orðum með því að menn eigi að njóta vaxtakjara Byggingarsjóðs verkamanna jafnvel þótt efnahagurinn verði allt allt annar og betri og virðist geta sætt sig við það ástand til langframa. Eins og hann orðaði sínar hugmyndir var greinilegt að það var ofarlega í hans huga. Nú gengur þetta alveg þvert á það sem verkalýðshreyfingin er að velta fyrir sér. Verkalýðshreyfingin er þvert á móti að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að fólk sem býr við gerbreyttar heimilisaðstæður geti notið þeirra vildarkjara sem Byggingarsjóður verkamanna býður upp á. Ég man eftir því að einn fulltrúi verkamannabústaðanna í Reykjavík tók einmitt dæmi af fráskilinni konu hér í borg sem hafði gifst ungum lækni og duglegum sem hafði mjög miklar tekjur. Hann var einmitt að tala um að það væri óeðlilegt að maður með slíka framfærslumöguleika skyldi geta notið kjara Byggingarsjóðs verkamanna til langframa og sloppið við að greiða nema 1% vexti af sínum fasteignalánum. Þess vegna kom sú umræða upp hvort það gæti verið skynsamlegt að vextir byggingarsjóðanna væru breytilegir. Ef afkoma batnaði verulega væri kannske ástæða til að viðkomandi greiddu nokkuð hærri vexti og á móti kæmi þá að það fólk sem yrði fyrir miklu áfalli en hefði orðið að sæta lánum úr Byggingarsjóði ríkisins gæti þá notið betri kjara í staðinn. Þessi umræða kom upp en hún er víðs fjarri þeim hugmyndum sem Alþfl. hefur verið að reifa hér.

Ég veit ekki hvort ástæða sé til að hafa þessi orð mikið fleiri. Formaður Alþfl. vitnaði hér í skoðanakönnun og sagði að þar hefði komið fram að tæpur helmingur skólanema, ef ég tók rétt eftir, teldi að nauðsynlegt væri að fjölga leiguíbúðum. Ég held að það sé áhugaefni allra sem í skóla eru að reyna að komast sem ódýrast út úr húsnæðismálunum meðan svo varir, en það fólk er ekki að hugsa um verustað til frambúðar. Eins og ég sagði áðan er nauðsynlegt að koma myndarlega á móti þörfum þess fólks, en hitt er jafnljóst að skoðanakannanir hafa sýnt það, þær sem ég hef séð, þegar fólk er spurt hvernig það vilji standa að sínum eigin íbúðarmálum þegar fram í sækir, að yfir 90% Íslendinga eru þeirrar skoðunar að þeir vilji eiga sínar íbúðir sjálfir. Þetta sýnir reynslan okkur, þetta sýna skoðanakannanir sem gerðar eru og þetta sýnir líka sá mikli fjöldi umsókna sem þegar er kominn inn í Byggingarsjóðinn.

Af því að ég var hér með skýrsluna stendur þar á einum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Það er mat nefndarinnar [þ.e. húsnæðisnefndarinnar] að þær breytingar sem voru gerðar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins með lögum nr. 54/1986 geri róttækar breytingar ólíklegar næstu árin meðan reynsla fæst af hinu nýja fyrirkomulagi.“

Nú spurði ég sérstaklega um það í húsnæðisnefndinni hvort allir nefndarmenn væru þessu sammála og lét bóka að sérstaklega hefði verið um það spurt þannig að ljóst er að þetta er sameiginlegt álit allra þeirra sem í húsnæðisnefndinni voru. Nú veit ég ekki hvort hv. 5. landsk. þm. Magnús H. Magnússon telur það róttækar breytingar á Byggingarsjóði ríkisins ef sú breyting yrði gerð annars vegar að hluti lántakenda fengi 80% lán meðan aðrir yrðu að sætta sig við 70 og enn aðrir 50. Ég veit ekki hvort hann telur þetta róttæka breytingu. Ég tel það mjög róttæka breytingu að menn sitji ekki við sama borð að þessu leyti, þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð, og hefði þess vegna gaman af því að vita hvort hann stendur þá fast við það, hvort hann vilji að sumir fái 80% lán úr sjóðnum, aðrir 50, sem eru að eignast sína fyrstu íbúð, eftir því hvað íbúðin heitir en ekki eftir því hvort íbúðin er ný eða gömul því að í því sem kallað er kaupleiguíbúðakerfi er gert ráð fyrir að kaupa notaðar íbúðir og þá er gert ráð fyrir því í þeim skýringum sem gefnar hafa verið við kerfið að um sé að ræða 40 ára lán með 3,5% vöxtum og sveitarfélögin leggi fram 20%. Þetta er nauðsynlegt að komi fram.

Ég mun síðan marka það á svörum hv. þm. Suðurlands hvort hann er sama sinnis og formaður og varaformaður Alþfl. að vera á móti almennum úrbótum í húsnæðismálum. Það hefur komið fram hjá þeim að þeir sætta sig illa við að menn sitji við sama borð og vilja með öllum ráðum reyna að koma aftan að fólki að því leyti. Þess vegna þætti mér fróðlegt að vita hvað hv. þm. Suðurl. hefur um það mál að segja.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þessar umræður hafa aldeilis ekki orðið gagnslausar. Ég leyfi mér að vekja athygli t.d. á eftirfarandi sem fram hefur komið í umræðunum:

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér um margt athyglisverða ræðu þótt hann hefði að vísu sagt að nær væri að leysa málin en ganga upp í þeirri dul að þau yrðu leyst með ræðum og hlotið meira að segja ákúrur hæstv. forseta fyrir að halda sig ekki við efnið. En í þessari ágætu ræðu kom á daginn að við erum sammála um eftirfarandi meginatriði þessarar umræðu:

1. Við erum báðir á einu máli um að sú fjármögnun húsnæðislánakerfisins sem fólst í þeim lögum sem við hér ræðum sé bráðabirgðalausn og geti ekki staðist til frambúðar.

2. Við erum sammála um að það verði ekki meginhlutverk lífeyrissjóða fram í tímann að líta að vera lánasjóðir í húsnæðismálum eða skyldusparnaður sem hagnýttur er af ríkisvaldi til að dekka hallarekstur á ríkisbákninu heldur er meginhlutverk þeirra, er og verður og á að vera, að tryggja þeim sem iðgjöld greiða mannsæmandi lífeyri.

Við erum líka sammála um það, hv. þm. og ég, að leiguhúsnæði eigi fullan rétt á sér. Ég veit ekki hvort hv. þm. er sammála mér um að sú þörf sé brýnni nú en oft ella eftir þá gerbreytingu sem varð á húsnæðismarkaði við verðtryggingu og háa raunvexti. Ég er þeirrar skoðunar. En það gladdi mig að heyra þennan talsmann Sjálfstfl. í húsnæðismálum kveða upp úr með það að hann hefði fullan skilning á nauðsyn leiguhúsnæðis og kvað dálítið við annan tón en við erum vanir að heyra hér í þingsalnum frá þeim manni sem klæðist skikkju sérfræðings Sjálfstfl. í húsnæðismálum og við heyrðum í hérna rétt áðan.

Hv. þm. sagði í fjórða lagi að hann væri andstæðingur hins miðstýrða kerfis og vildi gjarnan sjá þá þróun verða að almennir bankar gætu tekið meiri þátt í fjármögnun húsnæðislána, þ.e. með lánum til lengri tíma, en þeir gera nú. Ég tek undir að gjarnan vildi ég sjá þá þróun og gjarnan stuðla að því að það megi verða. En við núverandi kerfi hefur bankakerfið brugðist að þessu leyti. Á því eru margar skýringar. Til þess að stefna að þessari leið eru líka margar leiðir. En um þessi grundvallaratriði sýnist mér að við séum sammála.

Hitt kippi ég mér ekki upp við þótt hv. þm. hafi ekki á þessu stigi málsins verið búinn að kynna sér sem skyldi kaupleigutillögur okkar jafnaðarmanna. Ég er ekki svo heimtufrekur að ég ætlist til þess á þessu stigi málsins, en ég veit út frá þeim sjónarmiðum sem hv. þm. talaði út frá að hann mun kynna sér þær tillögur hleypidómalaust.

Það hefur komið fram við þessar umræður að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson lítur tillögurnar um kaupleiguíbúðir fremur jákvæðum augum. Það er rétt að hann greiddi atkvæði á móti þeim þegar þær voru fluttar sem brtt. við lögin um Húsnæðisstofnun á þeim forsendum að hann hefði ekki viljað greiða atkvæði neinum brtt. þá af því að það samkomulag var gert við aðila vinnumarkaðar. Nú mátti skilja á hans máli að hann viðurkenndi líka að fenginni tæplega hálfs árs reynslu að ágallar væru á þessu kerfi. Það kom sérlega skýrt fram í fyrri ræðu hans að það væri ekki nægiega vel séð fyrir þörfum hins félagslega kerfis, þar skorti á fjármögnun, og ef ég skildi hann rétt hafði orð um að hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir því innan raða ASÍ og í miðstjórn ASÍ að aðilar vinnumarkaðarins og þá sérstaklega verkalýðshreyfingin tækju þau mál upp til endurskoðunar og þá væntanlega til að beina meiru af fjármagni lífeyrissjóðanna meðan það kerfi er við lýði til félagslega þáttarins.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði að í áheyrn helstu forráðamanna húsnæðislánakerfisins hefði spurningum verið svarað um það hvort mönnum hefði verið synjað í stórum stíl um lán vegna þess að lág laun risu ekki undir greiðslubyrði og fengið þau svör að þau tilfelli væru fá. Ég hef

upplýsingar um það frá stjórnarmanni í Húsnæðisstofnun að þau tilfelli séu ekki fá, þau séu mörg. Ég vildi gjarnan mega vænta þess af hæstv. félmrh. hér á eftir, ef hann hefur þær upplýsingar, að hann svaraði því hversu mörg þau eru. Ég tók eftir því sem hæstv. félmrh. sagði að ekki skyldi standa á honum að leggja á borðið upplýsingar þar sem fram kæmi flokkun á því á hvaða forsendum mönnum hefði verið synjað, t.d. hvort hér væri um að ræða stóreignamenn sem teldu fram lágar tekjur og hefði verið synjað á þeim forsendum o.s.frv. Ég vildi gjarnan mega treysta því að þessar upplýsingar yrðu lagðar fram og á þessu stigi málsins svarað hversu margar um það bil eru þær umsóknir sem hefur verið synjað á forsendum um lág laun eða ónóga greiðslubyrði.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tók undir að það væri ekki ásættanlegt fyrir forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar sem aðila að þessu máli og aðila að lífeyrissjóðum launþega að fólk sem ætti stórar eignir og væri að selja á markaði og hefði á sínum tíma fengið þær að verulegu leyti fyrir tilstuðlan opinbers lánakerfis á neikvæðum vöxtum fengi nú nýjan rétt til lána á niðurgreiddum kjörum á sama tíma og því fólki sem fjármagnar þetta kerfi væri synjað. Sumum kann að þykja það hart, eins og fram kom í máli hv. þm. Halldórs Blöndals, að hér væri verið að mismuna fólki. Það má lengi mismuna. Hverjum hefur ekki verið mismunað hér í húsnæðismálum? Er ekki mikill munur á þeim kynslóðum, þeim aldursárgöngum sem fengu lán á sínum tíma og þurftu kannske ekki að greiða til baka nema helminginn og verðbólgan greiddi síðan niður eignamyndunina? Er ekki mikill munur á þeirri aðstoð sem þá var fengin frá öldruðum sparifjáreigendum sem voru rændir þessum upphæðum og svo hins vegar harmkvælahópnum eftir 1980 sem lenti bæði í ógöngum misgengislána og launa og hækkun raunvaxta og hefur orðið að standa undir sínum húsnæðiskostnaði með margfaldlega fleiri vinnustundum að baki því húsnæði en þeir sem á undan komu?

Þá er það spurningin um biðtölurnar allar saman af því að menn eru enn að rífast um þetta. Það er undarlegt að geta ekki fengið þetta á borðið. Menn eru að gera sér upp prívatskoðanir um hvernig eigi að meta þær, hvað afföllin verði mikil, hvort fólk meini eitthvað með þessum umsóknum, hvort það sé að gera þetta að gamni sínu eða í öryggisskyni eða af því að það hafi ekki trú á kerfinu, vilji vera á blaði. Sumir eru jafnvel að gera því skóna að það eitt að spyrjast fyrir um þetta veki upp vantrú og sé til stórskemmdarverka á kerfinu. Hæstv. ráðh. sýnir á sér ekkert snið til að fara að svara þessum spurningum. Nú langar mig til að spyrja og óska eftir því að hann svari á eftir: Er það rétt eða ekki rétt að þeir sem lögðu inn umsóknir sínar fyrir 1. nóv. og til 26. nóv. 1986 og áttu íbúð fyrir geti gert sér vonir um að fá fyrri hlutann í janúar 1988 samkvæmt áætlun Húsnæðisstofnunar? Er það rétt eða ekki rétt? Er það rétt að þeir sem lögðu inn umsóknir í janúar 1987 og eru að eignast sína fyrstu íbúð fái fyrri hlutann í desember 1987? Er það rétt eða ekki rétt? Er það líka svo, ef reiknað er með svipuðum fjölda umsókna næstu mánuði og inn komu í janúar 1987 að frádregnum hinum frægu 15% afföllum, að þeir sem leggja inn umsóknir í lok mars 1987 og eru að eignast sína fyrstu íbúð fái fyrri hluta lánsins í júlí 1988 og seinni hlutann í janúar 1989? Er þetta rétt eða ekki rétt? Er það rétt að þeir sem eru að skipta um íbúðir og leggja inn umsóknir í febrúar 1987 fái fyrri hluta láns í júlí 1988 og seinni hluta í janúar 1989? M.ö.o: er það rétt eða ekki rétt að við séum að tala um 17–23 mánaða biðtíma samkvæmt áætlunum Húsnæðisstofnunar?

Hvernig væri að hæstv. ráðh. svaraði þessu, þetta er honum fyrirhafnarlaust, já eða nei? Er það rétt að þeir sem leggja inn umsóknir í maí 1987 og eru að eignast sína fyrstu íbúð geti gert ráð fyrir því að fá fyrri hluta lánsins í janúar 1989 eða að þeir sem eru að skipta um íbúðir og leggja inn umsóknir í apríl 1987 muni fá fyrri hluta lánsins í janúar 1989? Erum við með öðrum orðum að tala um biðtíma sem er að nálgast 20 mánuði? Rétt eða ekki rétt? Já eða nei? **(HBl:** Eru samtöl leyfð í þingsalnum?) Þetta eru fyrirspurnir til hæstv. ráðh. Þeim er ekki beint til hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég vænti engra skýringa af hans hálfu í húsnæðismálum.

Þessar fyrirspurnir eru fram bornar af því tilefni að menn eru hér að velkjast í vafa um þessar biðtölur. Menn eru jafnvel að gera því skóna að það sé til eitthvert leyniskjal innan veggja Húsnæðisstofnunar. Stjórnarmenn í Húsnæðisstofnun sem eru kjörnir af Alþingi hafi í höndum slíkt skjal, en það sé rækilega merkt með trúnaðarstimpli af því að það flokkist undir hernaðarleyndarmál ríkisins hversu lengi þetta fólk á að bíða. Það er ekki nein fordild að spurt er úr þessum ræðustól. Við erum að biðja um upplýsingar sem eru að sögn í höndum þeirra manna sem við höfum kjörið til að fara með húsnæðismál og varða þessa umræðu því að við erum að reyna að meta árangur eða niðurstöðu af því kerfi sem nú hefur verið reynt í nokkra mánuði. Menn eru jafnvel að meta þýðingarmikla hluti eins og t.d. uppruna lánsfjár í lífeyrissjóðum úti á landi eða í Reykjavík eða höfuðborgarsvæðinu á mælikvarðann umsóknir, að umsóknir séu svo og svo margar frá Reykjavík og Reykjanesi, svo og svo margar utan af landi. En umsóknir eru ekki lánveitingar. Auðvitað væri það gott, og ég mundi fagna því að þetta reyndist rétt, að þær upplýsingar sem hér var farið með væru réttar og það væri svo að því er varðar þegar á reynir lánveitingarnar sjálfar.

Að lokum vil ég svo að því er þetta varðar taka undir með hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að það er ekki einleikið hvað byggingarkostnaður í þessu landi er hár. Sú þróun sem þar hefur átt sér stað að því er varðar nýja tækni, væntanlega bætt skipulag og allt hvað eina, lýsir sér í sífellt lengri byggingartíma og hærri byggingarkostnaði. Það var og er væntanlega enn í lögum um Húsnæðisstofnun

ríkisins eitt af hennar hlutverkum að gera tilraunir og fylgjast með tilraunum til lækkunar byggingarkostnaðar. Það væri kannske sá verkþáttur sem helst réttlætti tilveru þeirrar stofnunar því að ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að það væri mjög æskilegt að afgreiðsla lánanna, þjónustan sjálf við fólkið í landinu gæti farið fram í gegnum bankakerfið þó að það breyti ekki því að ráðuneytið þarf að vera vel mannað til að móta stefnu í húsnæðismálum til langs tíma og að auðvitað þarf ríkisvaldið að stuðla að lækkun byggingarkostnaðar á kerfisbundinn hátt.

Ég sagði í upphafi máls míns að þessar umræður hefðu alls ekki verið gagnslausar og vil reyndar árétta það. Þar sleppti ég einu þýðingarmiklu atriði. Við ræddum hér um lífeyrissjóðina og hlutverk þeirra. Ég tók sérstaklega eftir því með hliðsjón af málflutningi formanns Sjálfstfl. að því er varðar tillögur okkar um endurskipulagningu lífeyrissjóðanna að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er alls ekki sammála formanni Sjálfstfl. í þeim efnum. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talaði um að æskilegt væri að endurskipuleggja lífeyrissjóðina í 10–20 sjóðum, þeir eru núna tæplega 100, og er þar með kominn langleiðina að nálgast okkar tillögur sem voru um það að mynda einn lífeyrissjóð landsmanna sem reyndar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti frv. til l. um, mjög myndarlegt og gott frv., árið 1976 eða 1977. Við leggjum til að að því er réttindin varðar verði einn sjóður, en að því er varðar fjárráðstöfunina og ákvörðunina um nýtingu fjárins og ávöxtun þess verði hann deildaskiptur eftir landshlutum. Þetta held ég að þýði að við erum nær hvor öðrum í skoðunum, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og við Alþýðuflokksmenn í þessu efni eins og reyndar mörgum öðrum, en þeir sem tala í nafni Sjálfstfl. alls.

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal reyndi að útskýra áðan hver væru ágreiningsmál hans við Alþfl. í húsnæðismálum. Og nú kvað við annan tón. Nú var ekki sami gassagangurinn og lætin eins og í fyrri tilraunum hv. þm. til að skýra þennan ágreining. Nú var það sæmilega hógvær og lítillátur maður sem talaði. Fyrsta spurningin að því er varðar þetta er þessi: Er einhver þörf fyrir leiguíbúðir eða er kenning hv. þm. ættuð úr Hávamálum og skýrð með lundarfari eyjarskeggja, að við viljum bara engar leiguíbúðir hafa, afkomendur víkinga sem hér tórum, heldur viljum við vera eigin herrar í eigin húsum? Um það sagði hv. þm., þegar ég var búinn að tíunda fyrir honum niðurstöður þriggja kannana sem sýndu það að fólk vildi að vísu taka þann kost að eiga öryggi í húsnæðismálum í formi leiguhúsnæðis, að það væri ekkert að marka þetta. Ef þetta eru ekki vitlausar kannanir, eins og hæstv. félmrh. segir, þá segir forsjárhyggjumaðurinn mikli, talsmaður Sjálfstfl., að það sé fólkið sem sé vitlaust. Það væri ekkert að marka þetta. Ég bara veit betur. Það er forsendan. Stendur skrifað í Hávamálum væntanlega.

Í annan stað er hv. þm. alls ekkert á móti leiguhúsnæði eftir allt saman. Nei, nei. Hann metur kostina í húsnæðismálum að því er það varðar þannig að hann setur reyndar leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga númer eitt og verkamannabústaði sem næstgeðfelldasta kostinn. En leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga númer eitt. Hvað er leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga? Það eru íbúðir sem byggðar eru eða keyptar að frumkvæði sveitarfélaga með langtímalánum úr opinberum sjóðum og eiginfjárframlagi sveitarfélaganna sjálfra sem eru þar með að binda fé sitt. Til hvers? M.a. til þess að leysa húsnæðisvandamál fólks sem ekki er talið ráða við ríkjandi kjör á markaðnum, sem markaðurinn úthýsir. En engu að síður. Það eru sveitarfélög sem eru að binda fé, eiga þar á móti íbúðirnar, eignamyndun verður sveitarfélagsins, og þau eru að gera þetta í ákveðnum tilgangi, annaðhvort til þess að leysa félagsleg vandamál eða, eins og fram kom í hinum áður tilvitnuðu könnunum, til að greiða fyrir því að sveitarfélagið gæti fengið til búsetu og til starfa við sveitarfélagið utanaðkomandi fólk sem ella væri ekki fáanlegt, m.ö.o. til þess að styrkja atvinnulíf, efla atvinnulíf á viðkomandi stöðum. Það er í lagi. Þá er allt í lagi að mismuna fólki. Þá er allt í lagi að binda fé. Og að því er varðar verkamannabústaðina. Það er auðvitað lán sem eru til langs tíma, 85%, jafnvel upp í 90% ef um er að ræða einstaklinga með af einhverjum ástæðum skerta tekjuöflunargetu eða lágar tekjur. Þeir eru byggðir að frumkvæði sveitarfélaga og úthlutað af sérstökum samstarfsnefndum frá stéttarfélögum og sveitarfélögum. Eignamyndunin verður að lokum þess aðila sem fær inni í verkamannabústað þegar hann hefur greitt upp að fullu. Það eru kaupleiguíbúðir, ákaflega hliðstætt kerfi þó það hafi nokkra kosti umfram verkamannabústaðakerfið. En málið er tvíþætt. Sveitarfélaginu er ætlað frumkvæði í málinu, en til þess að gera þennan kost fýsilegan fyrir sveitarfélögin verður að koma til í fyrsta lagi lagasetning og í annan stað fjárhagsleg fyrirgreiðsla.

Annars vegar erum við að ræða um leiguíbúðir, byggðar að frumkvæði sveitarfélags með lánum til langs tíma, og þá er það sveitarfélagið eða félagasamtök önnur sem leysa það af hólmi sem leggja fram hluta af byggingarkostnaðinum og eru þá eigendur og eignamyndunin verður þeirra rétt eins og um leiguíbúðir sveitarfélaga væri að ræða sem hv. þm. segir að hann taki jafnvel fram yfir verkamannabústaði. Ef kenning hv. þm. um að eyjarskeggjar af víkingaættum vilji undir engum kringumstæðum þiggja þann kost að leigja ganga þeir inn í þetta kerfi, sem heitir kaupleigukerfi, á þeim kjörum að þeir gera samninga um kaup sín á 20% hlutanum og þá er um að ræða algera og fullkomna endurgreiðslu að öllu leyti, bæði á 80% láni úr Byggingarsjóði ríkisins og eins á 20% framlagi hvort heldur er sveitarfélags eða félagasamtaka. Og hver er þá þessi skelfilegi munur? Hvar er sú rökvísi? Hann segir: Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga eru

góðar, tek þær fram yfir verkamannabústaði. Verkamannabústaðir, sem flokkur hv. þm. reyndar hamaðist á móti með mjög svipuðum rökum og nú gegn kaupleiguíbúðum, eru góðir, en kaupleiguíbúðir, sem eru sveigjanlegt form, gefa valfrelsi milli annars vegar eignamyndunar eða leigu, aldeilis óalandi og óferjandi. Hann byggir síðan röksemdafærsluna á því að það sé vegna þess að Alþýðuflokksmenn vilji aldrei una því að fólk sitji við sama borð, sitjandi uppi með þær staðreyndir, sem við erum búnir að fara með og allir sem þekkja til hér í húsnæðismálum þekkja, að gamla kerfið var vissulega þess eðlis, og þá er ég að tala um tímabil hinna neikvæðu vaxta, var vissulega þess eðlis að það færði til fjármuni frá hinum efnaminni til hinna efnameiri. Þeim mun stærra húsnæði sem byggt var, þeim mun stærri lán sem voru tekin, þeim mun meiri vaxtaniðurgreiðsla, þeim mun meira vaxtatap hjá ríkinu og þeim mun meiri raunverulegur hagnaður hinna efnameiri. Í rauninni stenst það engan veginn, ef hv. þm. meinar það sem hann segir, að stefna Sjálfstfl. sé sú að stuðla að séreignastefnu samkvæmt lögmálum markaðarins á þeim vaxtakjörum sem markaðurinn býður fyrir alla þá sem þeim kjörum geta tekið, en viðurkennir hins vegar félagslega þörf og rétt leiguíbúða. Þá er raunverulega engin skýring til á því rökrétt hvers vegna maðurinn bölsótast svona gegn leiguíbúðum nema þetta séu eðlislæg viðbrögð íhaldsmanns sem aldrei má heyra minnst á nýjar hugmyndir eða bætta framkvæmd og það verði að líða aftur nokkrir áratugir og fást reynsla af kerfinu. Þá væri hann kannske vís til þess að syngja því sama lofið og hann syngur verkamannabústöðunum nú.

Dæmi hafa verið nefnd um að íbúðir í verkamannabústöðum eru oft dýrar. Þannig hefur tiltekist í framkvæmd að kostnaðurinn er hár, verðið er hátt þannig að jafnvel 10–15% eigiðfjárframlag er ofviða mörgu fólki, sér í lagi því fólki sem um leið á að fullnægja því tekjuhámarki sem á að vera skilyrði fyrir því að menn fái úthlutað verkamannabústað. Ef farið væri eftir þeim skilmálum um hámark á tekjum væri í mörgum tilfellum auðvelt að sýna fram á að það hið sama fólk gæti ekki risið undir 15% framlaginu, gæti ekki hafa lagt það til hliðar af eigin tekjum, yrði að leita eftir því í bankakerfinu á skammtímalánum á dýrum vöxtum. Kaupleigukerfið er m.a. kerfi sem kemur til móts við þetta vegna þess að það er byggt á því að það er ekki óviðráðanleg útborgun. Það er miðað við það beinlínis að dæmið sé viðráðanlegt sem hlutfall af launum. Ef lánið er frá Byggingarsjóði ríkisins er það greitt að fullu til beggja aðila. Ef um er að ræða fólk sem fullnægir skilyrðum Byggingarsjóðs verkamanna er lánið með 1% vöxtum endurgreitt, 80–85% lánið, en þá er um að ræða leigu og þá er þarna um að ræða framlag frá sveitarfélagi væntanlega samkvæmt okkar tillögum frá stuðningi ríkisins sem er nákvæmlega hliðstætt við margt annað sem gerist í okkar félagslega kerfi. Það stendur síst á manni eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., sem sjálfur er talsmaður hvers kyns millifærslna og möndls í efnahagslífi í þágu sérhagsmuna, að lýsa sig andvígan því, nema þá því aðeins að hann meini ekkert með því þegar hann talar fjálglega um verkamannabústaði eða leiguíbúðir.

Síðan fór hv. þm. með undarlega rullu um verðtryggingu og raunvexti. Ekki þarf hans orð til að upplýsa þá sem hér eru staddir um baráttu Alþfl. fyrir verðtryggingu. Hún er kunn. Hún var lögfest með svokölluðum Ólafslögum í apríl 1979. En sá maður sem setur samasemmerki milli verðtryggingar og jákvæðra vaxta og hávaxtastefnu veit ekki hvað hann er að tala um. Í Ólafslögum, þar sem kveðið var á um verðtryggingu, voru reyndar lagaákvæði, bein og óvefengjanleg lagafyrirmæli til stjórnvalda um að samfara þessari miklu breytingu á verðtryggingu á fjármagni ætti jafnframt að taka upp verulega lengingu á lánum með hliðsjón af greiðslubyrði. Það er ekki við Alþfl. að sakast um framkvæmd þessara mála frá því að þessi ríkisstjórn lauk störfum í októbermánuði 1979 heldur við þá sem farið hafa með völd síðan í tveimur ríkisstjórnum. Það sem við höfum verið að rekja hér, misgengi lána og launa og hækkun raunvaxta í kjölfar takmarkaðs vaxtafrelsis, er svarið við því hvernig þessi mál hafa verið framkvæmd.

Það kom hvergi fram í mínu máli að misgengi lána og launa hefði ekki byrjað fyrr en við afnám vísitölubindingar launa 1983. Ég tók skýrt fram að það hefði byrjað fyrr við ítrekaðar skerðingar fyrri ríkisstjórnar á vísitölubótum launa. Það var orðið m.ö.o. mjög áberandi veturinn 1981–1982. Reyndar fluttum við þm. Alþfl. þá þegar að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur tillögur á hinu háa Alþingi um að bregðast við því þegar með þeim hætti að lengja lánstíma og færa þann hluta af greiðslubyrðinni sem væri umfram launaþróun aftur fyrir höfuðstól og lengja lán. Þær tillögur voru felldar. En staðreynd er að þetta var byrjað. Þetta er þróun sem hefur staðið yfir frá árinu 1981 a.m.k. En það þýðir ekkert að koma hér í ræðustól og ætla að vísa afleiðingunum af framkvæmd mála í vaxtamálum eftir 1979 á okkar ábyrgð. Það er út í hött. Og að því er varðar t.d. áhrif hallareksturs ríkissjóðs á vaxtastig í landinu, sem er meginskýringin á því hvers vegna vextir eru hér svo háir sem og að í framkvæmdinni hafa menn haldið fast við að hafa bein tengsl milli hækkunar óbeinna skatta og lánskjaravísitölu, sem ég fjallaði nokkuð um í fyrri ræðu minni, er það auðvitað algerlega á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Að því er varðar fjármögnun þess átaks sem við gerum tillögu um um kaupleiguíbúðir vek ég athygli hv. þm. á því að hér er ekki um stórt mál að ræða í fjárhagslegu tilliti, engan veginn. Í samanburði við aðrar sambærilegar þjóðhagsstærðir er það hreinlega ekki svo. Ég nefndi sem dæmi að eini verðtryggði tekjustofn sveitarfélaga hér á landi, sem er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, hefur í tíð núv. ríkis-

stjórnar verið skertur um hundruð millj. Talan sem nefnd hefur verið er 700 millj. og henni hefur enn ekki verið andmælt hér. Hún kann að vera hærri. Við erum að tala um 250 millj. rúmlega á tveimur árum til að byrja þetta átak og ég geri mér fullkomlega ljóst að þess er ekki að vænta að sveitarstjórnir úti um land hafi frumkvæði að því að fara af stað með þetta byggingarform fyrr en það liggur fyrir, ekki kannske fyrst og fremst lagaforsendur þó það sé æskilegt, heldur hvaða fjárhagslegu fyrirgreiðslu og hverra kjara sé að vænta til þess að koma þessu af stað af hálfu ríkisvaldsins.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur þessi umræða engan veginn verið óþörf eða gagnslaus og ef við spyrjum hver sé niðurstaðan að því er varðar mat manna á reynslunni af því kerfi sem hér hefur verið til umræðu núna eftir sex mánaða reynslu eru mínar niðurstöður þessar:

Ég tel það ljóst í fyrsta lagi, miðað við raunverulega eftirspurn og útlánaþörf í hinu nýja kerfi og miðað við vaxtamun tekinna lána og útgreiddra, að óhjákvæmilegt sé að stefna að því að hækka framlag ríkissjóðs af skattgreiðslum allverulega á næstunni. Minni ég í því efni á það sem fram kom í máli hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar þar sem hann sagði að það væri lágmark að hækka það úr 25% í 33% til þess að tryggja eiginfjárstöðu byggingarlánasjóðanna í framtíðinni.

Í annan stað tel ég að það sé mjög nauðsynlegt, ef við lítum á fasteignamarkaðinn og fjármögnun hans í heild, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að skilyrða lán vegna kaupa á notuðu húsnæði, og þá er ég sérstaklega með í huga þá sem eru að selja stærri eignir skuldlitlar, því að útborgunarhlutfallið á fasteignamarkaðnum lækki. Það dregur úr lánsfjárþörf hins opinbera og er að mínu mati réttmætt þegar haft er í huga að eigendur þessara eigna hafa á sínum tíma fengið verulegar millifærslur í sinn hlut gegnum neikvæða vexti, að þeir geri sitt til, það getur ekki kallað fram nein harmkvæli, til þess að lengja lán á þessum markaði.

Í þriðja lagi er alveg ótvírætt nauðsynlegt að mínu mati með hliðsjón af reynslunni eftir verðtryggingu og háa raunvexti, sem ekkert bendir til, a.m.k. ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar, að breytist, og með hliðsjón af þeirri breytingu sem verður með staðgreiðslukerfi skatta, þegar unga fólkið sem er að byrja á vinnumarkaðnum verður þegar í stað að fara að greiða skatta af tekjum sínum, að það þurfi að verja meira fé til að efla hið félagslega kerfi. Okkar niðurstaða er ótvírætt sú og ég veit að hún á vaxandi fylgi að fagna að hentugasta formið í því efni séu þær kaupleiguhugmyndir sem við höfum gert hér tillögur um.

Á það hefur líka verið bent í þessum umræðum að á sama tíma og fjárvöntun er til að standa við lánsloforðin sem gefin hafa verið út en biðtíminn verður í reynd eins langur og ástæða er til að ætla kunni að vera réttmætt líka að hafa ákveðnar viðmiðanir við eignir manna sem sækja þarna um niðurgreitt lánsfé, það hafi kannske verið misráðið í kerfinu upphaflega að búia til nýjan flokk manna með ný réttindi, þ.e. þeirra sem eiga umtalsverðar skuldlausar eignir fyrir. Þetta er spurning um að nýta þetta takmarkaða fé á sem hagkvæmastan hátt þannig að það komi að sem bestu gagni þeim sem mesta hafa þörfina.

Magnús H. Magnússon:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ásamt hæstv. félmrh. draga mjög í efa að fólk fái synjanir vegna lágra launa. Ég skal segja ykkur eitt dæmi.

Ég hringdi í Húsnæðisstofnun s.l. fimmtudag og var að spyrjast fyrir um afgreiðslu á einni umsókn. Það var umsókn sem búið var að lofa afgreiðslu á fyrir jól. Þá var mér sagt að það væri á leiðinni bréf til þessarar konu, þetta var einstæð móðir, þar sem henni væri synjað um lán á þeim forsendum að launin væru of lítil. Það væri verið að skrifa henni bréf og á annað hundrað sams konar bréf. Þetta var svarið.

Ég fór að spyrja um þetta nánar. Jú, jú, þetta er einstæð móðir og hefur ekki getað unnið fulla vinnu. Þess vegna er henni neitað. Hún er að hefja sambúð með manni sem var sjómaður með góð laun og er búinn að borga í lífeyrissjóð í tíu ár, fer svo að asnast við að fara í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og er búinn að vera þar tvo vetur, tvisvar sinnum níu mánuði. Hann fær neitun á þeim forsendum að hann er ekki búinn að vinna nógu lengi s.l. tvö ár, ekki búinn að borga í lífeyrissjóðinn þó hann sé búinn að borga óhemjumikla peninga í tíu ár. Þau eru bæði réttlaus. Mér er sagt að þetta sé eitt af á annað hundrað bréfum sem er verið að senda út. Svo halda þeir því fram hér, þessir ágætu menn, að það sé ekki verið að neita neinum.

Það hefur komið hér fram um peningastreymi frá lífeyrissjóðunum utan af landi og það er kallað rugl. Hv. 2. þm. Norðurl. e. og Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., kalla það rugl. Ruglið er ekki mjög mikið. Ég veit ekki um þessar prósentur af umsóknum, 40% utan af landi eins og sagt er. Það mátti kannske koma. Það er búið að byggja meira en 80% af öllum íbúðum síðustu ára á Stór-Reykjavíkursvæðinu, meira en 80%, minna en 20% úti á landi síðustu líklega 2–3 árin. Það mátti aldeilis breytast. En ég hefði viljað vita hvað af þessu eru nýbyggingaumsóknir. Það skiptir miklu máli. Hvað skyldu vera margar umsóknir frá Akureyri þar sem var sótt um eina lóð í fyrra á heilu ári? (**HBl:** Ég sagði hvað það var áðan í ræðu minni.) Það var engin sundurgreining á því hvað væru nýbyggingar. (**HBl:** Ég sagði að það væru 6,8% á Norðurlandi eystra, en ég hefði ekki nánari sundurliðun.) Í Vestmannaeyjum var í fyrsta skipti á öldinni ekki byrjað á einni einustu íbúð í fyrra. Skyldu vera margar umsóknir um lánveitingar þangað? Það er búið að sækja um nýbyggingalán fyrir fimm íbúðir í Vestmannaeyjum á sama tíma og 400 millj. fara úr

lífeyrissjóðunum þaðan inn í þetta kerfi. Ég veit ekki hvað mikið hefur verið sótt um vegna kaupa á eldra húsnæði, en auðvitað skiptir það miklu máli hvort við erum að tala um nýbyggingalán sem eru miklu hærri en hin. Þetta er allt ruglið. (**GJG:** Þetta hefur verið svona. Þetta er ekki að koma núna.) Nei, nei, þetta er búið að vera svona síðustu árin, en það er verið að herða á straumnum.

Það kom hérna fram hvort lagabreyting væri nauðsynleg. Auðvitað er það nauðsynlegt að lögum verði breytt til þess að við getum komið kaupleigu á vegna þess að sveitarfélögin mega ekki í dag byggja til að selja. Þau fá þá engin lán. Ef þau byggja leiguíbúðir mega þau ekki selja. Það er alveg á hreinu að þarf að breyta lögum.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að hv. 2. landsk. þm. hafi sagt að það eigi að leggja niður verkamannabústaðakerfið. Svo les hann upp heilmikla tilvitnun í hennar ræðu þar sem fram kemur að hún álíti að kaupleigufyrirkomulagið geti leitt til þess að það komi í staðinn fyrir verkamannabústaðakerfið. Hann sem lögfræðingur segir að það jafngildi því að það eigi að leggja það niður. Ég er ekki vel að mér í lögfræði, en það er auðvelt að sjá að þetta eru engin rök.

Hann var að reikna út heilmikið dæmi, hv. 2. þm. Norðurl. e., af manni sem er svo forsjáll að hann fer að leigja í dag til að geta keypt eftir 40 ár. Það má fyrr vera andskotans forsjálnin — ég biðst afsökunar á orðfærinu. Auðvitað er hægt að girða fyrir svona lagað annaðhvort í lögum eða reglugerð ef menn sjá fram á að eitthvað slíkt sé að. Það þýðir ekki að dæma allan skóginn þó að eitt tré finnist visnað.

Hv. þm. sagði að það hefði verið í minni ráðherratíð sem full verðtrygging var tekin upp á lánum. Það var tekið upp í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar 1978 og hert á því mjög vorið 1979. Sjálfur les hann upp að 9,75% vextir, 60% verðtryggt, þýðir 5–5,5% raunvexti allan tímann. Hann segir svo að það hafi verið hækkaðir raunvextir þegar þessu er breytt í 2%. Það varð m.a.s. að setja inn í lögin sem voru samþykkt 1980 sérstök fyrirmæli til húsnæðisstjórnar eða heimild til að lækka verðtrygginguna af gömlu lánunum sem voru veitt í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, lækka þannig að raunvextir yrðu þó ekki nema 2% í stað 5–5½.

Breytilegir vextir, lækkun vaxta þeirra sem tekjur minnka hjá og annað því um líkt í 1%, hækkun hjá hinum sem kannske eru með 1% vexti í byrjun og verða svo tekjuháir menn. Ég hef verið talsmaður þessara breytinga, bæði í nefndinni og víðar. Auðvitað getur þetta allt eins átt við lán til kaupleiguíbúða.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. fjasaði mikið um það hámark sem hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm. vilja koma inn, þ.e. 50% hámark á útborgun. Hugmyndin á bak við þetta hjá þeim er sú að reyna að koma í veg fyrir að öll hækkun lána frá húsnæðismálastjórn fari beint í hækkun útborgunar. Þetta er hugmyndin. Það er mikið talað um að þetta sé afskaplega mikill mismunur á réttindum. Hver er mismunurinn? Íbúð sem kostar 3,2 millj. fær hámarkslán þó við höldum okkur við 50% útborgun. Það eina sem skeður í því tilviki er að útborgunin lækkar um 800 þús. Lánið er jafnmikið, 50%. Það er allt og sumt. Það er hugsanlegt að finna það dæmi ef íbúðin kostar innan við 2 millj. að þetta geti virkað í svipaða átt og hv. þm. var að tala um.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Þessar umræður eru orðnar alllangar og eðlilegt að það sé komin þreyta í mannskapinn. (**Gripið fram í:** Ertu þreyttur?) Nei, nei. Ráðherra er ekki þreyttur.

Ég vil aðeins koma inn á örfá atriði. Vegna þrábeiðni hv. 2. landsk. þm. þykir mér rétt að svara því sem hann hefur verið að klifa á núna og gera kröfur um svör. Ég vil aðeins segja það í fyrsta lagi í sambandi við skýrslu um synjanir sem hér hefur komið fram frá fleiri hv. þm. að það er alveg sjálfsagt, eins og ég tók fram eða þóttist hafa svarað í sambandi við fsp. frá hv. 5. þm. Reykv., að ég tel að þetta eigi ekki að vera neitt leyndarmál. Ráðgjafarstofnunin, sem sér um þennan þátt mála í Húsnæðisstofnun, hefur þann sið að hún gefur upplýsingar á ákveðnum tímabilum um það sem hún er með í meðferð. Mér finnst sjálfsagt að kalla eftir þessari skýrslu fljótlega og láta gefa um það opinbera tilkynningu. Það er alveg sjálfsagt að gera það. Það er ekkert því til fyrirstöðu þannig að fram komi flokkun á tegundum synjana.

Ég hef því miður ekki í fórum mínum neinar tölur um þetta sem ég get birt. Ég veit um að það voru þar hundruð bréfa sem fóru frá stofnuninni sem mátti skilja sem synjun, en það var ekki öðruvísi en þannig að það voru atriði sem var beðið um nánari skýringar á. Fólk átti þess kost að gera frekari grein fyrir sínum málum. Úrvinnsla er í gangi hjá ráðgjafarstofnuninni. Ég veit ekki nákvæmlega hvað búið er að synja mörgum, en ég skal kalla eftir því og sjálfsagt að láta það vera opinberar upplýsingar. Mér finnst það vera nauðsynlegt.

Í sambandi við þetta sífellda tal um upplýsingar um biðtíma o.s.frv. Ég vil kalla það afgreiðslutíma. Eins og framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunarinnar hefur skilmerkilega gefið út er þessi biðtími úr sögunni. Það tilheyrir ekki lengur því formi sem Húsnæðisstofnunin vinnur eftir. En ég ítreka að það sem hér er um að ræða er að stofnunin er að vinna í þessum málum og þar eru vinnuskjöl sem hafa verið til meðferðar og farið alla leið upp í húsnæðisstjórn sem trúnaðarmál. Ég hef fengið ljósrit af þessum vinnuskjölum. Jafnframt var skipaður sérstakur vinnuhópur sem er að störfum og m.a. hefur óskað eftir ákveðnum upplýsingum frá félmrh. og fjmrh. í sambandi við þessi mál. Hann er að fara yfir heildarstöðu þessara mála í sambandi við þær umsóknir sem komnar eru. Þær niðurstöður verða lagðar fyrir næsta stjórnarfund og ráðherra. Húsnæðisstofnun mun í framhaldi af því gefa út fréttatilkynningu. Svona er málið einfalt. Það er ekki hægt

að rugla því saman við að gera hér kröfu um að heimta upplýsingar um einhver leyniskjöl sem menn tala um. Þetta eru vinnuskjöl sem verið er að vinna úr til að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem stjórn stofnunarinnar á síðan að leggja mat á fyrir fréttatilkynningar. (**JBH:** Á þeim hvílir engin leynd?) Það er ekki rétt að tala um að það séu einhver leyniskjöl í gangi í sambandi við þetta. Það eru ákveðin trúnaðarskjöl sem eru vinnuskjöl stofnunarinnar. Ég tel að stofnunin hafi fullkomið leyfi til að vera ekkert að birta slík vinnuskjöl sem öruggar staðreyndir frá stofnuninni fyrr en hún er búin að fullvinna málið. Er sennilega örstutt í að það verði birt. Ég á von á því a.m.k.

Þriðja atriðið sem hv. 2. landsk. þm. var að spyrja um var um 300 millj. sem var samkomulag aðila vinnumarkaðarins um að leggja til viðbótar við þær 200 millj. sem ákveðið var í ársbyrjun 1986 að láta í greiðsluerfiðleikalán þannig að það yrðu 500 millj. Það var ákveðið að það kæmu gegnum lífeyrissjóðina sérstök kaup sem voru tilgreind 925 millj. kr. Af því átti ríkissjóður að fá 625 millj. vegna sérstakra aðgerða og áttu 300 millj. að renna í Byggingarsjóð ríkisins vegna þessara aðgerða. Af þessari upphæð skuldar ríkið enn 143 millj. kr. Ég skal ekki dagsetja neitt, en þannig er staðan í dag. Þetta gat gengið vegna þess að fjárhagsleg staða Byggingarsjóðs á s.l. ári var nokkuð góð. Eins og ég sagði áðan voru 700 millj. í sjóði um s.l. áramót. Það hefur því ekki verið stíft kallað eftir þessu. En það eru þarna eftir 143 millj. sem eru mismunurinn.

Þá er það sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég er ekki sáttur við endurtekna framsetningu hv. þm. þrátt fyrir skýrar upplýsingar þar sem hann var að klifa á því að skýrslur hefðu ekki komið fram sem unnar voru af nefnd á vegum ráðuneytisins í sérstökum tilgangi í sambandi við upplýsingar um fasteignamarkaðinn á árinu 1985 og síðasta skýrslan var afhent milliþinganefnd í febrúar 1986. Þessar skýrslur voru allar opinberar eins og ég tók fram skilmerkilega og allar þessar skýrslur voru í höndum milliþinganefndar og laganefndarinnar sem samdi frv. að þeim lögum sem við höfum verið að vitna hér í. Laganefndin fór yfir þau gögn sem hún kærði sig um. Hún var eins og allir vita undir forsæti Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra og í þessari nefnd voru aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar sem ríkisstjórnin skipaði í sambandi við þessi mál og þar á meðal var fulltrúi frá félmrn. sem hafði aðgang að öllum þessum plöggum og núverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Það er náttúrlega útilokað að halda að félmrh. hafi ráðið þeirri stefnu sem kom fram í þessum lögum. Þetta var byggt á allsherjarsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um það hvernig þetta yrði sett fram.

Vegna þess sem hér hefur komið fram í viðbót í sambandi við ýmsa þætti þessara mála sem menn vildu hafa öðruvísi vil ég geta þess sérstaklega að ráðuneytið og Húsnæðisstofnun hafa unnið í sameiningu að þessu máli frá því að lögin voru samþykkt hér á hv. Alþingi á s.l. ári eftir því sem úrvinnslan kom fram og mótað var verklag í sambandi við framkvæmd laganna, að koma fram með ýmsar hugmyndir að breytingum sem þyrfti að gera á frv. Ég, sem ráðherra, lét vinna þetta skipulega þannig að allar slíkar hugmyndir voru ýmist lagðar fyrir milliþinganefndina og þaðan fyrir laganefndina sjálfa undir forsæti hagstofustjóra. Ég taldi nauðsynlegt og sjálfsagt að fara ekki að koma fram með neinar breytingar á frv. öðruvísi en í samráði við þessa aðila. Þess vegna var það að það sem kom fram í frv. til laga sem er til meðferðar hér í hv. deild er einvörðungu það sem allir gátu verið sammála um að þyrfti að lagfæra. Það er ýmislegt tæknilegt eða, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í kvöld, sumt af því leysir gífurlega mörg vandamál og m.a. eitt af því sem hv. þm. Magnús H. Magnússon var að nefna áðan. Menn fá e.t.v. núna synjun eða verri afgreiðslu en þeir hafa vænst einmitt vegna þess að það þarf að laga svona atriði, eins og t.d. mismunandi aðstöðu inn á vinnumarkaðinn eða tímabundið inn á vinnumarkaðinn og eins afleiðingar þess að stytta tímann, lífeyrissjóðstímann, í 20 mánuði innan 24 mánaða. Þetta hefur gífurlega mikið að segja og leysir svona ýmis tæknileg atriði sem skipta miklu máli. Þess vegna legg ég enn á ný mikla áherslu á að þetta nái fram að ganga því það leysir úr mörgum vandamálum sem Húsnæðisstofnun ræður ekki við vegna laganna sjálfra. Auðvitað er ýmislegt sem þarf að laga. En hitt atriðið sem hefur borið mjög á góma, með þá aðila sem eru að sækja inn á lánin en eiga miklar eignir o.s.frv., það er ekkert auðvelt mál. Það verður að koma lagabreyting til og aðilar vinnumarkaðarins í þessari laganefnd, sem ég nefndi áðan, hafa ekki verið tilbúnir að fallast á það vegna þess að, eins og ég sagði hér fyrr í ræðu minni í kvöld, það hafa allir rétt til að sækja um lán sem fullnægja þeim skilyrðum sem lögin gera ráð fyrir. Það er ekki ætlast til þess að þeim sé mismunað þegar út í framkvæmdina kemur ef þeir að öðru leyti uppfylla þau skilyrði sem fram eru sett.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta lengur. Ég vil bara þakka fyrir þessar miklu og ágætu og löngu umræður. Menn hafa skipst hér á skoðunum um þetta mikilvæga mál og margt hefur komið fram en aðalatriðið er það að við hljótum að vera sammála um það sem ég vil leggja áherslu á a.m.k. um sinn að verja þetta kerfi og reyna að treysta það í sessi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að leiðrétta það fyrir hönd okkar 7. þm. Reykv., Guðmundar J. Guðmundssonar, að okkur sé ekki kunnugt um þær starfsreglur Húsnæðisstofnunar að meta lánsumsóknir út frá því hvort viðkomandi hafi bolmagn til þess að standa undir þeirri fjárfestingu sem kaup á íbúðarhúsnæði felur í sér. Okkur er báðum kunnugt um að synjanir á þeim forsendum eiga sér stað og slíkum synjunum ætla ég að vísa til ráðgjafarþjónustunnar. Um það var rætt allan tímann sem þessi

löggjöf var í undirbúningi og þetta hefur margkomið fram í þeirri nefnd sem við hv. þm. Magnús H. Magnússon áttum sæti í. Ég vil einnig leiðrétta aftur að í prentuðu þskj. segir að 1. júlí 1979 hafi verðtrygging lána að fullu, miðað við byggingarvísitölu, verið tekin upp. Það stendur hér í prentuðu þskj. og skal ég ekki segja um það hvort þskj. fer rangt með eða hv. þm. en það stendur hér og ekki er ágreiningur um hitt heldur að vaxtalækkunin 1979 hafi veikt stöðu Byggingarsjóðs og skapað neikvæðan vaxtamun á ný.

Jón Sveinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið. Mér finnst samt rétt að ég segi örfá orð bæði vegna þess að ég átti sæti í þeirri nefnd sem hér hefur oft verið vitnað til og Stefán Ingólfsson veitti forstöðu. Ég sat í þeirri nefnd ásamt Stefáni, Friðrik Stefánssyni og Gunnari Helga Hálfdánarsyni. Skiluðum við þeim sex skýrslum sem hafa verið margnefndar í umræðum í dag, bæði hér í þinginu og eins í allmörgum blaðagreinum sem hafa birst nú síðustu daga og vikur.

Sérstök ástæða er til þess að víkja stuttlega að ummælum sem hv. þm. Stefán Benediktsson lét sér um munn fara í sinni ræðu í kvöld. Þau snerta þá leynd sem menn hafa gert hér að umtalsefni og þær skýrslur sem ég nefndi hér á undan. Það hefur reyndar verið leiðrétt hér af ýmsum að engin slík leynd hafi átt sér stað. Bæði hefur ráðherra og reyndar ýmsir aðrir stjórnarþingmenn bent á það og vil ég enn ítreka það. Stefán gat þess sérstaklega að það hefði þurft sérfræðinga til þess að lesa út úr þessum skýrslum og koma þeirri vitneskju sem í þeim kemur fram á réttan hátt til þm. og annarra sem um þær eiga að fjalla. Ég vil benda sérstaklega á í þessu sambandi að í milliþinganefndinni sem slíkri sátu sérfræðingar með þá þekkingu sem nauðsynleg er til þess að lesa úr jafneinföldum skýrslum og hér er um að ræða. Ég a.m.k. get ekki séð að það sé verulegur mismunur á sérfræðiþekkingu þeirra nefndarmanna sem sömdu þessar skýrslur og milliþinganefndarmönnunum sjálfum. Þetta eru í flestum tilvikum einstaklingar með mjög sambærilega eða svipaða menntun og eiga þess vegna mjög auðveldlega að geta lesið úr jafneinföldum gögnum og þessar skýrslur eru.

Ég verð líka að segja það að ef þessar skýrslur hafa ekki komist til skila til alþm. og annarra sem um þær vilja fjalla, þá er það einungis vegna þess að fulltrúar viðkomandi stjórnmálaflokka í milliþinganefndinni hafa ekki komið þeim rétta boðleið. Eins og hér hefur verið margnefnt þá lágu allar þessar skýrslur frammi í milliþinganefndinni, þær voru lagðar þar fram á fyrstu fundum hennar ef ég man rétt. Það er því ekki hægt að segja með neinni sanngirni að þessar skýrslur hafi ekki legið fyrir og að á þeim hafi hvílt einhver sérstök eða ákveðin leynd. Það er alrangt. (**JBH:** Var efni skýrslnanna rætt í milliþinganefndinni?) Efni skýrslnanna var ekki rætt sérstaklega frekar margra annarra gagna sem þar voru fram lögð. Hygg ég að varla sé hægt að ætlast til þess í slíkri nefnd þar sem lagðar eru fram skýrslur og gögn svo hundruðum blaðsíðna skiptir. Að slík gögn séu rædd efnislega lið fyrir lið eða þá lesin upp, eins og mér hefur fundist á sumum ræðumönnum að ætlunin hafi verið, er fráleitt. Ég tel að það sé ekki hægt að ætlast til þess í slíku starfi heldur að hver og einn taki þessi gögn með sér heim, lesi þau og komi þeim síðan á framfæri við þá aðila sem þeir telja að þau eigi erindi til. A.m.k. gerði ég það og kynnti mínum aðilum, þeim sem ég taldi að á þessum upplýsingum þyrftu að halda. Það er því af og frá að hér hafi verið um nokkra leynd að ræða og í rauninni algjör falskenning að halda slíku fram. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart eftir það samstarf sem ég átti við Stefán Ingólfsson í þeirri nefnd sem ég nefndi hér á undan að hann skuli halda fram slíkum hlutum. Hann heldur því að vísu ekki beinlínis fram í Morgunblaðinu 24. febr. s.l., en lætur þó að því liggja að þessi gögn hafi ekki komið fram á þann hátt sem ætlast hafi verið til. Haldnir voru blaðamannafundir, skýrslurnar komu allar fram í milliþinganefndinni og allir, hvort sem voru fréttamenn eða aðrir, hafa fengið þessar skýrslur í hendurnar þegar þess hefur verið óskað. Hef ég fyrir mitt leyti látið allmarga aðila hafa ljósrit af þeim þegar ég hef verið um það beðinn. Ekki meira um það.

Ég hygg að starfi milliþinganefndarinnar hafi í raun lokið með setningu húsnæðislaganna s.l. vor, vorið 1986. Gerðu allir sem sátu í milliþinganefndinni sér grein fyrir því að störfum nefndarinnar var þá nánast lokið. Það verkefni sem okkur var sett fyrir hendur var í raun ekki til staðar eftir að búið var að samþykkja hin nýju lög. Ég lét þá skoðun í ljós að mér fyndist óeðlilegt að nefndin héldi áfram störfum eftir það. Nefndarmenn vildu samt sem áður ræða málin frekar og líta á félagslega kafla húsnæðislánakerfisins. Lá þó fyrir að hvað mestur ágreiningur var um hann og lá nánast ljóst fyrir að nefndarmenn gátu aldrei orðið sammála um svo sem í ljós kom þegar loksins var gengið frá nefndarálitinu nú fyrir skömmu.

Það hefur verið mikið rætt hér um kaupleiguíbúðir, en við fjölluðum mikið um þær í okkar nefndarstarfi. Magnús H. Magnússon lagði þar fram mjög skýrar till. Alþfl. og hann fylgdi þeim ágætlega úr hlaði og skýrði þær alveg sæmilega út, a.m.k. held ég að ég hafi skilið þær nokkuð vel. Samt sem áður verð ég að segja það fyrir mitt leyti að ég tel að þær séu ekki raunhæfur kostur í þeirri stöðu sem við erum með húsnæðiskerfið í dag.

Í fyrsta lagi hefur verið margbent á það og allir milliþinganefndarmennirnir voru í rauninni sammála um að það væri nauðsynlegt að láta reyna á það húsnæðislánakerfi sem er svo nýtt og allir eru sammála um að einhver reynsla verði að fást á. Allir voru sammála um það að taka einhvern tiltekinn tíma í að fá á það reynslu og skoða síðan málið eftir

það. Að því leytinu til var mjög órökrétt að fara að ályktа eða samþykkja einhver tiltekin ákvæði um kaupleiguíbúðir. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að ef menn vilja stíga eitthvert slíkt skref þá sé miklu æskilegra að efla leiguíbúðakerfi sveitarfélaga. Ákveðin áform og ákveðnar óskir af hálfu Samtaka íslenskra sveitarfélaga eru uppi um það að auka lánsrétt sveitarfélaga og veita þeim svipuð eða sambærileg kjör og veitt eru úr Byggingarsjóði verkamanna. Slíkar hugmyndir hygg ég að sé miklu æskilegra að skoða en það kaupleigufyrirkomulag sem Alþfl. leggur til.

Einnig vil ég benda á að það eru ýmsir hnökrar á verkamannabústaðakerfinu sem er nauðsynlegt að lagfæra og skoða mjög gaumgæfilega. Þeim þáttum ætti að gefa miklu meiri gaum en gert hefur verið til þessa.

Í þessari umræðu hefur líka mikið verið rætt um þann biðtíma sem skapast hefur í því húsnæðiskerfi sem farið er eftir í dag. Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst ekkert óeðlilegt að biðtími eftir lánum sé nokkur. Er alls ekkert óeðlilegt að biðtími sé 12 mánuðir og alveg upp í 20 mánuðir. Það sem skiptir hins vegar meginmáli í þessu sambandi er að þau greiðsluloforð standist sem fólkinu eru veitt og að fólk geti treyst því að þeir greiðsludagar standist sem upp eru gefnir í greiðsluloforðunum svo að unnt sé að miða fjárhagsáætlanir við þessi greiðsluloforð.

Ég þekki dæmi þess að fólk hefur í allnokkrum mæli fengið bréf nú í janúar þar sem tekið er fram að fyrri hluti láns komi til útborgunar í september á þessu ári, en seinni hlutinn í janúar árið 1988. Sumir þessara aðila reiknuðu með því að þeir fengju þessi lán í einu lagi seinni hluta árs 1987 eins og upphaflega var talað um, en nú kemur það í ljós að lánið skiptist í tvennt, kemur ekki til lokaútborgunar fyrr en 1988. Get ég ekki séð eða heyrt að það gæti mikillar óánægju með þetta. Fólk er yfirleitt ánægt með að vera búið að fá sitt lánsloforð í hendurnar. Það er það sem skiptir meginmáli og síðan hitt að þau standist og að fjármagnið verði til þegar gjalddaginn eða greiðsludagurinn kemur. Biðtíminn sem slíkur er í rauninni algjört aukaatriði.

Að lokum, úr því að áliðið er orðið og búið að eyða miklum tíma í þá umræðu sem hér hefur farið fram, vil ég aðeins víkja að þeirri umræðu sem fram hefur farið hér í kvöld um flutning á fjármagni frá landsbyggðinni í gegnum lífeyrissjóðina til Reykjavíkur. Af hálfu Alþýðuflokksmanna hefur mér helst heyrst að þetta væri mjög óæskilegt og einungis til þess að auka þenslu og fjárfestingu, bæði í nýju og notuðu húsnæði í Reykjavík. Þess vegna væri fróðlegt að fá það upplýst af hálfu Alþýðuflokksmanna hvort þeir eru beinlínis þá að leggja til að tekin verði upp einhvers konar kvótaskipting í skiptingu þess fjármagns sem til ráðstöfunar er innan Húsnæðisstofnunar. Er þetta það sem þeir vilja í þessu sambandi, að úthlutun fjármagns úr Húsnæðisstofnun miðist við hvernig fjármagnið skilast inn í stofnunina í gegnum lífeyrissjóðina? Ég get ekki skilið þeirra málflutning á annan hátt en þann að það sé eitthvað slíkt sem þeir óski helst eftir. Væri fróðlegt fyrir okkur sem hér höfum hlýtt á þennan málflutning að fá skýringar á því, hvort sem þeir kjósa að gera það nú eða síðar.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er kannske nokkuð seint að bera fram fsp. til málsvara Alþfl. í þessum umræðum. Þó skal það tekið fram skilmerkilega að við erum ekki að mæla með neinu framsóknarkvótakerfi. Fyrir liggja hér á þskj. tillögur okkar um einn lífeyrissjóð sem verði deildaskiptur að því er varðar yfirráð yfir fjármagni og ráðstöfun á ávöxtunarkjörum þannig að þeir sem fara með umboð fólksins úti á landi hafi ráðstöfunarrétt á því hvar þetta fé er ávaxtað.

En, herra forseti, vegna þess sem hér hefur verið sagt um fjarstaddan mann, Stefán Ingólfsson, og ég tel mig bera nokkra ábyrgð á þar sem ég vitnaði til hans ummæla, vil ég taka fram tvennt:

Í fyrsta lagi: Höfundur umræddrar greinar í Morgunblaði, Stefán Ingólfsson, hefur sjálfur sagt um það hvernig þessar upplýsingar voru meðhöndlaðar á þessa leið. Höfundur þessarar greinar hefur opinberlega bent á að það hafi haft afar slæmar afleiðingar að áðurnefndar upplýsingar komu ekki fram. Ráðherra húsnæðismála hefur gefið sterklega í skyn að þessar upplýsingar hafi ekki verið fyrir hendi. Í útvarpsþætti sagði hann nýlega orðrétt „að það væri rakalaust kjaftæði", orðrétt tilvitnun, „að slíkar skýrslur hefðu verið til."

Herra forseti, ég biðst afsökunar á orðbragðinu. Hér er um að ræða hinar umdeildu skýrslur, sjö talsins. Ég spurðist fyrir um það: Voru þær ræddar í milliþinganefnd? Svar: Milliþinganefnd fékk hundruð blaðsíðna í hendur til þess að fjalla um og þær voru ekki ræddar. Það sem ég hef um þetta að segja, herra forseti: Mér finnst það vera partur af upplýsingaskyldu ráðuneytis, sem vinnur að stefnumótun í húsnæðismálum og hefur nefndir í sinni þjónustu, að taka það sérstaklega fram og koma því til skila sem máli skiptir og hefur upplýsingagildi vegna þeirrar lagasetningar sem hér um ræðir, í staðinn fyrir að fleygja einhverjum hundruðum blaðsíðna í nefnd sem ekki ræðir þær og það er þá komið undir áhugasviði og atorku hvers og eins hvort hann les eða hvað. Mér finnst það vera partur af vinnuskyldu ráðuneytisins að vinna úr þessum gögnum þegar um er að ræða m.a. upplýsingar sem varða beinlínis t.d. áætlanir um lánsfjárþörf, útlánaáætlanir og nýja hópa sem fá réttindi og koma til með að breyta útlánaþörfinni.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd út af orðum hv. 5. þm. Vesturl. Hann sagði mjög skýrt og skilmerkilega frá þeim atriðum sem snertu áfangaskýrslurnar og ég sé ekki betur en að hann hafi í raun og veru staðfest það að kjarni málsins er sá að

úr þessum skýrslum mátti lesa væntanleg áhrif lagabreytinganna frá því í fyrravor á fasteignaviðskipti og þar af leiðandi á lánsfjárþörf. Lögin sem samþykkt voru í fyrravor beina fjármagni í ríkara mæli inn á fasteignamarkaðinn frá nýbyggingamarkaðinum. Það sem áður fór að 70% til nýbyggingamarkaðarins fer núna að 70% beint inn á fasteignamarkaðinn og áhrifin af þessum breytingum hefði mátt lesa út úr þessum skýrslum ef menn vissu að hverju þeir voru að leita. (**HBl:** Þessar staðreyndir lágu fyrir fyrir mörgum árum.) Mætti ég kannske biðja þá þm. sem þegar hafa talað sig dauða að haga sér samkvæmt því (**Gripið fram í:** Menn mega nota sér frammíkallsrétt.) og leyfa mér að ljúka máli mínu. Ég hef ekki nema mjög skamman tíma hér vegna þess að ég er líka einn þeirra sem eru búnir að tala sig dauða, er aðeins að gera stutta athugasemd og benda á það að ummæli hv. 5. þm. Vesturl. gera ekkert annað en að staðfesta það sem Stefán Ingólfsson sagði í blaðagrein sinni í Morgunblaðinu.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræðurnar, ég vil bara segja það hér og nú eftir allar þær upplýsingar sem fram hafa komið við umræðurnar að mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt hvernig menn tala um þessi mál með tilliti til þess að formaður laganefndarinnar sem samdi þetta frv. og hans nefndarmenn höfðu þessar upplýsingar og það er bókstaflega verið að setja fram vantraust á að þeir hafi vitað hvað þeir voru að fjalla um með svona athugasemdum sem hv. þm. Alþfl. eru að bera hér á borð.

Ég er alveg sannfærður um það að Hallgrímur Snorrason getur staðið frammi fyrir þessum mönnum og gert grein fyrir þeim upplýsingum sem hann notaði og aðilar vinnumarkaðarins við samningu þessa lagafrv. Þeir þurftu ekki leiðsögn þessara hv. þm. sem hafa verið með svona ómerkilegar tilvitnanir hér á Alþingi í kvöld.

EFRI DEILD

43. fundur, miðvikudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Sjómannadagur, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 673 (sbr. 479).

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Því miður var ég ekki við 2. umr. þessa máls þar sem mér var ekki kunnugt um framhaldsfund, en það er víst við mig eina að sakast. Ég hafði farið af fundi rétt fyrir fjögur og mér höfðu ekki borist neinar fregnir um, þrátt fyrir að ég sat hér úti á skrifstofu, að fundur væri í Ed. En þetta getur skeð á annatíma, eins og kemur yfirleitt upp á þingi þegar stutt er til þingslita.

Eins og fram kom hjá hv. formanni sjútvn., frsm. á nál., komu margir til viðræðna um þetta mál og voru allir sammála um að það væri rétt að gera þessa tilraun þrátt fyrir að sumir vildu opna möguleika fyrir fjarskiptamarkaði og leggja áherslu á að okkar skilningur er sá að slíkt eigi að verða hægt, hvort sem ákvæði verður um það í reglugerð eða ekki, en við sáum að ekkert kæmi í veg fyrir það í þessu frv. að svo gæti orðið. Þegar við búum í strjálbýlu landi eins og raun ber vitni segir sig sjálft að fáeinir markaðir geta ekki þjónað öllu landinu. Það mundi jafnvel henta okkur betur að hafa meiri hlutann í gegnum fjarskiptamarkaði sem væru tengdir með tölvukerfum og þar væru upplýsingar um þann afla sem í boði væri og þyrfti ekki að skipa honum upp og keyra hann inn í hús til að bjóða hann upp. Fjarskiptamarkaðir tíðkast erlendis og sumir viðmælendur í nefndinni töldu þessa leið sem við værum að velja hér nokkuð gamaldags.

Það kom upp í umræðu líka að sums staðar erlendis væri skilyrt að allur fiskur færi inn á markað, en það er eins og hv. deildarmönnum er eflaust kunnugt algerlega ófært hér á landi. Það er vissulega eitt atriði í þessu frv. sem ég er ekki alls kostar sátt við. Það er vald sjútvrh. Ég tel, eins og málum er komið í sjávarútvegi, að það sé of mikið vald hjá ráðherranum og engin ástæða til að bæta þar á. Þar sem við erum hér að gera tilraun, eins og margoft hefur komið fram, hef ég ekki gert neina brtt. við 1. gr., en undirstrika að ég tel ekki nauðsyn að það sé sjútvrh. sem veiti atvinnuleyfi. Ég tel að það þyrfti að vera meira frelsi í þessum leyfisveitingum en svo að það þurfi að sækja til pólitísks valds til að veita slík leyfi.

Eins og ég hef oft rætt um hér í deildinni er ég fylgjandi því að komið verði á frjálsu fiskverði. Þetta er einmitt eitt stærsta skrefið í þá átt. Þrátt fyrir að sumir hv. þm. í þessari deild, reyndar er sá þm. ekki viðstaddur, séu svolítið, hann sérstaklega, viðkvæmir fyrir því að tala um frjálst fiskverð höfum við ekkert betra orð yfir að mínu mati frjálst fiskverð en orðið „frelsi“. (**BD:** Það er farið á bak við þig.) Já, fyrirgefðu hv. þm. Þú situr í skrifarastól, hv. þm. Björn Dagbjartsson. Ég var að beina orðum mínum til þín vegna þinna ummæla varðandi frjálst fiskverð. Ég skil að sumu leyti hræðslu við þetta orð hjá hv. þm. Þar sem hann talaði mjög gegn slíku

fyrir aðeins tveimur árum er erfitt að kokgleypa það í einum bita og segja í dag að þetta sé það eina rétta. Þá verður að finna upp nýtt orð á frjálst fiskverð, sem sagt umsamið fiskverð.

Hingað til hefur það verið Verðlagsráð sjávarútvegsins með oddamann ríkisins sem hefur ráðið mestu um fiskverð. Eins og kom fram hjá hv. frsm. sjútvn. fylgdu ansi oft ýmsar hliðarráðstafanir í kjölfarið á slíkum samningum, gengisfellingar svo eitthvað sé nefnt. Slíkt er sem betur fer liðin tíð og að mínu mati stigið stórt skref til framfara.

Ég heyrði að hv. þm. Skúli Alexandersson efaðist um að þetta væri liðin tíð. Það er svo sem rétt, við getum aldrei sagt að neitt sé liðin tíð. Það getur svo sem komið upp sú stjórn að hún taki upp slík vinnubrögð sem áttu sér stað ekki alls fyrir löngu. En við skulum vona að svo verði ekki. Við skulum vona að það frv. sem við erum að samþykkja hér komi í veg fyrir að það sé hægt að ráða því með einum oddamanni frá ríkisstjórn hvert fiskverð gildir um landið.

Það er líka eitt annað atriði varðandi samning um fiskverð. Á undanförnum árum hefur það lágmarksfiskverð sem verðlagsráð semur um gilt til hlutaskipta fyrir sjómenn, en útgerðir fengið umbun og yfirborgun sem hefur átt sér stað bæði varðandi veiðarfæri og alls konar fyrirgreiðslu sem ekki hefur komið til skipta hjá sjómönnum. Við skulum vona að það verði einnig liðin tíð þegar fiskverð verður orðið alfarið frjálst og ekki hægt að semja um það á borðum framkvæmdastjóranna hvað raunverulegt fiskverð verður og þar með gengið á hlut sjómanna sem vissulega eiga sinn hlut í þeim afla sem berst á land.

Virðulegi forseti. Ég tel að það þurfi ekki mörg orð um þetta mál í viðbót, en legg áherslu á að ég er bjartsýn um og vonast til að þessi tilraun heppnist. En það verður ekki fyrr en jafnvel að loknum nokkrum árum og eftir að þetta frv. hefur jafnvel verið framlengt að við sjáum hvers konar uppboðsmarkaðir henta hér á landi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni er rétt að minna á að eigi skal ávarpa nokkurn einstakan þingmann úr ræðustóli heldur kenna hann við kjördæmi sitt.

Björn Dagbjartsson:

Virðulegi forseti. Ég á erfitt að standast það þegar hv. 8. landsk. þm. er að reyna að koma mér til. Sá sem ekki vill þegar fær hann fær kannske ekki þegar hann vill. Ég má til með að gera þessum hv. þm. þetta til geðs.

Ég skil að hv. þm. fékk í arf till. sem ég veit að hann hefur sennilega aldrei skilið, en hún gekk út á að fella niður oddamann Verðlagsráðs sjávarútvegsins, mann sem um langan tíma hafði gegnt því starfi og er nú efsti maður á lista Alþfl. í Reykjavík. Þessi maður var sjálfsagt hvorki betri né verri en aðrir, gegndi þessu starfi að ég held með nokkuð skeleggum hætti. Ég minnist þess m.a. einu sinni að hann var að koma mönnum saman í þessum gerðardómi sem yfirnefnd verðlagsráðs er. Hún er ekkert annað en gerðardómur sem er þekkt fyrirbæri í þjóðfélaginu. Í þessum gerðardómi var oddamaðurinn að reyna að ná samkomulagi um verð á rækju. Hann hætti ekki fyrr en kaupendur höfðu boðið þó nokkru hærra en seljendur fóru fram á og seljendur voru búnir að samþykkja verð sem var lægra en kaupendur höfðu upphaflega boðið. Meðan þetta kerfi er tel ég, og ég tel það enn hvað sem hv. þm. segir um það, að ekki sé nokkur leið önnur en að hafa gerðardóm sem hægt er að vísa málinu til.

Varðandi orðin „frjálst fiskverð". Mér er svo sem nokkuð sama hvað menn kalla það. En þar sem kaupandinn er einn og á kannske útgerðina líka, hvernig halda menn að frelsið verði þar, jafnvel þó það sé til uppboðsmarkaður í Reykjavík eða Hafnarfirði? Hvernig ætli verði háttað hinu frjálsa fiskverði á Bakkafirði eða Þórshöfn? Jafnvel á Skagaströnd hugsa ég að frjálsa fiskverðið verði svolítið einhlítt. Ég held að það sem menn hefur verið að dreyma um, frjálst fiskverð, verði viðmiðunarverð og síðan verði boðið yfir nákvæmlega eins og gert er í dag. Það breytist ekki að því leyti. Ég ætla ekkert að fara að deila um það við hv. þm. Hv. þm. má kalla það frjálst sem ég kalla samningsbundið. Það er nú einu sinni ekki komið enn þá, og það verður ekki til þó eitthvað komi sem kallast uppboðsmarkaðir í tilraunaskyni.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Það er vegna orða hv. 8. landsk. þm. áðan um að hún hefði ekki mætt við umræðuna að ég leitaði og fann niðri í skúffu hjá mér punkta úr þeirri tölu sem ég hélt þá þar sem ég fjallaði um þessi mál. Ég vil láta það koma fram, þó það sé endurtekning, svo hún viti hvernig þau mál stóðu. Svo ég grípi ofan í, með leyfi forseta. Ég er búinn að ræða um markaðinn:

Þó að þessi markaður verði fyrst um sinn aðeins í Reykjavík og Hafnarfirði og e.t.v. fyrir norðan mun verða spurt um markaðsverðið frá öðrum stöðum á landinu sem engan markað hafa. Sé markaðsverð hærra en útgefið verð verðlagsráðs mun verða leitað mjög fast eftir því af seljendum afla að verðið verði til samræmis við markaðsverðið ef það er hærra. Þetta skulum við gera okkur ljóst strax í byrjun. Uppboðsmarkaðir yrðu því viðmiðun í verði fyrir þá staði sem ekki hefðu markaði, en frjálst fiskverð yrði það sem kæmi samfara og í kjölfarið. Þá væri ekki lengur þörf fyrir Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þetta var mín skoðun á málinu og í viðbót við þetta: Svokallaðir fjarskiptamarkaðir hafa einnig verið í umræðunni. Helsti munur á þeim og uppboðsmarkaði er sá að veiðiskipin þurfa ekki að landa afla sínum í gegnum markað heldur fer fram sala á honum beint úr veiðiskipi til einstakra byggðarlaga eða fiskvinnslufyrirtækja fyrir ákveðið verð sem þau hafa boðið í farminn. Fjarskiptamarkaður eða mark-

aðir hefðu upplýsingar um þau fyrirtæki sem vildu kaupa aflann og á hvaða verði og einnig veiðiskip sem vildu selja sinn afla í gegnum slíka markaði. Þessi tilhögun kæmi mjög til greina og ætti að geta verið mun ódýrari í rekstri en uppboðsmarkaður.

Nefndin ræddi þetta nokkuð og varð hún sammála um að með reglugerð með frv. yrði einnig gert ráð fyrir að leyfa mætti slíkan markað ef um það væri sótt þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í frv. sjálfu. Þannig kom algerlega fram það sem við ræddum í nefndinni um þennan möguleika, einnig varðandi fjarskiptamarkaðinn.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla er frv. sem menn eru í aðalatriðum sammála um að koma í gegn á þessu þingi og sem allra fyrst. Það er vilji fyrir því að prufa svona uppboðsmarkað, vilji fyrir því að brydda upp á nýjum leiðum.

Í hv. sjútvn. voru málin rædd á breiðum grundvelli og ég ásamt fleirum hafði athugasemdir fram að færa varðandi það vald sem ráðherra er veitt varðandi leyfisveitingu fyrir slíka markaði. Ég tel að það sé óþarfi að veita ráðherra þetta vald. Ekki þarf að sækja um til ráðherra ef menn vilja bjóða upp vefnaðarvöru, matvöru eða eitthvað slíkt ef forsendurnar eru fyrir hendi, þær forsendur sem gerð er grein fyrir í frv. Það eru þær sem eiga að segja til um hvort menn geta sett upp markað en fráleitt er að sækja allt undir ríkið eða ráðherravald. En miðstýringarárátta þeirra sjálfstæðismanna og framsóknarmanna er þvílík að það má ekkert gera í þessu landi öðruvísi en spyrja stóra bróður. Þarna kemur það fram eins og víðar.

Hins vegar segi ég að mér finnst ástæða til að prufa uppboðsmarkað, koma honum á, leyfa mönnum að fást við þetta. Það er greinilegt að ýmsir hafa mikla trú á þessari nýju aðferð við að verðleggja fisk. Við skulum vona að það takist svo myndarlega sem unnt er. Það er hins vegar rétt að óvíst er að svona markaðir komist upp nema hér á Suðvesturlandi til að byrja með, kannske á Eyjafjarðarsvæðinu. En ég á von á að framþróun tækninnar komi því til vegar að menn hverfi frá því að setja allan fisk upp í hús og bjóða hann þar upp heldur verði uppboðsmarkaðurinn í reynd fjarskiptamarkaður sem leysi þetta fyrirkomulag af hólmi.

Það kom fram í nefndinni að þeir sem sömdu þetta frv. leituðu einkum fyrirmyndar í Þýskalandi, Bremerhaven, en það er eini markaðurinn norðan Alpafjalla sem er rekinn með tapi. Það er eini markaðurinn sem ekki gengur vel. En þangað sækja menn sína fyrirmynd og hugsanlegt er að sú fyrirmynd verði til tjóns þegar frá líður. Hins vegar er í Hollandi mjög lífleg starfsemi á fiskmörkuðum og þar er þetta rekið með góðum hagnaði og á eðlilegan hátt.

Ég vona að það frv. sem hér liggur fyrir verði samþykkt, en erfitt er fyrir okkur að dæma um það vegna þess að við höfum ekki sjálfir, sem erum í sjútvn., kynnt okkur rekstur uppboðsmarkaða. En það vakti athygli okkar þegar menn komu til okkar sem höfðu verið að skoða fiskmarkaði víðs vegar um Evrópu að þeir sögðu okkur að frv. væri mikið sniðið eftir taprekstri sem þar er.

Hér var nokkuð rætt um fiskverð og frjálst fiskverð eða samningsbundið fiskverð og var greinilegt að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafði verið komið mjög til. Ræddi hann um svokallað frelsi. Mér virtist hann ekki gefa mikið fyrir frelsið, enda ber margt að íhuga varðandi frjálst fiskverð. Sjálfur hafði ég alls konar fyrirvara þegar þessi mál voru rædd á Alþingi þó að ég teldi að það þyrfti að stefna að því að fiskverðið yrði frjálst og telji enn að svo eigi að vera. Ég minni á að nú um áramótin eða svo var þetta mjög til umræðu meðal hagsmunaaðila og svo fór að sjómenn gáfu kost á að hafa frjálst fiskverð. Það kom viðsemjendum þeirra mjög á óvart. Þeir höfðu ætlað þeim að vera andvígir því. En greinilegt var að sjómannasamtökin höfðu fundið fyrir þrýstingi sinna félagsmanna um að reyna frjálst fiskverð.

Ég tek það fram að sú umræða sem hefur verið hér í þinginu og annars staðar, hér í þinginu hjá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur og áður af Vilmundi Gylfasyni, hefur orðið til þess að flýta þessum málum og halda þessari umræðu við, koma þeirri hugsun inn hjá mönnum að það væri til eitthvað annað en það kerfi sem við erum með núna. Yfirleitt eru menn fullíhaldssamir til breytinga. Það er vissulega margt að athuga við þær breytingar sem felast í því að gera fiskverð frjálst, m.a. það sem hv. þm. Björn Dagbjartsson minntist á. Útgerðirnar eiga fiskvinnslustöðvarnar líka í stórum mæli hér á Íslandi. Ætli það sé ekki um 80%. En þar sem svo er ekki mætti reyna þetta. Ég fullyrði að t.d. á Suðurnesjum sé fiskverð meira og minna frjálst og reyndar víðar á landinu. Það sem er þó til hnökra í þeim efnum er að það aukna verð sem fæst vegna þessa frelsis kemur ekki til sjómanna nema að takmörkuðu leyti. Það er boðið í fiskinn á þann veg að menn fá fría beitningu, frí veiðarfæri og annað slíkt, en sjómennirnir fá ekki hlut í því. Það er vandamál sem verður að uppræta. Auðvitað eiga allir sem afla fiskjarins að njóta góðs af því.

Ég endurtek að ég tel að það eigi að stefna að því að rýmka um í þessum þáttum útgerðar. Það tekur sjálfsagt nokkurn tíma að breyta. Það var, eins og ég sagði áðan, þegar menn voru að fjalla um þetta um áramótin að eigendur fiskvinnslustöðva víða um land spurðu: Ja, hvers konar frelsi á að vera? Hvernig á þetta frelsi að vera? Niðurstaðan varð sú að þeir höfnuðu þessu frelsi, frelsispostularnir sjálfir.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta mál, en ég vil ítreka það, sem ég kom inn á, að sú umræða sem hefur verið hér í þinginu um frjálst fiskverð hefur hreyft þessum málum, komið mönnum til að hugsa um það að það er til ýmislegt annað en það sem

viðgengst í dag, komið mönnum til að hugsa um það að framtíðin verður ekki endilega eins og var í þátíðinni.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er frekar sjaldgæft að mikil umræða sé um lagafrv. við 3. umr. en að því hlaut að leiða, þau vinnubrögð sem voru í deildinni á síðasta fundardegi að framsöguræða fyrir nál. var flutt um þetta mál og aðeins einn af þeim sem höfðu gefið sig fram á mælendaskrá talaði við þá umræðu, síðan var málinu frestað til þess að koma útvegsbankamálinu á dagskrá. Og þegar útvegsbankamálið dugði ekki til umræðu alveg út fundartímann þá nýtti forseti, sem ósköp eðlilegt var, ég vil undirstrika það, þann tíma til að halda áfram umræðu um fiskmarkað. Ég taldi mig nokkurn veginn vita það að þeir hv. þm. sem hér hafa talað, aðrir en frsm. mundu vilja komast inn í þessa umræðu sem raunin hefur líka orðið á. Þess vegna er nú þessi umræða hér við 3. umr. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að endurtaka svolítið af því sem ég sagði við umræðuna hér í fyrrakvöld og benda á það hvernig þetta mál hefur verið undirbúið og hvernig staðan er í kringum þessa markaðsuppbyggingu í dag.

Ég benti hér á það, og endurtek það sem hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir var að nefna hér áðan og reyndar hv. þm. Karl Steinar líka, að fyrirmyndin að þessari markaðsuppbyggingu er sótt til markaða, kannske ekki eingöngu markaðsins í Bremerhaven, sem er rekinn með halla og er opinbert fyrirtæki fylkisins, Bremerhaven-fylkis, nokkurs konar BÚR eða BÚH sem ég hef nefnt hér. Það var ekki leitað fyrirmynda til þeirra svæða sem eðlilegt var, þ.e. til framleiðslusvæðanna eins og ég hef nefnt hér, Norður-Noregs eða Nýfundnalands, sem eru svipuð framleiðslusvæði og er hér hjá okkur. Það voru byggðar upp hugmyndir um og eru byggðar upp hugmyndir um fiskmarkað hér á Íslandi á svipuðum grunni og þeir markaðir eru byggðir upp sem hafa neytendamarkað fast við hliðina á sér. Ég held að þarna sé ansi mikil blekking og þar af leiðandi geri menn sér vonir um það að þessi markaður skili allt, allt öðru en að líkur eru fyrir að hann skili. Þetta er ekki sett í beint eðlilegt samband.

Í öðru lagi benti ég hér á að menn hafa verið með það nokkuð á lofti að hið frjálsa framtak, og hið frjálsa fjármagn líka sjálfsagt, væri tilbúið að koma með peninga til að byggja upp þessa markaði og þess vegna væri náttúrlega sjálfsagt að leyfa þeim það. En reyndin er að verða önnur. Reyndin er að verða sú að ef þessir markaðir eiga að byggjast upp þá verða þeir að byggjast upp af opinberu fé. Og ekki aðeins það. Ef við eigum að fá reynslu af starfsemi þessara markaða, sem ég held að sé nauðsynlegt að verði a.m.k. tvö ár, þá eru ekki miklar líkur fyrir því að þeir sem hafa verið að tala um það að þeir væru tilbúnir að koma með fjármagn og vilja ekki koma með fjármagn nú í uppbygginguna, þeir standi undir mjög trúlegum hallarekstri meðan verið er að gera tilraunir með þessa aðferð í verðlagningu á fiski hér á Íslandi.

Staðreyndin er nefnilega sú að Borgarsjóður Reykjavíkur eða Hafnarsjóður Reykjavíkur stendur að meira og minna leyti undir þeirri markaðsuppbyggingu sem á sér stað hér í Reykjavík. Það er sem sagt verið að endurbyggja BÚR. Ég er ekki að hafa gegn því og lýsi frekar stuðningi við að þannig sé staðið að málum. En þá er verið að byggja á allt öðrum grunni en verið er að tala um hér í hv. deild og verið er að tala um úti í þjóðfélaginu.

Það virðist nokkuð svipað vera að gerast í Hafnarfirði. Þar segja þeir sem hafa boðið hlutafé í þetta: Við þurfum að fá meiri peninga. Og þeir biðja Bæjarsjóð Hafnarfjarðar um peninga til þess að gera meira úr þessu fyrirtæki en núna er innan seilingar. Og þeir biðja um húsnæði frá Hafnarfjarðarbæ. Þetta er nú grundvöllurinn að þessu frjálsa fiskverði og frelsi og því að losna úr viðjum einhverra opinberra afskipta af þessum hlutum.

Ég undirstrika það líka, sem hér hefur einnig komið fram í ræðum þeirra hv. þm. sem ég nefndi áðan, að öll sú binding og þvingun sem á sér stað um leyfisveitingar í sambandi við stofnsetningu markaða, um það vald sem sjútvrh. er falið í öllu þessu frelsi, og öll þau höft sem hann getur sett á eðlilega þróun og vilja manna til þess að koma upp markaði, vilja annarra sveitarfélaga en Hafnarfjarðar og Reykjavíkur til að gera slíka hluti sem verið er að tala um hér. Það er ósköp eðlilegt að ef þetta fer í gang þá vilji menn reyna að halda sínu heima eins og kostur er og ef markaður hér á Reykjavíkursvæðinu lukkast að þeir vestur á Snæfellsnesi vilji gjarnan koma sér upp markaði. Að það sé endilega þá undir valdi ráðherra komið hvort þar megi setja upp markað eða ekki! Það vald ráðherra er þannig núna að hann úthlutar ákveðnum aðilum t.d. við Breiðafjörð rækjuleyfum, ákveðnum byggðum, en sumar byggðir fá það ekki. Eigum við endilega að þurfa að búa undir slíku veldi þegar við erum að fara hér inn á nýja braut? Mér finnst það alveg fráleitt. Þó að svo fari að ég standi frammi fyrir því hér við afgreiðslu málsins og er þegar búinn að greiða atkvæði um þetta, að við samþykkjum þetta vegna þess að ég lít á þetta fyrst og fremst sem tilraun. Fyrst og fremst sem tilraun. En ef hér á að vera að leggja grunn að því sem framtíðin á að bera í skauti sínu, þá hafna ég því.

Hv. 3. þm. Vesturl., frsm. og formaður sjútvn., fjallaði í framsöguræðu sinni og hér aftur áðan um þann þátt sem markaðurinn gæti haft í ákvörðun verðs á fiski. Ég er nú á þeirri skoðun, ég vildi ekki fara að fjalla um það hér í fyrrakvöld á stuttum tíma, að það sé nú ein skýjaborgin, það sé nú ein draumsýnin að láta sér detta það í hug eða trúa því að markaður hér í Reykjavík verði gildandi sem verðviðmiðun á mikið stærra svæði en bara hér í nánasta nágrenni. Ég efast m.a.s. um að það muni hafa mikil áhrif á verðlag á fiski á Akranesi hvernig þessi tilraunamarkaður kemur út hér í Reykjavík

með verð vegna þess að á meðan þetta er á tilraunastigi gefur það auga leið að markaðurinn verður ekki fullkomlega marktækur. Í fyrsta lagi af því að það eru líkur fyrir því og allt bendir til þess að inn á þennan markað komi tiltölulega lítill fiskur. Og eins og ég nefndi hér á fyrri fundi, þá sagði einn viðmælandi okkar, sem er stóraðili hér á þessu svæði, þegar við spurðum um það hvað hann mundi láta mikinn fisk frá sínu fyrirtæki inn á þennan markað: „Ja, ætli það verði ekki svipað og við höfum látið fisksalana hafa hingað til."

Á slíkum markaði gerist engin raunveruleg verðmyndun. Þar af leiðandi er það alveg fráleitt að tala um að það geti átt sér stað einhver viðmiðun úti um land út frá þessum markaði. Ef svo aftur hitt mundi nú gerast að stóru fyrirtækin hér í Reykjavík færu að landa inn á þennan markað þá mundi hann í mörgum tilfellum vera ansi mettaður miðað við það að þetta væri fyrst og fremst þjónustumarkaður fyrir framleiðslusvæðið hér og einn togari ofan af Akranesi, sem bættist í togarahópinn hér í Reykjavík, inn á markaðinn, gæti haft þau áhrif að verð félli. Ég hef ekki trú á því að þeir á Snæfellsnesi mundu taka mikið mark á slíkri verðlagningu og mundu frekar vilja halda sig í gamla kerfinu sem þeir hafa núna. (**Gripið fram í:** Þeir þiggja nú háa verðið ef það býðst.) Ég hef ekki trú á því að það mundi nokkur samþykkja háa verðið t.d. uppi á Akranesi þegar hér kæmi lítið meira á markaðinn en það sem fisksalarnir hafa fengið hingað til. Það væri óraunhæft verð. Það mundu allir viðurkenna það, jafnt þeir sem væru að afla fiskjarins og þeir sem væru að kaupa hann.

Það sem er aðalatriðið í sambandi við þetta mál, við skulum ekki gera okkur neinar gyllivonir í kringum markaðinn, en það er mjög mikið atriði að þessi markaðstilraun fái að heppnast og það byggist kannske fyrst og fremst á því að borgarstjórn Reykjavíkur verði það frjálslynd að hún haldi áfram að láta peninga í þetta fyrirtæki. Tryggi það að þetta fyrirtæki skili árangri og að það komi reynsla á það hvort við þær framleiðsluaðstæður sem við búum, þ.e. hvort fiskveiðiþjóðin Íslendingar geti búið til markað á heimavelli og að hann virki eftir því sem verið er að búa til myndir af hér í umræðunni. Og þá held ég að við séum komin ansi langt frá því sem umræðan hefur snúist um fyrst og fremst, að þetta væru nú markaðshyggjumennirnir, mennirnir með peningana og fjármagnið milli handanna, sem væru að bjóða upp á það að þeirra möguleikar nýttust nú í verðlagningu á fiski. Við erum bara það lítil eining, Íslendingar, og ég vil segja sem betur fer. Þegar við þurfum að gera svona hluti þá getum við aldrei treyst á fjármagnið og þeim sem hafa ráð yfir fjármagninu. Við þurfum að treysta á það að geta stillt okkur saman og unnið sameiginlega að því að leysa ákveðin markmið. Til þess notum við ríkiskassann og borgarkassann og bæjarkassana. En það er náttúrlega ansi nöturlegt að þurfa að gera það fyrst og fremst undir þeim kringumstæðum þegar ekki eru miklar líkur fyrir því að það sé til annars en að borga. Það séu litlar líkur fyrir því að það skili í eðli sínu neinum arði til þeirra aðila sem eru að láta þessa peninga út eins og því miður gerist stundum, og gerist oftar, að opinberir aðilar, ríkið og sveitarfélög grípa inn í þegar undan hallar. Og nú á að byrja á þeim vettvangi og verður tekinn upp sá vettvangur að láta sameiginlega sjóði standa undir upphafstilraun. Vonandi tekst þetta vel.

Ég vænti þess að núna eftir þessa umræðu og eftir samþykkt hér í deildinni fái þetta frv. greiða leið í gegnum hv. Nd. þannig að tilraunin um svokallaðan frjálsan fiskmarkað á Íslandi geti hafist.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa komið hér athugasemdir. Frá hv. 8. landsk. þm. um fundartíma s.l. mánudag, að hún hafi misst af 2. umr. við málið vegna þess að hún vissi ekki um að fundi hafði verið fram haldið. Og einnig frá hv. 4. þm. Vesturl. um að forseti hafi lokið 2. umr. þrátt fyrir það að hv. 4. þm. Vesturl. hafi vitað um að fleiri mundu taka til máls. Þetta er allt rétt, þessar ábendingar sem hafa komið fram, en forseti vill svara því að það er mjög góð regla ef þm. þurfa að víkja af fundi að láta þá forseta vita því þá hefði hann haft tækifæri til að gera hv. 8. landsk. þm. viðvart um að það væri hugmyndin að halda áfram og eins það að vegna þess að forseti hafði til góða 3. umr. þá vissi hann að þeir þm. sem vildu taka til máls hefðu tækifæri til þess. Og nú hafa þeir gert það einmitt í dag eins og hefur komið í ljós.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Svo að hér verði ekki neinn misskilningur þá skil ég það mætavel að í slíkum önnum geti hæstv. forseti ekki fylgst með því hvenær þm. þurfa að víkja af fundi og tók ég reyndar fram að það væri við mig eina að sakast. En ég vék hér af fundi rétt fyrir fjögur og taldi þá að umræðan um Útvegsbankann mundi duga út þann fund, en eins og fram hefur komið var fundi haldið áfram kl. fimm. En mér nægir alveg umræðan núna við 3. umr. þessa máls og ætla ekki að tala mjög lengi en gera örfáar athugasemdir.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vék að máli sem ég hef flutt tvívegis hér á þingi og taldi að ég hefði fengið í arf. Það er alveg rétt. Það mál var flutt hér á Alþingi á undan mér af Vilmundi Gylfasyni en ég held að hv. þm. ætti að lesa málið betur svo að hann öðlist skilning á því, því hann talaði um oddamann hér áðan sem persónugerving en ég hef ætíð litið á það sem stjórnkerfisatriði hvort það sé ríkisvaldið sem tekur að sér það hlutverk að semja um fiskverð en fari ekki að mestu leyti eftir því hvaða persóna semur fyrir ríkisvaldið. Á undanförnum árum þá hefur það verið svolítið breytilegt hvaða maður hefur setið í þessu oddamannsembætti, það hefur ekki ætíð verið forstjóri Þjóðhagsstofnunar heldur staðgengill hans jafnvel, þannig að ég tel það mjög mikla skammsýni og ekki hv. þm. til sóma að

persónugera slík mál. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að svara neinu því sem hann kom hér fram með í sinni ræðu, ég held að það skýri sig sjálft og skýri þann misskilning sem hjá honum hefur kviknað við þau ummæli mín sem ég hafði við þessa umræðu.

Ég vil þakka hv. 3. þm. Vesturl. hans orð hér áðan og taka undir það að ég hef trú á því einnig að viðmiðunarverð eigi sér stað en það getum við ekkert fullyrt á þessari stundu eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni. Það verður reynslan að leiða í ljós. En auðvitað verðum við að vona að það verð sem um semst á mörkuðum verði viðmiðunarverð um allt land vegna þess að við vitum að fiskur verður ekki seldur almennt á mörkuðum. Og þar sem sama fyrirtækið á bæði útgerð og fiskvinnslu geta komið upp vandamál en það eru þó skipstjórar og sjómenn almennt sem eiga hluta af þessum verðmætum og þeir láta það ekki líðast að þeir beri minna úr býtum ef þeir leggja upp hjá viðkomandi fyrirtæki úti á landi heldur en á fiskmarkaði. Þannig að ég held að þetta viðmiðunarverð muni skapast á þeim uppboðsmörkuðum sem starfræktir verða hvort sem það verða fjarskiptamarkaðir eða þeir markaðir sem hér er gert ráð fyrir í frv.

Að lokum, hæstv. forseti, verð ég að biðjast velvirðingar á því að hafa hér nefnt hv. þm. með nöfnum en ekki með númerum. Það er einfaldlega vegna þess að mér er fastara í minni nöfn manna en númer. En ég vil biðja hæstv. forseta velvirðingar á slíku. (**Forseti:** Það er vissulega tekið til greina.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624, n. 652.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál og mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt.

Auk mín rita undir nál. Valdimar Indriðason, Stefán Benediktsson, Egill Jónsson, Jón Kristjánsson, Ragnar Arnalds.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Með þessu máli er vissulega verið að samþykkja þarfan hlut, þ.e. að koma bókhlöðunni í gagnið. Hitt er annað hvort þetta frv. ætti ekki að heita öðru nafni, t.d.: „Frumvarp til laga um þjóðarátak í skattheimtu.“

Hér er farið inn á það svið að afla fjár til bókhlöðunnar með sérstakri skattheimtu en auðvitað ættu skattpeningar ríkisins aðrir að fara til þessa verkefnis. Ég mun ekki gera ágreining um þetta málefni en vil skjóta því að hvort það væri ekki meira í ætt við raunveruleikann að frv. bæri annað nafn.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þessi umræða um þetta efnisatriði sem hv. þm. gat um hefur farið fram áður og ég hygg að ástæðulaust sé að endurtaka þá umræðu. Það sem hér er um að ræða er einungis að færa skattheimtuna til þeirrar prósentu sem er gildandi um alla aðra skatta. Þetta er eingöngu leiðréttingarfrv. Ég tók, held ég, þátt í umræðunni um málið á sínum tíma og ætla ekkert að endurtaka af því.

Auðvitað má til sanns vegar færa að eðlilegast væri að slíkt fé kæmi beint úr ríkiskassanum en ekki með sérsköttun en sú umræða sem sagt heyrir til fortíðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Sjóðir og stofnanir, 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 646.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Frv. þetta hefur verið samið á vegum dóms- og kirkjumrn.

Um aldir hafa verið stofnaðir sjóðir hér á landi. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um stofnun eða starfsemi sjóða en vitneskja hefur varðveist um þá sjóði sem staðfestar hafa verið reglur fyrir af ríkisvaldinu og varðveittar hafa verið í skjalasöfnum þess og svo síðan jafnan birtar. Réttarfræðingar hafa talið að stofnun sjóða sé og hafi verið frjáls, þ.e. að ekki hafi verið neinar hömlur á henni almennt, en vitneskja er lítil sem engin um sjóði aðra en þá sem hlotið hafa staðfestingu ríkisvaldsins.

Þessu frv. er ætlaður fyrst og fremst tvenns konar tilgangur:

1. Að móta reglur um hvernig reyna megi að fá betri yfirsýn yfir þá sjóði sem enn lifa og enn fremur að bjóða fram heimildir til að endurnýja, í samræmi við möguleika þeirra til framhaldsstarfa, reglur um ráðstöfun sjóðeignar með þeim breytingum sem umráðaaðilar telja vænlegastar og helst samrýmast upphaflegum tilgangi sjóðsstofnenda.

2. Enn fremur eru í fyrstu fimm greinum frv. settar fram einfaldar reglur um staðfestingu á skipulagsskrám, um eftirlit með sjóðunum og um ráðstafanir sem gera ber ef brestir verða á lögskipuðum vinnubrögðum stjórnenda. Í 6. gr. eru hin almennu ákvæði um heimildir til breytinga á skipulagsskrám vegna breyttra aðstæðna, sameiningu sjóða og eftir atvikum niðurfellingu á skipulagsskrám jafnhliða ráðstöfun sjóðfjár sem næst megi komast upphaflegum sjónarmiðum stofnenda. Um allar breytingar er fyrirskipað samráð við ríkisendurskoðun. Loks er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir rannsókn á tilvist sjóða og stofnana frá liðinni tíð.

Við samningu frv. þessa hefur verið haft samráð við ríkisendurskoðanda en ríkisendurskoðun hefur verið um árabil hvetjandi þess að löggjöf verði sett um þetta efni.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 649 (sbr. 523).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um umboðsmann alþingis. Hæstv. forsrh. flutti þetta frv. í Nd. og hefur það verið afgreitt þaðan.

Frv. um slíkan umboðsmann hafa oft verið flutt áður hér á Alþingi en ekki náð fram að ganga. Um efni þeirra hefur þá verið fjallað ítarlega þannig að ég mun ekki rekja það hér frekar.

Það mun vera öllum ljóst að það eru alltaf að koma upp mál þar sem æskilegt er að fólk geti leitað til manns sem hefur það starf sem umboðsmanni Alþingis er ætlað að hafa til þess að gæta hagsmuna fólksins og tryggja að það nái fram sínum rétti.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Póst- og símamál, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 656.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála sem eru nr. 36 frá 1977. Með þessu frv. er lagt til að deildaskipting og mörkun verkefna einstakra deilda Póst- og símamálastofnunar verði numin úr lögum um stjórn og starfrækslu stofnunarinnar, en verði þess í stað ákveðin með reglugerð.

Skipulag og starfsemi Póst- og símamálastofnunar byggist á lögum frá 13. maí 1977. Með þeim var í fyrsta sinn bundið í lög skipulag stofnunarinnar, skipting hennar í deildir og verkefni einstakra deilda. Áður hafði þessum málum verið skipað með reglugerðum, en nefnd sú sem samdi frv. til gildandi laga taldi rétt að binda tölu og verkefni aðaldeilda í lögum þar sem miklu skipti að hér yrði um fast fyrirkomulag að ræða sem ekki væri unnt að breyta án rækilegrar athugunar.

Nú er það hins vegar svo að á undanförnum árum hefur mikil breyting orðið á verkefnum, skipulagi og starfsháttum opinberra stofnana. Einkaréttur ríkisins til margháttaðrar starfsemi er á undanhaldi og nægir í því sambandi að nefna þá þróun sem orðið hefur á sviði fjarskiptamála.

Til þess að opinberar stofnanir nái settu marki, betri þjónustu, meiri hagræðingu og auknum afköstum er nauðsynlegt að svigrúm til skipulagningar á starfseminni til skiptingar á verkum, valdi og áhrifum milli fólks og deilda sé sem mest. Stjórn opinberra fyrirtækja er að þessu leyti ekki frábrugðin einkafyrirtækjum sem auðvitað þurfa að aðlaga skipulag sitt breyttum þörfum markaðarins og nútímaviðhorfum til stjórnunar. Það er því ljóst að lögfesting deildaskiptingar opinberra stofnana er úrelt orðin. Nýleg löggjöf ber nokkur merki þeirrar breytingar sem orðið hefur með því að heimila ráðherra að ákvarða stjórnskipulag opinberra stofnana í reglugerð. Af lögum um stofnanir sem heyra undir samgrn. eitt má nefna hafnalög, lög um Landmælingar Íslands, lög um Veðurstofu Íslands og lög um Siglingamálastofnun ríkisins.

Í fleiri stofnunum er líkt farið eins og t.d. Flugmálastjórn, Vegagerð ríkisins. Eru það tillögur sem koma frá þessum stofnunum sjálfum til viðkomandi ráðuneytis þar sem óskað er eftir breytingu á skipulagi. Með samþykkt frv. þessa verður skipulag Póst- og símamálastofnunar ákvarðað með sama hætti og skipulag annarra stofnana ráðuneytisins sem stuðlar að auknum sveigjanleika og meiri virkni í störfum þeirra. Á þetta ekki síst við um Póst- og símamálastofnun þar sem tækninýjungar eru jafnmiklar og raun ber vitni. Það er því grundvallaratriði fyrir starfsemi og þróun stofnunarinnar að geta aðlagast breyttum viðhorfum hverju sinni.

Ég vil bæta því við að ég hefði talið ástæðu til að ganga nokkuð lengra en í þessu frv. og þá á ég sérstaklega við umdæmin. Það er þunglamalegt að hafa það bundið í lögum yfir hvaða svæði þau eigi að ná og eðlilegra að þetta fari meira eftir tillögum viðkomandi stofnunar sem á að bera undir Alþingi.

Ég get alveg eins búist við því að sú nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar fengi bréf um frekari breytingu hvað þetta snertir, enda er það í samræmi við lög og venjur annarra stofnana eins og ég hef áður getið um.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Magnús H. Magnússon:

Virðulegi forseti. Ég hef miklar efasemdir um þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Núverandi skipulag er frá 1977. Þegar það var sett á var mjög mikil vinna sem lá þar á bak við og í það voru fengnir m.a. norskir sérfræðingar. Það er auðvitað mikið atriði að skipulag stjórnar stofnunar eins og Pósts og síma sé gott. Það er ekki bara að stofnunin er stærsta stofnun ríkisins heldur er hún sú sem hefur með margbreytilegastan rekstur að gera.

Það er bráðnauðsynlegt að hver og einn viti gjörla hver sé staða hans og hvert sé hans hlutverk. Það verður að koma í veg fyrir að verksvið skarist þannig að ekki sé á hreinu hver ber ábyrgð á hverjum málaflokki og er nauðsynlegt að ávallt sé gætt sem allra mestrar hagkvæmni.

Í svari hæstv. samgrh. við fsp. í Sþ. í gær kom fram að gjaldskrár Pósts og síma hafa í stórum dráttum verið óbreyttar í krónum talið frá því í ágúst 1983. Gæti það ekki m.a. sýnt að núverandi skipulag stjórnar stofnunarinnar væri í nokkuð góðu lagi? Gæti það ekki einmitt verið skýringin, a.m.k. að hluta til? Skv. frv. er þetta allt opnað upp á gátt. Ráðherra getur á hverjum tíma t.d. fjölgað forstjórum að vild og þar með hugsanlega skapað glundroða í stjórn stofnunarinnar. Ég er ekki að segja að það sé tilgangur núv. hæstv. ráðh. Það sést reyndar ekki á frv. sjálfu hver tilgangurinn með því er, hverju hæstv. ráðh. ætlar sér að breyta í stjórn stofnunarinnar, hvað hann hefur í huga í þeim efnum, en frv. opnar allar gáttir. Það opnar fyrir alla möguleika ráðherra í framtíðinni að ráðskast með þetta að eigin vild þó að það sé ekki hugmynd núv. hæstv. ráðh.

En þetta mun örugglega leiða til þess, ef ekki nú þá síðar, að forstjórum verði fjölgað stórlega og ég er ekki viss um að það sé til bóta. Það var lögð mikil vinna í núverandi skipulag stofnunarinnar og ég tel að fara eigi varlega í að umturna því. Ég er vitaskuld sammála því sem segir í grg. frv. að stefna beri að betri þjónustu, meiri hagræðingu og auknum afköstum, en ég er ekki viss um að þetta frv. leiði til þess.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð. Þetta frv. leiðir ekki af sér að það verði gjörbreyting á starfsemi þessarar stofnunar. Breytingin er sú, sem er fólgin í öðrum lögum, að þegar breytingar eru nauðsynlegar að dómi stofnana geti þær átt sér stað með liprari hætti en að leggja það fyrir Alþingi í hvert sinn. Þetta er á bak við þessa breytingu.

Ég sé t.d. eina breytingu sem er nauðsynleg, en ekki alveg strax. Það breytist kannske líka með mönnum. Það er viðskiptadeildin. Ég tel að innan nokkurs tíma megi þetta verða hrein póstdeild og það þurfi við allar breytingar sex umræður frá Alþingi. Umfang tæknideildarinnar hefur stóraukist og sömuleiðis getur alltaf verið nauðsyn á að gera einhverjar breytingar, sem ég var að nefna, sem þetta frv. nær ekki til, eins og með umdæmin, að hafa það bundið í lögum. Þau ár sem ég hef verið samgrh. hafa forstöðumenn hinna ýmsu stofnana komið með skipurit og fært rök fyrir breytingunum. Samþykki mitt sem samgrh. hefur alltaf byggst á því að það hefur komið frá stofnununum sjálfum og stundum hefur komið fram ábending í ráðuneytinu, en það hafa aldrei verið sett skipurit nema í fullu samkomulagi og samráði við viðkomandi stofnun og það hefur líka átt við í þessu tilfelli.

Það sem auðvitað fyrst og fremst vakir fyrir er að það sé samræmi í þeirri aðferð sem á að viðhafa á milli stofnana. T.d. jafnstór stofnun og Vegagerð hefur eiginlega alveg frjálst val. En þetta var á sínum tíma njörvað niður í lögum. Ég skal fúslega játa það að í kannske 90% tilfella eða 95 hefur þetta reynst vel. Ég efast ekki um að póst- og símamálastjóri hugsar sér alls ekki að gera hér neinar stórbreytingar eða forstöðumenn stofnunarinnar. Þessi ár sem ég hef verið ráðherra hefur verið afar gott samstarf á milli allra þessara forustumanna og við mig sem ráðherra og ég met þá mjög mikils. Þessi stofnun hefur á margan hátt verið rekin með mikilli prýði.

Hins vegar vil ég aðeins bæta við það sem síðasti ræðumaður sagði að gjaldskrá hefði átt að hækka meira en hún hækkaði eftir allt þetta. Stofnuninni var hreinlega refsað fyrir að lækka gjaldskrá fyrir 16 mánuðum og það tel ég rangt að gera hver sem á hlut að máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna. Samþykktin var undirrituð í London 7. júlí 1978, en öðlaðist gildi 28. apríl 1984 og nær til sjómanna á kaupskipum.

Eins og heiti hennar ber með sér fjallar samþykktin almennt um þessa þrjá þætti, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna. Tilgangur hennar er að

tryggja eftir megni öryggi skipa og áhafna og leitast er við að samræma þær kröfur sem gerðar eru til skipanna sjálfra, öryggis þeirra og búnaðar og kröfur um lágmarksþekkingu og kunnáttu þeirra sem á skipunum starfa. Þetta er fyrsti alþjóðasamningurinn sem hefur að geyma meginreglur um öryggi áhafna sem allar siglingaþjóðir heims geta fallist á.

Samþykktin skiptist í 17 greinar ásamt viðauka. Menntunar- og þjálfunarkröfur til sjómanna eru tilteknar mjög nákvæmlega. Gefin skulu út sérstök skírteini til þeirra sem fullnægja ákvæðum hennar um menntun og þjálfun og ítarleg ákvæði eru þar um vaktstöðu í brú og vél kaupskipa.

Skv. 2. gr. frv. er ráðherra heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir sex árum, en í þessari ályktun eru aðildarríkin hvött til að ákveða lágmarksmönnun fyrir þau skip sem alþjóðasamþykktin um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna gildir um og gefa út mönnunarskírteini fyrir hvert skip.

Hér á landi eru engar reglur til um heildarmönnun skipa, en í lögunum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 112 og 113 frá 1984 er kveðið á um fjölda réttindamanna um borð í skipum, en fjöldi undirmanna hefur verið ákveðinn með samningum útgerðarmanna og sjómanna.

Fjölmörg ríki, þar á meðal öll nágrannaríki okkar, hafa þegar komið þessari ályktun í framkvæmd. Öryggismálanefnd sjómanna lagði í skýrslu sinni frá október 1985 mikla áherslu á staðfestingu samþykktarinnar og hvatti til þess að gerðar yrðu þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði hennar, þar með að settar yrðu reglur um heildarmönnun skipa. Til þess að undirbúa framkvæmd framangreindrar samþykktar hér á landi og í framhaldi þess fullgildingu hennar er nauðsynlegt að setja reglur um nokkra þætti hennar, svo sem um útgáfu skírteina og vaktstöðu sjómanna. Enn fremur er nauðsynlegt að tryggja eðlilegt öryggi áhafna og skipa í samræmi við samþykktina og framangreinda ályktun og setja reglur um lágmarksheildarmönnun kaupskipa. Eins og áður segir gildir samþykktin aðeins um kaupskip og samþykktin fylgir með frv., bæði á íslensku og ensku, eins og títt er um slíka samninga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun, 2. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 558, n. 674, brtt. 675 og 684.

Frsm. samgn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. Ed. Alþingis um frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda á flugvöllum.

Ég minni á að nál. er lagt fram á þskj. 674 og brtt. á þskj. 675 og skýra þessi þskj. nokkuð efni málsins, en með því að mikil umræða hefur farið fram um þetta mál í samgn. Ed. Alþingis þykir mér vert að fara um það nokkrum orðum til frekari skýringa.

Til viðræðna við samgn. Ed. komu fulltrúar frá Flugleiðum, Arnarflugi, Flugfélagi Norðurlands, flugfélaginu Erni á Ísafirði, Félagi ísl. atvinnuflugmanna, samgrn. og Olíufélaginu hf. Enn fremur Pétur Guðmundsson flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Ásgeir Einarsson, skrifstofustjóri Keflavíkurflugvallar, og Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur. Einnig sátu fund nefndarinnar Pétur Einarsson flugmálastjóri og Jóhann Jónsson skrifstofustjóri.

Skriflegar umsagnir bárust frá eftirgreindum aðilum: Arnarflugi, Flugleiðum, Félagi ísl. atvinnuflugmanna og flugvallarstjóranum á Keflavíkurflugvelli.

Frv. til l. um flugmálaáætlun er byggt á nál. flugmálanefndar sem skipuð var af Matthíasi Bjarnasyni samgrh. í upphafi þessa kjörtímabils. Í framsöguræðu fyrir frv. hér í deildinni gerði samgrh. grein fyrir málinu í ítarlegri framsögu og tillögum flugmálanefndarinnar sem m.a. leggja grundvöll að flugmálaáætlun til næstu tíu ára. Ég mun þess vegna ekki fara nákvæmlega yfir einstök atriði í áliti flugmálanefndar heldur drepa á nokkra meginþætti málsins.

Í því lagafrv. sem hér liggur fyrir er nær eingöngu fjallað um almenna flugvelli og framkvæmdir tengdar þeim. Til grundvallar þeim ákvörðunum er byggt á fjórum meginþáttum í áliti flugmálanefndarinnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að íslenskir flugvellir verði flokkaðir í fimm flokka. Beitt verði alþjóðlegri skilgreiningu og fylgt alþjóðlegum stöðlum alls staðar þar sem því verður við komið og landfræðilegar ástæður hamla ekki að öðruvísi sé að unnið. Með því er tekið af skarið um hvernig byggja eigi íslenska flugvelli, en til þessa dags hefur vantað ákveðna stefnumörkun í þeim málum. 3. gr. frv. skilgreinir m.a. nánar þessi verkefni.

Í öðru lagi er lagt til hvaða búnaður skuli vera á flugvöllum samkvæmt framangreindum flokkum og þá með sérstöku tilliti til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að þjóna.

Í þriðja lagi eru gerðar tillögur um forgangsröðun framkvæmda á flugvöllum. Þau atriði eru tíu talsins og er byggt á sameiginlegri niðurstöðu frá öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna, Flugmálastjórn og flugráði. Sú ákvörðun er mjög leiðbeinandi um vinnubrögð og forgang verkefna og mikilvægt er að eftir henni verði farið. Þar er gert ráð fyrir að fyrst

verði lokið flugbrautum og hlaði ásamt nauðsynlegum öryggissvæðum og merkingu hindrana og athafnasvæði flugvalla verði girt. Þar á eftir komi nauðsynlegar byggingar fyrir tækjabúnað, þá slökkvi- og björgunarbúnaður, næsta stig sé snjóhreinsibúnaður og þá komi blindflugsbúnaður, hvort sem það eru rafeindatæki eða ljósabúnaður, en lokastigið verði malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð á öll athafnasvæði flugvéla. Meðal annars á grundvelli framangreindra markmiða er verkefnum raðað í forgangsröð á tíu ára áætlunartímabili.

Í fjórða lagi er svo kostnaður við framkvæmdir. Eins og áður er sagt miðast kostnaðurinn við að framkvæmdum ljúki á tíu næstu árum. Í heildina er áætlað að endurbætur og uppbygging á íslenskum flugvöllum nemi um 2,03 milljörðum kr. Á núverandi verðlagi væri sambærileg tala 2,36 milljarðar.

Að baki áætluninni liggur mjög nákvæm kostnaðarsundurliðun þar sem farið er yfir framkvæmdaþætti í hverjum einasta flugvelli landsins sem nákvæmast og byggt er á byggingarvísitölu og erlendum gjaldmiðli eftir því sem við á. Kostnaðaráætlunin er þannig útbúin að við hana má styðjast allt tímabilið sem framkvæmdir eiga sér stað á.

Þegar einstökum framkvæmdum er lokið má strika þær út úr áætluninni og þannig sjá á hverjum tíma hversu mikið er eftir óunnið af flugmálaáætluninni. Þá er einnig auðvelt að gera sér grein fyrir kostnaði sem eftir er á hverjum tíma. Ég vek athygli á hversu nákvæmum vinnubrögðum er hér beitt sem hljóta að auðvelda og auka líkur á að við þessa áætlun verði staðið.

Þá kem ég að kostnaðarhlið áætlunarinnar og hvernig tekna til þessara mikilvægu verkefna verði aflað.

Í fyrsta lagi verði flugvallagjald á innanlandsleiðum hækkað úr 18 kr. í 100 kr. sem gefi í heildartekjur 24,7 millj. kr. á ári.

Í öðru lagi að flugvallagjald vegna utanlandsflugs verði sértekjur Flugmálastjórnar á fjárlögum og verði þeim tekjum varið til framkvæmda í flugmálum. Áætlað er að gjald þetta muni gefa um 94,4 millj. kr. á ári og er þá farþegafjöldi ársins 1985 lagður til grundvallar.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að hér er um að ræða aðrar viðmiðanir en út frá er gengið í fjárlögum sem mundu skila og munu skila flugmálaáætluninni meiri tekjum, eins og ég vík að síðar.

Í þriðja lagi verði haldið áfram að innheimta gjald af sölu eldsneytis í innanlandsflugi, 0,65 kr. á lítra af þotueldsneyti og 1,30 kr. af flugvélabensíni. Auk þess verði lagt sérstakt gjald á sölu eldsneytis til flugvéla á millilandaflugi 0,65 kr. á lítra af þotueldsneyti og 1,30 kr. á lítra flugvélabensíns. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 27,3 millj. kr. Undanþegið yrði þá eldsneyti til flugs milli Íslands og Norður-Ameríku og heimild er til niðurfellingar þessa gjalds á skemmri leiðum innanlands.

Fjárveitingar úr ríkissjóði á fjárlögum verði síðan látnar standa undir því sem á vantar þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra sértekna.

Dæmið lítur þá þannig út að til framkvæmda á flugvöllum renni árlega um 203 millj. kr. Að frádregnum þeim sértekjum sem ég hef nefnt hér að framan þarf því að leggja til úr ríkissjóði samkvæmt því 63,4 millj. kr.

Ef heimildir til hækkunar á gjaldstofnum með tilliti til verðlagsbreytinga væru nýttar litu kostnaðartölurnar þannig út miðað við núverandi verðlag:

Flugvallagjald innanlands 28,7 millj. kr., utanlands 109,9 millj. kr., sérstakt gjald 31,7 millj. kr. og framlag úr ríkissjóði 65,1 millj., en þannig fæst áætlunartalan eins og hún mundi verða með núverandi verðlagi 236 millj. kr.

Ég sé að tveir nefndarmenn hafa lagt fram brtt. Það kemur mér reyndar ekki á óvart því nál. er undirritað með fyrirvara um að einstökum nefndarmönnum sé heimilt að leggja fram eða fylgja brtt. Ég sé að hér hefur verið lögð fram till. af þeim nefndarmönnum Skúla Alexanderssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur um að ákveðið verði í þessum lögum hver fjárlagatalan eigi að vera hverju sinni. (**SkA:** A.m.k.) A.m.k.? Það er lagt til hver hún eigi að vera hverju sinni væntanlega ef menn ætla að ganga út frá einhverri sérstakri viðmiðun.

En um þessa till. hef ég það að segja að hún er harla ónákvæm og ég er sannfærður um að hún mun ekki skila árangri. Ég er þessari till. þess vegna andvígur. En ég vek líka athygli á því að þeir tekjustofnar, sem eru tilgreindir í nál. og ég hef raunar í aðalatriðum lagt til grundvallar við þessar skýringar, eru ekki jafnháir og fjárlög gera ráð fyrir, en sú tala framreiknuð sem fjárlög byggja á, sem trúlega er það réttasta sem handbært er í þessum efnum, mundi skila 136 millj. kr. og þá væri fjárlagafjárþörfin um 40 millj. á móti 66 millj. tæpum eins og málin standa núna miðað við núvirði. Þannig er augljóst mál að ef menn ætla að fara nákvæmlega eftir þessari áætlun, eins og hér er verið að leggja til, verður að verða um jöfnunartölu að ræða sem að sjálfsögðu yrði ákveðin við fjárlagagerð hverju sinni miðað við þá vitneskju sem liggur fyrir um hina einstöku tekjustofna.

Það sem ég hef nú tilgreint varðar frv. almennt séð. Við I. kafla þess eru ekki gerðar till. til breytinga. Aftur á móti eru, eins og nál. ber með sér, lagðar til breytingar við II. kafla frv. Þar er þá sérstaklega um að ræða breytingar á 5. gr. frv. þar sem lagt er til að lagt verði á olíufélögin sérstakt gjald, en ákvæði frv. óbreytt hefði getað stangast á við samninga milli ríkja. Þetta er nánar skýrt í nál.

Þá er enn fremur kveðið á um gildistöku laganna og þá með það í huga að sú tímasetning sem frv. byggir á miðast við þann tíma þegar flugmálanefndin gekk frá tillögum sínum og skilaði áliti. Lagt er til að nýir markaðir tekjustofnar verði innheimtir frá 1. júlí n.k., en flugvallagjaldið, sem nú rennur í ríkissjóð og bundið er í fjárlögum, flytjist til þessara verkefna og greiðist til Flugmálastjórnar frá upphafi næsta árs.

Eins og fram kemur í frv. er við það miðað að flugmálaáætlunin komi til framkvæmda á næsta ári og þar af leiðandi verða fjárveitingar til hennar að sjálfsögðu tengdar næstu fjárlagagerð. Hins vegar eru nú gerðar ráðstafanir til að flýta einu brýnasta verkefni flugmálaáætlunarinnar, þ.e. byggingu flugvallar á Egilsstöðum, en eins og kunnugt er hefur verið lögð fram í Sþ. till. til þál. um þá framkvæmd. Þess vegna þykir eðlilegt að hinir nýju tekjustofnar fari að skila tekjum til þessara verkefna á miðju þessu ári, en með því má ætla að framkvæmd flugmálaáætlunar verði markvissari en ella hefði orðið.

Að lokum færi ég samgrh. Matthíasi Bjarnasyni þakkir fyrir trausta forustu þessara mála. Flugmálanefnd færi ég einnig þakkir fyrir nákvæmt og vel unnið álit um tíu ára markvissa sókn í flugmálum. Og að síðustu þakka ég flugmálastjóra, Pétri Einarssyni, og skrifstofustjóra Flugmálastjórnar, Jóhanni Jónssyni, fyrir margháttaðar upplýsingar og aðstoð við afgreiðslu málsins.

Nú sem fyrr þakka ég samnefndarmönnum mínum í samgn. Ed. fyrir samstarf við afgreiðslu þessa máls.

Ég hef svo lokið máli mínu, virðulegur forseti, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Í umræðum í samgn. kom fram að menn höfðu ekki mikið við flugmálaáætlun sjálfa að athuga, enda það verk mjög tæknilegs eðlis og lítt á færi nefndarmanna að skoða það sem slíkt. Hitt er annað að á hverju ári verður lögð fyrir Alþingi þáltill. um það hvað skuli gera á næsta ári.

Það sem einkum var rætt um var hvernig standa skyldi að fjáröflun. Menn eru sammála um að það þurfi að gera átak hvað varðar flugmál, flugvelli og aðbúnað fyrir farþega og þykir mönnum grátlega seint ganga í þeim efnum. Ég vek athygli á því að síðan núv. ríkisstjórn tók við völdum hafa framlög á fjárlögum til framkvæmda í flugmálum lækkað mjög verulega, ótrúlega, og hafa ekki verið lægri frá því 1968. Hæst komst fjárveiting á fjárlögum 1973–1974. En nú þegar ríkisstjórnin er að fara frá hyggst hún gera átak sem hún ætlar öðrum að framkvæma. Það er því líkt farið með þetta og í öðrum málum.

Nú fyrir kosningarnar og oft áður fyrir kosningar fara einkum trúboðar Sjálfstfl. víðs vegar um héruð og boða skattalækkanir, m.a. á tekjuskatti. Ekki er það boðað að gerður skuli uppskurður að því er lýtur að greiðslu tekjuskatts, réttlætinu er ekki sinnt heldur óréttlætið og skattsvikin látin eiga sig. En á sama tíma og þessir aðilar boða skattalækkanir á þessu sviði er komið á hvers konar „skítasköttum“ eins og kallaðir eru í almennu máli. Nú síðast var verið að hækka þann skatt sem rennur til þjóðarbókhlöðu. (**EgJ:** Ég heyrði ekki hvað þú sagðir áðan. Má ég heyra?) Nú síðast var verið að hækka skatt sem renna á til þjóðarbókhlöðu. (**EgJ:** Þú sagðir áður almennt.) Má ég ljúka máli mínu? Ef þm. heyrir ekki bið ég hann að hlusta betur. — Það er nú svo með þann skatt að hluti af honum rann beint í ríkissjóð til eyðslu í ríkissjóði. Nú er tekinn upp annar skattur hér eða aðrir skattar hækkaðir og á að verja þeim til að hækka framlög til flugmála, bæta fyrir þá vanrækslu sem ríkisstjórnin hefur sýnt í fjárveitingum til þessara mála á því kjörtímabili sem hún hefur lifað. Þykja mér þetta einkennileg vinnubrögð, en lítið er við því að segja. Hins vegar eru menn sammála um að það þarf að gera átak í þeim málum er lúta að uppbyggingu flugvalla og hefur þingflokkur Alþfl. samþykkt að taka þátt í því, en þessi aðferð er mjög umdeilanleg og persónulega tel ég hana með ólíkindum.

Nú hefur verið ákveðið að sá skattur sem taka átti af farþegum eða hluti þess skatts skuli tekinn af olíufélögunum sjálfum. Í nál. kemur fram að það var aðeins fulltrúi frá Olíufélaginu hf. eða Esso sem kom til viðræðu við nefndina. Þær viðræður snerust aðallega um hvernig færi með flug sem væri viðkomuflug, hvort fært væri vegna samninga við erlend ríki að setja slíkan skatt á. Einnig komu til viðræðu við nefndina menn sem þekkja til mála á Keflavíkurflugvelli og bentu þeir á að gera yrði breytingar á frv. ef þessi skattheimta ætti að vera möguleg.

Niðurstaðan hefur orðið sú að láta olíufélögin innheimta þennan skatt og tel ég að kalla hefði átt önnur olíufélög til viðræðna um hvernig með skuli fara, a.m.k. leyfa þeim að heyra um hvað stæði til. Sjálfsagt verður það gert í Nd. Víst er rétt að það þarf að flýta afgreiðslu frv. til þess að það nái í gegn sem fyrst.

Með vísun til þess sem ég hef sagt um fjárveitingar fyrr er ég mjög samþykkur brtt. Skúla Alexanderssonar og Kolbrúnar Jónsdóttur og vænti þess að ef hún verði samþykkt veiti hún nokkurt aðhald að þm. í þá veru að framlög verði ekki skert. Hvort hún heldur kemur í ljós, en ég tel að þetta gæti orðið hvati til þess að menn komi sér ekki undan að veita ríflega til flugmála.

Ég þakka nefndarformanni ötult starf og samvinnu, góða forustu og er ég vissulega ekki að kenna honum um þær syndir sem ég taldi upp frá hendi ríkisstjórnarinnar. Það er að vísu ógæfa formanns að hann skuli vera í Sjálfstfl., en það verður ekki neitt við því gert. Ekki í þessari umræðu.

Nefndin flytur sameiginlegar brtt. sem ég tel allar vera til bóta. Varðandi aðra þætti hlýtur það að koma fram á næsta þingi þegar þáltill. verður til umræðu um hvernig niðurröðun framkvæmda á sér stað.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það ber á því að það er farið að nálgast kosningar og eru því fluttar ræður sem góðar geta talist og eru málsvörn fyrir góð málefni. Það er ástæða til að þakka að formaður samgn. skyldi ítreka og að mörgu leyti endurflytja ræðu hæstv. samgrh. sem hann flutti þegar hann lagði þetta mál fyrir hv. deild, enda er hægt að taka undir að hér er

um gott mál að ræða, þarft mál að ræða, sem meginhluti þingheims stendur að. Það er þó að segja fyrst og fremst um fyrri hluta þess málefnis sem við erum hér að fjalla um, þ.e. um flugmálaáætlun, að ég tek undir orð formanns nefndarinnar um að þakka bæði hæstv. samgrh. og flugmálanefnd í sambandi við undirbúning þeirrar áætlunar, en ég get ómögulega tekið undir neinar sérstakar þakkir í sambandi við hinn þáttinn og mér finnst bera meira á því að sá hluti hafi því miður ekki verið vel unninn sem og reyndar kom fram beint í ræðu hv. 11. landsk. þm. þar sem hann benti á að hefðu verið ýmsir hlutir sem hefði orðið að breyta vegna þess að önnur ákvæði komu í veg fyrir að við samþykktum það sem þar var lagt til.

Enn frekar í sambandi við flugmálaáætlunina. Þar eru vitaskuld ýmsir hlutir sem við getum togast á um og er þegar farið að gera það. Það eru þegar farnar að koma ályktanir um að þessi og hinn flugvöllurinn skuli tilheyra þessum eða hinum flokknum og það sé ekki réttmætt að þessi flugvöllur sé í þessum flokk o.s.frv. Þetta held ég að sé algert aukaatriði vegna þess að þegar framkvæmdaáætlun verður samþykkt á hverju þingi eftir tilætlan þessa frv. og þeirra laga sem vonandi verða samþykkt hér verður þungamiðjan sett á hverja framkvæmd, ekki út frá því endilega í hvaða flokk hún er sett hér heldur er það undir nauðsyn framkvæmdarinnar komið á hverjum tíma.

Ég undirstrika að ég fagna mjög því að komið sé að því að hér sé samþykkt flugmálaáætlun og lýsi yfir ánægju minni yfir því og þakklæti til þeirra sem hafa þar unnið að.

En það var nefnt hér áðan, reyndar í umræðum um annað mál, að það mætti segja að ríkisstjórnin væri að sumu leyti að skipuleggja þjóðarátak til skattheimtu. Hvert frv. kemur á fætur öðru til samþykktar sem er skattheimta þessarar ríkisstjórnar sem hefur lýst því yfir að hennar stóra markmið sé að létta sköttum af skattborgurunum. Það var flutt frv. í fyrra — mig minnir að það hafi verið á síðasta þingi — í sambandi við þjóðarbókhlöðu sem var áréttað áðan og samþykkt til áframhaldandi meðferðar og nú á síðustu dögum þingsins munum við samþykkja, að ég vænti, nýjar sérskattaálögur í sambandi við uppbyggingu flugmála.

Maður hefði búist við því eins og ýmsu fleiru frá þessari ríkisstjórn að það færi á annan veg en að nú væri farið í það á síðustu dögum ríkisstjórnarinnar að leggja fram frv. um sérsköttun til að koma áfram framkvæmdum í flugmálum, eftir að ríkisstjórnin er búin, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, á undanförnum árum að skera niður við trog framkvæmdir til flugmála ár frá ári. Nú á síðustu dögum þingsins er síðan boðið upp á að það skuli samþykkt hér sérstök skattheimta og boðið upp á framtíðarplan fyrir aðra til að framkvæma út á þá peninga sem ríkisstjórnin hefur ekki lagt í að innheimta meðan hún situr heldur skuli það fært til annarra. Eftir að þessi ríkisstjórn hefur yfirgefið stólana skulu aðrir taka við og framkvæma.

Það er reyndar ekki á þessum vettvangi einum sem við sjáum plögg á þennan veg. Við fáum ekki glýju í augun yfir því að sjá áætlun upp á tíu ára framkvæmdir þegar við sjáum hvað á að gera í vegamálum og hafnamálum alveg á næstu árum.

Frv. sem við erum að fjalla um, þær skatttölur sem í því eru, skal miðast við vísitölu í janúar 1986. Þetta er skrýtið, en reyndar kemur fram að nefndin er sammála um að breyta þessu. Það er brtt. sem er ekki beinlínis um þetta heldur um gildistöku. Þetta frv. átti að öðlast þegar gildi. Hvað sýna þessi tvö atriði okkur? Þau sýna okkur í fyrsta lagi að frv. átti að leggja fram á haustdögum og það átti að taka gildi og tengjast þeim fjárlögum sem voru samþykkt fyrir árið 1987. Einhverra hluta vegna varð ekki af þessu. Ég geri ekki ráð fyrir að það hafi verið flugmálanefnd að kenna, enda geri ég ráð fyrir að flugmálanefnd eigi lítinn hlut í þessu skattafrv.

En það var eitt sem gerðist ef þetta frv. hefði verið samþykkt á haustdögum. Það þýddi að 117 millj. hefðu ekki runnið beint í ríkiskassann af sértekjum af flugmálum. Nei, það þurfti að festa þessar sértekjur í ríkiskassann meðan þessi ríkisstjórn sæti og þess vegna var því slegið á frest að leggja frv. fram svo snemma að það væri samþykkt fyrir s.l. áramót. (**Forseti:** Nú verð ég að biðja hv. 4. þm. Vesturl. að gera hlé á ræðu sinni vegna þess að nú verður forseti að fresta þessum fundi. En hann hefst að nýju kl. 6.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég var þar í ræðu minni að ég var að skýra frá því að það væri greinilegt að í sambandi við ákveðna liði frv., þ.e. II. kafla frv., fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, hefði verið gert ráð fyrir því þegar frv. var samþykkt að það yrði flutt í upphafi þings í haust og því verið ætlað að taka gildi fyrir áramót og gert ráð fyrir því, eða það skín í gegnum greinar frv., að búist var við því að það færi strax að hafa áhrif bæði skattalega og framkvæmdalega á árinu 1987, en af einhverjum ástæðum, sem ég taldi að hefðu verið fyrst og fremst þær að hæstv. fjmrh. vildi ekki missa neinn spón úr sínum aski, andæfði gegn hv. 11. landsk. þm. og hæstv. samgrh., fékk þeirra hlutur í þessu máli ekki fram að ganga. Það var setið svo um þá peninga sem áttu að koma í ríkissjóð og nota til annarra hluta og reyna pínulítið að jafna hallann á ríkissjóði að það náði ekki fram að ganga að flugmálaáætlun tæki gildi á árinu 1987. En áhugi í samgrn. og hjá hæstv. samgrh. var svo mikill að það gleymdist að lagfæra frv. á þann veg að þetta sæist ekki og skini ekki út úr frv. Fjmrh. Sjálfstfl. tókst að ná í ríkissjóð þeim sértekjum sem flugmálanefnd og þeir sem sömdu frv. gerðu ráð fyrir og skammta síðan mjög naumt á fjárlögum til flugmála svo ekki hefur verið naumara áður gert.

Ég nefndi líka áðan að þetta er svo sem ekki það eina sem á fyrst og fremst að vísa til næstu ára og næstu ríkisstjórnar og ákvörðunartöku þeirra þingmanna sem kjörnir verða í vor, það er vegáætlun, það er hafnaáætlun og núna var verið að kynna á þingflokksfundi hjá okkur nýjar skattaálögur. Það

er gott mál. Það er nú aldeilis gott mál. Það er fæðingarorlof. Við fögnum því allir. En það er bara 390 millj. kr. skattur sem á að leggja á um leið. En í framtíðinni verða það ekki þessir hv. þm., nema þeir verði endurkjörnir, sem eiga að sjá þann skatt renna inn í ríkiskassann. Það verður næsta ríkisstjórn. (**EgJ:** Fer það ekki eftir því hvað fæðist mikið af börnum?) Ja, við verðum að vona að það dragi ekki mjög úr því og ekki síst ef sumir þm. fá að fara heim og sinna öðrum störfum en að vera alltaf uppteknir á hv. Alþingi.

Þannig er verið að búa til allsherjar Pótemkíntjöld og segja þjóðinni að þessi ríkisstjórn leggi þetta til og svona verði framtíðin, þessi ríkisstjórn sem hefur skorið niður á undanförnum árum ár frá ári framlög til vegamála, framlög til hafnamála og framlög til flugmála og ekki staðið fyrir því að það væri eðlilegt fæðingarorlof í landinu. En á síðustu dögum þingsins kemur hvert frv. á fætur öðru. Svona skal það vera á næstu árum. Og út frá núllinu í vegáætlun skulum við framkvæma stórkostlega mikið á næstu árum. Þannig er það. (**EgJ:** Þetta er ónákvæmur málflutningur.) Hv. þm. Hér stendur núll, held ég bara. Það er ekki svo ónákvæmt. Það er bjarminn af núllinu fram á næstu ár.

Það má búast við að fram haldi næstu daga það sem verið hefur síðustu daga og reyndar er í hillingum fæðingarorlofið og skatturinn í kringum það þannig að það er kannske ekki rétt að eyða mikið lengri tíma núna til að spjalla um þennan þátt og undirbúninginn undir kosningarnar hjá hv. stjórnarsinnum, en aðeins að líta á frv. sjálft og greinar þess.

Það kom sem sagt í ljós þegar var farið að fjalla um frv. í nefnd undir öruggri forustu hv. 11. landsk. þm. að á frv. voru ýmsir gallar. Það kom m.a. í ljós að það var ætlast til þess að leggja á skatt sem mundi verða illinnheimtanlegur og einnig brjóta í bág við milliríkjasamninga sem gerðir hafa verið á milli ríkisstjórnar Íslands og annarra landa. (**EgJ:** Það má nú laga þetta.) Alveg rétt. En ákefðin í skattaálagningunni, ákafinn í því að koma á þjóðarátaki til skattheimtu var svo mikill að menn gerðu sér ekki grein fyrir því hvernig væri hægt að koma sköttunum fyrir. Og það var látið vaða.

Eins og kemur fram í brtt. hefur þessu verið breytt. Í staðinn fyrir að í 5. gr. frv. var gert ráð fyrir að það væri lagt beint eldsneytisgjald á flugfélögin er nú búið að koma því þannig fyrir að þetta er lagt á þá aðila sem annast þessa þjónustu, selja eldsneytið. Nú heitir það ekki lengur eldsneytisskattur heldur heitir það „sérstakt gjald". Það má segja að jafngott orðatiltæki og „sérstakt gjald" sé kannske ekki lengur í ætt við skatt, en skattur er það samt og ósköp svipaður skattur þó það hafi verið breytt til um hvernig hann er lagður á. (**EgJ:** Kemur að sömu notum.) Og er náttúrlega þvert á það sem Sjálfstfl. hefur verið að boða eins og aðrir liðir í skattheimtunni og aðrir þeir skattheimtuliðir sem Sjálfstfl. kannske neyðist til að nefna eða menn sjá í hillingum ef á að framkvæma þá hluti sem flokkurinn er núna að leggja til í ágætum framkvæmdum.

Í 5. gr. er undanþáguákvæði gagnvart þeim flugfélögum sem sinna flugþjónustu á flugleiðum innan sama landsfjórðungs. Um þetta var svolítið spjallað í nefndinni og ekki er ég enn þá búinn að fá fullkomna skilgreiningu á því hvernig á að sinna skiptum á því hvert verið er að fljúga innan þessa eða hins landsfjórðungsins þó að það kæmi reyndar fram hjá flugmálastjórnarmönnum að þeir mundu hafa vissa möguleika til þess að fylgjast með því. En það kallar vitaskuld á að það verði reynt að leika á kerfið þegar um slíkar undanþágur er að ræða til þessarar starfsemi en ekki hinnar. En við skulum vona að það verði ekki beinlínis farið að leika sér að kerfinu þarna.

Í 8. gr. er lagt til að flugvallagjald verði hækkað í sambandi við flugferðir erlendis og í 9. gr. er ákveðið gjald á farþega sem ferðast innanlands, 100 kr. á hvern farþega miðað við grunntaxtagjald árið 1986. Þetta er sérsköttun á þá sem þurfa að ferðast með flugi og þetta er fyrst og fremst sérsköttun á ákveðna staði á landinu. Hver ætli væri staður númer eitt ef við færum að gera okkur grein fyrir því hverjir væru sérskattaðir? Ég hef á tilfinningunni að það mundu vera Egilsstaðir. Þetta er sérsköttun á þá sem fyrst og fremst þurfa og komast lítið annað en með flugi, Egilsstaði og Ísafjörð, staði sem eru samgöngulega þannig settir. Miðað við þessa grunntölu er skattur á þessa staði 5–6 millj. kr. á ári. Það munu hafa verið um 50 000 flugfarþegar frá Egilsstaðaflugvelli. Aðrir staðir á landinu sleppa við að standa undir þessari uppbyggingu sem í eðli sínu ætti að vera sameiginleg. Það er ekki eðlilegt að það sé farið að taka landshluta þannig út úr vegna þess að þeir séu bundnir því að ferðast á þennan máta.

Mér skilst helst að hv. 11. landsk. þm. fagni því og þeir Egilsstaðamenn séu bara fegnir því að fá að borga svona sérskatta. Þá er það allt í lagi. Ég segi fyrir mig að ekki fer ég að andæfa gegn því að þeir Austfirðingar borgi sérstaklega fyrir það að fá að ferðast hingað til Reykjavíkur. En skatturinn sem þeir borga er sem sagt þessi. (**EgJ:** Álíka og hann var 1982.) Já, það er svo sem hægt að bera saman við ýmsa tíma og líta á hvað hefur verið gert á þessu eða hinu tímabilinu. Framkvæmdir á flugvöllum voru hlutfallslega miklu meiri á árinu 1982 en þær eru á því tímabili sem við erum á núna. Það var talið alveg nauðsynlegt af Sjálfstfl. að slíkur skattur væri lagður niður og það var ekkert jafnóferjandi og óalandi og slíkir skattar á vissu tímabili. Varla er hann mikið betri núna ef menn reyna að stilla saman við það sem þeir hafa sagt áður. Það getur vel verið að menn eigi að fara eftir því nú orðið eins og sagt er að sumir menn segi: Ja, ég hafði þessa meiningu í gær. Menn eigi ekkert að hugsa um hana og það sé allt í lagi ef þeir geti sett þessa meiningu fram í dag án þess að taka tillit til þess sem þeir hafa sagt áður.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en ég bendi á að það er mjög sérstakt að það skuli vera

það ákvæði í frv., og óbreytt er það frá okkur, ég geri ekki ráð fyrir að það verði farið að breyta því úr þessu, að grunntaxtar gjaldsins skuli vera miðaðir við vísitöluna 250 stig eða eins og hún var í janúar 1986. Við erum að tala um 100 kr. sem eru kannske orðnar 130. Og hvað verða þær orðnar þegar það tekur gildi 1. júní? Þetta er óeðlilegt og hefði verið æskilegra að hér hefði verið betri skilgreining á.

Í 16. gr. er kveðið á um að ríkisframlag skuli lagt fram til að afla tekna til að fylla upp í fjármálaplan tíu ára áætlunarinnar. Það er nú svo. Við höfum séð oft og tíðum svona tillögur í lagafrumvörpum og þær verið samþykktar sem lög frá hv. Alþingi, en það hefur komið lítið út úr því þegar hefur átt til að grípa. Ég tel að hér sé allt of laust um hnútana búið. Það þurfi að binda það frekar að ríkissjóður sjái fyrir því að fjármagn verði til til að fjármagna þá flugmálaáætlun sem hér er lagt til að verði framkvæmd, þ.e. tíu ára áætlunina. Með sértekjunum hefst það ekki og með svona yfirlýsingu í lagabókstaf hef ég litla trú á að staðið verði við það. Við höfum séð hvað er að ske í sambandi við vegina. Við vorum með beint ríkisframlag í fyrra. Ætli það hafi ekki verið 600 millj. eða svo. Í hitteðfyrra um 900 millj. og nú erum við komin niður í núll.

Við höfum því lagt til, ég og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir, að 16. gr. orðist svo: Til greiðslu kostnaðar samkvæmt flugmálaáætlun skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum sem nemur a.m.k. þriðjungi þeirra tekna.

Hv. 11. landsk. þm., formaður okkar ágætu samgn., nefndi í framsöguræðu sinni að þessi till. væri harla ónákvæm. Hann færði engin frekari rök að því — (**EgJ:** Jú, jú.) O nei. — önnur en þau að hann nefndi að vísu nokkrar tölur og ég hef grun um að þær tölur hafa verið frá hendi sama manns. Ég leitaði upplýsinga um hvað þyrfti að nefna þarna til að fylla vel upp í framlag ríkisins til að sinna fjármögnun tíu ára áætlunarinnar. (**EgJ:** Hvað ætli sá maður hafi heitið?) Hann heitir Pétur Einarsson flugmálastjóri. Þær tölur sem hv. þm. var að tíunda voru þær tölur sem Pétur Einarsson hefur lagt fyrir okkur og við tökum sæmilega trúanlegar. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé að breyta þeim tölum sem hafa verið lagðar fyrir okkur í nafni ráðuneytisins og Flugmálastjórnar. Þessi tala fyllir upp í fjárþörfina ⅓ á móti sértekjunum í tíu ára áætluninni. En við tökum reyndar fram að það megi hafa það meira, við segjum: a.m.k. Ég veit að þetta verður nægjanlegt ef svipaður hugsanagangur verður hjá næstu ríkisstjórn og það er gott ef hún stendur við það. Ef hún verður skipuð svipuðu liði og hefur verið síðasta ríkisstjórn og haft svipaða afstöðu til uppbyggingar flugvalla og annarra samgöngumannvirkja á landinu er þetta nægjanlega stórt og nægjanlega mikið til að standa vel fyrir sínu í sambandi við uppbyggingu og það að byggja upp samkvæmt þeirri áætlun sem við erum að ræða um, þ.e. tíu ára áætlun um uppbyggingu flugvalla á landinu.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 11. landsk. þm. fyrir hans formennsku í þeirri nefnd sem hafði þetta mál til meðferðar. Það er tilbreyting út af fyrir sig að ég þakki hv. þm. Hann hefur kallað menn fyrir og unnið mjög vel að þessum málum eins og reyndar oft áður þannig að ég sé sérstaka ástæðu til að nefna það hér.

Auðvitað er ánægjuefni að það skuli koma fram nú frv. til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun í flugmálum. Um I. kafla frv., sem er um flugmálaáætlun, er allt gott að segja. En eins og fram kom í ræðu eru strax komnar athugasemdir við þá flokkun sem á sér stað milli flugvalla. Það er athugasemd frá Húsavíkurkaupstað þar sem þeir gagnrýna að Aðaldalsflugvöllur skuli vera flokkaður í flokk 2. Hér erum við fyrst og fremst að ræða um frv., en ekki um þá áætlun sem þar er að baki, en ég vildi nefna að menn hafa vissulega athugasemdir við þá áætlun en ég held að að meginhluta til sé hún mjög góð. Ég held að samt sé nauðsynlegt, þegar hún verður lögð fram, trúlega í mjög svipuðu formi og hér er, fyrir næsta þing og vonandi nýja stjórn að það verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram koma og efast ekkert um það.

II. kafli er um fjáröflun í flugmálum. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni er þetta ekki fyrsta málið sem við sjáum sem er í sjálfu sér allt of seint borið fram til þess að það virki trúverðugt að núverandi ríkisstjórn standi heils hugar að þessu máli þar sem ekki er hægt að hefja þessar framkvæmdir nú í ár, ekki er hægt að innheimta þessa skatta í ár þrátt fyrir að frv. var tilbúið í ágúst á s.l. ári og allt þannig sniðið og reiknað með því að framkvæmdir gætu hafist á yfirstandandi ári. Ég tel þetta veikasta þátt frv. og mjög veikt fyrir hv. 11. landsk. þm. að mæla fyrir þessu frv., sem er vissulega ætlað næstu ríkisstjórn að framfylgja og standa á bak við, því það er enginn vandi að ætla mönnum að borga ef maður þarf ekki að borga sjálfur, það er enginn vandi að leggja á skatta í framtíðinni. Núverandi ríkisstjórn hefur verið mjög dugleg í þeim efnum með því að hafa mikinn halla á fjárlögum því eins og hvert mannsbarn veit þá er halli á fjárlögum aðeins frestun á hækkun skatta því auðvitað þarf að greiða þann halla, það þarf að greiða það sem hér er ætlast til að fari í framkvæmdir. Ef við lítum á það framkvæmdafé sem er á þessu ári, 69,4 millj. kr., til framkvæmda á flugvöllum, en flugvallaskatturinn einn og sér gefur 117 millj. kr. í ríkiskassann, þá sér hver og einn að það er ekki einu sinni það sem farþegar greiða sérstaklega í flugvallaskatt sem hægt er að nýta til framkvæmda í flugvöllum.

Nú er lofað bót og betrun. Raunar felst í þessu líka skattahækkun til viðbótar þeim sköttum sem nú eru innheimtir. Annars vegar er það töluverð hækkun á flugvallaskatti innanlands sem reiknað er með í frv. að fari upp í 100 kr. miðað við verðlag fyrir rúmu ári, en með þeim prósentuhækkunum sem hv. 11. landsk. þm. notaði áðan eru þessar 100 kr. 118

kr. í dag. Ég gat ekki fest alveg reiður á hans tölum vegna þess að hann talaði um að flugvallaskatturinn mundi nema 109,9 millj. kr. á yfirstandandi ári, en í fjárlögum er reiknað með 117 milljónum þannig að þarna er ekki stuðst við sömu forsendu.

Ég hefði viljað að verðlagsforsendur þessa frv. væru færðar strax upp á núverandi verðlag. Ef það þætti of mikið að hækka flugvallaskattinn um 18% er það allt of mikið að hækka hann í júní eða júlí á þessu ári upp í jafnvel 20%.

Við erum að tala um 750 kr. á hvern farþega sem fer á milli landa, en sú upphæð er í raun 900 kr. Þannig er alveg sama um hvaða gr. frv. við erum að ræða, það er hvergi sú tala sem er raunveruleikinn í dag. Ég hefði talið, og það kom líka fram hjá mörgum viðmælendum á þeim fundum sem við sátum og ræddum þetta mál, að það er mjög slæmt að hækka flugvallaskatt í stórum stökkum vegna þess að þá verður fólk meira vart við það, ef svo má segja, og það koma meiri mótbárur. Þetta er óvinsæll skattur og skattur sem ég hef í raun og veru haft ímugust á. En þegar við lítum til þeirra þarfa sem við höfum í þessum málum hér á landi getur maður ekki í öðru orðinu sagt: það má ekki skattleggja fólk, en í hinu orðinu sagt: við verðum að framkvæma. Þannig er ég fyrir mitt leyti tilbúin að samþykkja þessa hækkun þó ég hefði kosið að þetta mundi ekki koma í einu stökki.

Til að gera mér betur grein fyrir því hvernig þessum málum er háttað í nágrannaríkjum okkar fékk ég yfirlit yfir flugvallaskatt í öðrum ríkjum og satt best að segja brá mér svolítið þegar ég fór að fletta þessu plaggi fyrst til að byrja með því að það eru þar ríki sem ekki eru mjög oft nefnd í daglegu tali, eins og Angóla og minni ríki, Brasilía og annað slíkt. Þegar ég fór að skoða þetta betur sá ég að okkar nágrannaríki, t.d. Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa þennan skatt á og þó nokkuð hærri en við erum að ræða um hér. Ég held því að sú gagnrýni sem fram hefur komið á þennan skatt hafi kannske ekki við eins mikil rök að styðjast og maður hefði haldið áður en maður kynnti sér hvernig þessu er háttað í okkar nágrannaríkjum. T.d. í Danmörku er þessi skattur 300 dk. sem eru rúmar 1700 íslenskar. Noregur er með 200 nk. og Svíþjóð með 300. Ég tel því að hér sé ekki of langt gengið þrátt fyrir að stór stökk séu hættuleg.

En annað var það í sambandi við þennan skatt. Ef maður ber saman við Norðurlöndin eru börn yfirleitt undanþegin þessum skatti frá 12–14 ára, misjafnt eftir löndum. Það hefði kannske verið umhugsunarefni hvort við hefðum átt að hækka skattinn aðeins meira á þeim fullorðnu en sleppa börnunum. Það er rétt til umhugsunar og ég hef ekki lagt fram neina tillögu um það efni.

Mikil umræða spannst um eldsneytisskatt eins og hér hefur komið fram og töldu flugfélögin af og frá að væri hægt að leggja slíkan skatt á. Í fyrsta lagi þyrfti að endurnýja flugvélakost flugfélaganna og þau mundu ekki bera slíka skattlagningu. Í öðru lagi kom fram að milliríkjasamningur er í gangi og þetta hefði brotið í bága við hann. En síðan kom líka fulltrúi frá olíufélögunum og þegar hann sagði okkur að þeir ætluðu vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli að áttfalda afgreiðslugjald, sem rennur til olíufélaganna og nemur heldur lægri upphæð en við erum að tala hér um, sá ég ekki hættuna svo brýna því að ekki var nefnt í því sambandi að við ættum á hættu að flugvélar mundu ekki lenda á Íslandi vegna þeirrar skattheimtu. Niðurstaðan varð því sú að þetta gjald verður innheimt af olíufélögunum og reyndar voru fulltrúar frá þeim ekki kallaðir til fundar við nefndina, enda gátum við fyrir fram sagt okkur að þeir yrðu ekki hrifnir af þessari skattheimtu. Eflaust koma mótbárur þaðan, en mér finnst þær byggðar á veikum grunni ef þeir sjálfir ætla sér að hækka afgreiðslugjöld til að standa undir fjárfestingu sem þeir sjálfir eru að framkvæma og afskrifa að mínu mati á mjög skömmum tíma. Eins og kom fram hjá þeim eru þetta framkvæmdir upp á 100 millj. og ef maður reiknar þennan skatt þeirra varlega miðað við það bensín sem þeir selja mundu þeir afskrifa þetta jafnvel á sex árum. Það er því mjög skammur tími og minni hækkun mundi duga þeim til að afskrifa sínar framkvæmdir.

Við höfum lagt fram brtt., eins og fram hefur komið og hv. 4. þm. Vesturl. ræddi um áðan, við 16. gr. frv. þar sem ríkið er skuldbundið til að leggja fram a.m.k. þriðjung þeirra tekna sem aflast með skattheimtu þeirri sem hér er lögð til.

Ég skildi ekki þær tölur sem hv. 11. landsk. þm. nefndi áðan. Hann nefndi, ef ég man rétt, að þetta mundi þýða um 40 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Hann leiðréttir mig ef það er rangminni. En það er svo sem skiljanlegt þegar við erum að reikna út frá mismunandi verðlagi. Mér reiknast til að þetta séu um 78 millj. miðað við núverandi verðlag og þær upplýsingar sem hann gaf sjálfur. Ég man ekki svo nákvæmlega þessar tölur, en ég held að ég hafi skrifað þær einhvers staðar niður hjá mér. Miðað við þá heildarskattlagningu sem hann nefndi, 28,7 millj. kr. flugvallagjald innanlands, 109,9 í millilandaflug og 31,7 millj. kr. í sérstakt gjald, reiknast mér til að það séu 78 millj. sem ríkið þyrfti að leggja á móti ef það væri a.m.k. þriðjungur í viðbót við það sem skattheimtan leggur til. Þriðjungurinn vex í hlutfalli við vísitölu eins og annað í þessu frv. Því miður er hæstv. ráðh. ekki hér til að svara þeirri spurningu sem ég hefði viljað beina til hans varðandi framkvæmd á þessum lögum. Þegar ég gagnrýndi að það væri miðað við vísitölu fyrir ári kom fram hjá hv. 11. landsk. þm. á fundi að það væri í valdi ráðherrans að hækka þetta í minni skömmtum, en upp í fulla vísitölu. Það er að vísu rétt, en við höfum gengið út frá því að hér væri um að ræða rauntölur en ekki um duttlunga sérhvers ráðherra sem með þessi mál fari. Ég held að það sé mjög brýnt að við séum hér að fjalla um skatt sem á að innheimtast en ekki skatt sem einhver hefur leyfi til að innheimta ef

honum sýnist svo.

Eins og ég nefndi áðan komu mjög miklar mótbárur frá flugfélögunum, sérstaklega þó þeim stærri. Fulltrúar minni flugfélaga bentu á að það ákvæði um undanþágu frá bensíngjaldi eða sérstöku gjaldi, eins og það heitir nú, innan sama landsfjórðungs gæti orðið erfitt í framkvæmd, enda getur maður rétt ímyndað sér það sjálfur. Ef t.d. er áætlun frá Akureyri til Þórshafnar og þaðan til Vopnafjarðar er undanþága til Þórshafnar en ekki til Vopnafjarðar. Ég hefði viljað að þarna hefði verið farin önnur leið. Annaðhvort hefðu minni flugfélög úti á landi verið undanþegin að mestu eða hálfu leyti þessu gjaldi. Það hefði verið lækkað og þá komið yfir heildina því að þetta kemur mjög misjafnlega niður á flugfélögum. Það er Flugfélagið Ernir sem flýgur mest innan sama landsfjórðungs. Það flugfélag flýgur mest innan sama landsfjórðungs og auðvitað nýtur það góðs af þessari niðurfellingu. Ég er alls ekki að sjá ofsjónum yfir því og tel að það flugfélag búi við þannig aðstæður að það hafi misst allmikið þegar felldir voru niður styrkir til sjúkraflugs, en það fékk stærstan hlutann af þeim styrkjum, enda kom fram á fundum nefndarinnar að menn voru ekki alls kostar sáttir við að missa þann styrk og telja sig reyndar hafa fulla þörf fyrir að ríkið hjálpi til við rekstur miðað við þær aðstæður sem þeir búa við á Vestfjörðum. Ég tek fyllilega undir það.

Það á ekki heima í þessu frv. í sjálfu sér, en það sakar ekki að minnast á það hér, því að það er þessi sama nefnd sem fjallar um styrki til samgöngumála víðs vegar um landið og það eru þá aðallega flóabátar og snjóbílar sem hafa átt greiðan aðgang að nefndinni, en það mætti vissulega athuga hvort samgöngur í lofti ættu ekki heima undir þeim lið líka.

Eins og ég kom að áðan er hér verið að leggja á skatta fyrir næstu ríkisstjórn sem mun eflaust taka við eftir kosningar. Við verðum bara að vona að hún standi við þá áætlun sem hér er þrátt fyrir að vissulega verði sú ríkisstjórn að velja og hafna. Ef það yrði sama ríkisstjórn og nú situr yrði ég ekki hissa þó að það yrðu á ýmsum stöðum orðin núll næsta haust. Það er ekki lengra síðan en í gær að við vorum að ræða um vegáætlun. Þar er núll 1987, en það á að hlaupa upp í 1360 millj. á næsta ári. Þannig eru núllin fljót að stækka, en það er líka fljótlegt að skera niður. Ég hef enga trú á öðru, ef núv. ríkisstjórn heldur áfram völdum á þessu landi, en hún hlaupi í sitt fyrra horf þó að það verði ekki til neins annars en að búa til falleg kosningaplögg fyrir næstu kosningar þar á eftir. Það er ekki hægt að horfa upp á það daglega að hér komi inn mál sem kosta fleiri milljarða í framkvæmd, eru lögð fram á síðustu dögum þess þings sem er að ljúka störfum og er komið að kosningum, og trúa þeim tölum sem þar standa. T.d. framkvæmdir í hafnamálum hljóða upp á 500–600 millj. fyrir árið 1988 í þeirri þáltill. sem hér hefur verið lögð fram, en eru um 192 millj. kr. á árinu 1987. Það er því stutt á milli stóru stökkanna hjá ríkisstjórninni og eflaust til þess eins gert að dreifa þessum fallegu áætlunum fyrir næstu kosningar.

Hér hefur verið minnst á fæðingarorlof í þessu sambandi og þrátt fyrir að það eigi enga samleið með flugmálum í sjálfu sér sakar ekki að nefna þær fjárhæðir sem þar komu fram og ég heyrði fyrst hjá síðasta ræðumanni. Það eru á milli 300 og 400 millj. ef ég hef heyrt rétt.

Allt er þetta spurning um fjármagn og hvernig við skiptum fjármagni. Við getum ekki endalaust skattlagt þegna þessa lands og ráðstafað slíkum sköttum. Við verðum einfaldlega að velja og hafna í bæði félagslegum þáttum og framkvæmdaþáttum. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að þó að þetta sé allt saman mjög brýnt og þarft, ekki síst að auka rétt mæðra og feðra til að taka fæðingarorlof, eyðum við ekki þeim fjármunum tvisvar. Það verður að minnka á einum staðnum. Ef ég má leyfa mér að gera samanburð held ég að það verði annaðhvort að minnka til vegamála eða hafnaframkvæmda ef við ætlum að eyða 300 og eitthvað milljónum í aukið fæðingarorlof. Ég mundi styðja að það yrði skorið af til að koma á meiri réttindum í þeim efnum. En við getum ekki í sama orðinu sagt: Alls staðar meira fé og hvergi neinn niðurskurð. Það eru staðreyndir sem blasa við. (Gripið fram í.) Sem betur fer er ég ekki á kosningafundi hér og verð ekki fyrir næstu kosningar þannig að ég get leyft mér að vera svolítið... (**EgJ:** Raunsæ.) Já, svolítið raunsæ, hv. 11. landsk. þm.

Þrátt fyrir þetta allt saman, sem ég hef nefnt núna, held ég að við getum ekki látið hjá líða að krefjast þess að ríkisvaldið standi við sinn hlut, sem ríkisvaldinu er ætlað, til að fjármagna þessa framkvæmdaáætlun sem er til tíu ára. Eftir það tíu ára tímabil er ekki þörf á þessu mikla fjármagni í þennan lið. Því hefði mátt vera sólarlagsákvæði í þessum lögum um að eftir tíu ár yrðu þau endurskoðuð. Sem betur fer lýkur þessum framkvæmdum eins og öðrum.

En ástand flugvalla hér innanlands er með þeim hætti að stórhættulegt telst. Það eru sem betur fer ekki mörg slys sem af hljótast. Það er að mínu mati fyrst og fremst vegna þess að við eigum mjög góða og örugga flugmenn sem kunna á þær aðstæður sem við búum við. En fólk gerir líka meiri kröfur til þess aðbúnaðar sem það hefur, bæði á flugvöllum og annars staðar. Víða um land þurfa farþegar að sitja í bílum sínum vegna þess að það skúrskrifli sem stendur við flugvöllinn rúmar ekki nema örfáar hræður. Það er ekki hægt að líða til frambúðar. Við erum að laða ferðamenn til landsins og ætlum að fjölga þeim til að fá meiri tekjur í ríkiskassann. Við verðum jafnframt að hlúa að þessari tegund samgangna eins og öðrum, bæði með því að bæta útlit og aðstöðu á flugvöllum og flugöryggi.

Virðulegi forseti. Ég held að ég sé að mestu leyti búin að koma að þeim atriðum sem mér hefur fundist þurfa að leggja áherslu á og endurtek að hér

er um gott mál að ræða sem ég styð þrátt fyrir að hér sé um að ræða skattahækkun sem vissulega bitnar mjög á landsbyggðarfólki. Hún gerir það. En ég held að landsbyggðarfólk borgi þessa skatta með ánægju vegna þess að hér er um það miklar framkvæmdir að ræða sem búa betur í haginn fyrir það fólk. Þar af leiðandi sé það sátt við þá skattlagningu sem hér er farið fram á.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. við 1. umr. þessa máls að flugvallaskattur innanlands átti að vera sérmerktur í flugstöð í Reykjavík. Hann felldi það niður úr þessari áætlun. Ég tel það til bóta. Þrátt fyrir að það sé of þröng aðstaða á Reykjavíkurflugvelli er stutt til heimahúsanna yfirleitt. Það er stutt, ef þarf að bíða, eins og oft kemur fyrir, kannske 3–4 tíma, og fólk getur einfaldlega farið heim. En úti á landi er það víða þannig að það er langt frá flugvelli og heim. Það held ég þurfi að leggja áherslu á. Mér finnst að þurfi að leggja áherslu á fyrst og fremst uppbyggingu á landsbyggðinni áður en við komum að því sem er í Reykjavík. Við búum þó alla vega við sæmilega aðstöðu á Reykjavíkurflugvelli miðað við aðra flugvelli landsins.

Frsm. samgn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að þeir virðulegu alþm. sem hér hafa talað séu of viðkvæmir fyrir næstu alþingiskosningum. Ekki veit ég hvernig kann að standa í bólið hjá þeim sem þar taka þátt í leik, en ekki finnst mér hins vegar þessi umræða vera sterk. Það verð ég að segja.

Það er talað um með mikilli vorkunnsemi að Egilsstaðabúar þurfi að fara að greiða flugvallagjald. Ég held að þetta sé álíka hátt flugvallagjald og var lagt á þá, þegar búið er að framreikna það, það hefur staðið lengi óbreytt, og man ég ekki eftir neinni vorkunnsemi frá þeirri tíð.

Mér finnst líka einkar athyglisvert, þegar verið að tala um kosningamál, þegar verið er að tala um þau málefni sem hæstv. samgrh. hefur lagt fyrir. Ég fæ ekki séð að það sé hægt að líta á þau þannig því að t.d. varðandi vegáætlun er einungis skipt mörkuðum tekjustofnum. Því hygg ég að sé hægt að finna fordæmi fyrir, og m.a. frá þeim tíma sem vinstri flokkarnir hafa stjórnað á Alþingi, að hafi verið skipt meira en mörkuðum tekjustofnum.

Það er eins með hafnaáætlun sem hér hefur verið lögð fram til kynningar á Alþingi og m.a. stjórnir hafnanna skv. hafnalögum eiga eftir að fjalla um. Hún er vitanlega ekki lögð fram hér nema til kynningar. Ég hygg að það hefði þótt óviðeigandi að þeirri skyldu hefði ekki verið sinnt að kynna hana á Alþingi jafnhliða því að hún væri lögð fyrir stjórnir hafnanna eins og vera ber skv. hafnalögum. Þannig er það að vissulega hefði verið auðvelt að setja upp meiri kosningaprógrömm í kringum þessar áætlanir en gert hefur verið.

En ástæðan fyrir því að ég fór sérstaklega að kveðja mér hljóðs byggist á þeim talnaforsendum sem frv. byggir á og þá sérstaklega með tilliti til þess að skýra betur afstöðu mína og meiri hlutans til þeirrar tillögu sem hér hefur verið lögð fram um að skilyrða ríkissjóð til að leggja fram ákveðið fjármagn í þessa flugvallaáætlun. Skal ég reyna að hafa þetta bærilega skýrt.

Miðað við þær tölur sem eru birtar í frv. og eru orðnar ríflega ársgamlar þyrfti 56,6 millj. úr ríkissjóði. Ef tölurnar eru hins vegar framreiknaðar til núvirðis og þá bæði kostnaðurinn við áætlunina og líka tölurnar væri þörf ríkissjóðs 65,7 millj. kr. Þessar tölur eru byggðar, eins og ég sagði áðan, á farþegafjölda frá árinu 1985. Rauntölur sem fjárlagagerðin byggist á miðað við það sem var inn komið níu fyrstu mánuði ársins að viðbættri hækkun um 6,5% gefur hins vegar til kynna hver fjárlagatalan er. Það er einfaldlega það sem ég var að segja frá. Ef þær forsendur væru lagðar til grundvallar, þ.e. forsendur fjárlaga sem byggðust á rauntölum fyrstu ellefu mánuði ársins, væru tekjurnar af flugvallagjaldinu, sem hafa runnið til ríkissjóðs, 136 millj. kr. og þar með lækkaði fjárlagaþörfin úr ca. 66 millj. kr., eins og hún er og ég hef áður lýst, niður í 40 millj. kr. Hér er einfaldlega um nýrri viðmiðun að ræða en frv. gerir ráð fyrir. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum uppreikningi öðrum en verðlagsuppreikningi, ekki magnuppreikningi á aðra tekjuliði sem frv. kveður á um þannig að þessi mismunur, miðað við fjárlagaforsendur, yrði m.a.s. innan við þessar 40 millj.

Þetta er einfaldlega það sem ég var að bera saman áðan og ber hagsýsluna fyrir. En þetta skiptir í rauninni ekki máli að öðru leyti en því að auðvitað kemur það í hlut ríkissjóðs og vitanlega verður tekin um það ákvörðun þegar fjárlög eru afgreidd hverju sinni hvað mikið þarf að koma úr ríkissjóði til að jafna markaða tekjustofna annars vegar og útgjöld flugmálaáætlunar hins vegar. Þetta er það sem verður tekin ákvörðun um við fjárlagagerð og það er nákvæmlega sama hvaða skuldbindingar verða settar inn í þetta frv. gagnvart ríkissjóði.

Það er út af fyrir sig rétt og staðfestir þetta, sem hefur komið fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni, að svona viðmiðanir hafa oft og tíðum reynst haldlausar, en það er hins vegar hægt að nefna um það dæmi að áætlanir ekki mjög ósvipaðar þessum hafa haldið sínum hlut. Það er hægt að nefna um það fleiri en eitt dæmi þó að ég geri það ekki hér.

Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram við umræðuna þannig að menn gætu fengið að vita á hvaða talnagrunni ég hef byggt minn málflutning.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 675,1 (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 675,2 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
7.–14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 675,3 (ný 15. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 684 felld með 8:5 atkv.
Brtt. 675,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 675,5 (ný 17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 675,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 25. febr., að loknum 43. fundi.

Flugmálaáætlun, 3. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 698.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

48. fundur, miðvikudaginn 25. febr., kl. 2.15 miðdegis.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 623 (sbr. 597).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 598.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 667.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548, n. 666.

Frsm. sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir frv. til l. um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Um miðjan janúar s.l. voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna og var með þeim ákveðið að breyta í veigamiklum atriðum tilhögun skiptaverðmætis sjávarafla. Þar sem hér er um svo miklar breytingar að ræða voru aðilar sammála um að óska eftir breytingum á lagaákvæðum í samræmi við það. Í framhaldi af þessum samningum lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir staðfestingu þess.

Meginbreytingarnar eru fjórþættar:

1. Hlutfall skiptaverðmætis af aflaverðmæti sjávarafla sem landað er innanlands var hækkað úr 75% frá 1. jan. s.l. til 31. maí n.k. og upp í 76% frá 1. júní 1987.

2. Ákveðið var að tengja skiptaverðshlutfallið innkaupsverði á olíu þannig að hækkun olíuverðs hér á landi hefði í för með sér hækkun á skiptaverðshlutfalli en lækkun olíuverðs leiddi aftur á móti til hækkunar á skiptaverði til sjómanna.

3. Þriðja atriðið sem samið var um og snerti skiptakjörin beinlínis varðar ákvörðun skiptaverðs á gámafiskútflutningi. Þar varð samkomulag um að áður en skiptaverðmæti er reiknað skuli draga frá heildarverðmæti þann tilkostnað útgerðar sem hlýst af þessum útflutningi. Þetta ákvæði tekur gildi 1. júní n.k.

Fjórða atriðið snertir skiptakjör á þeim veiðiskipum sem frysta eigin afla um borð. Eru skiptakjörin mismunandi eftir því hvort um bolfisk eða rækju er að ræða og er þar horfið að sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku laganna um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Með þessu frv. er lagt til að þessar breytingar verði lögfestar.

Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og rætt það á fundum sínum og mælir með því að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Blöndal. En undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram og Pétur Sigurðsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 545, n. 682, brtt. 683.

Frsm. landbn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Á þskj. 682 er nál. frá landbn. þar sem sagt er að nefndin hafi rætt um frv. á sínum fundum og leggi fram brtt. á sérstöku þskj. Undir þetta skrifa öll þau sem eiga sæti í landbn.

En brtt. eru í fyrsta lagi við 8. gr. Á eftir fyrri mgr. komi ný mgr. er orðist svo: Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd nr. 47 frá 16. apríl 1971.

2. brtt. er við 10. gr. og er í raun og veru ekkert annað en leiðrétting. Það er að á eftir 1.–10. liðar komi: tölulið. Það vantaði inn í frv. eins og það var.

3. brtt. er við 11. gr. Síðari málsl. orðist svo: Þá getur ráðherra að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.

Þarna er stjórn Stéttarsambands bænda bætt inn í frá því sem var í frv. og orðalagsbreyting svolítil að öðru leyti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.–7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 683,1 samþ. með 19:2 atkv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GE, 256. mál (rannsóknarnefndir Alþingis o.fl.). — Þskj. 315.

Flm. (Guðmundur Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir 256. máli sem er á þskj. 315 og er frv. til stjórnarskipunarlaga. Ég les frumvarpsgreinarnar.

„1. gr. 39. gr. orðist svo:

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Fastanefndir Alþingis hafa eftirlit með framkvæmd laga.

Nefndir Alþingis hafa rétt til að krefjast hvers konar skýrslna bæði af embættismönnum og einstaklingum. Fundi nefnda Alþingis skal halda í heyranda hljóði.

2. gr. 2. mgr. 48. gr. orðist svo:

Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga, en er óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdarvalds og stofnana þess.

3. gr. 51. gr. orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, en eiga þar ekki atkvæðisrétt."

Þetta frv. hefur verið flutt áður á þessu kjörtímabili og ég ætla ekki að fara grannt ofan í grg. þess. Ég ætla hins vegar að draga fram nokkur meginatriði frv.

Í fyrsta lagi er lögð þarna áhersla á eftirlitshlutverk Alþingis. Það er lögð þarna áhersla á að til viðbótar við að setja landinu lög sé það hlutverk Alþingis að fylgjast með framkvæmd laga. Þessi háttur er tíðkaður víða á Vesturlöndum og er sums staðar sívaxandi hluti af starfsemi löggjafarsamkundunnar, t.d. í Bretlandi. Í Bandaríkjunum hefur þetta verið svona lengi.

Við getum tekið nýlegt dæmi þar sem þetta ætti að hafa komið mönnum til umhugsunar. Hér hefur nú á Alþingi í nokkrar vikur geisað mjög fyrirferðarmikil umræða vegna fræðslumála í Norðurlandi eystra. Það sem er athygli vert er að líklega má rekja rætur þess máls að einhverju leyti til grunnskólalaga. Hins vegar hafa menntamálanefndir Alþingis, sem eitt sinn settu þessi grunnskólalög, ekkert fjallað um stöðu þessara mála. Þrátt fyrir alla þessa miklu umræðu og mikla ágreining sem trúlega má rekja að stóru leyti til ákvæða grunnskólalaga um stöðu fræðslustjóra hafa menntamálanefndir þingsins ekki formsins vegna verið kvaddar sérstaklega til umfjöllunar um þetta mál. Það má segja að það hefði verið eðlilegt að menntamálanefndir tækju grunnskólalögin til athugunar, t.d. vegna þessa ágreinings um

stöðu fræðslustjórans, svo og vegna upplýsinga sem hafa komið fram um að tilteknum atriðum eða tilteknum ákvæðum grunnskólalaga, eins og í sambandi við sérkennslu, sé ekki framfylgt. Þannig ættu starfsömum þingnefndum á hverjum tíma að veitast fjölmörg tækifæri til að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra laga sem þessi samkunda hefur sett, stundum alveg nýlega. Að þessu atriði víkja ákvæði 1. gr. í frv. þar sem stendur og þar sem er kveðið mjög afdráttarlaust að orði um að fastanefndir Alþingis hafi eftirlit með framkvæmd laga og að nefndir Alþingis hafi rétt til að krefjast hvers konar skýrslna bæði af embættismönnum og einstaklingum. Þannig er lagður þessi mikli þungi á þetta hlutverk löggjafarsamkundunnar.

Annað atriði sem kemur þarna fram er að fundi nefnda Alþingis skuli halda í heyranda hljóði. Nú er það svo að um það hefur ekki verið neinn ágreiningur að fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Það er náttúrlega til þess að veita þjóðinni aðgang að því að fylgjast með störfum þessarar samkomu sinnar og menn líta á það sem grundvallaratriði að þessir fundir séu fólki opnir. Það má líta svo á að fundir þingnefnda séu engu ómikilvægari hluti af starfsemi Alþingis og þess vegna eigi þingnefndafundir sömuleiðis að vera opnir fólki. Aftur er þessi háttur tíðkaður víða erlendis og þykir sjálfsagt mál. Ef við hugsuðum þennan þanka lengra áfram mætti benda á að úr því að einu sinni er opnað fyrir aðgang almennings að fundum á löggjafarsamkundunni ættu menn að spyrja hvort ekki ætti að útvarpa af fundum samkomunnar þannig að það væri starfandi sérstök útvarpsrás á vegum Alþingis, sem menn geta kallað Alþingisrásina, þar sem sá hluti þjóðarinnar sem ekki á þess kost að mæta upp á þingpalla, annaðhvort vegna vinnu sinnar eða vegna búsetu sinnar fjarri þingsölum, eigi þess kost að fylgjast með störfum samkundunnar eins og þeir aðrir sem í næsta nábýli búa.

Í 2. gr. frv. er enn lögð áhersla á eftirlitshlutverk Alþingis, en um leið tek ég fram að alþm. sé óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdarvalds og stofnana þess. Þarna er komið að öðru máli í sambandi við starfsemi Alþingis og í sambandi við stjórnskipun, þ.e. kröfunni um gleggri skil á milli valdþáttanna. Menn hafa fylgt því nokkuð eftir hérlendis að halda valdsviði dómara sæmilega hreinu, þ.e. að dómarar rugli ekki reytum sínum um of saman við svið löggjafans eða framkvæmdarinnar. Að vísu er þetta brotið í þó nokkrum tilfellum. T.d. munu sýslumenn hafa átt sæti á Alþingi o.s.frv.

Hins vegar er samkrullið á milli löggjafans og framkvæmdarvaldsins miklu meira og það er ekkert sérviskumál. Það er raunverulegt álitamál í íslenskum stjórnmálum hvort ekki eigi að taka miklu strangar á því, hvort ekki eigi að taka til athugunar og setja klárari starfsreglur bæði í grundvallarlögin eða stjórnarskrána og önnur lög og aðrar reglugerðir sem af þeim eru leiddar, harðari kröfur um að menn haldi sínu á hreinu hvað þetta varðar þannig að alþm. sé óheimil þátttaka í störfum framkvæmdarvaldsins, t.d. að sitja þar í nefndum eða ráðum, svo sem eins og bankaráðum eða stjórnum stofnana, ef við tökum dæmi, enda er svo sem erfitt að sjá nákvæmlega hvaða erindi alþm. ættu segjum t.d. í stjórn sementsverksmiðju. Ég út af fyrir sig sé ekki hvaða flokkspólitískar línur þarf að leggja við framkvæmd eða framleiðslu sements, svo við tökum þau dæmi. Það er ekkert sem liggur í augum uppi um að hlutföll í alþingiskosningum eða þau hlutföll sem fást þegar þjóðin kýs fulltrúa sína til löggjafans eigi að framlengja inn í hinar ýmsu stjórnir og nefndir.

Í 3. gr. er ákvæði um að ráðherrar skuli samkvæmt embættisstöðu sinni eiga sæti á Alþingi, en eigi þar ekki atkvæðisrétt. Hér er þá um að ræða svipað kerfi og er t.d. í Noregi, að ráðherra í ríkisstjórn, sem er þar með í framkvæmdarvaldi, afsalar sér þingmennsku á þann hátt að hann hefur ekki atkvæðisrétt sem þm. og kallar inn fyrir sig varamann. Þannig er lögð áhersla á aðskilnað þessara valdþátta.

Eins og ég sagði í upphafi hefur þetta mál verið hér til umræðu áður. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fylgja því neitt sérstaklega eftir núna og ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 257. mál (þingrof og bráðabirgðalög). — Þskj. 316.

Flm. (Guðmundur Einarsson):

Herra forseti. Hér mæli ég fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá. Þetta er á þskj. 316, *mál nr. 257* og flm. auk *mín* eru þau Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Á þessu þskj. er vikið að tveimur atriðum úr stjórnarskrá, þ.e. þingrofi og brbl. Aftur er hér á ferðinni, eins og varðandi málið sem ég er nýbúinn að mæla hérna fyrir, mál sem hefur verið áður til umræðu og ég mun þess vegna ekki hafa um það langt mál.

Um þingrofsatriðið vil ég segja að ég tel þingrofsréttinn í höndum forseta vera arf frá þeim tíma þegar mönnum þótti næstum eðlilegt að framkvæmdarvald gæti vísað löggjafarsamkundunni heim og ef í odda skarst á milli þingsins annars vegar og þjóðhöfðingjanna eða ríkisstjórnar hins vegar gátu þeir síðarnefndu rofið þing og þar með ógilt umboð þingmanna sem þó voru kosnir af þessari sömu þjóð. Þessi ákvæði eru alls ekki óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd lýðræðis. Þessi ákvæði hafa t.d. ekki verið í norsku stjórnarskránni og ég tel augljóst að þetta vald samrýmist ekki seinni tíma hugmynd-

um um samskipti þings og stjórnar, þ.e. að framkvæmdarvald geti vísað Alþingi heim á þennan hátt.

Annað sem þingrofsmöguleikinn gefur okkur er óstöðugleiki. Þjóðlíf og efnahagskerfi er flókið og viðkvæmt og þar er mjög nauðsynlegt að menn geti gert sér góðar framtíðaráætlanir og góðar spár. Slíkar áætlanir eru á hverjum tíma komnar undir því trausti sem menn telja sig geta haft á frambúðargildi stjórnvaldsathafna og ríkisstjórna. Sú vissa um aðgerðir þessara stjórnvalda sem þingrofsmöguleikanum fylgja tel ég að sé óholl fyrir nútíma efnahagslíf.

Um bráðabirgðalagaákvæðið vil ég segja að við leggjum til að það sé afnumið. Þetta er arfur úr löngu liðinni fortíð. Þetta er frá þeim tíma þegar þing starfaði kannske einungis tvo mánuði ári og jafnvel ekki nema annað hvert ár og þess vegna var augljóst að stjórnkerfi gat ekki unnið án þess að ríkisstjórn hefði rétt til að setja brbl., enda hafa ákvæði um þetta verið í stjórnarskrá síðan hún var sett 1874 og við fengum þau frá frændum okkar og þáverandi herrum. Nú eru augljóslega allt aðrar aðstæður til samgangna og samskipta í þessu samfélagi, eins og reyndar sást í janúar s.l. þar sem þing var kvatt saman og það mættu nægilega margir til löglegra samkomustarfa með einungis sólarhrings fyrirvara sem er eðlilegur fyrirvari á því að kalla þessa samkundu saman. Hin gömlu rök fyrir bráðabirgðalagasetningunni eiga þannig augljóslega ekki við lengur. Það er hægt að kalla til starfs hæfa löggjafarsamkundu svo að segja fyrirvaralaust. Hin praktísku rök eru úr sögunni.

Við höfum líka ágætt dæmi um að þarna eru önnur rök, þ.e. við getum sagt rök sem má rekja til lýðræðisins. Við lagasetningu á löggjafinn rétt á að láta rödd sína heyrast fyrir lagasetninguna og á ekki að una því að geta ekki gert það fyrr en á eftir. Þannig sáum við t.d. í að janúar s.l. þegar umræða var um það að setja brbl. var hins vegar ákveðið að kalla þing saman og það leiddi á eftirminnilegan hátt til þess að hætt var við lagasetningu. Þannig sjáum við að það er nauðsynlegt og eðlilegt að þingið sé kallað til þegar lög voru sett, en lög voru ekki sett sem brbl. án aðildar þingsins. Þarna voru áhrifin eftirminnileg.

Ég vil að lokum gera það að tillögu minni að þessu máli verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 310. mál. — Þskj. 547.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þetta mál, sem ég hér mæli fyrir, um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu er nú flutt í þriðja sinn á hv. Alþingi, en þetta mál flyt ég ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og Kristínu H. Tryggvadóttur sem sat hér á þingi fyrir skemmstu sem varamaður fyrir Kjartan Jóhannsson.

Á árinu 1984 var frv., þegar það var fyrst lagt fram, vísað til ríkisstjórnarinnar á þeirri forsendu að skýrsla yrði lögð fram um endurmenntunarmál sem verið væri að vinna að og yrði hún lögð fram á Alþingi árið eftir, 1985. Í nóvembermánuði 1985 spurði ég hæstv. menntmrh. um þessa skýrslu, en þá var frv. þetta aftur til meðferðar í þinginu. Svör ráðherra voru þá, í nóvembermánuði 1985, að hann mundi beita sér fyrir því að sú nefnd í þinginu sem fengi málið til meðferðar fengi svör skriflega um þessa skýrslu. Í lok ræðu sinnar sagði hæstv. menntmrh. Sverrir Hermannsson:

„En ég endurtek að ég held að okkur sé hin mesta nauðsyn á endurmenntuninni og þá einnig og ekki síður fyrir kennarastétt okkar. Á hinni hraðfleygu stund sem við lifum og breytingatímum er þetta mjög mikilvægt mál og ég vona að í ljósi þeirrar skýrslu sem ég mun beita mér fyrir að verði gefin svo fljótt sem kostur er um endurmenntunarmálin getum við gert nýja aðsjón í málinu."

Svo mörg voru þau orð. En mér er ekki kunnugt um að hæstv. menntmrh. hafi staðið við þessi orð og lagt fram skýrslu um málið, hvorki í nefndinni sem fjallaði um málið né á hv. Alþingi. Það virðist nú vera allur áhuginn fyrir þessum endurmenntunarmálum.

Markmið frv. sem hér er flutt er að koma á samræmdri og skipulegri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingu, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar. Því er það nokkuð einkennilegt ef hv. Alþingi treystir sér ekki til að taka á þessu máli þegar svo mikið er í húfi sem endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Ég tel, herra forseti, að Alþingi sé ekki lengur stætt á því að bíða eftir að framkvæmdarvaldið taki á þessu máli eða bíða eftir því hvenær menntmrh. þóknast að leggja fram einhverja skýrslu um þetta mikilvæga mál hér á Alþingi. Hér er ekki aðeins á ferðinni brýnt hagsmunamál fyrir launafólk og atvinnuöryggi þess heldur fyrir atvinnulífið í heild.

Þó með þessu frv. sé lögð til ákveðin leið og skipulagning á endurmenntunarmálum erum við flm. þessa frv. opin fyrir öllum breytingum á frv. sem samræmast því markmiði sem að er stefnt. Meginmálið er að Alþingi taki á þessu máli því ef við eigum ekki að dragast langt aftur úr öðrum þjóðum í að hagnýta okkur tækniþróun og tæknivæðingu til að efla okkar atvinnulíf og auka hagvöxtinn og skapa okkar fólki skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni verður þegar að taka á þessu máli.

Það er ljóst að sjálfvirkni og vélvæðing munu í auknum mæli hafa það í för með sér að mörg störf

munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Þær gífurlegu breytingar, sem áhrif tæknivæðingarinnar munu hafa á allt atvinnulíf á komandi árum, gera kröfu til þess að tilfærslur geti átt sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti, en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Í allri atvinnuuppbyggingu og leiðum til að bæta lífskjör fólks er eitt brýnasta verkefnið að opna starfsfólki möguleika til að geta aðlagast með eðlilegum hætti áhrifum þeirra gífurlegu breytinga sem tæknivæðingin mun hafa í för með sér á allt atvinnulíf á komandi árum. Endurmenntun starfsfólks er því ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að nýta sér nýjar tæknibreytingar til að auka framleiðni og hagvöxt og bæta lífskjör hér á landi.

Ég tel það, herra forseti, ábyrgðarhluta af Alþingi og hv. alþm. ef menn velja þá leið að leiða þetta mál hjá sér og líta fram hjá því hve brýnt er orðið að af festu og með markvissum hætti verði tekið á þessu máli. Ég vara alvarlega við því ef sífellt á að skáka í því skjóli, eins og stjórnarflokkarnir virðast ætla að gera, að von sé á einhverri skýrslu um stöðu endurmenntunarmála frá hæstv. menntmrh., skýrslu sem lofað var fyrir þremur árum og er enn ekki komin. Í raun og sannleik tel ég að sú aðferð að vísa þessu máli frá á árinu 1984 á þeirri forsendu að ráðherra legði fram skýrslu um málið hafi einfaldlega verið leið stjórnarflokkanna til að drepa málinu á dreif og þurfa ekki í atkvæðagreiðslu hér um þetta frv. að taka afstöðu til málsins.

En að leika þann leik þegar í húfi er svo mikilvægt mál sem endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu tel ég ábyrgðarhluta af stjórnarflokkunum og getur orðið þjóðinni dýrkeypt. Ég skora því á alþm. að taka nú á þessu máli og samþykkja hér lög sem komi skipulagi á þessi mál, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingarinnar en skáka ekki sífellt í því skjóli að von sé á einhverri skýrslu frá ráðherra sem ég tel reyndar að hvergi sé til né í undirbúningi. Hún sé aðeins tylliástæða þeirra sem drepa vilja málinu á dreif og vilja afgreiða málið með þeim hætti, sennilega af því að málið kemur frá þm. stjórnarandstöðunnar.

Út af fyrir sig þarf ég ekki, herra forseti, að hafa langt mál um þetta frv. Ég hef nokkrum sinnum hér á Alþingi frá því að þetta mál var fyrst lagt fram haldið langar ræður um nauðsyn þessa máls og sýnt fram á það með rökum sem ekki er hægt að mótmæla hve brýnt er að Alþingi taki á þessu máli.

Vissulega kostar þetta nokkra fjármuni. Skv. frv. yrði framlag ríkissjóðs til endurmenntunar um 200 millj. kr., en ég fullyrði að þetta framlag mun margfalt skila sér aftur í ríkissjóð og til atvinnulífsins og í batnandi kjörum fólksins ef alþm. hafa dug í sér að taka á þessu máli. Það mætti hugsa sér að fresta gildistökunni fram til áramóta ef þm. telja að ekki sé nú til fjármagn og e.t.v. eðlilegt líka að undirbúningur þessa máls taki nokkurn tíma verði frv. að lögum. En séu menn tilbúnir til að ganga til verks strax skal ekki standa á mér að benda á leiðir til að fjármagn sé til ráðstöfunar til að tryggja nú þegar framgang þessa máls.

Ég hef þegar lýst markmiði þessa frv. sem fram kemur í 1. gr. Með endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu er átt við þann þekkingarauka sem nauðsynlegt er að starfsmenn í fyrirtækjum fái til þess að fyrirtæki geti nýtt sér þá möguleika sem fólgnir eru í nýrri tækni. Þekkingarauka þennan er hægt að byggja upp á marga vegu, svo sem með því að senda starfsmenn á námskeið innanlands eða erlendis, fá ráðgjafa eða starfsþjálfa til að kenna starfsmönnum á vinnustað eða með því að gefa starfsfólki kost á skipulögðu starfsnámi.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um sjö manna endurmenntunarráð, en verkefni þess er síðan skilgreint í 3. gr. Með skipan ráðsins er leitast við að tryggja aðild stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaðnum, auk þess sem tryggð er aðild menntakerfisins að ákvörðunum um alla framkvæmd endurmenntunar sem tengjast tæknivæðingu í atvinnulífinu.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk endurmenntunarráðs. Í þessari grein kemur fram skilgreining á hlutverki endurmenntunarráðs, en a-, b- og c-liðir 3. gr. byggjast á því meginmarkmiði sem fram kemur í 1. gr. frv., þ.e. að komið verði á samræmingu og skipulagi á endurmenntun sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífi og að forgangsverkefni á því sviði taki markvisst mið af því að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna sem í hættu er vegna tæknivæðingar í einstökum greinum atvinnulífsins.

Ljóst er að eitt vandmeðfarnasta verkefni ráðsins er úthlutun styrkja úr endurmenntunarsjóði, enda ræðst af henni röðun forgangsverkefna á sviði endurmenntunar. Nauðsynlegt er því að tryggja úrskurðarvald ráðherra í þessum lögum komi til ágreinings í endurmenntunarráði.

Skv. ákvæðum 4. gr. er hlutverk endurmenntunarráðs þríþætt. Í fyrsta lagi að veita styrki til starfsmanna sem sækja endurmenntunarnámskeið eða starfsþjálfunarnámskeið sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði. Eðlilegt þykir, og auðvelt í allri framkvæmd, að miða upphæð styrkveitingar við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Benda má einnig á að t.d. í Danmörku eru atvinnuleysisbætur notaðar til viðmiðunar þegar greiddir eru styrkir vegna endurmenntunar starfsmanna. Ljóst er þó að sú upphæð er ekki nægjanlegur hvati til að starfsfólk sæki sér endurmenntun því að í allflestum tilfellum verður um nokkurn eða töluverðan tekjumissi að ræða.

Hagur launþega og atvinnurekenda er augljós ef

átak verður gert á sviði endurmenntunar starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Því er eðlilegt að kanna grundvöll þess að atvinnurekendur greiði starfsmönnum mismun á launum þeirra og atvinnuleysisbótum á meðan á starfsþjálfun stendur, svo og að aðilar vinnumarkaðarins greiði hluta af námskeiðsgjöldum.

Styrkir úr endurmenntunarsjóði eru forsenda þess að endurmenntunarráð geti stuðlað að því að framboð og eftirspurn eftir endurmenntun sé nægjanleg og því mikilvægt að víðtæk samstaða náist um alla framkvæmd málsins og að samningar takist við aðila vinnumarkaðarins um hlutdeild í kostnaði við endurmenntun starfsfólks.

Í öðru lagi er lagt til að endurmenntunarsjóði verði heimilt að greiða að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um lengri eða skemmri tíma. Ekki síst er þetta ákvæði sett fram til að stuðla að endurmenntun þeirra sem koma á vinnumarkaðinn á ný, eftir stutta eða langa fjarveru.

Í þriðja lagi eru síðan ákvæði um að styrki megi veita til námsgagnagerðar, námskeiðahalds og starfsþjálfunar á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Í 5. gr. er kveðið á um framlag ríkissjóðs til endurmenntunar og gert ráð fyrir að á fjárlögum ár hvert verði sjóðnum lagt til fé sem samsvarar a.m.k. 50% af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á þessu ári mundu það vera rúmlega 200 millj. kr.

Í ákvæði til bráðabirgða er síðan kveðið á um að félmrh. hefji þegar í stað viðræður við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað verði eftir samvinnu um þátttöku í kostnaði við endurmenntun starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Með lögum þessum er hlutur aðila vinnumarkaðarins tryggður varðandi allar ákvarðanir um skipulag endurmenntunar. Ljóst er að hlutdeild þessara aðila af kostnaði þeim, sem af endurmenntun leiðir, mun tvímælalaust flýta fyrir endurmenntun starfsfólks í flestum atvinnugreinum og því að markmiðum laganna verði náð. Ljóst er að það er jafnt til hagsbóta fyrir atvinnurekendur sem og launþega.

Herra forseti. Í lokin vil ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi míns máls, hve nauðsynlegt er að Alþingi fresti því ekki eina ferðina enn að taka á þessu máli sem tvímælalaust mun skila sér í aukinni framleiðni og hagvexti sem og bættum kjörum fólksins í landinu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. flm., 2. landsk. þm., lagði til að þessu frv. yrði vísað til menntmn. Var það ekki rétt? (**JS:** Félmn.) Félmn. Ég hefði frekar talið að mál þetta ætti heima í menntmn., en skal ekki gera ágreining um það að þessu sinni. Ég vildi hins vegar fara örfáum orðum um þetta frv.

Það fer ekki á milli mála að í okkar þjóðfélagi í dag, jafnhraðar sem allar framfarir eru og jafnörar breytingar og eru á allri tækni, er mjög nauðsynlegt að starfsfólk í atvinnulífinu í sem flestum atvinnugreinum eigi völ á fjölþættri endurmenntun.

Ég verð hins vegar að segja að mér líst afar illa á þá aðferð, sem lögð er til í þessu frv., að skipuleggja endurmenntun með þessum hætti. Hér er lagt til að komið sé á fót miklu bákni sem á að verða stjórnað af svokölluðu endurmenntunarráði sem í eiga sæti skv. till. allmargir aðilar. Þetta á að vera sjö manna ráð með sjóðsstofnun og öðru fleira, sem sagt leitast við að miðstýra endurmenntun sem ég tel að sé alls ekki skynsamleg leið.

Endurmenntun í okkar þjóðfélagi verður að vera mjög fjölþætt. Hún á ekki aðeins að miðast við einstakar atvinnugreinar, þ.e. sjávarútveg, iðnað eða landbúnað, heldur verður endurmenntun ekki síður að miðast við þarfir einstakra fyrirtækja og fyrirtækin í atvinnulífinu eru mjög fjölþætt, hafa mjög mismunandi þarfir og starfsemi þeirra er af mjög mismunandi toga. Þess vegna segi ég það fyrir mig að ég get ekki fallist á þetta frv. eins og það lítur út og vil segja það strax hér við 1. umr. þessa frv.

Í þessu sambandi vil ég benda á að í því frv. sem nú liggur fyrir um framhaldsskóla, frv. sem reyndar hefur ekki verið mælt fyrir enn þá en er lagt hér fram til kynningar, er mjög merkt nýmæli í 36. gr. þar sem segir að heimilt sé framhaldsskólum að veita menntun í öðrum greinum en 35. gr. tekur til, en sú grein tekur til menntunar í kvöldskólum, og reyndar í dagskólum einnig, á sviði þeirra námsgreina sem framhaldsskólarnir annast. En í þessari grein er sem sagt framhaldsskólum veitt heimild til þess að veita menntun, geti efnt til endurmenntunarnáms m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Síðan er um það fjallað í þessari grein að námsgjöld miðist við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna.

Þetta er mjög merkilegt nýmæli í löggjöf, ef það kemst í framkvæmd, að framhaldsskólum landsins, þeim mörgu og fjölbreyttu framhaldsskólum sem nú eru, hvort sem þeir heita menntaskólar, fjölbrautaskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, sjóvinnuskólar eða hverju nafni sem nefnist, það er hægt að telja upp margar tegundir af skólum til viðbótar, að þessir skólar allir geti nú hafið eftirmenntunarnám og lagt til að það verði skipulagt í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Ég tel það miklu vænlegra til árangurs að slíkt nám sé skipulagt af framhaldsskólunum sem þekkja bæði best til hver á sínum stað og að þeir vinni í náinni samvinnu við stéttarfélög og félög atvinnurekenda á viðkomandi svæðum frekar en að stofna eitthvert allsherjar endurmenntunarráð Íslands þar sem reynt verði að samhæfa og miðstýra allri endurmenntun á landinu. Þess vegna vil ég segja það strax, þannig að það komi ekkert á óvart, að ég

get ekki fallist á þetta frv. eins og það lítur út á þskj. 547.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér fannst koma fram mikil þröngsýni og reyndar algert skilningsleysi á endurmenntunarmálum í máli síðasta ræðumanns og kemur mér það nokkuð á óvart vegna þess að ég hef yfirleitt átt öðru að venjast frá þessum hv. þm.

Það er út af fyrir sig gott og blessað að það séu ákvæði í frv. sem nú liggur fyrir þinginu um framhaldsskóla þess efnis að það megi efna til endurmenntunarnámskeiða. En það leysir bara ekki það mál sem verið er að reyna að leysa með þessu frv. sem hér liggur fyrir. Við skulum átta okkur á því að endurmenntunarmálum verður að haga með þeim hætti að allt starfsfólk hafi til þess möguleika að sækja slík námskeið. Ég vísa sérstaklega til þess sem stendur í 1. gr. frv., þar er lagt til að lögð verði sérstök áhersla á það að því er endurmenntun varðar að taka fyrir þær atvinnugreinar þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar. Og hvaða greinar skyldu það nú vera þar sem atvinnuöryggi er í hættu vegna tæknivæðingar? Ég hygg að það séu ýmsar greinar sem láglaunafólk vinnur nú við, svo sem ýmsar hefðbundnar kvennastarfsgreinar. Og ég held, með allri virðingu fyrir skoðunum hv. síðasta ræðumanns, að þetta fólk hafi hvorki tíma né fjármagn aflögu til þess að sækja sér eftirmenntun eða eftirmenntunarnámskeið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í framhaldsskólafrv.

Ég tel að við ekki síður en hin Norðurlöndin verðum að fara þá leið að skapa fólki möguleika til þess. Og hvernig gerum við það? Jú, fram á það er sýnt í þessu frv. að það þarf að veita fólki möguleika, líka í sínum vinnutíma, að fara á námskeið, 5–6 vikna námskeið, taka þá frí frá vinnu og það fái laun á meðan. Í þessu frv. er lagt til hvernig að því skuli staðið með framlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði *af hálfu ríkisvaldsins og þessu fólki* verði greidd laun sem samsvara atvinnuleysisbótum. Síðan er lagt til að leitað verði samráðs við aðila vinnumarkaðarins um það að fólkið fái mismuninn á atvinnuleysisbótum og sínum launum. Ég tel að þetta sé eina færa leiðin til þess að gera því fólki sem helst þarf á því að halda kleift að stunda endurmenntun.

Hv. þm. talar um miðstýrða endurmenntun og að hér sé verið að koma upp bákni. Ég tel að hv. þm. hafi alls ekki skoðað þetta mál með réttu hugarfari og það sé meira í hans kolli að þetta verði eitthvert bákn en að það sé raunveruleikinn. Hér er lagt til að stofnaður verði sjóður og það er alls ekki óeðlilegt í kringum slíkt mikilvægt verkefni sem endurmenntun er. Við höfum það víða fyrir okkur í þjóðfélaginu, einmitt ýmsa sjóði sem eiga að stuðla að framgangi ýmissa mála, þannig að hér er auðvitað ekkert nýmæli á ferðinni. Og það er brýnt að endurmenntunarráð vinni að styrkveitingum og úthlutunum úr þessum sjóði og sjái um að það sé heildarsamræmi og samræming í skipulagi endurmenntunar. Ég veit ekki hvað hv. þm. hefur við það að athuga. Þegar litið er á hvernig skipan þessa endurmenntunarráðs á að vera þá tel ég að með því sem fram kemur í 2. gr. um skipun ráðsins sé leitast við að þeir aðilar verði í þessu ráði sem á einn eða annan hátt ættu að hafa með endurmenntunarmál að gera og skipan þeirra. Þar er bæði um að ræða kennarastéttina og aðila vinnumarkaðarins og að menntmrh., fulltrúi hans hafi aðild að þessu og einnig fulltrúi félmrh. sem verður formaður nefndarinnar.

Ég tel að ef við eigum að koma á einhverju heildarskipulagi og samræmingu á þessi mál, sem ég tel að sé nauðsynlegt, þá sé þetta leiðin. Ég tel að það verði bara handahófskennt ef það á að fullnægja skipulagi á endurmenntun með því ákvæði sem hv. þm. var að vísa í um eftirmenntunarnám sem er einhver ein grein þarna í framhaldsskólafrv.

Við skulum líka átta okkur á því að vissulega eru núna fyrir hendi möguleikar á endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Það eru fyrirtæki eins og Stjórnunarfélagið og fleiri aðilar sem hafa beitt sér fyrir mikilvægu átaki að því er þessi mál varðar. Ég hygg að að því er varðar t.d. Stjórnunarfélagið séu það yfirleitt yfirmenn og stjórnendur fyrirtækja sem er gert kleift í sínum vinnutíma á fullum launum að sækja sér nauðsynlega eftirmenntun og endurmenntun (**GJG:** Og greitt námskeiðsgjald.) og greitt námskeiðsgjald fyrir, segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég dreg ekki í efa að það sé greitt að fullu fyrir stjórnendur fyrirtækjanna þannig að þeir missi í engu þegar þeir sækja sér eftir- eða endurmenntun. En hvað með hið venjulega starfsfólk sem vinnur í framleiðslugreinunum? Hefur það sömu möguleika? Getur það ef því dettur í hug sótt sér endurmenntun á fullum launum ef það hugsar til þess að endurmennta sig vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu? Ég hygg að þeir möguleikar séu ekki fyrir hendi og ég held að þeir opnist ekkert frekar með því ákvæði sem hv. þm. var að vitna í.

Ég minni á það, ég tók það fram í minni ræðu hér áðan, að ákvæði þessa frv. væru ekkert heilög. Við flm. þess erum opin fyrir öllum breytingum á því og brtt. sem fram kunna að koma, svo fremi að markmið frv. náist, þ.e. að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu sem allir, líka venjulegir launþegar, hafa mögueika á að taka þátt í til að tileinka sér nýja tækni og tryggja atvinnuöryggi sitt.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að efna til mikilla illdeilna hér við hv. 2. landsk. þm. þó að ég setti fram þessar athugasemdir við frv. hennar nú við 1. umr. Hún taldi að ég væri þröngsýnn og ég skoðaði þetta mál ekki með réttu hugarfari. Ekki skal ég nú deila um hugarfarið við hv. þm. eða fara í jöfnuð við hann um það hvort hafi betra hugarfar í

þessu máli. Hitt veit ég að mitt hugarfar mótast af áhuga á því að stuðla að endurmenntun í þjóðfélaginu.

Ég er alveg sannfærður um það að við þurfum að gera miklu meira í því í okkar þjóðfélagi að endurmennta starfsfólk og það á sem flestum sviðum. Það er vakning í þjóðfélaginu um endurmenntun og á ýmsum sviðum. Hún nær ekki bara til forstjóra og yfirmanna í fyrirtækjum eins og hv. þm. vildi vera láta í sinni ræðu hér áðan. Mér er minnisstætt bara nú fyrir örfáum vikum þegar fiskvinnslufólkið í Granda settist upp í Háskóla og sat þar, og vakti mikla athygli, á sérstökum námskeiðum til þess að mennta sig frekar. Var þar um að ræða samvinnu milli viðkomandi fyrirtækis og viðkomandi stéttarfélags. Ég tel að það sé einmitt endurmenntun af slíku tagi, sem er mótuð af raunverulegum þörfum fyrirtækjanna og starfsfólks sem þar vinnur, slík endurmenntun sé miklu affarasælli en sú þaulskipulagða endurmenntun sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég talaði um bákn og ég er alveg sannfærður um það að ef slíkt endurmenntunarráð kæmist á með þeim miklu verkefnum sem tiigreind eru í 3. gr.: að gera heildaryfirlit yfir þá endurmenntun sem í boði er; að meta á hverjum tíma þörf endurmenntunar vegna áhrifa nýrrar tækni á atvinnulífið; að gera heildaráætlun til fjögurra ára í senn um skipulag og samræmingu endurmenntunar og forgangsverkefni á því sviði; að gera árlega kostnaðaráætlun; að úthluta styrkjum; o.s.frv., o.s.frv. Það er enginn vafi á því að við erum að setja þarna upp stórkostlega stofnun. Og þó að hér standi að hún geti ráðið sér starfsmann, þá er það alveg ljóst að einn karl eða kerling á skrifstofu getur ekki unnið þetta starf. Það verður kominn fjöldi manns í starf þar sem hver situr ofan á öðrum til þess að reyna að gera sér grein fyrir þessu hlutverki. Sem sagt ákaflega ófrjótt starf.

Ég vil láta þúsund blómin spretta í þessum málaflokki og ég tel að það gerist miklu betur og treysti miklu betur samtökum launþega og vinnuveitenda að fella slíkt nám í það skipulag sem þarf heldur en setja upp einhverja stórkostlega ríkisstofnun til þess að fara að skipuleggja þetta. Ég benti á frv. um framhaldsskóla sem einn þátt í þessu, en ég tel að þetta sé mjög merkilegur þáttur ef það næst fram að framhaldsskólarnir geti nú farið að efna til eftirmenntunar í ýmsum greinum, greinum sem þeir kenna ekki í dag, heldur geti þeir farið að hefja endurmenntunarnámskeið hver á sínum stað, vítt og breitt um landið, hver í sínu fagi til þess að stuðla að eftirmenntun í þjóðfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 1. umr.

Frv. JS o.fl., 319. mál (réttur félagsmanna í húsnæðissamvinnufélögum). — Þskj. 561.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Markmið þessa frv. er að tryggja að húsnæðissamvinnufélög eins og Búseti fái aðgang að húsnæðissparnaðarreikningum.

Frv. þetta er flutt af gefnu tilefni því að fjmrn. synjaði félagsmönnum húsnæðissamvinnufélagsins Búseta um þann rétt sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita þótt ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frv. er flutt til að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðarbyggingum, veiti sama rétt samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota.

Meginmarkmið laganna um húsnæðissparnaðarreikninga var að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Því er það varla í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita, jafnvel þó að eignarhald eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðarbyggingar.

Frv. þetta var flutt á 108. löggjafarþingi. Tvö nál. komu þá fram frá fjh.- og viðskn. sem hafði málið til meðferðar.

Tillaga 1. minni hl. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar var samþykkt en rökstuðningur 1. minni hl. var sá að viðkomandi ráðuneyti kæmu sér saman um túlkun laganna. En, með leyfi forseta, hljóðar nál. 1. minni hl. á þessa leið:

„Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Aflað var umsagna félmrn., fjmrn., Landsbankans, Samvinnubankans, Verslunarbankans, Alþýðubankans og Búseta um frv.

Túlkun félmrn. og fjmrn. á lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga er ósamhljóða og meðan svo er eru lögin óvirk. Bankarnir benda á að samkvæmt lögunum sé binditími of langur til þess að húsnæðissparnaðarreikningar séu aðlaðandi fyrir innleggjendur.

Fyrsti minni hl. telur óhjákvæmilegt að lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Því telur 1. minni hl. rétt að málið hljóti viðeigandi undirbúning í sumar og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Í svari við fsp. 1. flm. þessa frv. í nóvembermánuði s.l. kom fram að ekki hefði enn náðst samkomulag milli ráðuneytanna um málið. Flutningsmenn frv. telja því einsýnt að Alþingi verði að höggva á þennan hnút. Frv. er því lagt fram á nýjan leik með þeirri breytingu sem 2. minni hl. fjh.- og viðskn. lagði til á síðasta þingi, en það er samhljóða breyting og félmrn. lagði til þegar frv. var til meðferðar á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

56. fundur, fimmtudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Samfélagsþjónusta, síðari umr.

Þáltill. KSK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62, n. 632, brtt. 633.

Frsm. atvmn. (Kristín S. Kvaran):

Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu sem flutt var af hv. 1. landsk. þm. o.fl.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um þessa till. og fengið umsagnir um hana frá Skilorðseftirliti ríkisins, fangapresti Þjóðkirkjunnar, Sakfræðifélagi Íslands og Félagasamtökunum Vernd. Allar þessar umsagnir voru jákvæðar. Þá hefur Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur komið á fund nefndarinnar til viðtals.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt, en flytur brtt. á þskj. 633 sem er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frv. um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi.“

Meginefni brtt. er í samræmi við ábendingar sem fram komu í umsögn Sakfræðifélags Íslands. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að samfélagsþjónustan geti orðið til að gera skilorðsbundna dóma markvissari eins og er í upphaflegu tillögunni. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur megintilgangurinn verið sá að hún kæmi í stað óskilorðsbundinna refsivistardóma og markmið hennar þar með m.a. að stuðla að fækkun afplánunardóma í fangelsi.

Þá gerir brtt. einnig ráð fyrir því að frv. um nauðsynlegar lagabreytingar verði lagt fyrir Alþingi, ef niðurstaða nefndarinnar verður jákvæð. Það er gert vegna þess að í áliti Sakfræðifélags Íslands kom fram að ekki er talin vera heimild í núgildandi hegningarlögum, nr. 19/1940, fyrir því að beita samfélagsþjónustu sem úrræði í refsimálum.

Þá var nefndin sammála um að beina því til nefndarinnar, sem skipuð verður samkvæmt þál. verði hún samþykkt, að áhersla verði lögð á að ef samfélagsþjónusta verður tekin upp sem æskileg leið, þá verði hún til að byrja með tekin upp í reynslutíma, t.d. í tvö til þrjú ár.

Undir þetta nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson, Björn Dagbjartsson, Kristín S. Kvaran, Þórarinn Sigurjónsson, Davíð Aðalsteinsson og Garðar Sigurðsson.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málins en hefur lýst sig samþykka þessu áliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak í upplýsingatækni, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 276. mál. — Þskj. 501.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 501 flyt ég till. til þál. um átak í upplýsingatækni. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar á þessu ári átak á sviði upplýsingatækni. Markmið átaksins verði að hraða svo sem frekast er kostur hagnýtingu upplýsingatækni í almannaþágu og að samstilla í þessu skyni krafta allra þeirra aðila sem geta lagt málefninu lið.

Átakið beinist að eftirtöldum þáttum:

1. aðgerðum á sviði menntunar og fræðslumála,
2. útvegun og þróun tæknibúnaðar,
3. öflun og miðlun þekkingar,
4. vöruþróun og markaðsleit,
5. kynningarstarfi.

Iðnaðarráðuneytið kalli til alla þá aðila sem hlut eiga að máli. Á grundvelli þeirra viðræðna verði síðan unnin heildaráætlun um verkefnið, m.a. um kostnað við framkvæmd þess. Iðnaðarráðuneytið geri síðan við afgreiðslu fjárlaga tillögur um sérstök framlög til verkefnisins.

Við framkvæmdina verði haft víðtækt samráð við opinberar stofnanir, samtök í atvinnulífi og áhugaaðila. Iðnaðarráðuneyti hafi frumkvæði að því að hrinda átakinu í framkvæmd og beri ráðuneytið síðan alla ábyrgð á framkvæmd þess. Að höfðu samráði við fyrrnefnda aðila skipi ráðuneytið sérstaka stjórn til að sjá um framkvæmd átaksins.“

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem um nokkurt skeið hefur verið á vettvangi okkar vísinda- og fræðimanna en hefur ekki hlotið sem heild neina umræðu hér á hv. Alþingi. Till. er lögð fram til þess að vekja athygli á þessum mikilvæga þætti í þróun okkar atvinnulífs á komandi árum og áratugum, en þróun upplýsingatækni og tölvutækni hvers konar mun örugglega ráða úrslitum um það hvort lífskjör hér á Íslandi verða á komandi árum sambærileg við það sem er í grannlöndum okkar eða að við drög-

umst aftur úr.

Rannsóknaráð ríkisins hefur fjallað um þessi mál og m.a. hefur ráðið gefið út bækling um tölvu- og upplýsingatækni á Íslandi. Bæklingurinn var gefinn út í framhaldi af starfi nefndar, sem vann á vegum ráðsins og í áttu sæti Oddur Benediktsson prófessor, formaður nefndarinnar, Hjalti Zóphóníasson, Sigurður Þórðarson í fjmrn., Páll Kr. Pálsson, Þorvarður Jónsson og Þorbjörn Broddason. Jón Erlendsson, forstöðumaður upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, var ritari nefndarinnar og í ársbyrjun 1985 var Páll Jensson, forstöðumaður Reiknistofnunar Háskólans, fenginn til að ritstýra skýrslu starfshópsins og tók hann því þátt í þeim verkefnum sem þar voru unnin. Sömuleiðis naut hópurinn aðstoðar Sigrúnar Helgadóttur reiknifræðings.

Niðurstöður þessarar nefndar eru birtar í skýrslu Rannsóknaráðs og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa helstu tillögur nefndarinnar um þróun upplýsinga- og tölvutækni á Íslandi. Þar segir:

„Nefndin leggur til að upplýsingatækni verði efld á Íslandi og hún hagnýtt betur í þágu atvinnulífsins. Veitt verði sérstök fjárveiting til þess að byggja upp upplýsingaiðnað, að jafnaði að upphæð 65 millj. kr. á ári í fjögur ár. Áætlunin og upphæðin verði endurskoðuð árlega. Sérstaka áherslu ber að leggja á að tryggja sem besta samvinnu tölvufyrirtækja, Háskóla Íslands, annarra opinberra aðila, svo sem Rannsóknaráðs og Iðntæknistofnunar og fulltrúa atvinnulífsins, svo sem Félags ísl. iðnrekenda.

Samstarfsráði, sem skipað verði fulltrúum þessara aðila og hafi a.m.k. einn starfsmann, verði falið að stjórna framkvæmd áætlunarinnar, fylgja henni eftir og hafa eftirlit með framvindu og árangri.“

Síðan eru í tillögum nefndarinnar beinar tillögur um sjö verkefnasvið sem einkum eigi að leggja áherslu á, þ.e.:

Í fyrsta lagi með uppbyggingu þekkingar á sviði upplýsingatækni, sem einkum beinist að Háskóla Íslands.

Í öðru lagi með eflingu íslensks tölvuiðnaðar, m.a. með þróunarstyrkjum og áhættulánum til fyrirtækja sem í þessari grein eru.

Í þriðja lagi með bættu skipulagi upplýsingamála.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir upplýsingaveitum og upplýsingaþjónustu, og ég vil lesa þann kafla, með leyfi forseta, en þar segir:

„Komið verði á fót tölvuneti rannsóknastofnana og þróunarfyrirtækja og tengingu við hliðstæð erlend tölvunet. Hafnar verði tilraunir með upplýsingaveitur og breiðbandsnet í samvinnu Háskólans, Póst- og símamálastofnunar og sveitarfélaga. Styrkt verði þróun gagnabanka og framleiðsla upplýsinga til dreifingar, m.a. í tölvunetum. Efld verði fræðsla um upplýsingamál og öflun upplýsinga.“

Í fimmta lagi gerir nefndin tillögu um sérstaka gæðamiðstöð þessarar iðngreinar og atvinnugreinar.

Loks eru sérstakar tillögur um að skipaður verði eftirlitsaðili til þess að fylgjast með að lögum um persónuvernd verði hlýtt í hvívetna við þróun þessarar greinar.

Í skýrslu nefndarinnar koma fram mjög fróðlegar upplýsingar um þróun tölvu- og upplýsingatækni í nágrannalöndum okkar m.a. Þar kemur það t.d. fram að um síðustu aldamót störfuðu um 40% vinnandi manna í þróuðum löndum, svo sem Bandaríkjunum, við fæðuöflun, þar á meðal við landbúnað og fiskveiðar. Hliðstæð tala er nú 3% — en var 40% um aldamót. Nú starfa hins vegar um 25% í iðnaði í þessum löndum, en því er spáð að sú tala verði að 50 árum liðnum komin niður í 5%. Búast má við að sú þróun snúist við á næstu árum, ekki síst vegna tölvutækninnar.

Það kemur fram í skýrslu Rannsóknaráðs að um 1960 unnu innan við 40% starfandi manna í Bandaríkjunum við vinnslu upplýsinga, þ.e. vinnslu og dreifingu upplýsinga í víðum skilningi. Hér er m.a. átt við þá sem starfa við kennslu, rannsóknir, fjölmiðlun, tölvuvinnslu, bókasöfn og þess háttar. Aðeins 20 árum síðar, árið 1980 er þessi tala komin yfir 50% og fer ört hækkandi.

Af þeim tíu starfsgreinum sem U.S. Bureau of Labor Statistics spáir mestri fjölgun í á næstu árum eru sjö svið á sviði tölvutækni. Því er t.d. spáð að kerfisfræðingum og forriturum muni fjölga þar í landi um 70% á þessum tíma. Hér á landi voru þessar starfsgreinar svo að segja óþekktar fyrir 20 árum, en þær töldu líklega tugi manna fyrir 10 árum og telja hundruð manna í dag. Mörg hundruð Íslendingar starfa við þessa grein í dag sem var óþekkt og ekki til fyrir 20 árum eða svo hér á landi.

Í skýrslu Rannsóknaráðs er m.a. bent á það að fyrstu tölvurnar komu til Háskóla Íslands og til Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar fyrir aðeins 20 árum. Í skýrslunni er rakin þróun þessara mála hér og þar er m.a. bent á að þessi tæknigrein muni ráða úrslitum um atvinnuþróun á komandi árum, en hér segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að upplýsingatæknin er kjarnasvið næstu áratuga. Þetta kemur best fram í þeirri áherslu sem tæknivæddar þjóðir leggja á að efla og þróa hana. Frægasta dæmið er svonefnt fimmtu kynslóðar verkefni Japana, þ.e. í stuttu máli risavaxið átak hins opinbera og iðnaðarins til að tryggja Japönum forskot í tölvutækni á næstu árum og áratugum. Einkum er þar lögð áhersla á svonefnd þekkingarkerfi og öflugar tölvur fyrir rökræna vinnslu upplýsinga. Aðrar þjóðir, m.a. Bandaríkjamenn, hafa einnig tekið kröftuglega við sér og stóraukið fjárveitingar til rannsókna og þróunar á sviði upplýsingatækni. Í ýmsum ríkjum Evrópu hafa stjórnvöld sett fram áætlanir til 3–5 ára og leggja til að háum fjárhæðum verði veitt til eflingar upplýsingatækni. Nefna má í þessu sambandi Bretland, Svíþjóð og Danmörk.“

Í þeim töflum sem birtast síðan í skýrslu Rannsóknaráðs kemur fram að öll þessi lönd, sem athuguð eru, verja þegar verulegum fjármunum til upplýsingatækni á komandi árum. Þannig er t.d. gerð grein fyrir því að Danmörk ver sem svarar 595 ísl.

kr. á íbúa á ári til þróunar upplýsingatækni. Svíþjóð ver í þessu skyni 300 kr. á íbúa á ári. Yrði tillaga Rannsóknaráðs um ca. 100 millj. kr. í þetta verkefni á ári samþykkt mundi framlag Íslendinga verða um 280 kr. á íbúa á ári sem er um helmingurinn af því sem það er í Danmörku og talsvert minna en það er í Svíþjóð.

Í þessu sambandi er kannske rétt að taka fram að hér á landi hafa oft verið býsna sérkennilegar deilur um það hver ætti að vera hlutur ríkisins í atvinnulífinu. Ætla ég ekki að hefja þá umræðu hér, en ég ætla að benda á að t.d. í Danmörku, þar sem er hægri stjórn við völd, stjórn Schluters, hefur verið varið meira fé til þróunar upplýsingatækni en í nokkru öðru landi Norðurlandanna á undanförnum árum. Og það segir sína sögu að við Íslendingar skulum fyrst um þessar mundir vera að taka þetta verkefni á dagskrá hér á Alþingi Íslendinga þegar það hefur þegar verið á dagskrá stjórnvalda í grannlöndum okkar um margra ára skeið. Hafa verið gefnir út ítarlegir bæklingar og leiðbeiningar um þessi verkefni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, gögn sem ég hef undir höndum og gæti afhent þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

Vissulega hefur talsverð þróun átt sér stað í þessum efnum hér á landi, einkum og sér í lagi í þeim greinum sem tengjast okkar frumframleiðsluatvinnuvegum, einkum sjávarútvegi, og er nærtækasta dæmið þróun tölvuvoga til notkunar í fiskiðnaði. Tvö innlend fyrirtæki hafa þróað og framleitt tölvuvogir um árabil og hafinn er útflutningur á þeim fyrir nokkru. Af þessu ætti m.a. að vera ljóst að mögulegt er að byggja upp rafeindaiðnað hérlendis sem gæti í framtíðinni orðið hluti af öflugum útflutningsiðnaði á hátæknisviði. Einkum er talið að verulegir möguleikar séu í hugbúnaðariðnaði í þessum efnum. Rannsóknaráð segir m.a. um það efni í skýrslu sinni:

„Þróun hugbúnaðariðnaðar hefur að undanförnu verið mjög ör hér á landi sem annars staðar. Talið er að heimsmarkaður fyrir hugbúnað vaxi um 25–40% milli ára."

Í skýrslunni er fjallað um hugbúnaðariðnað sem útflutningsiðnað framtíðarinnar á Íslandi og það er fróðlegt fyrir okkur, sem höfum einkum lifað á því að flytja út matvæli, flytja út fisk, þjóð sem hefur verið að leita að leiðum til þess að styrkja sínar útflutningsgreinar og gjaldeyrissköpun, fróðlegt fyrir þessa þjóð að velta því fyrir sér hvaða möguleika hún hefur einmitt varðandi útflutning á hugbúnaði, en um það segir í skýrslu Rannsóknaráðs:

„Sérsmíðaður íslenskur hugbúnaður er oft notaður í séríslenskum greinum atvinnulífsins, svo sem fiskvinnslu, í tengslum við rekstur hitaveitna og virkjana þar sem erlendur hugbúnaður er annaðhvort mjög dýr eða jafnvel ekki fáanlegur. Ýmsir hafa bent á að einmitt á þessum sviðum hugbúnaðarþróunar ættu möguleikar okkar til útflutnings að vera mjög miklir."

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara mikið ítarlegar yfir efni þessarar tillögu eða forsendur hennar, en ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það að hér er komið að kjarnaatriði í sambandi við þróun íslensks atvinnulífs á komandi árum. Við Íslendingar þurfum að fara að skilja það að mikilvægasta útflutningsgrein framtíðarinnar er sú vara sem við framleiðum á grundvelli þekkingarinnar. Að breyta þekkingu í útflutningsvöru hlýtur að vera okkar höfuðverkefni í atvinnumálum á komandi árum. Þar á ég bæði við tölvugreinar, upplýsingatækni auðvitað, en ég á líka við hvers konar vöruþróun og markaðssetningu, þar sem við höfum í raun og veru staðið okkur vel á ýmsum sviðum en hefur hætt við að halda þannig á hlutunum að málin hafa viljað staðna í höndunum á okkur þegar vel hefur gengið um nokkurt skeið.

Ég held að ekki sé ástæða til þess, herra forseti, að fara mikið ítarlegar yfir efni þessarar tillögu, en ég bendi á að lokum hvílíkar breytingar geta orðið á þjóðfélagi okkar og þjóðfélagi Vesturlanda á komandi árum ef tölvutæknin fær að þróast og njóta sín til fulls. Það eru breytingar sem munu ekki aðeins hafa áhrif á atvinnulífið heldur líka á heimilin sjálf, líf fjölskyldnanna í þessu landi. Og það er fróðlegt að velta því fyrir sér að hve miklu leyti vinnan, að hve miklu leyti störfin, að hve miklu leyti námið getur flust inn á heimilin með þróun tölvutækninnar á komandi árum. Í þessum efnum hafa fjölmargar þjóðir varið stórfelldum fjármunum í þessu skyni. Við höfum setið eftir. Við höfum ekki tekið á þessum verkefnum og það er beinlínis hættulegt. Við erum að dæma okkur til afturfarar og lakari lífskjara en aðrar þjóðir ef við ekki tökum okkur tak í þessu efni og tryggjum það að samfélagsvaldið, ríkið, hafi þarna frumkvæði í samstarfi við samtök atvinnurekenda og atvinnulífsins og þær rannsóknastofnanir og þróunarstofnanir sem við eigum til hér á landi. Ég tel að í umræðunni um þessi mál hafi sljóleikinn einkennt viðbrögð okkar allt of mikið.

Ég vona, herra forseti, að þessi till. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþingi og legg til að henni verði vísað til framhaldsumræðu að lokinni þessari umr. og til hv. atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám skyldusparnaðar ungmenna, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 277. mál. — Þskj. 502.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 502 flyt ég till. til þál. um afnám skyldusparnaðar ungmenna og er till. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um afnám skyldusparnaðar ungmenna í einu lagi eða í áföngum. Í frv. verði

byggt á þeirri forsendu að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skerðist ekki vegna þessarar ákvörðunar. Við undirbúning frv. verði kannað hvort unnt er að viðhalda möguleikum skyldusparnaðar með tengslum við húsnæðissparnaðarreikningana, sbr. lög um það efni."

Eins og hv. þm. sjá er efnisatriði þessarar till. í raun og veru þríþætt. Í fyrsta lagi að undirbúið verði frv. um að leggja niður skyldusparnað ungmenna í einu lagi eða í áföngum. Í frv. verði hins vegar í öðru lagi byggt á þeirri forsendu að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skerðist ekki vegna þessarar ákvörðunar og þetta er höfuðatriði. Í þriðja lagi að við undirbúning frv. verði kannað hvort unnt er að viðhalda möguleikum skyldusparnaðar með tengslum við húsnæðissparnaðarreikninga sem nú hefur verið opnuð leið fyrir með lögum frá Alþingi frá árinu 1985.

Ég geri mér það ljóst, herra forseti, að hér er hreyft máli sem er eðlilegt álitamál og mjög eðlilegur hlutur að menn velti því fyrir sér hvort þetta er réttlætanlegt miðað við allar aðstæður, að fella þessar kvaðir niður eða öllu heldur fella niður þá sparnaðarmöguleika fyrir ungt fólk sem vissulega felast í skyldusparnaðinum. Ég held þó að það séu svo breyttar aðstæður frá því að lögin um skyldusparnað voru sett fyrir 30 árum, það mun hafa verið 1956, að það sé a.m.k. full ástæða til að setja endurskoðun málsins á dagskrá. Ég tel það ekki sjálfsagðan hlut að skyldusparnaður í því formi sem hann hefur verið eigi alltaf að vera til. Ég tel að þetta sé eitt af því sem á að athuga og ræða af fullri alvöru, hvort skyldusparnaðurinn á að vera áfram eða hvort honum á kannske að breyta frá því sem verið hefur. Till. er sett hér fram til þess að hv. Alþingi og aðrir geti metið forsendur þessa máls á nýjan leik.

Mér finnst það satt að segja oft mikill galli hér á ágætum málum sem ákveðin eru að þau eru látin standa eins og óumbreytanlegur hlutur um margra áratuga skeið án þess að menn taki fyrir með opnum huga hvað í raun og veru hér hefur verið að gerast og hvort það á að halda þessum hlutum áfram óbreyttum eða ekki. Menn þurfa að skoða svona hluti reglulega til þess að ná tökum á því að meta hvaða þýðingu þeir hafa.

Skyldusparnaður ungmenna var ákveðinn með lögum eins og ég sagði 1956 í tengslum við ráðstafanir í húsnæðismálum skv. stjfrv. sem var flutt af þáv. ríkisstjórn og félmrh. Hannibal Valdimarssyni. Lögin voru sett á þremur forsendum:

Í fyrsta lagi að með þeim væri ungu fólki gert kleift að spara á góðum kjörum og betri en völ var á í bankakerfinu á sama tíma. Það var hvergi völ á jafngóðum sparnaðarkostum þá og skyldusparnaðinum. Þetta hins vegar versnaði og breyttist mjög verulega, t.d. á árunum fram að 1980, en með reglum sem settar voru í kringum 1980 lagaðist mjög ávöxtun á skyldusparnaði, en miðað við þær vaxtabreytingar sem síðan hafa gengið yfir er alveg ljóst að skyldusparnaðurinn og ávöxtunarform hans heldur ekki í við það sem kostur gefst á almennum markaði.

Í öðru lagi voru lögin sett með það í huga að opna leið fyrir ungt fólk til þess að fá húsnæðislán umfram það sem ella hefði verið. Eins og kunnugt er var á þessum tíma ekki um það að ræða að almennt verkafólk, hvorki ungt né gamalt, greiddi í lífeyrissjóði. Það gerðist hins vegar upp úr árunum 1970 að menn fóru að greiða í lífeyrissjóði og þar er um að ræða sparnað sem nemur 10% af launum. Þessi sparnaður er nú í raun og veru forsenda húsnæðislánakerfis samkvæmt ákvörðunum sem teknar voru á Alþingi í febrúar og mars 1986. Ég tel því að þessi ákvörðun um breytingu húsnæðislánakerfisins og að það byggist á þeim skyldusparnaði sem felst í lífeyrissjóðunum hafi kallað það fram á dagskrána frekar en áður að staða skyldusparnaðarins sé endurmetin.

Tilgangur laganna 1956 og 1957 var svo auðvitað sá að tryggja húsnæðislánakerfinu fjármuni til þess að það gæti betur sinnt sínum verkefnum. Staðreyndin er hins vegar sú að á seinni árum hefur það verið að gerast að skyldusparnaðurinn gagnvart Húsnæðisstofnun hefur verið neikvæður, a.m.k. um nokkurra ára skeið, þó að hann hafi verið jákvæður örlítið á síðasta ári, ef ég man rétt, og talið er hugsanlegt að hann verði einnig jákvæður á þessu ári.

Samkvæmt tölum sem ég hef frá Húsnæðisstofnun ríkisins og veðdeildinni er um það að ræða að skyldusparnaðurinn var neikvæður um 8–9 millj. 1983, hann var neikvæður um 82 millj. 1984 og um 17 millj. 1985. Hins vegar mun hann hafa verið jákvæður á árinu 1986, ég er ekki með þá tölu hér við hendina, en ég hygg að svo hafi verið, og að einnig sé gert ráð fyrir því að skyldusparnaðurinn verði jákvæður á árinu 1987.

Það breytir ekki því að ég held að það sé kannske hæpið að vera að láta Húsnæðisstofnunina sjá um þennan þátt mála. Nú skulum við segja að við kæmumst að þeirri niðurstöðu að skyldusparnaður ungmenna eigi að halda áfram, sem gæti út af fyrir sig verið. Þá held ég að það sé eftir sem áður álitamál hvort hann á að tengja með þeim hætti við húsnæðiskerfið sem gert hefur verið. Ég held að það sé alls ekki óeðlilegt að ef skyldusparnaðurinn heldur áfram, ef menn vilja halda honum áfram, þá verði honum komið annars staðar fyrir en í Húsnæðisstofnuninni. Ég sé í raun og veru ekkert sjálfkrafa samband þar á milli eins og staðan er orðin í dag miðað við þær margvíslegu skyldur sem nú eru á Húsnæðisstofnuninni umfram það sem áður var.

Ég tel að það sé alveg ljóst, og það vitum við sem þekkjum eitthvað til íslensks atvinnulífs, að á undanförnum árum hefur þó nokkur fjöldi fólks sparað verulega fjármuni í gegnum skyldusparnaðarkerfið, sem hefur komið þessu fólki að góðum notum þegar viðkomandi hafa lagt í íbúðakaup eða aðra slíka fjárfestingu. Þess vegna er það sem ég nefni þann möguleika í þessari till. að opnað verði fyrir slíkan

skyldusparnað í tengslum við húsnæðissparnaðarreikningana sem nú eru til samkvæmt gildandi lögum.

Herra forseti. Tilgangur minn með því að flytja þessa till. er sá að vekja til umræðna og menn velti því fyrir sér með hvaða hætti skynsamlegt sé að haga þessum málum áfram. Forsendurnar eru eins og ég sagði áðan: Fé Byggingarsjóðs ríkisins skerðist ekki frá því sem verið hefur og í öðru lagi að við undirbúning tillagna um framtíðarskipan þessara mála verði athugað hvort unnt sé að koma þessum sparnaðarleiðum fyrir í tengslum við húsnæðissparnaðarreikningana, sbr. lög um það efni.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem vissulega er þess eðlis að ástæða er til að það sé tekið hér til umræðu og menn velti því fyrir sér og meti það hvernig með þetta skuli fara í framtíðarsýn. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að ég tel ástæðulaust annað en að þetta mál sé í endurskoðun og það eru ýmis rök fyrir því að svo sé gert.

Í sambandi við þetta mál þykir mér ástæða til að gefa hér nokkrar upplýsingar um stöðu þessa máls. Ég vil fyrst segja að öll rök hníga að því að farið hafi verið inn á skynsamlega braut með þessa hugmynd um skyldusparnað ungmenna eins og hún hefur þróast í húsnæðiskerfinu, og það hefur haft mikið að segja í sambandi við húsnæðismálin almennt á undanförnum árum að þessi sparnaður varð til. Eins og sjálfsagt flestir hv. alþm. muna var árið 1985 gerð um það allítarleg könnun á vegum félagsvísindadeildar Háskólans hver afstaða unga fólksins væri til skyldusparnaðar. Það merkilega var að niðurstaða þeirrar könnunar var á þá lund að flestallt unga fólkið taldi nauðsynlegt að hafa þennan skyldusparnað við lýði og var mjög áfram um það að svo yrði áfram. En eins og kom fram í umræddri könnun voru 32,2% aðspurðra fremur hlynnt eða hlynnt skyldusparnaðinum, og 49,4% mjög hlynnt eða hlynnt honum, þannig að það voru ekki nema um 13% aðspurðra mótfallnir skyldusparnaði og er náttúrlega rétt að hafa það í huga þegar þessi mál eru rædd.

Ég er ekki með þessu að segja að það form sem nú er í gildi sé það eina rétta og eigi að vera óbreytt áfram. En mér finnst nauðsynlegt að vekja athygli á því, sem er raunar mjög ánægjulegt að mínu mati, að unga fólkið í landinu sýnir það í gegnum svona könnun að það vill hafa möguleika á að spara á þennan hátt. Formið á því er, eins og ég sagði áðan, ástæða til að skoða miðað við breyttar aðstæður og er ekkert óeðlilegt við það.

Ég vil einnig við þetta tækifæri gefa upplýsingar um þennan skyldusparnað í stærðum. Eins og fram kom hjá hv. flm. þál. sem hér liggur fyrir, þá hallaði nokkuð á skyldusparnaðarformið á síðustu árum. Það var rétt sem kom fram hjá hv. frsm. að 1983 var skyldusparnaðurinn neikvæður um 8,4 millj. kr., 1984 um 81,6 og 1985 um 17,1, en var jákvæður á s.l. ári um 22 millj. kr. Og eins og útlitið er núna er nokkuð ljóst að skyldusparnaðurinn verður jákvæður á þessu ári um hærri fjárhæð en þarna kemur fram.

Ég vil einnig geta þess að í byrjun s.l. árs tók til starfa hjá Húsnæðisstofnuninni nýr starfsmaður, lögfræðingur, sem var ráðinn til þess að annast innheimtuna, sem hefur á undanförnum árum ekki verið í nógu góðu lagi í sambandi við skyldusparnaðinn, og hefur mjög horft til bóta með tilkomu þessa starfsmanns sem hefur tekið þetta mál mjög föstum tökum. Það hefur verið reynt að forma þessa innheimtu miklu betur en áður hefur verið gert, ekki síst eftir ábendingum frá Alþýðusambandi Íslands sem hefur lagt mikla áherslu á það að þessi innheimta væri mjög aukin og gengið verði betur frá þeim málum. Og vissulega höfum við séð mörg dæmi þess að þarna hafa orðið mistök sem eru ekki verjanleg.

Ég hef lagt til við ríkisstjórnina, en það mál er búið að vera í meðferð hjá þingflokkunum nú nokkuð lengi, að láta skyldusparnaðarformið fá sama innheimturétt og orlof. Það hefur ekki verið hægt að leggja þetta frv. fram enn þá, en ég á von á því núna næstu daga að samstarfsflokkurinn samþykki þær hugmyndir sem þar eru á ferðinni. En burtséð frá því þá þykir mér rétt að gefa hér aðeins stutt yfirlit yfir fjárhagsstöðu skyldusparnaðarins eins og hann var núna í lok janúar til þess að menn átti sig á stærðinni á þessum sparnaði.

Þann 23. jan. s.l. var innstæða á skyldusparnaðarreikningum ungs fólks 16–26 ára samtals 1 708 700 000 kr. og vaxtasaldó var 62 040 355 kr. Fjöldi reikninga var 47 650. Innstæða á reikningum 26 ára og eldri á sama tíma var um 40 174 000 kr. og fjöldi reikninga í þeim aldursflokki, yfir 26 ára, 9433. Þessar tölur eru samkvæmt upplýsingum á glæru frá veðdeild Landsbanka Íslands og innstæða á skyldusparnaðarreikningum var um síðustu áramót 1 735 000 000 kr.

Það væri hægt að rekja margt fleira í sambandi við þennan skyldusparnað. Ég ætla ekki að tefja umræðurnar á því, en ég vil leggja áherslu á það að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og miðað við afstöðu unga fólksins til skyldusparnaðar mjög nauðsynlegt að menn vandi sig vel við ákvarðanatöku um framhald þessa þáttar í sparnaði. Eins og hv. 3. þm. Reykv. benti á þá má vel vera að það væri hægt að gera þetta með öðrum hætti, en ég mun leggja mikla áherslu á að það er ástæða til að undirstrika afstöðu unga fólksins og reyna með öllum ráðum að halda utan um þennan sparnað sem sýnir þetta í reynd. Í lok þessa árs t.d. verður þessi sparnaður sem situr inni, þrátt fyrir útstreymi á sparnaðinum má reikna með því að hann verði kominn talsvert á þriðja milljarð kr. þannig að þetta eru þýðingarmiklar greiðslur.

Ég fékk hjá forstöðumanni þessarar deildar í

Húsnæðisstofnun upplýsingar um ávöxtunina. Hann telur samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum að ársávöxtun á skyldusparnaðarreikningum fyrir árið 1986 sé um 18,5% miðað við lánskjaravísitölu í janúar til janúar. Þessari ávöxtun er helst hægt að jafna við ávöxtun á sérkjarareikningum banka, þ.e. bestu kjör sem bankar hafa boðið, en auglýst kjör hafa verið um 18% til rúmlega 22% ársávöxtun 1986. Hann bendir einnig á skattfríðindi skyldusparnaðar, sem eru undanþegin tekjuskatti og útsvari. Sem eign er skyldusparnaðurinn að vöxtum meðtöldum skattfrjáls en framtalsskyldur.

Jafnhliða þessu get ég upplýst að núna er verið að gera nákvæmari útreikninga á ávöxtun skyldusparnaðar og ef það kemur í ljós að hann er ekki í þessu formi sem fullyrt er, þá er náttúrlega nauðsynlegt að lagfæra það, en því er haldið fram að hér sé um bestu ávöxtun að ræða. Ég tek undir það að þetta er þýðingarmikill liður í sparnaði unga fólksins sem það vill sjálft viðhalda, en ég tel enga ástæðu til að loka fyrir það að skoðað sé niður í kjölinn hvort það á að breyta þessum sparnaði í eitthvert annað form.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég varð satt að segja nokkuð undrandi þegar ég sá fyrirsögn þessarar þáltill. um afnám skyldusparnaðar. En hv. 3. þm. Reykv. hefur nú mildað það nokkuð með ræðu sinni með því að tala um húsnæðisreikninga og að þetta séu orðin nokkuð gömul lög. Það er að vísu rétt eins og hann sagði að þetta var endurskoðað að mig minnir 1980 og að sjálfsögðu þarfnast svona lagað alltaf endurskoðunar og breytinga. Ég vil ekki mótmæla því. En það sem ég vildi leggja áherslu á er að gildi þessa sparnaðar er skyldan. Ég skal taka undir að hækkun vaxta á húsnæðisreikningum o.s.frv. er æskileg og góð. En skylduna má ekki afnema. Mikið lifandis ósköp vildi ég að þessi skylda hefði hvílt á mér — svona tala nú bara gamlir menn — að þessi skylda hefði hvílt á mér þegar ég var ungur.

Ég var í ein 12–14 ár í stjórn Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og fékk það hræðilega verkefni að velja umsækjendur, það þurfti að taka einn af hverjum tíu, og svo í verkamannabústöðunum. Þar skáru sig úr hjón sem af báðum hafði verið tekinn skyldusparnaður. Þau áttu fyrir útborgun. En ótrúlega margir, sem höfðu sæmilega góðar tekjur, höfðu ekkert fé til útborgunar. Síðan maður varð var við þetta, þá heldur maður ákaflega fast í þennan skyldusparnað og ég held að hann hafi ótrúlega mikið gildi. Þó að það sé komið nýtt húsnæðismálakerfi, og það til mikilla bóta, þá þarf að leggja fram eigið fé engu að síður, það er ekki 100% lán, og þar skera þeir sig yfirleitt úr sem hafa verið á skyldusparnaði.

Hæstv. félmrh. minntist á slælega innheimtu og það gladdi mig mjög að gerðar hafi verið ráðstafanir til að innheimta þetta. Það er nefnilega iðulega að ungir menn koma kannske á skrifstofu Dagsbrúnar og segja: Gæti ekki Dagsbrún innheimt fyrir mig skyldusparnað? Maður kann nú orðið á þetta og segir: Var hann tekinn af þér? Nei, hann var það að vísu ekki, en það er skylda að taka hann. Og maður spyr kannske ungt verkafólk hvort það sé yfirborgað eitthvað og það svarar: Nei, það heitir nú ekki. Það er að vísu samkomulag um að það sé ekki tekinn af mér skyldusparnaður. — Innheimtan hefur verið í ákaflega miklum ólestri og það gleður mig mjög að félmrh. er búinn að gera ráðstafanir til bættrar innheimtu.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að það er endurskoðun og breyting sem hann hefur í huga. En fyrir alla muni: Afnemum ekki skylduna. Það getur vel verið að það gangi í þá sem ungir eru, kannske 18, 19, 20 ára, að afnumin sé skylda þeirra til sparnaðar. En þegar lengra líður, þegar þeir standa frammi fyrir heimilisstofnun, þá gjörbreytir það högum þeirra hvort þessi skylda um ákveðinn sparnað hefur verið eða ekki. Ég vil þakka hæstv. félmrh, fyrir að hafa gert ráðstafanir til bættrar innheimtu, sem hefur verið í megnasta ólestri, ég hef orðið var við það að hún er nú mun betri. En fyrir alla muni, og hef ég sjálfan mig í huga, það verður svo um margan sem vill afnema skyldusparnaðinn í dag á ungu fólki að þeir munu segja eins og ég: Mikið hefði nú verið gott ef ég hefði verið í skyldusparnaðinum. Þetta skiptir bókstaflega hamingju fólks, þegar komið er að ákveðnum þætti í lífi þess.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem till. mín hefur hér fengið. Menn telja rétt að ræða þetta mál. Ég tel að þetta sé nú ekki frekar en önnur mannanna verk þannig að það hljóti að standa óbreytt um aldur og eilífð. Þetta er mál sem þarf auðvitað að skoða og meta í ljósi breyttra aðstæðna, og verulega breyttra frá því sem var þegar skyldusparnaðurinn var settur á.

Öll rök hv. 7. þm. Reykv. eru rétt í þessu máli. Þau eru öll rétt. Þau rök sem ég flutti hér áðan og hæstv. félmrh. eru reyndar líka rétt. Þetta þarf einfaldlega að vega og meta saman í rólegheitum.

Ég hef orðið var við það þegar ungt fólk kemur út á vinnumarkað og það er á sumrin aðallega og það er fleira ungt fólk í skólum núna en var fyrir 30 árum, miklu fleira ungt fólk í skólum, ég hef orðið var við það þegar þetta fólk kemur út á vinnumarkað að því finnst að það sé illa á móti sér tekið. Það sé verið að taka þetta og taka hitt. Og það tekur dálítinn tíma að gera þessu fólki grein fyrir því að t.d. lífeyrisgjöldin, sem verið er að taka af fólki, er í raun og veru ekki verið að taka af því. Þetta er eign sem fólkið á, en það er verið að geyma hana með tilteknum hætti. Sama er um stéttarfélagsgjöldin. Maður verður var við það þegar krakkar eru að koma út á vinnumarkaðinn eftir skóla að þau eru að grenja yfir því að það sé verið að taka af þeim stéttarfélagsgjöld og maður gerir þeim grein fyrir því til hvers er haldið uppi stéttarfélagi, til hvers er haldið uppi verkalýðsfélagi. Og sama er að segja um

skyldusparnaðinn. Ég held að það sé æskilegt að við finnum leiðir til þess að fólk finni sig velkomið þegar það kemur út á vinnumarkaðinn jafnvel þó um skemmri tíma sé.

Mér finnst þess vegna koma til greina í þessu sambandi að velta því fyrir sé t.d. hvort það á að lækka skyldusparnaðinn og fækka undanþágunum. Undanþágufarganið er mjög alvarlegur og erfiður baggi á Húsnæðisstofnun ríkisins. Það eru tugir þúsunda umsókna sem koma til Húsnæðisstofnunar ríkisins, tugir þúsunda pappíra, fjöldi manna sem er í því að afgreiða þessa pappíra út og suður vegna þess að fólk er að biðja um undanþágur sem það á, fólk sem hefur verið í skóla að sumri til sækir um undanþágur þegar kemur fram yfir áramót. En því breyttum við með lögum sem sett voru hér á Alþingi 1985, og ég hygg að ég hafi átt dálítinn hlut í að voru sett, að undanþágunum að því er varðar skólafólk var breytt.

Ég held að þetta undanþágufargan eins og það er rekið af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins sé að verða mjög dýrt og stofnuninni þungt í skauti. Ég hefði viljað einfalda þetta þannig að Húsnæðisstofnun ríkisins þyrfti ekki að vera með alla þessa skriffinnsku í kringum skyldusparnaðinn, t.d. með því að lækka skyldusparnaðarhlutfallið eða breyta því, hafa það jafnvel mismunandi, og fækka í staðinn undanþágunum og skera niður skriffinnskuna sem er gífurlegt apparat orðið á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í fskj. með till. minni birti ég hæstaréttardóma sem hafa fallið út af þessum þessum málum þar sem menn geta áttað sig á því, hv. þm., hvílík flækja þetta er, oft út af mjög litlum upphæðum.

Ég held að það sé einnig rétt að nefna það í þessu sambandi að innheimtan á þessu máli hefur verið mjög slæleg og mjög mismunandi. Unglingarnir hafa kvartað undan því að hún sé mismunandi. Það hefur í mörg ár verið rætt um það að skyldusparnaður sé lögtakskræfur rétt eins og orlofskröfur. Í mjög mörg ár. Ef það er ætlun hæstv. félmrh. að láta það sama ganga yfir skyldusparnaðinn og orlofsféð, þá er rétt að drífa hér inn frv. í þinginu, helst á morgun, og klára það áður en þing fer heim því að það þarf lagabreytingu til þess að þetta geti gengið. Og ég er viss um að við náum saman um það að koma slíku frv. hér í gegn vegna þess að við viljum láta eitt yfir alla ganga í þessu efni.

En eins og ég sagði, herra forseti, till. er flutt til þess að koma málinu hér á dagskrá. Ég tel að það eigi að vega þar forsendur allar og meta. Málið er ekki einfalt heldur flókið. Það eru margar hliðar á þessu máli, m.a. gífurlegir fjárhagslegir hagsmunir. Allt þetta skulum við skoða en við skulum ekki gefa okkur það að þetta, frekar en önnur mannanna verk, sé með þeim hætti að það hljóti að standa 100% óbreytt um aldur og eilífð.

Magnús H. Magnússon:

Herra forseti. Ég tel að skyldusparnaður ungmenna í þeirri mynd sem verið hefur hafi margt gott af sér leitt, hjálpað mörgum ungmennum til að eignast sína fyrstu íbúð. Á sínum tíma veitti skyldusparnaðurinn forgang til lána frá Byggingarsjóði ríkisins og í því frv. sem ég lagði fram 1979, um húsnæðismálastjórn, átti sá forgangur að halda áfram varðandi kaup á fyrstu íbúð. Í afgreiðslu laganna 1980 féll þessi forgangur niður, því miður.

Hv. flm., 3. þm. Reykv., vill að afnám skyldusparnaðarins komi ekki niður á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins, en ég er hræddur um það að sú yrði raunin. Samþykkt þáltill. mundi um nokkurra ára bil skerða lánagetu Byggingarsjóðsins og mundi draga úr sparnaði ungmenna að sjálfsögðu og gera þeim erfiðara um vik að eignast sína fyrstu íbúð. Ég er algjörlega sammála hv. 7. þm. Reykv. um þetta mál.

Þess vegna og með hliðsjón af þeirri skoðanakönnun sem hæstv. félmrh. skýrði frá hér áðan er ég andvígur þessari þáltill. sem hér er til umræðu, efnislega andvígur henni, en ég er auðvitað sammála hv. flm. um það að nauðsynlegt sé að einfalda framkvæmd skyldusparnaðarins og draga úr skriffinnsku.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. endurtaka það sem ég sagði hér áðan að ég bíð eftir heimild til að leggja fram frv. sem ég hef lagt fram fyrir stjórnarflokkana um þetta ákvæði í sambandi við lögtaksaðgerðir til að herða á innheimtu skyldusparnaðar, sem Alþýðusambandið hefur lagt mjög mikla áherslu á, og ég vænti þess að það verði ráðrúm enn til þess að sýna það litla mál hér sem er ekki fyrirferðarmikið.

Í sambandi við hæstaréttardóminn sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi. Þetta var stórt mál frá fyrri tíð. Það var höfðað prófmál á sínum tíma fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 1981, sem var á þá leið að það var ekki nægjanlega hagstætt sem út úr þeim dómi undirréttar kom og þess vegna ákvað félmrn. að láta áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar og fylgdi því eftir þannig að það mál fengi að ganga fram. Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp í mars 1986 og féll skyldusparandanum í vil þó að hér væri um litlar upphæðir að ræða. Og í framhaldi af þessum dómi, sem var kveðinn upp í mars 1986, ákvað félmrh. í sept. 1986 í samráði við Húsnæðisstofnun að láta fullnægja þessum dómi, sem var lítið prófmál á einum aðila, þannig að öllum skyldusparendum frá upphafi skyldusparnaðar í júní 1957 og til gildistöku 1980 verði reiknuð leiðrétting á verðbótum, ef þeim hafa verið reiknaðar verðbætur sem staðið hafa inni á sérreikningi verðbóta í eitt ár eða lengur innan framangreinds tímabils, þannig að dómur Hæstaréttar orsaki það að allir þessir aðilar fái verðbætur á sinn sparnað þó að þeir hafi ekki höfðað til þess máls. Og núna er þessum útreikningi u.þ.b. að ljúka og verða sendar ávísanir til þessara aðila.

Ég vildi láta þetta koma fram því að mér fannst

sem félmrh. sjálfsagt að allir nytu þess úrskurðar sem Hæstiréttur felldi í þessu einstaka prófmáli þó að þetta væri svona afturvirkt eins og þarna er. Þannig fá allir leiðréttingu innan tíðar með heimsendingu á ávísun um þetta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um afnám skyldusparnaðar ungmenna. Ég játa það að mér hefur alltaf fundist mikil þversögn í því að stjórnarskráin skuli áskilja mönnum þann rétt að þeir séu fjár síns ráðandi er þeir hafa náð vissum aldri, en svo ákveði Alþingi með lagasetningu að flokka þá í hópa sem eru fjár síns ráðandi á þann hátt að vissum hluta þegnanna er ætlað að ástunda skyldusparnað. Og þeir eru ekki dregnir út eftir aldri einum saman. Þeir eru dregnir út eftir því hvort þeir stunda skólagöngu. Þeir eru dregnir út eftir því hvort þeir kvænist. Eftir þessum leikreglum virðist það eiga að fara hvort menn eigi í reynd að vera að fullu fjár síns ráðandi eða ekki. Ég játa það að ég hef sett mikið spurningarmerki við hvort þetta sé eðlilegt.

Hin atriðin, sem rétt er að rifja hér upp, eru þau að á sínum tíma og enn hefur þetta verið frádráttarbært frá skatti. Nú aftur á móti virðist vera ætlunin að standa þannig að málum að þetta verði ekki lengur frádráttarbært frá skatti. Það er verulegt atriði ef þetta er skoðað. Réttlætingin, sem fólst í því að leggja á skyldusparnaðinn á þann hátt að ríkið tæki þátt í skyldusparnaðinum með ungmennunum, var hin fyrsta forsenda og gerði það mun auðveldara að mínu viti að sætta menn við þetta böl. Ég tel að Húsnæðisstofnun hafi einnig á tvo vegu áþreifanlega brugðist því trausti sem á hana var lagt:

Í fyrsta lagi reyndist það svo að verðtryggingin var rangt út reiknuð og menn þannig sviknir um eðlilegar greiðslur. Í annan stað var það ákvæði, sem var í gömlu lögunum, um að menn gætu vænst þess að njóta viss forgangs út á það að hafa sparað, viss forgangs í lántökum, þetta ákvæði kom aldrei til framkvæmda. Þetta var einfaldlega svikið. Það skyldi því engan undra að í dag treysta ungmenni fáu í þessum efnum.

Ég tel að ef ætlunin er að viðhalda skyldusparnaðinum þá sé tómt mál um það að tala að standa þannig að því eins og nú blasir við: Ungmennin séu skyldug að spara, þau muni ekki fá jafnmikla vexti af þessu fé og öðru, þau fái engin forréttindi til lántöku og þau fái enga skattaívilnun í tengslum við þetta. Þetta eru atriðin sem ég held að verði að koma þarna inn. Ef hægt er að fá það viðurkennt að hámark sem tekið verði af ungu fólki séu 35% og skyldusparnaðurinn verði þá hafður innan þess geira, þá er hægt að horfa á þetta sem hagsbótaratriði fyrir æsku landsins. Og við þurfum vissulega að færa fjármagn á vissan hátt til þessara aðila. En ef við ætlum að standa þannig að þessu að ungt fólk sitji uppi með það að fá 50% tekið af sínum launum, þá má spyrja: Eru menn fjárráða?

Ég hef vissulega mikla samúð með þeim málflutningi sem kom hér fram hjá Guðmundi J. Guðmundssyni, 7. þm. Reykv., að þetta hefði orðið ýmsum til gæfu vegna þess að hann hefði ekki haft ella vit á því að varðveita sitt fé. Þetta eru vissulega rök sem hægt er að hlusta á. En ég undirstrika það að í því formi, sem skyldusparnaðurinn er í dag, tel ég að það sé ekki verjandi að halda honum áfram. Ég tel að það sé ekki verjandi að standa þannig að málum.

Það getur vel verið að það verði til þess að Húsnæðisstofnun taki þá afstöðu að veita þeim aðilum, sem hafa sparað, einhvern forgang gagnvart lánum fram yfir hina. Ef það kæmi þarna inn er trúlegt að hægt væri að benda á það sem atriði sem gæti réttlætt þetta. En ég spyr sjálfan mig að því enn og aftur: Er hugsanlegt að þeir sem sömdu stjórnarskrána hafi litið svo á að ef menn ekki mundu kvænast eftir ákveðinn tíma, þá væru það raunverulega mistök að hafa þá fjár síns ráðandi?

Ég veit að það eru skiptar skoðanir um þetta mál. Ég skil það vel að félmrh. þurfi að leggja á það áherslu að það sé sterk staða hjá Húsnæðisstofnun. Og ég fagna þeirri ákvörðun hans að hafa gefið fyrirmæli um að reikna út þau mistök sem átt höfðu sér stað og að þær bætur verði greiddar. En engu að síður staldra ég við og spyr sjálfan mig að því: Er það réttlætanlegt út frá öðrum sjónarmiðum, m.a. því sjónarmiði hvað þetta nálgast það að vera brot á stjórnarskránni? Er réttlætanlegt út frá því sjónarmiði að viðhalda þessu kerfi?

Ég veit að sumir hafa sett það upp rökfræðilega á þann hátt að fyrst ríkið eða þingið hafi heimild til að leggja á skatta og taka til sín fé, þá hljóti því einnig að vera heimilt að skylda menn til að spara. Þetta er þó ekki sjálfgefið.

Herra forseti. Ég hef eytt þeim tíma sem mér er hér ætlaður og sé ekki ástæðu til að ganga á þann rétt og hef þessi orð ekki fleiri.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég lýsi mig andvígan afnámi skyldusparnaðar en tel hins vegar að það beri að skoða það hvernig betur megi standa að málum en gert hefur verið. Það er nokkuð um það talað að lítið komi inn til Húsnæðisstofnunar vegna skyldusparnaðar. Ástæðan fyrir því er beinlínis sú að innheimtan er í molum. Ástæðan er sú að það er fjöldi fyrirtækja sem kemur sér undan því að innheimta skyldusparnað og þess vegna þarf að gera lagaákvæði skýrari á þann veg að innheimta sé tryggð. Ráðherra boðar það að fyrirhugað sé að flytja frv. um lögtaksheimild og tel ég að það sé af því góða.

Þessi mál hafa oft verið uppi á borðum verkalýðssamtakanna einmitt vegna þess að menn kvarta undan innheimtunni. Ég tek undir rök hv. 7. þm. Reykv. sem lúta að því að benda á hversu mikil hagsbót skyldusparnaður er fyrir ungt fólk. Það er mjög oft að maður verður var við það að ungt fólk, sem ætlar að kaupa sér íbúð, á aðeins þessa peninga og ekkert annað og er mjög þakklátt kerfinu, þessu

vonda kerfi sem alltaf er verið að tala um, fyrir að hafa aðstoðað sig í því að spara á þennan hátt. En það er margt gert til þess að eyðileggja þann góða tilgang sem fylgdi þessari lagasetningu, t.d. það að um tíma var ávöxtun þessa fjár alls ekki nægilega góð og það er spurning núna hvort ávöxtunin er nógu góð enn, þar sem fullyrt er að betri ávöxtun fáist annars staðar. Svo er allt of mikið um undanþágur. Hins vegar er það svo að yfirleitt er málum þannig háttað að þetta eru einu peningarnir sem ungt fólk á þegar það kaupir íbúð.

Ég er andvígur því að afnema þetta kerfi. Það má laga það og breyta því. Það þarf að skoða sérstaklega hvernig með það skuli fara nú þegar nýtt skattakerfi er tekið upp, staðgreiðslukerfið. En um leið og það gerist hverfur það ákvæði að draga megi þessa peninga frá skatti og gerir það skyldusparnaðarkerfið enn óhagkvæmara en áður.

Í grg. með frv. segir að rökin fyrir því að viðhalda skyldusparnaði ungmenna séu röng. Ég mótmæli þessu algjörlega. Hitt er annað að ráðamenn hafa gert sitt ýtrasta til þess að gera kerfið vanmáttugra og því þarf að breyta, en ekki að leggja kerfið niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun hafsins við Ísland, fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 315. mál. — Þskj. 557.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 557, um varnir gegn mengun hafsins við Ísland. Þáltill. flytja auk mín þeir hv. þm. Pétur Sigurðsson og Eyjólfur Konráð Jónsson. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa texta till. sem er stuttur. Hann er svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að efna til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu, sem fiskistofnunum á þessu svæði er búin af hennar völdum. Til ráðstefnunnar verði boðið fulltrúum allra þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli og alþjóðastofnunum sem um þessi mál fjalla.“

Þetta er þáltill. sem hér liggur fyrir. Það þarf ekki að fara í grafgötur með það hver er meginástæðan fyrir því að þessi þáltill. er flutt hér á hinu háa Alþingi. Kveikjan að henni er fyrst og fremst þau tíðindi sem þessa mánuðina eru að gerast og eiga raunar alllangan aðdraganda: bygging nýrrar kjarnorkuúrvinnslustöðvar á norðausturhluta Bretlands, við Pentlandsfjörðinn á Skotlandi. Hér er um að ræða stóra endurvinnslustöð þar sem kjarnorkuúrgangur er endurunninn.

Þetta mál hefur vakið mikla athygli og mikinn ugg, bæði í Bretlandi og í nágrannalöndunum, og mótmæli borist gegn þessum áformum, m.a. frá Noregi, frændum okkar Færeyingum, Grænlendingum og fleiri aðilum.

Íslenskir sérfræðingar skiluðu skýrslu um þessi áform nú í desembermánuði. Það var nefnd hæfustu sérfræðinga hérlendra, fulltrúar Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Siglingamálastofnunar sem unnu þetta verk í samvinnu við Magnús Magnússon prófessor og kjarnorkueðlisfræðing. Niðurstaða þeirrar nefndar er uggvænleg fyrir Íslendinga sem byggja mestalla afkomu sína á sjávarfangi.

Orðrétt segja þessir sérfræðingar í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta, að „vegna ríkjandi hafstrauma muni geislavirk efni, sem losuð verða í sjó frá stöðinni, berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands.“

Þetta er orðrétt álit okkar hæfustu sérfræðinga í þessum efnum. Í þessari einu setningu, þessari niðurstöðu skýrslu sérfræðinganna um kjarnorkuverið í Dounreay á Skotlandi felast uggvænleg tíðindi fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna höfum við lagt til að ríkisstjórnin láti ekki undir höfuð leggjast að taka þetta mál föstum tökum og boði raunar til sérstakrar ráðstefnu á Íslandi sem allra fyrst til að fjalla um þessi mál og þá mengun hafsins í víðara samhengi.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum Íslendingi að mengun hafsins hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum í kringum Ísland og raunar á öllu Norðaustur-Atlantshafi. Menn hafa beint sjónum sínum í vaxandi mæli að umhverfismálum og þeim vanda sem steðjar að þjóðum álfunnar. Nú er svo komið að slík mengun hafsins hefur haft alvarleg áhrif á vöxt og viðgang fiskistofnanna víða í Norðaustur-Atlantshafi hjá nágrannaríkjunum þannig að sums staðar horfir raunar til algerrar ördeyðu. Menn minnast fregna í fjölmiðlum nýlega um að mengun og ofveiði hefur þegar haft veruleg áhrif á fiskistofnana í Norðursjó með þeim afleiðingum að gripið hefur verið til þeirra ráðstafana að minnka veiðiheimildir á ýsustofninum þar um 37% og veiðiheimildir í þorskstofninn um 26%. Selastofnarnir í Eystrasalti og ýmsir fiskistofnar eru í verulegri útrýmingarhættu vegna mengunar og höfum við nýlega séð myndir af því í sjónvarpi.

Þótt ástandið sé mjög alvarlegt á þessum svæðum hjá nágrannaþjóðum okkar, Dönum, Norðmönnum og Svíum, þá minnkar vitanlega mengunin eftir því sem norðar dregur. Enn sem komið er eigum við ekki við þessi sömu vandamál að stríða, sem betur fer. Það er hins vegar alveg ljóst að hverju stefnir, það er hætta á vaxandi mengun innan efnahagslögsögunnar við Ísland ef ekkert verður að gert. Það sýnir þróunin í Norðursjó og Eystrasalti svo ekki verður um villst. Menn höfðu ekki leitt hugann að þeim vandamálum fyrir 15–20 árum sem nú blasa við öllum. Víða um Norðurlönd eru menn varaðir við að neyta fiskjar oftar en einu sinni í viku m.a.

vegna eituráhrifa kvikasilfurs sem í þessari afurð finnst.

Orsakir mengunar hafsins hér á Norðaustur-Atlantshafi og annars staðar geta vitanlega verið margvíslegar. Þar er um að ræða í fyrsta lagi þau eiturefni sem berast í hafið frá landi, ekki síst frá iðnaði í þeim löndum sem liggja að Norðaustur-Atlantshafinu. Það er skemmst að minnast þeirrar miklu mengunar sem átti sér stað í ánni Rín nú fyrir nokkrum vikum, en sú mengun átti sér raunar upptök í efnaverksmiðju í Sviss. Þá er einnig um að ræða ólöglega losun eitur- og úrgangsefna í hafið, en slík losun átti sér stað fyrir nokkrum árum milli Íslands og Noregs. Íslendingar mótmæltu losun slíkra eiturefna. Gerður var sérstakur alþjóðasamningur um bann við losun eiturefna og úrgangsefna í sjó á Norðaustur-Atlantshafi árið 1973 og erum við aðilar að þeim samningi. Þá hefur einnig verið gerður sérstakur samningur, svokallaður Parísarsamningur, um varnir gegn mengun hafsins frá landi, eða frá landstöðvum eins og það heitir í samningnum. Það er yngri samningur. Við erum einnig aðilar að honum. Það er út af fyrir sig ágætt að gerast aðilar að slíkum samningum, en það má spyrja að hve miklu leyti ákvæði þessara samninga séu virt í framkvæmd.

Þá er ótalinn sá mengunarvaldur sem ég nefndi hér áðan og hættulegastur getur reynst í framtíðinni fyrir Íslendinga. Það er mengun frá geislavirkum úrgangsefnum sem í hafið berast. Áætlanir eru uppi í Bretlandi um að byggja mjög stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay á norðurströnd Skotlands, við Pentlandsfjörð sem flestir Íslendingar vita hvar er á kortinu. Afköst þessarar nýju fyrirhuguðu stöðvar munu verða um 60–80 tonn af brennsluefni á ári.

Nokkur ríki hafa þegar opinberlega lýst yfir áhyggjum sínum vegna aukinnar hættu á mengun hafsins vegna þessara áforma. Meðal þeirra eru Norðmenn og yfirvöld á Orkneyjum. Miklar umræður hafa farið fram um þetta mál í Danmörku og Færeyjum. Þá má nefna að þingmannaráð norðvestursvæðisins — en það er eins og þm. vita samstarfsráð Alþingis, Lögþings Færeyja og Landsþings Grænlendinga — hefur einnig ályktað um þetta mál og lýst áhyggjum sínum í þessu efni.

Mengunin frá hinni fyrirhuguðu stöð í Dounreay á Skotlandi getur stafað af tveimur orsökum og hættan sem íslenskum fiskistofnum er búin þá sömuleiðis af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi vegna daglegs rekstrar. Í öðru lagi, og það er alvarlegra, vegna kjarnorkuslyss, eins og m.a. kom fram í merku viðtali í morgunútvarpinu í dag við siglingamálastjóra, Magnús Jóhannsson.

Ég leyfi mér að vitna í skýrslu sérfræðinganna sem út kom nú í desenber og dreift hefur verið til alþm. Hún nefnist „Greinargerð um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina á Dounreay á Skotlandi.“ Þar er á bls. 17 fjallað um kjarnorkuslys og ég ætla að lesa þar örstuttan kafla, með leyfi hæstv. forseta, því að þar er raunverulega fjallað um mestu hættuna, en eins og nýlegir atburðir sýna eru kjarnorkuslys ekki óhugsandi. Í skýrslunni segir orðrétt:

„Kjarnorkuslys geta alltaf átt sér stað og gera ekki boð á undan sér. Vissulega er reynt með fræðslu, þjálfun og hönnun mannvirkja og tækjabúnaðar að draga úr líkum þess að slík slys geti átt sér stað og draga úr áhrifum þeirra, eins og slysið í Chernobyl í apríl s.l. undirstrikar. Þó er ekki hægt að útiloka að slys eigi sér stað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Áhrif slíks slyss í Dounreay gætu orðið tvíþætt hér á landi. Annars vegar vegna geislavirkra efna er kæmust út í andrúmsloftið og bærust hingað með vindum og hins vegar vegna geislavirkra efna sem rynnu í hafið og bærust hingað með hafstraumum.

Geislavirk efni geta borist hingað í andrúmsloftinu á skömmum tíma eftir slys ef veðurskilyrði eru þannig. Fjarlægðin frá Dounreay til Íslands er minni en fjarlægðin frá Chernobyl til þeirra svæða í Sviþjóð sem verst urðu úti eftir slysið vorið 1986.

Um geislavirk efni sem færu í hafið við slys gildir það sama og um geislavirk efni sem fara í hafið við daglegan rekstur. Aukning geislavirkra efna í hafinu umhverfis Ísland yrði þegar tímar liðu mikil eða lítil eftir því hve mikið af efnum hefði farið í hafið við Dounreay.

Auknum umsvifum við kjarnorkustarfsemina í Dounreay munu fylgja auknir flutningar geislavirkra efna á sjó, á landi og í lofti. Auknum flutningum fylgir aukin slysahætta með þeim afleiðingum að geislavirk efni komast út í umhverfið.

Það er álit okkar að fyrirhuguð staðsetning endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay orki mjög tvímælis. Staðsetning við Dounreay eykur á hættuna á því að lönd, er ekki standa að stöðinni, verði fyrir mengun af völdum geislavirkra efna frá henni á meðan áhrif á þau lönd sem stöðin á að þjóna gætu orðið mun minni eða jafnvel engin.“

Hér lýkur tilvitnun í þessa skýrslu sem að stóðu Hafrannsóknastofnun, Geislavarnir ríkisins og Siglingamálastofnun, auk Magnúsar Magnússonar prófessors.

Hér kemur mjög glögglega fram að bygging endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay á Skotlandi, sem er raunar skamman veg frá íslenskri efnahagslögsögu, mun auka mengunarhættuna fyrir Norður-Atlantshaf, ekki hvað síst, eins og orðrétt segir í niðurstöðum skýrslunnar, „af völdum slysa sem orðið geta bæði við flutninga á geislavirkum efnum með skipum á erfiðum siglingaleiðum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að geti orðið í endurvinnslustöðinni“.

Í skýrslunni segir einnig að telja megi að það taki geislavirk efni frá Dounreay 4–6 ár að berast til Íslands, en „vegna ríkjandi hafstrauma munu slík geislavirk efni, sem losuð verða í sjó frá stöðinni, berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands“, segir þar. Þessu er m.ö.o. slegið föstu af sérfræðingunum í skýrslunni.

Ég þarf, herra forseti, ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hygg að öllum sé ljóst hve alvarlegt

mál er raunverulega hér á ferðinni. Það þarf varla um að binda ef slíkt slys á sér stað, svo ógnvænlegar mundu afleiðingarnar verða fyrir þá fiskistofna sem eru í hafinu innan íslenskrar efnahagslögsögu og raunar fiskistofnana í Norðaustur-Atlantshafinu öllu. Þar yrði um stórkostlegt áfall og raunar nánast ördeyðu að ræða til margra ára. Og menn geta spurt: Hvernig yrði þá komið afkomu og efnahag þessarar þjóðar?

Af þessum sökum, herra forseti, teljum við flm. þessarar till. fyllilega tímabært að Íslendingar hafi frumkvæðið að því að kölluð sé saman ráðstefna þeirra ríkja allra sem hér eiga hlut að máli þar sem rædd verði sú mengunarhætta sem að fiskistofnunum við Ísland og öðrum nágrannaríkjum steðjar, ekki síst vegna þeirra geislavirku úrgangsefna sem óhjákvæmilega munu komast í hafið frá þessari fyrirhuguðu stöð.

Við teljum að hér sé um eðlilegt og sjálfsagt framtak og frumkvæði íslenskra stjórnvalda að ræða og raunar ætti ekki að draga að kalla saman slíka ráðstefnu. Hún ætti að koma saman hér í Reykjavík strax í sumar. Það er út af fyrir sig ágætt að við erum aðilar að samningum sem banna losun úrgangs- og eiturefna í hafið, en hér er um mál að ræða sem þarf að leysa og ræða á miklu breiðari grundvelli en innan funda samningsaðilanna. Þetta er efni sem fyllilega verðskuldar að kölluð sé saman ráðstefna til þess að fjalla um, ekki síst miðað við þau efni sem rædd eru á alþjóðaráðstefnum almennt, svo alvarlegt mál er hér á ferðinni.

Að lokinni 1. umr. um þessa till., herra forseti, legg ég til að henni verði vísað til hv. félmn.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil þakka flm., hv. 2. þm. Reykn. og meðflutningsmönnum hans, þessa mjög svo góðu og þörfu till. Og ekki vil ég síður þakka hv. 2. þm. Reykn. Gunnari Schram fyrir ákaflega greinargóða og upplýsingagefandi ræðu um þetta mjög svo alvarlega mál. Eins og kom fram í hans máli er ljóst að þó að allir eigi mikið undir því að hafið verði ekki mengað þá yrði það náttúrlega algert hrun fyrir íslenskt þjóðlíf og íslenska þjóð ef hafið mengaðist svo í kringum Ísland að fiskistofnarnir mundu eyðast. En jafnframt því sem ég ítreka þakkir mínar til hv. 2. þm. Reykn. fyrir hans góðu ræðu hér og ábendingu um að halda um þetta ráðstefnu, það hefur oft verið talin ástæða til að halda ráðstefnu um minna, þá vil ég geta eins atviks, sem ég fékk upplýsingar um en minnist hvergi að hafi komið í fjölmiðlum, og mér gengi nú sennilega illa að sanna, en ég veit að er rétt. Þannig hagar til — og lítur nú hv. þm. Tryggvi Gunnarsson upp — að dýptarlínan fyrir Suðurlandi eða landgrunnið nær mjög skammt, það er ekki nema svona eitthvað 8 mílur út af Dyrhóley þegar komið er niður úr 1000 metra mörkunum. Hins vegar er yfir 2000 metra dýpt á hafinu svona 50–70 mílur suð-suðaustur af Hjörleifshöfða, Skarðsfjöru, er mér sagt. Á þessu svæði, þar sem er yfir 2000 metra dýpt á sjó, hefur a.m.k. tvisvar sinnum sést skip sem ekki hefur verið á beinni siglingaleið, hefur verið í svona krókasiglingum fram og aftur. Í báðum tilfellunum sem mér er kunnugt um voru þetta skip ekki óáþekk þeim sem tíðkast við olíupallana í Norðursjó. Þau höfðu engan áfangastað, hvorugt skipið sigldi í beina átt, voru á siglingu þarna fram og aftur og það leikur sterkur grunur á því að þarna væri verið að losa úrgangsefni í hafið langt innan við fiskveiðilögsögu Íslendinga.

Eins og fram kemur í þessari ágætu till. er vitað að það er ekki síður hætta af losun eitur- og úrgangsefna í hafið, eins og átti sér stað fyrr á árum á milli Íslands og Noregs, og sérstök alþjóðastofnun sem á að sjá um takmarkanir á því. Þessi alþjóðastofnun er í London og það á að tilkynna henni um öll úrgangsefni sem munu vera mest frá Þýskalandi, Hollandi, Belgíu o.s.frv. Það er yfirleitt losað vestur af Biskayaflóa, á miklu dýpi þar. En það eru ákaflega mikil vanhöld á að þessar upplýsingar séu gefnar. Þessi alþjóðastofnun á að sjá um að úrgangsefnin séu í umbúðum sem þola nokkur hundruð ára geymslu. Í kringum þetta er mjög farið, ekki einungis að þessi eiturefni séu losuð víðar, það er rökstuddur grunur um að það hafi átt sér stað, ekki í stórum mæli en einhverjum mæli, 50–70 mílur suður af Skarðsfjöru, sem er nokkuð suðaustur af Hjörleifshöfða að mér er sagt. Þeir sem þurfa að losna við þessi eiturefni sækjast eftir að losa þau annars staðar en á hefðbundna svæðinu til þess að vera ekki bundnir þeim stífu ákvæðum sem gilda um umbúðir um þau. Þess vegna sækja þeir annað, þar sem dýptin er 2000 metrar eða svo.

Ég held að það sé ákaflega mikil þörf á því að sú góða stofnun sem við höfum og nýtur alþjóðaviðurkenningar, Hafrannsóknastofnun, taki sýni af sjó á misjöfnu dýpi suður af landinu. Þetta er eitt af því sem þyrfti að ræða á ráðstefnunni vegna þess að straumarnir þarna — hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gæti lýst þessu nánar, hann þekkir hafsbotninn alveg að Rockall — liggja suður og vestur með landinu og svo austur með Norðurlandi.

Nokkrir skipsfarmar af eiturefnum frá verksmiðjum geta haft óhugnanleg áhrif. Ég tek þetta bara sem örlítið dæmi um að hve mörgu er að hyggja og hvað þetta er þörf till. Það skyldi nú aldrei vera að við, sem getum stært okkur af því og beinlínis blómstrum á erlendum mörkuðum af því við erum með ómengaðan sjó og ómengaðan fisk, að við séum þegar komin inn á hættusvæðið, m.a. vegna skorts á eftirliti?

Ég fagna þessari till. og vona að félmn., sem ég á reyndar sæti í, afgreiði þetta fljótt og ákvætt frá sér. Það er brýn þörf, sómi Alþingis að efna til þessarar ráðstefnu og þjóðin á mikið undir því að við séum vakandi í þessum efnum.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að standa hér

upp til að lýsa stuðningi við þessa þáltill. Hér er um stórmál að ræða hvort sem okkur tekst að fá slíka ráðstefnu hingað á fullnægjandi hátt. Það verður að koma í ljós. En mér finnst hugmyndin góð og lýsi yfir stuðningi við hana.

Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál láta það koma fram hér að fulltrúi minn á ráðherrafundi umhverfismálaráðherra á þingi Norðurlandanna, þar sem var síðast fundað í gær, hafði fyrirmæli um það, og gerði, að lýsa afstöðu Íslands sérstaklega til þeirra hugmynda um að Norðurlöndin sameiginlega lýsi yfir hörðum mótmælum gegn þeim áformum sem uppi eru í Bretlandi um að byggja stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay á norðurströnd Skotlands við Pentlandsfjörð. Ég hef upplýsingar um að það virðist vera að nást samkomulag meðal Norðurlandanna um það að taka sameiginlega afstöðu til þessa máls á kröftugan hátt því hér er um gífurlega mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga og raunar þjóðir allra landa sem liggja að Norðurhöfum, að reynt verði að stöðva þetta áform. Það er algjört grundvallaratriði.

Mér finnst því að allt sem miðar í þá átt að vekja athygli á þessum málum fyrir okkar forgöngu sem eylands hér norður í höfum, sem eigum allt okkar undir því að ekki verði slys af þessari tegund á okkar hafsvæðum, sé af því góða og þess vegna vil ég sérstaklega lýsa stuðningi við þessa tilraun sem hér er sett fram.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil færa flm. þessarar till. sérstakar þakkir fyrir að koma með þetta fram og sérstaklega þakka ég hv. 2. þm. Reykn. ágæta framsögu. Það er reyndar fátt sem ég hef við þetta að bæta. En þó er það aðeins eitt. Ég held að ef við mundum sæta svipaðri mengun, í álíka magni og hefur gengið yfir Norðursjó og Eystrasalt, á þessu svæði okkar hér, þessu kalda norðursvæði þar sem lífríki allt er miklu viðkvæmara, þá þyrfti, eins og ég held að hv. 2. þm. Reykn. hafi nefnt í ræðu sinni, það þyrfti ekki um þetta að binda frekar. Þetta væri dauðadæmt, a.m.k. fyrir þær kynslóðir sem nú væru hér uppi, ef við yrðum fyrir álíka slysi.

Ég þakka einnig hv. 7. þm. Reykv. fyrir ágæta kennslu sem hann veitti mér í hafdjúpinu hér í kringum okkur og straumfræði líka. Ég er hér með kort fyrir framan mig á fskj. 2 með þskj. 557, þar sem sýndir eru helstu straumar, þyngstu straumarnir. En ég hef séð önnur straumkort en þetta og þar liggja straumar ekki nákvæmlega svona, það koma ýmsar greinar út frá þessu og það fer ekki alveg þessa leið allt saman. Þetta eru hringstraumar og það eru þverstraumar og alla vega straumar á þessu svæði. Og þeir liggja miklu meira upp að landinu, þessar smágreinar brotna á Færeyjahryggnum, sem liggur frá Íslandi um Færeyjar og allt til Skotlands, að vísu smááll á milli Hjaltlands og Færeyja sem meginstraumurinn fer í gegnum. En hann brotnar samt þessi straumur upp að Íslandsströndum. Að það taki 4–6 ár að koma þessari svívirðingu sem þessir mengunarvaldar ausa þarna út frá sér það held ég að sé sá tími sem við getum ekki ætlað því að vera þá leið. Ég tel að það taki miklu skemmri tíma, ég þori ekki að segja hvað langan tíma, en hitt er víst að það mundi vera miklu skemmri tími.

Eitt verð ég þó nefna í lokin. Það eru ekki einasta straumarnir sem ég er hræddur um að geti flutt þetta, heldur geti sýktar fiskitegundir sem rása á milli, þar er nú selurinn einn og það eru jafnvel botnfiskar, djúpsjávarfiskar sem við erum að fá upp af suðlægum slóðum, sem villast hér upp að landinu, hver veit nema þeir geti flutt okkur þennan voða frá þessum stöðum?

Hv. 7. þm. Reykv. minntist hér á einhver torkennileg skip. Þetta hef ég aldrei heyrt, að þessi skip væru svona nærri okkur, en ég veit að hann er ekki að segja þetta út í loftið. Það er uggvænlegt að heyra þetta, ef slíkt getur verið á ferðinni innan landhelgi okkar, að þeir skuli leyfa sér slíka svívirðu.

Að lokum, herra forseti, þá nefndi hv. 2. þm. Reykn. að ýmsir stofnar gætu verið í hættu, þar á meðal selastofninn. Þarna er ég honum andvígur. Ég held að hann mætti nú minnka dálítið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þessa till. sem tekur á mjög mikilvægu máli og hættulegu. Í október s.l. bar hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fram fsp. til hæstv. utanrrh., svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. „Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif stækkun kjarnorkuversins í Dounreay á Skotlandi getur haft á Norður-Atlantshafið og þá sérstaklega með hliðsjón af losun geislavirkra úrgangsefna í hafið?

2. Hefur ráðherra gripið til einhverra aðgerða í þessu máli?“

Svar ráðherra var á þá leið að hann hefði leitað umsagnar um málið hjá Hafrannsóknastofnun, hjá sérfræðingi ríkisstjórnarinnar um kjarnorkumálefni, prófessor Magnúsi Magnússyni, hjá Geislavörnum og hjá Siglingamálastofnun, en svörin höfðu ekki borist honum enn og því gaf hann enga afstöðu upp til málsins. Hins vegar kom fram í umræðum um þessa fsp. að þingmannaráð norðvestursvæðisins, þ.e. samstarfsráð Alþingis og Lögþings Færeyinga og Landsþings Grænlendinga, hefðu ályktað um þetta mál á fundi á Selfossi á s.l. hausti.

Ég hygg að sú grg. sem hér liggur fyrir og var vitnað til áðan hafi í raun sprottið upp af þessari fsp. og er það vel. Það er mjög nauðsynlegt að halda þessum málum í umræðu og þess vegna er ráðstefna æskileg, en hins vegar er okkur nauðsynlegt og er það jafnvel enn brýnna að vera vel á verði og mótmæla kröftuglega.

Ég fagna því þeirri yfirlýsingu sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan að við skulum eiga þátt að mótmælum ásamt öðrum Norðurlandaþjóðunum. Ég tók eftir því að hann talaði um umhverfismálaráðherra

Norðurlandanna og þá hlaut ég að sakna þess að Íslendingar eiga engan umhverfismálaráðherra. Umhverfismálin hjá okkur eru dreifð á líklega ein sjö ráðuneyti. Öll slík dreifing miðar auðvitað að því að kljúfa málin niður í litlar einingar þar sem heildarábyrgð og yfirsýn er erfið. Ég held að þetta gæti orðið okkur góð áminning um mikið átak í umhverfismálum til að koma þeim öllum undir einn hatt.

Það er okkur brýn nauðsyn að lýsa sterklega yfir mótmælum við þessar aðgerðir í Skotlandi vegna þess, eins og komið hefur fram hér í umræðum, við eigum allt okkar líf og afkomu undir þeim fiski sem syndir í sjónum umhverfis Ísland og því að hann sé heilbrigður og ætur.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim þm. sem tekið hafa þátt í þessum umræðum fyrir ræður þeirra, þ.e. hæstv. félmrh., Alexander Stefánssyni, og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, Tryggva Gunnarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur. Ég fagna því sem fram kom í ræðu félmrh. að Norðurlöndin eru að ná samstöðu um það á norrænum fundi sem nú stendur að mótmæla kröftuglega þeim áformum sem uppi eru í Bretlandi um byggingu þessarar endurvinnslustöðvar, sem slík hætta getur stafað af, eins og fram hefur komið í ræðum manna hér í dag. Það er tímabært að slíkt sé gert, slíkt samráð sé haft og slík samstaða mynduð. Till. gengur einmitt út á slíkt að á þeim alþjóðlega fundi, sem hér yrði haldinn á Íslandi, verði mótuð stefna í þessu máli og frekari aðgerðir skipulagðar til að koma í veg fyrir þessi áform.

Jafnframt komu fram fróðlegar upplýsingar í ræðu Guðmundar J. Guðmundssonar um losun eiturefna hér í hafið við Ísland. Það eru uggvænleg tíðindi ef slíkt hefur gerst að undanförnu. Um slíka losun var að ræða fyrir u.þ.b. 15 árum í hafið á milli Noregs og Íslands. Það voru eiturefni frá iðnaðarlöndum meginlands Evrópu. Það framferði var stöðvað á þeim tíma vegna þess að málið varð uppskátt og Íslendingar báru fram harðorð mótmæli. Það þarf vissulega að grípa til ráðstafana aftur ef þetta athæfi hefur endurtekið sig.

Það er rétt að bæta því við að fram kom nýlega hér á þingi í ræðu hæstv. samgrh. að þegar hefur verið ákveðið af hans hálfu að fram skuli fara mælingar, bæði á vegum Hafrannsóknastofnunar og Geislavarna ríkisins, í sjó hér við land og á fiskimiðunum til þess að fylgjast með geislavirkni hafsins og er það vel. Ég fagna því framtaki. En það þarf miklu meira að fylgja á eftir eins og allir ræðumenn hafa lagt hér áherslu á í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám skyldusparnaðar ungmenna (277. mál) 3544.
Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna (364. mál) 3504.
Álit milliþinganefndar um húsnæðismál (307. mál) 3379.
Átak í upplýsingatækni (276. mál) 3540.
Drengskaparheit unnið 3275.
Dýralæknisembætti (349. mál) 3342.
Endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu (310. mál) 3529.
Fangelsismál (309. mál) 3339.
Flugmálaáætlun (316. mál) 3506, 3523.
Fólksflutningar með langferðabifreiðum (213. mál, heildarlög) 3320, 3524.
Húsnæðissparnaðarreikningar (319. mál) 3537.
Innflutningur búfjár (106. mál) 3373.
Jarðræktarlög (308. mál, heildarlög) 3525.
Kosning sérnefndar 3285.
Kosningar til Alþingis (18. mál, úthlutun þingsæta o.fl.) 3283.
Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna (232. mál, afnám laga) 3338, 3524.
Nauðungaruppboð (297. mál, þriðja uppboð á fasteign o.fl.) 3321.
Neyslu- og manneldisstefna (366. mál) 3374.
Póst- og símamál (363. mál, stjórnskipulag) 3501.
Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi (6. mál) 3373.
Samfélagsþjónusta (62. mál) 3539.
Símaþjónusta (355. mál) 3346.
Sjóðir og stofnanir (361. mál) 3500.
Sjómannadagur (209. mál) 3275, 3479.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (360. mál, tollafgreiðsla) 3289.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (311. mál, skiptahlutfall) 3524.
Stjórnarskipunarlög (256. mál, rannsóknarnefndir Alþingis o.fl.) 3526.
Stjórnarskipunarlög (257. mál, þingrof og bráðabirgðalög) 3528.
Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands (359. mál) 3290.
Umboðsmaður Alþingis (294. mál) 3501.
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 3322, 3523.
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (273. mál) 3285, 3315, 3490.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs 3273.
Varnir gegn mengun hafsins við Ísland (315. mál) 3555.
Vegáætlun 1987–1990 (365. mál) 3348.
Vitamál (296. mál, skipunartími vitamálastjóra) 3321.
Þinglýsingalög (120. mál, skrásettar bifreiðir) 3338, 3523.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (351. mál, skattvísitala) 3499.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3273, 3275, 3454.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3491, 3498.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3338, 3421, 3482, 3489, 3547, 3552, 3560.
Landbrh. Jón Helgason 3283, 3336, 3338, 3340, 3341, 3343, 3345, 3500, 3501.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3289, 3290, 3309, 3313, 3346, 3348, 3502, 3503, 3504.
Árni Johnsen 3281.
Ásta R. Jóhannesdóttir 3374, 3378.
Birgir Ísleifur Gunnarsson 3275, 3373, 3533, 3536.
Björn Dagbjartsson 3309, 3491.
Egill Jónsson 3506, 3521.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3499, 3500.
Garðar Sigurðsson 3373.
Guðmundur Bjarnason 3385.
Guðmundur Einarsson 3526, 3528.
Guðmundur H. Garðarsson 3444.
Guðmundur J. Guðmundsson 3396, 3458, 3549, 3559.
Guðrún Agnarsdóttir 3322, 3376, 3562.
Gunnar G. Schram 3555, 3563.
Halldór Blöndal 3379, 3461, 3484.
Helgi Seljan 3362.
Hjörleifur Guttormsson 3328, 3335, 3337, 3374.
Jóhanna Sigurðardóttir 3430, 3529, 3535, 3538.
Jón Baldvin Hannibalsson 3401, 3471, 3488.
Jón Kristjánsson 3281, 3307.
Jón Sveinsson 3485.
Karl Steinar Guðnason 3278, 3493, 3499, 3509, 3554.
Kolbrún Jónsdóttir 3282, 3369, 3378, 3490, 3498, 3516.
Kristín Halldórsdóttir 3454.
Kristín S. Kvaran 3339, 3341, 3342, 3539.
Magnús H. Magnússon 3442, 3480, 3503, 3551.
Ólafur Þ. Þórðarson 3331, 3553.
Ragnar Arnalds 3284, 3296.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3288, 3299, 3313.
Skúli Alexandersson 3279, 3315, 3495, 3510.
Stefán Benediktsson 3300, 3314, 3455, 3488.
Stefán Guðmundsson 3524.
Stefán Valgeirsson 3525.
Steingrímur J. Sigfússon 3342, 3344, 3345.
Svavar Gestsson 3540, 3544, 3550.
Tryggvi Gunnarsson 3321, 3336, 3561.
Valdimar Indriðason 3275, 3285, 3319, 3492.
Þórarinn Sigurjónsson 3346, 3348.

EFRI DEILD

45. fundur, mánudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögreglumenn, 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum. Í bókun með sérkjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 18. júlí 1986, var gefið fyrirheit þess efnis að dómsmrn. mundi beita sér fyrir því að láta leggja fram á næsta Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um lögreglumenn er fæli í sér heimild til að lækka eða fella niður skaðabótafjárhæð vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og er af völdum mistaka eða vanrækslu.

Skyldur og störf lögreglumanna eru þess eðlis að þeir þurfa oftsinnis að bregðast skjótt við aðsteðjandi vanda eða ástandi sem ris skyndilega. Þá gefst sjaldan tóm til að leita fyrirmæla yfirboðara eða ráðrúm til mikillar umhugsunar og verða lögreglumenn að taka tafarlausar eða tafarlitlar ákvarðanir við erfiðar og oft hættulegar aðstæður.

Lögreglumenn eru í þeirri aðstöðu að geta valdið eignatjóni eða slysi af gáleysi sem ekki verður talið stórfellt.

Þau sjónarmið búa að baki þessari lækkunarheimild tjónsfjárhæðar að fjárhagur og aðstæður tjónvalds geta verið slíkar að honum sé gjörsamlega um megn að greiða tjónið allt eða hluta þess. Má segja að sanngirnis- og velferðarsjónarmið liggi til grundvallar þessu ákvæði. Réttarstaða lögreglumanna yrði verulega bætt ef þessi lækkunarheimild verður lögfest.

Mjög fátítt er að ríkið endurkrefji launþega vegna tjóns sem þeir hafa valdið af gáleysi og sem ríkið hefur bætt samkvæmt vinnuveitendaábyrgðarreglunni. Til þess getur þó komið og eins getur tjónþoli snúið sér beint að tjónvaldi. Ofangreind lækkunarheimild nær bæði til endurkröfu vinnuveitanda og beinnar kröfu tjónþola á hendur lögreglumanni sem valdið hefur tjóni. Af þessum sökum er þetta frv. flutt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 18. mál (úthlutun þingsæta o.fl.). — Þskj. 650 (sbr. 647), n. 701 og 706, brtt. 702.

Frsm. meiri hl. kosningalaganefndar (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. kosningalaganefndar um frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með áorðnum breytingum.

Nefndin hefur rætt frv. og umræða hennar og umfjöllun mótaðist af því að nú er langt liðið á þingtímann og afgreiðsla þessa máls þolir vart bið lengur.

Nefndin kallaði Þorkel Helgason prófessor til viðræðu en hann hefur manna mest unnið að undirbúningi þessarar lagasetningar. Að öðru leyti beindist starf nefndarinnar einkum að þeim atriðum sem varða framkvæmd kosninga þann 25. apríl n.k. eins og ákveðið hefur verið með ákvæði til bráðabirgða í frv. eins og það kom frá Nd. Það reyndist nauðsynlegt vegna þessa að breyta ákvæðum um kærufresti og fresti varðandi auglýsingu listabókstafa. Eru fluttar brtt. um þessi atriði á sérstöku þskj. Þá flytur nefndin eina breytingu við úthlutunarákvæðin. Það er gert vegna ábendingar frá Þorkeli Helgasyni um að orðalag þurfi að vera skýrara hvað varðar lok fyrsta áfanga jöfnunarúthlutunar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Hv. 11. þm. Reykv., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hefur skilað séráliti í málinu.

Ég mun nú gera í stuttu máli grein fyrir þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar flytur á þskj. 702.

Við 1. mgr. 11. gr. bætist:

Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Það er nauðsynlegt að flytja þessa brtt. Þar sem þessa auglýsingu á að birta með átta vikna fyrirvara fyrir kosningar getur sú staða komið upp að kosningar eru ákveðnar með skemmri fresti, eins og t.d. nú, og það er talið rétt að hafa tímatakmörk á því hve lengi ráðuneytið geti dregið að auglýsa listabók-

stafi.

Þá er lagt til að orðin „og þremur dögum“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott og frestur til að tilkynna listabókstafi sé sá sami og framboðsfrestur.

3. mgr. orðist svo: Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Við þær kosningar skal frestur til að koma fram með kæru vegna kjörskrár, sbr. 20. gr. laga þessara, vera til 6. apríl og skal sveitarstjórn skera úr aðfinnslum við kjörskrána á fundi, sbr. 1. mgr. 21. gr., eigi síðar en 13. apríl.

Það er nauðsynlegt að þetta ákvæði komi inn í lögin vegna bænadaganna nú. Ekki er talið að fundi sveitarstjórnar til afgreiðslu á aðfinnslum verði flýtt án sérstaks lagaákvæðis. En eins og lögin eru nú lendir hann á föstudeginum langa. Lagt er til að fundurinn verði eigi síðar en á mánudaginn fyrir bænadagana þannig að unnt sé að tilkynna aðilum fyrir hátíðina um afgreiðslu. Þess vegna þarf einnig að færa lok kærufrests fram til mánudags 6. apríl frá föstudegi 10. apríl.

Þá flytur nefndin á þskj. 702 brtt. við 35. gr. Lagt er til að aftan við ákvæði um 1. áfanga í 3. mgr. 113. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.

Í heild verða þá ákvæðin um 1. áfanga við úthlutun jöfnunarsæta og aðdraganda hans þannig:

„Halda skal áfram úthlutun innan hvers áfanga svo lengi sem unnt er og ljúka henni og ákvörðun kjördæmistölu, ef þörf krefur, áður en úthlutun skv. næsta áfanga hefst.

Fyrsti áfangi: Fyrst skal úthluta þingsætum til lista með atkvæðatölu er nemur ⅘ af kjördæmistölu eða meira. Þessum áfanga lýkur jafnskjótt og ekki finnast fleiri slíkar atkvæðatölur, enda hafi ákvæði d-liðar 2. mgr. áður verið beitt ef við á.“

Með brtt. þessari er verið að taka af allan vafa um hvar fyrsta áfanga við úthlutun jöfnunarsæta í 113. gr. lýkur. Í þeim áfanga ber að úthluta jöfnunarsætum á grundvelli atkvæðatalna sem nema ⅘, eða 80%, af kjördæmistölu. Vegna endurreikningsákvæða í d-lið 2. mgr. sömu greinar verður að skoða það á undan hverri einstakri úthlutun hvort listi uppfyllir þetta skilyrði. Þannig kann atkvæðatala, sem ekki er yfir þessum mörkum við upphaf úthlutunar í fyrsta áfanga, að lyftast yfir þau síðar í áfanganum. Einnig getur atkvæðatala lækkað í kjölfar endurreiknings undir þetta mark og kemur hún þá ekki til álita við næstu úthlutun í áfanganum. Með þeirri viðbót sem felst í brtt. er hnykkt á því sem fram kemur í 3. málsl. 3. mgr., og ég las áðan, að 1. áfanga lýkur jafnskjótt og ekki er lengur að finna neina atkvæðatölu sem þá nær hlutfallinu ⅘ af kjördæmistölu, enda hafi tölur áður verið endurreiknaðar samkvæmt fyrrgreindu ákvæði ef það á við. Samkvæmt ákvæðum sama málsliðar er forgangsúthlutun þá endanlega lokið og gildir einu þótt atkvæðatölur kunni á síðara stigi úthlutunarinnar, í 2. eða 3. áfanga, að færast upp fyrir markið ⅘ af kjördæmistölu.

Þetta vildi ég að kæmi fram varðandi þessa brtt. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur er aðeins verið að skerpa orðalagið til þess að komast hjá misskilningi eða eftirmálum út af þessu ákvæði. Eins og segir í nál. er tillaga þessi flutt vegna ábendinga Þorkels Helgasonar prófessors sem verið hefur ráðgjafi kosningalaganefndar síðan þessi endurskoðun, sem nú er væntanlega að ljúka, hófst á árinu 1982.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur. Efnisbreytingar eru eingöngu þær að gera það kleift tæknilega varðandi fresti að kosningar verði 25. apríl Að öðru leyti er hér um skarpara orðalag að ræða sem ekki felur í sér efnisbreytingar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. kosningalaganefndar (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. kosningalaganefndar sem er að finna á þskj. 706. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Endurskoðun laga um kosningar til Alþingis hefur staðið yfir frá árinu 1982. Þessi endurskoðun var vel á veg komin þegar Samtök um kvennalista hlutu aðild að henni og niðurstöður hennar byggðust á samkomulagi þáverandi þingflokka. Þær niðurstöður liggja nú fyrir í þessu frv. og þótt frv. feli vissulega í sér réttarbót frá því sem nú er ber það þess merki að þar er reynt að sætta ósamrýmanleg sjónarmið. Ákvæði þess eru flóknari en nauðsyn krefur og sum hver rökstudd á pólitískum forsendum samkomulagsaðilanna, svo sem 7%-reglan í 2. áfanga við úthlutun jöfnunarþingsæta sem gerir litlum framboðsaðilum erfiðara fyrir en stórum. Undir slíkar forsendur getur minni hl. kosningalaganefndar ekki tekið og mælir því ekki með samþykkt frv.“

Undir þetta ritar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Eins og fram kemur í þessu nál. hefur Kvennalistinn átt takmarkaða aðild að þeirri endurskoðun kosningalaganna sem liggur fyrir í þessu frv. Megindrættir þessarar endurskoðunar voru þegar mótaðir þegar þingkonur Kvennalistans hlutu aðild að henni á þinginu 1983–1984. Það þing sat hv. þm. Kristín Halldórsdóttir í stjórnarskrárnefnd fyrir hönd Kvennalistans og skilaði þá svohljóðandi nál., með leyfi forseta:

„Samtök um Kvennalista telja að draga eigi úr miðstýringu og þá sérstaklega færa valdið frá ríki til sveitarfélaga, auka vægi og vald landshlutasamtaka og dreifa ríkisstofnunum meira um landið. Að því

ætti að vinna markvisst. Undirrituð telur rangt að blanda misrétti vegna búsetu saman við vægi atkvæða í almennum kosningum eins og meiri hluti alþm. virðist hlynntur en áreiðanlega minni hluti kjósenda. Þetta frv. bætir lítið það kerfi sem nú gildir um kjördæmaskipan og skiptingu þingmanna milli kjördæma. Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. stjórnarskrárnefndar til að frv. þetta verði fellt.“ Þetta var nál. hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur á vordögum 1984.

Á þessu þingi hafa þessi lög síðan enn verið tekin til endurskoðunar en þar sem hlutur þingflokka breyttist nokkuð í upphafi þessa þings, þá er þm. Bandalags jafnaðarmanna gengu til liðs við Alþfl., missti Kvennalistinn aðild sína að kosningalaganefnd Nd. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sat tvo síðustu fundi nefndarinnar þá er nefndin var að ljúka störfum og hafði því lítil tök á að taka þátt í afgreiðslu málsins þar. Sama má segja um meðferð málsins hér í hv. Ed., en þessi hv. deild hefur aðeins haft fáeina daga til að sinna þessu viðamikla máli og eins og fram kemur í nál. meiri hl. nefndarinnar hafa störf að þessu máli hér í hv. deild því verið takmörkunum háð.

Í þeirri atrennu sem er nú gerð að þessu máli er tilraun gerð til að einfalda ýmislegt í lögunum og lagfæra í réttlætisátt. Hins vegar er hér enn, eins og áður, verið að reyna að ná málamiðlun og sætta nær ósættanlega hagsmuni. Það hefur hvergi nærri gengið svo að viðunandi sé. Til þess að svo megi verða þarf mun róttækari breytingar og mér virðist ólíklegt að pólitískur vilji sé til slíks þar sem samstaða náðist einungis um þá fáu áfanga sem kynntir eru í þessu frv.

Enn eru reglur um atkvæðaskiptingu milli kjördæma of flóknar og langt í land með að hinn venjulegi kjósandi skilji þær. Þó má segja að nokkur spor í lýðræðisátt hafi verið stigin með þessum breytingum, bæði hvað varðar möguleika fámennra stjórnmálaafla til að eignast málsvara á Alþingi, þó að enn séu allnokkrir þröskuldar þar á, og einnig hvað varðar ákvæði um varamenn, en samþykkt var að sömu reglur gildi um forföll varamanna og þingmanna. Af þessum sökum mun Kvennalistinn ekki greiða atkvæði gegn þessu frv., heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Aðeins fáein orð og kannske þá aðallega til að taka undir sumt af því sem hv. 11. þm. Reykv. kom inn á áðan. Á sínum tíma beygði maður sig fyrir meirihlutasamþykkt í þingflokki varðandi þær breytingar á kosningalögunum sem gerðar voru 1983. Það má segja að á lokastigi þessa máls sé kannske ekki margt um þetta að segja.

Ég vil hins vegar segja það að fyrri vandræðalausn, sem ég taldi vera og óskiljanleg er öllu venjulegu fólki, hefur síður en svo batnað í meðförunum nú. Það er jafnvel enn þá erfiðara að skýra hana út. Sannleikurinn er sá að maður var nú að gera tilraun til þess úti í kjördæmunum að segja fólki hvernig þetta virkaði og eftir nýjustu breytingar er það í raun og veru allt ógilt og maður verður að taka þráðinn upp að nýju og fara að útskýra fyrir fólki hvað gerist nú í raun og veru.

Sumt hefur sjálfsagt verið til bóta en heildarreglan í þessu er það flókin að hún réttlætir í raun og veru ekki þessa breytingu. Ég viðurkenni að það var bæði réttlætanlegt að fara í ákveðinn jöfnuð milli kjördæma og viðurkenna þær staðreyndir sem hafa orðið að nokkru í sambandi við fólksflutninga, en mér finnst nú samt sem áður að það sé með ólíkindum hversu til hefur tekist um flókna og um margt rangláta úrlausn. Ég tek það sem dæmi að fimmti maður hvers kjördæmis af hinum minnstu er orðinn eins konar uppbótarmaður eða jafnvel enn þá meiri tilviljun um kjör en áður hefur gilt um uppbótarmenn, enn þá meiri tilviljun. Atvikin geta hagað því svo til að menn ná kjöri í þessi sæti út á sáralítið fylgi miðað við aðra frambjóðendur. Um þetta tjáir ekki að tala nú. Til samkomulags um einhverja lausn hafa menn lagt mikið á sig og teygt sig út og suður. Ég veit ekki einu sinni hvort höfundarnir og þeir sem mest hafa nú lagt á sig um þetta og hafa næst komið geta í raun og veru komið með skilning og skýringar sem duga svona venjulegu fólki. Ég geri það ekki og ég get það ekki, ég játa það. Mér finnst í raun og veru býsna mikil ábyrgð sem maður tekur á sig að samþykkja kosningalög sem manni er eiginlega gjörsamlega útilokað að skýra fyrir greindu alþýðufólki og sýnir það kannske að maður er ekki eins greindur og það.

Fólkið úti í kjördæmunum á áreiðanlega eftir að kveða upp sinn dóm eftir næstu kosningar og ég óttast þann réttláta dóm sem þau lög sem við erum nú að samþykkja hljóta næstum að fá, vil ég segja, ef atvikin verða þannig úti í kjördæmunum þegar þessi jöfnunarsæti fara að rótera og þeir sem voru kosnir að kvöldi verða fallnir að morgni o.s.frv.

Ég treysti mér því ekki til að greiða þessu frv. atkvæði, svo margir ósanngjarnir annmarkar sem á því eru. En eftir allt staut manna mun ég þó virða það hvað menn hafa lagt sig fram um þetta, hlustað á óskiljanlegar talnalesningar og horft á enn óskiljanlegri tölvuútskriftir, þannig að maður getur ekki sett sig á býsna háan hest út af þessu og hlýt ég því að sitja hjá við frv. sem slíkt.

Þegar svo kemur að hinu kolruglaða, svo að ég noti nú bara það orð, ákvæði um kosningadag hefur maður auðvitað mesta löngun til þess að greiða atkvæði gegn öllu saman, gegn frv. og öllu saman. Ég held að menn hefðu átt að læra af reynslu síðast þar sem áframhald tveggja daga illviðris um mikinn hluta landsins hefði sett allt úr skorðum og gert kosningar útilokaðar í fjölda héraða. Ég hélt bara að menn hefðu lært af því. Þá renndu menn blint í sjóinn með þetta og sögðu: Í apríl, það hlýtur að vera allt í lagi að kjósa síðast í apríl. Ég sé ekki að það breyti miklu þó að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. vilji láta banna að það snjói í apríl eins og

kom fram einhvers staðar í blaði í vetur. Ég hef a.m.k. ekki séð neitt bráðabirgðaákvæði frá hæstv. forsrh. eða hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. um að kjördagur við almennar alþingiskosningar árið 1987 skuli vera laugardagurinn 25. apríl og þar með sé bannað að það snjói í apríl lögum samkvæmt.

Menn rugla um stjórnarskrá út og suður í þessu efni. Ég ætla ekki að fara út í allt það rugl. En þó ætla þeir að láta kjósa eftir að umboð núverandi þm. er fallið brott, þrátt fyrir alla stjórnarskrárástina, og næst þegar kosið verður skiptir engu máli þó hálfur mánuður eða meira líði. Það skiptir engu máli. Þá er allt í lagi. Menn mega brjóta stjórnarskrána eftir fjögur ár. Þá mega menn brjóta hana rösklega, þeir sem alltaf eru að rugla með stjórnarskrána, sem er einfaldlega bull.

Allt er þetta með eindæmum og í allri vitleysunni út af kosningadeginum gleymdu menn dymbilvikunni, páskum og sumardeginum fyrsta, mundu ekkert eftir því að þeir dagar voru inni í þessu öllu saman, höfðu greinilega ekki áttað sig á því. Og ég segi bara í lokin: Auðvitað á að kjósa þann dag sem yfirgnæfandi líkur eru á góðri umferð hvarvetna, að allir geti með sama rétti fylgst með og tekið þátt í því lýðræðislega vali á fulltrúum fólksins sem kosningar eru. Fyrir harðbýlli hluta landsbyggðarinnar er kosningadagurinn 25. apríl móðgun við fólkið, eftir reynsluna síðast alveg sér í lagi, og aðför að rétti þess til eðlilegrar þátttöku í komandi kosningum ef eitthvað ber út af. Ég mun því biðja um það alveg sérstaklega hér á eftir, sem kemur af sjálfu sér reyndar, að ákvæði til bráðabirgða verði borið upp sérstaklega, sem mun verða gert af forseta vitanlega vegna þess að þetta er við 2. umr. málsins, og hiklaust greiða atkvæði gegn þeim kosningadegi sem þarna er verið að setja á blað svo vitlaus sem hann er.

Egill Jónsson:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa langa ræðu um mína afstöðu. Ég vil þó að það gleymist ekki að ég var andvígur þessum kosningalögum. Ég setti mig nokkuð nákvæmlega inn í þær tillögur sem voru til umfjöllunar í þinginu í þá tíð og ég komst að raun um það þá með sjálfum mér að það væri útilokað að hafa þá tilhögun sem þar var gert ráð fyrir. Auðvitað geta þessar breytingar, sem ég skal fúslega viðurkenna að ég hef ekki lagt á mig enn þá að setja mig inn í, ekkert lagað það sem var ómögulegt fyrir, ekki einu sinni bætt það.

Ég hygg að það séu meginmistökin við þessa lagagerð alla saman að forustumennirnir, sem voru fyrir þessum málum við fyrri umfjöllun, þeir skildu aldrei allir þessar reglur sjálfir, hvorki formenn þingflokkanna né formenn stjórnmálaflokkanna, enda heyrist nú eftir þeim af fundum, sem núna eru haldnir úti á landsbyggðinni, kannske ekki öllum, að eftir þessum reglum verði ekki kosið nema einu sinni. Þá muni menn sjá að þær séu ekki nothæfar, jafnvel sömu mönnunum og voru að smíða þær fyrir nokkrum árum. Ég hafði af þessari ástæðu ekki lagt það á mig að greiða þessu frv. atkvæði og geri það heldur ekki núna.

Það er augljóst mál að til þess að kjósendur geti sæmilega fallist á það og notið þess að fylgjast með kosningum og vera í sambandi við niðurstöður kosninga, hafa sannfæringu fyrir því sem þeir eru að gera á kjördegi, verða reglur að vera með þeim hætti að þær séu öllum mönnum skiljanlegar. Það má ekki vera svo mikil hending innbyggð í slík lög og reglur að það geti hver einasti frambjóðandi verið að túlka það að hann hafi möguleika á því að ná kosningu. Þetta má svo sem kannske til sanns vegar færa. Ef einhver afgangur er má segja, þó að á því séu reyndar þröskuldar, að þannig sé hægt að tala við fólkið í landinu. En ekki bætir það úr allri þessari umræðu þegar menn taka til við það, eftir að vera búnir að samþykkja þetta hér án þess kannske að hafa skilið meginlínurnar í því, að halda blekkingum áfram út í kjördæmunum og í viðræðum við fólkið sem á að fara að velja sér þingmenn.

Ég held að það hefði verið mjög mikilvægt ef það hefði komið fram í grg. með frv. eða í framsögu með málinu að það væri hendingin sem væri látin ráða því hverjir veldust í síðasta sætið, 5. og 6. sætið, í dreifbýliskjördæmunum. Það hefði verið tillitssemi gagnvart fólkinu í landinu að segja það alveg umbúðalaust að það væri hending sem réði því hvernig jöfnunarþingsætunum væri úthlutað. Kannske væri það skásta framkoman og skásta leiðin að draga um þau þingsæti innan hvers og eins þingflokks. Gæti vel verið að það hefði verið skásta leiðin og a.m.k. alls ekki verri en allar þær reikningskúnstir sem hér eru viðhafðar.

Mér þykir fyrir því að umræðan hér í deildinni, trúlega líka í Nd., skuli ekki hafi verið með meira sannfærandi hætti að því leyti að segja fólkinu í landinu sannleikann um þessar reglur því að ég trúi því að þeir menn sem fjalla um þessa tilhögun úr ræðustól viti hvað þetta er meingallað. Það er ekki ástæða til þess að þeir sem hafa ekki sett sig inn í þær, sem er sjálfsagt nokkur hluti af þingheimi, hafi uppi mikla tilburði til að skýra þetta. En það hefði verið góður kostur ef frá frsm. eða í grg. hefðu komið fram skýringar um hvað hér er verið að samþykkja, samþykkja tillögur sem ekki ganga upp við kosningar til Alþingis og sem jafnvel forustumenn fyrir þeim tillögum eru farnir að segja á fundum úti á landi að séu með þeim hætti að ekki verði eftir þeim kosið nema einu sinni. Það er vissulega huggun harmi gegn og er kannske ofurlítil afsökun gagnvart fólkinu sem á að fara að velja nýtt Alþingi, en það er ekki mikilmannlegur málflutningur af hendi höfunda þessara mála að haga tali sínu með þeim hætti.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég telst ekki til höfunda þessa frv. í sinni upprunalegri mynd heldur tók ég eingöngu það verk að mér með öðrum í þessari deild að gera á frv.

þær lagfæringar sem nauðsynlegar voru taldar og þá bar þar til tvenns konar ástæður, annars vegar ástæður sem komnar voru fram í túlkun lögfróðra manna á þessum lögum, þar sem þau áberandi og greinilega brutu jafnvel í bága við stjórnarskrá, ásamt öðrum tæknilegum atriðum sem lutu að framkvæmd þeirra sem ekki samræmdust annarri löggjöf, en hins vegar sá mikli vandi, sem menn hafa staðið fyrir allt frá því að flokkarnir fjórir sameinuðust um þetta frv. vorið 1983, að reyna að gera þessi lög einhvern veginn þannig úr garði að fólk gæti skilið þau.

Nú er það samþykkt og augljóst mál að menn munu líklega aldrei skilja þessi lög þannig að sá sem stingur atkvæðaseðlinum sínum niður í kjörkassann geti raunverulega vitað hvaða afleiðingar hann hefur, að hann geti á einhvern hátt gert sér grein fyrir því hvaða áhrifum hann veldur með atkvæði sínu. Það eina sem er orðið skiljanlegra í þessum lögum er e.t.v. verklagið að því leyti að úthlutun jöfnunarsætanna, sem framkvæmd var í samræmi við lagagreinar sem höfðu mjög loðið orðalag, er orðin þannig að það er hægt að skýra hana fyrir öðrum eða þriðja aðila nokkurn veginn á mannamáli. Svo ég reyni það hérna, líka vegna þess að menn hafa haft nokkuð stór orð um hvað þetta sé illskiljanlegt, gengur það þannig fyrir sig að úthlutað er í fjórum áföngum. Það ber til að úthlutun jöfnunarsætanna er skipt í áfanga að það verður eiginlega að gera til þess að hver áfangi standi sem gerður hlutur og ekki sé hægt að taka upp dæmið í síðari áföngum, sem visst vinnulag í þessu tilefni gæti hugsanlega gefið tilefni til, en þar á ég við svokallaða endurreikningsreglu sem notuð er til að ákveða hlutföll eða styrk flokka mældan innbyrðis í kjördæmum.

Það er í sjálfu sér ekki flóknara en þannig að fyrstu þrjú jöfnunarsætin af tólf fara einfaldlega til kjördæmanna á suðvesturhorninu, þ.e. Reykjavíkur og Reykjaness, næstu sex jöfnunarsæti fara til kjördæmanna utan Reykjavíkur og Reykjaness og síðustu þrjú sætin fara til kjördæmanna á suðvesturhorninu. Þannig skiptast jöfnunarsætin tólf nokkuð að jöfnu milli landsbyggðar og suðvesturhornsins. „Flakkarinn" er eina þingsætið sem ekki er hægt með nokkurri vissu að segja fyrir um hvar lendir endanlega, en hann lendir þar sem uppbótarsætið eða jöfnunarsætið hefur ekki komið í hlutfalli við styrk flokka sem bjóða fram á landsmælikvarða.

Það breytir því samt sem áður ekki að það er alveg réttmætt og réttlætanlegt að viðhafa þá lýsingu á þessum lögum að þau uppfylli ekki skilyrði lýðræðisins. Þau uppfylla þau ekki að því leyti að kjósandi hlýtur að eiga rétt á að gera sér betur grein fyrir hvaða áhrif hann getur haft á stjórn landsins. Ég tek undir með þeim mönnum sem fullyrða að við munum ekki kjósa eftir þessum lögum nema einu sinni því ég held að jafnvel þó að niðurstöðurnar samkvæmt kosningum í anda þessara laga verði e.t.v. ekki mikið öðruvísi en menn geta sætt sig við sé krafan, bæði af hálfu stjórnmálamanna og landsmanna allra, um það að kosningalög séu skýrari og skiljanlegri orðin svo hávær að næsta þing geti ekki leitt það hjá sér. Þá stöndum við frammi fyrir því hvaða kosti aðra við eigum. Tilfellið er að þeir eru ekki nema tveir.

Annars vegar er sú leið að viðhalda kjördæmaskipan í grundvallaratriðum eins og við búum við í dag, þ.e. skiptingu landsins í ákveðinn fjölda kjördæma, en vera þá reiðubúnir að kjósa með breytilegum kjördæmamörkum frá einum kosningum til annarra, þ.e. kjördæmamörkum sé breytt fyrir fram fyrir kosningar í hlutfalli við fólksfjölda í hverju kjördæmi og þá með tilliti til þess að beint samband sé milli þingmannafjölda annars vegar og kjósendafjölda í hverju kjördæmi. Þannig er hægt að hugsa sér að uppfyllt séu skilyrði þess að jafnt vægi sé á atkvæðum allra manna á landinu og hins vegar að kjördæmamörkunum sem við búum við sé haldið en þau séu breytanleg.

Önnur leið, sem líka er fær og oft hefur verið rædd og Alþfl. hafði nánast á stefnuskrá sinni frá því fyrir 1959, er að landið verði einfaldlega eitt kjördæmi og þá hafi allir landsmenn eitt og jafnt atkvæði. Auðvitað er það það sem menn eru raunverulega að berjast við og ráða ekki við með þeirri kjördæmaskipan sem við búum við núna og þeim mjög svo breytilega fólksfjölda sem er innan hvers kjördæmis.

Eins og ég sagði í upphafi tók ég það að mér að breyta þessum lögum að svo miklu leyti sem hægt var miðað við ríkjandi aðstæður og ég stend að meirihlutaáliti sem mælir með samþykkt þessa frv. Ég tel það bót á frv. eins og það er þó að ég í sjálfu sér geti ekki hrópað húrra fyrir frv. eða lögunum sjálfum sem slíkum.

Frsm. meiri hl. kosningalaganefndar (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil vegna þeirra umræðna sem hafa farið hér fram um það frv. sem hér liggur fyrir ítreka að frv. sem slíkt var búið að vera mjög lengi í vinnslu. Undirbúningur að því var fyrst í höndum formanna þingflokkanna og síðan í höndum kosningalaganefndar Nd. Þetta mál hefur verið tekið fyrir í þingflokkunum og skýrt þar út hvað eftir annað. Þegar við í kosningalaganefnd Ed. tókum við frv. lá fyrir að mínum dómi og okkar allra visst samkomulag um framvindu þessa máls. Auðvitað voru menn misjafnlega ánægðir með það samkomulag og þau ákvæði sem lögin kveða á um. Ég er einn af þeim sem hefðu gjarnan viljað hafa ýmis ákvæði þar öðruvísi, en við, eða meiri hl. nefndarinnar, ákváðum að hlíta því samkomulagi og ganga að því verki að lagfæra frv. þannig að það væri hægt tæknilega að kjósa 25. apríl n.k.

Ég er sömu skoðunar og hv. 2. þm. Austurl. að aðrir dagar hefðu verið heppilegri. En þetta hefur tekist. Það tókst 23. apríl síðast. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki heppilegasti tíminn, en eigi að síður hlíti ég því samkomulagi sem hér hefur tekist um að hafa kosningar á þessum degi. Nefndin

hagaði sínu starfi í samræmi við það.

Það má til sanns vegar færa að hér er ekki um einfalt mál að ræða, en hins vegar má geta þess að núverandi kosningalög eru ekkert mjög einföld heldur eða úthlutun uppbótarþingsæta. Það liggur ekkert í augum uppi eða er hægt að útskýra það fyrir öllum á nokkrum mínútum. Ég hlíti þeim breytingum sem þarna er um að ræða. Ég sé ekki að það mundi bæta mikið fyrir að taka það inn í grg. eða framsögu að lögin séu illskiljanleg og óútskýranleg. Ég tel að það sé hægt að útskýra þessi lög. Þau eru ekki svo flókin. En það þarf að gefa sér tíma til þess og ég hef trú á því að bæði hv. 11. landsk. þm. og hv. þm. öðrum takist að útskýra þetta fyrir kjósendum þegar þar að kemur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 702,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
12.–34. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 702,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
36.–48. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 702,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 14:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, ÁJ, BD, JSv, EgJ, MHM, EKJ, ÁRJ, JHelg, JK, KSG, StB, VI, SalÞ.

nei: HS, SDK.

SkA greiddi ekki atkvæði.
3 þm. (AG, KolJ, RA) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að kjördagur 25. apríl sé ekki vel ráðinn. Það hefði ekki átt að hafa það bráðabirgðaákvæði sem kveður á um það. Ég hef í meðferð málsins lýst þessari skoðun minni í mínum flokki og við aðra sem um málið hafa fjallað, en sú skoðun hefur ekki náð fram að ganga. Á sama hátt og ég er fjarri því að vera ánægður með allt sem í frv. stendur er ég ekki ánægður með kjördaginn, en þrátt fyrir það greiði ég atkvæði með frv. þar sem ég hlíti þeirri ákvörðun sem liggur að baki þessu frv. og segi já.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að 25. apríl sé ekki heppilegur kjördagur og þá sérstaklega með tilliti til þess að hann er of snemma er hann þó skárri en allir dagar sem á undan honum koma í almanakinu og þess vegna segi ég já.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Af öllu illa ráðnu í þessu frv. er þetta verst ráðið svo sem reyndar kom fram í máli hæstv. forseta Sþ. og reyndar einnig, þó með einkennilegum orðum væri, í máli hv. 11. landsk. þm. Öfugt við það sem þeir segja í endanlegri atkvæðagreiðslu, miðað við það sem þeir færðu rök fyrir í sínu máli, segi ég að sjálfsögðu nei.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu tel ég þennan kjördag ekki þann heppilegasta. Ég tel að þessi kjördagur geti haft í för með sér viss vandkvæði á framkvæmd kosninga á ýmsum svæðum landsins. Þessi vandkvæði eru þó ekki óyfirstíganleg. Ég beygi mig fyrir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið og segi því já.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar að mjög sé misráðið að hafa kjördag það snemma árs að hætta sé á að menn komist ekki á kjörstað sökum veðurfars hér á landi. Ég bendi jafnframt á að það er ekki eingöngu um það að tefla að menn komist til að greiða atkvæði í þingkosningum heldur einnig að frambjóðendur hafi tækifæri til að funda með kjósendum. Ég tel ákaflega mikilvægt að til þess sé nægilegt svigrúm á þeirri fjölmiðlaöld sem við lifum nú á, þannig að frambjóðendur þurfi ekki einungis að tala við kjósendur í gegnum fjölmiðla heldur hafi færi á að funda með þeim. Í samræmi við þessar skoðanir segi ég nei.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég tek undir það með þeim landsbyggðarþingmönnum sem hér hafa talað að þessi tímasetning kosninga er óráð með tilliti til þeirra vandkvæða sem hún getur valdið vegna færðar á þessum tíma — menn þurfa ekki að fara langt hér út fyrir bæjarmörkin til að átta sig á því hvaða erfiðleika er þar verið um að tala — enda fellur rökstuðningur þeirra manna sem töldu þennan kosningadag óumflýjanlegan af stjórnarskrárlegum orsökum um sjálfan sig þegar þeir í sömu mund eru að samþykkja frv. þar sem menn eiga að sitja á þingi í fjögur ár og hartnær þrem vikum betur. Í þeim lögum felst því sama stjórnarskrárbrot sem þeir þykjast vera að forða nú. En með tilliti til þess að þetta er fyrsti mögulegi kosturinn til að losna við þá ríkisstjórn sem nú situr segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Í lögunum um málefni aldraðra er

ákvæði í lokin þar sem segir að þau skuli gilda til ársloka 1987 og endurskoða skuli lögin fyrir þann tíma. Það er ljóst að endurskoðun verður ekki lokið fyrir þinglok, en hins vegar jafnljóst að þeir sem hafa byggt áætlanir sínar á styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sem um eru ákvæði í þessum lögum, þurfa að vita með nokkrum fyrirvara hvort unnt sé að gera ráð fyrir slíku á næsta ári. Þess vegna er það að ég tel nauðsynlegt að framlengja gildistíma laganna um eitt ár svo að tími gefist til með nægum fyrirvara að taka afstöðu til þess hvernig málum þessum skuli skipað í framtíðinni.

Þetta er ekki síst vegna þess að komið hefur í ljós mjög mikil þörf fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Þess hafa menn orðið varir í sínum byggðarlögum að þar hefur verulega verið hlaupið undir bagga í sambandi við byggingu stofnana fyrir aldraða, hjúkrunarheimila og dvalarheimila sem næst heimkynnum hinna öldruðu borgara. Þessu hlutverki sjóðsins er ekki lokið og því teljum við nauðsynlegt að leggja til að gildistíminn verði framlengdur. Þess vegna verði þessu eina litla ákvæði í lögunum breytt þannig að gildistíminn verði til ársloka 1988. *Jafnframt er þá gert ráð fyrir að á* þeim tíma liggi fyrir frv. til endurskoðaðra laga um málefni aldraðra.

Ég leyfi mér, frú forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 208, n. 668 og 689, brtt. 669.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. menntmn. um frv. til laga um veitingu prestakalla. Nefndin hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og fengið til viðtals herra Pétur Sigurgeirsson biskup, séra Ólaf Skúlason dómprófast og Þorleif Pálsson deildarstjóra. Eins og fram kemur í grg. með frv. hefur það verið alllengi í smíðum og er vandlega undirbúið. Af hálfu kirkjunnar manna flestra er lögð áhersla á að frv. verði að lögum og hefur kirkjuþing mælt með því.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Grundvallaratriði í þeim brtt. er að fjölgað sé mönnum sem standa að vali á presti, að ekki sé eingöngu um sóknarnefndarmenn að ræða, aðalmenn, heldur einnig varamenn þeirra. Einnig er áréttað nokkuð um úrskurð og afgreiðslu í höndum biskups ef til þess kemur að lokinni skoðanakönnun um val á presti.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég hleyp í skarðið fyrir hv. frsm. minni hl. menntmn. sem ekki hefur birst enn þá þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná honum. Mér þykir það miklu miður. En hv. þm. Ragnar Arnalds hefur skilað minnihlutaáliti í menntmn. um þetta frv. og ég leyfi mér, með leyfi virðulegs forseta, að lesa það upp. Þar segir svo:

„Minni hl. telur að söfnuður eigi að halda rétti sínum til að kjósa presta. Í fjölmennum prestaköllum væri það gífurlegt verk að safna undirskriftum fjórðungs atkvæðisbærra manna í prestakallinu til að óska eftir kosningu eins og ráð er fyrir gert í frv. og óvinnandi verk á sjö dögum.

Kjörmenn við val á sóknarpresti samkvæmt frv. verða sóknarnefndarmenn, oftast fimm menn. Breytingin, sem felst í þessu frv., er ólýðræðisleg og spor aftur á bak.

Ljóst er að mikill ágreiningur er um hvort söfnuður eigi áfram að kjósa presta eða ekki. Í skoðanakönnun meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa vildu flestir, eða 267 sem svöruðu á gildan hátt af 597, halda óbreyttu fyrirkomulagi, 115 vildu að ráðherra skipaði presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups, 76 vildu það fyrirkomulag sem fólst í frv. frá árunum 1972 og 1976, en 104 kusu helst þá skipan mála sem felst í þessu frv.

Með hliðsjón af málavöxtum leggur minni hl. til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta skrifar Ragnar Arnalds.

Úr því að ég er kominn í ræðustólinn vildi ég gjarnan bæta nokkru við þó ég taki undir sumt af því sem hér kemur fram.

Hér er komið að afgreiðslu mjög umdeilds máls. Ég vil í engu tefja það að meirihlutavilji nái fram í þessu máli. Ég hef verið andvígur afnámi þessara kosninga og það er svo enn. Það hafa verið tíundaðir annmarkar á þessu. Ég tel allt of mikið hafa verið gert úr þeim. Ég held að það sé alveg ótvírætt að prestar eru síður en svo það mikið verri menn en aðrir sem kjöri þurfa að ná að svo mikil vandræði, heift og sori fylgi svo sem rök hafa verið leidd að í umræðum áður um þessi mál. Ég neita algjörlega að trúa slíku vegna þess að ég hef alveg þveröfuga reynslu af þessum ágætu starfsmönnum þjóðkirkjunnar. Ég held þeir séu einmitt menn til þess að standast slíkt lýðræðislegt val og koma heilir og óskaddaðir út úr því, miklu betur en t.d. þeir sem eru að baksa við það á fjögurra ára fresti að reyna að ná kosningu, með öllum þeim annmörkum sem því fylgja, til Alþingis. Ég efast sem sagt mjög um þessa annmarka umfram þá sem fylgja lýðræðislegu kjöri og óhjákvæmilega hljóta alltaf að vera. Ég játa það alveg.

En það sem mér þykir kannske alvarlegast er að hér er lagt til millistig. Hér er slagurinn svokallaði,

sem talið hefur verið að hafi fylgt prestskosningum í dag, öll vandræðin, togstreitan og allt þetta, allt fært inn til fámennra sóknarnefnda og varamanna þeirra ef ég hef lesið þetta nál. rétt. Mér er sem ég sjái breytinguna á kjöri til sóknarnefnda þegar t.d. fyrirsjáanlegar eru prestskosningar. Mér er sem ég sjái það t.d. í prestaköllunum í Reykjavík að það verði ekki einhver togstreita og slagur um það og með sömu annmörkum og fylgja þessu gagnvart prestskosningunum. Eða ímynda menn sér að það verði ekki alveg nákvæmlega sami slagurinn upp tekinn þar nema það verður að mínu viti þeim mun illvígara sem færri koma þar að en þegar hinn mikli fjöldi gerir það.

Ég er ekki að segja þetta fyrir sjálfan mig vegna þess að ég held að það sé rangt sem sagt er um alla þá annmarka sem fylgja þessum kosningum. Ég er í raun og veru að mæla fyrir munn þeirra sem telja kosningar presta almennt af hinu illa. Ég er í raun og veru að mæla fyrir þá, því að þeir hljóta að sjá þessa sömu annmarka í þessu ef þeir eru svona miklir. Og þá spyr maður: Eru ekki allar kosningar það?

Mín skoðun er því ljós sem aðalskoðun í þessu efni, en ég vil láta eitt koma mjög skýrt fram. Ef menn vilja hverfa frá núgildandi fyrirkomulagi varðandi prestskosningar og breyta þeim, umbylta því kerfi, eigum við vitanlega að stíga skrefið til fulls, ég væri miklu frekar tilbúinn í það, og afnema allt kjör presta, en veita embættin á sama hátt og ýmis önnur embætti á vegum ríkisins, bæjarfógetar, sýslumenn, læknar og annað því um líkt nefndir sem dæmi. Það væri auðvitað miklu eðlilegra að stíga þá skrefið alveg til fulls og mér miklu meira að skapi en það millistig sem hér er lagt til.

En í leiðinni mættu prestar ganga á undan með góðu fordæmi í sambandi við þetta. Þeir eiga nefnilega völ á því að ganga á undan með góðu fordæmi og leiðbeina Alþingi um þetta. Það er með því að hætta að kjósa biskup jafnþröngri kosningu og þeir gera í dag þar sem engir fá að koma að vali þessa æðsta embættismanns þjóðkirkjunnar nema prestar einir. Þeir mættu gjarnan veita Alþingi kristilega leiðsögn í þessum efnum úr því að þessar kosningar eru svona voðalegar eins og þeir segja.

Ég sá að nýtt starfsmannafrv., sem kynnt var hér í fyrra með þrem biskupum, gerði ekki ráð fyrir neinum breytingum þar á. Þar var reiknað með því að prestar héldu áfram að kjósa biskupa hver í sínu biskupsdæmi. Ég sá ekki betur. En ef við miðum við þetta þrennt, almennt kjör, þröngt kjör valinna fárra fulltrúa og beina veitingu, þá er sú leið lökust sem hér er farin. Ég hef að vísu fullan skilning á því að prestar mega ekki við þeim ósköpum sem lýst er í hrollvekjum þeirra sem afnema vilja prestskosningar. Þær hrollvekjur eru bara svo stórlega ýktar og úr lagi færðar að engu lagi er líkt, að ég tel þær hreinlega ekki marktækar. Sé ég nú að hv. þm. Ragnar Arnalds gengur í salinn og ég er búinn að lesa hans nál. í sambandi við veitingu prestakalla þannig að hann þarf örugglega að bæta um betur á eftir í sambandi við það því að þar kom ég aðeins að hans skrifaða nál., en það eru eflaust margar röksemdir þar til viðbótar sem hann vill fram færa. En hitt er ljóst að ef við ákveðum að færa þetta í þennan búning eigum við að gera hvort tveggja, veita prestsembættin venjulegri veitingu eins og embættismenn og veita biskupsembættin líka, taka það vald af prestunum að kjósa biskupa. Menn verða nefnilega að vera sjálfum sér samkvæmir í þessu máli eins og öðrum ef þeir vilja ná einhverju viti fram í þau.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að taka það fram þegar við komum hver á fætur öðrum í ræðustól Alþýðubandalagsmennirnir í deildinni að þetta mál hefur ekki verið tekið til neinnar sérstakrar afgreiðslu í þingflokki Alþb. og við hver fyrir sig þar af leiðandi ekki bundnir neinum flokksaga í sambandi við það, enda sýnist mér að við séum hver með sína skoðun í þessu máli, eins og við erum oftast, og erum frjálslyndir að því leyti til þegar svona mál koma til afgreiðslu. (**JK:** Frjálslyndi flokkurinn.) Frjálslynda flokkinn mætti kalla það, já.

Ég hef þá skoðun að þetta plagg, sem hér er lagt fram, sé ekki til þess að laga mikið þau vandræði sem fylgja prestskosningum. Ég tek undir að það er alveg rétt að prestskosningar eru leiðinlegustu kosningar sem haldnar eru og hafa oft í för með sér ýmiss konar leiðindi. Það eru dregnir fram kostir og lestir ekki eingöngu umsækjenda heldur leitað oft og tíðum langt fram í ættir þeirra manna sem eru að sækja um þessi embætti til starfs fyrir söfnuðinn. (**HS:** Heldurðu að það sé ekki gert í öllum kosningum?) Ja, ég held að það sé mikið sárara og harðara gengið að í þessum kosningum en flestum öðrum. Ég hef ekki orðið var við það t.d. í alþingiskosningum að við sem bjóðum okkur fram til þeirra kosninga séum raunverulega gegnumlýstir á sama veg og gert er í prestskosningum.

En ég held að nákvæmlega sama endurtaki sig í sambandi við það frv. sem hér er verið að leggja fram. Það verður bara með öðru sniði. Það verður smalað inn á safnaðarfundi þegar stefnir að því að prestskosningar fari fram í söfnuðinum og þá verða hlutirnir kannske enn þá harðari og ákveðnari og meira sagt þegar kemur milliliður í dæmið. Ég tel því að það réttasta í sambandi við þetta embætti eins og önnur embætti sé að það sé veitt af kirkjumálaráðherra eða biskupi, það sé ekki verið að veltast með þetta á þann veg sem gert hefur verið á undanförnum árum.

Ég tel það algerlega óþarft að vera að semja lagabálk upp á 22 greinar um hvernig sóknarnefnd skuli fara að því að kjósa prest eða hvernig skuli fara að því að fá þennan embættismann til starfa í viðkomandi söfnuði og eðlilegt að prestsstarfið sé veitt á nákvæmlega sama máta og önnur opinber störf, annaðhvort skipað í embættið eða það veitt af

ráðherra eða í þessu tilfelli gæti það verið biskup sem sinnti því sjálfsagða starfi. En að velta þessum mönnum upp úr því að vera metnir frammi fyrir því fólki sem á að njóta þjónustu þeirra út frá sögusögnum sem berast um þá, jafnvel um æskustörf þeirra og eins og ég sagði áðan jafnvel ekki eingöngu um þeirra eigin störf heldur um ættmenni þeirra og útfrændur.

Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði og tel það til lítilla bóta. Það er aðeins verið að breyta um vettvang til að halda þeirri umræðu áfram sem á sér stað þegar prestskosning fer fram. Til viðbótar við það er í fjöldamörgum prestaköllum oftast nær aðeins einn umsækjandi. Hvað er þá verið að setja það sjónarspil á svið að kjósa þennan eina mann sem undir flestöllum kringumstæðum fær starfið?

Það er nú verið að setja það sjónarspil á svið að fá sem flesta úr sókninni til að kjósa manninn til að gefa honum einhvern sérstakan stimpil. Ef hann fær ekki löglega kosningu er því hvíslað á milli manna að maðurinn hafi ekki notið stuðnings. Vitaskuld er þetta algerlega óþarft og alveg út í bláinn. Þess vegna á að stíga skrefið til fulls og hverfa frá prestskosningum, bæði í þeirri mynd sem þær eru í núna og eins í þeirri mynd sem er lagt til í frv.

Frsm. minni hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég bið forláts á því að ég gat ekki verið nærstaddur þegar málið var tekið á dagskrá, en mér skilst að velviljaðir menn hafi hlaupið undir bagga og lesið upp nál. mitt og þakka ég fyrir það og mun ekki endurtaka lesturinn. Ég heyri hins vegar að í þessari umræðu hefur það verið nefnt að prestskosningar væru leiðinlegt fyrirbrigði. Mér finnst að menn geti þá eins sagt að allar kosningar séu heldur leiðinlegt fyrirbrigði. Er ekki ósköp fyrirhafnarmikið að halda uppi lýðræði í landinu? Mega frambjóðendur ekki almennt eiga á hættu að verða fyrir aðkasti af ýmsu tagi? Ég segi fyrir mig að eftir að hafa verið sjálfur í framboði í kosningum í tvo og hálfan áratug vorkenni ég prestum ekkert að standa í kosningum. Og mér finnst að prestskosningar séu ekkert leiðinlegt fyrirbrigði heldur skemmtilegt og til fyrirmyndar í kerfi okkar og væri mikill söknuður að þeim ef þær væru lagðar niður. Mér finnst að prestsstarfið sé svo sérstaks eðlis. Presturinn á að vera og er sem betur fer ofast í góðum tengslum við fólkið sem hann þjónar. Hann er í návígi við það. Fólki er ekki sama hvernig starfið er af hendi leyst og því sjálfsagt og eðlilegt að það eigi þess kost að fella sinn dóm um hver eigi að gegna starfinu.

Ef menn hins vegar gefast upp á þessu fyrirkomulagi, eins og ég heyri að sumir eru að gera, tel ég eðlilegast að tekið yrði upp sama fyrirkomulag og er varðandi aðra embættismenn þjóðarinnar að þeir séu einfaldlega ráðnir, settir eða skipaðir til starfans af ráðherra sem sé óbundinn af fyrirmælum ráða eða stjórna. Vissulega er það oft þannig í okkar kerfi að ráðherra ber að leita álits hjá ráði eða stjórn áður en hann skipar viðkomandi embættismann. Ég hef ekkert á móti því, ef horfið væri frá prestskosningum, að ráðherra væri skylt að leita álits sóknarnefndar um skipunina. En ég sé enga ástæðu til að fara að taka það fyrirkomulag upp að örfámennur hópur í sókninni eigi alfarið að ráða kjöri prests og aðrir sóknarnefndarmenn séu þar gerðir áhrifalausir, nema þeir séu svo skjóthentir að þeir nái því að safna undirskriftum 25% kjósenda á einni viku, sem er óvinnandi vegur fyrir venjulegt fólk með lítið skipulag á bak við sig þegar söfnuðir eru stórir og fjölmennir, kannske mögulegt í fámennum sóknum, en t.d. hér í Reykjavík næstum að segja útilokað mál nema menn hafi mikið skipulag á bak við sig.

En mín meginskoðun í þessu máli er sú að söfnuðirnir eigi að halda rétti sínum til að kjósa presta. Ég sé að í skoðanakönnun, sem fram fór meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa, voru langflestir á sömu skoðun og ég af þeim sem spurðir voru. 267 af 597 vildu halda óbreyttu fyrirkomulagi, en þeir sem vildu eitthvað annað skiptust í nokkra hópa. Sumir, eða 115, vildu að ráðherra skipaði presta að fenginni umsögn. Það tel ég vera næstbesta fyrirkomulagið eins og ég hef nú lýst. 76 vildu það fyrirkomulag sem fólst í frumvörpum frá árunum 1972 og 1976, en 104 kusu helst þá skipan mála sem felst í þessu frv. eins og ég hef lýst í nál. mínu.

Af þessu má draga þá ályktun að þeir eru aðeins 180 af 597 sem vilja taka upp það fyrirkomulag sem felst í frv. eða eitthvað í líkingu við það, þ.e. annaðhvort skipulagið sem er í þessu frv. eða skipulagið sem var í frv. frá 1972 og 1976. Ég sé ekki annað en þessi hópur sé í miklum minni hluta þannig að mér finnst að sú skoðanakönnun sem fram fór sé eiginlega ekki mikil meðmæli með þessu frv.

Ég held að allt þurfi þetta mál nánari athugunar við og mér finnst eðlilegt, vegna þess að mikil hreyfing er á þessum málum og mikill áhugi meðal presta að málið sé rætt og athugað frekar, að sú umræða haldi áfram. Því tel ég eðlilegast að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar og hún beiti sér fyrir áframhaldandi umræðu um það. En ég get alls ekki fallist á að málið sé afgreitt og samþykkt á þessu stigi.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Þeir sem hér hafa talað hafa lagst gegn þessu frv. og með kúnstugum rökum í sumum tilvikum. Einn segir að prestskosningar séu af leiðinlegu tagi og annar segir að þær séu skemmtilegt fyrirbrigði. Ég hef þá skoðun að með því að samþykkja þetta frv. sýnum við kirkjunni þá virðingu sem henni sæmir.

Þetta mál hefur verið til umræðu í mjög langan tíma og niðurstaða sú sem komist hefur verið að er gerð af nefnd sem skipuð var 20. júlí 1977. Nefndin skilaði áliti 1978. Síðan hefur þetta mál verið að þvælast fram og til baka í Alþingi og engin ákvörðun verið tekin. Málið hefur ekki komist úr nefnd. Er

það vissulega til háðungar.

Þau lög sem eru í gildi í dag eru frá 1915 og þykir mér ástæða til að vekja athygli á því að allmikil reynsla er komin á prestskosningar. Það eru ekki bara prestar sem eiga að hafa skoðun á því hvernig með þessi mál er farið. Það varðar ekki aðeins prestana hvernig valið er í embætti heldur líka fólkið í söfnuðunum. Það hefur verið mikil óánægja með það fyrirkomulag sem ríkt hefur og mér þykir undrum sæta að þetta er eina embættið fyrir utan stjórnmálin sem kosið er til. Það mætti hugsa sér að kjósa sýslumenn og dómara og fleiri eins og gert er í Ameríku, en við gerum það ekki. Hins vegar eru prestar kjörnir hér og þeir sitja síðan í sínu embætti þar til þeir komast á eftirlaunaaldur. Það er sjálfsagt einsdæmi líka að menn séu kosnir í eitt skipti fyrir öll. Vissulega eru ágallar á því.

Annars staðar, og þá á ég við nágrannalöndin, er kosningafyrirkomulagið ekki eins afgerandi og hérna. Það er vísað í grg. til þess hvernig þetta er á Norðurlöndum. Í Danmörku og Noregi er fyrirkomulagið með þeim hætti að umsækjendur um prestsembætti senda umsóknir sínar til kirkjumálaráðuneytanna sem senda þær viðkomandi safnaðarráðum. Safnaðarráð greiðir atkvæði um umsækjendur og sendir niðurstöðu til viðkomandi biskups sem sendir kirkjumálaráðuneyti ásamt umsögn en ráðherra veitir.

Í Svíþjóð skiptast á almennar safnaðarkosningar líkt og hér nú og bein veiting. Með því er reynt að gefa veitingarvaldinu möguleika á að færa menn til í embættum eftir því sem þörf er á. Ég tel að það sé nokkur þörf á því að geta fært menn til í embættum eins og þar er gert og væntanlega opnast möguleiki fyrir því síðar.

En ég vek athygli á því að það frv. sem hér liggur fyrir er árangur af nefndarstörfum sem byggðust á samkomulagi og nú hafa biskup og kirkjuráð lagt á það mikla áherslu að fá afgreiðslu á þessu máli, telja að það verði að koma þessari umræðu frá, breyta fyrirkomulaginu. Ég virði þann vilja og greiði þess vegna þessu frv. atkvæði mitt. Það má hugsa sér að þetta verði gert til reynslu. Engin lög eru eilíf og ef þetta gefst ekki eins og skyldi má vissulega breyta því aftur.

Það er kostur við að færa kjörið yfir í sóknarnefndirnar að því leyti að það gefur sóknarnefndunum aukið vægi og býst ég við að það verði þá kirkjunnar starfi til góða. Ég vænti þess að frv. verði samþykkt.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er búið að vera lengi í smíðum, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, og að sjálfsögðu verða nokkuð deildar meiningar um hvort fara skal eftir því sem hér er lagt til eða leitað annarra leiða. Ég held að við getum öll verið sammála um að sú tilhögun sem höfð hefur verið á prestskosningum hefur valdið mörgum leiðindum og meiðslum, en hins vegar er það líka að margir vilja hafa visst frjálsræði í þeim efnum.

Ég er ekki viss um að hér sé valin rétta leiðin. Það er talað um að það séu sóknarnefndir sem taki að sér að velja prest fyrir söfnuðinn og í flestum tilvikum eru það fimm manns sem eru í sóknarnefnd sem kosin er á sérstökum safnaðarfundi. Ég býst við að það séu frekar fáir sem taka þátt í þeirri kosningu með fullri virðingu fyrir sóknarnefndarmönnum sem kosnir eru. Þetta verður svo kjörnefndin sem á að kalla til prest og ⅔ af nefndinni geta ráðið þar úrslitum.

Það sem ég vil benda á við þessa umræðu, en ég ætla ekki að leggjast á móti þeirri breytingu sem hér er lögð til, er að athuga ætti mjög alvarlega að það yrði fjölmennari hópur sem að kjörinu stæði. Þar sem eru stórar sóknir, t.d. hérna í Reykjavík og í stærri bæjarfélögum, er þetta mikið vandaverk og vandmeðfarið hjá þeim fáu aðilum sem þarna eiga um að fjalla. Mér dytti í hug að það yrði fjölgað í þessum hópi sem sæi um að gera tillögu um prest til viðkomandi sóknar, eða sóknarnefndin yrði þá stækkuð þegar svo bæri undir, að það væru sem sagt fleiri en þessir fimm aðilar sem þarna fjölluðu um. (**KSG:** Það er gert ráð fyrir því.) Það er gert ráð fyrir því, en meginreglan á að vera sú að sóknarnefndin sjálf geri þetta ásamt varamönnum. Þess vegna vildi ég leggja áherslu á það og benda á við þessa umræðu að venjulegar prestskosningar eins og eru núna mættu hverfa að mínu mati, en það yrði að vera fjölmennur hópur sem fjallaði um hverjir kæmu til með að hljóta stöðu prests í stórri sókn. Það er of fámennt lið sem um þetta fjallar skv. frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. á þskj. 689 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 11:3 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 669,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.–5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 669,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

7.–22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 669,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

46. fundur, mánudaginn 2. mars, að loknum 45. fundi.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 18. mál (úthlutun þingsæta o.fl.). — Þskj. 716 (sbr. 647).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Veiting prestakalla, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

49. fundur, mánudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548, n. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 545, n. 682, brtt. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 683,2 samþ. með 23:1 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 683,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
12.–20. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GE, 256. mál (rannsóknarnefndir Alþingis o.fl.). — Þskj. 315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 257. mál (þingrof og bráðabirgðalög). — Þskj. 316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu, frh. 1. umr.

Frv. JS o.fl., 310. mál. — Þskj. 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frh. 1. umr.

Frv. JS o.fl., 319. mál (réttur félagsmanna í húsnæðissamvinnufélögum). — Þskj. 561.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Vitamál, 2. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528, n. 678.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):
Herra forseti. Samgn. hefur athugað þetta frv. og samþykkt að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá hv. Ed.
Hv. þm. Halldór Blöndal og Karvel Pálmason voru fjarstaddir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Vitamál, 3. umr.

Stjfrv., 296. mál (skipunartími vitamálastjóra). — Þskj. 528.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 720).

NEÐRI DEILD

50. fundur, mánudaginn 2. mars, að loknum 49. fundi.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 715 (sbr. 545).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Flugmálaáætlun, 1. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 698.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um flugmálaáætlun og fjármögnun til framkvæmda í flugmálum. Þetta frv. er í öllum meginatriðum samhljóða tillögu flugmálanefndar sem skilaði samgrn. skýrslu um framkvæmdir í flugmálum í október á s.l. hausti. Þessi skýrsla er birt í heild sinni sem fskj. með frv. og skal hér að mestu vísað til hennar um framkvæmdaáætlun nefndarinnar, meginforsendur og rökstuðning.
Það var 6. febr. 1984 að ég skipaði nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum og skyldi nefndin semja áætlun um almenna flugvelli sem tæki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistækja, tækjageymslu, flugskýlis og flugstöðvar. Þá var nefndinni falið að gera tillögur um tekjustofna og fjárframlög til framkvæmdanna, svo og til rekstrar flugmála almennt. Þrjú sérverkefni voru sett nefndinni, þ.e. athugun á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, flugstöð á Reykjavíkurflugvelli og gerð varaflugvallar.
Í nefndinni áttu sæti Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., sem var formaður hennar, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþm., Kristján Egilsson flugstjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri og Þorgeir Pálsson prófessor. Flugmálastjóra Pétri Einarssyni var falið að starfa með nefndinni og vera henni til ráðuneytis og margir starfsmenn Flugmálastjórnar lögðu sitt af mörkum í starfi nefndarinnar.
Skýrsla nefndarinnar var svo afhent í október og kynnt á sérstakri ráðstefnu, fyrst fyrir blaðamönnum og síðar á ráðstefnu 12. desember. Þangað var boðið

áhugamönnum um framgang íslenskra flugmála, sveitarstjórnarmönnum, flugrekendum og síðast en ekki síst alþm. Þar gerðu nefndarmenn og flugmálastjóri ítarlega grein fyrir efni skýrslunnar og tillögum þeim sem þar eru settar fram.

Nefndin hóf verk sitt með því að draga saman ýmsar gagnlegar upplýsingar um þróun og eðli íslenskrar flugumferðar. Þar eru í rituðu máli og með tölum settar fram niðurstöður um fjölda farþega, tíðni ferðalaga, flughreyfingar á hinum ýmsu völlum, auk þess sem fjallað er um skipulag og umfang áætlunarflugsins. Þá reynir nefndin að gera sér grein fyrir áhrifavöldum og framtíðarþróun flugstarfseminnar og er litið til fjölmargra atriða, svo sem fargjaldastefnu, ástands annarrar flutningastarfsemi, t.d. áhrif bættra vega, landflutninga o.fl. Í ljósi þessara tölulega upplýsinga reynir nefndin síðan að spá fyrir um þróun mála á tímabilinu 1985–1995 og kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að farþegum um flugvelli innanlands fjölgi um rúm 100 þús. á tímabilinu, í um 730 þús. eða um 17% frá því sem nú er.

Um framkvæmdir á flugvöllum gerir nefndin tillögur um flokkun vallanna og íslenskan staðal við gerð brauta innan þeirra ýmsu flokka. Staðallinn er í samræmi við reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, en ekki er hægt að fylgja ýtrustu tilmælum hennar vegna erfiðra landfræðilegra aðstæðna á mörgum flugvöllum hér á landi. Þar sem um frávik er að ræða verður framkvæmdum hagað þannig að síðar megi endurbæta hinn íslenska staðal ef aðstæður skapast hvað varðar búnað flugvallanna, hindranir á og í grennd við þá auk annarra atriða þar sem gert er ráð fyrir að farið verði eftir stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Eftir að hafa sett fram og skilgreint það markmið sem nefndin vill að stefnt skuli að við hérlenda flugvallargerð tekur hún saman yfirlit yfir núverandi ástand áætlunarflugvallanna og nefnir til brýnustu verkefnin á hverjum fyrir sig.

Nefndin tekur fram að einstakar framkvæmdir geti verið svo stórar í sniðum og mikilvægar af hagkvæmnis- og öryggisástæðum að þær falli ekki inn í framkvæmdaröð hennar. Nefnir hún í þessu tilefni flugstöð í Reykjavík, flugbraut á Egilsstöðum og endurnýjun malbiks á flugbrautum í Reykjavík. Þessar framkvæmdir eru teknar út úr sem sérverkefni í áætluninni er gerð var og flugvöllur fyrir millilandaflug og stækkun og endurbót á flugstjórnarmiðstöð eru ekki tekin í kostnaðarútreikninga nefndarinnar.

Heildarkostnaður við framkvæmd tillagna nefndarinnar er áætlaður á verðlagi 1986 2030 millj. og gerði nefndin sérstaka könnun á því hvernig fé fengist til flugmálastarfseminnar, hvernig það skiptist og hvernig heppilegast mundi að standa að útvegun viðbótarfjár. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að rekstrarkostnaður Flugmálastjórnar jafnaðist að mestu út með tekjum ríkissjóðs af starfsemi tengdri flugi, en framkvæmdaféð væri beint framlag ríkisins. Taldi nefndin varhugavert að leggja ný eða aukin gjöld á flugstarfsemina, en kvað þó koma til álita að hækka flugvallagjald í innanlandsflugi og binda gjaldið tiltekinni framkvæmd, t.d. byggingu flugstöðvar í Reykjavík. Þá var lagt til að eldsneytisgjald yrði framvegis innheimt af öllu flugi en ekki bundið við flug innanlands. Þó var gerð tillaga um gjaldfrelsi flugs milli Íslands og Norður-Ameríku.

Nefndin bendir á að framlög úr ríkissjóði til flugmála séu í litlu samræmi við mikilvægi þessarar starfsemi fyrir búsetu í landinu í heild sinni og leggur því til að framkvæmdatillögur hennar verði að langmestu leyti fjármagnaðar úr ríkissjóði. Bendir nefndin á í þessu sambandi að heildartillögur hennar fyrir tíu ára tímabil kosti sem samsvari tveggja ára framlagi ríkisins til nýframkvæmda eins og t.d. í vegamálum.

Nefndin varð í starfi sínu sammála um að brýnasta atriðið í skipulegri uppbyggingu íslenskra flugvalla væri lögfesting áætlunargerðar og mörkun tekna til flugmálaframkvæmda. Hún hafði þá einkum í huga örlög annarrar ágætrar framkvæmdaáætlunar sem unnin var af flugvallanefnd og afgreidd var í formi þál. frá hinu háa Alþingi vorið 1978. Miðað við reynslu fyrri ára leit nefndin eðlilega til vegáætlunar og framkvæmda á sviði vegamála.

Það er þetta frv., sem nefndin leggur til, sem hér liggur fyrir með nokkrum minni háttar breytingum. Frv. skiptist í tvo meginkafla. Sá fyrri fjallar um flugmálaáætlun en hinn síðari um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Meginmarkmiðið með lögfestingu ákvæða um flugmálaáætlun er að Alþingi ákvarði reglubundið um skipulega uppbyggingu þessa samgönguþáttar og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdavaldið, Alþingi fái reglulega yfirlit um störf Flugmálastjórnar og að með þessum tvennum hætti verði stuðlað að betri nýtingu fjármagns og skipulegri vinnubrögðum.

1., 2. og 4. gr. draga í öllum meginatriðum dám af sambærilegum ákvæðum vegalaga, en í 3. gr. eru taldir flokkar flugmálaverkefna sem skilgreindir eru nánar í skýrslu nefndarinnar.

Í síðari kafla laganna er lagt til að fjármögnun framkvæmda í flugmálum verði með tvennum hætti. Með tekjum af eldsneytis- og flugvallagjaldi komi framlag úr ríkissjóði. Hér eru færð á einn stað ákvæði um gjaldskrá fyrir afnot flugvalla og meginmál laga nr. 8 frá 1976, um flugvallagjald, með áorðnum breytingum, og ákveðið að fjár sem þannig aflaðist mætti einungis verja til flugmálaframkvæmda.

Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir hækkun eldsneytisgjaldsins eða flugvallagjaldsins í millilandaflugi, en það leiðir af frv. að flugvallagjaldið í innanlandsflugi og í öðru flugi sem greinir í 9. gr. þessa frv. hækkar úr 18 kr. í 100 kr.

Eins og getið var hér að framan gerði nefndin það að tillögu sinni að innanlandsflugvallaskattinum yrði einungis varið til sérstaks verkefnis, flugstöðvar í

Reykjavík. Að athuguðu máli og með hliðsjón af sérstöðu slíks verkefnis var ekki talin ástæða til slíkrar sérmörkunar og er því í frv. gert ráð fyrir að gjaldið renni til almennra framkvæmda.

Önnur meginbreyting sem felst í II. kafla leiðir af ákvæðum 5. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir að eldsneytisgjaldið verði innheimt á öllum flugvöllum landsins. Eins og nú er innheimtist það ekki á Keflavíkurflugvelli. Áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku verður þó undanþegið gjaldinu.

Í Ed. gaf samgn. út samhljóða nál., allir sjö nefndarmenn, þar sem mælt var með að frv. yrði samþykkt með tilteknum breytingum. Breytingarnar voru sex, þar af fimm breytingar við frv. og ein tillaga um nýja grein, um að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Tvær brtt. fjalla um lagagildi þessara gjalda og sömuleiðis er nokkur breyting gerð á ákvæði til bráðabirgða. Sömuleiðis var gerð breyting á fyrirkomulagi á eldsneytisgjaldinu. Allar þessar breytingar tel ég að séu til bóta og voru þær gerðar í náinni samvinnu við ráðuneytið og við Flugmálastjórn.

Ég vil líka bæta því við að framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll voru teknar út úr þannig að flutt hefur verið um það sérstök till. til þál. með heimild til lántöku á þessu ári og að því stefnt að framkvæmdir geti hafist þegar á þessu ári eftir að Alþingi hefur afgreitt það mál.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um mál þetta. Frv. er skýrt og skorinort. Tilgangur framlagningar þess er auðsær og að baki því liggur mikil vinna þeirra manna sem hafa unnið í þeirri nefnd sem ég hef hér oft vitnað til. Málefni þetta hefur einnig verið sérstaklega kynnt öllum þeim sem hagsmuni og áhuga hafa á framgangi íslenskra flugmála og hafa viðbrögð allra verið jákvæð, en hins vegar eins og fyrri daginn skiptar skoðanir þegar á að fara í nýja fjáröflun. Þá vilja þeir helst vera lausir við að koma nærri henni sem eiga að sjá um fjáröflunina, en benda á hina gömlu góðu leið að greiða úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni allmerkilegt mál sem ástæða er til að fagna. Í þessari áætlun, sem hér er lögð fram, kemur fram, auk þeirrar stefnumörkunar sem í frv. felst, verulega mikið af gagnlegum upplýsingum sem safnað hefur verið saman um flugsamgöngur á Íslandi og er ástæða til að láta í ljósi ánægju með þá vinnu sem að baki liggur að flestu leyti. Ég hygg að hún geti lagt grunn að gagnlegri stefnumörkun. Alla vega geta menn rætt þessi mál í framhaldi af þessari upplýsingasöfnun af talsvert meira skynsamlegu viti en áður var hægt.

Það er orðið mjög brýnt, um það eru víst flestir sammála sem eitthvað ferðast innanlands með flugi, að gera verulegt átak til úrbóta í flugsamgöngunum. Ég hygg að með þeirri áætlun sem hér er flutt frv. um, ef framkvæmd verður, yrði stigið stórt skref til að koma mannvirkjum í þessum samgönguhætti í það horf sem viðunandi teldist innanlands.

Það eru nokkur atriði sem mig langar á þessu stigi að gera athugasemdir við eða ræða ofurlítið nánar. Það er í fyrsta lagi kaflinn um flokkun flugvalla. Það er út af fyrir sig gagnlegt að leggja niður fyrir sér einhverja flokkun eða uppskiptingu flugvallanna eftir mikilvægi eins og staða þeirra er nú. Ég legg sérstaka áherslu á tvennt í því sambandi. Það er í fyrsta lagi að menn festi sig ekki um of í því að flokka niður flugvellina miðað við þá umferð og þær aðstæður sem ríkjandi eru einmitt nú, í flokka sem eiga síðan að ráða miklu um uppbyggingu þeirra í framtíðinni. Það þarf a.m.k. að vera tryggt að ef aðstæður breytast sé ekkert því til fyrirstöðu að færa flugvelli upp á milli flokka, til að mynda flugvelli úr flokki 2 upp í flokk 1 og úr flokki 3 upp í flokk 2.

Ég tel orka tvímælis til að mynda að ákveða það og festa það niður í áætlun af þessu tagi að setja Húsavíkurflugvöll og Vestmannaeyjaflugvöll í flokk 2 á sama tíma og til að mynda Sauðárkróksflugvöllur er settur í flokk 1. Ef við skoðum tölur um umferð um þessa flugvelli er það þannig að um Húsavíkurflugvöll fóru á árinu 1985 á sautjánda þúsund farþegar og tæp 300 tonn af vörum og pósti. Um Vestmannaeyjaflugvöll fóru á sama ári yfir 50 þús. farþegar og um 250 tonn af vörum og pósti. En farþegaumferð um Sauðárkróksflugvöll var nokkru minni en til að mynda um Húsavíkurflugvöll.

Húsavíkurflugvöllur liggur mun lengra frá Reykjavík og þar er um lengri veg að fara á landi til höfuðborgarsvæðisins og einnig eru í nágrenninu margir mjög þýðingarmiklir staðir í ferðamannaiðnaðinum íslenska, þangað sem jafnvel meiri hluti erlendra ferðamanna á landinu kýs að leggja leið sína. Þess vegna er að mínu viti ýmislegt sem bendir til þess að mikilvægi þessa flugvallar gæti farið vaxandi í framtíðinni. Ég tel því orka tvímælis að ákveða með þessum hætti að það sé í öðrum flokki og þar sé gert ráð fyrir styttri flugbraut til að mynda en á Sauðárkróksflugvelli og Akureyrar-, Egilsstaða- og Reykjavíkurflugvöllum ef út í það er farið. Það mætti jafnvel nefna fleiri flugvelli, svo sem eins og höfuðflugvöll fyrir suðursvæði Austfjarðanna, Hornafjörð, o.s.frv.

Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. hvaða áherslu hann leggur á þessa flokkun og hver er hans skilningur á því að flugvellir geti færst til milli flokka ef aðstæður breytast eða skynsamlegt verður talið.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi ítreka að það er mikilvægt að menn standi þannig að uppbyggingu þessara flugvalla hvað varðar burð og hönnun alla að ef aðstæður breytast verði unnt að lengja og breikka flugbrautir þannig að vellirnir geti færst upp á milli flokka og tekið við stærri flugvélategundum ef framtíðin kallar á slíkt.

Í þessu sambandi væri einnig freistandi að ræða þá möguleika t.d. til útflutnings á ferskum matvælum sem góðar, fullnægjandi flugbrautir geta skapað í

viðkomandi landshlutum. En ég ræði þetta ekki frekar, a.m.k. ekki að svo stöddu.

Hvað varðar fjáröflun til þessara mála er í sjálfu sér eðlilegt að gerð sé tillaga um nokkra skattheimtu til þessa málaflokks. Í því sambandi er þó óhjákvæmilegt að benda á að flugfargjöld eru dýr og það er verulegur kostnaður sem fólk á afskektum svæðum leggur á sig, til að mynda á norðausturhorni landsins, sem þarf að taka sér far með tveimur flugvélum og skipta um á Akureyrarflugvelli ef það ætlar frá sinni heimabyggð til Reykjavíkur. Fólk af þessum landsvæðum þarf að greiða verulegan pening fyrir flugfarseðla. Það hljóta að vera veruleg takmörk fyrir því hvað unnt er, réttlætanlegt og skynsamlegt að hækka fargjöld jafnvel þó um jafnágæta fjáröflun og til flugmálanna sé að ræða. Ég held að þarna þurfi menn að rata eitthvert meðalhóf. Það hefur í sjálfu sér ekki mikið með uppbyggingu flugvalla eða flugsamgöngumannvirkja að gera ef flugfargjöldin verða svo dýr að enginn geti notað sér þjónustu flugfélaganna. Ég held þess vegna að það sé óhjákvæmilegt að af almennum skatttekjum ríkisins úr opinberum sjóði renni jafnframt nokkurt fé til uppbyggingar þessara mála eins og fjölmargra annarra þátta í þjónustunni.

Auðvitað tek ég undir að aðilar sem hagsmuna eiga að gæta á sviði flugsamgangna geta ekki ætlast til þess að þeir leggi ekki eitthvað af mörkum, en ég skil vel áhyggjur þeirra yfir því að ekki verði gengið of langt í skattheimtunni vegna þess að flugfargjöld eru nú þegar mjög dýr, a.m.k. hér innanlands og til Norðurlandanna og Evrópu. Þess vegna verður að stilla skattheimtu, sem eingöngu leggst á þessa hluta flugsins, í hóf. Ég hefði talið æskilegt ef náðst hefði um það samstaða hér, til að mynda eins og brtt. var flutt um í virðulegri Ed. á þskj. 684, að framlag ríkisins á fjárlögum yrði lögfest sem eitthvert hlutfall af hinum mörkuðu tekjustofnum til flugmálanna. Í því sambandi er líka rétt að minna á örlög langtímaáætlunar um vegagerð og þann niðurskurð sem þar hefur verið beitt. Við stöndum frammi fyrir því á þessu herrans ári 1987 að framkvæmdir í vegamálum eru eingöngu fjármagnaðar með hinum mörkuðu tekjustofnum. Áætluð framlög úr ríkissjóði eru þar komin ofan í núll. Þess vegna tel ég of opið orðalag 16. gr. frv., eins og það væntanlega er enn þá eftir umfjöllun í Ed., að til greiðslu kostnaðar, með leyfi forseta, samkvæmt flugmálaáætlun skuli auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita sérstakt framlag á fjárlögum. Þetta er ansi opið að mínu mati. Þarna hefðu þurft að vera skýrari ákvæði, t.d. um hlutfall af þeim tekjustofnum sem markaðir eru til flugmálanna. Ég spyr hæstv. samgrh. hvað honum sýnist um þá tilhögun að reyna með einhverju móti að festa þessi ákvæði í 16. gr. betur í lögunum eða hafa þau ítarlegri þannig að tryggt verði að örlög þessarar flugmálaáætlunar verði önnur og betri en vegáætlunarinnar og framkvæmdir verði ekki skornar niður með sama hætti.

Það er, herra forseti, tvímælalaust kostur að fá hér tillögu að langtímaáætlun um uppbyggingu flugsamgangna. Það er enginn vafi að vegamálin hafa notið góðs af þeirri samstöðu sem náðist um langtímaáætlunina á sínum tíma. Ég hygg að það þyrfti að vinna að fleiri þáttum í opinberri mannvirkjagerð og í opinberum framkvæmdum með þessum hætti. Það er einnig kostur að nú skuli liggja fyrir tillaga að langtímaskipulagi við uppbyggingu flugsamgangnanna vegna þess að það gerir kleift og mögulegt að horfa samtímis til fleiri þátta í samgöngumálunum í einu. Ég er þeirrar skoðunar og hef reyndar flutt um það till. á hv. Alþingi að það ætti að hefja sérstaka vinnu af hálfu opinberra aðila til að líta til allra hinna mismunandi þátta samgangnanna í einu, og jafnvel til meiri háttar mannvirkjagerðar einnig, þannig að reynt væri að horfa á samhengi hlutanna í þessum efnum og tryggja sem eðlilegast samspil mismunandi þátta samgöngumálanna. Þetta er verið að gera og hefur reyndar um margra ára bil verið gert víða í nálægum löndum, tvímælalaust með góðum árangri. Þannig reyna menn að tryggja að ekki verði um tvíverknað og óþarfan kostnað að ræða vegna þess að menn viti ekki hver af öðrum í þessum efnum. Í því tilliti er það, herra forseti, tvímælalaust ávinningur að fá jafnframt slíka áætlun um flugmálin eins og fyrir hefur legið og fyrir liggur um uppbyggingu vegamálanna. Og ég vísa aftur í þáltill. sem er 376. mál Sþ.

Í þeirri vinnu sem hér er að skila sér í formi frv. og flugmálaáætlunar var nokkuð fjallað um staðarval fyrir svonefndan varaflugvöll. Ég leyfi mér að segja að þó að þessi skýrsla og þessi vinna sé ekki ýkja gömul sé sú vinna að nokkru leyti þegar orðin úrelt vegna þess að nú liggja fyrir nýjar upplýsingar. Er þar um að ræða þá ákvörðun sem þegar hefur verið tekin í raun um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar sem er sérstök ástæða til að fagna í þessari umræðu. Það er tvímælalaust eitt brýnasta ef ekki albrýnasta forgangsverkefni í íslenskum flugmálum að byggja upp þann flugvöll fyrir flugsamgöngur í Austfirðingafjórðungi og ég vona að allir þm., hvaðan af landinu sem þeir koma, geti orðið sammála um það. Það er engn spurning í mínum huga, og ég hef reyndar sagt það fyrir löngu á hv. Alþingi, að það eigi að byggja þennan flugvöll upp með tilliti til þess að hann geti þjónað varaflugvallarhlutverki. Þar er ekki um annað að ræða en að tryggja að þegar flugbrautin verður hönnuð og undirbyggð verði þannig gengið frá málum að hún geti í framtíðinni fullnægt sem varaflugvöllur, hún geti borið svo stórar flugvélar og hönnun hennar og staðsetning geri kleift að í fyllingu tímans verði þar um fullnægjandi og fullbúinn varaflugvöll að ræða.

Ég vil jafnframt í þessu sambandi minna á tillöguflutning hér á Alþingi um að skoða möguleika Akureyrarflugvallar til að þjóna þessu varaflugvallarhlutverki á meðan og jafnframt. Það er að sjálfsögðu í þessari áætlun gert ráð fyrir að veruleg framþróun verði á Akureyrarflugvelli sem eðlilegt er þar sem um er að ræða langmikilvægasta flugvöll innanlands-

flugsins utan Reykjavíkur. Þess vegna er það mín skoðun, og ég hygg að þessi áætlun í raun staðfesti það, að innan tíðar getum við Íslendingar lagt til hliðar deilur og misjafnlega frjótt rifrildi um hvar eigi að staðsetja svonefndan varaflugvöll vegna þess að við höfum þá frekar tvo en einn þar sem bæði Akureyrarflugvöllur og hinn nýi flugvöllur við Egilsstaði verði tilbúnir vonandi innan fárra ára til að þjóna sem varaflugvellir fyrir flugflota íslensku flugfélaganna og þeirra erlendra flugfélaga sem halda uppi áætlunarflugi yfir hafið í kringum okkur. Í því sambandi er einnig rétt að minna á þá ákvörðun sem stærsta flugfélag landsmanna, Flugleiðir hf., er að taka þessar vikurnar um endurnýjun á flugflota sínum, en allar vísbendingar eða fréttir sem þaðan hafa komið benda til þess að við endurnýjun flugflotans verði einmitt sú breyting á samsetningu hans er geri kleift að nota minni flugvelli sem varaflugvelli og þar með jafnvel Akureyrarflugvöll nánast óbreyttan frá því sem hann er nú.

Ég tel einnig, og vil taka það fram, að jafnframt hljóti menn að skoða flugvelli eins og Sauðárkróksflugvöll og Húsavíkurflugvöll í Aðaldalshrauni með það í huga að þeir jafnframt og einnig geti orðið slíkir flugvellir í framtíðinni. Það er tilfinning mín og margra fleiri, herra forseti, að mikilvægi flugvalla aukist ekki bara sem samgöngutækja fyrir farþegaflug heldur jafnframt sem liðar í breyttum atvinnuháttum þar sem inn koma hlutir eins og útflutningur á ferskum fiski eða eldisfiski og jafnvel öðrum ferskum matvælum og inn- og útflutningur af slíku tagi kemur til sögu.

Þá er mikilvægt að sem flestir flugvellir sem þjóna sem meiri háttar héraðs- eða landshlutaflugvellir séu þannig í stakk búnir að þeir geti tekið við stærri flutningavélum þegar svo ber undir. Það er einnig næsta ljóst að það verður í framtíðinni vaxandi að stærri farþegaþotur, stærri farþegaflugvélar, grípi inn í innanlandsflug á annatímum, um jól, páska og aðra slíka annatíma, og einnig gæti komið til aukið leiguflug til staðbundinna verkefna. Það er að mínu viti tvímælalaust rétt að stefna að því að flugvellir í öllum landsfjórðungum og stærstu héraðsflugvellirnir verði byggðir þannig upp í framtíðinni að þeir geti þjónað slíku hlutverki.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri að sinni, en ég ítreka aftur spurningar mínar til hæstv. ráðh. og beini því jafnframt til þeirrar nefndar sem fjallar um þetta mál að hyggja sérstaklega að flokkun flugvallanna og ákvæðum um fjármögnun.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er vissulega ánægjuefni að fyrir Alþingi liggur frv. það sem hér er til umræðu og vonandi endist okkur tími til að afgreiða það á þinginu. Það byggir, eins og fram hefur komið, á starfi nefndar sem hæstv. samgrh. skipaði og hefur skilað áliti og tillögum sem frv. í meginatriðum byggir á. Í þessari nefnd áttu m.a. sæti einn af þm. Alþb. sem vann að tillögugerðinni með öðrum og ég hygg að það sé nokkuð víðtæk samstaða um meginstefnu í sambandi við þetta mál, en auðvitað getur menn greint á um einstök atriði. Ég tek undir ábendingar sem komu fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., en margt af því voru gagnlegar ábendingar sem fram komu í hans máli og athugasemdir.

Einn þáttur sem tengist þessu máli og áætlunum um framkvæmdir í flugvöllum varðar Egilsstaðaflugvöll sem rætt hefur verið um hér sérstaklega á þinginu og till. liggur fyrir um framkvæmdir við nýja flugbraut þar og ég ætla að vænta þess að hún fái jákvæða meðferð hér og afgreiðslu áður en þinginu lýkur þannig að séð verði fyrir endann á því fullkomna ófremdarástandi sem ríkt hefur lengi í málefnum þess landshluta. En ég er ekki þar með að gera lítið úr þörfinni mjög víða annars staðar.

Það sem mestu máli skiptir í þessu, fyrir utan skilmerkileg vinnubrögð varðandi ákvæði um framkvæmd og undirbúning, er auðvitað fjármögnunin sem slík. Það má segja að það líti heldur betur út það sem er á blaði í þessu frv. varðandi það að tryggja fjármögnun. Við skulum vænta þess að það gangi eftir. Ég tek hins vegar undir það, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að þar með er ekki eðlilegt að ríkið sleppi frá því að leggja framlög úr sameiginlegum sjóði til þessara mála, svo stór og brýn og þau eru og varða aðstöðu manna á landinu öllu, þessi þáttur samgangna.

Hækkun á gjöldum farþega er auðvitað tilfinnanleg, en ég hygg að margir séu reiðubúnir til þess að greiða nokkurn skatt í þessu skyni í von um að sjá fram úr þeim erfiðleikum sem eru í sambandi við flugið hér innanlands. En hv. þm. og almenningur þekkja af biturri reynslu þær aðstæður sem menn víða búa við í þessum efnum og hvernig framkvæmdafjárveitingar hafa verið skornar við nögl á liðnum árum þannig að flugið hefur verið hornreka, meira að segja í samanburði við aðra þætti samgöngumála. Þar undanskil ég þó hafnirnar sem hafa nánast ekki verið á blaði í tíð hæstv. ríkisstjórnar fyrr en núna að hæstv. ráðh. leggur fram hafnamálaáætlun sem því miður er ekki undirbyggð hvað tekjur snertir í framtíðinni með neitt svipuðum hætti og hér liggur fyrir. Sama má segja um þá loftkastala sem sýndir voru í sambandi við vegáætlun þar sem vísað er á framtíðina. Hér er betur staðið að málum þó að ég sé ekkert að gera lítið úr óskum hæstv. samgrh. í sambandi við fjármögnun til hafnamála og vegamála á komandi kjörtímabili þegar núv. hæstv. ríkisstjórn hefur horfið frá, hverjir svo sem við taka.

Ég ætla að gera aðeins að umtalsefni einn þátt sem snertir innanlandsflugið sérstaklega. Ég flutti fyrir tveimur þingum, á 107. löggjafarþingi, till. til þál. um bætta þjónustu við farþega í innanlandsflugi. Þar var lagt til að það yrði gerð úttekt á þjónustu farþega í innanlandsflugi og á samgöngum við flugvelli og undirbúnar tillögur til úrbóta. Það voru þrír þættir sem sérstaklega voru nefndir, aðstaða flugfélaga til að rækja eðlilega þjónustu,

úttekt á núverandi þjónustu af hálfu flugfélaganna við farþega í áætlunarflugi, samgöngur að og frá flugvöllum, m.a. með sérleyfisbifreiðum, og reglur um snjóruðning af vegum í því sambandi.

Þessi tillaga, sem um var fjallað í allshn. sameinaðs þings á 107. löggjafarþingi, var afgreidd að tillögu nefndarinnar með þeim hætti að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar með vísun til starfa þeirrar nefndar sem undirbjó það mál sem hér er til umræðu. Í áliti hv. allshn. frá 6. júní 1985 sagði, með leyfi forseta:

„Á vegum samgrn. starfar nú nefnd sem vinnur að gerð áætlunar í flugmálum. Veigamikill þáttur í starfi nefndarinnar lýtur að þjónustu við farþega og aðstöðu fyrir þá á flugvöllum landsins með tilliti til hvaða kröfur eigi að gera til flugstöðvarbygginga og hvaða forgang þær skuli hafa í uppbyggingu flugvalla. Nefndin telur því ekki á þessu stigi ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Það gekk eftir. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Vissulega varða framkvæmdir í flugmálum og fjárveitingar til þeirra afarmiklu um aðstöðuna til þess að bæta þjónustu við farþega í innanlandsflugi en það er þó ekki allt. Það er ýmislegt fleira sem því tengist. Í þeirri tillögu sem ég flutti og var að nefna hér var fjallað um samgöngurnar við flugvellina og þjónustu af hálfu flugfélaganna við farþega á flugvöllunum og í sambandi við bókanir, upplýsingar og annað sem snertir undirbúning flugs af hálfu farþega. Í þessum efnum er ástandið langt frá því að vera með þeim hætti sem skyldi.

Það má sjálfsagt vísa í þá skoðanakönnun sem flugfélögin stóðu að, e.t.v. í samvinnu við Flugmálastjórn, og vikið er að hér í nál. sem fylgir þessu frv. Þar er greint frá niðurstöðum þessarar könnunar og þar kemur fram að um þriðjungur er miðlungi ánægður með þjónustu af hálfu flugfélaganna, telur hana í meðallagi eða lakari og nokkrir telja hana afar lélega. Og það er út af fyrir sig fróðlegt að líta á þær umsagnir eða það orðalag sem þarna fylgir um þessa niðurstöðu varðandi þjónustuna. Þetta er á bls. 39 í þessu þskj. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt könnun sem Flugmálastjórn lét gera meðal farþega í innanlandsflugi þótti 8,4% farþega þjónustan frábær og 60,4% fannst hún góð, 24,9% í meðallagi, 4,6% ábótavant og 1,7% léleg. Í könnuninni kom fram að húsmæður og tryggingaþegar eru ánægðastir með þjónustuna en leiðandi millihópar og starfsmenn hjá hinu opinbera óánægðastir."

Fleira er sagt þarna um þessa könnun, m.a. að farþegar búsettir á Suðurlandi og Vesturlandi eru ánægðastir en farþegar búsettir á Norðurlandi vestra eru óánægðastir. Það kemur kannske ekki mjög á óvart að farþegar á Suðurlandi og Vesturlandi skuli ekki vera mjög óánægðir. Það reynir ekki svo ýkja mikið kannske á samgöngurnar innanlands í flugi við Vesturland og Suðurland, a.m.k. ekki í sama mæli og við aðra landshluta. **(Gripið fram í:** Sjötíu þúsund farþegar á ári.) Að sjálfsögðu Vestmannaeyjar varðandi Suðurlandið, það er rétt, hv. þm. Vestmannaeyjar eru í þessum hópi auðvitað varðandi Suðurlandið.

Ég tel mig þekkja þessi mál af langri reynslu og ég get fullyrt að það hefur verið viss viðleitni hjá t.d. Flugleiðum að bæta ákveðna þætti sinnar þjónustu og það metur maður að verða var við það. Það er samt langt frá því að hún sé í því horfi sem skyldi og má sjálfsagt mörgu um kenna. Ég tel það ekki við hæfi að í rekstrarleyfum þeirra félaga sem fá flugrekstrarleyfi miðað við ákveðnar flugleiðir skuli ekki vera teknar inn skilgreindar kröfur um þjónustu við viðskiptavini. Í þeim leyfum sem ég fór yfir á sínum tíma fyrir tveimur árum var nánast ekki að finna orð um þetta efni af hálfu ráðuneytisins sem úthlutar þessum flugrekstrarleyfum. Það finnst mér ekki við hæfi, ég tel að það þurfi sannarlega endurskoðunar við. En þetta er eins og víðar að af hálfu hins opinbera er ekki litið á þjónustuþáttinn og kröfur sem eðlilegt er að gera til aðila sem þeirra sem fá þarna einokun varðandi þjónustuna, varðandi starfsemina, að tryggja það og einnig eftirlit með því að við það sé staðið. Þetta snertir einnig auðvitað sérleyfin á langferðaleiðum þar sem þyrfti að fylgjast mun betur með og er þáttur í ferð fjölmargra sem þurfa að nota flugið. Ég tel sem sagt að þarna sé um þátt að ræða sem þurfi að taka á í sambandi við þessi mál og leyfi mér því, herra forseti, að nefna það með sérstakri tilvísan til tillögu sem ég flutti og vísað var til ríkisstjórnarinnar með vísan til þess máls sem hér er til umræðu og undirbúnings þar að lútandi.

Kostnaður við flugið, gjaldið sem við greiðum fyrir flug hér í innanlandsfluginu er mjög hátt. Ég skal ekki leggja mælikvarða á það miðað við það sem gerist annars staðar. Það eru kannske óvíða sambærilegar aðstæður til að vísa til. En það er hátt gjald þegar menn þurfa, t.d. af Austurlandi, að greiða 7342 kr. fyrir flug fram og til baka við Egilsstaði og síðan þurfa þeir sem þurfa að taka sérleyfi í tengslum við flugið að bæta við kannske 1000 kr. eða rösklega það til þess að allt sé talið í þessum efnum, þannig að fargjaldið er komið upp í um 8500 kr. eða nálægt því til þess að fara eina ferð til höfuðstaðarins. Þetta er auðvitað gífurlegur tollur í rauninni sem menn eru þarna að gjalda, bæði fyrirtæki sem þurfa að leita eftir fyrirgreiðslu hér í höfuðborginni sem og einstaklingar sem þurfa nauðsynleg erindi að rækja hér í höfuðstaðnum, fyrir utan annað. Það er því full ástæða til þess að einnig sé fylgst með þessum þætti, hvort þessi gjaldtaka sé eðlileg og dreifingin á kostnaði, miðað við annars vegar innanlandsflugið og hins vegar utanlandsflugið, og ég held að nokkuð skorti á það að með þessum málum sé fylgst svo sem vert væri. Ég hef þó ekki kannað það nýlega þannig að ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar í því efni en ég tel að þennan þátt þurfi einnig að skoða í sambandi við flugmálin og flugreksturinn, mjög vandlega, þar sem hér er um stórar upphæðir að ræða fyrir það fólk sem

öðrum fremur þarf á flugsamgöngunum að halda. Alveg nýlega hefur flugið verið hækkað, þ.e. fargjöld í innanlandsflugi verið hækkuð um 10%, þannig að þar er um umtalsverða og tilfinnanlega hækkun vissulega að ræða í sambandi við flugfargjöldin.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þá forgöngu sem hann hefur haft í sambandi við undirbúning þessa máls og framlagningu og ég mun stuðla að því fyrir mitt leyti að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu en taldi ástæðu til að nefna mikilsverða þætti sem tengjast fluginu alveg sérstaklega innanlands.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. sem liggur fyrir í löngu máli þar sem það kemur í nefnd sem ég á sæti í. Þó langar mig til að spyrja hæstv. samgrh. um þessa flokkun. Þegar nefndin tekur til starfa, sem hún mun gera eins snarlega og hægt er, mun ég reyna að fá upplýsingar en þó langar mig aðeins til að heyra um þessa flokkun hjá hæstv. ráðh. Mér skilst að það séu bara þrír flugvellir sem eru í þessum fyrsta flokki, þ.e. þar sem hugsanlegt er að verði lengri flugbrautir en 1800 metrar. Það virðist ekki fara, ekki eingöngu a.m.k., eftir farþegafjölda, flutningaþörf. Það er t.d. Vestmannaeyjaflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur sem — sérstaklega Vestmannaeyjar — eru með svipaða tölu og t.d. Egilsstaðir. Ef við lítum á hvað er líklegt að gerist í náinni framtíð, t.d. varðandi Húsavíkurflugvöll og e.t.v. fleiri flugvelli, má benda á að það eru áreiðanlega möguleikar í Þingeyjarsýslum að framleiða eldisfisk í tugþúsundum tonna ef þeir eru nýttir til hins ýtrasta. Mér er þess vegna ofarlega í huga hvers vegna þessi flokkun er svona. Hvað er á móti því að setja t.d. í fyrsta flokk suma þessa flugvelli, eins og Vestmannaeyjaflugvöll, Sauðárkróksflugvöll og Húsavíkurflugvöll og e.t.v. fleiri, vegna þess að það eru flugvellir með 1800 metra flugrein og lengri. Síðan eru í öðrum flokki flugvellir með 1200–1800 metra flugrein. Það er hámark á þessum öðrum flokki en þó er það eftir ákvörðun hvers tíma í sjálfu sér hvort verður farið yfir þetta mark. Þess vegna vildi ég fá aðeins að heyra hjá hæstv. ráðh. rökin fyrir þessum skiptum, ekki síst þar sem það eiginlega blasir við að við förum að flytja á markað ferskan fisk og jafnvel kjöt á næstu árum ef allt fer sem manni sýnist horfa í dag.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta fyrr en við 2. umr. Ég vil þó segja það að auðvitað er alltaf spurning um það hvernig á að fjármagna svona framkvæmdir. En með reynslu t.d. af þeirri langtímaáætlun í vegamálum sem við höfum þegar fengið held ég að í raun og veru sé ekki hægt að fara aðra leið. Eins og horfir núna með langtímaáætlun í vegamálum finnst mér það vera döpur reynsla og sú þáltill. fer aldrei orðalaust í gegn eins og hún liggur fyrir. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni.

Garðar Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta mörg orð. Það hafa komið fram ýmsar ábendingar. Flest er það í jákvæðum tóni sem betur fer, enda finnst mér full ástæða til þess að gleðjast yfir því að þetta mál skuli vera komið inn í þingið og stefnt að því að það verði afgreitt.

Flugmálanefnd hefur sem sagt skilað skýrslu um flugmálin og þar á meðal um framkvæmdir í flugmálum til 10 ára. Það er nú eins með þessa áætlun og aðrar að mönnum finnst sjálfsagt misgott það sem fram kemur í henni enda auðvelt að endurskoða sumt af því ef brýnt þykir. Ég legg á það áherslu að sú áætlun sem hér liggur á borðum hv. þm. verði ekki pappírsgagnið eitt, heldur fáist fé til þess að framkvæma áætlunina og það á ekki lengri tíma en 10 árum. Það var nefnilega samið hér ákaflega merkilegt plagg fyrir 10 árum eða svo. Það var flugmálanefnd starfandi á árunum 1974 eða 1975 til 1978 og skilaði þá mjög vönduðu verki. Ég þekkti svolítið til þess vegna þess að ég átti sæti þá í flugráði og ég held ég megi segja það að ef, ég segi ef, peningar hefðu fengist þá til þess að vinna það verk eftir þeirri áætlun væru flugvellir orðnir fullnægjandi og góðir og aðstæður miklu betri en við þurfum að horfast í augu við nú.

Einn hv. þm. nefndi að ekki hefði verið mikið gert í þessum efnum í tíð núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Það má svo sem vera að það sé ekki mikið. Þessi áætlun liggur þó fyrir. En ég minnist þess ekki að menn hafi lagt sig eftir slíkri áætlanagerð fyrr en nú síðan flugmálanefndin vann sitt verk á tíma ríkisstjórnarinnar frá 1974 til 1978. Þannig fór nú með hina merku skýrslu flugmálanefndar frá 1978 að hún reyndist vandað verk og ekkert meira vegna þess að það vantaði peningana til þess að framkvæma hlutina. Nú hefur hæstv. samgrh. ekki aðeins látið útbúa áætlun af þessu tagi, sem er þokkaleg að mínum dómi, hann hefur ekki látið þar við sitja heldur bent á hvar á að fá peninga til þess að framkvæma hlutina. Og það er það sem skiptir auðvitað mestu máli. Ég heyri það á athugasemdum hv. þm., sem hér hafa talað, að þeir segja að flugvöllurinn hjá þeim sé í vitlausum flokki og ætti að vera hærra skrifaður. Það er dálítill misskilningur hjá þessum hv. þm. vegna þess að það er ekkert verið að lögfesta neina ákveðna röð í flokka á flugvöllum. Flugvöllunum er ósköp einfaldlega raðað eftir lengd og ástandi eins og það er og það segir ekkert um það að hvaða flugvöllur sem er geti ekki farið upp í næsta flokk.

Mér finnst það dálítið einkennilegt þegar hv. alþm. tala mikið um það að leggja þurfi á einhverja skatta til þess að fá nægilegt fé til framkvæmda á sama tíma og einn hv. alþm. segir að við þurfum að hafa flugvelli úti um land sem geti tekið stórar og þungar flutningavélar og að það sé ekki nægilegt annað en að hafa marga flugvelli um allt land sem geti tekið stórar þotur. Hver vildi það nú ekki? Það er auðvitað ekkert rangt við þá hugsun. En hún

passar ekki vel saman við það þegar menn vilja ekki taka einhverja skatta til þeirra framkvæmda sem nú eru á döfinni. Og ef um stóra þotuflugvelli væri að ræða á mörgum stöðum á landinu er ég hræddur um að það þyrfti að margfalda þá upphæð sem í þetta verkefni færi.

Herra forseti. Það hefur nú til langs tíma verið heldur lítið skammtað til framkvæmda í flugmálum. T.d. er framkvæmdafé til flugmála 1975 0,42% af niðurstöðu fjárlaga. Í því hangir þessi tala, liðlega 0,4% af niðurstöðu fjárlaga, til ársins 1982. Þá fellur kúrfan snöggt niður. Ef þannig verður að staðið að við fáum sem svarar liðlega 200 millj. kr. á ári í 10 ár ætti þessi viðmiðun að verða miklu hagstæðari fyrir flugið.

Það er oft erfitt að fljúga hér á Íslandi þar sem skiptir um veður kannske tvisvar til þrisvar á dag. Ég verð að segja það af kynnum mínum við stærsta flugrekandann í landinu, Flugleiðir, að í öllum höfuðatriðum hafa þeir, að mínum dómi, staðið sig mjög vel. Menn hafa einnig bent á að það vantaði betri þjónustu og betri aðstöðu fyrir flugfarþega og ég get tekið undir það. Ég vil benda hv. alþm. á að íhuga hvað hefur þó lagast á síðustu 10 árum í þessum efnum. Ástæðan fyrir því að ekki hefur verið gert meira í þessum málaflokki er auðvitað ekkert annað en peningaleysi. Það er ekki nóg að útbúa góðar áætlanir. Það verður fyrst og fremst að sjá til þess að peningarnir fáist til þess að vinna þessa áætlun á réttum tíma og að ekki verði slakað á því að það væri sorglegt ef það ætti að endurtaka sig að þurfa að búa til nýja framkvæmdaáætlun að tíu árum liðnum eins og skeði 1978.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem hér hafa rætt málefnalega um þetta frumvarp og flugmálaáætlun og fjáröflun fyrir þeirra framlag til umræðunnar. Raunar leiðrétti hv. 4. þm. Suðurl. misskilning í sambandi við flokkun flugvalla en hann átti sæti í þessari nefnd. Í 3. gr. eru ákvæði um það hvernig áætlunarflugvöllum skuli skipað í flokka. Þar með er ekki sagt að sú skipan eigi að standa um aldur og ævi eða í langan tíma. Það fer eftir því hvað veitt er, hvað framkvæmt er, hvaða breytingar eru gerðar og eftir þeim forsendum sem segir í flugmálaáætluninni. Þó að í dag séu það þessir vellir sem hér eru nefndir þýðir það ekki að ekki verði breyting á því þegar þörf krefur. Vitaskuld verða þarna breytingar þegar á næstu árum. Það fer bæði eftir umfangi flugvallanna, eftir farþegafjölda og eftir því hve mikil þörf er. Eftir því sem þörfin eykst verða gerðar samkvæmt þessu úrbætur.

Hér hefur verið talað nokkuð um vegamálin, þeim blandað inn í þetta og það er kannske ekkert óeðlilegt að það sé gert. Það er rétt að í þáltill. til vegamála er eingöngu byggt á mörkuðum tekjustofnum. Ég lagði fram tillöguna til vegamála um það að framlög yrðu miðuð við 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu næstu þrjú ár fyrir utan þetta ár. Það þýðir að það vantar á næsta ári 1380 millj. kr. miðað við þá mörkuðu tekjustofna sem fyrir hendi eru og rúmar 1400 millj. kr. á árinu 1989 og 1440 millj. kr. á árinu 1990. Það náðist ekki um það samkomulag að auka þessa fjármuni til vegagerðar. En vegna þess sem ég sagði við framlagningu till. og í framsöguræðu geng ég ekki til baka með það að það er brýn nauðsyn á að auka þetta fjármagn. Ég nefndi í minni framsögu fyrir vegáætlun að ég hefði áður flutt tillögu um það að nota hluta af lækkun bensínsins til að auka framkvæmdir í vegamálum en um það náðist ekki samkomulag. Ég bætti því jafnframt við að ég tel að ekki verði hjá því komist að leggja aukið framlag til vegamála umfram þessa mörkuðu tekjustofna. Ég tel að það eigi að skipta þessari viðbót með þrennum hætti. Í fyrsta lagi á að taka ⅓ af þeirri upphæð til brýnna verkefna hér á höfuðborgarsvæðinu sem er að komast í algjört óefni og ættu þá þm. höfuðborgarsvæðisins að koma til liðs við þessa tillögu, og til mjög brýnna verkefna í jarðgangagerð. Þar er næsta verkefnið jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla sem þurfa miklu frekari framlög en gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Og í þriðja lagi að auka framlög til brúabygginga sem vantar mikið á að séu viðunandi að mínum dómi. Ég veit ekki um hvað þm. geta orðið sammála ef það er ekki að skipta þessu viðbótarframlagi í grófum dráttum með þessum hætti. En við vitum að það eru til þm. sem segja að of miklu fjármagni sé veitt til vegamála og vilja ekki auka það. Og það eru til þm. sem m.a.s. vilja fresta framkvæmdum í vegamálum í heilt ár. Ef þeir eru mjög margir sem þannig er ástatt með og hafa þetta hugarfar, þá er ekki hægt að tala um það að hægt sé að auka framkvæmdir.

En ég ætla að benda mönnum á eitt. Hér hefur verið farin alveg ný leið. Sú breyting sem ég gerði á þessu frv. var með þeim hætti að ég tek aftur út úr flugstöðvarbyggingu í Reykjavík og set þær tekjur, sem nefndin lagði til að til hennar færi, í almennar framkvæmdir í flugmálum sem ég tel að hafi verið skynsamlegt að gera því það liggur meira á því. Ég er ekkert að mæla gegn nýrri flugstöð í Reykjavík, það er nauðsyn á henni, en hún getur frekar beðið.

Ég tel það mikils virði að afla tekna af öllum farþegum, líka á Keflavíkurvelli. Nefndin í Ed. mætti mjög mikilli andstöðu við það ákvæði frá fulltrúum sem komu á fund nefndarinnar þaðan, sem nefndarmenn gengu ekki inn á sem betur fer. Við erum að byggja stóra, myndarlega og glæsilega flugstöð, ekki fyrir þá á Suðurnesjum heldur fyrir landið allt, og er þar um fjárfreka framkvæmd að ræða. Og þá verða þeir sem þess njóta líka að taka þátt í þessari uppbyggingu.

Það er eitt sem ég vil benda hv. þm. á. Sá er munur á framlögum til vegamála og flugmála að framlög til vegamála eru öll inni í þál. til vegamála en ekkert inni að öðru leyti. Rekstrarkostnaðurinn er allur þar. Hann er það hins vegar ekki í flugmálum. Þar er rekstrarkostnaðurinn allur greiddur úr ríkissjóði. Þegar við tölum um framlög til flugmála,

þá verðum við að tala um þau í heild. Og hafa framlög við þennan málaflokk stóraukist á síðustu árum vegna þess að rekstrarliðirnir, öryggisstarfsemin á flugvöllunum hefur stórhækkað og ráðnir hafa verið fleiri starfsmenn til Flugmálastjórnar en í flestum öðrum slíkum málaflokkum vegna þess að það var þörf á því. Á sumum stöðum voru þetta meira áhugamenn, en það er ekki hægt að búast við því að menn sinni áhugamennsku sinni og geti lifað af henni svo að þarna hefur verið gerð veruleg breyting. Og yfirleitt öll rekstrarleg starfsemi Flugmálastjórnar hefur að mínum dómi komist í mjög gott ástand.

Við hefðum kosið að framkvæmdafé hefði verið meira, en nú var farið í byggingu flugstöðvar á Keflavíkurvelli og ef við bætum þeirri framkvæmd við flugmálaframkvæmdir, þá fara þau framlög langt fram úr því sem áður hefur verið.

Það hafa náðst töluverðir áfangar víða. Við höfum tekið í notkun nýjar flugstöðvar á áætlunarleiðum. Að vísu var það alveg um það bil sem þessi ríkisstjórn tók við sem tekin var í notkuð flugstöð í Hornafirði, en það hafa verið teknar í notkun flugstöðvar í Stykkishólmi, á Patreksfirði, Þingeyri og í Aðaldal eða Húsavík, svo dæmi séu nefnd. Það hefur mikið verið gert í öryggismálum. Tekin hefur verið í notkun ný slökkvistöð hér á Reykjavíkurflugvelli, sem var brýn nauðsyn á að byggja og koma í gagnið, svo að það hefur náðst að verulegu leyti árangur. (**GJG:** Brann ekki ofan af slökkviliðinu á Reykjavíkurflugvelli?) Það held ég ekki. Það er til enn þá byggingin þar sem það var til húsa. Þetta getur ekki brunnið, hv. þm., það er allt úr steinsteypu nema þá þakið.

Í sambandi við það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði varðandi fargjöldin. Mönnum þykir nú alltaf mikið þegar þeir borga, um það getum við alltaf verið sammála. En þá verðum við auðvitað að líta á hvað þessi starfsemi kostar. Innanlandsflug hjá þessum stærri félögum eins og Flugleiðum hefur verið rekið eiginlega áratugum saman með halla þegar á heildina er litið. Það eru erfiðar aðstæður til flugs og margt ógert á flugvöllum sem kemur í framtíðinni til með að verða bæði þessu félagi og öðrum til góðs. Ég held að það hafi verið mikill tröppugangur á því hvernig hinum minni félögum hefur vegnað, en þó er það heldur í áttina. Eftir því sem samgrn. gerir frekari kröfur til flugfélaga um þjónustu á flugvöllum og flugstöðvum, þá erum við um leið að ýta undir meiri kröfugerð um fargjöld. Hins vegar höfum við ekki með það að gera, heldur eru það verðlagsyfirvöld. Verðlagsstofnun tekur beiðnir flugfélaganna til afgreiðslu og þessi hækkun, sem varð núna, var samþykkt með samhljóða atkvæðum þannig að það var fallist á þau rök og þau gögn sem Flugleiðir lögðu fram. Þessu hefur verið haldið niðri, oft mjög lengi, og stundum getur það verið varhugavert að ganga of langt í þeim efnum. Ef við lítum á fargjöld hér og í nágrannalöndum okkar, alveg sérstaklega í Danmörku, og þó að við tökum ekkert tillit til lengdar flugleiða, þá erum við mun lægri hér en þar.

Varðandi varaflugvöllinn, sem segja má að hér sé slegið á frest, þá er það að gerast í þeim efnum að málið verður skoðað af Flugmálastjórn. Þessir sex vellir sem hafa verið nefndir, talið að vestan Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík eða Aðaldalur, Egilsstaðir og Hornafjörður, verða athugaðir. Þessi athugun verður framkvæmd af Flugmálastjórn og hefur verið sótt um aukafjárveitingu til hennar nú nýlega. Þá liggur þetta fyrir. Það eru margvísleg gögn og margvísleg rök sem þegar liggja fyrir sem verða þá skoðuð af Flugmálastjórn, ráðuneyti og fleirum þegar þar að kemur.

Ég tel að með þessari fjáröflun séum við að tryggja það að Alþingi taki það ekki af, eins og hefur æði oft tíðkast, ekki eingöngu í tíð þessarar ríkisstjórnar heldur einnig í tíð fyrrverandi ríkisstjórna. Hér með er mörkuð skýr, ákveðin stefna sem tryggir þetta fjármagn og og er miklu tryggara en fjármagnið til Vegagerðarinnar, sem ég fyrir mitt leyti hef miklar áhyggjur af, eins og útlitið er núna. Hins vegar verð ég að segja að fjármagnið, sem Vegagerðin hefur haft til umráða, hefur verið vel nýtt og árangurinn hefur verið undraverður miðað við þær upphæðir sem úr hefur verið að spila.

Ég vænti þess að hv. samgn. þessarar hv. deildar reyni eins og föng eru á að hraða afgreiðslu þessa máls, þannig að þetta frv. verði lögfest og væntanlega þá að afgreiðsla verði innan tíðar í Sþ. á þáltill. um byggingu nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

57. fundur, þriðjudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Framtíð rásar tvö, ein umr.

Fsp. ÁRJ, 356. mál. — Þskj. 639.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 639 að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um framtíð rásar tvö. Ríkisútvarpið hóf útsendingar á rás tvö 1. des. 1983. Þar með var landsmönnum boðið upp á val milli tónlistarútvarps og hefðbundinnar dagskrár Ríkisútvarpsins sem nú nefnist rás eitt. Með útvarpslögum nr. 68/1985 var einkaréttur Ríkisútvarpsins afnuminn og öðrum aðilum veitt leyfi til útvarps. Útvarpsstöðvar í einkaeign hófu hljóðvarpsútsendingar á þéttbýlustu svæðum landsins á s.l. hausti. Þessar stöðvar byggja afkomu sína að mestu eða öllu leyti á

auglýsingatekjum. Það er ljóst að með tilkomu þeirra hafa tekjur Ríkisútvarpsins minnkað þar sem auglýsingatekjurnar, sem það sat eitt að áður, skiptast nú á fleiri hendur. Hlutverk Ríkisútvarpsins er að standa vörð um tungu okkar og menningu og það hefur það gert í áratugi. Það er eign landsmanna allra og þjónar öllum jafnt hvar sem þeir búa á landinu. Með útsendingum rásar tvö eiga allir landsmenn kost á því að velja úr ólíku útvarpsefni á sama tíma. Og nú er fyrirhugað að rás tvö hefji útsendingar allan sólarhringinn um miðjan þennan mánuð og er það vel. Sólarhringsútvarp er réttlætismál ekki síst vegna þeirra mörgu sem vinna á vöktum og eiga *þess ekki kost að hlusta á útvarp á hefðbundnum* útsendingartíma. Það er líka mikilvægt öryggisatriði í svo stóru og strjálbýlu landi að geta náð til allra til sjós og lands en það er unnt með dreifikerfi Ríkisútvarpsins sem nær um landið og miðin.

Við verðum að standa vörð um hag Ríkisútvarpsins og varast að sökkva í sama fen og ýmsar þjóðir sem búa við margar útvarpsstöðvar. Þar hafa gæðakröfurnar verið litlar sem engar og allar stöðvarnar hafa lagst í sömu lágkúruna. Ríkisútvarpið á að veita einkastöðvunum aðhald með vandaðri dagskrá, bæði á rás eitt og rás tvö. Það á fortakslaust að vera metnaður Ríkisútvarpsins að reka vandað tónlistarútvarp.

Ýmsar blikur eru nú á lofti varðandi framtíð Ríkisútvarpsins. Menn sem eiga að standa vörð um hag þess hafa brugðist þeirri skyldu sinni. Þeir hafa lagt til að rás tvö verði seld og úr sömu herbúðum hafa komið tillögur um að afhenda útvarpsstöðvum í einkaeign dreifikerfi rásar tvö. Dreifikerfið er einn þáttur í yfirburðum Ríkisútvarpsins í samkeppni við aðrar stöðvar og svo stór útgjaldaliður að einkastöðvarnar mundu aldrei leggja út í slíka fjárfestingu. Það kostar nefnilega peninga að reka vandað og menningarlegt útvarp, það kostar peninga að ná til allra landsmanna, það kostar peninga að vera sjálfstæð þjóð. Já, það er vegið að Ríkisútvarpinu úr ýmsum áttum og nú síðast héðan frá hinu háa Alþingi þegar Ríkisútvarpið var svipt einum megintekjustofni sínum, aðflutningsgjöldunum.

Í frv. til lánsfjárlaga, sem samþykkt var hér á Alþingi í október s.l., var Ríkisútvarpið svipt þessum helsta tekjustofni sínum frá og með byrjun þessa árs. En þó að Ríkisútvarpið hafi haldið þessum tekjustofni til ársloka er halli á rekstri stofnunarinnar árið 1986 150 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðalokun ársreikninga. Auk þess eru fjárlög ársins 1987 afgreidd með 103 millj. kr. halla á rekstri Ríkisútvarpsins sem því er gert að bera með einhverju móti. Ríkisútvarp verður aldrei rekið sem gróðafyrirtæki. Til þess er hlutverk þess of stórt og skyldur þess of margar. Þegar fjallað var um útvarpslögin á Alþingi lýstu allir þm. sig ... (**Forseti:** Þm. hefur farið langt fram úr tilskildum tíma.) Ég mun ljúka máli mínu. Ég vitna í orð hæstv. menntmrh. þar sem hann var kjörinn maður janúarmánaðar í morgunþætti rásar tvö. Þar sagði hann, með leyfi herra forseta: „Staða Ríkisútvarpsins verður styrkt, ég mun sjá til þess."

Að lokum, hæstv. menntmrh., það þarf fé til að reka útvarp. Rás tvö leitar á svipuð mið og einkastöðvarnar. Spurning mín er: Er rás tvö hjá Ríkisútvarpinu ætlað að keppa við útvarpsstöðvar í einkaeign?

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Samkvæmt útvarpslögum nr. 68/1985, 16. gr. þeirra laga, skal Ríkisútvarpið senda út til landsins alls og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Með vísan til þessa ákvæðis laga verður litið á *rás tvö, aðra hljóðvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins*, sem órjúfanlegan hluta af heildardagskrá þess. Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda hóf rás tvö starfsemi sína 1. desember 1983 og er nú svo komið með fjölgun stöðva hringinn í kringum landið að rásin heyrist í öllum þéttbýlisstöðum og á langflestum sveitabæjum, þótt enn skorti nokkuð á, en unnið er fullum fetum áfram að framkvæmdinni.

Við upphaf rásar tvö var mörkuð sú stefna að hún skyldi rekin af auglýsingatekjum einum og þá með vísan til þess að þá átti að vísu meiri hluti þjóðarinnar kost á að heyra til hennar en ekki allir landsmenn og því þótti það óeðlilegt að rásin yrði rekin fyrir afnotagjöld sem allur landslýðurinn greiddi. Auk þess þótti fýsilegt að rás tvö stæði þannig á eigin fótum og ekki þyrfti að ætla til hennar hluta af afnotagjaldi sem runnið hefur til rásar eitt og sjónvarpsins og farið hríðlækkandi á undanförnum árum að raungildi og sem hlutfall af heildartekjum Ríkisútvarpsins. Vegna samkeppni við nýjar útvarpsstöðvar hefur dregið úr auglýsingamagni á rás tvö undanfarna mánuði. Þess má þó geta að árið 1986 komst rásin vel af og átti afgang af rekstri sínum, en þá námu bruttótekjur af auglýsingum rúmum 53 millj. kr.

Nú fer fram endurskoðun á dagskrárstefnu rásar tvö, eins og kunnugt er, og má ætla að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru styrki stöðu rásar tvö sem auglýsingamiðils í samkeppni við einkastöðvar. Ríkisútvarpið telur og á að telja það meginskyldu sína að stuðla að jafnari aðstöðu allra landsmanna til að nýta útvarpsefni af margvíslegu tagi. Uppbygging fullkomins dreifikerfis um land allt, sem er dýrt í uppbyggingu og rekstri, miðar að þessu. Með endurskoðun rásar tvö er einnig stefnt að enn skipulegri samræmingu á dagskrá hennar og rásar eitt þegar báðar rásir heyrast um land allt.

Mér þykir vænt um að heyra að hv. 9. þm. Reykv. er fylgismaður og stuðningsmaður Ríkisútvarpsins. Það er ég einnegin. Ríkisútvarpið hefur gífurlega mikilvægum skyldum að gegna, skyldum langt umfram það sem við getum ætlast til af einkastöðvum. Og við megum hvergi slaka á í þessum efnum, líka vegna þess að við ætlum að beita þessu tæki til þarfa okkar, vegna tungunnar, vegna bókmenntanna, vegna menntunar í landinu. Þar ætlum við að mynda braut fyrir fjarkennslu og enn fleira sem er í

undirbúningi. Það verð ég að segja eins og er að þótt á bjáti nokkuð núna má telja að þetta sé vel rekið fyrirtæki af ungum framsýnum mönnum sem ég bind hinar mestu vonir við. Og eins og heyra má á mæli minu er beint svar við fyrirspurninni að sjálfsögðu já.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. menntmrh. er á þeirri skoðun að það beri að styrkja rekstur rásar tvö. Ég bið þingheim að taka vel eftir þeim orðum. Hér stóðu við síðustu fjárlagagerð hörð átök um fjárhag Ríkisútvarpsins, að halda inni hluta af þeim fjármunum sem því bar. Ég er þeirrar skoðunar að það beri að styrkja rekstur rásar tvö með öllum ráðum því að hún nær til alls landsins, hún er nauðsynleg fyrir menningarlega dagskrá í Ríkisútvarpinu og eðlilega verkaskiptingu þar á milli rásar eitt og rásar tvö svo að hún geti háð eðlilega samkeppni við einkastöðvar. Það er nú svo að miðað við það sem ég hef hlustað á einkastöðvar finnst mér þar vera lögð meiri áhersla á magn en gæði og lögð meginhersla á það að útvarpa allan sólarhringinn sem er góðra gjalda vert. Það sem okkur hins vegar vantar er menningarleg og nútímaleg dagskrá sem nær til allrar þjóðarinnar.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. kærlega fyrir hans svör. Það er mjög ánægjulegt að heyra það hjá honum að framtíð Ríkisútvarpsins virðist vera trygg og staða þess verður styrkt. Mig langar samt til að minnast á það sem kom fram í máli mínu áðan að halli á rekstri stofnunarinnar árið 1986 var um 150 millj. kr. og á fjárlögum ársins 1987 er 103 millj. kr. halli sem Ríkisútvarpinu er gert að bera með einhverju móti. Aðflutningsgjöldin eru ekki lengur Ríkisútvarpsins. Ég treysti því þess vegna að komið verði til móts við þetta ástand í fjármálum Ríkisútvarpsins. Ég þakka hæstv. menntmrh. kærlega fyrir svarið.

Öryrkjabifreiðir, ein umr.

Fsp. HS og KP, 350. mál. — Þskj. 620.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 620 hef ég leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hvernig verður komið til móts við þá öryrkja er keyptu bifreiðir á árinu 1986 og nutu þá mjög skertrar fyrirgreiðslu?“

Allt til ársins 1986 nutu öryrkjar umtalsverðrar eftirgjafar af tollum og aðflutningsgjöldum af bifreiðum og höfðu þannig verulegt forskot fram yfir hinn venjulega bifreiðakaupanda. Með almennu verðlækkuninni á bifreiðum í fyrra, sem átti að vera jöfn kjarabót öllum til handa samkvæmt samningum á vinnumarkaðnum, hvarf þetta forskot nær alveg. Á það var þá knúið að með öðrum hætti yrði það forskot tryggt sem gilt hefði áður, réttarbót til öryrkja um áraraðir hyrfi ekki með öllu.

Hæstv. fjmrh. vísaði til skorts á lagaheimildum en tók því ekki ólíklega að skoða aðrar leiðir, en ekkert gerðist. Í kjölfarið fluttum við fyrirspyrjendur tillögu hér á þingi um nauðsynlega leiðréttingu á þessum málum. Till. var endurflutt nú í haust en enn bólaði ekki á neinu. Hins vegar bar svo við á dögunum að skyndilega var samþykkt leiðrétting á þessum málum á ríkisstjórnarfundi og ber að fagna því. Enn vantar að vísu að greina nákvæmlega frá hvað um verður að ræða og hversu með skuli farið. Hitt liggur ljóst fyrir að þeir sem nutu nær engrar umframfyrirgreiðslu í fyrra búa hér við mikið misrétti, bæði miðað við fyrri tíð og eins hvað varðar það sem nú er ráðgert. Því er eðlilegt að um það sé spurt hversu með mál þeirra skuli farið því að ég trúi vart öðru en hæstv. ráðh. vilji beita sér fyrir leiðréttingu þeim til handa, ekki síst miðað við orð hans hér í fyrra.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. febr. s.l. var samþykkt svohljóðandi tillaga, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin ákveður að fyrirgreiðsla til fatlaðra við bifreiðakaup færist til Tryggingastofnunar ríkisins. Komi tryggingastyrkur í stað tollalækkunar. Miðað skal við að fyrirgreiðsla verði í sama hlutfalli af almennu söluverði bifreiða og var fyrir tollalækkun í febrúar 1986.“

Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin heimild til fjmrh. til þess að afgreiða aukafjárveitingu til að standa undir viðbótarkostnaði Tryggingastofnunarinnar í framhaldi af þessari ákvörðun.

19. febr. skrifaði tolladeild fjmrn. deildarhagfræðingi heilbrrn. bréf um þetta efni með útskýringum á því hvernig þessari fyrirgreiðslu var áður fyrir komið meðan unnt var að beita tollaívilnunum og jafnframt þeirri ábendingu að samráð verði haft við Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Öryrkjabandalagið um samningu reglna um hinar nýju greiðslur. Vinna við frekari útfærslu þessarar ákvörðunar fer nú fram í samvinnu þeirra opinberu aðila sem málið varðar.

En það er ljóst eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að með þessari ákvörðun skapaðist nokkurt misræmi á milli þeirra öryrkja sem afla sér bifreiðar eftir að hún kemur til framkvæmda og hinna sem það gerðu undangengið ár eftir að tollalækkanir þær sem urðu á fyrra ári tóku gildi. Og það er einmitt um þann hóp sem fyrirspyrjandi spyrst fyrir um.

Svarið liggur ekki endanlega fyrir meðan tillögur hafa ekki verið fullmótaðar. Hins vegar er það mín skoðun, og afstaða þeirra sem um þessi mál fjalla af hálfu ríkisstjórnarinnar, að eðlilegt sé og sanngjarnt

að komið verði til móts við þessa aðila með svipuðum hætti og nú hefur verið ákveðið að gera almennt gagnvart þeim sem þessara réttinda njóta. Og þó að tillögurnar séu ekki fullmótaðar á þessu stigi málsins verður reynt að finna leiðir á þann veg að sá hópur sem hér um ræðir geti nokkuð vel við unað.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans og tel að þau séu fullnægjandi. Svör hans voru um það að komið yrði til móts við þá sem keyptu bifreiðar á árinu 1986 með svipuðum hætti og nú er ráð fyrir gert. Að vísu veit ég ekki nákvæmlega hvernig það er fyrirhugað heldur vegna þess að tillögurnar vantar þar um. En eins og maður hefur skilið það þá er hér verulega komið til móts við öryrkja og á þann veg að ég held sem nægir nokkurn veginn til þess að bæta þeim upp það forskot sem þeir misstu í fyrra.

Ég vil hins vegar segja að ég veit um tortryggni ýmissa þeirra gagnvart vísan þessa á Tryggingastofnun ríkisins, ekki vegna þeirrar stofnunar heldur vegna þess að þar er verið að tala um fasta upphæð og menn óttast það eðlilega að með þessar upphæðir verði farið svipað og með ýmsar aðrar, að þær verði skertar á næstu árum og því verði kannske lítið úr þessu nema á þessu ári. Ég skil þennan ótta manna í ljósi ýmislegs af því sem gerst hefur varðandi lagasetningu hér á Alþingi, lögboðin framlög og svo skerðingar á þeim framlögum aftur. En ég vona að svo verði ekki í þessu tilfelli.

Ég held að almennt sé býsna mikil ánægja meðal öryrkja með núgildandi kerfi úthlutunar, þó að ekkert sé nú algott, og það hefði átt að halda því að nokkru leyti, þeirri úthlutunarnefnd sem þar er að störfum, m.a. með ágætum fulltrúa fjmrn. þar inn í til þess að sjá um það að þetta kæmi sem jafnast og best niður.

Ég geri ekki lítið úr vilja hæstv. ráðh. til þess að leiðrétta þetta, en ég tel einnig að bæði fsp. og tillöguflutningur hér inni á þingi ásamt miklum þrýstingi samtaka fatlaðra hafi hér gert sitt ótvíræða gagn.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka mjög undir þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir hans svör við þessari fsp., en auðvitað í trausti þess að við sjáum þessar reglur tiltölulega fljótt og það verði undinn bráður bugur að því að þær komi til framkvæmda.

Það er ekkert vafamál að það eru ýmsir sem renna vonaraugum til þessa þáttar. Það var illa að staðið þegar þessu var breytt á sínum tíma gagnvart þessu fólki og full þörf á því að þar eigi sér leiðréttting stað. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái svo um í áframhaldi að þessu verði þannig breytt að þessir aðilar nái þeim rétti sem þeir a.m.k. höfðu fyrir og best væri auðvitað ef gert væri betur.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með þá gjörð að ætla að koma til móts við fatlaða eins og tilgreint er hjá fjmrh. Það mun vera allt að 7% lækkun sem öryrkjar og fatlaðir geta fengið með þessu, en ég legg áherslu á að þær reglur sem verið er að semja komi sem allra fyrst því að það eru margir sem bíða eftir þessari úrbót og því fyrr, því betra til þess að það valdi ekki þeim sem njóta þurfa meiri áhyggjum en ástæða er til.

Íslenskt efni sjónvarpsstöðva í einkaeign, ein umr.

Fsp. ÁRJ, 357. mál. — Þskj. 640.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 640 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um íslenskt efni sjónvarpsstöðva í einkaeign. Spurningin er tvíþætt:

Í fyrsta lagi. Hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að sjónarpsstöðvum í einkaeign verði gert að flytja íslenskt efni sem ákveðinn hluta af dagskrá sinni?

Í öðru lagi. Að ákveðnu hlutfalli þess fjár sem notað er til dagskrárgerðar eða kaupa á dagskrárefni verði varið til innlendrar dagskrárgerðar í því skyni að standa vörð um íslenska menningu?

Það er ekki að ástæðulausu að hér er spurt. Nýleg könnun á efni þeirra tveggja sjónvarpsstöðva sem senda út hér á landi sýnir að innlent efni nemur rúmum 47% að meðaltali í ríkissjónvarpinu en aðeins tæpum 13,5% af útsendu efni Stöðvar 2. Samanburðurinn á efni sjónvarpsstöðvanna var gerður frá 28. nóv. til 18. des. í vetur. Hæsta hlutfall innlends efnis í ríkissjónvarpinu var 74%, en hæsta hlutfall innlends efnis á Stöð 2 á þessum tíma var aðeins 34%. Lægsta hlutfall innlends efnis reyndist á Stöð 2 hinn 29. nóv. en þá fór það niður í 3,3% á einum degi, en sem kunnugt er er útsendingartími Stöðvar 2 að jafnaði mun lengri en útsendingartími ríkissjónvarpsins.

Í þessari athugun var uppruni erlenda efnisins einnig kannaður og kom í ljós að um 70% af erlendu efni sem ríkissjónvarpið sendi út var engilsaxneskt, þ.e. framleitt í enskumælandi löndum, en 100%, þ.e. allt efnið á Stöð 2, var af þessu sama máls- og menningarsvæði.

Fáir halda því fram að erlend áhrif séu vond í sjálfu sér, en finnst mönnum þetta ekki helst til einhæft? Hvaða áhrif skyldi þetta hafa t.d. á óláes börn sem horfa mikið á sjónvarp, t.d. á málþroska þeirra og hugsun, þegar þau skilja ekki það sem þau sjá og heyra og verða að treysta á myndirnar einar og túlka boðskapinn út frá þeim?

Í útvarpslögum, nr. 68 frá 1985, segir í 3. gr., með leyfi herra forseta: „Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu."

Ég fæ ekki séð að það sé mjög til eflingar íslenskri

tungu og menningu þegar innlent efni fer niður í rúm 3% af útsendri dagskrá.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Það er aðgætandi að í lögum er engin heimild til að skylda eigendur sjónvarpsstöðva til þess að hafa ákveðið hlutfall af íslensku efni í heildardagskrá sjónvarpsstöðvanna, né heldur eru neinar heimildir sem hægt er að skylda eigendur útvarpsstöðva með til að nota ákveðið hlutfall af því fé sem notað er til dagskrárgerðar til að framleiða íslenskt dagskrárefni. Hv. þm. minnast þess að við afgreiðslu laganna frá 1985 var ákvæði um að settur skyldi á fót Menningarsjóður útvarpsstöðva og til hans renna 10% af auglýsingatekjum stöðvanna. Honum er skipuð sérstök stjórn og hún skal deila úr þessum menningarsjóði til sjónvarps- og útvarpsstöðva til framleiðslu á innlendu dagskrárefni.

Nú vil ég taka það fram að ég er gagnrýninn á þessa aðferð. Ég hef skipað endurskoðunarnefnd á útvarpslögin, þau gilda til áramóta 1988, og sú endurskoðunarnefnd er að hefja störf. Ég mun leggja til við þá endurskoðunarnefnd að þessi sjóður verði lagður niður. En um leið leita eftir því við stöðvarnar að þær geri samning við menntmrn. um það að verja eigi minna fé en 10% af auglýsingatekjum sínum til þess arna, til innlendrar dagskrárgerðar. Ég sé enga hæfu í því að hafa sjóð sem greitt er í með þessum hætti og sérstaka stjórn sem er að deila út úr honum. Þótt vel kynni að fara úr hendi fer áreiðanlega best á því að stöðvarnar sjálfar ráði yfir þessu fjármagni, en þó með þessum hætti sem ég hef hér greint frá. Það er minn vilji að um leið og afnumin yrðu ákvæðin um starfsemi menningarsjóðsins mundi nást samningur við stöðvarnar um það að þær verðu eigi minna fjármagni til þess arna heldur en þar um ræðir.

Ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi að í reglugerð um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum er sjónvarpsstöðvum gert skylt að þýða erlent efni og er tilgangurinn með því auðsær, með því á að standa vörð um íslenska tungu. Þetta þykir mörgum hart undir að búa og ákvæðin ströng, en frá þeim verður í engu falli vikið.

Ég bendi einnig á í sambandi við þessa fsp. að fjármagn til Kvikmyndasjóðs hefur verið stóraukið og tilgangurinn með því er að efla innlenda kvikmyndagerð. Við þurfum að gera sjónvarpsstöðvunum fært að stunda slíka dagskrárgerð og við ætlum að gera Kvikmyndasjóði fært að styrkja framtaksmenn á sviði kvikmyndagerðar til að stórauka innlenda kvikmyndagerð vegna þess að fátt er sjálfsagt mikilvægara á dögum myndarinnar en að nýta þennan fjölmiðil einmitt til þeirra menningarstarfa sem við þurfum að leggja áherslu á, hvort heldur myndin verður notuð til eflingar tungunni eða til þess að leiða ungt fólk að bókmenntunum okkar o.s.frv.

Ég held að það muni koma í ljós að ýmislegt má betur fara í þessum annars framúrstefnulögum sem útvarpslögin voru frá 1985, en ég tek það mjög skýrt fram svo að ekki verði misskilið að ég hef ekki í hyggju að bera fram einhverjar breytingar á þessum lögum þann veg t.d. að þessi menningarsjóður yrði afnuminn fyrr en þá með endurskoðun laganna innan tveggja ára. Þau verða því framkvæmd þann tíma nema eitthvað nýrra bregði við og stoðar varla annað þess vegna en að mæta því að standa skil á því gjaldi sem til þessa sjóðs rennur.

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör við spurningu minni. Ég fagna því, sem kom fram í máli hans, að það hefur verið veitt auknu fé til innlendrar kvikmyndagerðar. Það er mikil þörf á því. En mig langar til að víkja áfram að þessu erlenda efni því að ég var að glugga í kannanir varðandi það þegar ég sá hversu háar hlutfallstölurnar af erlendu efni eru á Stöð 2. Þar kemst það upp í rúm 96% á einum degi. Kannanir í nágrannalöndum okkar sýna að erlent efni í sjónvarpi, t.d. á Norðurlöndum, er yfirleitt innan við 40% af dagskránni og í Bandaríkjunum er það aðeins um 1–2%. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna lét fyrir nokkrum árum kanna hlutfall erlends efnis í sjónvarpsstöðvum víða um heim og það kom í ljós að hvergi er ástandið eins og á Stöð 2, hvergi er erlenda efnið jafnmikið. Þau ríki sem komast næst Stöð 2 eru Guatemala með 84% og Singapore þar sem 78% sjónvarpsefnis er erlent. Ég vona að þarna verði einhver breyting á.

Einangrun húsa, ein umr.

Fsp. HS, 370. mál. — Þskj. 664.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 664 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis um einangrun húsa frá 21. maí 1981?“

Það er óþarfi að vera að rekja tilurð þessarar ályktunar Alþingis og tillögunnar sem varð til þess að þessi ályktun var samþykkt. Ákveðinn byggingameistari hér í bæ hafði mjög beitt sér fyrir úrbótum á þessu sviði með nýrri aðferð sem mjög kom til umræðu þegar tillagan var upphaflega flutt. Ég held að allir hafi verið sammála um að það hafi verið þörf á nýjum vinnubrögðum, bættum aðferðum og betra eftirliti, það færi ekkert á milli mála. Við höfum núna nýleg dæmi enn einu sinni um galla í byggingum og gagnkvæmar ásakanir í kjölfarið kalla á að spurt sé um framkvæmd þeirrar ályktunar kannske alveg sérstaklega sem hér er vitnað til og þeirra umræðna sem þá fóru fram. En ályktunin var endanlega svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta

fara fram rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa, einangrunaraðferðir, kosti þeirra og galla. Skulu Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst."

Í framhaldi af þessu finnst mér rétt að spyrja nánar um framkvæmd þessarar ályktunar, hvað hafi gerst hjá þessum ágætu stofnunum, því að hér er mál sem snertir húsbyggjendur alla mjög verulega og ævinlega er verið að koma inn á með einum eða öðrum hætti úti í þjóðfélaginu hvernig betur megi að standa.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég láta koma fram eftirfarandi:

Þál. þessi um einangrun húsa var með bréfi, dags. 18. sept. 1981, send Húsnæðisstofnun ríkisins til umsagnar. Svar Húsnæðisstofnunar er dags. 9. febr. 1982. Í svarinu kemur fram að stofnunin telur ekki nægilegt að fram fari könnun á einangrun útveggja einni saman, eins og þál. gerir ráð fyrir, heldur sé nauðsynlegt að könnunin nái einnig til ýmissa annarra húshluta, t.d. húsþaka, lofta, gólfa o.s.frv. Stofnunin mælir jafnframt með því að þessi könnun verði gerð.

Ekki verður séð að ráðuneytið hafi á þessum árum aðhafst frekar í málinu. Eftir að ég kom í ráðuneytið voru þessi mál tekin upp að nýju og með bréfi dags. 9. nóv. 1983, sem svo hljóðar, fól ráðuneytið Húsnæðisstofnun að vinna sérstaklega að þessu máli, með leyfi forseta:

„Í umræðum um hið háa orkuverð til húshitunar hér á landi utan hitaveitusvæða hefur komið fram að hægt væri að draga verulega úr þessum kostnaði við orkusparandi aðgerðir á íbúðarhúsnæði. Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er í 11. gr. lið 7 gert ráð fyrir lánum til orkusparandi breytinga á húsnæði. Tiltölulega lítið hefur verið sótt í þennan lánaflokk.

Að mati ráðuneytisins er mjög aðkallandi að stuðla að breytingum á íbúðarhúsnæði til orkusparnaðar, enda er það tilgangurinn með framangreindu ákvæði laganna. Ráðuneytið óskar eftir því að stjórn Húsnæðisstofnunar feli tæknideild að gangast fyrir úttekt á íbúðarhúsnæði í öllum landshlutum utan hitaveitusvæða í þeim tilgangi að fá yfirlit um ástand húsnæðis. Á grundvelli slíkrar úttektar verði gerðar tillögur eða áætlanir í þeim tilgangi að auðvelda húseigendum að hefja skipulegar framkvæmdir til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði þar sem þess er þörf. Nauðsynlegt er að leita samvinnu og samstarfs við iðnrn., samtök sveitarfélaga, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og Fasteignamat ríkisins, en allir þessir aðilar ráða yfir möguleika til þess að hraða slíkri úttekt og gera hana marktæka."

Í ársbyrjun 1984 komu ráðherrar félagsmála og iðnaðarmála sér saman um að gangast fyrir sérstöku orkusparnaðarátaki til að minnka og jafna húshitunarkostnað. Var stefnt að því að framkvæma endurbætur á eldra húsnæði sem miðaði að bættri einangrun og orkunýtingu. Sérstök þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð til að annast yfirstjórn þessa verkefnis. Auk þess var skipuð nefnd til að vera verkefnisstjórninni til ráðgjafar og til að auðvelda samskipti og samstarf við ýmsar stofnanir og aðila sem hlut áttu að máli. Hér var um að ræða Samband ísl. rafveitna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Húsnæðisstofnun ríkisins, Orkustofnun, Samband ísl. sveitarfélaga og Samband ísl. rafveitna.

Á vegum verkefnisstjórnar hefur farið fram umfangsmikið og margþætt starf sem m.a. hefur verið unnið í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins. Komið var upp sérstöku skoðunarkerfi og skoðunarmenn fengu menntun og þjálfun í skoðun húsa og gerð áætlana um framkvæmdir til orkusparnaðar. Samið var tölvuforrit til notkunar í sambandi við þessar skoðanir og úrvinnslu úr þeim. Tekinn var upp sérstakur lánaflokkur hjá Húsnæðisstofnun þar sem veitt eru lán til orkusparandi aðgerða og lán til endurbóta á húsnæði hafa verið stóraukin. Þess má geta að á s.l. ári voru veitt lán í þessu skyni að upphæð 134 millj. kr. Orkusparnaðarátakið var kynnt með sýningum sem haldnar voru um allt land með skipulegum hætti. Þar voru kynntar sérstaklega allar nýjungar og nýr tækniútbúnaður á sviði einangrunar. Var það gert í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðanaðarins og ýmsa aðra opinbera aðila.

Á síðustu árum hefur orðið mikil framþróun á sviði einangrunar húsa og orkusparnaðar og nú liggja fyrir miklar upplýsingar til að byggja á við áframhaldandi vinnu að þessum málum. Ég vil taka það fram í lokin að þessu verkefni hefur verið mjög vel tekið og vel fylgt eftir og má segja að í öllum landshlutum hafi á þessu árabili orðið stórstígar framkvæmdir á þessu sviði sem hafa nýst vel vegna þess að Húsnæðisstofnun hefur verið með tvo lánaflokka í þessu skyni, þ.e. lánaflokk til orkusparandi breytinga á húsnæði og lánaflokk til endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

Ég vænti þess að menn geti verið sammála um að réttir aðilar hafa tekið höndum saman um þetta. Þessu hefur verið tekið með opnum örmum í landshlutum og samtök sveitarfélaga hafa átt sinn þátt í því einnig að vinna skipulega að þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svar hans. Það gekk að vísu að mestu leyti út á það orkusparnaðarátak sem gert var og ekki er neitt nema gott um að segja og var reyndar ekki nýtt þó að þar væri aukið við og bætt í sambandi við þau mál, enda veitti ekki af því. Það er hins vegar í mínum huga eftir þessa skýrslu nokkur spurning um hversu þetta átak hefur komið inn á það atriði beint sem við fjölluðum um í tillögunni. Hæstv. ráðh. gat um í sínu svari ýmsar nýjungar sem hafi komið fram og þær hafi verið kynntar mönnum varðandi einangrun, en þó kannske ekki beinlínis varðandi það tiltekna atriði

sem við vorum að fjalla um í till., sérstakar nýjungar varðandi gerð útveggja og einangrun þeim tilheyrandi. Það hygg ég að hafi ekki verið gert.

Hins vegar skil ég vel að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi svarað því til að hún vildi víðtækari könnun á þessu máli þegar hún var búin að fá þetta í hendurnar. Á sínum tíma var það hins vegar vilji Alþingis að breyta þessu úr býsna víðtækri könnun í sinni ályktun yfir í mjög þrönga ályktun, eins og ég las upp áðan, um einangrun húsa. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli að hér sé vel til vandað og sú nýjung sem er bitastæð í þessum efnum varðandi nýbyggingarnar alveg sérstaklega sé skoðuð rækilega og reynt að koma henni á framfæri og reynt að greiða fyrir því á allan máta að með því verði ending húsa meiri og viðhald ódýrara, orkusparnaður af því einnig, en það sem hæstv. ráðh. kom inn á og ég hef ekkert nema gott um að segja snertir vitanlega fyrst og síðast eldra húsnæði og það hvernig mætti beita sér fyrir ákveðnum átökum í því efni að spara orku þar sem ég geri ekki lítið úr.

Ég held að sú nýjung sem við vorum að fjalla um hér á sínum tíma hafi að vísu fengið vissan stuðning, en þó ekki nægilegan, því að ég veit að þessi aðili á enn þá í erfiðleikum varðandi þetta, en tilraun hans hafi verið þeirrar athygli verð að mönnum hafi verið skylt að reyna að útfæra hana til fullnustu og til þess hefðu bæði Húsnæðisstofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins átt að gera enn betur þó að ég viti að þessar stofnanir hafi báðar hjálpað nokkuð til.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Aðeins til viðbótar við það sem hv. þm. sagði áðan varðandi það að ekki hafi komið neitt fram um að eitthvað hafi verið gert á því sviði að láta fara fram sérstaka úttekt og rannsókn á einangrun útveggja vil ég gera grein fyrir því, af því að fsp. er miðuð við árið 1981, að það var ekkert gert af hálfu ráðuneytisins á árunum 1981–1983, ekki neitt sem finnanlegt er, í sambandi við þetta mál.

Hins vegar í sambandi við einangrun húsa er rétt að upplýsa að bæði Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggingaþjónustan hafa unnið verulegt skipulagsstarf að því að kynna nýjungar í sambandi við einangrun húsa. Það hafa komið fram mjög miklar og ítarlegar upplýsingar um þetta atriði sem m.a. var kynnt á öllum fundum sem haldnir voru með skipulegum hætti í kringum landið í sambandi við orkusparnaðarátakið. Ég veit að það hefur haft gífurlega mikið að segja jafnhliða því að ýmsar nýjungar í einangrunarefnum húsa hafa komið þar fram.

En í sambandi við þetta einangraða tilfelli, sem hv. fyrirspyrjandi er að minnast hér á, var sérstakt átak unnið af ákveðnum byggingameistara hér í bæ um að kynna þá nýjung að setja einangrun utan á húsið sem er vissulega athyglisvert. Það má upplýsa að sá aðili fékk talsvert mikla aðstoð frá Húsnæðisstofnun í sambandi við það verkefni sem var e.t.v. ekki nægjanlega vel að staðið á sínum tíma. Jafnhliða þessu hafa ýmsar fleiri aðferðir í sambandi við einangrun húsa sem færi fram á þennan hátt, utan á veggjum, verið að þróast á fleiri stöðum og fengið til þess meðhöndlun hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins alveg fram á þennan dag. Allar þessar nýjungar eru vissulega í athugun og meðferð hjá réttum aðilum þannig að það er ekki hægt að segja að þessum þætti fsp. frá 1981 hafi ekki verið sinnt af réttum aðilum á síðari árum. Ég held að það sé ekki hægt að fullyrða annað en svo hafi verið.

Geðheilbrigðismál, ein umr.

Fsp. HS, 372. mál. — Þskj. 670.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 670 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um geðheilbrigðismál:

„Hvað líður ráðstöfunum til úrbóta í geðheilbrigðismálum, sbr. ályktun Alþingis frá 7. maí 1981, og hver eru brýnustu verkefni í geðheilbrigðismálum að *mati ráðuneytisins*?“

Geðheilbrigðismál eru þýðingarmikill þáttur heilsugæslu okkar og máske vandmeðfarnari og um margt erfiðari viðfangs en flestir aðrir. Á þingunum 1979–1980 og 1980–1981 fluttum við þm. allra flokka viðamikla og vel undirbúna tillögu að beiðni félagsskaparins Geðhjálpar þar sem bæði var að nefndarskipun vikið og ekki síður talin upp ákveðin áhersluatriði sem hrinda þyrfti í framkvæmd í ákveðinni forgangsröð. Ég ætla ekki að fara að rekja það sem þar sagði, en niðurstaða Alþingis í þessu efni var þó sú að í þál. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til gagngerðrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi.“

Ég veit að í kjölfarið hefur verið ýmislegt gert hvað einstaka þætti varðar og eflaust er því haldið áfram. Ég veit að nefnd skilaði a.m.k. áfangaálitum. Um endanleg starfslok veit ég ekki eða niðurstöður, en síðast þegar ég spurði hæstv. ráðh. voru starfslokin á næsta leiti og niðurstaðna að vænta. Ég hlýt nú að ganga eftir því hverjar málalyktir hafi orðið og ekki síður kannske vegna þess að hæstv. ráðh. hefur áhuga fyrir geðheilbrigðismálum og hefur sýnt það og að vita á hvern hátt hæstv. ráðh. telji að best verði sinnt þeim verkefnum sem nú teljast brýnust eftir að ýmislegt af því sem í till. var talið upp á sínum tíma hefur þó komist í framkvæmd. Því er um þetta spurt nú.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Fsp. hv. þm. er svohljóðandi:

„Hvað líður ráðstöfunum til úrbóta í geðheilbrigðismálum, sbr. ályktun Alþingis frá 7. maí 1981?“ — Þetta er fyrri hluti fsp.

Vegna þessarar fsp. er rétt að rekja stuttlega fyrirkomulag geðheilbrigðismála í landinu nú. Það eru starfandi þrjár geðdeildir í landinu, við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, við Borgarspítalann í Reykjavík og við Landspítalann. Síðast nefnda deildin er stærst og skiptist í fjórar skorir, tvær sem sinna almennum geðlækningum, eina sem sinnir barna- og unglingageðlækningum og eina sem sinnir áfengis- og vímuefnasjúklingum.

Starfsemi deildanna skiptist þannig að deildin á Akureyri sinnir fyrst og fremst Akureyri, Eyjafirði og Norðurlandi eystra, en að einhverju leyti öðrum byggðum norðan og austan heiða. Geðdeild Borgarspítalans og hinar almennu skorir geðdeilda Landspítalans eru svipaðar, bæði að stærð og rúmafjölda, og skipta þær á milli sín nokkurn veginn þeirri starfsemi sem deildin á Akureyri ekki sinnir.

Geðdeild Landspítalans hefur sérhæfða þjónustu fyrir börn og unglinga fyrir landið allt og geðdeild áfengismála hefur sinnt sérhæfðri meðferð innan þessa málaflokks og virðast verkefni næg þótt tilkoma nýrra meðferðarstofnana á því sviði hafi verið mjög veruleg.

Á landinu öllu starfa nú 38 geðlæknar, þar af fimm barnageðlæknar, og 29 þessara lækna hafa sitt aðalstarf við geðdeildirnar. Auk þessa starfa við geðdeildirnar 22 aðstoðarlæknar, 18 sálfræðingar, 20 félagsráðgjafar, 15 iðjuþjálfar og heimildir eru fyrir 143 hjúkrunarfræðingum auk sjúkraliða og annars starfsliðs. Það ætti ekki að vera þörf á að nefna það hér að þarna eru mál sem þurfa verulegrar skoðunar við til þess að gera þau störf meira aðlaðandi fyrir hjúkrunarfræðinga og stoðstéttirnar.

Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í þjónustu við geðsjúka hér á landi sem víðast annars staðar og ég tel að hún sé nú eins og best gerist í heiminum. Þróunin hér á landi hefur verið í samræmi við það sem gerist í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, þ.e. hún hefur miðast við að draga úr einangrun hinna geðsjúku, tengja meðferð þeirra og annarra sjúklinga með því að tengja geðdeildir almennum sjúkrahúsum og með því að sjá þeim sem þurfa á langtímaaðstoð eða umönnun að halda fyrir möguleikum öðrum en þeim sem geðsjúkrahúsin sáu ein um áður.

Eftir að byggingu geðdeildar Landspítalans lauk var kappkostað að breyta húsnæði gamla Kleppsspítalans þannig að hægt yrði að veita þar sambærilega þjónustu og í nýju geðdeildinni og er þeim breytingum nú að mestu lokið.

Þá hefur á allra síðustu árum aukist mjög framboð á meðferð fyrir geðsjúka á einkastofum geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa og hefur þetta allt leitt til þess að starfsemi göngudeilda stofnana hefur nokkuð dregist saman hin síðustu tvö ár.

Í lok ársins 1982 hófst skipulögð bráðaþjónusta á vegum geðdeildanna í Reykjavík þannig að geðdeild Landspítalans sér um 60% tímans og geðdeild Borgarspítalans um 40%.

Alllengi hefur skort á að hægt væri að sinna greiningu og meðferð á geðtruflun unglinga, en í lok ársins 1985 var notuð heimild Alþingis til kaupa á húsnæði borgarinnar við Dalbraut til að reka þar unglingageðdeild. Húsið var afhent síðari hluta árs 1986 og vænta má þess að húsbreytingar þar verði komnar í lag á þessu vori eins og þarf til að unglingageðdeild geti hafið þar starfsemi sína.

Spurningunni um hver séu brýnustu verkefni í geðheilbrigðismálum að mati ráðuneytisins má svara með því sérstaklega að nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi er það að geðsjúkum föngum og afbrotamönnum þyrfti að sinna betur í betri aðstöðu. Það er skoðun þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að meðferð þessara manna skuli vera á vegum dómsmálayfirvalda og innan ramma fangelsanna á meðan þeir eru í fangavist eða dæmdir til fangavistar og það er eðlilegt viðhorf því að þeir menn sem um ræðir hafa verið dæmdir til gæslu vegna afbrota og vegna þess að dómarar telja þá oft og tíðum hættulega fyrir samfélagið. A.m.k. er það svo um suma þeirra. Þess vegna er það að gæsla af því tagi samrýmist ekki meðferð annarra sjúklinga sem vistast hafa á sjúkrahúsi einungis vegna eigin kvilla og eru frjálsir ferða sinna og geta útskrifast þegar þeir vilja og meðferð lýkur. Þess vegna er ekki eðlilegt að vista afbrotamenn þar fremur en meðal annarra í þjóðfélaginu. Þess vegna þarf að bæta aðstöðu fyrir þessa sjúklinga innan fangelsanna.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með örfáum setningum. Nefndin, sem hv. þm. spurði um, hefur lokið störfum og tillögur hennar hafa verið til umsagnar og eins og hann nefndi sjálfur hefur margt af þeim tillögum fyrir löngu komist í framkvæmd en aðrar ekki. Ég vil sérstaklega nefna að mikil nauðsyn er á því að koma á fleiri meðferðarheimilum fyrir börn og unglinga að lokinni sjúkrahúsameðferð til að venja þau aftur hinu almenna starfandi lífi og þörf er á að skipuleggja tengsl við venjuleg heimili sem tilbúin væru að veita þessum einstaklingum varanlegan samastað og heimilisumönnun, einstaklingum úr þessum hópi sem ekki eiga að slíku að hverfa, en einmitt þetta veldur endurteknum vanda.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil, ef ég má með leyfi forseta, beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. hvort ekki megi vænta að tillögur nefndarinnar, sem unnið hefur að umbótum í geðheilbrigðismálum, verði gefnar út eða álit hennar. Það vill svo til að ég hef séð hluta af þeirri skýrslu sem sú nefnd hefur skilað. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að margar af tillögum þeirra hafa þegar komið til framkvæmda, en ég held að það væri afar fróðlegt fyrir hið háa Alþingi að fá tillögurnar allar í heild eins og venja er til þegar slík nefnd lýkur störfum. Ég vildi spyrja hvort þess væri að vænta.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóðar upplýsingar og ágæta yfirferð í sambandi við þennan málaflokk, umfang hans, sem sýnir hvað hér er um viðamikinn málaflokk að ræða. Ég vil taka undir með hv. 10. landsk. þm. að að sjálfsögðu er eðlilegt og um leið nauðsynlegt fyrir alþm. að fylgjast með því að álit þessarar nefndar, sem samþykkt var hér á Alþingi að starfaði að þessum málum og tæki þau til gagngerðrar endurskoðunar, liggi fyrir og menn hafi aðgang að því og ég treysti hæstv. ráðh. til að koma því á framfæri.

Mér þótti áberandi í því sem hæstv. ráðh. kom inn á hversu áfengisvandamálið kemur og ég hygg í vaxandi mæli inn á þetta svið, því miður, og veldur erfiðleikum í þessu kerfi öllu saman ásamt því vandamáli, sem hún vék að að væri eitt brýnasta verkefnið að leysa úr, hversu skuli fara varðandi geðsjúka fanga og afbrotamenn sem er gífurlegt vandamál í þessu og þarf sérstakrar meðhöndlunar með.

Satt er það. Miklar framfarir hafa orðið í þjónustunni. Einangrun hefur verið minnkuð. M.a. hefur það sem gert var í bráðaþjónustunni vitanlega skipt sköpum fyrir mjög marga. Eins er það að ég þykist vita að unglingageðdeild muni verða mjög til bóta og ég tala ekki um ef ákveðið meðferðarheimili fyrir börn og unglinga til að hjálpa þeim út í samfélagið á nýjan leik kæmist á laggirnar og yrði virkt.

Ég veit að hjá félagsskapnum Geðhjálp þykir þeim sem enn sé um mörg óleyst verkefni að ræða sem menn þurfi að huga að. Þar sé um að ræða ákveðna skipan á skammtímavistun. Það sé alveg sérstaklega um áningarstaði, sem þeir nefna svo, að ræða sem nauðsyn sé að koma á, ákveðnum stöðum þar sem er unnið að aðlögun að því að koma fólki út í lífið á nýjan leik, öruggt athvarf, sem eru allt saman hlutir sem þarf að koma í enn betra horf þrátt fyrir úrbæturnar.

En ég held að það varði samt sem áður mestu að samfélagið geri allt sem unnt er til þess að hjálpa öllum sem hér eiga hlut að máli til eðlilegs lífs, til sem heilbrigðastra og bestra lífshátta eftir að lækning hefur fengist ef hún næst. Fordómarnir hafa dvínað. En það eimir þó enn eftir af þeim. Ég get ekki stillt mig um að nefna að ég veit um nýlegt dæmi um vel verkfæran mann sem ég veit ekki betur en hafi fengið býsna góða lækningu og sé álíka heilbrigður og við mörg hér inni, eða velflest skulum við segja. Það er tregðast við að taka hann í vinnu af þeim vinnuveitanda sem hafði hann áður í starfi. Þannig hygg ég að því miður sé enn þá úti í þjóðfélaginu vottur af þeim fordómum gagnvart þessu fólki sem voru svo himinhrópandi hér áður en hafa sem betur fer með ákveðinni upplýsingu og, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, með minni einangrun þessarar lækningastarfsemi breyst mjög. En betur má gera. Á því er enginn efi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja, þó það sé nokkuð snemmt að fara að kveðja þm. þegar við eigum heilar tvær vikur eftir af þinghaldinu, að ég kem til með að sakna mjög þeirra umræðna og fsp. sem ég hef á mörgum árum fengið frá þessum ágæta hv. þm., 2. þm. Austurl., því svo mikið er víst, hvort sem við erum í sama stjórnmálaflokki eða ekki, að þar er um einlægan áhuga að ræða fyrir málefnum einmitt þessa hóps manna í þjóðfélaginu sem oft hefur orðið fyrir barðinu á fordómum samborgara sinna, því miður, en sem betur fer stendur það mjög til bóta. Ég freistaðist, herra forseti, til að skjóta þessu inn þó það sé kannske ekki beinlínis svar við fsp.

Aukafyrirspurn kom hérna sem stundum áður frá hv. 10. landsk. þm. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að gefa nál. beinlínis út eða prenta, m.a. vegna þess að mikið af nál. er þegar komið í framkvæmd. Sumar forsendur hafa breyst síðan byrjað var að vinna að þessu eins og gefur að skilja því að síðan eru sex ár. Auk þess væri þar um að ræða rit sem er geysilega mikið að vöxtum. Hitt er annað mál að hv. þm. og þeim sem þess óska er auðvitað velkomið að fá nefndarálitið í hendur svo og þær umsagnir sem þegar liggja fyrir. Eins og gefur að skilja verður að vinna úr tillögunum og taka þær út úr sem miðast við daginn í dag og ástand mála eins og það er til þess að við vitum að við séum með raunhæft plagg í höndunum. Þetta er nokkurn veginn svarið við því sem hv. þm. spurði um í hinni síðari fsp. (**GHelg:** Má ég gera athugasemd?)

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það samrýmist ekki þingsköpum að gera nema einu sinni athugasemd. Hér er ekki gert ráð fyrir almennri umræðu. Það er tekið fram í þingsköpum að það hafa einungis heimild til þess að tala fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra. Forseti getur veitt heimild til að gera örstutta athugasemd, en það er viðtekin venja að gera það aðeins einu sinni til þess að það sé fullt jafnræði með öllum þm. Hversu mjög sem forseti vildi bregða út af því er það ekki rétt.

Stefnumörkun í áfengismálum, ein umr.

Fsp. HS, 373. mál. — Þskj. 671.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég hlýt að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. ákveðin orð áðan og kem þá að öðru áhugamáli sem ég hef haft hér á Alþingi þann tíma sem ég hef setið því á þskj. 671 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hvað hyggst ráðherra gera til að hrinda í fram-

kvæmd tillögum nefndar sem fjallaði um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og skilaði áliti í janúarbyrjun s.l.?"

Á Alþingi hefur nú verið dreift af hálfu heilbr.- og trmrn. skýrslu nefndar þeirrar sem hér um ræðir og fagna ég því að henni hefur verið dreift hér. Hún er öllum orðin kunn sjálfsagt að nokkru af yfirlestri á þessum þó annadögum þingsins. Tillögur þessarar nefndar hafa sem sagt fengið ákveðna kynningu hér. Eins hafa fjölmiðlar gert tillögunum nokkur skil, en ekki eru þau þó mikil, og þetur má ef duga skal því ekki skortir andróðurinn. Ég man eftir því að þegar þessi nefnd skilaði áfangaáliti á sínum tíma var brugðist hart við í fjölmiðlunum, ekki til kynningar í raun og veru á því áliti sem nefndin hafði þá sent frá sér heldur miklu frekar til að leyfa hinum og þessum aðilum úti í bæ að segja álit sitt á því sem nefndin hafði lagt til. Voru það aðallega þeir sem áttu ákveðinna hagsmuna að gæta í því efni og var ekki til fyrirmyndar af hálfu fjölmiðla hvernig að því var staðið.

En eftir er reyndar það sem máli skiptir því nefndin átti að gera tillögur til stjórnvalda um hvað þeim bæri helst að gera, eins og kemur fram í þessari skýrslu, til að hrinda mætti í framkvæmd ákveðinni stefnumótun, stefnumótun sem er í samræmi að sjálfsögðu við markmið og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hvað þennan viðkvæma og vandmeðfarna málaflokk snertir. Ég bendi á það varðandi þetta að í lok þeirrar þál. sem ég vitna hér til og var flutt af hálfu Alþfl. á sínum tíma, mig minnir öllum þm. Alþfl., segir í lok till. frá 7. maí 1981, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögur þessar og grg. skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu."

Það er orðið framorðið þessa kjörtímbils eins og allir vita og kannske ekki við því að búast að miklar tillögur séu uppi í kjölfar skýrslu sem kom í janúar s.l., en áfangaskýrslur hafa komið áður og því er ekki nema eðlilegt að spurt sé hvað hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstjórn hyggist gera til að koma í framkvæmd einhverjum þeim tillögum, a.m.k. þeim brýnustu, sem þessi nefnd hefur skilað frá sér.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það nál. sem hv. þm. vísar til er samið af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar fjögurra ráðuneyta og allra þingflokka. Átti nefndin að samræma aðgerðir margra ráðuneyta gegn áfengi og raunar öðrum vímuefnum. Eins og hv. þm. segir bar samkvæmt þál. að leggja álitið fyrir Alþingi.

Spurt er hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að framfylgja þessum tillögum. Þá er svarið: Númer eitt var að kynna tillögurnar. Það var gert á blaðamannafundi í janúarmánuði og hvað sem um fjölmiðlana má segja og það sem hv. þm. nefndi um fjölmiðlana nú áðan, tel ég að fjölmiðlarnir allir hafi kynnt tillögur þessar mjög vel, dregið fram aðalatriði máls, sett sig mjög vel inn í einstaka þætti álitsins og unnið út frá því.

Hér er um tillögur að ræða sem óneitanlega skarast mjög við verkefni nefndar sem ríkisstjórnin setti á laggirnar á vegum forsrn. á síðasta ári. Það var ákveðið þegar tillögur þessar voru lagðar fram í ríkisstjórninni að bíða þar til niðurstaða þeirrar nefndar lægi fyrir og þá yrði að samræma tillögurnar vegna stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í heild. Niðurstaða þeirrar nefndar liggur ekki enn þá fyrir. En ef það upplýsir eitthvað í þessu sambandi get ég sagt hv. þm. það um stefnu heilbrmrn. að þessu leyti til að tekið er undir þær niðurstöður nefndarinnar sem miða að því mikilvæga markmiði, sem margar þjóðir hafa sett sér, að draga úr heildarneyslu áfengis meðal þjóða sinna um 25% fyrir n.k. aldamót. Þetta er stutt mörgum vísindalegum og þjóðfélagslegum rökum víða úr heiminum og verður ekki farið nánar út í það, en tillögurnar miðast í grundvallaratriðum við þetta mark.

Um einstakar aðferðir þarf ekki að fjölyrða. Það getur sitt sýnst hverjum um sum einstök atriði í þessum tillögum, en nokkur meginatriði virðist þó að vel sé hægt að framkvæma og ætti að vera öllum til góðs. En það er ljóst að samræma þarf aðgerðir ráðuneyta til þess að tilganginum sé náð og, eins og ég sagði þegar þessar tillögur voru kynntar í janúarmánuði, frekar verður unnið úr þeim á vegum ríkisstjórnar þegar niðurstaða nefndar forsrn. liggur fyrir, en það ætti að verða mjög fljótlega. A.m.k. var búist við því þá að það yrði í febrúarmánuði.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka hæstv. ráðh. fyrir að skila verkefni stjórnskipaðrar nefndar sem skýrslu. Gallinn er sá að í þessari skýrslu er ekkert nema vitleysa. En það verk sem unnið var á vegum þeirrar nefndar sem átti að vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum hefur verið unnið vel undir stjórn færustu sérfræðinga á sviði geðheilbrigðismála. Það er dónaskapur við þá, það er dónaskapur við hið háa Alþingi ef sú vinna verður ekki lögð fram í skýrsluformi á sama hátt og þetta hér sem aldrei mun leiða til neins og ekkert vit er í.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin í sambandi við þetta. Ég dáist alveg sérstaklega að hv. 10. landsk. þm. að hún skuli hafa á svo stuttum tíma frá því að þessi skýrsla kom í hendur okkar verið búin að lesa hana svo vel í gegn og hefur greinilega notað vel tímann svo að ekki sé meira sagt til að komast að þeirri niðurstöðu að í tillögunum sé ekkert nema vitleysa, en það hlýtur að hafa kostað vandlegan lestur að komast að því því að tillögurnar eru með ýmsum hætti og margt sjálfsagt sem menn geta ekki verið sammála um, annað aftur sem er greinilegt að menn hljóta í heild sinni að taka undir.

Tillögurnar um hvernig eigi að minnka neysluna eru það sem menn sjálfsagt deila um, hvernig eigi að

draga úr heildarneyslu. Hitt er svo annað mál að þær tillögur eru ekki vitlausari en svo að fjölmargar þjóðir hafa notað þessar tillögur með góðum árangri og sumar tillögurnar sé ég ekki betur en séu t.d. á svipaðan hátt og þær sem félagi Gorbatsjoff er að framkvæma austur í Rússíá. Ég hef á honum mikla trú í mörgum greinum, m.a. í þessum málum ekki síður en ýmsu öðru. Mér sýnist að nefndin hafi um margt farið í smiðju til þess ágæta manns um markmið og leiðir að því að minnka heildarneysluna og hef ekkert nema gott um það að segja þar sem hægt er að nýta góða hluti frá fjarlægum löndum.

Ég vil að hæstv. ráðh. misskilji það ekki gagnvart kynningu á þessum tillögum nú að ég hafi verið að vanmeta þátt fjölmiðla þar. Ég held einmitt að fjölmiðlar hafi gert þetta vel nú, en með áfangaálitið sem lagt var fram á sínum tíma var mjög misfarið af hálfu fjölmiða. Ég hygg kannske að það séu leifar af því sem kom fram í þeim ummælum sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir viðhafði áðan, þeim umræðum sem þá urðu um þá áfangaskýrslu sem kom fram og var harðlega gagnrýnd af ýmsum þeim sem eiga mestra hagsmuna að gæta varðandi áfengissölu.

Það markmið sem hefur verið sett um heilbrigði allra árið 2000 hlýtur auðvitað að kalla á skjót og virk viðbrögð stjórnvalda hvar sem er, þeirra sem taka þátt í því eða ættu að taka þátt í því að framkvæma það átak og koma því í verk. Ég bendi á að í ályktun nokkurra lækna, opnu bréfi til ríkisstjórnar og alþm., nokkurra mjög virtra lækna, varðandi heilbrigði fyrir alla árið 2000, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í umræðum um ólögleg vímuefni gleymist allt of oft að leggja áherslu á að áfengisnotkun er jafnan samfara notkun þeirra. Áfengisneysla er og í flestum tilvikum undanfari annarrar vímuefnanotkunar."

Þetta segir í bréfi þessara virtu lækna og ég hlýt að vekja sérstaka athygli á því vegna þess að hæstv. ráðh. kom inn á að önnur nefnd væri starfandi á vegum ríkisstjórnarinnar sem ætti sérstaklega að fjalla um ólögleg fíkniefni.

Ég vona að hæstv. ríkisstjórn og sú næsta sem á eftir henni kemur vinni að þessum málum þannig að við getum orðið hlutgeng í því að taka þátt í átaki þjóðanna um heilbrigði fyrir alla árið 2000 því það er það sem skiptir öllu máli varðandi þessi mál og varðandi hamingju þessarar þjóðar.

Fangelsismál, ein umr.

Fsp. HS, 374. mál. — Þskj. 672.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Á þskj. 672 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh. um fangelsismál:

„Hvað líður störfum nefndar um úrbætur í fangelsismálum og hver eru áform ráðuneytisins hvað varðar þennan málaflokk?"

Ég vil aðeins segja um þetta, þó að við höfum fengið í raun og veru svarið á okkar borð nú þegar, að fangelsismál hafa ekki oft komið hér til umræðu á Alþingi þau 16 ár sem ég hef verið hér. Á dögunum var þó annars vegar svarað fsp. frá hv. þm. Kristínu S. Kvaran um mikilvæga þætti þessara mála og eins var samþykkt till. frá sama hv. þm. um athyglisverða nýskipan sem vissulega er ágætt að hér hefur verið samþykkt og væntanlega boðar ákveðna breytingu í sambandi við þann þátt mála sem hún lýtur að.

Alþingi gerði hins vegar á sínum tíma samþykkt um gagngera endurskoðun á fangelsismálum og við sjáum nú afraksturinn af því þó að mér hafi ekki gefist tími til að lesa það því að þetta var að koma á borð okkar áðan. Því má kannske segja að það sé óþarft að fara nánar út í þessi mál hér. Ég veit að það þarf svo ótalmargt að gera sem vafalaust kemur fram í frv. sem er byggt á nefndarálitinu. Kannske greinir hæstv. ráðh. okkur frá útlínum í þessu, en annars kemur þetta væntanlega til umræðu og kynningar á næstu dögum þó skammt lifi þings.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 672 beinir hv. 2. þm. Austurl. þeirri spurningu til mín hvað líði störfum nefndar um úrbætur í fangelsismálum og hver séu áform ráðuneytisins hvað varðar þennan málaflokk.

Þann 10. maí 1982 kaus Alþingi nefnd til að gera heildarúttekt í fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi skv. þál. sem samþykkt var 20. apríl 1982. Með bréfi dags. 5. febr. s.l. sendi nefndin mér frv. til l. um fangelsi og fangavist sem hún hafði samið ásamt fylgifrv., þ.e. frv. til l. um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Jafnframt tilkynnti nefndin að hún hefði lokið störfum. Þessi frumvörp hafa verið yfirfarin í ráðuneytinu og á þeim gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar, en þeim hefur nú verið dreift á borð þm. eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda.

Það er vafalaust rétt hjá fyrirspyrjanda að fangelsismál séu ekki mjög oft til umræðu hér, en ég tek undir með honum, eins og fram kom í máli mínu hér á Alþingi fyrir stuttu, að úrbóta er þörf á mörgum sviðum og verið að reyna að gera það nú eftir því sem fjárveitingar frá Alþingi leyfa. En þegar fjallað er um þessi mál er mér samt sem áður efst í huga alltaf hvað hægt er að gera til þess að þörfin fyrir fangelsi verði minni í landinu en raun er á. Því miður, eins og þær skýrslur sem ég las fyrir stuttu hér sýna, fer vaxandi ár frá ári þörfin fyrir fangelsisrými. Þá er mér efst í huga hvað hægt er að gera til að draga úr þessari þörf. Þar er tvímælalaust efst á blaði það mál sem hér var til umræðu næst á undan þessu, þ.e. um heildaráfengisneyslu í landinu, því að undantekningarlaust má segja að það sé orsök að vandræðum þeirra sem til mín leita vegna þess að þeir hafa fengið dóm um fangelsisvist. Orsökin er áfengisneysla og afleiðingar hennar. Því er ákaflega

brýnt að það sé unnið að framkvæmd þeirra tillagna sem hér voru til umræðu og reynt að gera allar þær ráðstafanir sem hugsanlegar eru til að stefna í þá átt sem þar var rætt um.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég þakka honum sérstaklega fyrir að hafa lagt fram frv. það til l., sem hér er á borðum þm., um fangelsi og fangavist. Ég vona svo sannarlega að þar séu þau leiðarljós sem við flm. lögðum á sínum tíma til að helst yrði farið eftir.

Vitanlega tek ég undir það með hæstv. ráðh. að fyrirbyggjandi starfi í þessum efnum, hvort sem það er í uppeldismálum eða ýmsu öðru í þjóðfélagsgerðinni, er vitanlega nauðsynlegt að huga sem best að. Inn í þetta kemur óhugnanlega sú dapra staðreynd að áfengi og önnur fíkniefni eru í yfirgnæfandi hluta þessara tilfella með í för og beinir orsakavaldar á einn og annan veg og því ekki að ófyrirsynju að þessar tvær fsp. voru ræddar hvor á eftir annarri. Ég tek undir með hæstv. ráðh. að það er virkilega þörf á því að taka á varðandi ákveðna stefnumörkun stjórnvalda í bæði áfengismálum og eins öðrum fíkniefnamálum eins og meiningin er að gera og ég vona að komist í framkvæmd.

Það kemur inn í öll þessi mál, sem var rakið rækilega hér í vetur í till. hv. þm. Kristínar S. Kvaran, fjármagnsþátturinn varðandi aðbúnað og aðstöðu alla, en ekki síður þarf að hinum mannlega þætti að huga, að þeirri eftirfylgd og aðstoð að afplánun lokinni sem við vitum að full þörf er á. Þar er kannske komið að kviku málsins, svo og því hvort fangelsi okkar geti staðið undir betrunarnafninu með einhverjum hætti. Það er samfélagsleg nauðsyn að hér sé vel að unnið og einskis látið ófreistað að veita betri úrlausn og varanlega til heilla fyrir viðkomandi sem hafa lent í þeirri ógæfu að þurfa að taka út sinn dóm með þeim hætti sem við þekkjum allt of mörg dæmi um.

SAMEINAÐ ÞING

58. fundur, þriðjudaginn 3. mars, að loknum 57. fundi.

Landgræðslu- og landverndaráætlun, síðari umr.

Stjtill., 289. mál. — Þskj. 517, n. 686, brtt. 687.

Frsm. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991 á þskj. 517. Till. þessi er sú hin þriðja í röðinni um sambærilegt efni. Hin fyrsta þeirra var afgreidd á Alþingi á hátíðarfundi á Þingvöllum 1974 og það fé sem þá var ákveðið til landgræðslu- og landverndarverkefna var í einu orði kallað „þjóðargjöfin".

Hinn 20. apríl 1982 samþykkti Alþingi nýja landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–1986 og sú till. sem hér er til síðari umræðu og flutt er af hæstv. ríkisstjórn er því hin þriðja í röðinni um sambærilegt efni og tekur við af þeirri áætlun sem samþykkt var 1982.

Fjvn. kallaði á sinn fund forstöðumenn þeirra stofnana sem mest koma að því að annast framkvæmd þessa máls eða hafa gert á undanförnum árum, þ.e. Svein Runólfsson landgræðslustjóra, en með honum var fulltrúi landgræðslustjóra Stefán Á. Sigfússon. Einnig komu á fund nefndarinnar Sigurður Blöndal skógræktarstjóri og Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nefndin leggur til einróma að till. þessi verði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum sem fluttar eru brtt. um á þskj. 687. Það er að í 1. tölul. tillgr. í a-lið standi orðin: verndun birkiskóga í stað „nýting birkiskóga" og í 2. tölul. b-liðar í tillgr. standi orðin: nýting beitilanda en ekki „verndun beitilanda". Svo virðist sem þessi orð hafi víxlast í prentun þskj. og eru því fluttar hér brtt.

Eins og áður sagði er nefndin sammála um að leggja til að till. verði samþykkt með þessum breytingum. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Guðmundur Bjarnason og Karvel Pálmason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á heimilisstörfum til starfsreynslu, ein umr.

Skýrsla félmrh., 216. mál. — Þskj. 231.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Hinn 22. apríl 1986 var samþykkt hér á Alþingi þáltill. um mat á heimilis- og umönnunarstörfum, sem unnin eru launalaust, til starfsreynslu. Skv. till. var ríkisstjórninni falið að láta athuga með hvaða hætti mætti meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla.

Ríkisstjórnin samþykkti að vísa málinu til félmrh. til nánari athugunar og að frumkvæði hans var Gerður Steinþórsdóttir cand. mag. fengin til að gera úttekt á stöðu þessara mála og gera tillögur um það hvernig meta skyldi til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf. Gerður lauk rannsókn sinni á þessu málefni og kemur niðurstaða hennar fram í þskj. 231 sem dreift var til hv. alþm. í desembermánuði á fyrra ári. Mér þykir rétt að lesa úr inngangi Gerðar á þskj. til upplýsingar áður en lengra er haldið, en í inngangi með skýrslunni segir svo, með leyfi forseta. Þar er tillagan orðrétt sem samþykkt var:

„„Alþingi ályktar að meta skuli sem starfsreynslu

heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka reynslu, þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla."

Undirritaðri var falið að vinna verkefnið og skila tillögum. Verkið var unnið á þann hátt að lesnar voru vandlega yfir þær umræður sem fram fóru um málið á Alþingi í því skyni að fá glögga mynd af þeim hugmyndum sem lægju að baki þáltill. Ljóst var að sú tillaga Kvennalistans að láta árafjölda við heimilisstörf ráða eingöngu við mat á starfsaldurshækkun fékk ekki hljómgrunn. Flestir þm. vildu fara einhverja millileið, ná áfangasigri. Af þeirri hugmynd er tekið mið.

Yfirlýsing Alþingis nær til „hliðstæðra" starfa. Tillagan sem hér fylgir nær til „hliðstæðra" starfa bæði faglærðra og ófaglærðra starfsmanna.

Í kjarasamningum BSRB og ríkisins er starfsreynsla opinberra starfsmanna metin að fullu þótt viðkomandi skipti um starf og fari í óskylt starf. Sú hugmynd Kvennalistans að meta heimilisstörf sem reynslu í öll störf fékk misjafnar viðtökur. Eins og þál. ber með sér hafnaði Alþingi ekki hugmyndinni, en fór fram á „athugun".

Í grg. er stuttur kafli sem fjallar um afgreiðslu málsins á Alþingi. Þá kemur kafli um mat vinnumarkaðarins á því hvað séu hliðstæð störf og hvort mat sé réttmætt. Könnuð voru núgildandi ákvæði í kjarasamningum um mat á heimilisstörfum, en þau finnast víða, einkum í sérkjarasamningum félaga innan ASÍ og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB. Algengt er að reynsla af heimilisstörfum sé metin við almenn störf í lægstu launaflokkum eða „hliðstæð" störf sem ekki krefjast sérhæfingar.

Varðandi síðari lið till. er einnig byggt á reynslu hjá nokkrum sveitarfélögum. Í Garðabæ, Kópavogi, á Akureyri og í Vestmannaeyjum eru heimilisstörf metin í öll störf hjá sveitarfélaginu. Tekið er mið af þeim ákvæðum í tillögugerðinni.

Í ákvæðum um mat á heimilisstörfum gætir töluverðrar fjölbreytni, oftar þó til þrengingar. Þó finnast sveitarfélög sem meta heimilisstörf „takmarkalaust" til starfsreynslu, annaðhvort í öll störf eða í ákveðin tilgreind störf.

Að lokum er gerð tilraun til að meta þann kostnað fyrir vinnumarkaðinn sem hlytist af samþykkt tillagnanna."

Þetta bréf er undirritað í september 1986 af Gerði Steinþórsdóttur.

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar hafa verið könnuð ákvæði í kjarasamningum um mat á heimilisstörfum. Slík ákvæði eru orðin nokkuð algeng, einkum í sérkjarasamningum félaga innan ASÍ og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB. Fram kemur að reynsla af heimilisstörfum er metin við almenn störf í lægstu launaflokkum eða hliðstæð störf sem ekki krefjast sérhæfingar. Hvað varðar óskyld eða sérhæfð störf er einnig byggt á reynslu af heimilisstörfum í nokkrum sveitarfélögum.

Með hliðsjón af þeirri athugun sem fram fór á því hvernig heimilis- og umönnunarstörf eru metin til starfsreynslu setur Gerður Steinþórsdóttir fram þrjár tillögur. Tillaga 1 er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin á sama hátt, þó mest til fjögurra ára starfsaldurs."

Tillaga 2: „Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin til hálfs í starfsaldri. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma."

Tillaga 3: „Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár, enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf í minnst þrjú ár metin til starfsaldurs. Slíkur áunninn starfsaldur getur mest orðið fjögur ár."

Í skýrslunni eru framangreindar tillögur skýrðar með nokkrum orðum. Vakin er athygli á því að aðeins er gerð ein tillaga um fyrri hluta þáltill. Sú tillaga er sniðin eftir grein 1.1.8 í aðalkjarasamningi fjmrh. og BSRB sem gilti frá 1. febr. til 30. des. 1986, en greinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt starfstíma við hliðstæð störf. Slíkur starfsaldur getur mest orðið sex ár. Um framkvæmd þessa ákvæðis gilda þær meginreglur sem samstarfsnefnd BSRB og fjmrn. hefur sett um grein 1.1.8 í fyrri aðalkjarasamningi."

Í skýrslunni er bent á að í greininni er bæði talað um hliðstæð störf og hámarksárafjölda þegar lagt er mat á starfsreynslu þeirra sem ekki hafa unnið hjá hinu opinbera. Í tillögunni felst m.a. að ýmsum hömlum verður aflétt sem nú finnast í sérkjarasamningum ýmissa félaga varðandi mat á heimilisstörfum. Nefna má að í sumum sérkjarasamningum er miðað við lífaldur viðkomandi en ekki starfsaldur sem er miklu eðlilegra. Í núgildandi samningum ná þessi ákvæði oftast eingöngu til almennra ófaglærðra hliðstæðra starfa. Þessi till. nær hins vegar til allra sambærilegra starfa, faglærðra jafnt sem ófaglærðra, eins og fóstra, kennara og hjúkrunarfræðinga svo að einhverjar stéttir séu nefndar.

Varðandi síðari lið þáltill. eru gefnir upp þrír valkostir. Er tekið mið af því að hjá nokkrum sveitarfélögum er reynsla af heimilisstörfum metin í öll störf hjá sveitarfélaginu. Fyrsti valkostur gengur lengst og á sér ekki hliðstæðu hjá neinum sveitarfé-

lögum. Annar valkosturinn á sér fyrirmynd hjá bæjarstarfsmönnum í Vestmannaeyjum og þriðji valkosturinn örlítið breyttur á sér fyrirmynd hjá Kópavogskaupstað og Garðabæ. Í báðum síðastnefndu tilvikunum stendur reyndar „heimilisstörf í minnst fjögur ár". Enn fremur var tekið mið af umræðum sem fram fóru á Alþingi um mat á heimilisstörfum þar sem glögglega kom fram það sjónarmið að meta ætti meira reynslu af heimilisstörfum í hliðstæð störf á vinnumarkaði en óskyld störf.

Í niðurlagi þessarar skýrslu eru birtir nokkrir útreikningar sem gefa til kynna þann kostnað fyrir vinnumarkaðinn sem er því samfara að meta heimilis- og umönnunarstörf til starfsreynslu, en ljóst er að sá kostnaður er langt í frá að vera óyfirstíganlegur eins og kemur fram í mati skýrslugerðarmanns.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til, þó að það hefði verið freistandi, að lesa meira úr þeirri ágætu skýrslu sem hér er til meðferðar. Það tæki of langan tíma. Ég vænti þess að hv. alþm., sem á annað borð hafa áhuga á þessum málum, vilji í raun og veru vinna að því að færa þessi mál til þess vegar, sem ég vænti að allflestir séu sammála um, að meta þessi störf þannig að það fólk sem vinnur á heimilum fái fullan rétt á vinnumarkaði því að auðvitað vitum við það öll, og ekki síst við sem erum búin að lifa nokkuð langa ævi, að þetta fólk allflest hefur miklu meiri reynslu á mörgum sviðum en jafnvel þeir sem aldrei vinna slík störf.

Ég tel eðlilegt að á grundvelli þessarar skýrslu muni Jafnréttisráð hafa forgöngu um að gera tillögur um á hvern hátt eðlilegast er að koma þessum tillögum, sem hér eru fram settar, til framkvæmda í samningum um kaup og kjör, bæði á vinnumarkaði, hjá atvinnurekendum og því opinbera, ríki og sveitarfélögum, og ég vænti þess að þessi vel gerða skýrsla, sem inniheldur nákvæma úttekt á þessum málum eins og þau eru á okkar vinnumarkaði, verði leiðbeinandi um hvernig á að halda á þessum málum og það verði þrýst á bæði ríki og aðila vinnumarkaðarins að gera átak til að koma þessum málum í viðunandi horf. Að því tel ég að við eigum að vinna. Þessi skýrsla er upphafið að því að ná þessum áfanga.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa skýrslu um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfreynslu. Skýrslan kemur fram í framhaldi af þáltill. sem flutt var af þm. Kvennalistans á síðasta þingi og reyndar þinginu þar á undan einnig og samþykkt nokkuð breytt á síðustu vordögum.

Í þessari skýrslu koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og er töluverður fengur að henni. Í henni kemur t.d. fram að þar sem heimilis- og umönnunarstörf eru metin til starfsreynslu úti á vinnumarkaði eru þau ævinlega metin í neðstu launaflokkum. Það segir okkur þó nokkra sögu um hvers virði þessi störf eru talin úti á vinnumarkaðnum.

Einnig kemur fram í skýrslunni að hér á hv. Alþingi komu fram raddir um að heimilisstörf væru svo víðtæk að þau nýttust í svo til öllum störfum og er þar m.a. vitnað í hæstv. heilbrmrh. auk þeirrar sem hér stendur. Einnig kemur fram að heimilisstörf eru nokkuð mismunandi metin, þ.e. þau eru sums staðar einskis metin og sums staðar eru þau metin í öll störf, þó ævinlega í lægstu launaflokkum.

Jafnframt kemur fram í þessari skýrslu, sem er mjög athyglisvert, að upphæðirnar sem um er að ræða, ef heimilisstörf væru metin að fullu úti á vinnumarkaðinum, eru ákaflega lágar. Kostnaðurinn fyrir vinnumarkaðinn er ekki mikill þannig að eins og segir á bls. 10 í skýrslunni er fremur um að ræða viðurkenningu á því að heimilisstörf séu metin sem starfsreynsla á sem flestum sviðum. Hér er því ekki um mikla fjármuni að tefla heldur fyrst og fremst viðurkenningu á því að þau störf sem unnin eru á heimilunum séu metin sem hver önnur störf og nýtist hvar sem er í þjóðfélaginu.

Í inngangi að þessari skýrslu kemur fram að hér á hv. Alþingi var nokkur skoðanamunur á að hve miklu leyti skyldi meta heimilisstörf til starfsaldurshækkana úti á vinnumarkaðnum. Niðurstaðan varð sú að farin var millileið og samþykkt að meta heimilisstörf til starfsreynslu þegar um hliðstæð störf væri að ræða og síðan athugað að hve miklu leyti mætti meta þau þegar ekki væri um hliðstæð störf að ræða.

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar er allur gangur á þessu. Matið sveiflast frá því að heimilisstörf eru hreint ekki neitt metin til þess að heimilisstörf eru metin takmarkalaust til starfsreynslu, t.d. í Garðabæ, Kópavogi, Akureyri og Vestmannaeyjum.

Hlutverk Alþingis í þessu máli hlýtur að vera að samræma þetta mat sem eins og glöggt kemur fram í þessari skýrslu er margs konar og allt í einum hrærigraut. Og hlutverk Alþingis hlýtur líka að vera að gefa út skoðun sína á því hvernig þessu mati skuli háttað. Í þriðja lagi hlýtur það að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að matið sé framkvæmt.

Þá kem ég að þeim tillögum sem er að finna í II. kafla skýrslunnar og ráðherra gerði grein fyrir áðan. Hér er um að ræða þrjár tillögur og þær fela allar í sér þó nokkrar takmarkanir á mati heimilisstarfa til starfsreynslu. Fram kom í máli hæstv. ráðh. áðan að hann teldi tillögu 1 ganga lengst í þá átt að meta starfsreynslu við heimilisstörf, en ég held að það sé enginn vafi á því að tillaga 2 gengur þar lengst vegna þess að í þeirri tillögu er ekkert þak sett á það hve hár starfsaldurinn við heimilisstörf getur orðið þegar um hliðstæð störf er að ræða. Í tillögu 1 er sett þak, þar getur starfsaldur mest orðið sex ár, en í tillögu 2 er ekkert slíkt þak. Þegar um óskyld og sérhæfð störf er að ræða er sett þak í tillögu 2, en ekki þegar um hliðstæð störf er að ræða. Mér sýnist því að tillaga 2 hljóti að ganga lengst. Hún gengur þó ekki nærri nógu langt að mati okkar Kvennalistakvenna. Sú óskatillaga sem við hefðum viljað sjá hljóðar á þessa

leið með tilvísan til tillögu 2:

„Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Sama gildir um óskyld eða sérhæfð störf."

Slíka tillögu hefðum við Kvennalistakonur viljað sjá hér í þessari skýrslu. Slík tillaga er nokkurn veginn samhljóða upprunalegu þáltill. Við erum enn sama sinnis og við vorum þá er við fluttum hana. Við sjáum engin rök fyrir því að takmarkanir séu settar á mat heimilisstarfa til starfsreynslu frekar en mat annarra starfa. Þetta er okkar afstaða til þeirra tillagna sem hér koma fram.

Næsta atriði í málinu er: Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera við þessar tillögur? Það kom fram í máli hans að hann ætlar Jafnréttisráði það hlutverk að koma tillögunum á framfæri í samningum aðila vinnumarkaðarins. Síðan hvatti hann til þess að þrýst yrði á bæði ríki og aðila vinnumarkaðarins til að taka tillit til þessara tillagna. Hér finnst mér harla skammt gengið hjá hæstv. ráðh. Ég bendi hæstv. ráðh. á að sem ráðherra í ríkisstjórn er hann samningsaðili við opinbera starfsmenn og er því í lófa lagið sjálfum að taka þessar tillögur upp í samningum við opinbera starfsmenn. Jafnframt hefur Alþingi í hendi sinni að setja lög um að við starfsaldurshækkanir séu heimilisstörf ævinlega metin og þá hvernig þau skuli metin. Alþingi þarf reyndar ekki að ganga svo langt vegna þess að það hefur tíðkast á undanförnum árum að ríkisstjórn kemur inn í samninga aðila vinnumarkaðarins þannig að með þeim hætti er Alþingi og ríkisstjórn fært að koma vilja sínum í þessu máli áleiðis. Þess vegna þarf hæstv. ráðh. ekki að beita Jafnréttisráði fyrir sig í þessu máli. Hann getur sjálfur framkvæmt það sem hér er lagt til.

Ég hlýt að krefjast þess fyrir hönd okkar Kvennalistakvenna að ráðherra hefjist þegar handa og sjái til þess að það mat á heimilisstörfum sem meirihlutavilji er fyrir að taka upp komi til framkvæmda, jafnt hvað varðar opinbera starfsmenn og á hinum almenna vinnumarkaði. Til þess hefur ráðherrann allt vald. Við svo búið má ekki standa. Þessi skýrsla og sú framkvæmdaleið sem ráðherra ætlar að fara skilar okkur engan veginn á endastöð í þessu máli og má með sanni segja að samkvæmt þessari skýrslu og því sem fram kom í máli ráðherra áðan sé þetta mál enn á áfangastigi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú skýrsla frá hæstv. félmrh. um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu sem hér er til umræðu varðar framkvæmd á viljayfirlýsingu Alþingis sem kynnt er í inngangi og ráðherrann hefur mælt fyrir. Ég tel að sú viðleitni sem er viðhöfð með framlagningu þessarar skýrslu sé góðra gjalda verð svo langt sem hún nær, en hún nær vissulega mjög skammt. Ég minni á að þegar till. frá þm. Kvennalistans var til umræðu um þetta efni, sem var undirstaðan að þessari samþykkt Alþingis, þó í breyttu formi því miður, lýsti ég yfir fylgi við þá till. eins og hún kom þar fram og ég get vísað til þess þegar ég ræði þetta mál nú.

Ég tel að það eigi í rauninni ekkert til að spara. Það sé ekki spurningin um fjármagn til að rétta af stöðu þeirra kvenna sem hafa unnið á heimilum við þau störf sem þar til falla, þar á meðal stjórnunarstörf sem eru þáttur í heimilisstörfum. Það megi ekkert til spara til að greiða götu þeirra út á vinnumarkaðinn. Það er ekki ýkjastór hópur sem þarna er um að ræða. Einkum eru konur sem eru að nálgast miðjan aldur sjálfsagt í meiri hluta þar. Konur í yngri aldurshópum hafa haslað sér völl í meira mæli á vinnumarkaði eftir störf á heimilunum, kannske ekki mjög langan tíma. Það er því ekki svo fjölmennur hópur sem þarna þarf að veita aðstoð.

Það kemur í ljós í lokaorðum þessarar skýrslu að það eru engar upphæðir í rauninni sem þarna eru á ferðinni sem gætu verið hindrun í því að gera átak í þessum efnum og t.d. af hálfu hins opinbera að meta störf heimavinnandi til starfreynslu. Það eru litlar 5 millj. miðað við þær hugmyndir sem eru reifaðar í þessum tillögum frá þeim starfsmanni sem ráðherra kvaddi til, Gerði Steinþórsdóttur, og þó að þarna væri um tvöfalda eða þrefalda upphæð að ræða ættu menn ekki að sjá eftir því því að hér er bæði um nauðsynjamál og sannarlega réttlætismál að ræða.

Ég lít svo til, eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, að það sé í raun tillaga 2 í hugmyndum Gerðar Steinþórsdóttur sem gangi lengst ef það má nota þá stigbreytingu um þessar hugmyndir. Hún gangi þó lengra en tillaga 1 og 3. Ég skil í rauninni ekki það orðalag í skýrslunni sem vísar til tillögu 1 sem þess sem gangi lengra en hinar. En hún nær sem sagt að mínu mati of skammt.

Ég tel að hið opinbera eigi auðvitað að hafa þarna forgöngu, jafnsjálfsagt og auðvelt og það er, hæg heimatökin á þeim bæ ef vilji er fyrir hendi. Það er að vísu hæstv. fjmrh. sem heldur þar að forminu til og í reynd um samningana við opinbera starfsmenn, en hæstv. félmrh. getur haft þar sín áhrif væntanlega innan ríkisstjórnar. En þar fyrir utan ætti ríkisstjórnin að sjálfsögðu að beita sér við aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekendur, um að þeir taki á þessu máli með þeim hætti sem eðlilegt er og ég hef hér undirstrikað og, hvort sem það er Jafnréttisráð sem vinnur það verk fyrir hönd ríkisstjórnar eða tilkvaddir aðilar af ríkisvaldinu, að plægja akurinn í atvinnurekstrinum sjálfum, hjá aðilum vinnumarkaðarins til að greiða götu heimavinnandi fólks til þess að komast í störf.

Í Svíþjóð er mér kunnugt um að mikið verk er unnið einmitt af hinu opinbera, jafnréttisráði eða hliðstæðri stofnun þar, til að auðvelda heimavinnandi að komast út á vinnumarkaðinn á nýjan leik, með verulegum árangri að mér er tjáð. Þar er farið í fyrirtækin og þau heimsótt og málin rædd þar við forustumenn í fyrirtækjunum og þeir hvattir til að leiðrétta þessi mál og síðan reynt að ýta á það þegar til samningagerðar kemur. Mér er ekki kunnugt um neitt hliðstætt hér á landi þó að það kunni að vera

einhver dæmi þess að það hafi verið stjakað við atvinnurekendum að þessu leyti. En þarna tel ég að ríkisvaldið og þær stofnanir sem eiga að sinna svokölluðum jafnréttismálum, í þessu tilviki kvenfrelsismálum sem þetta er einn þáttur í fyrst og fremst, eigi að taka til hendi.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessi efni, herra forseti, en ég minni á það sem fram kom í umræðum um svokallaða framkvæmdaáætlun sem félmrh. kynnti varðandi jafnréttismál. Það er sáralítið aðhafst í þessum efnum. Það er látið sitja að mestu við orðin tóm og viljayfirlýsingar og oft í rauninni með mjög sérstæðum hætti, eins og minnt er á í sambandi t.d. við dagvistarmálin, dagvistarstofnanir og meðferðin á þeim, aðeins eitt lítið dæmi. Það sama gildir um spurninguna um að lyfta konum og auðvelda þeim að komast til verka til jafns við karlmenn á vinnumarkaði og þá einnig í ábyrgðarstöðum. Þar höfum við dæmin hjá hinu opinbera hvernig hlutur kvenna er fyrir borð borinn og hvernig ákvæði jafnréttislaganna eða laganna um jafna stöðu karla og kvenna eru í rauninni lítils sem einskis metin þegar á á að herða á vinnumarkaðinum og hjá hinu opinbera. Ég minni á það að í Noregi mun það vera tíðkað sem regla og hefur verið um skeið sem liður í kvennaáratugnum, þessu alþjóðlega átaki sem átti að vera til þess að leiðrétta stöðu kvenna, að veita konum forgang til opinberra starfa, ekki bara út frá þröngu mati þess hvort karl, sem er að sækja um sama starf, hafi meiri reynslu þegar allt er saman lagt, heldur er konan látin hafa forgang, eins og að nafninu til hefur verið sett inn í íslenska löggjöf, ef hún uppfyllir almenn skilyrði til starfsins. Þó svo að karlar séu þar sem geti státað af meiri reynslu í starfi og hafi kannske prófgráður í einhverjum tilvikum, eða einhver slík formsatriði, er farið með þetta þannig í Noregi, að mér er tjáð, að konan er tekin fram yfir til starfa ef hún almennt uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru til viðkomandi starfs. Þetta er leið sem ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að fara ef menn ætla sér í reynd að gera eitthvað með ákveðinn tímabundinn forgang kvenna til þess að leiðrétta þann mikla mismun og þá miklu mismunun sem þarna er um að ræða frá liðinni tíð og sem sáralítið breytist í raun þrátt fyrir samþykkt laga hér á Alþingi og viljayfirlýsingar í orði.

Varðandi þetta efni hér, að meta reynslu af heimilis- og umönnunarstörfum í sambandi við vinnumarkaðinn, tel ég að þarna eigi ekki að bíða, þarna eigi að taka stórt á, jafnt af hinu opinbera og einnig að vinna að þessu inni á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta eru ekki upphæðir sem snerta fjármuni en þetta snertir réttlæti í okkar samfélagi og leiðréttingu á langvinnri mismunun í garð kvenna.

Magdalena Margrét Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa skýrslu og þann fróðleik sem hún veitir. Það er greinilegt að mjög mismunandi háttur er á því hvort og hvenær og hvernig heimilisstörf eru metin, en það er greinilegt að verklegir þættir heimilisstarfa eru nær eingöngu metnir til starfsreynslu og er það trúlega sú mynd sem flestir gera sér af heimilisstörfum. En í þessu eina orði, heimilisstörf, felst margt annað sem ekki er minna virði þegar meta á starfsreynslu. Þar vil ég nefna til stjórnun, frumkvæði, meðferð fjármála og skipulagningu, umgengni og samskipti fólks, þ.e. hin ýmsu mannlegu samskipti sem eru ekki svo lítils virði á hverjum vinnustað.

Trúlega verður þessi skýrsla og þær tillögur sem settar eru fram leiðbeinandi hvað varðar kjarasamninga á næstunni. En ég vil ekki líta á þessar tillögur sem neinn lokasigur. Þarna virðist ekki vera um svo miklar fjárhæðir að ræða eða svo marga einstaklinga. Flestar þessar konur sem kæmu þarna inn eru komnar kannske upp undir miðjan aldur og þær áttu þess ekki kost vegna þeirra þjóðfélagshátta sem þá voru að afla sér starfsreynslu úti á vinnumarkaðinum. Það eru þær konur sem voru heima og ólu upp þá kynslóð sem stendur á herðum þeirra núna. En það er ekki bara í þessu tilliti sem þessum konum er freklega mismunað, vil ég meina. Það er ekki síður í lífeyrismálum þar sem þær standa algerlega utan við allt. En þar sem þetta virðist ekki vera spurning um svo stórar fjárhæðir mundi ég vilja að þetta skref yrði stigið til fulls strax.

Deilur milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins, fyrri umr.

Þáltill. SV, 325. mál. — Þskj. 568.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu var lögð fram fyrir mánuði síðan. Hún er á þskj. 568, till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka deilur milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi eystra og menntmrn. Tillgr. er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd þriggja manna sem Hæstiréttur tilnefnir til þess að rannsaka deilur fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntmrn. Nefndin hraði störfum sínum eins og kostur er og skili sem fyrst skýrslu um málið sem ráðherra leggi fyrir yfirstandandi þing."

Í grg. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir mikla umfjöllun á Alþingi út af deilu milli fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntmrn. eru engar lyktir á deilunni í sjónmáli. Fram hefur komið að umræður og skoðanaskipti um hana hafa truflað mjög kennslu í skólum umdæmisins og ef til vill víðar.

Menntmrh. boðaði til funda á Akureyri og Húsavík sem ekki leiddu til lausnar svo vitað sé. Fræðsluráð umdæmisins hefur óskað eftir að rannsóknarnefnd verði sett í málið. Ekki er líklegt að nefnd

þingmanna fjalli um málið á hlutlausan hátt eða nái samstöðu um álitsgerð eftir þær umræður sem fram hafa farið og þau stóru orð sem fallið hafa í ræðum ráðherra og þingmanna.

Ekki er heldur líklegt að þáltill. um slíka nefndarskipun yrði samþykkt þar sem þingmenn og ráðherra virðast sjá málið í gegnum pólitísk gleraugu og getur því sú leið tæpast orðið til þess að leysa þann harða hnút sem þessi deila er komin í. Hins vegar er það skylda Alþingis að leita leiða til að fá fram lausn á þessu máli svo að allt skólahald geti fram farið með eðlilegum hætti.

Það er ekki hægt að horfa upp á það aðgerðarlaust að nemendur líði fyrir það svo vikum skipti að fræðsluyfirvöld og kennarar á Norðurlandi deili við menntmrn. um stefnu í kennslumálum, rétt og skyldur fræðsluyfirvalda á landsbyggðinni og hvað sé refsivert athæfi og hvað ekki þegar unnið er að því að minnka aðstöðumuninn, t.d. í sér- og stuðningskennslu.

Í þessari till. til þál. er lagt til að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn til að kanna þau efnisatriði sem deilt er um því að ætla má að nefnd, sem skipuð er af slíkum aðilum, kanni allar hliðar þessa máls af réttsýni og ef fram kemur samdóma niðurstaða í skýrsluformi til Alþingis muni það leiða til lausnar þessari deilu með skjótum hætti. Ef dómsmálaleið verður farin mun langur tími líða þar til að niðurstaða fæst og mun það hafa slæm áhrif á nemendur og allt skólahald á Norðurlandi þar til þessi deila er að fullu leyst. Því er þessi tillaga flutt."

Eftir að þessi till. var flutt kom viðtal við hæstv. menntmrh. í Dagblaðinu. Þar segir hæstv. ráðh. m.a. um þessa tillögu mína:

„Hann leggur til að skipaður verði rannsóknarréttur yfir menntmrh." Og enn segir ráðherra: „Þessi tillaga Stefáns er bara til þess að leggjast flatur fyrir einhverjum ímynduðum kjósendum nú í kosningabaráttunni."

Ég vil því spyrja — hæstv. ráðh. er hér ekki — en ég vil spyrja hvar í tillögunni segi að það eigi að setja rannsóknarrétt yfir hæstv. menntmrh. Ég man ekki betur en að í umræðunum sem fóru fram um þetta mál í janúarmánuði hafi hæstv. ráðh. sjálfur tekið fram að hann muni vilja láta rannsaka þau atriði sem deilt er um í þessu máli. Er hæstv. ráðh. kannske kominn á aðra skoðun nú? Eða þorir ráðherra ekki og hans samflokksmenn að nefnd, sem ætti að vera hlutlaus í þessum málum, kanni þau efnisatriði sem hér hefur verið deilt um? Ég vil minna á það að sá skólastjóri sem tók við starfi fræðslustjóra til bráðabirgða, skólastjórinn á Stóru-Tjörnum, Sverrir Thorstensen, skrifaði þm. í Norðurl. e. bréf 9. sept. 1986. Bréfið er þannig, með leyfi forseta:

„Hér með sendist ykkur afrit af bréfi til menntmrh. vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á sérkennslu. Við okkar skóla eru þrír nemendur sem samkvæmt greiningu eiga rétt á samtals 20 stundum á viku í sérkennslu. Tveir þessara nemenda hafa hvor um sig verið með 5 stundir s.l. tvö ár en sá þriðji var með 10 stundir síðasta vetur. Það er mat okkar að við fækkun þessara stunda um eina á viku fyrir þá tvo fyrrtöldu og þrjár fyrir þann síðartalda sé gjörsamlega kippt undan þeim fótunum. Það er einlæg von okkar að þið, þm. góðir, kynnið ykkur málið og gerið ykkar besta til þess að koma í veg fyrir þessi áform."

Og hér segir í bréfi til menntmrh., með leyfi forseta, sem ég vitnaði til hér: „Við undirritaðir kennarar við Stóru-Tjarnaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu leyfum okkur að mótmæla eindregið þeim niðurskurði sem menntmrn. hefur beitt varðandi sérkennslu. Við teljum að hér sé vegið að þeim einstaklingum sem erfiðast eiga með nám og þroska og heggur hér sá er hlífa skyldi.

Fullyrða má að fyrir marga þessa nemendur getur sérkennsla og aukahjálp skipt sköpum um það gagn sem þeir yfirleitt hafa af skólagöngu sinni. Nærtækasta úrræðið fyrir þau börn sem hér eru borin út væri vafalaust að flytja með fjölskyldu sinni til höfuðborgarinnar. Þar virðist niðurskurði síður beitt. Spyrja má hvort ráðamenn menntamála hafi þá lausn í huga.

Möguleikar þeirra sveitarfélaga sem standa að okkar skóla til að bera aukinn kostnað við skólahald eru nánast engir. Þegar fer fast að helmingur skatttekna þeirra til skólahaldsins. Þó leyfum við okkur að fullyrða að ekki er um svokallað bruðl að ræða hér, hvorki hvað snertir skólaakstur né annað." Undir þetta skrifar Sverrir Thorstensen skólastjóri og að mér sýnist níu kennarar. Þetta bréf er skrifað 9. sept.

Þegar þm. í Norðurl. e. voru á fundum í kjördæminu allir saman í september í haust komu oddvitar margra hreppa til okkar fyrst og fremst til þess að ræða um sérkennsluna, stuðningskennsluna og um skólaaksturinn. Það er ekki eingöngu brottrekstur á fræðslustjóra sem deilur fræðsluyfirvalda og menntmrn. snúast um. Það er fyrst og fremst um skólastefnuna á landsbyggðinni og framkvæmd alla. Ég bað og skoraði á hæstv. ráðh. í umræðunum sem voru um þetta mál í Nd. í janúar s.l. að fara eftir 7. gr. laganna um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og að hann hlutaðist til um að skipuð yrði nefnd til þess að kanna þessi mál, að hann gerði það sjálfur. Þá þyrftum við þm. ekki að standa dag eftir dag, eins og var í janúarmánuði, í umræðum út af þessu máli. Það átti að vera á valdi hæstv. menntmrh. að gera þetta svo að ekki hlytust meiri leiðindi af.

Ég sagði enn fremur: Ef þetta heldur áfram svona verðum við neyddir til þess að koma með þetta mál inn á þingið með einhverjum hætti. Það hefur verið gert í frumvarpsformi. Því var vísað frá. Það hefur verið gert með tveimur þáltill. Þegar mér varð ljóst að hæstv. menntmrh. mundi ekki hafa frumkvæði að því að skipa nefnd sem væri þess umkomin að taka á efnisatriðum þessa máls samdi ég þá þáltill. sem hér er til umr., en þá barst mér bréf, dags. 30. jan. 1987, til þingmanna Norðurlands eystra um rannsóknarnefnd um fræðslustjóradeilu í Norðurl. e. Það var

þannig, með leyfi forseta:

„Fræðsluráð Norðurlandsumdæmis eystra hefur í dag, eftir að hafa átt fund með menntmrh., óskað eftir skipun nefndar til þess að rannsaka störf fræðslustjóra, fræðsluskrifstofu og samskipti við menntmrn., þó einkum fjármálaleg samskipti.

Þar sem eðlilegt þykir að gefa ráðherra tóm til þess að svara erindi þessu er þess farið á leit við þm. Norðurl. e. að fresta umbeðnum tillöguflutningi að svo stöddu."

Undir bréfið skrifar Þráinn Þórisson fyrir hönd fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra.

Tveimur dögum síðar, eða 4. febr. s.l. barst hraðskeyti svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hafið frjálsar hendur um að vinna að framgangi fræðslustjóramálsins á Alþingi."

Þráinn Þórisson skrifaði undir það f.h. fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra.

Þegar mér barst þetta hraðskeyti í hendur taldi ég að þar væri komið svar frá menntmrn. um nefndarskipunina þar sem því hefði verið neitað að setja nefnd í málið sem líkleg væri til þess að gera úttekt á því á hlutlausan hátt. Og þar af leiddi að ég taldi ekki rétt að fresta því lengur að flytja þessa tillögu. Ég var búinn að sjá till. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín Halldórsdóttir hugðust flytja. Hún var þess efnis að það yrði kosin nefnd eftir 39. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. kosnir sjö þdm. Þessa tillögu átti að flytja í Nd. Ég sá það að slík till. mundi aldrei leysa málið. Eftir þær umræður sem fram hafa farið mundi slík nefnd ekki ná saman og hún væri ekki til þess fallin að leysa þetta mál.

Ég var líka búinn að heyra um frv. sem ég gat um áðan sem hv. þm. Ingvar Gíslason var 1. flm. að. Ég taldi að slík málsmeðferð mundi ekki leiða til lausnar í þessari deilu nema síður væri. Hins vegar taldi ég og tel að allir ættu að geta sameinast um að styðja tillögu sem sett er fram með þeim hætti sem ég geri hér ef þm. á annað borð hafa hug á því að reyna að leysa þetta mál á hlutlausan hátt. Þarna er ekki verið að halla á neinn. Það er eingöngu lagt til að skipuð verði nefnd hlutlausra manna til þess að fara ofan í öll efnisatriði þessa máls, bæði hjá skólayfirvöldum á Norðurlandi eystra og menntmrn. Þetta er það sem fræðsluráð hefur óskað eftir og ég vil ekki trúa því að óreyndu að hæstv. menntmrh. eða menntmrn. sé eitthvað óttaslegið yfir því að þetta mál sé kannað og reynt að finna lausn á því. En við sjáum hver viðbrögðin verða.

Ég neita því algjörlega að hægt sé að segja að þessi tillaga mín sé einhvers konar rannsóknarréttur yfir menntmrh. Hún á að kanna öll efnisatriði þessa máls, hvert einasta, og gefa um það skýrslu sem dreift yrði til alþm. og fjölmiðla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarátak í umferðaröryggi, fyrri umr.

Þáltill. SalÞ o.fl., 353. mál. — Þskj. 626.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 626, um þjóðarátak í umferðaröryggi. Flm. auk mín eru hv. þm. Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Stefán Guðmundsson og Friðrik Sophusson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sjö manna til að vinna að undirbúningi þjóðarátaks í umferðaröryggi. Í henni skulu eiga sæti fulltrúar frá landlæknisembætti, heilbr.- og trmrn., dómsmrn., menntmrn., samgrn., Sambandi ísl. tryggingafélaga og Sambandi ísl. auglýsingastofa. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988 og standi í þrjú ár."

Markmið með þjóðarátaki í umferðaröryggi er að gjörbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta, sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi, verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun vegfarenda. Þeim umferðarslysum verði nánast útrýmt sem rekja má til vankunnáttu, þjálfunarleysis og tillitsleysis við aðra vegfarendur. Líkja má slíku þjóðarátaki við átakið þegar skipt var yfir í hægri umferð árið 1968 og Íslendingar gengust undir nokkurs konar endurhæfingu í umferðarmálum.

Varðandi undirbúning og framkvæmd þjóðarátaksins vil ég leyfa mér að nefna nokkur atriði sem ég tel skipta máli, þ.e. hvaða aðferðir verða viðhafðar. Sterk yfirstjórn er nauðsynleg með mikla yfirsýn og skýrt mótaða stefnu. Átakið þarf að standa í a.m.k. þrjú ár og vera skipulagt vandlega áður en hafist verður handa. Ráðgjafar þurfa að vera tengdir umferðarmálum, umferðarslysum og áróðurstækni. Gera ætti óskalista sem tilgreinir þau atriði sem Íslendingar þurfa að tileinka sér í daglegri umferð við hinar margvíslegustu aðstæður. Hvert atriði ætti svo að einangra en saman mynda heildina, öryggi í umferðinni.

Umferðarvikur hérlendis hafa einkennst af skammvinnu átaki þar sem hamrað er á mörgum atriðum samtímis í eina viku t.d. og það er í sjálfu sér nothæf og jafnvel ágæt upprifjunaraðferð fyrir fólk sem kann en dugar alls ekki til að breyta hegðun íslenskra vegfarenda til langframa. Átakið eða hæfingin þarf að miðast við að innræta eitt atriði í einu og láta fólk hafast að og endurtaka hegðun á hverjum degi í allt að þrjár vikur til þess að ósjálfráð venja myndist. Þá er tekið til við næstu venjubreytingu þar til heilstætt hegðunarmynstur er áunnið. Upprifjanir verða svo að vera með ákveðnu millibili til þess að viðhalda árangrinum. Nauðsyn-

legt er að nýta fjölmiðlunar- og kennslutækni til hins ýtrasta og ná þarf samstarfi við fjölmiðla en miðlun þeirra verður þó undir stjórn framkvæmdastjórnar átaksins. Þeir fái nánast úthlutað verkefni á hverjum tíma til þess að átakið verði samhæft og árangursríkt. Auglýsingar verði svo notaðar til að gefa tóninn, þ.e. að leiða átakið.

Hugsanlegt er að fyrirtæki væru tilbúin til þess að taka þátt í átakinu og greiða auglýsingakostnað við einstaka þætti. Breyting á fjölmiðlamarkaði hefur opnað nýja möguleika í þessum efnum. Nefna má tryggingafélög, bensínstöðvar og bifreiðaumboð sem hugsanlega stuðningsaðila. Sama gildir um þessa aðila og fjölmiðlana. Þeir verða að fá úthlutað ákveðnu verkefni frá framkvæmdastjórn átaksins.

Það er nauðsynlegt að undirbúa átakið vandlega og áætla a.m.k. níu mánuði í undirbúningstíma. Tveir mánuðir gætu farið í mótun óskalista, einn mánuður í einangrun aðgerða og grófar áætlanir um framkvæmdir og kostnað, einn til tveir mánuðir í fjármögnun og stuðningsaðgerðir og þrír til sex mánuðir í gerð fræðsluefnis til notkunar fyrstu þrjá til sex mánuði átaksins.

Nú er þess að vænta að frv. til umferðarlaga verði að lögum á þessu þingi. Það ætti því að vera enn ríkari ástæða til að efna til slíks þjóðarátaks þegar ný lög taka gildi. Það er orðið mikið áhyggjuefni hve umferðarslys eru tíð hér á landi, en ár hvert er talið að slasist á þriðja þúsund Íslendingar í umferðinni. Þegar gert hefur verið átak til að fækka slysum hefur árangurinn ekki látið á sér standa eins og t.d. árið 1968 þegar skipt var yfir í hægri umferð og árið 1983 á norrænu umferðaröryggisári. Nú á þessu ári hafa tryggingafélögin ákveðið að berjast gegn umferðarslysum undir kjörorðinu „Fararheill 87" og ber vissulega að fagna því.

Því miður sýnir reynslan að árangur af eins árs átaki er skammvinnur og fljótt sækir aftur í sama horf. Því telja flm. nauðsynlegt að taka á þessum málum af mun meiri festu en áður með því að efna til þriggja ára átaks í umferðaröryggi. Með markvissri fræðslu sem m.a. byggir á auglýsingatækni, svo og með öðrum aðgerðum, er fullvíst að ná má árangri sem mun fljótlega skila sér, t.d. í minni útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála. Í því sambandi má minna á útreikninga forstjóra ríkisspítalanna sem sýna að á einu ári kosta umferðarslysin jafnmikið og rekstur Landspítalans.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að þegar þessari umræðu hefur verið frestað verði málinu vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námsbrautir á sviði sjávarútvegs, fyrri umr.

Þáltill. SkA o.fl., 332. mál. — Þskj. 580.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Á þskj. 580 hef ég ásamt þeim hv. þm. Helga Seljan, Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Karvel Pálmasyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni flutt svohljóðandi þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að menntamálaráðuneytið hlutist til um að innan framhaldsskólakerfisins verði skipulagðar námsbrautir á sviði sjávarútvegs og námsefni verði samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólunum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrrihlutanámi sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrauta sem lyki með stúdentsprófi. Markmið slíks náms væri að búa fólk undir störf í sjávarútvegi og að kynna íslenskan sjávarútveg."

Þessari till. fylgir allítarleg grg. og ég held, með leyfi forseta, að ég lesi grg. sem framsögu fyrir þessu máli:

„Á s.l. hausti fór fram nokkur umræða um skólahald og menntun starfsfólks í sjávarútvegi. Þar bar mest á umfjöllun um skýrslu og störf nefndar sem menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu í janúar 1986 til að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi, sjá fylgiskjöl.

Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að stofna skyldi sjávarútvegsskóla í Reykjavík er tæki við hlutverkum Stýrimannaskólans, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Sjávarútvegsskólinn yrði sérskóli á framhaldsskólastigi. Undirbúningsnám að skólanum og nám á einstökum brautum gæti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.

Í október s.l. var haldin ráðstefna þar sem tillögur ráðherranefndarinnar voru kynntar og ræddar. Síðan þá hefur ekki verið rætt um þessi mál á þeim grundvelli að efla sjávarútvegsnám frá grunnskóla til háskóla en umræðan beinst að háskólanáminu einu.

Sjávarútvegsdeild við Háskóla Íslands er sjálfsögð, en jafnframt er mikilsvert og jafnvel enn brýnna að þess sé kostur að hefja nám í sjómannafræðum og fiskvinnslu í efstu bekkjum grunnskóla en þó sérstaklega í fjölbrauta- og menntaskólum.

Meðan ekki er séð fyrir hvort sú umræða og tillögugerð sem uppi var á síðustu haustdögum né aðrar aðgerðir stjórnvalda skili árangri og þoki fram til úrvinnslu og framkvæmda þeirri stefnu sem þessi tillaga fjallar um telja flutningsmenn hana jafntímabæra og á tveimur fyrri þingum.

Tillagan er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi. Fyrri tvö skiptin hefur hún ekki fengist útrædd þó að umsagnir þeirra er um hana fjölluðu hafi verið mjög jákvæðar.

Þegar tillagan var flutt á síðasta þingi fylgdi

greinargerð sem hér birtist óbreytt:

„Um eða yfir 90% af fólki, sem vinnur við sjávarútveg á Íslandi, hefur ekki aflað sér menntunar í skóla til undirbúnings starfsins. Aðeins skipstjórnarmenn, vélstjórar og verkstjórar eru sérmenntaðir til sinna starfa og hafa þó verið tíðar undanþágur frá því.

Stór hluti þess fólks, sem vinnur þessi störf, er mjög vel þjálfaður og með mikla reynslu í sínum störfum. Íslenskur sjávarútvegur hefur hingað til haft á að skipa vel þjálfuðu starfsliði sem hefur aflað sér menntunar fyrst og fremst í starfi. Á þessu er að verða breyting. Færri og færri gera þessi störf að ævistarfi. Ungt fólk, sem áður fór eftir grunnskólanám til starfa við sjávarútveginn, á fiskiskipaflotanum eða í fiskvinnslustöðvunum, heldur nú flest áfram námi og stefnir að stúdentsprófi og síðar að einhverju sérnámi. Í fiskvinnslunni kemur endurnýjunin frá öðrum starfsstéttum og frá því fólki sem einhverra hluta vegna hefur ekki haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Svipað á sér stað hvað varðar sjómannsstarfið.

Mörg undanfarin ár hefur vantað menn með vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi á fiskiskip. Síðustu mánuði hefur einnig verið mikil fólksekla í fiskiðnaði. Léleg laun, ótrygg störf og ýmsir aðrir þættir eiga sinn hlut í því að fæla menn frá störfum tengdum sjávarútvegi á sjó og landi. En þar kemur fleira til.

Í framhaldsskólum er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám ef frá er skilin kennsla í vélfræði í tveimur fjölbrautaskólum. Segja má að með því námsefni, sem nú er í framhaldsskólum, sé unnið að því að útiloka ungt fólk frá námi sem tengist sjávarútvegi. Framhaldsskólarnir hafa hins vegar viðskiptabrautir, þjónustubrautir, iðnbrautir, heilbrigðisbrautir o.fl.

Með tilkomu fjölbrautaskólanna var gert ráð fyrir að þeir mundu sinna „fjölbreytilegu“ starfsnámi og búa ungt fólk undir það að taka þátt í atvinnuþróun og tileinka sér nýja starfshætti í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar og — þá frekar en ekki síður — sjá nemendum fyrir kennslu í fiskvinnslu og sjóvinnu. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Enn fer stærstur hluti nemenda þessara skóla á bóknáms- og þjónustubrautir.

Við ýmsa grunnskóla á landsbyggðinni hefur verið komið á fót framhaldsdeildum í tengslum við fjölbrautaskóla. Þannig er það t.d. á Vesturlandi. Framhaldsdeildir hafa starfað við grunnskólana í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi og að Laugum í tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Áformað er að þessi tengsl skólanna á Vesturlandi verði enn aukin.

Námsefni framhaldsdeilda þessara skóla hefur þó ekki tengst starfsnámi nema að mjög takmörkuðu leyti. Kennslan í þessum deildum hefur frekað stuðlað að fjölgun nemenda á hefðbundnum bóknámsbrautum. Sjálfsagt er ríkt í huga margra nemenda að nám sé fyrst og fremst bóklegt og framar öllu þurfi að „læra“ til hinna hefðbundnu gömlu háskólagreina. Þess vegna eru þær námsbrautir enn svo áhugaverðar. Hitt er jafnframt augljóst að allt of lítið, og sums staðar ekkert, hefur verið gert til að auðvelda ungu fólki starfsnám.

Sjávarútvegsnám er aðeins boðið fram í sérskólum sem tengjast öðru framhaldsnámi með takmörkuðum hætti. Þeir sérskólar eru nær eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Nám við þá skóla útheimtir óþarflega langar fjarvistir frá heimilum og heimabyggð margra nemenda miðað við að hluti námsins ætti sér stað á heimaslóð.

Það er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám sem valgrein í 9. bekk grunnskóla, ekki heldur í áðurnefndum framhaldsdeildum né fjölbrautaskólunum. Þar með eru þeir nemendur, sem vilja hefja framhaldsnám strax að loknu skyldunámi, raunverulega útilokaðir frá því að afla sér menntunar á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsframleiðslu á því aldursskeiði og á þeim vettvangi sem nemendur óska sér og er þeim eðlilegastur.

Þessi tillaga okkar gerir ráð fyrir að skipulagðar verði námsbrautir á sviði sjávarútvegs innan framhaldsskólakerfisins og er þá átt við framhaldsdeildir grunnskóla og fjölbrautaskóla og að námsefni verði jafnframt samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrrihlutanámi sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Kennsla og námsbrautir munu sjálfsagt verða breytilegar í fyrstu eftir skólum og fara eftir nemendafjölda og aðstöðu til kennslu. Um leið og stofnað yrði til framhaldsskólanáms á þessu sviði víða á landinu sköpuðust skilyrði fyrir fullorðinsnám, endurmenntun og námskeiðahald og með sömu kennslugögnum og framhaldsnám byggðist á. Leita þyrfti samstarfs við samtök sjómanna og fiskvinnslufólks og skólastjórnir sérskóla sjávarútvegsins um allt sem lýtur að skipulagningu og fyrirkomulagi þessa náms.

Eitt af því sem veldur brottflutningi ungs fólks frá landsbyggðinni er að sækja þarf nær allt framhaldsnám til stóru þéttbýlisstaðanna, og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Að námi loknu er þetta unga fólk oft í minni félagslegum tengslum við sína heimabyggð en það umhverfi þar sem námið hefur verið stundað. Auk þess eru oft litlar líkur á því að heimabyggðin geti nýtt það nám sem sótt hefur verið í skóla þéttbýlisins.

Efling framhaldsdeildanna og fjölbrautaskólanna mun hamla gegn brottflutningi fólks af landsbyggðinni og styrkja byggð á viðkomandi stöðum. Kennurum og starfsliði mun fjölga og námstími í heimabyggð lengjast. Fjölgun sérmenntaðs fólks, bæði í hópi kennara og í sjávarútveginum, mun styrkja félagslegan grundvöll greinarinnar og leiða til framfara hvar sem slík þróun á sér stað.

Nýjar leiðir til náms, svo sem tillaga okkar gerir ráð fyrir, munu stuðla að mjög aukinni menntun á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Ungt fólk, sem hefur tileinkað sér kunnáttu til að takast á við nýjungar í rekstri og meðferð sjávarafla til að auka gæði og verðmæti hans, mun koma til starfa og styrkja þessar atvinnugreinar. Á því er ekki vanþörf nú og í framtíðinni. Að því verður að stefna að íbúar sjávarútvegsbyggðanna og það starfsfólk, sem við sjávarútveginn vinnur, hafi ekki síðri almenna menntun og sérmenntun vegna starfa sinna en fólk í öðrum starfsgreinum, jafnt í framleiðslu- sem í þjónustustörfum."

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til félmn.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að skólarnir og skólakerfið í landinu séu algjörlega úr tengslum við höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveginn, og í rauninni megi segja að skólakerfið, menntakerfið, hafi sýnt þessari höfuðatvinnugrein ótrúlega lítinn áhuga og eiginlega virðingarleysi. Við höfum allt of ríka tilhneigingu til þess að festast í gamaldags fari bóknáms og gera okkur ekki grein fyrir því hvað það er mikilvægt að atvinnuvegirnir og skólakerfið tengist.

Skólaganga á þessu sviði á auðvitað ekki bara að varða vinnubrögð eða verklag í þessum greinum. Þetta á að vera alvörunám sem vísar til framtíðarinnar og svarar þeim kröfum sem framtíðin mun gera til okkar í þessari grein. Við könnumst við að það er mikið talað um nýsköpun þessa stundina í atvinnulífinu. Ég vil þá benda á að sú nýsköpun gerist ekki fyrst og fremst og á ekki fyrst og fremst að gerast með því að taka upp nýjar atvinnugreinar þó að það geti verið gott og gilt, heldur fyrst og fremst inni í fyrirtækjunum, í þeim greinum sem við höfum þegar. Nýsköpunin er fólgin í því að tileinka sér tölvutækni. Hún er fólgin í því að tileinka sér sjálfvirkni. Hún er fólgin í hagræðingu að því er varðar framleiðsluferli og verklag. Hún getur verið fólgin í vöruþróun. Reyndar eigum við ágæt dæmi um það þegar t.d. líftækni aðstoðaði menn í rauninni við að þróa nýjar afurðir þar sem var annars vegar tandurfiskurinn og hins vegar saltsíld með langtum lægra saltinnihaldi en menn höfðu áður vanist. Vöruþróun af ýmsu tagi verður áreiðanlega mjög mikilvæg fyrir okkur í framtíðinni hér á Íslandi í sjávarútveginum. Og það er markaðsaðlögun. Við höfum haft tilhneigingu til að treysta á hefðbundna markaði, en við þurfum að vera framsækin í þessum efnum.

Þetta eru kröfurnar sem þessi atvinnugrein gerir til fólksins sem á að starfa í greininni. Þetta eru kröfurnar sem við eigum að leitast við að uppfylla í skólakerfinu, ekki bara á háskólastigi, ekki bara í sjómannaskólum eða skólum af því tagi, í sérskólum, heldur í hinu almenna skólakerfi þannig að þeir sem eru í almennu námi hafi tækifæri til að undirbúa sig undir störf af þessu tagi innan greinarinnar. Þetta held ég að sé meginmálið. Þess vegna tek ég heils hugar undir þá till. sem hér er flutt, en hún mætti að mínum dómi vera jafnvel kröfuharðari en hún er. Hér er talað um stutt námskeið. Ég sé þetta ekki fyrir mér með þeim hætti. Ég vil að sjávarútvegurinn njóti langtum meira rýmis innan skólakerfisins en hann gerir núna og ég tel að það sé meginmál til þess að við fáum að njóta afurðanna af tækni og þekkingu í þessari grein með þeim hætti sem okkur er nauðsynlegt og að þannig stöndum við okkur í samkeppninni við aðra og fáum verðmætari vöru, betri vöru og vöru sem aðrir eru reiðubúnir að kaupa dýrara verði en þá vöru sem við seljum miðað við núverandi framleiðsluhætti og að við tileinkum okkur að framleiðsluferlin geti verið með sem hagkvæmustum hætti.

Að endingu, herra forseti, vildi ég aðeins benda á eitt í þessu sambandi. Það er ekki einungis að það sé í gangi mikil umræða um nýsköpun í atvinnulífinu heldur er líka í gangi mikil umræða um byggðastefnu og byggðaþróun. Ég held að aukin áhersla á menntun í þessum greinum, og þá með þeim hætti sem ég er að tala um, geti verið verulegur burðarás í því að halda uppi öflugri byggð víðs vegar um landið. Menn ættu ekki að líta fram hjá því að byggðastefna mótast í mörgum þáttum. Hún mótast ekki bara af peningastreyminu einu saman heldur mótast hún af almennum viðhorfum og átak í þessum efnum í menntakerfinu getur líka orðið og kannske alls ekki síður til þess að treysta byggðina víðs vegar um land, gera hana öflugri og lífvænlegri.

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa till. og legg til að í meðhöndlun í nefnd verði hún enn styrkt og gerð kröfuharðari en hún er af hendi flm.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir undirtektirnar við þessari till. og allt það sem hann benti á tek ég heils hugar undir. Ég vil þó aðeins leiðrétta það, sem mér fannst hann telja, að þessi till. væri fyrst og fremst um að byggja upp eitthvert stutt nám, námskeiðanám eða þess háttar. Það er mjög langt frá því. Till. fjallar um það að hefja jafnvel nám í þessum fræðum strax í grunnskóla og halda því áfram allt að stúdentsprófi á breytilegan máta.

Slíkt nám í heimabyggð úti um hinar breiðu byggðir er mikið byggðastefnumál. Ef við getum fengið unga fólkið í sjávarþorpunum, sem hyggst stunda vinnu við fiskvinnslu og sjávarútveg, til að hefja nám strax á síðustu árum grunnskóla og mennta sig breiðri menntun, ekki eingöngu, eins og þm. sagði, verklag eða þess háttar heldur að sækja sér alhliða menntun á heimavettvangi til að geta sinnt hinum ýmsu störfum í heimabyggð. Sú þróun hefur verið að eiga sér stað á undanförnum árum vegna þess að það er staðreynd sem þm. benti á að menntakerfið er úr tengslum við þessa undirstöðu-

atvinnugrein okkar og þar af leiðandi eru sjávarbyggðirnar meira og minna skildar eftir með hóp af fólki sem hefur notið lítillar menntunar. Ef við getum snúið þessu við eftir því sem till. leggur til mundi þarna verða á stórkostleg breyting. Þá mundu þessar byggðir ekki vera í neinum vandræðum með að fylla forustusveit sína með vel menntuðu fólki, en því miður hefur mátt segja að það hefur verið ýmsum erfiðleikum bundið að fá menn til að sinna hinum breytilegu félagsstörfum sem nauðsynlegt er að standa undir, forustu í verkalýðsfélögum, forustu í hinum ýmsu félögum og forustu í sveitarstjórn, vegna þess að sá hópur sem þarna hefur sest að hefur ekki byggt sig upp eða menntakerfið hefur ekki haft á boðstólum aðstöðu fyrir þetta fólk til þess að menntast. Ef það væri tekið á þessum málum eins og till. gerir ráð fyrir og þessi menntun flutt heim í héruðin, tekin upp í fjölbrautaskólum og grunnskólum og stofnaðar deildir fjölbrautaskóla sem víðast um landið mundi þarna verða geysilega mikil breyting á. Eins og kemur fram í grg. gerðist það þá ekki, sem gerist allt of mikið af, að við það að fólk fer burt úr heimabyggð 3–4 ár slitnar það úr félagslegum tengslum við *þá byggð og áhugamálin sem það hafði þegar það* fór til skólanámsins eru komin á annan vettvang. Þetta er kannske eitt af því sem er hvað hættulegast. Sú menntun sem nú er boðið upp á menntar fólkið burt úr byggðunum.

Ég endurtek að ég þakka undirtektir hv. 3. þm. Reykn. við tillöguflutning okkar.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki beint að tala á móti till. hv. 4. þm. Vesturl., en mér finnst vanta nokkuð mikið í hana í þá veru að það er ekki nóg að skylda skólakerfið til að koma á móti þessum kröfum, sem er vissulega aðkallandi alls staðar, heldur er það hitt sem vantar og það er að það þarf að búa þannig að þessari grein að fólkið sæki til hennar. Það er vonlaust, ef ég má nota svo óþingræðislegt orð, að nauðga nokkrum manni til að sinna því sem hann sækist ekki eftir — ja, vegna peninga bara. Við skulum orða það svo. Það er sannleikurinn. Það er alveg víst að meðan þannig er skipt tekjum þjóðfélagsins að það er ekki hlynnt og hlúð að þessum undirstöðum íslensks þjóðfélags fáum við ekki fólk í þessa grein. Við fáum það ekki með nokkurri tilskipun ofan frá. Við verðum að leita alveg að grunninum og borga fyrir það með réttum peningum því fólki sem þangað vill sækja. Þá er ég ekkert hræddur um að í hverju sjávarplássi muni ekki koma upp slíkar skólagreinar sem munu halda fólkinu og mennta það við hæfi í þeim atvinnugreinum sem þessi minni pláss bjóða upp á, ef það er ekki teygt og trekkt með öðrum gylliboðum og leitar á ríkisjötuna vil ég segja og það er þá auðvitað allt hér fyrir sunnan. Það kallar á allt okkar besta fólk. Það er blóðtaka sem landsbyggðin hefur orðið fyrir. Besta fólk okkar er komið hingað suður og helst svo við hér. Hér er það margyfirborgað fram yfir þessa aumingja sem enn þá reyna að bjástra á útkjálkum þessa lands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Blýlaust bensín, fyrri umr.

Þáltill. GHelg og fl., 345. mál. — Þskj. 602.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem liggur fyrir á þskj. 602 og er 345. mál þingsins, en hún er um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi. Meðflm. mínir eru hv. þm. Skúli Alexandersson og Steingrímur J. Sigfússon.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að blýlaust bensín verði fáanlegt hér á landi og að vinna að því að það verði samkeppnisfært við bensín með blýi. Skipuð verði nefnd hagsmunaaðila sem geri tillögur til ríkisstjórnarinnar um þetta efni fyrir árslok 1987. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Herra forseti. Til að skýra aðeins hvað hér er um að ræða vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á fskj. I með till., en þar er grg. frá Guðmundi G. Haraldssyni, sem er dósent í lífefnafræði við Háskóla Íslands, en þar skýrir hann m.a. hvað í raun og veru er blýlaust og blýbætt bensín. Ég leyfi mér að vitna í nokkrar setningar. Hann segir:

„Afköst bensínhreyfla hafa verið aukin með því að hækka svokallað þjöppunarhlutfall vélarinnar. Slík hækkun á þjöppunarhlutfallinu hefur í för með sér vandamál sem er svokallað bank eða glamur, „knocking“ á ensku. Glamrið er afleiðing af ótímabærri íkveikju bensíngufunnar í hreyflinum og leiðir til dvínandi afkasta. Slíkt vandamál hefur verið leyst á tvo vegu. Í fyrsta lagi með nákvæmu vali eða stjórnun á samsetningu kolvetnanna í eldsneytinu og í öðru lagi með viðbót á blýi í eldsneytið í formi svokallaðra „tetraalkylblýsambanda“. Það er því oft talað um svokallaða oktantölu bensíns, en hún er háð samsetningu kolvetna í eldsneytinu. Oktantala eldsneytis í jarðolíu er mjög lág. Afköst hreyfilsins eru því aukin með hækkun oktantölu auk þess sem umræddur hávaði minnkar frá vél.

Oktantalan hefur verið hækkuð m.a. með að velja heppilega samsetningu kolvetna í eldsneytinu og bæta við blýmagn þess. En á síðari árum hefur mönnum orðið æ ljósara að útblástur frá bifreiðum sem ganga fyrir blýbættu bensíni er stórskaðlegur mönnum, gróðri og dýrum. Þessi notkun blýs hefur í för með sér alvarleg mengunarvandamál. Skýrslur sýna að svo rammt kvað að slíkri blýnotkun í Bandaríkjunum t.d. að hundruð tonna af blýi dreifðust út í umhverfið dag hvern í formi eitraðra

blýoxíða þegar verst lét. Árið 1970", segir Guðmundur G. Haraldsson í grg. sinni, „voru t.d. 39% allrar umhverfismengunar í Bandaríkjunum talin eiga rætur að rekja til bifreiðanotkunar."

Í lokaskjali frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, sem haldin var 8.–10. sept. 1986, er ein af niðurstöðutillögunum sú að auknar verði aðgerðir gegn útstreymi loftmengandi efna frá fólksflutningabifreiðum, öðrum vélknúnum ökutækjum og flugvélum. Þannig þarf betri árangur við að fjarlægja mengunarefni úr útblæstri ökutækja og breytingar á uppbyggingu í samgöngumálum. Það er auk þess alveg ljóst að minnkandi hraði dregur raunar úr blýmagninu og hættunni af útblæstrinum.

„Það er talið að um 90% blýs í bensíni skili sér í útblæstri bíla í formi ólífrænna sambanda", segja þeir Hörður Þormar og Þorkell Jóhannesson í tímariti um lyfjafræði árið 1979 en þeir voru að kanna blý í götulofti og blóði manna í Reykjavík.

Á vegum Hollustuverndar ríkisins standa nú yfir mælingar á loftmengun við fjölfarnar akstursleiðir, en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum vísindamanna sem við rannsóknirnar vinna er þó þegar vitað að um verulega loftmengun er að ræða vegna umferðarinnar. Mengunarvandinn eykst hér á landi ekki síður en annars staðar og því er mikilvægt að fylgt verði þeim varnaðarráðstöfunum hér á landi sem aðrar þjóðir leggja nú kapp á.

Þá ber ekki síst að undirstrika að börn eru í mestri mengunarhættu í umferðinni. Þau eru nær útblástursrörum bifreiðanna en fullorðnir, einfaldlega vegna þess hve lág þau eru í loftinu, og börn í kerrum eru sennilega í mestri hættu þar sem þeim er ekið bókstaflega við hliðina á útblástursrörum bifreiða.

Íslendingar hafa þegar undirritað alþjóðlega samninga um varnir gegn loftmengun. Ríkisstjórn Íslands hefur undirritað og staðfest alþjóðasáttmála sem gerður var í Genf milli fulltrúa 35 ríkja í nóvember 1979 og á síðasta þingi Norðurlandaráðs var samþykkt tillaga samgn. ráðsins um að Norðurlandaþjóðir samræmdu aðgerðir til að hverfa frá notkun bensíns og annars eldsneytis sem inniheldur blý, en útblástur eiturefna frá farartækjum er ganga fyrir slíku eldsneyti er verulegur loftmengunarvaldur eins og áður er sagt og veldur sem kunnugt er miklum skaða á gróðri og mannvirkjum, auk þess sem hann veldur heilsutjóni á fólki. Á ýmsum stöðum hefur verið sýnt fram á að börn sem búa við miklar umferðargötur hafa beðið verulegt tjón af þessari sífelldu mengun og sýnt hefur verið fram á að afköst barna í skólum við slík skilyrði geta verið verulega rýrð.

Ísland er nú eitt af örfáum Evrópulöndum þar sem ekki er hægt að fá blýlaust bensín. Við svo búið má ekki standa vegna þess einfaldlega að það er alveg ljóst að innan tíðar verða í æ minna mæli framleiddar bifreiðir sem ganga fyrir öðru en blýlausu bensíni. Svíar hafa t.d. lögfest að frá árinu 1989 verði ekki framleiddar aðrar bifreiðir en þær sem ganga fyrir blýlausu eldsneyti og í Noregi verður notkun þess lögskyld í janúar 1989. Þjóðir innan Efnahagsbandalagsins hafa ályktað um að almenn notkun verði hafin á blýlausu bensíni frá 1. okt. 1989 og í Bandaríkjunum og Japan eru nýjar bifreiðar þegar búnar tækjum sem hreinsa útblástur eiturefna, en sá búnaður krefst notkunar á blýlausu bensíni. Það er því alveg ljóst að vandamál hljóta að skapast ef ekki verður hafinn undirbúningur að þessum breytingum hér á landi sem allra fyrst.

Olíufélögunum mun ekkert vera að vanbúnaði að hefja sölu blýlauss bensíns hvað varðar ytri búnað, en ýmis atriði þarf að sjálfsögðu að kanna, svo sem samkeppnishæfni, því að ljóst er að blýlaust bensín gæti orðið dýrara en það bensín sem inniheldur blý og auk þess þyrfti að athuga kaupsamninga, bifreiðainnflutning og eflaust ótalmargt fleira. Einn vandinn er auðvitað sá að við kaupum bensín og olíur frá Sovétríkjunum, en þar er einmitt ekki enn þá hægt að fá blýlaust eldsneyti. En að því hlýtur að koma. Allir eru sammála um að það hljóti að verða framtíðin að einungis blýlaust bensín verði notað og því hljóta Íslendingar eins og aðrir að horfast í augu við það og koma notkun þess á.

Þessi till. til þál. er því flutt til að hreyfa við þessu máli. Hún fer ekki fram á annað en að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sett yrði á laggirnar nefnd til að athuga um þessi mál í samráði við hagsmunaaðila. Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa till. til meðferðar í hv. samgn. og vil leggja á það nokkra áherslu að hv. nefndarmenn þar treysti sér til að greiða götu þessarar till. svo að hún nái fram að ganga fyrir þinglok vegna þess að ég held að nauðsynlegt sé að fara að huga að þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum, fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 362. mál. — Þskj. 651.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 371. mál. — Þskj. 665.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 665 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga. Meðflm. mínir eru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að leita nú þegar leiða til lausnar húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum.“

Í grg. með till., sem er stutt, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestir verða einhvern tíma á ævinni fyrir því að veikjast eða að einhver þeim nákominn þurfi á læknismeðferð að halda. Slíkt er nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, sundrung fjölskyldu, vinnutap og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds, barnagæslu, ferðalaga o.s.frv. Þetta er þó því miður reynsla margra. Fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sem þurfa að sækja sérhæfða læknisþjónustu til Reykjavíkur, í flestum tilvikum til Landspítalans, er þetta þungbær reynsla og oft mjög dýr.

1. flm. þessarar till. til þál. spurðist nýlega fyrir um það á þingi hvernig háttað væri aðstoð við foreldra veikra barna og vísast um það til fskj., en eins og sjá má af svörum heilbrmrh. er slík aðstoð af skornum skammti. Frá því þessar umræður urðu í Sþ. 27. jan. s.l. hafa ýmsir bent flm. á að vandi af þessu tagi er síður en svo eingöngu bundinn við foreldra veikra barna heldur getur hann einnig átt við maka eða aðra aðstandendur sjúklinga. Þennan vanda þarf að leysa.

Sumpart á að vera unnt að bæta aðstöðu þessa fólks í gegnum tryggingalöggjöfina, en ekki þarf nein lög til að leysa húsnæðisvanda þess. Það er hægt að gera með skömmum fyrirvara. Þar er það viljinn sem ræður. Kanna þarf hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda af þessum sökum. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til staðar húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geta fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika. Flm. telja eðlilegt að heilbrmrn. leiti samstarfs við Samband ísl. sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda.“

Svo sem segir í grg. og sem sjá má á þskj. 665 er þar birt sem fskj. afrit af umræðum í Sþ. 27. jan. s.l. Það geta hv. þm. að sjálfsögðu kynnt sér eftir áhuga og aðstæðum, en ég vil þó til áréttingar lesa örfá orð úr svari hæstv. heilbrmrh. sem snerta beint efni þessarar till.

3. liður fsp. hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Hafa foreldrar í eitthvert hús að venda meðan á meðferð stendur?“

Hæstv. ráðh. svaraði svo, með leyfi forseta: „Sjúkrahótel Rauða krossins hefur boðið sjúklingum utan af landsbyggðinni upp á gistingu meðan á meðferð barns stendur. Þannig fær eitt foreldri sem fylgir barni sínu, sem er í meðferð hjá lækni eða í göngudeildarþjónustu sjúkrahúss, gistingu endurgjaldslaust, en sjúkrahótelið þiggur daggjald fyrir hjá sjúkratryggingum. Sé barnið lagt inn á sjúkrahús fellur daggjaldsgreiðslan niður og foreldrið verður þá að greiða fyrir sig sjálft.

Daggjald sjúkrahótels Rauða krossins er í dag 1421 kr.“ og hv. þm. geta sjálfir reiknað út hvert mánaðargjaldið er ef þarf að greiða þetta daggjald. „Sjúkrahótelið mun flytja bráðlega í nýtt húsnæði við Rauðarárstíg þar sem 28 gistirými standa til boða eins og nú er, en forsenda fyrir þeim flutningi eða kaupum á öðru húsi fyrir sjúkrahótelið er einmitt sú að þar verði aðstaða til gistirýmis fyrir foreldra sem eru með börn sín til lækninga í borginni og það eins þó að barnið sé vistað á sjúkrahúsi ef þörfin er talin brýn að foreldri sé nærri eins og oft mundi að sjálfsögðu vera.

Þegar barnið er komið á sjúkrahús er gert ráð fyrir að unnt verði að hýsa foreldrið gegn vægu gjaldi. Til þess þarf þátttöku stjórnvalda og ég fyrir mitt leyti er því hlynnt að það sé gert því að mér er ljóst að hér er vandi á ferðum sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Gistiheimili Landssamtakanna Þroskahjálpar í Melgerði 7, Kópavogi, býður upp á gistirúm fyrir fjóra aðila ásamt börnum. Árið 1985 var um 2000 gistinætur að ræða á þessu heimili. Foreldrum er veitt ókeypis gisting meðan á meðferð stendur og eins þótt barnið sé lagt inn á stofnun meðan húsnæði leyfir. Gistiheimilið er kostað af félmrn.

Að tilstuðlan samtakanna Samhjálp foreldra gáfu kvenfélagið Hringurinn, Rauði krossinn og Krabbameinsfélag Íslands ríkisspítulunum tveggja herbergja íbúð við Leifsgötu 5 í Reykjavík þar sem fyrirhugað er að hafa gistiaðstöðu í lengri eða skemmri tíma fyrir aðstandendur tveggja barna með illkynja sjúkdóma. Ríkisspítalarnir munu annast rekstur íbúðarinnar, en greiðslur fyrir afnot af íbúðinni eru enn óákveðnar, en stefnt er að því að þeim verði mjög stillt í hóf ef þær verða þá einhverjar.“

Hér má skjóta því inn í að þetta hús var formlega afhent nýlega og ber að fagna því að það skuli nú komið í nýtingu. Mun umræðan hér á hv. Alþingi hafa orðið til þess að drifið var í því máli og er það vel. En áfram segir hæstv. ráðh.:

„Ljóst er að margt er enn ógert í þessum efnum. Margir foreldrar veikra barna, svo og þeir sem koma til Reykjavíkur utan af landsbyggðinni til að leita sér lækninga, eiga oftast nær ekki í önnur hús að venda en hjá vinum og ættingjum eða þá í húsnæði sem þeir taka sjálfir á leigu meðan á meðferð stendur. Í nokkrum tilvikum hefur ráðuneytið haft milligöngu með að útvega húsnæði og þá hefur oft verið leitað samkomulags við félagsmálastofnanir, annaðhvort í Reykjavíkurborg eða þá á höfuðborgarsvæðinu, og það hefur í sumum tilfellum tekist og öðrum ekki.“

Herra forseti. Frá því þetta mál var tekið upp á Alþingi höfum við flm. orðið varir við áhuga margra

og orðið ljóst að þessi vandi er e.t.v. meiri og þungbærari en nokkurn grunaði. Væri hægt að nefna um það mörg dæmi og segja margar raunasögur. Það verður því ekki lögð of þung áhersla á nauðsyn þess að leysa þennan vanda. Það er ekkert stórmál fyrir ríkissjóð, en það er stórmál fyrir þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem hlut eiga að máli og þetta er mikið réttlætismál.

Það er mikið talað um byggðamál við öll tækifæri. Það var m.a. gert í umræðu um till. hér áðan og kosningabaráttan, sem nú er hafin af fullum krafti, snýst öðrum þræði um byggðamál. Þetta þingmál, sem hér er til umræðu, er að mínu mati byggðamál. Á höfuðborgarsvæðinu er margvísleg þjónusta sem ekki er unnt að veita annars staðar á landinu, þar með talin sérhæfð læknisþjónusta af ýmsu tagi og ýmiss konar sérnám. Landsbyggðarfólk á ekki annars úrkosti en sækja hana til höfuðborgarinnar og það skapar vitanlega umtalsverðan aðstöðumun sem nefna mætti mörg dæmi um. Húsnæðisvandinn er þar stærstur, og raunar vaxandi, sem stafar einfaldlega af því að það er nú liðin tíð að landsbyggðarfólk eigi alltaf vísan samastað hjá ættingjum í höfuðborginni eins og áður var. Kemur þar hvort tveggja til, að tengslin eru töluvert að rofna á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins, því miður, ættartengslin og fjölskyldutengslin ekki jafnsterk og áður, og svo hitt að heimavinnandi húsmæðrum hefur mjög svo fækkað og heimilin á höfuðborgarsvæðinu því ekki jafnvel í stakk búin til að taka á móti gestum og gangandi og veita þeim húsaskjól sem þurfa að leita þjónustu hingað. Það er því okkar álit að það beri að leita leiða til að jafna þennan aðstöðumun.

Ég velti því reyndar fyrir mér að benda á þann möguleika í grg. að virkja samtakamátt, góðvilja og dugnað þeirra ýmsu félaga og klúbba sem láta sig líknarmál varða og hafa oft lyft grettistaki og færu vafalaust létt með að safna fé til kaupa á húsnæði sem mætti nota í þessu skyni. En mér fannst kannske fullfrekt að hafa slíkt á þskj. þótt ég geti ekki stillt mig um að orða þetta í þessari umræðu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till. Ég hygg að grg. og fskj. skýri alveg það sem hér er um að ræða og legg til að henni verði vísað til síðari umr. að lokinni þessari umræðu og til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samskipti menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis á Norðurlandi eystra, fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 338. mál. — Þskj. 588.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur raforkunotenda, fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 379. mál. — Þskj. 688.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Þáltill. sem hér um ræðir er ásamt mér flutt af Birgi Ísl. Gunnarssyni, Birni Dagbjartssyni, Stefáni Guðmundssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Guðmundi Einarssyni.

Ályktunargreinin er á þá leið að Alþingi álykti að fela iðnrh. að skipa nefnd til að gera tillögu um samræmda uppbyggingu á gjaldskrám og reglugerðum rafveitna í landinu með það að markmiði að tryggja réttarstöðu rafmagnsnotenda og sem eðlilegasta samsvörun verðlagningar og tilkostnaðar. Í nefndina verði skipaður einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. rafveitna, einn samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambandsins og einn án tilnefningar, sem sé formaður nefndarinnar.

Eins og kunnugt er eru reglugerðir rafveitna og taxtar allfjölbreytileg að uppbyggingu og fyllsta ástæða til að leita samræmis í þeim efnum. Hér er ekki verið að tala um sama raforkuverð um allt land heldur samræmi í uppbyggingu taxtanna og reglugerða rafveitnanna. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að rafveitunum er afhent eins konar einokunarhlutverk um dreifingu og sölu raforkunnar hver á sínu svæði. Við samningu reglugerða og taxta fyrir þessi fyrirtæki er nauðsynlegt að réttur neytandans komist til skila og að skilgreindar séu eðlilegar skyldur rafveitnanna gagnvart raforkunotendum.

Nú mun það að sjálfsögðu vera svo að rafveiturnar hafa sjálfar samið sínar reglugerðir og taxta og þess vegna er hér reyndar gerð tillaga um að aðrir komi þar að, fulltrúar neytenda, fulltrúar verkalýðshreyfingar, fulltrúar atvinnurekenda. Í greinargerð með till. er þetta rakið nokkru nánar og þær ástæður sem liggja til þess að eðlilegt sé að leita einföldunar í uppbyggingu rafveitnanna og ætla þeim ekki afskipti af því nema í mjög takmörkuðum mæli til hvers raforkunotandinn sé að nota þá raforku sem hann kaupir en þess gætir allnokkuð í þeim gjaldskrám sem í gildi eru.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þessa till., en legg til að henni verði vísað til hv. iðnn.

Sverrir Sveinsson:

Herra forseti. Góðir þingmenn. Vegna þskj. 688, till. til þál. um rétt raforkunotenda, vill Samband ísl. rafveitna taka fram eftirfarandi. Ég bað það að taka saman grg. um þáltill. Mér fannst vegna þess að það er svo stutt eftir að þingtímanum ástæða til að fram kæmi hvað Samband ísl. rafveitna hefur raunverulega gert á undanförnum árum til að samræma

þessar gjaldskrár og reglugerðir.

Ég vísa til að fram kemur í till. að nauðsyn beri til að tryggja rétt neytandans við setningu reglugerða svo að hans réttur sé ekki fyrir borð borinn. Ég minni á að markmið um rekstur rafveitnanna er að sjálfsögðu að tryggja rafveitunum heilbrigðan rekstur, en reglugerðirnar hafa verið settar af viðkomandi stjórnum rafveitnanna á hverjum tíma eða sveitarstjórnum. Raunverulegt form þessara reglugerða var sett á sínum tíma af atvmrn. Ég hygg að réttur neytandans hafi vissulega fengið þá umfjöllun sem honum ber í gegnum sveitarstjórnirnar og stjórnir rafveitnanna annars vegar og ráðuneytin hins vegar.

Gjaldskrár raforkufyrirtækjanna og reglugerðir hafa frá upphafi verið eitt meginviðfangsefni sambandsins eins og sambærilegra samtaka í nágrannalöndum okkar. Til að upplýsa um þær umræður sem hafa átt sér stað hin síðustu ár hefur verið tekið saman og ljósritað nokkuð af þeim erindum sem flutt hafa verið um efnið á fundum sambandsins og má telja að þetta efni gefi góða mynd af viðfangsefninu.

Það er: Þróun og markmið í gjaldskrárgerð, aðalfundur SÍR 1982. Reglugerðir og gjaldskrár hitaveitna, vetrarfundur SÍR og SÍH 1984, eftir Jónas A. Aðalsteinsson hrl. Norræni gjaldskrárfundurinn á Húsavík 1984, eftir Kristján Haraldsson. Gjaldskrárstefna June Pete í Helsinki 1984, sami fundur, Þorleifur Finnsson. Kostnaðarréttargjaldskrá, sami fundur, Haukur Pálmason. Og Reglugerðir raforkuveitna, vetrarfundur SÍR og SÍH 1985, Jónas Aðalsteinsson hrl.

Eins og þm. er kunnugt annast mörg fyrirtæki sölu og dreifingu á raforku til notenda í landinu. Gjaldskrá þeirra er mismunandi og fer eftir því hve langt fyrirtækin hafa komist í þróun gjaldskrármála sinna. Að hve miklu leyti þeim hefur auðnast að hafa gjaldskrár sínar kostnaðarréttar fer eftir ýmsu. Fyrirtækin eru sjálfstæð og hvert með eigin stjórn. Nokkuð er mismunandi hver sjónarmið þeirra eru og niðurstöður í gjaldskrárgerð fara eftir því hver er heildarniðurstaða annars vegar tæknilegra og hins vegar pólitískra sjónarmiða.

Samband ísl. rafveitna er vettvangur margra fjárhagslega sjálfstæðra fyrirtækja, annars vegar í sölu og hins vegar í dreifingu á raforku. Sambandið hefur ekki vald til að skipa félögum sínum fyrir og telur slíkt heldur ekki við hæfi þar sem samkeppni og samanburður ætti fremur að njóta sín. Leitast hefur verið við að fræða og leiðbeina félögum í gjaldskrár- og reglugerðarákvæðum með gagnasöfnun og þjónustu. Nokkuð hefur áunnist en ekki nægilega að þess dómi.

Það sem á vantar má rekja til margra hluta: 1. Markaður fyrirtækjanna er mismunandi. 2. Fjárhagsstaða þeirra er ólík og kostnaðarskipting. 3. Verðstöðvun undanfarandi ára hefur og leikið þau misjafnlega. 4. Sjónarmið stjórna þeirra, t.d. á niðurgreiðslum, millifærslun og tillit til byggðasjónarmiða, er ólíkt. Sem dæmi um slíkt eru hitunartaxtar í dreifbýli og marktaxtar í landbúnaði. Verð til skipa í höfnum fer mjög eftir mismunandi aðstæðum.

Nokkur undanfarin ár hefur verið unnið á vegum sambandsins að eftirfarandi þáttum sem snerta þetta mál:

1. Samræming gjaldskráa. Sambandið hefur leitast við að bera saman raforkuverð milli félaga sinna, annars vegar Íslands og annarra landa hins vegar. Það sem áunnist hefur er að menn eru smám saman að taka upp sambærilega gjaldskráruppbyggingu þótt væntanlega verði haldið áfram ólíku verði og skilgreiningu taxta. Sambandið vinnur nú þegar að því að semja rammagjaldskrá fyrir sína félaga með því markmiði að einfalda verðútreikning á raforku og auðvelda um leið allan samanburð á raforkuverði.

2. Samræming bókhalds. Ákveðið er að leitast við að samræma bókhald raforkufyrirtækja, m.a. í því skyni að samræmi verði í taxtaskilgreiningum og öllum megi ljóst vera á hverju taxtar byggjast, hvort þeir eru kostnaðarréttir eða byggðir á jaðarkostnaði.

3. Reglugerð fyrirtækjanna. Í nokkur ár hefur verið unnið að undirbúningi samræmdrar reglugerðar fyrir dreifiveitur. Talið er mikilvægt að reglugerðir sé í stöðugri vinnslu þannig að þær spegli þann veruleika sem fyrirtækið starfar við. Þar sem flutningur fólks milli landshluta er mikill, menntun rafvirkja sambærileg um landið, sala raffanga og verktakasamningar á verktakamarkaði í vaxandi mæli á landsvísu er talið að gott samræmi sé í reglugerðaruppbyggingunni. Lögð er áhersla á að vald stjórnar hvers fyrirtækis í þessum efnum sé í engu skert. Hins vegar þarf að gæta atriða sem tryggja mega að fyrirtækin starfi vel.

Gerð rammareglugerðar er nú lokið og hefur verið send til kynningar í iðnrn. og verður hún tekin til afgreiðslu á aðalfundi SÍR í júní n.k. og send stjórnum raforkufyrirtækjanna.

4. Tæknileg tengiskilyrði. Það kom strax í ljós þegar unnið var að reglugerðarmálum að gera þurfti tillögur að tæknilegum tengiskilyrðum raforkufyrirtækjanna. Skilyrðin eru fyrirkomulag lagna og búnaðar þar sem rafveitan og kaupandinn mætast. Hér er t.d. fjallað um fyrirkomulag mæla svo að eitthvað sé nefnt. Hér þarf á mikilli sérþekkingu að halda þar sem samræmi er milli þess sem hér gerist og í öðrum löndum, að tækniframfarir verði ekki takmarkaðar, að orkuþjófnaður geti ekki átt sér stað og slysahætta takmörkuð svo sem verða má. Hefur lengi verið unnið að þessum þætti og er nú lokið við skilyrðin og þau send iðnrn. til kynningar. Þau verða á sama hátt og reglugerðin tekin til afgreiðslu á aðalfundi SÍR og send stjórnum fyrirtækjanna til frekari ákvörðunar. Telja verður nauðsynlegt að tæknilegu tengiskilyrðin verði eins um land allt til að tryggja samræmingu í störfum verktaka og að ljóst sé hvernig framleiðendur raffanga tengist veitunum.

Þess er að vænta að upplýsingar þessar geti gefið mönnum vísbendingu um stefnu Sambands ísl. rafveitna og það viðfangsefni sem sambandið hefur með höndum.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu vegna þess að ég er ekki svo viss um að þetta mál nái afgreiðslu í þinginu svo að menn hafi það í þingtíðindum hvað sambandið hefur þó unnið í þessum málum.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir þær upplýsingar um það starf sem hefur verið unnið innan Sambands ísl. rafveitna, sem er greinilega þó nokkuð, og ég þykist sjá það í hendi mér að það muni auðvelda starf þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um að tilnefnd verði af hálfu iðnrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógrækt ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. GT o.fl., 378. mál (aðsetur). — Þskj. 685.

Flm. (Guðrún Tryggvadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 685, um flutning á höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins, sem ég hef lagt fram ásamt Jóni Kristjánssyni og Sverri Sveinssyni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins ásamt embætti skógræktarstjóra verði fluttar að Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu."

Ég vil taka það fram í upphafi að með Völlum er hér að sjálfsögðu átt við Vallahrepp sem gjarnan er í daglegu tali þar eystra nefndur Vellir.

Í till. felst að opinber stofnun, Skógrækt ríkisins, verði flutt frá Reykjavík austur að Hallormsstað þangað sem mestir skógar eru og skógrækt lengst komin á landinu. Nú um árabil hefur verið rætt um að flytja ýmsa opinbera þjónustuþætti út á land í þeim tilgangi að efla stöðu landsbyggðarinnar og auka fjölbreytni í atvinnulífi, en fábreytt atvinnulíf úti um landið er tvímælalaust ein af meginorsökum fólksflóttans þaðan á undanförnum árum. Í framhaldi af því tel ég að við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að atvinnulíf landsmanna hefur þróast nokkuð í tvær meginættir. Annars vegar hefur orðið til eitt allsherjar þjónustusvæði hér við Faxaflóann, en á hinn bóginn framleiðslusvæði í hinum landshlutunum. Þetta er því miður staðreynd, meira að segja töluleg staðreynd, og þetta er hættuleg þróun.

Það má ekki skilja orð mín þannig að ég fylgi einhverri aðskilnaðarstefnu og stilli upp höfuðborgarsvæðinu annars vegar en landsbyggðinni hins vegar. Þvert á móti. Ég tel að landið okkar sé ein heild og við eigum að líta á það þeim augum, en það er líka í okkar valdi að ráða því hvernig atvinnulíf þróast í landinu. Það þróast ekki af sjálfu sér án stjórnar.

Allir þeir stjórnmálaflokkar sem heyrst hefur í að undanförnu hafa ályktað um að efla beri jöfnuð í byggð landsins. Með því að styðja þessa till. fá þeir tækifæri til að sýna það í verki.

Við skulum hafa það hugfast að fólksfækkun á framleiðslusvæðum landsins er neikvæð þróun sem dregur úr þeirri gjaldeyrisöflun sem þar á sér stað og við verðum að koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram að gerast, eins og fróðir menn hafa verið að spá að undanförnu. Það verður ekki glæsilegt um að litast í landinu okkar um aldamót ef þær spár ná að rætast. Ég efast um að nokkur Íslendingur óski eftir að svo verði.

Menn hefur nokkuð greint á um réttmæti á flutningi opinberra þjónustuþátta frá höfuðborgarsvæðinu, einkum að því er varðar stórar stofnanir í heilu lagi, og hafa ýmsir talið hyggilegra að setja upp deildir eða útibú frá slíkum stofnunum úti um land. Þó hafa fáir mælt því í mót að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins væru betur komnar á þeim stað þar sem mestir skógar eru á landinu, mest gróska í tilraunum og skógrækt lengst komin, þ.e. á Hallormsstað, enda er nú þegar stærsta útibú Skógræktar ríkisins þar og raunar fer stór hluti af starfsemi Skógræktar ríkisins fram á þeim stað.

Rétt er að minna á það hér að í tillögum stofnananefndar um flutning ríkisstofnana frá 1975 er Skógrækt ríkisins talin meðal fyrstu stofnana sem nefndin taldi sjálfsagt að yrðu fluttar. Við það má svo bæta að sú stofnun sem hér um ræðir er hvorki stór í sniðum né mannmörg svo ekki ætti það að torvelda flutning þannig að fátt eða ekkert stendur í veginum tæknilega séð.

Samkvæmt upplýsingum frá landbrn. er yfirstjórnin á Skógrækt ríkisins í Reykjavík með starfslið upp á fimm og hálfa stöðu. Auk þess ber að taka fram að Skógrækt ríkisins býr við fremur þröngan húsakost í leiguhúsnæði.

Flutningi Skógræktar ríkisins hefur áður verið hreyft hér á Alþingi, þó án endanlegrar umfjöllunar eða afgreiðslu. Þá var að einhverju leyti inni í myndinni að taka Húsmæðraskólann á Hallormsstað undir starfsemina. Ég vil taka það fram að þá ráðstöfun tel ég engan veginn koma til greina í dag. Bæði er það að í húsmæðraskólanum eru mikil umsvif, svo sem vefnaðar- og matreiðslunámskeið á vetrum og gistihúsrekstur á sumrin, og því má ekki sleppa.

Skógrækt ríkisins á það fyllilega skilið að fá hentugt húsnæði til frambúðar fyrir sínar höfuðstöðvar, og það helst í timburhúsi úr völdum viði. Slíkt væri vel við hæfi á Hallormsstað. Þar þyrfti að vera aðstaða til námskeiðahalds í skógrækt fyrir bændur um nytjaskóga og fyrir almenna borgara og áhugamenn um skógrækt almennt. Enn fremur

mætti hugsa sér að hefja þar kennslu í skógrækt á framhaldsskólastigi, enda segir í lögum um Skógrækt ríkisins að eitt af hlutverkum hennar sé að leiðbeina og kenna skógvernd og skógrækt, að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

Árið 1899 voru samþykkt lög frá Alþingi um verndun Hallormsstaðaskógar, en Skógrækt ríkisins tók við skóginum þegar hún var stofnuð með lögum í nóvember 1907. Er því vel til fallið að búa Skógrækt ríkisins framtíðarheimili að Hallormsstað á þessu 80. afmælisári.

Mér er ljóst að allnokkur hluti af starfi skógræktarstjóra og yfirstjórnar Skógræktar ríkisins er tengdur stjórnsýslunni í Reykjavík. En með síauknum tækniframförum í hvers konar fjarskiptum er þróunin að verða sú að gamla góða fundarformið er á undanhaldi, enda er ekkert því til fyrirstöðu að halda fundi ef þörf krefur þó að menn séu staddir á sitt hvoru landshorninu. Ég vil minna á sjónvarpssíma, myndsegulbönd og hátalarasíma, þeir munu sjá til þess. Þar að auki er ég viss um að þeir skógræktarmenn sem eiga erindi við yfirstjórn Skógræktar ríkisins hlytu bæði gagn og gaman af því að koma til Hallormsstaðar í stað Reykjavíkur.

Hallormsstaður hefur um áratuga skeið verið vagga skógræktar á Íslandi. Þar er skógurinn með mjög efnilegri ræktun nytjaskóga og þar fara fram mikilvægustu uppeldistilraunir á landinu. Í Mörkinni svokölluðu var stofnsett gróðrarstöð árið 1903, en uppeldisstöðin þar hefur stækkað margfalt og breyst frá þeim tíma. Nú fer uppeldið að mestum hluta fram í gróðurhúsum þar sem notaðar eru nýjar og betri aðferðir.

Í Mörkinni hefur verið plantað á þessu 80 ára tímabili fjölda trjátegunda sem Skógrækt ríkisins hefur flutt til landsins og ná hæstu trén þar allt að 17 m. Árið 1980 voru 49 tegundir innfluttra trjáa í Hallormsstaðaskógi frá um 200 stöðum.

Í upphafi skógræktar á Hallormsstað var skógurinn girtur, en friðun hins víðlenda birkiskóglendis fyrir búfjárbeit var ekki alger fyrr en upp úr 1940. Árangur friðunarinnar varð sá að staðurinn er nú nær óþekkjanlegur frá því sem var í upphafi aldar. Nú hafa til viðbótar verið girt ný svæði á þrem nærliggjandi jörðum þannig að alls eru um 2000 ha af skógi innan allra girðinga.

Á nýju svæðunum hefur tekist vel til með ræktun á lerki en það hefur breytt hrjóstrugum móum í frjósöm gróðurlendi. Lerkinu fylgir sveppur sem gerir því kleift að vaxa nánast í möl einni saman og í lerkibreiðunum vex þessi sveppategund nú í tonnatali. Þar með hafa bæst við hlunnindi sem eiga eftir að hafa ómælda þýðingu á lerkiræktarsvæðum því að lerkisveppur er meðal bestu ætisveppa sem finnast.

Nú hafa um nokkurt skeið staðið yfir breytingar á búháttum í landbúnaði. Samdráttur í hefðbundnum búgreinum er óumflýjanleg staðreynd og reynt er að beina bændum inn á nýjar brautir. Ræktun nytjaskóga er tvímælalaust ein þeirra leiða sem fara skal, enda er almennur áhugi á því innan bændasamtaka á Austurlandi sem og víðar. Rétt er að minna á í því sambandi að héraðsáætlun í skógrækt fyrir Fljótsdalshérað er þegar hafin fyrir áratug eða meira. Þar er gert ráð fyrir að skógrækt verði búgrein bænda.

Herra forseti. Tillaga sú sem ég hef mælt fyrir hér er í raun prófsteinn á vilja stjórnvalda til að flytja opinbera þjónustuþætti út á land, en það hefur gífurlega þýðingu fyrir þróun byggða í nánustu framtíð. Með flutningi höfuðstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað, þar sem vaxtarsprotar skógræktar eru, næðist ekki eingöngu stór áfangi í byggðamálum heldur einnig þróun nýrrar stórbúgreinar í landbúnaði. Verum minnug þess að trén vaxa á meðan við sofum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. þessari verði vísað til atvmn.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Það geta verið fá orð um þessa tillögu þó að vissulega gefi hún tilefni til býsna mikilla umræðna vegna þess að hv. 1. flm. kom inn á stofnananefndina sem starfaði á sínum tíma og átti að leggja grunn fyrir stjórnvöld að ákveðnu munstri sem hægt væri að nota varðandi flutning stofnana og stofnun útibúa og deilda frá öðrum ríkisstofnunum. Ég get að sjálfsögðu lýst fyllsta stuðningi við þá till. sem hér er um að ræða. Ég hef áður gert það þegar hún var flutt á Alþingi af Kristjáni heitnum Ingólfssyni sem þá sat á þingi og einhverjum með honum sem ég man reyndar ekki hverjir voru sem skiptir ekki máli, en hann var þar frumkvöðull að.

Ég sat sjálfur í stofnananefndinni sem hv. 1. flm. minntist á og sú nefnd vann að mínu viti býsna gott starf í því að leggja til ákveðið munstur, eins og ég sagði, sem stjórnvöld gætu farið eftir. Þar var að vísu nokkuð djarft teflt með margt, flutningur ákveðinn á býsna mörgum stofnunum. Útibúastofnanir voru þar mjög á dagskrá og eins deildir frá höfuðstöðvunum hér syðra. Það sem fór mest fyrir brjóstið á mönnum þá og þótti fjarstæðukenndast í tillögum þessarar stofnananefndar var flutningur ákveðinna ríkisstofnana út á land. Við höfðum að vísu fyrirmyndina frá Noregi þar sem þeir höfðu bjargað sinni landsbyggð á sínum tíma með því að dreifa ákveðnum stofnunum til staða úti á sinni landsbyggð og þó sumt hafi þar mistekist í áranna rás hefur meiri hlutinn af því staðist tímans tönn.

Það var hins vegar merkileg upplifun í sambandi við veruna í þessari stofnananefnd að tregðan í sambandi við þetta var mest hjá starfsfólki viðkomandi stofnana. Það var alveg sama við hvaða starfsfólk var rætt. Það var alls staðar sett ekki bara spurningarmerki heldur sáust merki hinnar mestu skelfingar ef þetta fólk ætti að dæmast til að hverfa frá sínum heimkynnum hér í Reykjavík. Um það er ekki spurt þegar fólk þarf í stórum stíl af fjöldamörgum ástæðum að leita hingað til höfuðborgarinnar og í óvissu í þokkabót í atvinnulegu tilliti eins og oft gerist.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um starf stofnananefndarinnar og afdrif þess álits sem voru dapurleg í þessu efni. Ég held nefnilega að hefðu menn reynt að framkvæma þó ekki hefði verið nema hluta af áliti stofnananefndar á sínum tíma, reynt að gera ákveðið átak í þessu, hefði það verið beint framhald af þeirri uppbyggingu úti á landsbyggðinni sem hófst upp úr 1971 og gjörbreytti öllu atvinnulegu tilliti þar og þjónustulegu tilliti líka. Það vantaði að mínu viti ákveðinn lokahnykk þar á og ég hygg að það hefði verið býsna stór þáttur í þessu hefði verið unnt að koma einhverju slíku við.

Ég vil hins vegar segja það hér, af því að það er verið að ræða um þessa sérstöku stofnun, að þegar við vorum að ræða við hina einstöku aðila í ráðuneytinu, sem höfðu yfir þessum stofnunum að segja, sögðu þeir gjarnan sem svo: „Þið getið að sjálfsögðu ekki verið að flytja stofnanir út á land nema þið getið flutt Skógræktina austur á Hallormsstað." Það var mjög algengt viðkvæði. Þegar þeir voru að reyna að bjarga sínum stofnunum frá þeim voða að lenda út á land vísuðu þeir gjarnan á að það væri óhætt hins vegar að flytja Skógrækt ríkisins austur. Hitt er svo annað mál að það hefur ekki heldur orðið úr þeim sjálfsagða þætti og hefur þó margt breyst til batnaðar síðan bæði stofnananefnd lagði þetta til og eins síðan till. til þál. var flutt af Kristjáni heitnum Ingólfssyni í sambandi við samgöngur og greiðari samskipti á milli landshluta, sem var kannske eitt aðalmálið sem var haft sem mótbára gegn öllum flutningi stofnana, og svo auðvitað hinn gamli rígur milli landshluta sem kom þarna inn í og jafnvel milli byggðarlaga innan landshluta, því það kom glöggt fram í samtölum við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga á þeim tíma að þeir voru aldeilis ekki sammála um hvert stofnanirnar ættu að fara, til hvaða landshluta, og innan landshlutasamtakanna voru menn heldur ekki samstíga um hvar í landshlutanum stofnunin yrði staðsett ef hún svo kæmi, hvar útibúið yrði eða hvar deildin yrði. Við höfum auðvitað mörg dæmi um þann ríg sem landsbyggðin hefur goldið í ríkum mæli og við erum öll meira og minna utan af landsbyggðinni samsek um þessa eilífu togstreitu um hvað hver aðili, hvað hver staður eigi að fá í sinn hlut. Við erum öll meira og minna samsek um það. Í staðinn fyrir að toga öll í sömu áttina og reyna að leggjast á eitt um þetta höfum við dreift kröftunum allt um of með þessum hætti.

Þetta skulu ekki vera fleiri orð, aðeins stuðningur við þessa till. Hér er um einn sjálfsagðasta og eðlilegasta þáttinn í starfsemi ríkisins að ræða sem hægt er að flytja og unnt er með litlum tilkostnaði, með lítilli fyrirhöfn og að sjálfsögðu sem gott fordæmi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að styðja þessa till. þó ég sé þm. annars kjördæmis. Ég held að einmitt sá reipdráttur sem hefur verið á milli landsbyggðarþingmanna sé ein af mörgum ástæðum fyrir því hvernig okkur gengur að flytja þjónustufyrirtækin út á land. Ég man eftir því að þegar Sigurður Blöndal tók við sínu starfi, fluttist einmitt frá Hallormsstað og hingað, var ég einn af þeim sem vildu alls ekki undir neinum kringumstæðum flytja hann að austan. Ekki það að ég hefði út af fyrir sig neina hagsmuni af því eða mitt kjördæmi annað en að þetta var sú stefna sem ég hef alltaf haft frá fyrstu tíð.

Síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi Seljan, minntist á Noreg í þessu sambandi og hvað þeim hefði gengið. Þá má minna á að þeir eru með fylkjaskipan og það er léttara fyrir þá að koma þessu fyrir vegna þess að fylkin eru með ákveðna þjónustu fyrir hvert svæði, hvert fylki. Hér höfum við þetta ekki. Við erum í ákveðnu munstri má segja. Okkur finnst að þetta þurfi að vera eins og það er og þó það sé einn og einn og jafnvel nokkuð af fólki sem vill brjótast út úr þessum munstrum gengur það illa af ýmsum ástæðum. Ég held að það sé ástæðan ekki einungis með þetta mál heldur mörg fleiri þegar við reynum að ná samstöðu um að flytja stofnanir út á land, brjótast út úr munstrinu. Ef það tekst ekki með þessum hætti þarf að stokka þetta upp og verður gert hvenær sem það gerist.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka flm. þessarar till. fyrir að bera hana fram og ágæta framsögu hjá hv. 1. þm. Austurl.

Erindi mitt er aðeins það að styðja þessa till. og í því efni tek ég sérstaklega undir síðustu orð frsm. þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að þetta væri prófmál fyrir vilja stjórnvalda að flytja stofnanir út á land. Það er: Ef gengur illa að flytja þessa stofnun, sem á nánast hvergi annars staðar heima en á Héraði, hugsa ég að það verði erfitt að hreyfa öðru.

Hv. 2. þm. Austurl. kom upp og lýsti stuðningi við þetta mál einnig, en hann nefndi örlítið sem ég að vísu hafði heyrt um. Hann segir að fólkið sjálft vilji ekki fara með sínum stofnunum. Þarna er ábyggilega meginvandinn, að hreyfa þetta fólk. Það er létt að hreyfa það frá landinu og hingað suður, en það getur orðið erfiður reipdráttur, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi, að koma því aftur á réttan stað. Það gæti orðið erfiðara. En ég lýsi stuðningi við þetta mál.

Flm. (Guðrún Tryggvadóttir):

Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og lýst yfir stuðningi sínum við þessa tillögu. Ég fer héðan með miklu léttara hjarta en ég kom.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eyðing ósonlagsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 382. mál. — Þskj. 692.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 692 till. til þál. ásamt hv. þm. Sverri Sveinssyni, Gunnari G. Schram, Hjörleifi Guttormssyni, Magdalenu M. Sigurðardóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Karli Steinari Guðnasyni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að banna innflutning og notkun þeirra efna sem vísindamenn telja að valdi eyðingu ósonlagsins sem hjúpar jörðina.

Alþingi skorar einnig á ríkisstjórnina að hún hafi frumkvæði að því á alþjóðavettvangi að framleiðsla og notkun þessara efna verði bönnuð."

Ósonlagið sem hjúpar jörðina og ver okkur fyrir hinum hættulegu útfjólubláu geislum sólar er að eyðast. Á ósonlagið eru komin göt, hið stærsta yfir Suðurskautinu og er það að flatarmáli á stærð við Bandaríki Norður-Ameríku samkvæmt mælingu bandarísks gervihnattar sem hefur fylgst með þessari þróun. Svipuð áhrif hafa nú mælst á norðurhveli og hefur minna gat á ósonlaginu mælst yfir Svalbarða samkvæmt upplýsingum frá geimferðastofnun Bandaríkjanna. Þynningar virðist einnig gæta víðar í efstu lögum ósonlagsins.

Vísindamenn hafa spáð því að um næstu aldamót muni efstu lög ósonlagsins, sem verja jörðina fyrir hættulegustu geislum sólar, hafa þynnst um 30–40%. Þessi þynning veldur aukinni geislun sem hefur í för með sér aukningu húðkrabbatilfella, drepur svifið og smáskeldýr í hafinu, sem reyndar eru undirstaða alls lífsins í sjónum, loftmengun eykst og veðurfar breytist. Hiti mun hækka með tilheyrandi afleiðingum, ísmassinn á skautunum minnka og yfirborð sjávar mun á næstu 50 árum hækka um 1–1,5 m. Gróðursælustu svæði jarðar munu breytast í eyðimörk. Alvarlegustu afleiðingar þessara breytinga fyrir yfirborð jarðarinnar eru miklir þurrkar og flóð.

En hver er orsökin fyrir þessum breytingum? Vísindamenn eru ekki á eitt sáttir um það, en flestir telja efnamengun valda mestu um þetta. Efni þau sem hér um ræðir eru svokölluð klórflúorkolefni. Eftir að skaðsemi þessara efna varð ljós hefur verið reynt að takmarka notkun þeirra og víða er búið að banna notkun þeirra í úðabrúsum, enda nóg til af skaðlausum efnum í þeirra stað.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins eru efni þau sem um ræðir notuð hér á landi í ísskápum, kælibúnaði ýmiss konar, auk þess í alls konar úðabrúsum, allt frá hárlakki til astmalyfja.

Þessi mál heyra hér á landi undir eiturefnanefnd. Samkvæmt upplýsingum frá nefndinni hefur notkun klórflúorkolefna, m.a. í úðabrúsum, nokkrum sinnum verið rædd í nefndinni á undanförnum árum, en hún hefur tekið þá stefnu að bíða átekta og sjá hve miklu Svíum og Bandaríkjamönnum verður ágengt í tilraunum til að stemma stigu við notkun þessara efna.

Mest andstaða við bann á framleiðslu þessara efna kemur frá stórfyrirtækjum sem framleiða þau. Efnin eru ódýr í framleiðslu og notuð víða í iðnaði í frauðplast, einangrunarplast og í aðrar iðnaðarvörur, en skaðlausu efnin sem nota má í staðinn eru yfirleitt dýrari í framleiðslu.

Þessi efnamengun, sem ógnar nú lífi á jörðunni og jafnvægi náttúrunnar, er ekki vandamál einstakra þjóða. Þetta er alheimsvandamál. Ég bendi á að þessi mál eru mjög til umræðu víða um heim þessa dagana og í bandarískа vikuritinu Newsweek, sem ég er með hér og kom út í gær, er aðalefni blaðsins þetta mikla umhverfisvandamál. Með leyfi herra forseta langar mig til að lesa upphaf aðalgreinar blaðsins sem fjallar um afleiðingar eyðingar ósonlagsins:

„Það er árið 2037 eftir Krist. Flóðaviðvaranir hafa verið sendar út í París og Fíladelfíu, götur New York-borgar eru einn metra undir vatni og flestir borgarbúar flúnir. Farsóttir, svo sem herpes-húðsjúkdómurinn, lifrarbólga og augnsjúkdómar sem leiða til blindu, geisa í Brasilíu, á Indlandi og í Miðjarðarhafslöndunum. 10. árið í röð hefur húðkrabbamein aukist gífurlega og nú er um hálfur milljarður tilfella í heiminum. Langvarandi þurrkar hafa enn einu sinni eyðilagt nær alla hveitiuppskeruna í Bandaríkjunum og á Krímskaga. Sjómenn segja að skeldýr og rækja séu alveg horfin úr heimshöfunum. Íbúar Stokkhólms stunda sólböð í nóvember. Ferðamannaþjónustan blómstrar á Suðurskautinu. Síbería er orðin hveitiforðabúr heimsins.

Er þetta hrakspá eða vísindaskáldsaga? Ef til vill. En svona gæti heimurinn verið eftir 50 ár ef ekki verður gripið fljótt til róttækra aðgerða í umhverfisvernd alheimsins."

Við Íslendingar höfum ekkert aðhafst til að sporna gegn notkun þessara klórflúorkolefna. Það ætti þó ekki að vera erfitt fyrir okkur þar sem nóg er til af skaðlausum lofttegundum sem komið geta að sama gagni þar sem þessi efni eru notuð hérlendis. Við ættum að ganga fram með góðu fordæmi og koma til liðs við þær þjóðir sem þegar hafa tekið upp baráttu gegn þessari efnamengun, til liðs í baráttunni fyrir áframhaldandi lífi hér á jörðunni. Þó svo að vísindamenn hafi ekki óyggjandi sannanir fyrir því að þetta sé orsök eyðingar ósonlagsins er eins víst að verði beðið eftir þeim sönnunum gæti verið of seint að bregðast við til varnar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér finnst aldeilis ófært að það standi ekki einhver annar upp og taki undir efni þessarar ágætu tillögu. Það eru allnokkur ár síðan ég frétti einmitt af þessum skaðvaldi ósonlagsins og hef mjög staðfastlega hafnað notkun allra úðabrúsa

síðan og þar með lagt mitt örlitla lóð á vogarskálina til að hamla gegn eyðingu ósonlagsins. Ég kættist því mjög þegar ég sá þessa till. og finnst hún ljómandi góð og vil lýsa stuðningi við hana og enn fremur þakka hv. 1. flm. fyrir að flytja hana og að gera svo ágætlega grein fyrir henni sem hún gerði.

Þar sem orðið er nokkuð áliðið og ekki kannske ástæða til að eyða tímanum í langar ræður hélt ég aftur af mér að standa upp áðan þegar síðasta till. var hér á dagskrá, en ef það er ekki mjög í andstöðu við þingsköp ætla ég að leyfa mér að lýsa stuðningi við hana sömuleiðis.

Tryggvi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek innilega undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það væri til skammar að taka ekki undir svo ágætt mál og ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir hans ágætu till. og öllum flm. sem þar eru.

Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að taka til máls vegna þess að ég er ekki vísindamaður á neinu sviði, en þegar búið er að setja gat á himinhvolfið held ég að það séu fleiri en vísindamenn sem geta talað.

Annað sem háði mér líka. Þegar hv. þm. fór að tala um árið 2037 hugsaði ég sem svo: Þetta kemur ekki mál við mig. En þetta er ekki rétt andsvar því að auðvitað er mál allra að svona skuli vera hægt að fara með himinhvolfið og okkar vistarveru sem við höfum ætlast til að yrði griðastaður fyrir afkomendur okkar, ekki einasta næstu kynslóð heldur kynslóðir. Það er svívirðing einber að fara svo með hina ágætu veröld.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Við sjáum nú að það er ýmislegt sem ógnar okkar jörð, okkar tilvist. Það er ekki kjarnorkan ein, þó hún sé það skelfilegasta í okkar huga, því það þarf ekki að verða nema slys, þá getur það ógnað lífi á stóru svæði jarðar. Þetta er eitt af mörgu sem ógnar lífi á jörðinni, það er einmitt það sem menn kannske vita ekki nógu mikið um samt sem áður, þetta er sannleikur í dag hver sem hann verður á morgun. Við vitum ekki betur en þetta sé rétt og þess vegna er það rétt fyrir okkur sem erum að ræða um þetta hér, jafnvel þó að á næstu áratugum sýni vísindin að þetta sé af öðrum ástæðum. Þannig hefur þetta verið í gegnum aldirnar. Það eina sem ég harma í sambandi við þennan tillöguflutning er það að ekki skuli vera hægt að samþykkja þessa till. tímans vegna. En í öllu falli verður umræða um þetta og vonandi láta fjölmiðlarnir sig þetta eitthvað varða frekar en ýmsar aðrar fréttir sem héðan berast. En oft og tíðum er það nú því miður þannig með fjölmiðlana að þeir taka ekki upp það sem nauðsynlegast er og raunar áhugaverðast og merkast.

Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að flytja þessa till. Ég vona að við það muni stjórnendur hér rumska við og að reynt verði að taka þetta upp á erlendum vettvangi því að það er aðalatriðið og að við bönnum notkun þessara efna hér. Við getum auðvitað ekki farið fram á það að aðrir banni þessi efni nema við gerum það sömuleiðis.

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls. Það er margt sem ógnar tilveru okkar hér á jörðinni og komandi kynslóða, eins og komið hefur fram í máli manna í umræðum um þessa till., og mikilvægt að gripið verði til róttækra aðgerða í umhverfisvernd alheimsins hvað þetta varðar. Ég harma það að við skulum ekki geta gert eitthvað í málinu strax, en ég treysti því að við Íslendingar munum koma til liðs við þær þjóðir sem berjast gegn þessum vágesti og treysti því að þessi till. verði afgreidd fljótt og vel í gegnum nefndir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menntun stjórnenda smábáta, fyrri umr.

Þáltill. GGS og PS, 337. mál. — Þskj. 587.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 587 um menntun stjórnenda smábáta, en hana flytur ásamt mér Pétur Sigurðsson. Með leyfi hæstv. forseta les ég tillögutextann. Hann er svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frv. til laga um samræmda kennslu og próf stjórnenda allra skráðra smábáta annarra en fiskibáta. Skulu lögin miða að því að stjórnendur þessara báta hafi skipstjórnarréttindi.“

Þessi till. til þál. er fram borin fyrir ábendingar ýmissa þeirra sem starfa að menntun sjómanna og annarra. Ástæðan er sú að það er ljóst að áhugi Íslendinga, eins og fram kemur í grg. með till., á siglingum á skemmtibátum hefur aukist mjög á síðustu árum. Þar er bæði um að ræða siglingar á vélbátum og seglbátum og er óhætt að fullyrða að fjöldi þessara báta skiptir nú hundruðum og horfir ugglaust í mikla fjölgun á næstu árum. Þá hefur það aukist að ferðast sé á slíkum bátum milli Íslands og annarra landa. Á öðrum skipum en skemmtibátum, eins og menn vita, þurfa skipstjórnarmenn að hafa hið meira fiskimannapróf til slíkra ferða.

Hins vegar eru fæstir þeirra sem eiga skemmtibáta vanir sjómennsku og þurfa því að fá fræðslu í sjómennsku og siglingafræði auk þess sem nokkur þekking í veðurfræði er nauðsynleg fyrir þann sem á sjóinn fer.

Það má telja eðlilegt að þessum málum sé skipað með lögum og þar yrði fjallað um þessa kennslu og próf manna. Ég undirstrika að hér er ekki verið að tala um fiskibáta og ekki fjallað um atvinnuréttindi og lagaákvæði um þau. Hér yrði fjallað um samræmt

námsefni og próf undir opinberu eftirliti fyrir stjórnendur skemmtibáta. Með lagasetningunni yrði gert ráð fyrir því að stjórnendur allra skráðra skemmtibáta hefðu skipstjórnarréttindi. Ég vil undirstrika það að hér er einungis verið að fjalla um skráða skemmtibáta. Til skýringar á því hvað þar er átt við, smábáta, skal vitnað til 1. gr. l. nr. 115 frá 1985 um skráningu skipa. Þar er mælt svo fyrir að sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra sé skráningarskylt samkvæmt þeim lögum. Hér er þá um að ræða skip sem eru stærri en 6 metrar á lengd sem þessi till. tekur til. Það er gert ráð fyrir að stjórnendur slíkra skráðra skemmtibáta afli sér þeirrar menntunar sem hér er talin nauðsynleg og raunverulega öfluðu sér þá skipstjórnarréttinda.

Það má velta því fyrir sér hvort þetta er nauðsynlegt eða sanngjarnt. Þessu er náttúrlega nokkur fyrirhöfn og kostnaður samfara, en á það má benda að það verður að teljast eðlilegt að dómi flm. með tilliti til krafna sem gerðar eru til stjórnenda annarra farartækja, svo sem flugvéla og bifreiða hér á landi. Á það má benda í þessu sambandi að algengt er að stjórnendur skemmtibáta taki með sér farþega til lengri og skemmri sjóferða. Og þá má telja líklegt að farþegarnir geri sér ekki alltaf grein fyrir því að ekki séu gerðar kröfur til kunnáttu hjá viðkomandi stjórnanda.

Hér er því um að ræða öryggisatriði, ekki aðeins fyrir þá sem eru eigendur og þá stjórnendur þessara báta, heldur einnig allra þeirra sem með þeim ferðast. Í íslenskum lögum eru nú engar kröfur um slíkt. Ég endurtek að hér er vitanlega ekki verið að fjalla um fiskibáta eða aðra báta sem reknir eru í atvinnuskyni, heldur þá tegund báta sem ég hef hér nefnt. En það er jafneðlilegt að til eigenda þeirra, umráðamanna og stjórnenda séu gerðar svipaðar kröfur og þegar menn aka bifreið eða afla sér flugvéla og þurfa þá að ganga undir flugpróf hið minna eða flugpróf hið minnsta. Fræðsla á þessu sviði er nauðsynleg og að dómi flm. mikið öryggisatriði.

Ég vil síðan leggja til að að lokinni þessari fyrri umræðu verði þáltill. vísað til síðari umr. og hv. félmn. Sþ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni umhverfisverndarsamningurinn, fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 380. mál. — Þskj. 690.

Flm. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðild Íslands að Norræna umhverfisverndarsamningnum sem er að finna á þskj. 690. Flm. till. auk mín eru þeir Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Valdimar Indriðason. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa tillögutextann, en hann er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa aðild Íslands að Norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var 19. febr. 1974 og hefur þegar tekið gildi milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands.“

Umhverfismál hafa í vaxandi mæli verið til umræðu hér á Alþingi, á þessu þingi og einnig hinum síðustu. Farið hefur vaxandi skilningur þm. sem annarra í þjóðfélaginu á mikilvægi þessa málaflokks, á mikilvægi þess að sett séu í lög og reglur ákvæði sem tryggja það að ekki spillist líf eða land og þá ekki síður hafið sem þjóðin byggir afkomu sína að svo miklu leyti á.

Norðurlandaþjóðirnar hafa lengi haft með sér nokkurt samstarf í umhverfismálum og m.a. var gerður árið 1974 norrænn samningur um umhverfismál og umhverfisvarnir. Kveikjan að gerð þess samnings var ályktun og umfjöllun á þingi Norðurlandaráðs á sínum tíma en hann hefur verið í gildi undanfarinn áratug eða svo. Samningurinn var undirritaður 19. febr. 1974 en tók ekki gildi fyrr en nokkru seinna þegar þau fjögur ríki sem að honum eru í dag aðilar höfðu fullgilt hann. En eitt ríki Norðurlandanna stendur enn utan þessa norræna samstarfs og það er Ísland. Þessi þáltill. er flutt í því skyni að vekja athygli á þessum samningi, þessum norræna umhverfisverndarsamningi, og í öðru lagi að hvetja íslensk stjórnvöld, þ.e. ríkisstjórnina, til þess að undirbúa að við Íslendingar gerumst aðilar að samningnum.

Ég skal engum getum að því leiða hvers vegna við höfum ekki gerst nú þegar aðilar. Ég hygg þó að ástæðan hafi verið sú að lengi vel þótti umhverfisvandi vera mun minni á Íslandi en í hinum þéttbýlli nágrannalöndum okkar, svo sem Danmörku, og þess vegna e.t.v. ekki ástæða til þess að við gerðumst aðilar að þessum samningi. En málin hafa breyst. Þar hefur skipast veður í lofti svo sem mönnum er kunnugt.

Ég minni á vaxandi loftmengun sem nú veldur miklum usla, loftmengun sem berst frá Bretlandi og meginlandsríkjunum norður til Norðurlanda og miklum usla hefur valdið í norrænum skógum og vötnum þar sem fiskadauði fer mjög vaxandi og þarf ekki að orðlengja um. Ég minni einnig á þá miklu geislamengun og loftmengun sem kom í kjölfar Chernobyl-slyssins í Sovétríkjunum.

Bæði þessi tilvik sýna að mengunin virðir engin landamæri og getur borist á skammri stund mjög langar leiðir milli þjóðlanda, hundruð ef ekki þúsundir km á mjög skömmum tíma. Það sýnir að okkur er ekki sú sama vörn í einangrun landsins í umhverfisefnum eins og menn áður töldu. Það er einmitt þess vegna sem flm. telja fulla ástæðu til þess að ríkisstjórnin hefji undirbúning að aðild okkar að þessum norræna sáttmála.

Efnisatriði hans eru rakin í grg. þannig að ég ætla

ekki að fara ítarlega út í þau á þessari stundu. Meginatriði samningsins eru þau að íbúar allra Norðurlandanna eru jafnsettir að því er varðar heimtu skaðabóta vegna tjóns sem valdið er á umhverfinu hvar sem það tjón á sína uppsprettu eða sitt upphaf.

Það þýðir að ef um er að ræða mengun sem berst til Íslands frá einhverju hinna Norðurlandanna, þá hafa íslenskir ríkisborgarar sama rétt til þess að krefjast skaðabóta og íbúar þess lands þar sem umhverfistjónið átti sér stað. Á sama hátt hafa íslenskir ríkisborgarar rétt samkvæmt samningnum til þess að kæra fyrirhugaða mengandi framkvæmd, t.d. byggingu verksmiðju sem mengandi er talin eða losun úrgangsefna eða annars slíks sem á sér stað í einhverju Norðurlandanna. Þeir hafa rétt til þess á hvaða stigi undirbúningsins sem er, eða eftir að slík starfsemi er hafin, að kæra þessa starfsemi og krefjast þess að hún verði stöðvuð eða takmörkuð, allt eftir atvikum málsins hverju sinni. Þennan rétt höfum við hins vegar ekki nú. Við getum á þann hátt stöðvað slíkar framkvæmdir í öðrum löndum jafnt sem þær væru í okkar eigin landi eða jafnt sem við værum ríkisborgarar í því landi þar sem framkvæmdirnar eiga sér stað.

Á þennan hátt er Íslendingum skapaður innan ramma þessa samnings mikilvægur nýr réttur til þess að hafa áhrif til varnar skaðlegum mengunaráhrifum sem gætu borist hingað til lands vegna starfsemi sem á sér stað á hinum Norðurlöndunum. Ekki þarf að taka það fram í þessu sambandi að Norðurlandabúar mundu þá öðlast samkvæmt samningnum sama rétt gagnvart íslenskum yfirvöldum til þess að taka í taumana og kæra, kvarta eða lögsækja íslenska aðila, íslensk yfirvöld og opinberar stofnanir, ef þeir teldu að þær aðhefðust eitthvað sem mengunarhætta stafaði af í hinum Norðurlandaríkjunum.

Ég ætla ekki að rekja efni þessa samnings í lengra máli. Ég vil aðeins leggja áherslu á það að við flm. teljum að hér sé stigið nauðsynlegt skref, kannske ekki ýkja stórt en nauðsynlegt skref í átt til þess að búa í haginn á sviði umhverfisvarna betur en nú er um að ræða.

Að lokinni fyrri umræðu legg ég til að þessari till. verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námslán og námsstyrkir, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 375. mál. — Þskj. 676.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem gengur út á að fela menntmrh. að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578 frá 1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. jan. og 2. apríl á árinu 1986.

Þær reglugerðarbreytingar fólu það í sér að horfið var frá þeirri viðmiðun við framfærslukostnað námsmanna sem lög um námslán og námsstyrki gera ráð fyrir að viðhöfð sé og upphæðir námslána voru frystar miðað við framfærslukostnað haustmánaðanna 1985.

Hliðstæð till. var flutt seint á síðasta þingi þegar þá var ljóst orðið að ekkert yrði af fyrirhuguðum og áformuðum breytingum á námslánalöggjöfinni af hálfu hæstv. menntmrh. eða hæstv. ríkisstjórnar. Nú má segja að sama staða sé uppi að nýju þar sem ljóst er orðið að þær breytingar sem rætt hefur verið um að gera á námslánalöggjöfinni verða ekki að lögum á þessu þingi.

Sjálf tillgr. er einföld. Hún gengur út á að Alþingi feli menntmrh. að fella þessar reglugerðarbreytingar úr gildi þannig að gildi taki að nýju þau ákvæði um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna sem áður giltu.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess með aukafjárveitingum og lántökum að tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72 1982, um námslán og námsstyrki, út það ár sem er að líða.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, liggur það fyrir að ekki hefur orðið samstaða í hæstv. ríkisstjórn um að gera breytingar á námslánalöggjöfinni. Því er það till. okkar flm. að lögin verði þá látin gilda og sett í framkvæmd að fullu eins og þau eru og ekki verði viðhafðar áfram þær skerðingarreglugerðir sem hér hefur verið vitnað til og dregið hefur verulega í efa að standist ákvæði og anda laganna um námslán og námsstyrki.

Sú skerðing sem af þessum reglugerðum hefur leitt á rúmu ári lætur nærri að vera um 15–20% sem námslán eru nú lægri til námsmanna innanlands en þau væru ef fyrri viðmiðun væri viðhöfð. Til námsmanna erlendis er þetta að meðaltali einhvers staðar á bilinu 12–15%, en þar er um nokkurn mismun að ræða eftir einstökum löndum vegna þess að gengisþróun hefur haft áhrif á upphæðir námslána og ekki hefur verið tekið tillit til með eðlilegum hætti þeirra gengis- og kostnaðarbreytinga sem orðið hafa í einstökum löndum.

Fullt námslán til einstaklings hér innanlands er nú 22 350 kr. eða 4–5 þús. kr. lægra en lágmarkslaun í landinu. Ein höfuðröksemd þeirra, sem stóðu fyrir árásum og niðurskurði á námslánum á síðasta ári og síðustu misserum, var sú að vegna þess að dæmi fyndust um að námslán væru hærri en lægstu gildandi kauptaxtar þá væri þar um óeðlilegt hlutfall að ræða og lækka bæri lánin fremur en að hækka launin eins og skilja mátti af málflutningi sumra. Þessi röksemd er nú fyrir bí, þ.e. með tilkomu nýgerðra kjarasamninga hafa lægstu laun, lágmarkslaun hækkað langt upp fyrir námslánin og því snýr þessi röksemdafærsla í raun öfugt og mætti með sömu rökum rökstyðja nauðsyn þess að hækka námslán.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, og það erum við

flm. þessarar þáltill., að í sjálfu sér sé hin eina eðlilega viðmiðun útreiknings námslánanna framfærslukostnaður námsmanna og út frá honum eigi að ganga þegar þessi námslán, þessi námsaðstoð er reiknuð út. Það er í raun hin eina eðlilega viðmiðun og sú eina sem tekur tillit til aðstæðna námsmanna með þeim hætti sem löggjöfin um námslán og námsstyrki gerir ráð fyrir að gert sé.

Ég hef lauslega slegið á það, virðulegur forseti, hver kostnaðarauki gæti orðið af því að taka úr gildi reglugerðir þessar og úthluta því sem eftir er á yfirstandandi námsári og haustmisserinu miðað við að lögin giltu að fullu og skerðingarreglugerðir þessar væru ekki til staðar og er ljóst að þar gæti verið um kostnað á bilinu 150–250 millj. kr. að ræða. Þó færi það eftir því hvernig útreikningur námslánanna yrði meðhöndlaður á því námsári sem nú er að líða. En væntanlega mætti við vorúthlutun eða aprílúthlutun námslánanna koma til námsmanna þeim skerðingum a.m.k. sem annars yrðu á seinni helmingi námsársins.

Það væri freistandi, virðulegur forseti, að ræða svo ofurlítið almennt stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna en ég geri ekki ráð fyrir að knappur tími leyfi mikið af því tagi. Mig langar þó til að segja það að ég undrast þá skammsýni þeirra ráðamanna íslenskra sem talað hafa fjálglega um nauðsyn þess að skerða námslán og beita þar aðhaldi, koma þar á vöxtum og ýmsum öðrum aðhaldsaðgerðum, eins og sú kynslóð sem nú gengur í gegnum skólana sé sérstaklega varhugaverð í þessu tilliti og beita þurfi hinum ýtrustu brögðum til þess að hindra að hún dragi sér meira fé út úr Lánasjóði ísl. námsmanna en óhjákvæmilegt er.

Það sem er á ferðinni í ævisögu Lánasjóðs ísl. námsmanna er ósköp einfaldlega það að stærstu árgangar Íslandssögunnar eru að ganga upp í gegnum skólakerfið, að fleiri njóta nú réttar til námslána en áður var, að íslenskt námsfólk er fleira að hlutfalli en nokkru sinni fyrr. Þetta til samans gerir það að verkum að geysileg fjölgun hefur orðið á viðskiptavinum Lánasjóðsins og sú fjölgun er það nýtilkomin, sem og verðtrygging og hertar endurgreiðslureglur, að tekjur af þessari fjölgun eru að engu leyti eða mjög litlu leyti farnar að skila sér til baka. Það er því verið að brúa erfitt tímabil í ævi þessa sjóðs, en það mun taka enda eins og önnur slík. Og ef skammsýni ráðamanna nú um stundir og á næstu árum verður ekki til þess að eyðileggja fjárhag sjóðsins, þá verður hann að tiltölulega fáum árum liðnum verulega sjálfstæður hvað þetta varðar og getur að meiri hluta til fjármagnað eigin starfsemi með tekjum. Þetta liggur fyrir.

Mér er því óskiljanleg sú árátta, sem orðið hefur vart við á undanförnum misserum, að hegna þessum árgöngum Íslandssögunnar, sem nú eru að ganga upp í gegnum skólakerfið og koma til með að gera það á allra næstu árum, að hegna þeim sérstaklega fyrir það að þeir eru svona stórir og að þeir vilja mennta sig. Ég held að sú kynslóð ráðamanna, sem færi þannig með uppvaxandi æsku síns lands, fengi ekki góða dóma í mannkynssögunni ef slíkt óhappaverk yrði látið ske. Þetta eru nú einu sinni, virðulegur forseti, sömu stóru árgangarnir sem sprengdu utan af sér barnaheimilin, sem hafa sprengt utan af sér grunnskólana og eru nú við það að sprengja utan af sér Háskólann og Lánasjóð ísl. námsmanna — ósköp einfaldlega vegna þess að þetta eru stærstu áfangar líklega bæði fyrr og síðar sem þessi þjóð sendir til náms.

Það mætti svo enn rekja framtíð þessara sömu árganga lengra vegna þess að þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn, fara að festa sér húsnæði o.s.frv., koma þeir til með að búa við allt önnur og að mörgu leyti erfiðari kjör en þær kynslóðir, þeir árgangar sem á undan fóru. Enn fremur munu það verða þessir sömu árgangar og áratugir sem koma til með að bera þyngstar byrðar af lífeyrisgreiðslum framan af næstu öld þegar þar að kemur. Og þá verða það kannske gjarnan þeir, sem nú véla um málefni Lánasjóðsins sem ráðamenn í þessu þjóðfélagi, sem ætla að þiggja þann lífeyri sem námsmennirnir núverandi koma þá til með að greiða. Þannig hníga að því mörg rök að ef eitthvað væri, þá væri ástæða til að snúa þessu við og gera sérstaklega vel við þessa kynslóð sem nú er að fara upp í gegnum skólakerfið og mun gera það á næstu árum.

Þegar löggjöf um námslán og námsstyrki var sett á sínum tíma, henni var síðast breytt á árinu 1982, þá var það starf unnið þannig að um það náðist samstaða allra stjórnmálaflokka og námsmannahreyfinganna við ríkisvaldið. Þetta samkomulag náðist eftir mikla vinnu og þess vegna er sérstök ástæða til að vara við því að lokum að menn rjúfi það samkomulag, brjóti það upp með flumbrugangi og gerræðislegum vinnubrögðum, eins og ég leyfi mér að segja, herra forseti, að bryddað hafi á í málefnum Lánasjóðsins á undanförnum misserum.

Þessi till. er þó í raun fyrst og fremst flutt til þess að koma í veg fyrir að slíkar skyndiákvarðanir, án eðlilegs aðdraganda og eðlilegs samráðs við námsmenn og aðra málsaðila, raski eðlilegri framkvæmd laganna nr. 72 frá 1982, um námslán og námsstyrki. Þau lög eru að stofni til góð og réttlát og ég er þeirrar skoðunar að þeim verði ekki breytt til bóta nema þá að menn vandi sig mjög við það verk.

Það skal að lokum tekið fram að flm. þessarar till. eru til þess reiðubúnir að ræða sérstaka skattheimtu eða aðrar fjáröflunaraðgerðir til að standa straum af þeim kostnaði sem af samþykkt hennar mundi leiða á yfirstandandi ári.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, legg ég svo til að tillögunni verði vísað til hv. félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig engin goðgá að taka rispu hér um Lánasjóð ísl. námsmanna, en ég ætla að láta það vera, einkum og sér í lagi þar sem okkur er ráðherra vant. En sú aðgerð hans, sem till. þessi er sprottin út af, var, svo sem hér hefur verið

nefnt, einkar gerræðisleg og vanhugsuð. Má kannske segja með nokkrum rétti að við hv. alþm. hefðum átt að spyrna harðar við fótum þegar ráðherra beitti þessari aðgerð því að okkur hlýtur mjög mörgum að vera kunnugt um ýmis tilvik þar sem þetta kom mjög illa við námsmenn erlendis sem máttu þarna sæta mikilli skerðingu á sínum framfærslueyri. En þessi till. er viðbragð við þeirri gerð og ég vildi ekki láta hjá líða að lýsa fylgi við hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áætlanir á sviði samgöngumála, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 376. mál. — Þskj. 677.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Hér er tekið á dagskrá hvert stórmálið á fætur öðru. Ég ætla að mæla fyrir till. til þál. á þskj. 677, 376. máli, um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Flm. ásamt þeim sem hér talar eru hv. þm. Skúli Alexandersson og Helgi Seljan.

Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.

Stuðlað verði að samræmingu flutninga og flutningaleiða á landi, sjó og í lofti með opinberri stefnumörkun sem jafnframt taki mið af áformum um meiri háttar mannvirkjagerð, þróunarforsendum atvinnulífs og byggðasjónarmiðum.“

Í grg. eru nokkuð raktar ástæður þessarar till. og vísast til þess. Það er skoðun flm. að löngu sé tímabært að við Íslendingar eins og flestar nálægar þjóðir hafa gert förum að skoða í heild sinni samgöngumál og meiri háttar mannvirkjagerð og reynum eftir því sem kostur er að samræma og samhæfa áætlanir á þessu sviði til þess að forðast tvíverknað og óeðlilega skörun verkefna og til að tryggja það að eitt styðji annað eftir því sem kostur er og að samræmi sé í uppbyggingu á þessu sviði. Þetta hafa nálægar þjóðir þegar gert og ekki bara innanlands og gagnvart samgöngum sínum heldur gerist það nú æ algengara að hópar þjóða og jafnvel heilar heimsálfur eigi með sér samstarf á þessu sviði til að tryggja að samgönguleiðir séu sem eðlilegast samræmdar. Mætti nefna dæmi frá Norðurlöndum, frá Bretlandseyjum og meginlandinu og víðar að í þessu efni.

Það hefur talsvert verið unnið að áætlanagerð hér innanlands á sviði samgöngumála og má benda á ýmislegt í þeim efnum, svo sem langtímaáætlun í vegagerð, áætlanir um uppbyggingu hafna, lög hafa verið sett um röð virkjana og áætlanir hafa verið gerðar fyrir einstök landsvæði, einstakar sýslur og einstaka landshluta. Nú liggja fyrir hér á Alþingi tillögur um uppbyggingu flugsamgangna, frv. til laga um fjáröflun til flugmála og í framhaldi af því verður væntanlega lagt fyrir virðulegt Alþingi, þegar þau lög hafa verið samþykkt, þáltill. um langtímaáætlun í uppbyggingu flugvalla.

Á síðasta þingi var vísað til hæstv. ríkisstjórnar till. um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð og rætt hefur verið um nauðsyn þess að skipuleggja samgöngur á sjó, bæði innan fjarða og umhverfis landið.

Þetta er allt gott og blessað, svo langt sem það nær, virðulegur forseti, en það er tilgangur þessarar till. að leitast við að tryggja það að til komi af opinberri hálfu stefnumörkun þar sem yfirsýn yfir allt þetta svið er á einni hendi og reynt er eftir því sem kostur er að samræma allar þessar áætlanir og þessi áform.

Það er auðvelt að tína til dæmin um hvernig samgöngubætur eða framkvæmdir af þessu tagi geta breytt aðstæðum og haft áhrif. Þar má nefna aðstæður í atvinnulífi, í byggðamálum og aðstæður við mannvirkjagerð. Nokkur dæmi af því tagi eru tínd til í grg.

Það er svo að allar áætlanir stefna nokkuð inn í óvissuna hvað varðar fjármögnun og aðstæður á komandi árum, en það hlýtur engu að síður að teljast skynsamlegt að huga að samhengi hlutanna eftir því sem kostur er. Það er miklum fjármunum ráðstafað í þennan málaflokk og þyrfti reyndar að gera miklu betur. Þessi þjóð eyðir sjálfsagt til uppbyggingar samgöngumálanna þegar allt er talið ekki minna en 2,5–3 milljörðum kr., lauslega áætlað, og þyrfti í raun að gera mun betur þannig að það eru mikil verðmæti í húfi ef samræmingarstarf af því tagi sem hér er fjallað um getur leitt til betri nýtingar og sparnaðar á þessum sviðum.

Við sjáum ekki ástæðu til að fjölyrða í grg. um vinnubrögð við slíka skoðun. Það eru sérfræðingar til í landinu sem hafa nokkuð stundað þessi mál, ég nefni sérfræðinga í Byggðastofnun og innan Háskóla Íslands, landafræðideildar og víðar. Ég tel eðlilegt og við flm. að slíkum yrði falið að setja sér vinnulag, semja sér vinnureglur við slík störf.

Svo öllu sé til haga haldið má geta þess að þetta er auðvitað ekki ný hugsun undir sólinni. Þessum málum hefur verið hreyft hér á Íslandi, en lítið orðið úr framkvæmdum. Þó var það þannig að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, síðara ráðuneyti hans, var í stjórnarsáttmála eða samstarfsyfirlýsingu Alþb., Alþfl. og Framsfl., sem gefin var út af forsrn. í ágúst 1978, fjallað um þennan málaflokk undir liðnum samgöngumál og talað um að gera ætti samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta þar sem flutningar yrðu samræmdir.

Ragnar Arnalds, þáv. samgrh., setti á fót nefnd sem gjarnan var kölluð samgönguáætlananefnd og tók til starfa í byrjun febrúar 1979. Í skipunarbréfi

hennar var sömuleiðis talað um að gera ætti áætlanir fyrir landið og einstaka landshluta þar sem flutningar á sjó, landi og í lofti yrðu samræmdir. Síðan átti þessi nefnd að huga að skipulagi samgangnanna á breiðum grundvelli. Þessi nefnd starfaði nokkuð á árinu 1979, en virðist svo hafa lognast út af með einhverjum hætti í sviptingum stjórnmálanna síðla árs 1979 eða framan af árinu 1980 og 1. flm. hefur ekki séð að þessu máli hafi verið sinnt að ráði síðan.

Vikið er að því í grg. til að telja ofurlítið í menn kjark að ekki sé ástæða til að fælast frá því að ráðast í verkefni af þessu tagi af ótta við að það verði of viðamikið eða vaxi mönnum yfir höfuð. Hér er um stóran málaflokk að ræða þar sem eru samgöngurnar á breiðum grundvelli og meiri háttar mannvirkjagerð með í takinu. En það starf sem hér yrði unnið, ef af samþykkt till. þessarar verður, yrði væntanlega fyrst og fremst gagnasöfnun og athugun á fyrirliggjandi áætlunum á þessu sviði og úrvinnsla sérfróðra aðila. Ef til vill kæmi í ljós við athugun, og það er ekki ósennilegt, að það þyrfti að vinna betur að þessum málum á vissum sviðum, það vantaði áætlanir fyrir vissa hluta samgöngumálanna og þá þyrfti að vinna slíka vinnu. En niðurstaðan ætti að verða sú að menn gætu, nestaðir af þeim upplýsingum sem til þarf, komið sér niður á skynsamlega og heildstæða stefnumörkun á þessu sviði. Það er tilfinning okkar flm. að þær áætlanir, góðar eins og þær eru hver á sínu sviði, séu brotakenndar í heildarmyndinni og vinna þurfi að því að þær falli betur saman. Þetta er stórt hagsmunamál fyrir ýmis byggðarlög í landinu. Þar sem samgönguerfiðleikar eru miklir og jafnvel engin tiltekin samgönguleið, hvorki á landi, í lofti né á sjó, er í viðunandi standi, er mjög mikilvægt að það verði skoðað í heild sinni með hvaða hætti samgöngumálin verða best leyst, hvort það er með uppbyggingu flugvalla, með vegagerð eða jarðgangagerð, hvort til þurfi að koma samgöngur á sjó eða af einhverju öðru tagi. Þetta þyrfti að skoðast í samhengi.

Það er einnig augljóst, og um það eru rakin dæmi, að samgöngubætur eða tilteknar aðgerðir í samgöngumálum geta haft úrslitaáhrif á þróun atvinnulífs og mannlífs í viðkomandi byggðarlögum.

Að lokum er rétt að ítreka það, sem væntanlega allir hv. alþm. vita og skilja, að enginn einn þáttur hefur jafnmikil áhrif á þróun hins mannlega samfélags og einmitt samgöngur og þess vegna er sérstaklega nauðsynlegt að horfa til samhengis hlutanna á þessu sviði og reyna að tryggja eftir því sem kostur er farsælt samspil sem flestra þátta samgangna og annarrar mannvirkjagerðar í þágu lands og þjóðar.

Ég hef þá ekki fleiri orð um þessa till., en legg til að hún verði að loknum þessum hluta umræðunnar send til virðulegrar fjvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lán vegna greiðsluerfiðleika, ein umr.

Skýrsla félmrh., 288. mál. — Þskj. 516.

Félmrh. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég flyt skýrslu um störf ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar ríkisins og um lán vegna greiðsluerfiðleika, 288. mál á þskj. 516, sem lögð var fyrir Alþingi fyrr á þessu þingi.

Ég vil geta þess að það er mitt álit að þessi ráðgjafarstarfsemi, sem sett var á stofn við Húsnæðisstofnun ríkisins, sé með því mikilvægasta sem hefur verið gert í þessum málum um langan tíma og hafi skilað ótrúlegum árangri.

Sú skýrsla sem hér er lögð fram er tekin saman af ráðgjafarstöð stofnunarinnar og mun ég í örstuttu máli taka helstu atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Ráðgjafarnefnd húsnæðismálastjórnar samþykkti að veita um 575 millj. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum á árinu 1986. Á árinu 1985 var um 250 millj. kr. varið til sams konar aðgerða. Frá því í febrúar 1985 hefur því um 825 millj. kr. verið varið úr Byggingarsjóði ríkisins til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum. Þá er einnig að geta þess að á árunum 1983 og 1984 veitti Húsnæðisstofnun 4215 sérstök viðbótarlán, samtals að fjárhæð um 550 millj. kr. á núverandi verðlagi. Heildarfyrirgreiðsla 1983–1986 frá Húsnæðisstofnun nemur því um 1400 millj. kr. á verðlagi á s.l. hausti þegar þessi skýrsla var samin.

Jafnframt því sem veitt voru sérstök lán úr Byggingarsjóði ríkisins var lánum hjá bönkum og sparisjóðum breytt til allt að átta ára 1986, en til allt að fimm ára á árinu 1985. Áætlað er að um 100 millj. kr. hafi verið skuldbreytt hjá bönkum og sparisjóðum á árinu 1985. Ekki er vitað nákvæmlega um umfang skuldbreytinga 1986 þar sem því starfi var ekki að fullu lokið eða því uppgjöri þegar skýrslan var samin, en gera má ráð fyrir ekki lægri upphæð en á árinu 1985. Ætla má því að um 1,6 milljörðum kr. hafi á einn eða annan hátt verið varið til aðstoðar húsbyggjendum og íbúðakaupendum í greiðsluerfiðleikum á árunum 1983–1986 úr Byggingarsjóði ríkisins og hjá bönkum og sparisjóðum. Margir telja að þessi upphæð sé í raun miklu hærri vegna þess að fjárhæðir, sem umbreytt var í bankakerfinu og í lífeyrissjóðakerfinu, eru í raun ekki nema að litlum hluta inni í þessu dæmi.

Umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika 1986: Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar tók við 2265 umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika á árinu 1986 frá því byrjað var að taka við umsóknum í janúar og fram að 17. okt. 1986. Samtals voru samþykkt 1985 lán vegna greiðsluerfiðleika að upphæð 574 millj. 925 þús. kr. Meðallán var því um 290 þús. kr. Samtals var 280 umsóknum um slík lán synjað. Veðdeild Landsbanka Íslands hefur séð um

að greiða þær skuldir sem lántakendur hafa óskað eftir að viðkomandi lán skiptust á, nema í þeim tilvikum að veitt hafi verið lán vegna nauðsynlegra ólokinna framkvæmda, en 81 slíkt lán var veitt, samtals að fjárhæð 22 millj. 415 þús. kr.

Hér í skýrslunni kemur síðan samantekt á ýmsum upplýsingum varðandi umsóknir og afgreiðslu lána. Það er í fyrsta lagi um landshlutana, hvernig það skiptist. Það er skipting veittra lána úr Byggingarsjóði ríkisins 1979–1985 sem er einnig eftir landshlutum. Það er í þriðja lagi útvegun eigin húsnæðis, hvernig umsóknum er skipt eftir því hvenær umsækjendur keyptu eða hófu byggingarframkvæmdir með tilliti til ýmissa atriða sem hér eru töflur um. Þá er í fjórða lagi tekjur umsækjenda 1985. Í töflu er umsóknum skipt eftir ákveðnum tekjubilum fyrir árið 1985 með tilliti til eftirtalinna atriða: íbúðarstærðar, skulda og vanskila. Þá eru í fimmta lagi upplýsingar um fjölskyldustærð. Meðalfjölskyldustærð umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika var fjórir. Í töflum sem fylgja með þessari skilgreiningu er umsóknum skipt eftir fjölskyldustærð og með hliðsjón af eftirtöldum atriðum: íbúðarstærð, tekjum ársins 1984, tekjum 1985, skuldum og vanskilum.

Í álitsgerð, sem er sjöundi liður þessarar skýrslu, er lýsing á vandanum. Skipting umsókna um lán vegna greiðsluerfiðleika eftir því hvenær umsækjendur keyptu eða hófu byggingarframkvæmdir vekur athygli, eins og segir í skýrslu stofnunarinnar. Tæpur helmingur umsækjenda keypti eða hóf byggingu á árunum 1984, 1985 og 1986 eða um 47% umsækjenda.

Vandi þeirra sem keyptu húsnæði eða byggðu 1984 eða síðar stafar í langflestum tilfellum af því að umsækjendur réðust í kaup eða framkvæmdir sem ekki voru miðaðar við raunverulega kaupgetu þeirra. Þessu til áréttingar vísast til töflu 1 og töflu 3 sem fylgja hér með. Þar kemur m.a. fram íbúðarstærð umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika.

Við afgreiðslu umsókna um lán vegna greiðsluerfiðleika kom í ljós að stærstur hluti þeirra, sem keypt höfðu eldra húsnæði á árinu 1984 eða síðar, voru í vanda með afborganir af eftirstöðvaskuldabréfum. Margir virtust annaðhvort ekki hafa gert áætlanir fram í tímann umfram það sem sneri að útborgun íbúðar eða í áætlun hafi verið treyst á veruleg bankalán til að standa í skilum með eftirstöðvar. Hvort sem er virðist sem laun og kaupgeta séu oft ekki nægjanlega með í áætlunum íbúðakaupenda.

Þá er talið eftirtektarvert varðandi þá sem keyptu íbúðir á árunum 1984, 1985 og 1986 að tekjur virðast ekki ráða úrslitum við lýsingu vandans. Lágtekjufólk er að sjálfsögðu í vanda, sérstaklega það lágtekjufólk sem aflar lítils umfram það sem nauðsynlegt er til eðlilegrar framfærslu. En undarlegra er að allur fjöldi þeirra, sem höfðu þokkalegar og jafnvel mjög góðar tekjur, var engu síður í sama vanda og lágtekjufólkið. Í þessu sambandi vísast til töflu 4 þar sem fram koma tengsl tekna við íbúðarstærð, skuldir og vanskil eftir tekjum 1985. Vanskil hátekjufólks eru nánast þau sömu og vanskil lágtekjufólks, en skuldir og íbúðarstærð eru hins vegar mun meiri hjá hátekjufólki.

Þá er komið að þeim sem keyptu eða byggðu húsnæði fyrir árið 1984, þ.e. þeim sem urðu fyrir misgengi launa- og lánskjaravísitalna og voru í raun ástæða þess að sérstakur lánaflokkur var stofnaður hjá Byggingarsjóði ríkisins. Samkvæmt töflu 3 hér að framan kemur fram að óháð því hvenær umsækjendur um lán vegna greiðsluerfiðleika keyptu eða hófu framkvæmdir eru tekjur 1984 og 1985, skuldir og vanskil mjög svipuð. Íbúðarstærð þeirra, sem keyptu eða byggðu fyrir 1984, er hins vegar nokkru meiri en íbúðarstærð þeirra sem keyptu eða byggðu 1984 eða síðar.

Samkvæmt umsóknum um lán vegna greiðsluerfiðleika er ekkert sem bendir til þess að þeir, sem öfluðu sér húsnæðis fyrir 1984, hafi á nokkurn hátt staðið öðruvísi að því en þeir sem keyptu eða byggðu 1984 eða síðar. Ef ekkert misgengi launa og lána hefði komið til væru þeir sem leita hefðu þurft aðstoðar úr sérstökum lánaflokki Húsnæðisstofnunar eitthvað færri en raun ber vitni, en umsóknir hefðu engu að síður orðið margar.

Þá er hér talað um árangur og tekin nokkur dæmi. Sú aðstoð sem veitt hefur verið, þ.e. lán úr Byggingarsjóði ríkisins allt að 400 þús. kr. til allt að 31 árs, svo og skuldbreytingar hjá bönkum og sparisjóðum til allt að átta ára, hefur nýst umsækjendum misjafnlega. Best hefur aðstoðin nýst þeim sem höfðu nokkuð há lán hjá fáum bönkum og sparisjóðum. Í þeim tilvikum hefur verið auðveldast að fá sem mestu fjármagni skuldbreytt á sem lengstan tíma.

Hér er sett upp dæmi sem sýnir hvernig vel tekst til að minnka greiðslubyrði umsækjenda með láni vegna greiðsluerfiðleika og skuldbreytingum hjá bönkum og sparisjóðum. Þar er um að ræða mánaðartekjur um 80 þús. kr. Skuldir eru 1,8 millj. kr. Þar er flokkað fyrir umsókn hvernig bankalán hafa verið: 300 þús. kr. til fimm ára, bankalán 300 þús. kr. í eitt og hálft ár, önnur skammtímalán 300 þús. kr. til tveggja ára, lífeyrissjóðslán 400 þús. kr. til 20 ára og húsnæðismálastjórnarlán 500 þús. kr. til 13 ára. Heildarskuldir 1,8 millj. kr.

Síðan er dæmið sett upp eftir aðgerðir stofnunarinnar. Þar er bankalánið, sem var áður fimm ár, lækkað í 175 þús. kr., er nú orðið til átta ára. Bankalán, sem áður var í eitt og hálft ár, 300 þús. kr., er lækkað í 175 þús. kr. til átta ára. Önnur skammtímalán eru lækkuð um 150 þús. kr., en eru áfram til tveggja ára. Lífeyrissjóðslánið er óbreytt, 400 þús. kr. til 20 ára. Húsnæðismálastjórnarlánið, sem var 500 þús. kr., er óbreytt til 13 ára. En síðan kemur nýtt lán hjá Húsnæðisstofnun, þ.e. í gegnum ráðgjafarstofnunina, 400 þús. kr., sem er til 31 árs.

Afleiðingarnar af þessu eru þær að hér er lánið vegna greiðsluerfiðleika, 400 þús. kr., nýtt til að borga afborganir af óhagstæðum bankalánum, svo og öðrum skammtímalánum. Greiðslubyrði umsækj-

anda fyrir umsókn var orðin um 50% af heildarlaunum næstu tvö ár ef ekki hefði verið gert ráð fyrir misgengi lána og launa. Jafnframt er gert ráð fyrir að vanskil við lánastofnanir hefðu fengist framlengd eins og algengast hefur verið, þ.e. í hæsta lagi til 30 mánaða.

Eftir að umsækjandi fékk hins vegar lán vegna greiðsluerfiðleika og skuldbreytingar á bankalánum minnkaði greiðslubyrði hans niður í um 26% af heildarlaunum. Með þessari aðstoð var umsækjandanum gert mögulegt að halda íbúð sinni sem auðvitað var ekki hægt þegar greiðslubyrði lána var um helmingur af heildartekjum hans eins og fyrir afgreiðslu umsóknar.

Dæmi svipuð þessu eru algeng, þ.e. að greiðslubyrði umsækjenda minnkaði um allt að helming sem hlutfall af launum. Hjá nokkrum minnkaði greiðslubyrði enn meir, sérstaklega hjá þeim sem fengu aðstoð við að komast hjá uppboðum eða þegar aðstoðað var við að semja um skuldir sem komnar voru í innheimtu til lögfræðings. En það hefur verið eitt af mikilvægum aðgerðum þessarar stofnunar að semja um slíkt fyrir fólk sem hefði á engan hátt getað gert það á eigin spýtur.

Í lokaorðum frá stofnuninni kemur fram að sá misskilningur hafi komið fram í fjölmiðlum að lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna greiðsluerfiðleika séu gagnslaus og geri jafnvel illt verra, eins og oft hefur verið túlkað í fjölmiðlum. Ekki er hægt að benda á eitt einasta dæmi því til sönnunar að staða umsækjanda hafi versnað eftir aðstoð heldur þvert á móti. Eins og lýst hefur verið að framan hefur veðdeild Landsbanka Íslands séð um að greiða vanskilaskuldir umsækjenda eða inn á þær skuldir aðrar sem umsækjendur hafa óskað. Með þessu hefur verið tryggt að skuldir lántakenda hafa ekki aukist heldur hafa heildarskuldir verið jafnmiklar fyrir og eftir afgreiðslu umsóknar, en samsetning skulda vegna greiðsluerfiðleika hefur í öllum tilvikum minnkað með tilkomu láns, enda eru vextir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins þeir lægstu sem íbúðakaupendum og húsbyggjendum standa til boða auk þess sem lánstími annarra lána er alls ekki sambærilegur.

Eins og gefur að skilja hefur greiðslubyrði þeirra, sem veitt hefur verið lán vegna greiðsluerfiðleika, minnkað mismikið. Hjá sumum um allt að helming, öðrum minna, en öllum eitthvað.

Þeir íbúðakaupendur og húsbyggjendur, sem urðu fyrir aukinni greiðslubyrði lána vegna afnáms vísitölubindingar á laun á árinu 1983, hafa fengið ýmsa aðstoð við að koma þeirri greiðslubyrði í viðráðanlegt horf. Frá því í febrúar 1985 hafa verið veitt sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika úr Byggingarsjóði ríkisins, auk þeirra skuldbreytinga sem fram hafa farið hjá bönkum og sparisjóðum. Enginn hefur fengið greitt til baka þá auknu greiðslubyrði sem afnám vísitölubindingar á laun á árinu 1983 leiddi af sér, en hins vegar fara þau lán, sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins, langt með að bæta upp þessa auknu greiðslubyrði þó að þau þurfi að sjálfsögðu að greiða til baka.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að taka meira úr þessari skýrslu nú við framlagningu hennar. Ég vil aðeins vitna í blaðaviðtal við forstöðumann ráðgjafarstofnunarinnar, Grétar J. Guðmundsson, sem hefur unnið mjög gott starf í þessu hlutverki frá því að þetta var sett á stofn. Hann segir í þessu blaðaviðtali að á milli 6000 og 7000 húsbyggjendur og húskaupendur hafi fengið fyrirgreiðslu vegna greiðsluerfiðleika á árunum 1983–1986, samtals að upphæð hátt í 2 milljarða kr. á núgildandi verðlagi, þ.e. 1600–1700 millj. frá Húsnæðisstofnun, en auk lána stofnunarinnar er áætlað að skammtímalánum hjá bönkum og sparisjóðum að fjárhæð á þriðja hundrað millj. kr. hafi að tilhlutan ráðgjafarstöðvarinnar verið breytt í lán til lengri tíma.

Þetta er kjarni þessa máls. Ég vil aðeins í lokin segja það, eins og ég byrjaði raunar á, að ég tel að sú ákvörðun að veita þessa fyrirgreiðslu, sem hófst með ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1983 og hefur þróast í að þessi stofnun er nú orðinn fastur liður í starfsemi húsnæðiskerfisins, hafi orðið ákaflega farsæl. Stofnunin hefur fengið nýtt hlutverk með nýja húsnæðislánakerfinu þannig að nú fara starfsmenn hennar með öllum þeim tæknibúnaði sem þeir búa yfir yfir allar umsóknir sem inn koma. Þeir meta þessar umsóknir. Þeir veita fólki ókeypis ráðgjöf um hvernig það á að standa að umsóknum og framkvæmdum. Þeir ráðleggja því mikilvæga þætti í undirbúningi þessara mála og veita fólki hina mikilvægustu ráðgjöf án þess að það þurfi að borga krónu fyrir. Þetta vil ég leggja áherslu á og þetta er orðið viðurkennt því að flestallir sem ætla sér að fara í framkvæmdir, hvort sem þeir eru að byrja í fyrsta sinn eða ekki, leita mjög stíft til þessarar ráðgjafarstofnunar. Þess vegna undirstrika ég mikilvægi hennar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þessa skýrslu, en ég taldi eðlilegt að hún væri lögð fyrir Alþingi með öllum hennar upplýsingum. Henni hefur verið dreift til allra sem hana vilja sjá og lesa.

Magnús H. Magnússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þá skýrslu sem hér er til umræðu. Greiðsluerfiðleikalán Húsnæðisstofnunar hafa gert mikið gagn. Á því er enginn vafi. Ég er sammála hæstv. félmrh. um það.

Hitt er svo einnig augljóst að það vantar mikið á að þeir hafi fengið viðunandi úrlausn sem verst urðu úti vegna afnáms vísitölubindingar launa 1983 á sama tíma og lánskjaravísitalan var látin mæla af fullum þunga, látin auka skuldir og greiðslubyrði fólks frá mánuði til mánaðar meðan laun voru fryst. Það vantar mikið á að vandi þessa fólks hafi verið leystur. Hluta vandans hefur verið jafnað á allmörg ár til greiðslu, en sjálfur vandinn hefur á engan hátt verið leystur.

Ég tel að nauðsynlegt sé í fyrsta lagi að Húsnæðisstofnun hafi áfram umtalsverða möguleika á að veita

greiðsluerfiðleikalán, a.m.k. til þeirra sem fengu lán eftir gamla kerfinu.

Í öðru lagi að bæta með beinum aðgerðum a.m.k. hluta þeirra áfalla sem fólk varð fyrir vegna misgengisins árið 1983. Það má gera á ýmsan hátt. Það má t.d. gera í gegnum skattakerfið, eins og fulltrúi Alþfl. í milliþinganefnd um húsnæðismál lagði til, og það má gera með beinum aðgerðum eins og lagt er til í þáltill. Kjartans Jóhannssonar og fleiri Alþýðuflokksmanna um jöfnun húsnæðiskostnaðar, 16. mál þess Alþingis er nú situr, en þar er lagt til að þeim sem urðu fyrir mestu skakkaföllunum vegna misgengisins verði með beinum hætti bættur skaðinn að hálfu.

Hæstv. forsrh. sagði á sínum tíma að það hefði verið mikið pólitískt slys að láta lánskjaravísitöluna mæla af fullum þunga meðan launin voru fryst. Með greiðsluerfiðleikalánum var að hluta dregið úr sársaukanum sem slysinu fylgdi, en það vantar mikið á að sárið hafi verið grætt. Úr því verður að bæta.

Herra forseti. Mig langar að lokum til að leggja tvær spurningar fyrir hæstv. félmrh. Annars vegar hvort hann telur hugsanlegt, þegar sérstaklega stendur á, að skuldbreyta eldri lánum yfir í lán samkvæmt nýja húsnæðislánakerfinu, t.d. þegar svo stendur á að ráðgjafarþjónustan telur það æskilegt eða nauðsynlegt. Hins vegar vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort hann og hæstv. ríkisstjórn telji sig hafa leyst á fullnægjandi hátt vanda þeirra sem verst urðu úti vegna misgengisins á sínum tíma. Ef svo er ekki, hvaða áætlanir hefur hæstv. ráðh. þá uppi um frekari lausn vandans?

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil, eins og hv. síðasti ræðumaður, þakka hæstv. félmrh. fyrir birtingu þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu. Við þekkjum öll forsögu þessa máls og hana má enda að nokkru leyti lesa út úr þessari skýrslu þótt stuttaraleg sé og lengd hennar vitanlega í engu samræmi við stærð þess vanda sem er tilefni skýrslunnar. Æ ofan í æ höfum við rætt þennan vanda á Alþingi og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa verið óþreytandi að vekja máls á þessum vanda og reyna að þrýsta á um lausn hans. Ég minnti á í umræðum um skýrslu milliþinganefndarinnar að stjórnarandstaðan hefði neitað að samþykkja þinglok vorið 1985 fyrr en tekið hefði verið á vanda húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda eða svokölluðum misgengishópi og niðurstaðan varð stofnun milliþinganefndarinnar.

Þessi skýrsla staðfestir það, sem áður hafði reyndar komið fram, að ýmislegt hefur reyndar verið gert til að taka á þessum vanda og það ber að virða. En hvergi nærri nóg. Fólk var miklum óréttindum beitt og það er langur vegur frá því að það óréttlæti hafi verið bætt og leiðrétt. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það. Erfiðleikar þessa fólks stöfuðu að mínu mati í fæstum tilvikum af fyrirhyggjuleysi og ég mótmæli því, sem leynt og ljóst er ýjað að í þessari skýrslu, að menn hafi af svona hálfgerðum rataskap og fáráðlingshætti reist sér hurðarásinn fræga um öxl.

Í öllum þeim tilvikum sem ég þekki til hafði fólk gert sínar áætlanir og notið jafnvel ráðgjafar sérfræðinga. Það hafði reiknað út kostnað og greiðslugetu og spáð varlega um tekjur og væri hægt að nefna ýmis dæmi um þetta. Ég veit t.d. um ágæta vinkonu mína og grandvara þar sem eru tvær fyrirvinnur sem komu yfir sig húsi. Það var allt reiknað út áður en þau lögðu í þessar byggingarframkvæmdir og þegar þau byrjuðu að borga af lánunum fór ⅓ af hennar launum í afborganir. Nú fara laun hennar eins og þau leggja sig í afborganir. Þótt þau gerðu þarna sínar áætlanir og legðu upp með ágæta útreikninga kom allt fyrir ekki eins og raunin var með svo marga því að aðstæðurnar breyttust. Misgengi launa og lánskjara var eitt, kostnaðaráætlanir annað, vaxtahækkanir það þriðja. Þetta eru fyrst og fremst þeir þættir sem hafa skipt sköpum, enda segir í skýrslunni á bls. 5 í lok kaflans sem heitir „Lýsing vandans“:

„Ef ekkert misgengi launa og lána hefði komið til væru þeir sem leita hefðu þurft aðstoðar úr sérstökum lánaflokki Húsnæðisstofnunar eitthvað færri en raun ber vitni, en umsóknir hefðu engu síður orðið margar.“

Hins vegar er ekkert leitast við að skýra þetta neitt frekar, hverjar eru ástæðurnar fyrst það er ekki misgengið. Hér vantar alla tengingu. Það er bara talað um að sumt veki athygli, annað sé eftirtektarvert og enn eitt undarlegt. Sú setning sem ég vitnaði til sýnir vitanlega fyrst og fremst að sú stefna sem fylgt hefur verið, þ.e. séreignastefnan, gengur ekki upp við breyttar aðstæður. Hún gekk upp þegar menn þurftu ekki að greiða lánin sín verðtryggð, en hún gengur ekki upp núna.

Við fáum upplýsingar í þessari skýrslu um hversu margir hafa sótt um lán vegna greiðsluerfiðleika og hve mörg lán hafa verið samþykkt og hve mörgum hafi verið synjað. En hér vantar upplýsingar um þá sem ekki varð bjargað. Hvar eru t.d. upplýsingarnar um þá sem seldu og komu út á núlli? Um það þekki ég mörg dæmi. Og hvar eru upplýsingarnar um þá sem misstu eignir sínar á nauðungaruppboði? Þessar upplýsingar, sem skipta að mínu mati öllu máli, eru ekki finnanlegar í þessari skýrslu.

Hér vantar líka upplýsingar um hversu margir leituðu aðstoðar ráðgjafarþjónustunnar oftar en einu sinni. Það minnir á að á síðasta þingi lagði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fram fsp. m.a. um þetta atriði og óskaði skriflegs svars, en þrátt fyrir ítrekun sem ég bar fram í umræðum um húsnæðismálafrv. í fyrravor barst þetta svar aldrei. Þessi fsp. var í þremur liðum og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„1. Hve margir festu kaup á íbúð eða hófu byggingu húsnæðis á árunum 1981, 1982 og 1983?

2. Hve margir þeirra sem keyptu íbúð eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983 hafa leitað aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á árinu 1986? Hve margir þeirra leituðu einnig til

ráðgjafarþjónustunnar á árinu 1985?

3. Hve mikið hefur eignatap þeirra einstaklinga orðið sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983?"

Með þessari fsp. fylgdi örstutt greinargerð sem ég sé ástæðu til að lesa hérna upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Óskað er eftir því í svari við þriðju spurningu að aflað verði upplýsinga úr skattaframtölum allra þeirra sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983 um heildartekju- og eignarskattsstofn fyrir hvert ár, þ.e. eignir að frádregnum skuldum fyrir skattárin 1980–1985. Þessar upplýsingar óskast settar fram á aðgengilegan hátt sem sýnir fjölda einstaklinga og þær fjárhæðir sem hver einstaklingur hefur tapað á tímabilinu 1980–1985. Allar tölur verði reiknaðar til verðlags við áramót 1985/1986. Óskað er eftir því að engin persónueinkenni tengist þessum upplýsingum. Reikna skal með heimilistekjum þar sem við á. Upplýsingar óskast sérstaklega um þann hóp sem leitað hefur aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á þessu ári. Þess er farið á leit að félmrh. láti ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar og Þjóðhagsstofnun leita þessara upplýsinga með tölvuvinnu."

Eins og ég sagði áðan var beðið um skriflegt svar og ítrekað innt eftir því fyrir þinglok á s.l. vori, en allt kom fyrir ekki. Svarið barst aldrei. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh., sem hafði vissulega góð orð um að þetta svar mundi berast, hvort þessar upplýsingar hafi ekki verið unnar og hvort ekki megi vænta þess að við fáum að sjá þær eða hvort þurfi að leggja fram sérstaka fsp. til að ýta á eftir því.

Það er reyndar annað sem ég sakna úr skýrslu sem þessari. Í henni er lögð töluverð áhersla á að tekjur ráði ekki úrslitum við lýsingu vandans og inn á það kom m.a. hæstv. ráðh. áðan. Það stendur hér m.a., með leyfi forseta:

„Eftirtektarvert er varðandi þá sem keyptu íbúðir á árunum 1984, 1985 og 1986 að tekjur virðast ekki ráða úrslitum við lýsingu vandans. Lágtekjufólk er að sjálfsögðu í vanda, sérstaklega það lágtekjufólk sem aflar lítils umfram það sem nauðsynlegt er til eðlilegrar framfærslu." — Og skyldi reyndar engan undra.

Raunar er kannske ástæða til að lesa hér aðeins lengra, með leyfi forsta:

„En undarlegra er að allur fjöldi þeirra sem höfðu þokkalegar og jafnvel mjög góðar tekjur var engu að síður í sama vanda og lágtekjufólkið. Í þessu sambandi vísast til töflu 4 þar sem fram koma tengsl tekna við íbúðarstærð, skuldir og vanskil eftir tekjum 1985. Vanskil hátekjufólks eru nánast þau sömu og vanskil lágtekjufólks, en skuldir og íbúðarstærð eru hins vegar mun meiri hjá hátekjufólki."

Hér vantar alla frekari greiningu. Ég vildi t.d. gjarnan vita hversu margir voru lágtekjumenn, en náðu svo hærri tekjum með margföldu vinnuálagi eins og tíðkast iðulega hjá húsbyggjendum sem eyðileggja heilsu og lenda í þessum fræga vítahring. Í mínum huga er orsök alls þessa ljós. Stefna stjórnvalda er einstaklega einstrengingsleg. Hún segir: Þú átt að byggja hvort sem þú hefur efni á því eða ekki. — Afleiðingin er oft og tíðum ofboðslegt vinnuálag sem í mörgum tilvikum leiðir til heilsutjóns og stundum þolir hjónabandið og fjölskyldulífið ekki það álag sem öllu þessu fylgir.

Ég vil sérstaklega benda á eina setningu í lokaorðum skýrslunnar, þ.e. kaflanum sem heitir Lokaorð. En neðst á bls. 6 segir svo, með leyfi forseta:

„Þeir íbúðarkaupendur og húsbyggjendur sem urðu fyrir aukinni greiðslubyrði lána vegna afnáms vísitölubindingar á laun á árinu 1983 hafa fengið ýmsa aðstoð við að koma þeirri greiðslubyrði í viðráðanlegra horf. Frá því í febrúar 1985 hafa verið veitt sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika úr Byggingarsjóði ríkisins auk þeirra skuldbreytinga sem fram hafa farið hjá bönkum og sparisjóðum."

Síðan segir: „Enginn hefur fengið greitt til baka þá auknu greiðslubyrði sem afnám vísitölubindingar á laun á árinu 1983 leiddi af sér, en hins vegar fara þau lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins langt með að bæta upp þessa auknu greiðslubyrði þó að þau þurfi að sjálfsögðu að greiða til baka."

Þetta er athyglisvert því að í þessu felst að minni hyggju viðurkenning á því, sem margir hafa haldið fram, þar á meðal margir þm., að fólk sem varð fyrir þessum órétti hefði átt að fá leiðréttingu í formi endurgreiðslna. Öðruvísi er í raun og veru ekki hægt að rétta hlut þess.

Margt af því sem síðar segir í þessum kafla hef ég þegar rætt, en ég vil ítreka mótmæli mín við fullyrðingum eins og þeirri sem kemur fram í skáletruðum texta á bls. 7 um að vandinn sé afleiðing rangra fjárfestinga og reyndar segir í öðru lagi lágra launa o.s.frv. Ég vil sérstaklega mótmæla þessu aftur, að þetta sé afleiðing rangra fjárfestinga. Svona er ekki hægt að segja útskýringalaust. Ég endurtek að margt af því fólki sem lent hefur í þrengingum vegna húsbygginga og íbúðarkaupa og á í þrengingum enn þá gerði áætlanir sem urðu því aðeins „rangar" að stjórnvöld rugluðu forsendum.

Hér er svo reyndar lítillega minnst á þann hóp sem virðist vera hálfgerður vandræðahópur í þjóðfélaginu, þ.e. þeir sem stunda eigin atvinnurekstur. Það segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Sumir hópar þjóðfélagsins hafa það lág laun að íbúðakaup þeirra eru á engan hátt möguleg. Fjölskyldutekjur umsækjenda um lán vegna greiðsluerfiðleika þar sem eru tvær fyrirvinnur og báðar í fullu starfi voru lægstar tæpar 500 þús. kr. fyrir árið 1985, en hæstar nokkuð yfir 2 millj. kr., þ.e. vel fjórfaldur munur. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar talað er um lág laun er ekki verið að tala um þá sem stunda eigin atvinnurekstur þó að tekjur þeirra flestra séu að sjálfsögðu við neðri mörkin."

En hvað er svo sjálfsagt við það og hvers vegna er þessi hópur alltaf utan við allt í þjóðfélaginu? Hann er líka utan við í þeim breytingum sem nú á að fara

að gera á skattalögunum. Þetta ætti ekki að vera neitt huldufólk. Er ekki einfaldlega kominn tími til að kanna aðstæður þeirra sem stunda eigin atvinnurekstur svo við sitjum ekki uppi með einhvern utangarðshóp í þjóðfélaginu sem við vitum ekkert um, fólk sem er tekjulægra en einstæðar mæður upp til hópa og þarf sérstaka meðhöndlun í öllum málum? Það verður fróðlegt að heyra álit hæstv. félmrh. á því.

Ég minnist þess að það komu fram upplýsingar í sambandi við þann hóp sem hefði leitað eftir þessum lánum sem boðið var upp á vegna greiðsluerfiðleika. Það komu fram þær upplýsingar að í þeim hópi, ef ég man rétt, voru tekjulægstu einstaklingarnir þessir sjálfstæðu atvinnurekendur. Þeir voru upp til hópa með lægri tekjur en einstæðar mæður úr þessum hópi. Það meira en hvarflaði að mér að flytja till. til þál. um að kanna félagslegar aðstæður þessa þjóðfélagshóps sem hlýtur að eiga afskaplega bágt.

Hér eru svo að lokum úrræðin sem skýrsluhöfundar benda á í niðurlagi skýrslunnar og úrræðin eru svo sem góðra gjalda verð svo langt sem þau ná, en þau felast í því að reyna að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Því miður eru svo margir dottnir í þennan brunn að það er ekki alveg nógu gott.

Í fyrsta lagi er hér talað um öflugt upplýsingastarf. Það er auðvitað sjálfsagt og ágætt, en þá er líka eins gott að forsendur breytist ekki. Og þá komum við enn einu sinni að því að það er ekki nóg að gera áætlanir ef síðan koma ruglarar og skekkja myndina.

Í öðru lagi er talað um að það þurfi að leiðbeina. Það er líka allt gott um það að segja, en ber að nákvæmlega sama brunni.

Ég held ég hlaupi yfir þriðja úrræðið og geymi mér það gullkorn þangað til síðast, en í fjórða lagi er talað um og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það:

„Í fjórða lagi þarf að setja á stofn þjónustu við þá sem hafa hug á að kaupa eldra húsnæði til þess að meta það ef óskað er. Með þess háttar þjónustu væri hægt að firra marga óþarfa kostnaði sem hlýst t.d. af göllum eða skemmdum sem ekki sjást nema með nákvæmri skoðun.“

Við veltum þessum punkti fyrir okkur og ég verð að segja að mér finnst þetta ekki geta tilheyrt verksviði húsnæðismálastjórnar. En þetta er í anda fyrirbyggjandistefnunnar að reyna að hindra fólk í því að ana út í ófæruna og má vel vera að eitthvert gagn væri að þessu. En ég hef sem sagt efasemdir um að þetta samrýmist hlutverki húsnæðismálastjórnar.

En þá er það þriðji punkturinn, rúsínan mikla. Ég er búin að lesa þessa setningu aftur og aftur og ég ætla að lesa hana upphátt, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Í þriðja lagi þarf Húsnæðisstofnun að koma í veg fyrir að þeir sem hafa það lág laun að íbúðakaup á frjálsum markaði eru ekki möguleg leysi húsnæðismál sín á annan hátt og forða þeim þannig frá algeru skipbroti.“

Samkvæmt orðanna hljóðan, eins og ég skil íslenskt mál, eiga þessar ágætu manneskjur alls ekki að fá að leysa húsnæðismál sín. Húsnæðisstofnun þarf fyrir alla muni að koma í veg fyrir það. Líklega má þetta fólk ekki einu sinni tjalda. Og hver er eiginlega meiningin með svona setningu? Í mínum eyrum hljómar þetta eins og argasta háð, en líklega á það ekki að vera svo. Kannske hafa menn ætlað að segja eitthvað allt annað með þessari setningu, en ég skil hana ekki. Hvert er eiginlega verið að vísa þessu fólki? Það stendur ekkert um það. Það á einfaldlega að koma í veg fyrir að það leysi húsnæðismál sín, enda á þetta fólk auðvitað hvergi heima í þeirri séreignastefnu sem hefur ríkt og virðist ætla að ríkja áfram hér á landi.

Það er ekki að undra þótt úrræða sé ekki getið og það er kannske ekki greiði við hæstv. ráðh. að vera að nudda um þessi mál. Ég veit að hann hefur slíka meðstjórnendur í ríkisstjórninni sem ekki vilja líta á einu úrræðin sem duga því að þau úrræði falla ekki inn í stefnuna. Það eru þau úrræði sem við Kvennalistakonur höfum margsinnis bent á og talað fyrir. Það verður að auka leiguhúsnæði í landinu. Öðruvísi verður ekki leystur vandi þeirra sem hafa ekki tekjur til að standa undir fjármagnskostnaði vegna húsnæðiskaupa eða bygginga. Að okkar dómi er þetta eitt brýnasta atriðið í húsnæðismálum nú og er verulegt áhyggjuefni hversu lítill áhugi virðist á því meðal ráðamanna og beinlínis andúð við það úrræði.

Ég vildi nú biðja hæstv. ráðh., auk þeirra spurninga sem ég beindi hér til hans, að skýra þetta þriðja úrræði sem er vitanlega ekkert úrræði og hreint og klárt öfugmæli nema það sé til háðungar. Þetta hlýtur að þarfnast einhverra skýringa. Ég vildi spyrja líka að því hvort það hafi ekki verið meiningin að benda á nein úrræði sem svo mætti kalla.

En ég segi það enn og aftur, og það skulu vera mín lokaorð hér, að það verður að gera stórátak í byggingu leiguhúsnæðis í landinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get haft mál mitt stutt. Ég tek í flestu undir þær athugasemdir sem tveir síðustu hv. ræðumenn hafa fært fram. Það er þarft að fá þessa skýrslu í hendur og ástæða að þakka ráðherra fyrir framlagningu hennar. Það liggur enn fremur fyrir, bæði í þessu plaggi og fleirum, að ráðgjafarþjónustan sem slík er góðra gjalda verð, enda er þar á ferðinni gömul tillaga Alþb. að koma á fót við Húsnæðisstofnun ríkisins eða innan húsnæðiskerfisins ráðgjafarþjónustu af þessu tagi.

Vandi húsbyggjenda og íbúðakaupenda á Íslandi s.l. ár er af margvíslegum toga. Það er þó fyrst og fremst tvennt sem hefur gerst sem haft hefur afgerandi áhrif til hins verra. Þar eru á ferðinni að sjálfsögðu kjaraskerðingin sem orðið hefur á Íslandi og hófst á árinu 1983 og hefur varað fram á þennan dag, a.m.k. ef miðað er við kaupmátt kauptaxta og svo það misgengi sem varð milli lánskjara og kaupgjalds.

Það liggur fyrir að þær lánveitingar sem fjallað er um að uppistöðu til í þessari skýrslu eru afleiðing af þessum vanda og það liggur jafnframt fyrir, eins og reyndar kom fram í ræðu hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar, að hópurinn sem fyrir þessu misgengi varð er óbættur hjá garði eftir sem áður. Það sem hefur gerst með þessum lánum og skuldbreytingum er ósköp einfaldlega það og sömuleiðis í raun með þeirri greiðslumiðlun sem jafnframt var tekin upp að vandanum hefur verið dreift á lengri tíma. Hópurinn fær mun lengri tíma en ella hefði orðið til að greiða skuldir sínar. Eftir sem áður er sá mismunur sem upp kom í reikningsdæmi einstaklinganna óbættur. Það gefur auga leið að sá mismunur verður óbættur þangað til til koma eftirgjafir eða framlög sem vega þann mismun upp. Ég er ekki þar með að halda því fram að því fólki, sem í erfiðleikum lenti og leitaði til Húsnæðisstofnunar, hafi ekki verið mikil hjálp í skuldbreytingum og lengingu lána. Það er auðséð að greiðslubyrði fólks minnkar á næstu árum og dreifist yfir lengri tíma.

Það er í þessu sambandi annar hópur húsbyggjenda og íbúðakaupenda frá undanförnum árum sem ég hef í raun og veru ekki síður áhyggjur af. Það er sá hópur sem ekki hafði stofnað til vanskila af því tagi að það opnaði honum mikla möguleika inn í þetta kerfi til að taka greiðsluerfiðleikalán. Þessi hluti húsbyggjenda hefur stundum verið nefndur kókkassahópurinn og vísar það til þess að ýmsir hafa ófullkomnar eldhúsinnréttingar við að búa og hafa kannske flutt inn á beran steininn, en hefur tekist að halda lánum sínum að mestu leyti í skilum á kostnað þess að húsnæðið hefur ekki verið fullbúið. Ég þekki marga slíka sem hafa allan þann tíma barist í bökkum, kannske frá árunum 1982, 1983, 1984, og rétt ráðið við að halda lánum sínum í skilum án þess að geta á nokkurn hátt klárað eða búið betur það húsnæði sem þeir eru staddir í.

Ég þekki jafnvel dæmi, herra forseti, um fólk sem hefur flutt inn í hús þegar svonefnt fokheldisvottorð hafði nýlega verið fengið, jafnvel þannig að tjörupappi var á þaki og plast fyrir gluggum, og síðan hefur verið búið í þeim húsum án verulegra úrbóta, jafnvel árum saman. Ég óttast að þessir aðilar verði í mjög þröngri og erfiðri stöðu áfram um langt árabil ef þeim stendur ekki á næstunni til boða einhvers konar viðbótaraðstoð. Ég tel að það þurfi að vera opinn á næstu árum lánaflokkur eða möguleikar til lána í Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem slíkir aðilar eiga innangengt. Ella mun ósamræmið milli þeirra sem ég er hér að tala um og hinna, sem njóta hinna nýju lánskjara eða fengið hafa mesta úrlausn í gegnum greiðsluerfiðleikalán, verða allt of mikið.

Það er óhjákvæmilegt að taka undir athugasemdir síðasta ræðumanns, hv. 7. landsk. þm., um ýmis ummæli í þessari skýrslu, sem komu mér reyndar þannig fyrir sjónir fyrst þegar ég leit á þau að ég hélt að viðkomandi höfundar væru að gera að gamni sínu og ættu fremur skilið verðlaun fyrir gamansemi en nokkuð annað. Sérstaklega eru það þessi kostulegu ummæli um að auðvitað séu sjálfstæðir atvinnurekendur með lágmarkslaun og í neðri tekjumörkum, það sé nánast náttúrulögmál og eðlilegt og óhjákvæmilegt að svo skuli vera. Ég veit ekki hvað kemur mönnum til að taka til orða með þessum hætti. Ef það er ekki gamansemi er það eitthvað annað sem ég ekki skil. Það væri fróðlegt að hæstv. ráðh. færi aðeins yfir það eða hvort hann veit hvað fyrir þessum starfsmönnum hæstv. ráðh. hefur vakað.

Ég vil einnig setja innan gæsalappa víssar fullyrðingar sem hér eru varðandi það að misgengið hafi ekki afgerandi áhrif lengur, a.m.k. gagnvart þeim sem enn eru í greiðsluerfiðleikum. Einnig er það sérstakt að menn skuli taka til orða eins og gert er efst á bls. 7, með leyfi forseta, að segja að auðvitað megi ekki skilja það sem hér hefur verið sagt sem svo að vandi húsbyggjenda og íbúðakaupenda hafi verið leystur að fullu. Ég held að engum sem læsi þessa skýrslu dytti það í hug og það sé alveg ástæðulaust að setja svona varnagla inn. Það hefur sennilega læðst að höfundunum sá grunur einhvern tíma að vandinn væri leystur að fullu, en svo hafa þeir hugsanlega áttað sig á því að einhver misbrestur yrði á því og þess vegna ákveðið að setja þessa setningu inn — eða hvað? Þetta er heldur léttúðarfullt tal um alvarlega hluti. Það vita væntanlega allir að enn eru fjölmargir húsbyggjendur og íbúðakaupendur í verulegum erfiðleikum og eru að drukkna undan bæði vinnuþrældómi og svo því þungbæra oki að sjá ekki fram á betri tíð, jafnvel áratugum saman, vegna þeirrar skuldasúpu sem þeir hafa steypt sér í til að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

En að öðru leyti þarf ég svo sem ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. Það verður á spjöldum sögunnar einn merkilegur kafli þegar frá líður sem mun fjalla um þá ótrúlega heimskulegu ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar frá vormánuðum 1983 að rjúfa með þeim hætti sem raun ber vitni samhengi kaupgjalds og annarra verðskuldbindinga í þjóðfélaginu. Ég hef margsagt að ég eigi þá ósk til handa íslenska lýðveldinu að svo vitlaus ráðstöfun yrði aldrei gerð aftur og engum detti framar í hug að það sé hægt í nútímaþjóðfélagi, þar sem samspil launa og fjárskuldbindinga er mjög margþætt og flókið, að taka hlutina þannig úr samhengi eins og hæstv. ríkisstjórn leyfði sér að gera vorið 1983 og að sú vitlausa tilraun verði aldrei aftur endurtekin.

En það er nauðsynlegt að muna það og undirstrika að lokum að hinn svonefndi misgengishópur er áfram með misgengið á bakinu þótt byrði þess hafi verið dreift yfir lengri tíma. Mér finnst í heild tónninn í skýrslunni og þó sérstaklega í framsöguræðu hæstv. ráðh. lykta fullmikið af því, ef svo má að orði komast, herra forseti, að reikningarnir hafi verið kvittaðir og menn hafi með þessum greiðsluerfiðleikalánum keypt sér eina allsherjar syndaaflausn vegna misgengisins. Svo er auðvitað ekki og enn er þetta misgengi óbrúað. Hvort það verður hægt að koma með einhverju móti því fólki til

aðstoðar og leiðrétta fyrir það ranglæti sem það varð fyrir, það skal ég ekki segja um. Það má öllum vera ljóst að það verður þeim mun erfiðara sem lengra frá líður. En það er þó skoðun mín og trú að það mætti með ráðstöfunum sem tengdust tilteknum árgöngum húsbyggjenda og íbúðakaupenda og t.d. með því að tryggja þeim í fyllingu tímans ekki lakari greiðslukjör á sínum fjárskuldbindingum en þeir hafa sem ganga inn í hið nýja húsnæðislánakerfi koma nokkuð til móts við þennan hóp í framtíðinni. Vonandi fær þjóðin svo góða ríkisstjórn á næstu mánuðum að slíkt gerist.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa farið fram og skal koma inn á örfá atriði sem hefur verið beint til mín.

Ég vil fyrst segja það vegna síðustu ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er fjarri mér að draga í efa að vandi allt of margra sem hafa ráðist í íbúðabyggingar eða íbúðakaup sé mjög mikill. Einmitt þær aðgerðir sem ég beitti mér fyrir, ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar, hafa sannað nauðsyn þess að skoða þann vanda miklu nánar en annars hefði verið. Þess vegna er engin ástæða til annars en viðurkenna hann og það hefur aldrei hvarflað að mér að gera það ekki. Ég hef heldur aldrei haldið því fram að þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til og að hluta til er verið að lýsa hér nálguðust að leysa allan vanda þessa fólks. Það hefur mér aldrei dottið í hug að segja og mundi aldrei gera. Ég veit að hann er mjög mikill, en hins vegar hafa komið í ljós mismunandi áherslur eða lýsingar, eins og er mjög víða í þessari skýrslu, og ég er ekkert að verja það orðalag sem þar kemur fram, að það gæti kannske orkað tvímælis í einstaka tilfellum. En það er alveg ljóst að reynt hefur verið eftir föngum að draga úr þessum vanda. Það er líka ljóst að margt af þeim vanda sem kemur fram í samskiptum við þá 6000–7000 aðila sem hafa leitað til þessarar stofnunar um þessi mál er sjálfskaparvíti. Það er enginn vafi á því þó að það sé fjöldinn allur og meiri hlutinn sem hefur lent í þessum erfiðleikum vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin varð að grípa til. Það er löngu viðurkennt og þarf ekki að deila um það. Svo augljóst er að það hlaut að hitta marga í sambandi við þær aðgerðir og hefur margoft verið lýst í hverju það hefur verið fólgið. Við þurfum ekki að deila um það hér.

Það er einnig svar við því, sem hér hefur komið fram, að allur þessi vandi hefur að sjálfsögðu ekki verið leystur. Það stóð aldrei til og hefur aldrei verið í þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið að það væri hægt að greiða fólki þennan mismun, jafna út þetta misgengi sem hefur verið talað um með því að reiða fé úr ríkissjóði til að greiða fólki beinar upphæðir í sambandi við það. Hins vegar var í þessum hugmyndum hugsað til þess að reyna að létta greiðslubyrðina á fleiri en einn hátt. Það voru sett lög um greiðslujöfnun fasteignalána. Það var að vísu tillaga, m.a. frá milliþinganefnd á sínum tíma og fasteignamatsnefnd, að þessari greiðslujöfnun yrði beitt á öll veðlán hvort sem þau voru í opinberum sjóðum eða bankakerfinu. Það náðist ekki samkomulag um það þannig að þessi greiðslujöfnun var einvörðungu sett á fasteignalán Húsnæðisstofnunar eða húsnæðissjóðanna og tilmælum beint til lífeyrissjóða að gera slíkt hið sama. Þannig voru lögin frágengin og þessi lög eru nú komin til framkvæmda, en því miður ná þau ekki yfir nægilega stóran hóp þeirra sem lentu í þessu misgengi. Fólk var eiginlega hrætt frá því af fjölmiðlum að sækja um þessi lán og því njóta miklu færri en vera þyrfti þeirrar afturvirkni sem var gert ráð fyrir að lán húsnæðissjóðanna gætu veitt í þessu tilfelli. Hins vegar er þessi greiðslujöfnun í gildi um öll lán sem voru tekin eftir gildistökudag laganna, en afturvirknin var ekki nógu mikil vegna þess að fólki var innprentað að það þýddi ekkert að vera að sækja um þetta, þetta væri gagnslaust. Það eru margir sem sjá eftir því í dag að hafa ekki gert það.

Sömuleiðis var ákveðið, og það var eitt atriðið í febrúarsamningunum svokölluðu, að veita sérstakan húsnæðisafslátt til þeirra sem væru að byggja í fyrsta sinn. Það var talað um að þetta yrði í tíu ár og þeir sem byggðu 1985 eða fyrr gætu valið um það í skattkerfinu hvort þeir færu inn á þennan afslátt eða héldu sig við það sem fyrir var. Þetta var látið í hendur hinnar svokölluðu laganefndar sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar settu á fót til að semja lögin sem tóku gildi í fyrra og það var gert ráð fyrir að tillögur frá þessari nefnd kæmu áður en þing kom saman í haust. En því miður virtist það eitthvað vefjast fyrir sérfræðingum okkar að koma þessu máli í höfn. Nefndin er að vísu að störfum enn, þessi laganefnd, undir forsæti hagstofustjóra, en þegar ákvörðun um staðgreiðslukerfi kom upp og breytingar á skattalögum í samræmi við það varð að ráði að taka þetta mál til athugunar í sambandi við þær úrlausnir sem eru að mínu mati ekki frágengnar enn og ekki nægjanlega mikið komið fram um hvernig þetta leysir það sem var gert ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina undir 7. lið þess samkomulags. Ég stend enn þá í þeirri meiningu, og átti síðast tal við nefndina fyrir þremur dögum, að hún hafi ekki lokið sínu hlutverki og við eigum eftir að sjá það við skattalagabreytingu núna eða í tengslum við þá breytingu sem fram undan er að þetta ákvæði komi fram þannig að það komi að notum fyrir það fólk sem stendur í þessum sporum í sambandi við húsnæði. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ekki sé hlaupið frá þessu atriði öðruvísi en það sé gert skilvirkara og ég mun beita mér fyrir því.

Ég held að hvað sem við segjum í sambandi við þetta mál sé eitt sem stendur upp úr og það er að sú aðgerð að ná verðbólgunni niður á það stig sem hún hefur verið í á undanförnum misserum er besta lausnin fyrir fólk sem er í erfiðleikum með að halda íbúðum eða koma yfir sig húsnæði. Það er alveg

ljóst. Það er það allra traustasta sem hægt er að hugsa sér í þessum málum. Ég tel að það sé það sem vegur þyngst í öllum aðgerðum sem verið er að gera og kunna að verða gerðar í sambandi við þessi mál.

Hv. 5. landsk. þm. kom inn á þetta sem ég var að ræða um áðan, hvort vandinn væri allur leystur. Það er gert ráð fyrir því í sambandi við það kerfi sem nú er í gangi, þetta nýja húsnæðiskerfi, sem á að leysa margan vanda með hækkuðum lánum, lengdum lánum o.s.frv. sem gerir greiðslubyrði minni og viðráðanlegri, að þessar skuldbreytingaraðgerðir eða aðgerðir í sambandi við ráðgjafarstofnunina haldi áfram. Það er þegar verið að vinna í þeim málum núna og búið að veita sérstöku fjármagni til að opna fyrir lánveitingar aftur. Það er þegar verið að vinna úr 100 millj. kr. í þessu skyni sem á að leysa úr öllu því sem liggur inni í stofnuninni af slíkum lánsumsóknum. Þess vegna tel ég eðlilegt, og ríkisstjórnin hefur í sjálfu sér fallist á það, a.m.k. út þetta ár, að viðhalda þeirri úrlausn sem felst í þessari ráðgjafarþjónustu.

Ég held að ég svari fsp. hv. þm. ekki öðruvísi en í sambandi við það sem er óleyst úr því samkomulagi og þeirri ákvörðun að reyna að bæta þennan hlut í sambandi við sérstakan húsnæðisafslátt. Það er enn þá ekki ljóst hvernig það kemur út, það er hluti af þessum úrræðum.

Hvað varðar skýrsluna sjálfa og gagnrýni á hana get ég alveg viðurkennt að skýrslan kemur fram án afskipta frá minni hálfu eða ráðuneytisins frá stofnuninni eða frá þeim aðilum sem bera ábyrgð á henni að því leyti til þó að sjálfsögðu beri félmrh. ábyrgð á skýrslunni sem slíkri. Í því eru kannske ekki nægilega miklar útskýringar á vissum þáttum, ekki síst í sambandi við þau lokaorð sem hér koma fram. Ég geri ráð fyrir því að sá sem samdi skýrsluna hafi, þegar hann er að tala um þá sem stunda eigin atvinnurekstur o.s.frv., átt við að það koma fram í sambandi við svona úrvinnslu ýmsir þættir sem má segja að séu óeðlilegir, t.d. þegar menn koma sem eru í greiðsluerfiðleikum eða sækja um nýtt lán samkvæmt nýja kerfinu en eru með svo litlar tekjur á líðandi stund og á liðnum árum að þeir eru varla matvinnungar. Þar af leiðandi er eðlilegt að það veki athygli manna sem eru að fást við vandasamt atriði eins og að greiða úr greiðsluvanda fólks. Það má segja að það sé ekkert óeðlilegt þó að það komi fram.

Þá er bent á hvað þurfi að gera í sambandi við Húsnæðisstofnunina. Um 3. liðinn held ég að hefði mátt orða öðruvísi. Auðvitað á hann við að þetta fólk verði að fá úrlausn í gegnum félagslega kerfið, þ.e. þetta fólk getur á engan hátt eignast eigið húsnæði og það verður þess vegna að komast í leiguíbúðaaðstöðu. Ég get sagt það hér, þó það komi ekki fram í þessari skýrslu, að það hefur verið leitað til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar í mjög mörgum tilfellum til að leysa vanda slíkra aðila sem hafa verið til meðferðar í stofnuninni. Það hefur sem betur fer tekist í flestum tilfellum. Þetta fólk hefur fengið inni í leiguhúsnæði Reykjavíkurborgar. Það er það sem skýrsluhöfundurinn á við með þessu þó að megi segja að það þurfi skýringu til að lesa rétt úr því. En það er skýringin á þessum þætti þessa máls.

Ég verð að taka það fram í sambandi við ummæli hv. 7. landsk. þm. um fsp. sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir lagði fram á síðasta þingi, 108. löggjafarþinginu, að þessi fsp. kom á síðustu dögum þingsins og fékk enga efnismeðferð. Ég tók fsp. og sendi hana strax til Húsnæðisstofnunar og Þjóðhagsstofnunar. Ég hef ekki dagsetninguna hjá mér. En því miður verð ég að viðurkenna að það hefur einhvern veginn fallið niður að ganga eftir þessum svörum. Það krefst yfirgripsmikillar vinnu að gefa slíkar upplýsingar. Ég man ekki heldur til þess að hv. fyrirspyrjandi hafi nokkurn tímann á haustþinginu 1986 ýjað að því hvort þessar upplýsingar væru væntanlegar. Ég verð að játa að svo er ekki. Ég hef ekkert látið kalla eftir þessu og hef ekki hugsað út í það á einn eða neinn hátt. Það verður að viðurkennast hér. Ég mun að sjálfsögðu í samráði við fyrirspyrjanda kanna hvernig þetta mál stendur í þessum tveimur stofnunum og gera ráðstafanir til þess að úr því sé unnið. Hins vegar sé ég í hendi mér að þetta er kannske meira verk en svo að þessir aðilar, í þeim önnum sem þeir hafa verið í, geti hraðað þeirri vinnu, en það er sjálfsagt að láta skoða það og ég skal fúslega gera það.

Um annað sem hér hefur komið fram sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að vanda þess fólks sem var með hálfkaraðar íbúðir og flutti í þær þannig, eins og margir hafa sjálfsagt gert á liðnum tímum. Það var ákveðið í því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu við ríkisstjórnina að hluti af því fjármagni sem var til staðar í sambandi við greiðsluerfiðleikalánin yrði notaður til að lána því fólki sem var í þeirri aðstöðu, hafði ekki getað lokið við byggingarframkvæmdir vegna þess að það var komið í greiðsluþrot, og voru sérstakar umsóknir sem var kallað eftir í sambandi við þá fyrirgreiðslu. Í skýrslunni kemur fram á fyrstu síðu að veitt hafi verið lán vegna nauðsynlegra ólokinna framkvæmda. Þau lán voru á s.l. ári 22,4 millj. Ég veit ekki betur en þeir sem hafi sótt um þessa lánafyrirgreiðslu hafi fengið úrlausn. Alla vega eru þeir ekki í þeim hópi sem fengu synjun þannig að þeir sem hafa sótt um í þessu tilfelli virðast hafa fengið fyrirgreiðslu.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja. Ég sé ekki ástæðu til að taka upp neinar efnahagsumræður um þetta mál. Þess þarf ekki. Það vita allir af hverju var gripið til þessara ráðstafana 1983 og ég þarf ekkert að ræða um það. Það er margsinnis búið að gera það. Það var ein af aðgerðunum til að ná verðbólgunni niður. Ég endurtek að besta lausnin fyrir alla, ekki síst húsbyggjendur eða húskaupendur, er að það auðnist að halda verðbólgudraugnum fjarri öllum þessum viðskiptum.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, en ég vildi vekja athygli á því sem hæstv. ráðh. sagði áðan varðandi frekari úrlausn fyrir fólk sem lenti í greiðsluerfiðleikum vegna misgengis launa og lánskjara og raunar fleiri þátta, að það hefði aldrei staðið til að endurgreiða þeim. Það sem sagt kom aldrei til greina að endurgreiða þeim það sem á þá féll vegna þessara þátta.

Í öðru lagi vildi ég drepa á fsp. sem ég vakti athygli á og ekki hafði fengist svar við. Ég sagði áðan að hún hefði verið ítrekuð. Það er rétt hjá hæstv. ráðh. að hún kom fram nokkuð seint á þinginu í fyrra, þó ekki seinna en svo að það voru nokkrar vikur eftir af þinginu. Ég leitaði ítrekað svara við henni í umræðum um frv. til l. um húsnæðismálastjórn. Í þeirri umræðu svaraði hæstv. ráðh. því til að svar mundi berast. Hugsanlega er það orsökin fyrir því að við ítrekuðum þetta ekki enn frekar. En ég get vissulega fallist á það með hæstv. ráðh. að við hefðum átt að minna á þessa fsp. og ítreka hana í haust. Það hefði verið rétt og eðlilegt. Hef ég nú ekki beint svör við því hvers vegna við gerðum það ekki. Má vera að það hafi gleymst. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir viðbrögð hans í því máli og vona að við fáum þá svar.

EFRI DEILD

47. fundur, miðvikudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569, n. 704.

Valdimar Indriðason:

Virðulegi forseti. Samgn. fjallaði um þetta frv. sem er um lögskráningu sjómanna og eins og segir í nál. á þskj. 704 hefur nefndin rætt frv. og fengið á sinn fund Halldór Kristjánsson skrifstofustjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur, deildarstjóra í samgrn., Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, og Hjört Magnússon lögskráningarstjóra. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eins og kom fram við framlagningu þessa frv. er þetta búið að vera nokkuð lengi í athugun og aðilar hafa sótt það fast að þetta yrði skýrar ákveðið en hefur verið í fyrri lögum um lögskráningu. Þess vegna teljum við það mjög til bóta að þetta frv. sé hér fram komið og ég endurtek það að nefndin er sammála um að þetta verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Útflutningslánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 604, n. 712, brtt. 713.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað þetta mál, m.a. fengið til viðtals bankastjórana Jónas Haralz og Val Valsson. Menn veltu svolítið vöngum yfir titli eða öllu heldur kannske hvað ætti að nefna þetta félag og skammstöfun og niðurstaðan varð sú að það er flutt brtt., sem nefndin stendur að, um að 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

„Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „félag með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina FTÁ.“

Þetta er einungis orðalagsbreyting og sjálfsögð að okkar mati en nefndin í heild leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 713 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. og ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645, n. 711.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Egill Jónsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 644, n. 709, 730, 733 og 734, brtt. 710.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað þetta mál og m.a. fengið á sinn fund seðlabankastjórana Geir Hallgrímsson og Jóhannes Nordal svo og Baldur Guðlaugsson lögfræðing sem mun vera aðalhöfundur frv. lagalega og bankastjórana Lárus Jónsson og Halldór Guðbjarnason. Auk þess kom Már Elísson, forstjóri Fiskveiðasjóðs, til fundar.

Meiri hl. flytur eina brtt. og um hana má segja að samkvæmt lögum um Iðnþróunarsjóð tilnefni Útvegsbanki Íslands einn mann í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs og annan til vara. Landsbankinn, Iðnaðarbankinn, Búnaðarbankinn og Iðnlánasjóður tilnefna einnig einn fulltrúa hver. Í 14. gr. frv. segir að nýi hlutafélagsbankinn komi í stað Útvegsbanka Íslands í fiskveiðasjóðslögunum. Þar er hins vegar ekki minnst á Iðnþróunarsjóð þótt gengið hafi verið út frá því að það sama gildi að því er hann varðar.

Svo að ekkert fari á milli mála kann hins vegar að vera nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram í lagatextanum og í samráði við hæstv. viðskrh. er þessi brtt. þar með flutt.

Við 1. umr. þessa máls tóku margir til máls og umræðan var ítarleg og stóð æðilengi. Það er ekki mjög margt sem mér virðist hafa skýrst frá þeirri ítarlegu grg. sem fylgir frv. og framsöguræðu hæstv. ráðh. Um þetta mál hafa auðvitað verið miklar umræður líka í fjölmiðlum, á mannamótum o.s.frv. og þess vegna kannske ekki mikil ástæða til að ég sé að flytja hér langt mál.

Ég held að það hafi kannske ekki verið vakin á því nægileg athygli að í frv. er tekið mjög rækilega fram að eiginfjárstaða hins nýja hlutafélagsbanka verði einn milljarður og um þetta er nánar fjallað í öðrum greinum frv. Ég held því að það séu óþarfa áhyggjur sem menn hafa af því að bankinn verði ekki nægilega öflugur og meira en nægilegt eigið fé til þess að afla sér viðskipta. Ég held að svo sé ekki, eins og þetta frv. er úr garði gert, heldur miklu fremur hitt að bankinn verður sterkur banki með þessum hætti. Um hitt má svo auðvitað deila hvort ríkisvaldið hefði átt að taka þátt í bankastofnun með þessum hætti. Ég tel að engra annarra kosta hafi verið völ. Rétt sé að vinna að málinu með þessum hætti og stofna einmitt öflugan banka í staðinn fyrir að endurreisa veikan banka.

Um þessi mál ræddum við auðvitað við viðmælendur okkar í nefndinni, við bankastjórana, einkum og sér í lagi seðlabankastjórana. Það var spurt um það hver staða hlutafélagsbankans yrði eftir tvö ár ef ríkið hætti þá ábyrgðum og því svara menn auðvitað á einn veg: Það verður að koma í ljós hversu vel tekst að stjórna þessari stofnun á þessum tveimur árum og enginn er kannske dómbær um það nú á þessari stundu að segja til um það hve öflugur bankinn verði. Meginatriðið er það að hér er þó stofnaður hlutafélagsbanki en ekki nýr ríkisbanki, eða ríkisbanki endurreistur, ef menn vilja heldur nota það orðalag.

Spurt var um það líka hvaða álit seðlabankastjórar hefðu á því hvernig ganga mundi að afla hlutafjár. Þeir svöruðu því auðvitað líka með þeim hætti að fyrst yrði að fá löggjöf um þá ákvörðun að þetta skuli gert. Á meðan svo sé ekki sé náttúrlega ekki hægt að búast við því að nokkur maður fari að leita eftir hlutafjárkaupum þar sem ekkert hlutafé sé enn til sölu. Þetta verði þess vegna allt að koma á daginn.

Auðvitað var líka rætt talsvert um þátttöku erlends banka, allt að fjórðungi hlutafjárins, og ég fyrir mína parta tel ekkert athugavert við það, heldur kannske þvert á móti að það gæti kennt okkur ýmislegt að hafa slíka aðild. Þess vegna mæli ég hiklaust með samþykkt frv. með þessari lítilvægu breytingu og það gerir meiri hl. nefndarinnar, auk mín Jón Kristjánsson, Egill Jónsson og Valdimar Indriðason.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. mínu um Útvegsbankamálið. Eins og fram hefur komið áður í þessari umræðu var það álitsgerð og niðurstaða stjórnar Seðlabankans, eftir að hún hafði íhugað og athugað hvað gera skyldi í kjölfar yfirvofandi gjaldþrots Útvegsbankans, að hyggilegast mundi vera að bankinn yrði sameinaður öðrum banka eða bönkum í því skyni fyrst og fremst að auka hagkvæmni í bankakerfinu og gera það ódýrara í rekstri.

Í álitsgerð stjórnar Seðlabankans voru nokkrir kostir nefndir, en ljóst var að bankastjórnin áleit það langsamlega lakasta kostinn að endurreisa Útvegsbankann. Ríkisstjórnin tók sér harla langan umhugsunarfrest og voru reyndar margir efins um að hæstv. ríkisstjórn kæmist nokkurn tímann fram úr þessu máli eða hefði andlegan styrk og afl til að komast að einhverri niðurstöðu. En eftir langa mæðu varð til ákvörðun og auðvitað þurfti það engum að koma á óvart að ríkisstjórnin skyldi velja versta kostinn sem völ var á, þann óhagkvæmasta og dýrasta fyrir almenning í landinu, þann sem kostaði ríkissjóð langsamlega mesta fjármuni og verður kerfinu í heild verstur.

Útvegsbankinn verður sem sagt endurreistur í formi einkabanka, en ríkið á að leggja fram fjármagnið, 1000 millj. kr. Þar af koma 800 millj. úr ríkissjóði og 200 millj. kr. úr Fiskveiðasjóði. Það eru sem sagt skattgreiðendur landsins sem eiga að gjalda fyrir þau mistök sem gerð hafa verið og hefði maður haldið að þeir hefðu margt annað betra við peninga sína að gera en að moka þeim í þessa hít. 1000 millj. kr. — ja, það eru víst rétt um 20 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Ég rakti það við 1. umr. málsins hvers konar skollaleikur hefur verið leikinn í sambandi við

Útvegsbankann fyrr og síðar því að Útvegsbankinn var, eins og flestum mun kunnugt, einmitt stofnaður upp úr gjaldþroti annars banka, Íslandsbanka, um 1930 og var því upphaflega hlutafélag. Tæpum þremur áratugum seinna reyndist hins vegar óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bjarga fjárhag Útvegsbankans og þá var gripið til þess heillaráðs að gera hann að ríkisbanka. Árið 1981 lagði svo ríkissjóður 50 millj. kr. til bankans með aðstoð Seðlabankans. Það fé mun vera á núvirði nálægt 400 millj. kr. Enn á að bjarga fjárhag bankans. Og enn er lausnin þveröfug við það sem seinast var. Ja, nú á að bjarga bankanum með því að breyta honum úr ríkisbanka í hlutafélagsbanka.

Ég færði rök að því við 1. umr. að bankinn verður veikari eftir en áður að öllu öðru leyti en hvað eiginfjárstöðu snertir því vissulega eykst hún við 1000 millj. kr. framlag og verður nokkuð sterk til að byrja með. Eftir sem áður er ljóst að traust á bankanum verður minna en áður, traust innistæðueigenda, traust þeirra sem eiga að lána bankanum fé, hvort sem þeir gera það eins og sparifjáreigendur sem eru að ávaxta fé sitt eða um er að ræða erlenda banka sem hlaupa undir bagga með bankanum öðru hvoru. Í báðum tilvikum verður traust lánveitenda gagnvart bankanum minna en áður og enginn vafi á að í viðskiptum við erlenda aðila verður lántökukostnaður töluvert miklu meiri vegna þess að ekki verður sá sterki bakhjarl að baki bankanum sem verið hefur, eftir að bankinn er hlaupinn úr skjóli ríkisins. Þess vegna ætti það ekki að koma neinum á óvart þó að aftur kynni að fara að hallast á hjá bankanum og eftir nokkur ár yrði að grípa til nýrra bjargráða til að bjarga honum. Þá yrði það áreiðanlega gert á þveröfugan hátt við það sem seinast er gert, eins og venja hefur verið, og þá í þetta sinn með því að hlutafélaginu yrði breytt í ríkisbanka.

Ég er ekki reiðubúinn til að taka þátt í þessum skollaleik og hlýt að ítreka að bönkum ber að fækka, kerfið þarf að vera einfaldara, ódýrara og hagkvæmara. Skattgreiðendur hafa nóg annað gáfulegra við fé sitt að gera en að moka því í þessa botnlausu hít. Ég mæli því eindregið með að frv. þetta verði fellt.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 730 um frv. til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn.

Í byrjun desember s.l. ályktaði þingflokkur Alþfl. um Útvegsbankamálið. Það er reyndar þegar komið fram við 1. umr., en ég vil þó ítreka það svo það fari ekki fram hjá mönnum, því að þessi ályktun lagði í fyrsta lagi áherslu á nauðsyn þess að eyða óvissu í Útvegsbankamálinu með því að leggja þá þegar fram lausn á því. Í öðru lagi var lagt til að ríkisbankareksturinn yrði stokkaður upp þannig að stofnaðir yrðu tveir viðskiptabankar úr þremur, þ.e. ríkisbönkunum, og annar þeirra síðan seldur sem hlutafélag. Þessi lausn hefði bætt skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði hagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála. Í þriðja lagi var lagt til að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð, en viðskrh. þess í stað falin skipan þeirra. Í heild miðar þessi lausn að því að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af bankarekstri jafnframt því að draga skýrar línur hvað varðar stjórnarábyrgð á rekstrinum. — Ályktun þingflokksins fylgir með nál. mönnum til glöggvunar.

Það fer ekkert á milli mála að það mikla áfall sem reið yfir Útvegsbankann vegna gjaldþrots Hafskips var mjög þungur dómur um leið um þá alvarlegu ágalla sem finna má á íslensku stjórnkerfi og í þessu tilviki sérstaklega á bankakerfinu. Ríkisrekstur á íslenskum bönkum hefur yfirleitt reynst mjög skaðlegur markmiðum efnahagsstjórnar og óábyrgur þegar á reyndi eins og kemur í ljós við það áfall sem Útvegsbankinn verður fyrir að þá er skattgreiðendum þessa lands einfaldlega gert að greiða þann skaða sem stjórn bankans hefur valdið.

Niðurstaða þessa máls, og það er kannske á þessu augnabliki meira viðblasandi og alvarlegri hlutur, sýnir að ríkisstjórn sú sem nú situr hefur hvorki haft getu né vilja til að breyta íslensku viðskiptalífi, þrátt fyrir margítrekuð loforð, til ábyrgari starfshátta og í öðru lagi, sem lítið hefur nú kannske farið fyrir í þessari umræðu, hefur þessi ríkisstjórn ekki einu sinni haft getu eða vilja til að framfylgja lögum, því að eins og allir vita, og það mál er kannske mjög alvarlegt frá okkar bæjardyrum sem hér störfum séð, hefur Útvegsbankinn á annað ár ekki uppfyllt þau ákvæði laga um viðskiptabanka sem kveða á um hlutfall eigin fjár af niðurstöðutölum efnahagsreiknings. Þetta var eitt af mjög veigamiklum atriðum sem talin voru í þeim lögum sem við settum fyrir rúmu ári um starfsemi viðskiptabanka.

Einu atriði ætla ég að víkja að sem ég tel að sé erfitt að mæla á móti, en það er að ábyrgð eins stjórnmálaflokks á þessu máli er sérstaklega mikil. Í fyrsta lagi dylst engum ábyrgð ráðamanna Sjálfstfl. á Hafskipsmálinu sjálfu. Því verður einfaldlega ekki mótmælt hver ábyrgð þeirra er vegna þess að þeir hafa sjálfir viðurkennt að bera á því þunga ábyrgð. Í ljósi þess verður að skoða þá ákveðnu stefnumörkun sem sett var fram á flokksráðsfundi Sjálfstfl. í nóvember s.l. þar sem menn settu endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn sem eitt það mikilvægasta mál sem Sjálfstfl. þyrfti að ná fram. Þar kröfðust menn þess og gefin voru loforð um það að aldrei rynni eyrir úr ríkissjóði í Hafskipsgjaldþrotið.

Nú stöndum við frammi fyrir því að Sjálfstfl. hefur alls ekki getað framfylgt því sem hann sjálfur hafði lýst yfir að hann vildi í þessum málum. Getuleysi jafnstórs stjórnmálaflokks og Sjálfstfl. er í svona máli hlýtur að vekja menn til umhugsunar um að eitthvað er ekki með felldu í voru samfélagi og þá kannske ekki hvað síst í okkar stjórnkerfi.

Ég held að tengsl Sjálfstfl. við stjórnkerfið, það hvað hann þarf orðið að gæta ótalmargra hagsmuna í því, sýni manni fram á nauðsyn rækilegs uppskurðar

á stjórnkerfi okkar og þá með tilliti til þess að það færi að vinna á einhvern hátt eins og menn vildu að það ynni. Þá er ég að höfða til þess að menn hafa margoft gefið yfirlýsingar um hvað þeir vilja en aldrei komið þeim síðan fram. Hæstv. ráðh. upplýsti í 1. umr. um málið að einhverjir ótilteknir aðilar hefðu einfaldlega verið á móti því t.d. að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Það var mjög greinilega á hans máli að heyra að það var ekki neinn gífurlegur fjöldi manna sem þar hafði verið við að etja. Það voru örfáir einstaklingar raunverulega sem komu í veg fyrir það að sú leið yrði farin sem var talin annar besti kosturinn af ríkisstjórninni.

Í raun og veru hefur aldrei fengist nokkur skýring á því hvers vegna fyrsti kosturinn náðist ekki, a.m.k. ekki viðhlítandi skýring, nema þá einfaldlega sú að það hafði aldrei verið grundvöllur fyrir henni frá upphafi. En það voru einmitt mjög margir sem leiddu getum að því strax þegar hún var nefnd.

Ef það er þannig í íslenskum stjórnmálum að flokkur sem kosinn er á þing af hartnær 40% þjóðarinnar getur ekki gert það sem hann vill hlýtur það að liggja í getuleysi þess hins sama flokks. Ég held að það sé alls ekki út í hött að staðhæfa að það bákn sem helst þarf burt úr íslensku stjórnkerfi er Sjálfstfl. sjálfur og ekkert annað.

Nú er það staðreynd að menn hafa bráðum í tvo áratugi verið að tala um nauðsyn endurskipulagningar bankakerfisins. Sú lausn sem hér er lögð til breytir engu öðru en því að koma Útvegsbankanum aftur í gang við nákvæmlega sömu aðstæður og hann bjó við fyrr. Í ljósi þess get ég ekki mælt með samþykkt þessa frv. Aftur á móti verður maður líka að horfa til þess að það hefur dregist bráðum í 1½ ár að gera það sem gera þurfti í þessu máli. Eins og segir í ályktun þingflokks Alþfl. frá því í nóvember s.l.: Það fyrsta sem gera þarf er að eyða óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans. Af þeim ástæðum get ég heldur ekki lagt til að þetta frv. verði fellt heldur munum við Alþýðuflokksmenn sitja hjá við afgreiðslu þess.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. kallaði það heillaráð þegar Útvegsbankanum var breytt úr hlutafélagsbanka í ríkisbanka. Mér finnst það frekar napurleg fullyrðing í ljósi þess hvað við sitjum uppi með, því það er einmitt sú aðgerð, þegar Útvegsbankanum var breytt úr hlutafélagsbanka í ríkisbanka, sem er trúlega upphafið að þeim ósköpum sem við stöndum frammi fyrir núna. Ég verð að viðurkenna að mér hefur alltaf komið spánskt fyrir sjónir, en ég hef nokkrum sinnum gert bankamál hér að umræðuefni, þessi undarlega trú Alþb. á réttmæti þess að ríkið ætti banka því að mér finnst að það sé afskaplega fátt í okkar efnahagssögu sem sanni að svo sé.

Eitt getum við hv. 3. þm. Norðurl. v. samt sem áður verið sammála um, að bönkum beri að fækka. En það er greinilegt að hann ætlar sér að fara aðrar leiðir í því efni en Alþfl. og það er ekki víst að við getum þar af leiðandi verið samstiga eftir kosningar í þeim málum. En eitt er víst, að Alþfl. mun neyta þess afls sem hann hefur þá fengið til að framkvæma þá endurskipulagningu á íslensku bankakerfi sem menn forsómuðu að framkvæma núna.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 3. minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli og þar sem þessu áliti var útbýtt núna á þingfundinum tel ég rétt að lesa það yfir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frá því á haustdögum 1985, þegar fyrirtækið Hafskip, sem var einn af stærri viðskiptaaðilum Útvegsbanka Íslands, varð gjaldþrota, hefur legið fyrir að rekstrargrundvöllur Útvegsbankans var brostinn og að leysa yrði vanda bankans með einhverjum hætti. Sú lausn á þessum vanda, sem sett er fram í þessu síðbúna frv., ber þess öll merki að vera þrautalending í ósamkomulagi núverandi stjórnarflokka um leiðir í málinu og er með öllu óviðunandi.

Í fyrsta lagi hefði verið eðlilegast að snúast við vanda Útvegsbankans með því að sameina hann öðrum eða báðum hinna ríkisbankanna og nota jafnframt tækifærið til að einfalda og endurskipuleggja íslenska ríkisbankakerfið. Það er ekki gert.

Í öðru lagi er ljóst að hinn nýi hlutafélagsbanki mun standa höllum fæti viðskiptalega bæði innan lands og utan þar sem hann mun ekki njóta ríkisábyrgðar nema fyrstu tvö starfsár sín. Framtíð hans er því ótrygg og óviss.“

Hvað þetta atriði varðar komu núverandi bankastjórar Útvegsbankans á fund hv. fjh.- og viðskn. og lögðu þeir áherslu á hversu erfitt mundi reynast bankanum að vinna sér traust að nýju með ríkisábyrgð í jafnskamman tíma og þetta frv. gerir ráð fyrir. Bankinn hefur misst traust undanfarið og það tímabil sem gert er ráð fyrir í frv. er of stutt til að byggja upp það traust að nýju og komast út úr þeim viðskiptum sem bankinn er í í dag og þarf að losa sig við.

Hætta er á að stærri innistæðueigendur taki út innlán sín og að nýir stjórnendur bankans hafi ekki það ráðrúm sem þeir þurfa á að halda til að koma bankanum á traustan grundvöll á nýjan leik. Sama er að segja um viðskiptaaðila erlendis. Þar sem ríkisábyrgðin er takmörkuð á þennan hátt munu þeir á sama hátt væntanlega gjalda varhug við viðskiptum við bankann jafnt sem innlendir aðilar. Þannig er verið að leggja til í frv. að heilum 1000 millj. af skattfé sé þveitt út í óvissuna og það þrátt fyrir að forustumenn Sjálfstfl. hafi haft uppi miklar heitstrengingar um það þá er málefni Útvegsbankans komust í hámæli á haustdögum 1985 þegar fyrirtækið Hafskip varð gjaldþrota að ekki færi eyrir af almannafé í þá hít sem þar myndaðist.

Hér er sem sagt verið að endurreisa Útvegsbanka Íslands og honum gert að starfa við miklu lakari aðstæður en hann hefur þó gert hingað til.

Þriðja atriðið sem vísað er til í nál. 3. minni hl. er

að það er ekki vitað með vissu hvort einkaaðilar hyggist gerast hluthafar í bankanum. Þess vegna er einfaldlega óvíst á þessari stundu hvort um hlutafélagsbanka geti yfirleitt orðið að ræða þó að frv. kveði á um það. Það er gert ráð fyrir í frv. að stofnfé bankans sé 1000 millj. Þar af gætu allt að 800 komið úr ríkissjóði og 200 úr Fiskveiðasjóði. Þessar 200 millj. sem kæmu úr Fiskveiðasjóði yrðu þá lán úr ríkissjóði. Þannig gæti allt eins farið svo að hér yrði einfaldlega um nýjan ríkisbanka að ræða, þó með takmarkaðri ríkisábyrgð, þ.e. tímabundinni, og það er út af fyrir sig nokkuð kúnstugt fyrirbæri.

Ég vil einnig benda á þann annmarka, sem er í 4. gr. frv., að þar er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður skipi einn af þremur stjórnarmönnum í stjórn hins nýja banka. Ef svo færi að Fiskveiðasjóður gerðist ekki aðili að þessum nýja banka, það er ekki skilyrt í frv. heldur eingöngu heimilað, er fráleitt að skv. lögum eigi hann samt sem áður stjórnarmann í stjórn þessa banka.

Í fjórða lagi er það til tekið í þessu nál. að erlendum bönkum er heimilað að eiga allt að 25% hlutafjár í hinum nýja banka án þess að í gildi séu lög hér á landi um erlenda fjárfestingu í íslensku viðskiptalífi. Þetta tel ég ákaflega varhugavert og óviturlega að verki staðið. Á meðan ekki hefur verið kveðið á um skipan þessara mála er að öllu leyti óheppilegt að setja ákvæði sem þetta inn í lög sem þessi.

Eins og ég hef áður sagt er þessi lausn á vanda Útvegsbanka Íslands sannkölluð hallærislausn og af þeim ástæðum sem ég hef hér rakið tel ég mér ekki fært að mæla með samþykkt frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2.–13. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 710 (ný 14. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
15.–19. gr. og ákv. til brb. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 667.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Meginbreytingarnar í þessu frv. frá gildandi lögum eru þær í fyrsta lagi að umferðarmáladeildin er lögð niður og því er 15. gr. í gildandi lögum felld út, í öðru lagi er skattur á sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa afnuminn, í þriðja lagi eru ákvæði um einkarétt sveitarfélaga á rekstri strætisvagna gerð skýrari og víðtækari en nú er og í fjórða lagi er fulltrúum í skipulagsnefnd fækkað úr sjö í fimm.

Í Nd. var gerð sú breyting á frv. að aftur var fjölgað í nefndinni úr fimm í sjö. Sú breyting var ekki gerð í samráði við mig. Ég var henni andvígur. Ég hefði þó heldur sætt mig við að nefndin hefði verið eins skipuð og hún er í gildandi lögum, en það hefur verið gerð ein breyting á, að annar fulltrúi sérleyfishafa er felldur út úr nefndinni og inn kemur fulltrúi frá Ferðamálaráði.

Önnur breyting var afar lítilfjörleg. Það var á 2. gr. Það er sem sagt bundið í lögum að bifreiðar verða að hafa hópferðaleyfi. Það tel ég ekki rétt að gera. Það á að vera hægt að veita slíkt að fengnum meðmælum skipulagsnefndarinnar og tel ég að þær breytingar sem Nd. gerði á frv. séu ekki til bóta nema síður sé. En ég tek fram að önnur breytingin er ákaflega lítils virði og skiptir ekki höfuðmáli að öðru leyti en því að ég tel ekki ástæðu til að binda slíkt í lögum.

Verkefnum umferðarmáladeildar hefur fækkað verulega á síðustu árum. Þannig eru hópferðaleyfi nú gefin út til fimm ára í senn í stað eins árs áður, en það er til sama tíma og sérleyfi gilda. Á þessu ári var Umferðarmiðstöðin seld Félagi sérleyfishafa og Bifreiðastöð Íslands og fækkar þá enn þeim verkefnum sem þessi deild hafði. Annar tveggja starfsmanna deildarinnar hætti störfum um áramótin vegna aldurs. Það var því tilgangur minn með flutningi frv. að spara í rekstri þessarar deildar og láta þau verkefni sem eftir eru inn í ráðuneytið án þess að fjölga þar fólki. Jafnframt er rétt að taka fram að það var gert ráð fyrir að útgáfu leiðabókarinnar yrði hætt, en hún hefur verið gefin út árlega frá því að Póstur og sími hafði skipulag póstflutninga með höndum. Ég tel eðlilegt að ef þeir aðilar sem hafa þessa flutninga með höndum vilja halda áfram útgáfu slíkrar bókar eða líkrar bókar sé það alveg á þeirra verksviði.

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. eftir með fleiri orðum, en legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

48. fundur, miðvikudaginn 4. mars, að loknum 47. fundi.

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 738.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VI, ÞK, JSv, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, SalÞ.

nei: SkA, HS, RA, SDK.

StB, BD, MHM greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (AG, ÁJ, KSG, KolJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Björn Dagbjartsson:

Virðulegur forseti. Mér hærra skrifaðir menn í þessari hv. deild hafa lýst því yfir hátt og í hljóði að þeir taki aldrei þátt í að endurreisa Útvegsbanka Íslands en greiða þessu máli þó atkvæði. Mér er einnig ljóst að Alþfl. hefur af einhverjum ástæðum ákveðið að veita því brautargengi með hjásetu. Mitt atkvæði skiptir því ekki lengur verulegu máli. Það er þó ljóst að sjálfstæðismenn almennt fá kost á að segja álit sitt á þessu máli áður en það fer út úr þinginu á landsfundi sem hefst á morgun. Ég tek því ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. til Nd.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningslánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 739.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 715 (sbr. 545).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til jarðræktarlaga eins og það liggur hér fyrir eftir afgreiðslu Nd. á frv. Þetta frv. eins og það liggur fyrir er í veigamestu atriðum staðfesting á lögum nr. 71/1985. Þá var gerð breyting á jarðræktarlögum er gilda skyldi fyrir árin 1985 og 1986. Miðaði sú breyting að því að fella ákvæði jarðræktarlaga um ríkisframlög til jarðabóta að þeirri landbúnaðarstefnu sem mörkuð var með búvörulögunum nr. 46/1985. Hér er því um staðfestingu á þeirri stefnubreytingu jarðræktarlaganna að ræða þótt öðrum atriðum sé einnig nokkuð vikið til.

Frv. var til meðferðar á búnaðarþingi 1986. Það var hins vegar fullunnið af nefnd sem landbrh. skipaði 1984 og undirbjó frv. það til l. um breytingu á jarðræktarlögum sem samþykkt var hér á Alþingi vorið 1985.

Óþarfi er að gera langa grein fyrir frv. Aðalatriði þess má draga saman á eftirfarandi veg:

1. Staðfest eru bráðabirgðaákvæði laga nr. 71 1985 um framlög til jarðabóta, en þau fólust í eftirfarandi liðum: Dregið var úr framlögum sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem til framræslu og grænfóðurræktar. Aukinn var stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta. Aukinn var stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt.
2. Kröfur um menntun þeirra ráðunauta er starfa að leiðbeiningaþjónustu innan ramma laganna eru skilgreindar mun nánar en í eldri lögum.
3. Ýmis ákvæði laganna er fjalla um skilyrði um úttekt jarðabóta, takmarkanir á vegagerð og línulagnir um ræktað land og ræktanlegt, svo og um nýbýli og búskaparhæfi jarða, eru einfölduð og stytt.

Vegna breytinga sem orðið hafa í hefðbundnum landbúnaði hafa jarðabótaframkvæmdir breyst verulega. Í grg. með frv. er að finna yfirlit yfir jarðabætur skv. jarðræktarlögum á tímabilinu 1975–1986. Kemur þar m.a. fram að ýmsar framkvæmdir, svo sem framræsla, nýrækt og byggingar gripahúsa, hafa dregist mjög saman á síðustu árum svo nú er þar aðeins um eðlilegt viðhald á þessum sviðum að ræða í samræmi við það framleiðslurými sem til staðar er.

Fjármagnsþörf til framlaga vegna þessara jarðabóta hefur því stórminnkað síðustu tvö árin. Hins vegar hafa framkvæmdir á öðrum sviðum vaxið og ber þar hæst loðdýraræktina, en með lagabreytingu árið 1985 var ákveðið að efla myndarlega stuðning við byggingar loðdýrahúsa. Þannig var fjármagninu beint til þeirra greina sem vaxtarmöguleika hafa í takt við markaða framleiðslustefnu landbúnaðarins.

Ég fjölyrði ekki frekar um einstök atriði frv., en undirstrika að lokum að frv. er sem fyrr sagði unnið í náinni samvinnu við búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 703.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 390. máli deildarinnar á þskj. 703. Frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin 21. maí 1986 með því að þá þótti óhjákvæmilegt að lengja frest Kjaradóms til að kveða upp dóm í málum sem þá lágu fyrir dóminum, en skýrslur sem leggja þurfti fyrir dóminn höfðu þá ekki borist. Þótti nauðsynlegt að framlengja heimildir Kjaradóms fyrir uppkvaðningu dóma í þeim málum og því voru brbl. þessi gefin út.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. JSv o.fl., 395. mál (stimpilgjald af veðskuldabréfum). — Þskj. 721.

Flm. (Jón Sveinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 60 frá 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum. Frv. hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Valdimar Indriðasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Helga Seljan og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Það er 395. mál deildarinnar á þskj. 721.

Breyting sú sem hér um ræðir er við 3. mgr. 47. gr. laganna sem lagt er til að orðist þannig:

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum og veðskuldabréfum til Byggingarsjóðs verkamanna vegna verkamannabústaða, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Breytingin felur í sér að útgefin veðskuldabréf kaupenda verkamannabústaða til Byggingarsjóðs verkamanna vegna lána úr sjóðnum verði ásamt afsölum fyrir verkamannabústöðum undanþegin stimpilgjaldi. Í núgildandi 3. mgr. 47. gr. laganna eru einungis afsöl vegna verkamannabústaða undanþegin stimpilgjaldi.

Samkvæmt stimpillögum er stimpilgjald 0,4% af fasteignamati eignar. Stimpilgjald af veðskuldabréfum þeim sem hér um ræðir er hins vegar 1,5% af lánsfjárhæð. Kostnaður við stimplun veðskuldabréfa er því oft miklum mun hærri en við stimplun afsals. Stafar það annars vegar af hærri hundraðshluta og hins vegar af því að byggingarkostnaður eða kaupverð eru yfirleitt allmiklu hærri en fasteignamat.

Með hliðsjón af því meginmarkmiði með verkamannabústöðum að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks er viss mótsögn fólgin í þeim mismun sem fram kemur í núgildandi 3. mgr. 47. gr. laganna hvað stimpilgjald afsala og veðskuldabréfa snertir. Minnt er á að réttur til kaupa á verkamannabústað er bundinn m.a. því skilyrði að umsækjandi hafi í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem nam 419 þús. og 100 kr. árið 1986 fyrir einhleyping eða hjón og 38 þús. og 200 kr. fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda innan 16 ára aldurs. Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ljóst er því að verkamannabústaði kaupir einungis láglaunafólk.

Samkvæmt 49. gr. laganna eru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar eða kaupa á verkamannabústöðum. Eru lánin oftast 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, stundum 90% og í undantekningartilvikum 100%. Stimpilgjald af slíkum lánum eru allveruleg og tilfinnanleg fyrir það

láglaunafólk sem hér á í hlut. Hækkar gjaldið því meira því meiri og brýnni sem þörfin er. Af íbúð sem t.d. kostar 4 millj. kr. þarf að greiða 51 þús. kr. í stimpilgjald af 85% láni, 54 þús. kr. af 90% láni og 60 þús. kr. af 100% láni.

Fyrir ríkissjóð er tekjutap nokkurt vegna þessarar breytingar en það er þó ekki eins mikið og ætla mætti í fyrstu. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins sem fram koma á fylgiskjali með frv. reyndist heildarfjárhæð nýlána úr Byggingarsjóði verkamanna árin 1983–1986 vegna verkamannabústaða nema samtals 1655,5 millj. kr. Miðað við þessar upplýsingar hafa stimpilgjöld þessi ár numið alls 24,8 millj. kr., mest árið 1986, eða 7,7 millj. kr.

Tekjutapið er að mínu áliti mjög óverulegt fyrir ríkissjóð. Fyrir það láglaunafólk sem hér um ræðir skipta þessar greiðslur hins vegar verulegu máli. Eru jafnvel dæmi þess að há stimpilgjöld veðskuldabréfa hafa valdið því að láglaunafólk treystir sér ekki til að taka við úthlutun verkamannaíbúða sem það hefur átt kost á. Til að auðvelda þessu fólki að eignast eigið húsnæði á félagslegum kjörum og gæta um leið samræmis og aukins réttlætis í meðferð afsala og veðskuldabréfa er lagt til að felld verði niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum vegna verkamannabústaða. Gert er hins vegar ráð fyrir því að kaupandi verkamannaíbúðar og útgefandi veðskuldabréfs vegna láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiði þinglýsingargjald af veðskuldabréfi á sama hátt og af afsali, enda er sú upphæð mjög óveruleg. Tekur breyting sú sem hér um ræðir aðeins til veðskuldabréfa vegna verkamannabústaða. Er því ekki gert ráð fyrir að undanþágan nái til lána úr Byggingarsjóði verkamanna vegna annarra félagslegra íbúða, svo sem leiguíbúða sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé ekki þörf á því að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. svo einfalt og skýrt sem það er. Málið er samt sem áður réttlætismál. Vonast ég til að það mæti ekki mikilli fyrirstöðu hér í deildinni þó að það komi seint fram og stutt sé í þinglok.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Hér er um mál að ræða sem er flutt að beiðni hagsmunaaðila í sjávarútvegi, útvegsmanna og sjómanna, í framhaldi af samkomulagi sem gert var milli þeirra um kaup og kjör þar sem þeir fara fram á að ýmsir liðir í því samkomulagi verði lögfestir.

Hér er um samkomulagsmál að ræða sem var samþykkt einróma í Nd. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál og vil leggja það til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Hér liggur fyrir árangur af endurskoðunarstarfi stjórnskipaðrar nefndar um fæðingarorlof. Það hefur staðið til í nokkuð langan tíma að endurskoða lagaákvæði um fæðingarorlof og hinn 22. apríl á síðasta ári skipaði ég nefnd til þess að endurskoða núgildandi ákvæði um fæðingarorlof og fæðingarstyrk í lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, með endurbætur á fyrirkomulagi fyrir augum.

Í nefndina voru skipuð þau Ingibjörg Rafnar héraðsdómslögmaður, sem var formaður nefndarinnar, Salome Þorkelsdóttir alþingisforseti, Jón Ásbergsson forstjóri, Jóhanna Sigurðardóttir alþm. og Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir.

Nefndin komst að sameiginlegri niðurstöðu. Þó var það svo að tvö eða þrjú atriði voru það sem Jóhanna Sigurðardóttir gerði nokkurn fyrirvara um en þau voru þó ekki stórvægilegri en svo að allir nefndarmenn undirrituðu nál. sameiginlega og þær tillögur sem hér liggja fyrir. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mun að sjálfsögðu gera grein fyrir þessum atriðum þegar málið kemur til kasta hv. Nd.

Aðaleinkennið á þessum frumvörpum sem hér liggja fyrir eru þau að lagaákvæðum um þessi efni er skipt í tvennt. Meginbreytingarnar eru fólgnar í því að annars vegar er skilið alfarið á milli reglna sem varða vinnurétt annars vegar og tryggingarétt hins vegar, þ.e. rétt foreldra til leyfis frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar og vernd gegn uppsögn af þeim sökum og hins vegar rétt foreldra til greiðslna úr almannatryggingum í fæðingarorlofi.

Nefndinni þótti óeðlilegt að ákvæði sem vörðuðu atvinnuréttindi manna væru í lögum um almannatryggingar. Þess vegna var gerð tillaga um að sérstök lög yrðu sett um rétt til fæðingarorlofs og vernd atvinnuréttinda og að ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi yrðu í lögum um almannatryggingar.

Ég vil biðja hæstv. forseta um leyfi til þess að fá að mæla fyrir báðum frumvörpunum í einu því að þau tengjast svo rækilega og ég held að það mundi greiða fyrir störfum deildarinnar. Ég vil fyrst gera grein fyrir því að annars vegar er frv. um fæðingarorlof sem er á þskj. 707, 391. mál, og það varðar vinnuréttinn, þ.e. þarna er í fyrsta sinn berum orðum lögfestur réttur til leyfis frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar og í þessum lögum er skýrgreining hugtaksins líka fest í lögum en það hefur ekki verið gert áður. Í öðru lagi var svo meginatriðið í starfi nefndarinnar að greinarmunur var gerður á greiðslum til útivinnandi foreldra og heimavinnandi með tilliti til skýrgreiningar hugtaksins og svo hins að greiðslur til heimavinnandi foreldra vegna fæðingar væru í raun og veru fæðingarstyrkur en ekki væri verið að bæta tap venjulegra tekna. Þess má geta að samkvæmt tillögum þessarar nefndar njóta heimavinnandi foreldrar ríkari réttar til greiðslna vegna fæðingar barns en víðast ef ekki alls staðar annars staðar sem við þekkjum til eins og menn sjá í töflu sem fylgir frv. og er hér á miðopnu frv. um almannatryggingar. Þá langar mig að víkja örlítið að hvoru frv. fyrir sig.

Það er þá fyrst frv. um fæðingarorlof sem er á þskj. 707. Hér er í fyrsta lagi skýrgreint hvað fæðingarorlof merkir. Það er í raun og veru leyfi til fjarvistar frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar. Þar með er það ótvírætt lögfest að fæðingarorlof jafngildir viðurkenningu á lögmætum forföllum af þessum sökum. Áður var það svo að bæði ég og ýmsir aðrir þm. töldu að það leiddi af sjálfu sér um leið og festur væri í lög réttur til greiðslna í fæðingarorlofi að þar með væri frá því gengið að mæður ættu rétt á því að vera fjarverandi þann tíma sem réttur til greiðslnanna stæði. En slíkt kann í einstökum tilvikum að geta orkað tvímælis og sjálfsagt þykir að festa þessi mannréttindi ótvírætt í lög með hagsmuni barna og mæðra og tengsl milli foreldra og barna í huga.

Í öðru lagi er það bundið í frv. um fæðingarorlof hversu langt það skuli vera. Gert er ráð fyrir að frá næstu áramótum eða við gildistöku laganna verði það fjórir mánuðir en frá 1. jan. 1989 verði það fimm mánuðir og frá 1. janúar 1990 sex mánuðir. Það er horfst í augu við þá staðreynd að ýmsar réttarbætur hafa hér á landi orðið í áföngum og gert er ráð fyrir því í þessari hugmynd. Einnig er hér um kostnaðaratriði að ræða sem heldur verður ekki horft fram hjá hversu fegin sem við vildum. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof megi taka allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og síðan eru ákvæði um það með hvaða hætti tilkynna skuli og staðfesta að réttur sé fyrir hendi.

Önnur ákvæði í þessu frv. varða rétt í sambandi við ættleiðandi foreldri og rétt til orlofs þegar um er að ræða barnshafandi konu sem fæðir andvana barn og eins réttindi konu til þess að fá sig flutta til í starfi ef talið er að heilsu hennar eða fósturs sé hætta búin af þeirri starfsaðstöðu sem hún hefur. Þetta er í fyrsta sinn fest í lög að réttur til slíks skuli vera fyrir hendi án þess að slík tilfærsla hafi áhrif á launakjör. Það er því ljóst að ásamt því ákvæði að þetta skuli ekki skerða þann heildarrétt sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um umfram það sem í lögunum stendur er hér um að ræða verulega réttarbót sem sannarlega getur haft áhrif á stöðu kvenna, kornabarna og heimila og einnig á hinn mikilvæga grundvöll sem myndast fyrir framtíð og sálarlíf barns og raunar móður og foreldra líka, þann mikilvæga grundvöll sem lagður er með nánum samvistum þennan tíma.

Ég vík þá, frú forseti, að frv. til l. um breytingu á almannatryggingum. (**Forseti:** Nú verður forseti að gera hlé á umræðu þar sem fundartíminn er liðinn. Þessari umræðu verður fram haldið kl. 6.)

Ég þakka fyrir að ég fékk að komast að með þennan hluta ræðunnar og vonast til að hún verði ekki mjög löng þegar þar að kemur. — [Fundarhlé.]

Frú forseti. Ég hafði rætt um þann þátt þessa máls sem fjallað er um á sérstöku þskj. og í sérstöku frv. um fæðingarorlof, en kem nú að frv. um greiðslurnar sjálfar sem koma fram í frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar.

Það er þá fyrst til að taka að þar kemur fram með hvaða hætti gerður er greinarmunur á greiðslum til allra kvenna og svo þeirra sem verða fyrir tekjumissi á vinnumarkaðinum og njóta réttar samkvæmt lögunum um fæðingarorlof sem þar var skýrgreint.

Fæðingarstyrkur, sem greiðist til allra kvenna, skal vera 15 þús. kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á Íslandi. Hér er um upphæð að ræða sem er hærri en sú upphæð sem greidd er mánaðarlega í fæðingarorlofi í öðrum löndum sem við höfum gjarnan miðað okkur við, en það eru Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Bretland. Hér er því um að ræða verulegar umbætur til handa heimavinnandi mæðrum. Bæði er það að sá tími sem þær fá greiðslur er lengdur og svo er upphæðin hækkuð verulega þannig að bilið minnkar að þessu leyti til milli þeirra sem vinna utan heimilis og inni á heimilinu. Þess er að geta að ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra þeirra stéttarfélaga þar sem félagsmenn njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma sem óskert laun eru greidd samkvæmt þeim samningum. Þetta þýðir að þegar að því kemur að tíminn lengist, þá mundu þeir félagsmenn sem fengju lengri rétt samkvæmt þessu frv. auðvitað njóta hans en sömu upphæðar og greinir í lögunum.

Ég vil taka það fyrst fram að það er auðvitað verulegt ósamræmi og hefur lengi verið á réttindum

kvenna sem starfa hjá opinberum aðilum og hinna sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði að því er varðar rétt til fæðingarorlofs. Segja má að fyrsta stóra skrefið, sem stigið var til þess að draga úr þessum mun, hafi verið árið 1975 þegar lögin voru samþykkt um greiðslur í fæðingarorlofi í 90 daga, en þær greiðslur fóru eftir lögunum um atvinnuleysisbætur eða um atvinnuleysistryggingar og var greitt samkvæmt því. Það þýddi auðvitað að sá réttur stóð í raun og veru lengur en með lögunum sem við tóku og gilda enn því að hér var um að ræða 90 virka daga og auk þess bættust við hina venjulegu dagpeninga samkvæmt þeim lögum bætur vegna hvers barns sem móðirin átti fyrir.

En þó að þetta ósamræmi hafi verulega minnkað þá er þarna um nokkurt ósamræmi enn að ræða og nefndin var öll sammála um að það væri í raun og veru æskilegt að allir launþegar nytu sömu réttinda af hálfu hins opinbera varðandi fæðingarorlof. Hitt er svo annað mál að launþegar geta að sjálfsögðu samið um viðbótarréttindi ef því er að skipta en það sem hið opinbera greiddi ætti auðvitað helst að vera hið sama.

Þess vegna töldu allir nefndarmenn að stefna bæri að því að stofna sérstakan sjóð, fæðingarorlofssjóð. Hugmyndir nefndarmanna voru þær að hann yrði með svipuðu sniði og Atvinnuleysistryggingasjóður. Tryggingastofnunin annaðist sjóðvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu og stjórn hans yrði skipuð t.d. fulltrúum frá ASÍ, VSÍ, BSRB, BHM og fulltrúum kjörnum af Alþingi. Sjóðurinn yrði síðan fjármagnaður með iðgjöldum atvinnurekenda sem yrði ákveðið hlutfall greiddra launa, svo og með framlögum ríkisins.

Hins vegar er ljóst að slík breyting verður ekki gerð nema í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekendur. Þetta er hins vegar framtíðarmál sem byggist á samkomulagi aðilanna og nefndin var sammála um að æskilegt væri að stefna að. Hins vegar er ljóst að til þess þarf nokkurn tíma að svo geti orðið og ekki þykir unnt að bíða með að gera breytingar á núgildandi fyrirkomulagi.

Þess vegna er það að nefndin gerir tillögu um að fæðingarorlofi samkvæmt núgildandi 16. gr. almannatryggingalaga verði skipt upp í annars vegar fæðingarstyrk, sem greiðist öllum fæðandi konum í fjóra mánuði frá næstu áramótum og síðan fimm til sex mánuði á næstu tveim árum þar á eftir og á hinn bóginn fæðingardagpeninga sem greiðast aðeins þeim sem verða af launatekjum vegna barnsburðar og þá tekið mið af atvinnuþátttöku viðkomandi.

Þess ber að geta að hugsunin er sú að þessar tvenns konar bætur séu fjármagnaðar með mismunandi hætti, að fæðingarstyrkurinn verði alfarið greiddur af ríkissjóði en fæðingardagpeningar af atvinnurekendum. Hins vegar reiknast nefndinni svo til þegar allar fæðingarnar eru teknar með og upphæðirnar teknar með í reikninginn að útkoman yrði sú að kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda af þessu breytta fyrirkomulagi yrði nánast jöfn. Og það er sama skipting og gert var ráð fyrir þegar lög nr. 97/1980 voru sett, eins og sagði í athugasemdum með frv. þá.

Ég gat þess áðan um upphæðir fæðingarstyrks og dagpeninga að fæðingarstyrkurinn yrði verulega hærri en núgildandi greiðslur til heimavinnandi foreldra, þ.e. það yrði um 50% hærra en nú er. Hins vegar yrði tekjutap útivinnandi foreldra bætt með fæðngarstyrk og fæðingardagpeningum þannig að samanlögð upphæð styrks og dagpeninga nemi nokkurn veginn sömu upphæð og fæðingarorlof nú, en tíminn lengist hins vegar.

Til að hafa viðmiðun í þessu sambandi gerir nefndin ráð fyrir að fæðingardagpeningar nemi tvöföldum sjúkradagpeningum eins og þeir eru á hverjum tíma, nú samtals 18 430 kr. Foreldri sem leggur niður fulla vinnu fengi því 15 000 + 18 430, þ.e. 33 430 kr. á mánuði í stað 32 313, þannig að þarna munar ekki miklu í upphæðum hvers mánaðar. Það er rétt að benda á það að ef sjúkradagpeningum væri breytt þannig að þeir tækju mið af launatöxtum ákveðinna stéttarfélaga, eins og tillögur hafa stundum komið fram um, þá væri nauðsynlegt að endurskoða að sjálfsögðu fæðingardagpeningana um leið.

Og enn er rétt að nefna það í þessu sambandi líka að þær stéttir sem nú njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum, svo sem opinberir starfsmenn og bankamenn, fengju ekki þessar framangreindu greiðslur.

Varðandi lengd orlofsins hafði ég minnst á áðan að nefndin er sammála um að rétt sé að lengja það í áföngum á tveim til þrem árum í allt að sex mánuði.

Þá kem ég að því viðkvæma máli sem er kostnaðurinn við þetta fyrirtæki. Öllum hlýtur að vera ljóst að ekki er hægt að gera þessar breytingar án þess að nokkru sé til kostað, en hitt er svo annað mál að við teljum að sá kostnaður skili sér í betra heilsufari mæðra og barna bæði í bráð og lengd og raunar betri möguleikum fyrir foreldra til þess að sinna ungum börnum sínum. Ef einungis væri miðað við þriggja mánaða fæðingarorlof eins og nú er, þá væri kostnaðaraukinn bara af kerfisbreytingunni 20 031 831 kr. en hver viðbótarmánuður mundi kosta 119 500 000 kr. Lenging í sex mánuði mundi því kosta 378,5 millj. kr. á ári miðað við sama fjölda fæðinga og var 1985 og sams konar atvinnuþátttöku kvenna.

Án þess að ég fari nánar út í þessa útreikninga vil ég vísa til útreikninga sem fylgja þessu frv. og eru mjög ítarlegir þannig að þessu ættu hv. þm. að geta glöggvað sig vel á ef spurningar rísa um það í meðferð nefndarinnar.

Hins vegar er það ljóst að vegna þessa og ársuppgjörs almannatrygginga þykir rétt að þessi breyting taki gildi við upphaf árs, en að sjálfsögðu þarf aðdraganda til þess að undirbúa slíka breytingu og því tel ég að það væri mjög gagnlegt að afgreiða

þetta mál nú á þessu þingi þótt skammt sé eftir þingtímans því að það mundi að sjálfsögðu auðvelda mjög þessa framkvæmd svo að ég vonast nú til að fulltingi fáist til þess.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á töflunni sem er í miðopnu grg. Þar eru alveg nýjar upplýsingar um fyrirkomulag þessara mála í nágrannalöndum okkar. Það er oft og tíðum vitnað til þessa, eins og við könnumst við, í umræðum og við skoðun þessara upplýsinga sjáum við að stundum hefur verið nokkur misskilningur á ferðinni um það hvernig málum þessum er háttað í þessum löndum. Þetta er meðal þess sem undirbúningsnefndin vann af mikilli samviskusemi við öflun gagna. En ég vil taka það fram að það er galli í prentuninni á þessari opnu og þess vegna mun ég, með leyfi deildarinnar og hæstv. forseta, dreifa ljósrituðu betra eintaki. Það hafa fallið niður hér á tveimur stöðum línur og ég mun dreifa gleggra eintaki þm. til auðveldari verka.

Ég vil þá sérstaklega geta þess að hér eru allítarleg ákvæði um framkvæmdina. Það er um það hvernig möguleikar á fæðingarorlofi skiptast á milli foreldra. Í því sambandi vil ég geta þess að lítils háttar villa hefur komið hér í frv. Það er nú raunar í grg. þess, en það gæti valdið misskilningi. Það varðar það ef foreldrar skipta á milli sín fæðingarorlofi að einhverju leyti. Það er á bls. 4 í frv. um greiðslurnar, frv. til breytinga á almannatryggingalögum. Það stendur í II., 2. tölul. b-lið í lokin:

„Fæðingardagpeninga, sem greiðast aðeins þeim, sem verða af launatekjum vegna barnsburðar og þá tekið mið af atvinnuþátttöku viðkomandi móður."

Þannig stendur þetta í frv., en ætti aðeins að standa „viðkomandi", því að þetta tekur jafnt til föður ef um er að ræða þann tíma sem hann fengi þennan möguleika í staðinn, þannig að það væri þá eftir atvinnuþátttöku hans í hans tilviki.

Ég held, frú forseti, að ég hafi tekið fram öll aðalatriði sem um er að ræða í þessu sambandi. Þó vil ég geta þess að hér kynnu menn að spyrja um viðmiðunina í sambandi við sjúkradagpeninga, af hverju standi í frv. að miða skuli við sjúkradagpeninga sem svo taki mið af atvinnuleysisbótum. En ástæðan er sú að það er ætlast til að þátttakan í atvinnulífinu eða sá tími sem bótaþegar hafa unnið hafi áhrif á bæturnar með sama hætti og tíminn hefur áhrif á atvinnuleysisbætur, þ.e. að eftir seinustu breytingu á lögunum um atvinnuleysistryggingar eru þrepin fleiri, það er meira og rökréttara samhengi á milli vinnutímans, þátttökunnar í starfi viðkomandi og svo bótaréttarins. Það olli oft ranglæti hér áður þegar þrepin voru miklu stærri þannig að menn urðu þá stundum af rétti sem eðlilegt hefði verið að veita. Um þetta gilda reglugerðarákvæði nú en eðlilegra þótti að taka þetta atriði inn í sjálfan lagatextann.

Ég held, frú forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um einstök atriði þessa frv. En það segir sig sjálft að mál eins og þetta hefur mjög mikla þýðingu í þjóðfélagi þar sem dregur úr fólksfjölgun á næstu árum. Sú ástæða ein er mjög þungvæg og hlýtur að leiða til þess að betur verði gert við barnafjölskyldur og foreldrum gert léttara að annast ung börn. Hitt er svo annað mál að þótt þeirri ástæðu væri ekki til að dreifa, þá er hér um að ræða réttarbót sem skiptir verulegu máli fyrir heilsu barns og raunar líka heilsu móður, svo og það framtíðaruppeldi sem byggist á sem traustustum og nánustum tengslum móður og barns og foreldris og barns á fyrstu mánuðum ævi þess.

Þess vegna vonast ég einlæglega til þess að Alþingi bregðist jafndrengilega við þessum frumvörpum og það brást við fæðingarorlofsfrv. 1975 þegar tekið var stórt stökk til lengri réttindatíma móður en áður hafði þekkst. Sem betur fer er það svo, hvað sem menn segja um stjórnmálamenn og alþingismenn, að ef þeir sjá að menn standa með fæturna á jörðinni og gera sér grein fyrir því hvaða skref er verið að stíga og réttlætismál er til umræðu og umfjöllunar, þá sýnir reynslan það að þá eru fáir sem ekki vilja leggja sig fram um að koma þeim málum í höfn.

Ég leyfi mér að leggja það til, frú forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Dræm fundarsókn hér í hv. deild nú þegar þetta mál kemur til umræðu er e.t.v. til marks um það að hér er á ferðinni gamalkunnugt mál fyrir hv. þingdeildarmenn því að eins og hv. þingdeildarmenn vita hef ég á þremur umliðnum þingum flutt hér frv. til laga um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði og fullar launagreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Hefur ævinlega orðið mikil umræða um það mál hér í hv. deild og sitt sýnst hverjum, en skemmst er frá því að segja að það frv. hefur aldrei fengist afgreitt úr hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um og þrátt fyrir að nefndinni hafi á sínum tíma verið afhentar hátt á fimmta þúsund undirskriftir þess efnis að hún afgreiddi það frv. með einhverjum hætti.

Þetta hefur þó e.t.v. orðið til þess að það var loksins sett á verkefnalista þeirrar hæstv. ríkisstjórnar, sem nú situr, nú á síðasta hausti að endurskoða gildandi lög um fæðingarorlof. Og síðan í október, þá er verkefnalistinn kom fram, höfum við beðið eftir því að sjá þau frumvörp sem þá voru boðuð um þessi mál. Þau eru nú hér fram komin og því fagna ég svo sannarlega, en vil jafnframt taka fram að það er vitaskuld afleitt að þetta viðamikla mál komi fram á síðustu dögum þingsins. Ljóst er að það er ekki nokkur von til þess að þau frumvörp sem hér liggja fyrir fái fullnægjandi umfjöllun í nefnd ef það er þá meiningin að afgreiða þau.

Hæstv. ráðh. komst svo að orði í ræðu sinni áðan að það væri gagnlegt að afgreiða þessi frumvörp nú fyrir þinglausnir. Var þar ekki fastar að orði kveðið

og velkist ég í nokkrum vafa um það hvort þessi frumvörp eru lögð hér fram til sýnis eða hvort það sé raunveruleg meining ráðherra að fá þau afgreidd hér á þessu þingi. Ef svo er þá er það ekki vansalaust að þingið fær ekki nema tæpar tvær vikur, ef svo fer sem stefnir, til að fjalla um þetta viðamikla mál.

Það er nýmæli í þessum frumvörpum að hér er búið að búta ákvæði um fæðingarorlof niður í tvö mismunandi frumvörp. Annars vegar er um að ræða frv. þar sem skilgreint er að fæðingarorlof sé leyfi frá launuðum störfum án greiðslna og síðan er í fylgifrv. kveðið á um greiðslur í fæðingarorlofi og hvernig þeim skuli vera háttað. Þeim er þar skipt í tvennt, annars vegar í fæðingarstyrk og hins vegar fæðingardagpeninga. Þessi framsetning málsins er með ólíkindum flókin og enginn vafi á að hér er verið að gera einfalt mál óþarflega flókið.

Ég tek undir það sjónarmið að nauðsynlegt er að skilgreina nákvæmlega hvað átt er við með fæðingarorlofi, en sú flókna skipting, sem hér er um að ræða, að búta þetta niður í tvo mismunandi lagabálka og að skipta greiðslunum með þeim hætti sem hér er gert, er heldur mikið af því góða. Sama má segja um þær vangaveltur sem fram koma í grg. um kostnaðarskiptingu milli ríkis og atvinnurekenda vegna fæðingarorlofs og eins hvað varðar sérstakan fæðingarorlofssjóð sem er sett fram sem lausleg hugmynd í grg. með greiðslufrv. og verður að teljast heldur langsótt og fjarstæð eins og málum er nú háttað.

Í þessum frv. er að finna ýmsar af þeim hugmyndum sem voru lagðar fram í því frv. sem ég hef hér flutt þrjú þing í röð og ég fagna því að þær eru komnar það langt að vera nú hér í frv. fluttu af meiri hluta Alþingis. Þar ber fyrst að nefna að samkvæmt þessum frv. er stefnt að því að lengja fæðingarorlof úr þeim þremur mánuðum sem það er í dag í sex mánuði og það er nákvæmlega sú lenging fæðingarorlofs sem ég hef lagt til á hverju þingi fram til þessa. Þessi lenging er afskaplega mikilvæg og hana verður að telja lágmarkslengingu fæðingarorlofs. Eins og hæstv. ráðh. kom að í máli sínu hér áðan þá tryggir þessi lenging móður og barni, og föður einnig hafi hann hug á að taka fæðingarorlof, næði til þess að mynda traustan grundvöll undir samskipti foreldra og barns og jafnframt gerir það móðurinni kleift að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins.

Annað atriði sem skiptir mjög miklu máli í sambandi við lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði er að það gerir konum kleift, ef þær sjálfar vilja, að hafa börn sín á brjósti í sex mánuði. Það er konum ráðlagt nú af heilsufarsástæðum og þá sérstaklega með tilliti til heilsufars barnanna og það nær vitaskuld ekki nokkurri einustu átt að konur hafi aðeins ráðrúm til þriggja mánaða fæðingarorlofs á meðan læknar ráðleggja þeim að hafa börnin á brjósti í sex mánuði. Konur úti á vinnumarkaði geta ekki með góðu móti haft barn á brjósti og einnig unnið. Þetta er því önnur mikilvæg ástæða þess að sex mánuðir eru lágmarkstími fyrir fæðingarorlof. Og eins og ég hef áður margsagt og hæstv. ráðh. vék að í máli sínu hér áðan, þá er hér einnig um fyrirbyggjandi heilsugæslu að ræða því að móðurmjólkin inniheldur mörg ónæmisefni sem munu nýtast ungabörnunum síðar á ævinni og stuðla að sparnaði í heilsugæslu hér á landi þegar til lengri tíma er litið.

Ég ítreka það enn að ég tel sex mánaða fæðingarorlof algjört lágmark og tel að við ættum að stefna að því að lengja fæðingarorlof enn meir og þá í áföngum. Hins vegar er ég ekki sátt við það að nú sé verið að lengja fæðingarorlofið í áföngum, úr þremur mánuðum í sex mánuði. Þannig háttar til hér á landi að 80% kvenna og vel það eru úti á vinnumarkaðinum og enn þá hærra hlutfall kvenna á barneignaraldri er úti á vinnumarkaðinum, það er sennilega nærri 90%. Því er það augljóst að lenging fæðingarorlofs í sex mánuði er mál sem þolir enga bið og því hlýt ég að harma það að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að taka þetta skref í einu stökki, heldur leggur til að þessu sex mánaða marki verði náð á nærri þremur árum héðan frá talið. Ég tel að hér sé of hægt farið og ég vil jafnframt geta þess að á hverju þingi fram til þessa hef ég lagt fram fylgifrv. með því fæðingarorlofsfrv. sem ég hef flutt, fylgifrv. sem gerir ráð fyrir tekjuöflun til að standa straum af kostnaði vegna fæðingarorlofs þannig að það væri ríkinu ekki of stór þröskuldur að klífa að lengja fæðingarorlofið um þrjá mánuði í einu stökki. Þetta fylgifrv. felur í sér hækkun á prósentuhlutfalli framlags atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er rökstutt með þeim hætti að ekki fer illa um atvinnureksturinn hér á landi nú, hann stendur með miklum blóma og hefur því svigrúm og bolmagn til að auka lítillega lífeyristryggingagreiðslur sínar og að það hljóti að teljast öllum atvinnurekstri til hagsbóta að fá heilbrigða einstaklinga til starfa.

Þetta frv. hefur ævinlega verið lagt fram með því fæðingarorlofsfrv. sem ég hef hér flutt og hefði það fengið náð fyrir augum meiri hlutans þá hefði verið kleift að lengja fæðingarorlof í einu stökki úr þremur mánuðum í sex mánuði. Það er ekki gert í þeim frv. sem nú liggja fyrir og það tel ég mjög slæmt.

Hitt meginatriðið í þeim frv. sem hér liggja fyrir eru þær greiðslur sem áætlað er að greiða foreldrum í fæðingarorlofi. Samkvæmt greiðslufrv. bera heimavinnandi konur áfram skertan hlut frá borði hvað varðar fæðingarorlofsgreiðslur. Samkvæmt frv. njóta þær einungis fæðingarstyrks, sem kallaður er — og mér finnst reyndar óskemmtilegt orð, hefði frekar viljað sjá orð eins og fæðingargreiðslur því að mér finnst eins og með þessu sé dálítið talað niður til kvenna sem ekki eru útivinnandi — þær njóta einungis fæðingarstyrks en ekki fæðingardagpeninga.

Samkvæmt því frv. sem ég hef hér áður flutt var lagt til að heimavinnandi konur nytu fullra viðmiðunargreiðslna sem eru nú um 32 000 kr. á mánuði og sú skerðing, sem hefur frá upphafi verið í gildi varðandi greiðslu fæðingarorlofs til heimavinnandi kvenna, yrði þar með afnumin. Það er ekki gert í

þessu frv. Heimavinnandi konur fá samkvæmt því helmingi lægri greiðslu en konur í fullu starfi úti á vinnumarkaðinum. Mér þætti ákaflega fróðlegt að vita hvað þeir hv. þm. framsóknar, sem sæti eiga í þessari hv. deild, hafa um þetta að segja því ef ég man rétt þá hefur það verið eitt af stefnumálum Framsfl. að heimavinnandi konur sætu við sama borð og aðrar konur hvað varðar greiðslur í fæðingarorlofi. Og nú er hér fram komið stjfrv. sem kveður á um hið gagnstæða. Þær munu áfram bera skertan hlut frá borði.

Hvað útivinnandi konur varðar kveður þetta frv. á um að þær fái auk fæðingarstyrks einnig fæðingardagpeninga og séu þær í fullri vinnu þá nemi upphæðin rúmlega 33 000 kr. á mánuði sem er u.þ.b. 1000 kr. meira en þær fá nú miðað við núgildandi lög.

Ég hef haft þá skoðun í þessum málum, og hún hefur komið fram í þeim frv. sem ég hef hér flutt um þetta mál, að réttast væri að greiða konum óskert laun í fæðingarorlofi, þeim konum sem eru úti á vinnumarkaðnum. Það er vegna þess að konur eru fyrirvinnur engu síður en karlar. Við vitum það að hvert heimili nú til dags þarf tvær fyrirvinnur. Það var viðurkennt af hæstv. fjmrh. núna síðast hér í hv. deild í umræðu fyrir u.þ.b. 10 dögum síðan um frv. til skattalaga. Þar er gert ráð fyrir að hvert heimili þurfi tvær fyrirvinnur og m.a. þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að útivinnandi kona haldi sínum launum óskertum í fæðingarorlofi, hún er fyrirvinna rétt eins og faðirinn.

Ég hef einnig bent á að rétt sé að setja ákveðið þak á greiðslur sem yrðu með þessum hætti vegna þess að ekki sé eðlilegt að Tryggingastofnun greiði út mjög há laun, en hef jafnframt bent á að hvað mæðurnar varðar er þetta ekki vandamál því staðreyndin er sú að útivinnandi konur á Íslandi hafa mjög svipuð laun. Launabil á milli útivinnandi kvenna er ekki stórt. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem við höfum um þessi mál, sem er að finna í skýrslu Byggðastofnunar um vinnumarkaðinn 1985, er launum kvenna þannig háttað að aðeins 5% kvenna á vinnumarkaði ná meðallaunum karla. Enda kom það fram þegar Tryggingastofnun ríkisins reiknaði þetta út fyrir mig í fyrra að það skipti stofnunina nánast engu máli hvort hún greiddi út fullar viðmiðunargreiðslur til kvenna í fæðingarorlofi eða hvort hún greiddi þeim full laun, niðurstöðutalan var sú sama, upphæðin var sú sama.

Einnig er þess að geta að með því að konur haldi fullum launum þegar þær taka fæðingarorlof þá metum við þau störf sem felast í því að annast um lítið barn jafnmikils og hvert annað starf sem móðir hefur með höndum úti á vinnumarkaðnum. Ég tel mjög mikilvægt að viðurkennt sé af hendi löggjafans að það að annast um nýfætt barn sé engu ómerkilegra en hvert annað starf, í krónum talið. Með því að skerða laun kvenna með þeim hætti sem þessi frv. gera ráð fyrir, þ.e. þær halda ekki fullum launum í fæðingarorlofi, má segja að verið sé að refsa konum launalega fyrir að eiga börn. Þær lækka í launum við það að fara heim og sinna þessum litlu börnum. Það get ég ekki samþykkt. Jafnframt er rétt að benda á, eins og fram kemur í grg. og lagatexta þessara frv., að sumar konur halda óskertum launum í fæðingarorlofi samkvæmt þeim kjarasamningum sem þær búa við. Þar er að nefna konur, og feður einnig, sem eru opinberir starfsmenn og konur í Félagi bankamanna. Þarna er því ósamkvæmni á ferðinni. Sumar konur halda fullum launum, aðrar konur gera það ekki og það fer eftir því hvar þær eru á vinnumarkaðinum samkvæmt þessum frv. hvorn hópinn þær skipa.

Það er afar nauðsynlegt að samræma þetta og að hið sama gildi um allar útivinnandi konur að þessu leytinu til. En það er ekki gert í þessu frv. Það eru ASÍ-konurnar, konur sem ekki teljast til opinberra starfsmanna eða bankamanna heldur eru innan Alþýðusambands Íslands, það eru þær konur sem ekki halda óskertum launum í fæðingarorlofi. Og þetta eru sömu konurnar sem lægst hafa launin hér á landi. Hvað varðar greiðslurnar sjálfar gæti dæmið litið þannig út að kona, sem er opinber starfsmaður og hefur 45 000 kr. í laun á mánuði og fer í fæðingarorlof, henni eru greiddar 45 000 kr. á mánuði í fæðingarorlofsgreiðslur. Kona, sem er í fullri vinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði og fer í fæðingarorlof, hún fær 33 000 kr. á mánuði í fæðingarorlofsgreiðslur. Kona, sem er í hálfri vinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði, hún fær 24 000 kr. á mánuði. Og kona, sem er heimavinnandi, hún fær minnst af öllum, hún fær aðeins 15 000 kr. á mánuði samkvæmt þessu frv. Hér tel ég vera um fullkomlega ófullnægjandi aðferð að ræða við að ákveða upphæð greiðslna í fæðingarorlofi og sú mismunun sem hér á sér stað er með öllu óviðunandi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða mjög ítarlega einstakar greinar þessara frv. Það er margt sem er til bóta hvað varðar réttindi í réttindafrv., til að mynda vil ég þar nefna 6. gr. þar sem kveðið er á um að skylt sé að færa barnshafandi konu til í starfi, ef heilsu hennar eða fósturs er hætta búin, án þess að launakjör hennar skerðist á meðgöngutíma. Eins er hér ákvæði í 7. gr. um að atvinnurekandi, sem brýtur á ákvæðum þessarar greinar með því að segja upp barnshafandi konu, sé bótaskyldur. Það er einnig til mikilla bóta. Jafnframt er hér sama hugsun og er í því frv. sem ég hef hér ítrekað flutt, að foreldrar ráði því sjálfir hvernig þeir skipta fæðingarorlofinu og geti þá jafnvel báðir tekið fæðingarorlof í einu og verið báðir heima þennan tíma. Þessu er ég mjög samþykk. Hins vegar finnst mér heldur naumt skammtaður tími hvað varðar foreldra sem ættleiða barn og eins hvað varðar móður sem fæðir andvana barn. Af foreldrum sem ættleiða barn er klipinn einn mánuður. Þeirra fæðingarorlof getur lengst orðið fimm mánuðir þegar þessi frv. eru komin til fullra framkvæmda í staðinn fyrir sex hjá öðrum. Ég sé engin rök fyrir því að klípa hér af einn

mánuð. Hvað varðar móður sem fæðir andvana barn þá er aðeins gert ráð fyrir að hún njóti tveggja mánaða fæðingarorlofs en ég tel að hún þurfi skilyrðislaust þrjá mánuði til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburðurinn er, svo ekki sé minnst á þá andlegu áreynslu að missa barn sitt í fæðingu. Hún þarf minnst þrjá mánuði að mínu viti og sjálfsagt er það þó varla nóg.

Ég á ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. sem fær þetta mál til meðferðar. En ég óska eftir því að fá áheyrnaraðild að nefndinni þá er hún fjallar um þetta mál og vil því spara mér að fjalla nánar um einstök ákvæði þessara frv. nú. Megingallar frv. eru, eins og ég hef hér fjallað um, að verið er að gera einfalt mál óþarflega flókið í fyrsta lagi. Í öðru lagi tekur lengingin í sex mánuði allt of langan tíma. Við hefðum getað náð þessu í einu stökki hefði verið að staðið eins og ég hef hér á þremur umliðnum þingum lagt til. Og í þriðja lagi, og það er ekki síst atriðið, finnst mér konum mismunað hrapallega í greiðslum skv. þessu frv. Reyndar hefur það gengið eins og rauður þráður í gegnum þær umræður, sem hafa orðið í þessari hv. deild um skipan fæðingarorlofsmála á þremur síðustu þingum, að nauðsynlegt sé að réttur kvenna sé sem jafnastur hvað varðar fæðingarorlofsgreiðslur. Það þurfa að hafa orðið mikil sinnaskipti hér í hv. deild ef þingdeildarmenn ætla að samþykkja þá greiðslutilhögun sem hér er lögð til, því að hér er um gríðarlega mismunun og misræmi í greiðslum að ræða.

Að lokum tel ég að þessi frv. séu áfangasigur í þessum mikilvægu málum, en þau eru hvergi nærri fullnægjandi sem endanleg lausn í málum þessum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi þá ósk hv. 11. þm. Reykv. um að fá áheyrnaraðild þegar nefndin, sem fær málið til meðferðar, tekur það til afgreiðslu þá mun forseti stuðla að því og telur það sjálfsagt.

Helgi Seljan:

Virðulegur forseti. Ég fæ þetta mál í nefnd og mun skoða bæði þessi frv. þar og átta mig betur á raunverulegri útkomu þeirra. Ég held að ég vilji nú skilja hæstv. ráðh. svo, þegar hann flutti framsögu fyrir þessum málum báðum, að afgreiðsla þeirra núna væri ekki einungis gagnleg heldur í raun og veru nauðsynleg og ég fyrir mitt leyti mun stuðla að því að svo verði. Ég ætla a.m.k. að vona að það sé ætlun, ekki bara ráðherrans heldur stjórnarflokkanna hér, að láta þetta verða að virkileika þó að það verði náttúrlega ekki fyrr en um næstu áramót sem þetta byrjar að taka gildi, þannig að þetta er auðvitað ávísun yfir á framtíðina eins og margt fleira sem við sjáum nú þessa dagana.

Það ber vissulega að fagna þessu frv. og þessari frumvarpsgerð þó að síðla sé á ferð og ýmislegt mætti þar um segja, einkum sakir þess hversu mál þetta, fæðingarorlofið, hefur oft og rækilega verið hér til umfjöllunar. Í þeim umræðum, þ.e. um það frv. sem hv. 11. þm. Reykv. gat um áðan og hún hefur flutt hér þrívegis, þá hef ég látið það í ljós sem mína skoðun að í fáu væri um að ræða meira réttlætismál á félagslega sviðinu, á uppeldissviði, á jafnréttissviði, með umhyggjuna fyrir hinum unga þegni í fyrirrúmi, en einmitt lenging fæðingarorlofsins.

Ég hef hiklaust látið það í ljós að svo brýnt sem það væri að koma þessu máli sem lengst og sem fyrst þá væri það dagljóst að hér yrði um áfanga að ræða. Það yrði um áfanga að ræða eins og verið hefur, ákveðin skref að góðu réttlætismarki sem við getum síðar rætt hversu best skuli háttað og hverja tímalengd eigi að setja á oddinn ef við lítum til lengri framtíðar. Þar get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að vitanlega er hér ekki um neina endanlega gerð að ræða. Við skulum ekki ætla samfélagi okkar aðra þróun en þá að hér sé einnig um áfanga að ræða eins og áður hefur verið.

Ég neita því ekki hins vegar að ég hefði viljað sjá á þessu árabili tekin ákveðin skref að þessu marki í stað þeirra fyrirheita sem nú á að lögfesta og ég tel að eigi að lögfesta. Ég tel að það beri að skilja mál hæstv. ráðh. svo að við eigum að vinna að lögfestingu þessa núna í heilbr.- og trn. þó að til þess sé mjög skammur tími og erfitt að átta sig á því svo skömmu fyrir þinglok og svo skömmu fyrir kosningar, jafnvel svo að viss ónotagrunur læðist nú að manni í tengslum við það. Það skal þó fram tekið, til að fyrirbyggja misskilning sögunnar vegna, að hæstv. ráðh. tryggingamála á að baki, eins og reyndar var komið hér inn á áðan í hans máli, þá sem þm., verulega úrlausn einmitt í þessu máli og skal því ekki út af fyrir sig vera að draga úr því að um virkilegan áhuga hafi verið að ræða hjá hæstv. ráðh. að koma þessu máli fyrr og betur frá sér, en við vitum að hér eru ýmis mál sem kallað er á. Hér segir einnig fjármagnið til sín og svo ákveðinn vilji í því á hvað menn vilja leggja áherslu.

Þar hlýtur maður auðvitað að víkja að því að þetta mál ber að skoða í því ljósi, svona seint fram komið eins og það er, að þessi hæstv. ríkisstjórn fær tæpast þau eftirmæli að hún hafi verið ríkisstjórn félagslegra átaka eða félagslegra réttlætismála, enda samrýmist slíkt illa hinni óheftu markaðshyggju sem æ meira hefur sótt á og ég held að enginn hafi lýst betur í framkvæmd og því hvernig hún gæti komið út en einmitt Sigurlaug Bjarnadóttir, fyrrv. hv. þm. og flokkssystir trúlega enn þá hæstv. ráðh., og gott ef ekki meðflm. hennar á sínum tíma að frv. um fæðingarorlof ef ég man rétt.

Hér er farið inn á nýjar brautir í framkvæmd fæðingarorlofs og greiðslna í þessum greinum. Ég held að það þurfi allt vandlega skoðun. Ég hef ekki áttað mig á þessu enn þá. Mér þykir ýmislegt vera það flókið að það þurfi vandlega athugun. Ég heyri það t.d. þegar þeir tveir ræðumenn, sem hér hafa talað, eru að túlka ákvæði þessara laga, þá fer það nokkuð á misvíxl svo að ekki skýrist málið fyrir mér beinlínis í því efni, einmitt vegna þess að hér er farin

nokkuð flókin leið að þessu marki og túlkun nokkuð á annan veg í máli hæstv. ráðh. t.d. en í máli hv. 11. þm. Reykv. hér áðan — í sumum greinum og það býsna veigamiklum greinum sem við höfum oft rætt hér áður.

Mér hugnast við fyrstu yfirsýn sumt vel, við annað set ég spurningarmerki a.m.k. á þessu stigi, en ég get ekki annað en sett spurningarmerki við það, því að í nefndinni mun ég reyna eftir megni að fara ofan í saumana á því sem mér þykir mest orka tvímælis. Eins og kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. hafa verið skiptar skoðanir um greiðsluupphæðir eða reglur um þær, spurning um jafnar upphæðir varðandi fæðingarorlof eða mismunandi eftir launum viðkomandi og þá auðvitað mismunun eftir því, eins og hún kom réttilega inn á, í hvaða stéttarfélagi viðkomandi væri og hvort samningar lægju að baki sem tryggðu viðkomandi foreldri aukinn rétt eða ekki, tryggðu full laun sem slík.

Mér sýndist í fljótu bragði vera farið hér nokkuð bil beggja, en allerfitt að átta sig á þessu öllu, og í máli hv. 11. þm. Reykv. skildi ég það svo að hér væri í raun og veru gengið skemmra en mér hafði sýnst í upphafi varðandi þetta atriði. Ég leyni því ekki að ég hef talið að sem jafnastar fæðingarorlofsgreiðslur, ef við megum orða það svo, væru eðlilegastar með tilvísun í tryggingakerfi okkar, en ég viðurkenni hins vegar það sjónarmið, sem hv. 11. þm. Reykv. hefur oft komið með sem gagnrök gegn minni skoðun, að sem orlof þá sé auðvitað einnig spurning um laun viðkomandi ef ekki er um nein samningsákvæði þar um að ræða.

Með þessari tvískiptingu hefði í raun og veru átt að vera girt fyrir þetta, þá hefði átt að vera unnt að girða fyrir þetta að verulegu leyti, en það sýnist mér sem sagt ekki vera nægilega gert ef menn vilja þá fara þá leið að viðkomandi missi einskis í launum. Í grg. með frv. og í máli hæstv. ráðh. sýnist mér náttúrlega líka að því sé vísað á framtíðina og í raun og veru sé reiknað með því, það er auðvitað mikill óvissuþáttur, að inn í samninga á almennum launamarkaði komi ákvæði af því tagi sem tryggi það að viðkomandi foreldri á almennum vinnumarkaði missi einskis í launum, þannig að það verði ekki áframhald á þessu, það verði ekki bara opinberir starfsmenn og bankamenn sem njóti þessara samningsákvæða, heldur einnig t.d. ASÍ-fólkið, sem er að vinna sér inn réttindi núna í ýmsum greinum á sama máta og hefur viðgengist lengi hjá opinberum starfsmönnum.

Þetta skýrist allt í nefnd og verður ljósara. Ég mun stuðla að því að málið fái afgreiðslu í nefndinni því að við annað er í raun og veru ekki unandi, allra síst af hálfu okkar stjórnarandstæðinga sem höfum lagt á það áherslu að einhver úrlausn fengist í þessu máli. Það kann hins vegar að vera býsna erfitt að koma þessu í gegnum báðar deildir á svo skömmum tíma með þau mismunandi sjónarmið sem hér eru og munu örugglega birtast ef við förum t.d. að kalla til aðila eða ég tala nú ekki um að fá umsagnir ákveðinna aðila varðandi þessi frv. bæði. Þá efast ég ekki um að það koma svo mörg álitaefni þar upp að við verðum í býsna miklum vandræðum. En við skulum reyna okkar besta. Það er okkur skylt, hreinlega vegna þess að hér er þó verið að fara ákveðna áfangaleið.

Ég verð svo aðeins segja það tvennt í lokin — og ætla ég ekki að fara að gera hosur mínar neitt grænar fyrir hv. 11. þm. Reykv. í því efni sérstaklega — að fyrst hæstv. ráðh. fór nú hér inn í þingsali til að sækja nefndarmenn í þessa nefnd til að undirbúa þessi lagafrv., þá hefði mér nú ekki fundist saka að hún hefði sótt hv. 11. þm. Reykv., sem hefur svo oft flutt þetta mál hér inn í deildina, í þessa umræddu nefnd, úr því að hæstv. ráðh. fór líka yfir í stjórnarandstöðuliðið eins og ljóst er í þessu efni. Ætla ég ekki að gera lítið úr hlut þess stjórnarandstöðuþingmanns sem að þessu hefur unnið, síður en svo, en mér hefði þótt það að mörgu leyti eðlilegra. En það er vitanlega spurning um vilja og smekk og kannske eitthvað fleira, en ég vona ekki.

Og svona af því að það er alveg að koma kvöldmatur, þá má kannske slá á léttari strengi líka. Mér þykir nú sem ráðherrar hæstv. vilji í lokin sem sagt halda nokkra hátíð með kjörorðinu „Góða veislu gjöra skal“. Þar hefur hæstv. samgrh. verið veislustjóri til þessa, við höfum séð það, og flutt gjafir góðar yfir í framtíðina. Nú slæst hæstv. heilbrmrh. í hópinn og það verð ég að segja að veisluréttur hennar er um allt girnilegastur með þó ákveðinni lögfestingu, að vísu einnig fram í framtíðina, á slíku brýnu réttlætismáli sem hér er á ferð.

Ég vona sem sagt að þetta verði forrétturinn hjá hæstv. ríkisstjórn, með ákveðnum forgangi þá, því af sumum réttum hæstv. ráðherra leggur aðeins reykinn og mun svo verða fram yfir kosningar en það er svo önnur saga.

Haraldur Ólafsson:

Hæstv. forseti. Það eru einungis örfá atriði sem ég vildi nefna í sambandi við þessi ágætu frv. sem hér liggja fyrir. Það hefur lengi verið mikið áhugamál framsóknarmanna að fá framlengingu fæðingarorlofsins. Gerðar hafa verið um það flokkssamþykktir og miðstjórnarsamþykktir og fyrir forgöngu þeirra var þetta einnig tekið upp í stjórnarsáttmálann. Það er gleðiefni að nú skuli liggja fyrir stjfrv. um lengingu fæðingarorlofsins og leiðréttingu á ýmsu því sem miður hefur farið í þeim efnum á undanförnum árum.

Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar en ég get lýst því yfir að af hálfu framsóknarmanna verður unnið ötullega að því að fá þetta afgreitt á yfirstandandi þingi. Ekki meira um það.

Þetta er mikið mál, þetta er réttlætismál og þetta er mál sem við eigum að samþykkja. Þó svo að við vildum mörg okkar hafa meiri hraða á þessu, vildum hafa fengið þetta fyrr, þá er þetta samt svo stórt skref í rétta átt að við eigum að samþykkja þetta,

hugsanlega með einhverjum breytingum ef ástæða þykir til og fram kemur hjá nefndinni að ekki er nógu vel séð fyrir einstökum málum, en alla vega skulum við stuðla að því að þetta mál nái fram.

Þær athugasemdir sem ég vildi gera, og vil taka undir með hv. 11. þm. Reykv., eru að ákvæðin um orlofstíma vegna ættleiðingar og andvana fæddra barna tel ég vera of skamman. Það að fæða andvana barn er áreiðanlega gífurlegt álag bæði fyrir móður og fjölskyldu og ég held að það veiti ekki af sama eða svipuðum tíma og ætlaður er fyrir þær sem fæða lifandi börn til þess að ná sér hreinlega eftir slíkt áfall. Eins og ég sagði nær þetta ekki bara til móður heldur einnig til föður og fjölskyldu, hugsanlega til þeirra barna sem fyrir eru. Ég held að við eigum að lengja þennan tíma og vona ég að nefndin finni lausn á því máli.

Það er einnig rétt að taka mjög skýrt fram að gert verði ráð fyrir því í lögum að heimilað verði launalaust leyfi að loknu fæðingarorlofi, allt að einu ári, án þess að viðkomandi missi stöðu sína á vinnumarkaði. Þetta táknar að staðan verði geymd í allt að eitt ár hvort sem faðir eða móðir á í hlut, enda geri þau grein fyrir óskum sínum þar um a.m.k. tveim mánuðum fyrir lok fæðingarorlofs.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi nefna. Og að lokum þriðja atriðið. Það varðar það jafnrétti, sem ég tel að verði að vinna að í sambandi við fæðingarorlofið, að allar konur sem barn ala hafi sama rétt og njóti sömu hlunninda hvaðan sem þau koma.

Að endingu vil ég hvetja til þess að afgreiðslu þessa máls verði hraðað þannig að þetta mikla og mikilvæga fjölskyldu-, heilbrigðis- og þjóðþrifamál nái fram að ganga.

Magnús H. Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þessi frv. skuli fram komin. Vissulega hefðu þau þurft að koma fyrr fram og taka gildi fyrr en ráð er fyrir gert. Ég tek undir með hv. 11. þm. Reykv. og hv. þm. sem hér talaði síðastur um það að nauðsynlegt sé að jafna aðstöðu kvenna. Þær eiga auðvitað allar að sitja við sama borð, hvort sem þær eru heimavinnandi eða útivinnandi.

Ég vona, hæstv. forseti, að Alþingi takist að afgreiða þessi frv. fyrir þingslit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Fyrir mörgum árum sagði forveri forsetans viturlega: „Þar sem veður eru nú mjög tekin að spillast og menn farið að fýsa til sinna heima er rétt að fara að slíta fundi."

Ég veit að hv. þingdeildarmenn eru komnir í þessar hugleiðingar en mig langar einungis til þess að þakka hv. þm. fyrir undirtektir þeirra. Ég veit að það er mikill vilji til þess að afgreiða þetta mál vel og ganga vel frá öllum atriðum.

Að því er varðar tímann sem þetta kemur fram á, þá er þess að geta að þessi nefnd hefur ekki setið að störfum nema síðan s.l. vor. Og ég verð að segja að ég tel að hér sé um svo vandaða vinnu að ræða að það sé í raun og veru mjög mikils virði og sé þá betra að frv. komi seint fram á þingtíma en að undirbúningnum sé ábótavant.

Ég hygg að hv. þdm. eigi eftir að komast að raun um það þegar þeir skoða málið betur að það sé einmitt til að gera málið skýrara að skipta þáttunum upp í tvö frv., en ekki með þeim flókna hætti sem ég tel að nú sé, að vinnuréttarmál séu inni í tryggingalögum. Það eru í raun og veru tvö mál. Enda er það svo að þetta er alls staðar í nágrannalöndum okkar. Alls staðar er þetta einmitt svo að sú leið hefur verið farin að skipta þessu upp og greiðslunum, skipta upp annars vegar greiðslu vegna fæðingarorlofs, þ. e. fjarvista frá launuðu starfi annars vegar og svo vegna heimavinnandi mæðra hins vegar. Alls staðar hefur þessi leið verið valin.

Að því er varðar stöðu heimavinnandi mæðra að þessu leyti vil ég árétta það að hér er um að ræða stórt skref til bóta frá því sem nú er, mikla hækkun sem og lengingu á þeim tíma sem þær hafa haft. Og ef frv. verður að lögum, sem ég vona sannarlega og tel mig mega vænta, þá verður staða þeirra líka með því besta sem þekkist hér í álfunni ef ekki hin langbesta.

Ég vil nefna aðeins eitt sem e.t.v. hefði mátt misskilja í ræðu minni hinni fyrri að því er varðar fjármögnunina. Þegar ég gerði grein fyrir því hver kostnaðurinn yrði og talaði um að mánaðarlenging mundi kosta 119 millj., þá skiptist það vitanlega til helminga vegna þess að u.þ.b. helmingurinn er fjármagnaður af atvinnurekendum og helmingurinn af ríkinu. Fæðingarstyrkurinn er allur greiddur af ríkinu, en fæðingardagpeningarnir eru aftur á móti alfarið greiddir af framlagi atvinnurekenda til líf-eyristrygginga. Þetta vildi ég nefna sérstaklega til að skýra málin frekar.

Að því er svo varðar athugasemdir í sambandi við greiðslur í fæðingarorlofi vegna ættleiddra barna og svo vegna andvana fæddra barna, þá skil ég það að að því er varðar hið andvana fædda barn er auðvitað um mjög mikið álag og vandasamt mál að ræða og viðkvæmt. Sömuleiðis þarf hið ættleidda barn sína umhugsun ekki síður en það sem móðirin hefur fætt sjálf. En á það er að líta að forsendur sjálfs fæðingarorlofsins, frísins, eru í raun og veru tvær, annars vegar heilsufarssjónarmið, bæði barnsins og móðurinnar, og svo uppeldis- og umönnunarsjónarmiðið. Þannig að þegar um er að ræða ættleitt barn þá er ekki það sjónarmið sem varðar heilsufar móðurinnar kannske með sama hætti og þegar hún hefur fætt barnið sjálf. Og með andvana fædda barnið er ekki uppeldissjónarmiðinu til að dreifa. En aftur á móti fellst ég á það að það getur vel verið að þar verðum við að skoða þann þátt sem auðvitað felst í auknu álagi vegna missis eins og hv. þm. benti á. En við lendum líka í nokkrum vanda í sambandi við það atriði þegar við lítum á tímann ef eitthvað kemur fyrir öðru hvoru megin við þann eðlilega

áætlaða fæðingardag.

Þetta eru atriði sem ég treysti hv. nefnd til þess að fjalla um. Ég vil ítreka það að ég þakka hv. þm. fyrir góð viðbrögð og ábendingar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki stillt sig um að nefna það að sjálf hefði hún haft áhuga á að láta í sér heyra í þessu máli en vegna þess að hér eru engir varaforsetar af skýranlegum ástæðum er ekki möguleiki á því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 708.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um næsta mál hér á undan.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

51. fundur, miðvikudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, ein umr.

Stjfrv., 18. mál (úthlutun þingsæta o.fl.). — Þskj. 716 (sbr. 647).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hér er til einnar umræðu frv. til l. um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Frv. þetta var lagt fram á s.l. hausti fyrir hv. Nd. Á því voru gerðar miklar breytingar og að þeim loknum var það afgreitt til Ed.

Ed. fjallaði um frv., en sökum þess að lítill tími var þar til stefnu var það fyrst og fremst um má segja tæknileg atriði og samkomulag var í Ed. um smávægilegar breytingar við frv.

Í fyrsta lagi er það í sambandi við að ef stytta þarf fresti, m.a. um tilkynningu um merkingu á listum, er ákveðið hve langur dráttur má vera af hálfu ráðuneytisins að gera slíkt ef hinn upphaflegi tími ekki næst vegna þess hversu kosningar ber að með skömmum fyrirvara.

Í öðru lagi eru áhersluatriði í sambandi við *úthlutun á jöfnunarsætum til skýringar við 35. gr. frv.*

Í þriðja lagi er viðbót við ákvæði til bráðabirgða vegna þeirra kosninga sem gert er ráð fyrir að fram fari 25. apríl n.k. Skulu kærur vegna kjörskrár vera komnar fyrir 6. apríl og sveitarstjórnir skulu skera úr aðfinnslum við kjörskrár á fundi eigi síðar en 13. apríl. Þetta er talið nauðsynlegt vegna þess að að öðrum kosti hefði umfjöllun sveitarstjórna lent á bænadögunum og þá ekki verið hægt að koma niðurstöðum til viðkomandi aðila fyrr en svo má segja að alveg væri komið að kosningum.

Ég vænti þess að hv. Nd. sjái sér fært að styðja þessar brtt. og afgreiða frv. í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Það er óþarfi að flytja langa ræðu um það mál sem hér er til umræðu, bæði vegna þess að málið er kunnugt öllum hv. þm. og eins er hér um 7. umr. að ræða því að málið kemur eftir að breytingar hafa verið gerðar á því í hv. Ed. sem hæstv. ráðh. hefur þegar gert grein fyrir.

Það er ljóst að hér eru á ferðinni að áliti margra nokkuð flókin lög, aðallega vegna þess að markmiðin sem menn settu sér í upphafi voru ósamrýmanleg. Nefndin sem vann að því að kynna sér fyrirliggjandi brtt. og gera breytingar á gildandi lögum ákvað að fara í meginatriðum eftir því samkomulagi sem gert var í upphafi eða fyrir síðustu alþingiskosningar, en það samkomulag gerðu formenn stjórnmálaflokkanna.

Það er ljóst að núgildandi lög leiða því miður til fjölgunar framboða, svokallaðra smáframboða. Ég tel að sú þróun sé ekki góð og í raun og veru hafi íslenska þjóðin varla efni á því að fjölga stjórnmálaflokkum úr hófi fram eins og gerst hefur í sumum okkar nágrannalanda.

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að flytja sérstakar þakkir til Þorkels Helgasonar og Helga Bernódussonar fyrir þeirra þátt í því að liðka til fyrir nefndarstarfinu. Jafnframt má minna á að nokkrir aðrir kynntu sér málið rækilega og sendu nefndinni sínar hugmyndir sem voru til athugunar þar og til bóta fyrir nefndarstarfið. Vil ég þá sérstaklega nefna Jón Ragnar Stefánsson.

Það er ljóst að ef Sjálfstfl. hefði einn fengið að móta þessa löggjöf hefði verið byggt á reglu d'Hondts. Það kom fram í nál. á síðasta þingi. Sama geta fulltrúar annarra stjórnmálaflokka sagt, að ef þeir einir hefðu fengið að ráða hefði niðurstaðan ekki orðið með þeim hætti sem hér hefur orðið á. En hér er um samkomulagsmál að ræða og þetta er niðurstaðan og við hana verðum við að sætta okkur.

Ég tel, herra forseti, ástæðu til að taka það fram að nefndin hefur ekki komið saman til að ræða þær breytingar sem gerðar voru í Ed., en ég hef kynnt nefndarmönnum breytingarnar skriflega og óskað eftir því að þeir hefðu samband við mig fyrir þennan þingfund ef þeir hefðu athugasemdir að gera. Þær athugasemdir hafa ekki komið fram. Þess vegna tel ég ástæðu til að lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar að hún fellir sig við þær breytingar sem gerðar voru í hv. Ed. og mælir með því að frv. verði samþykkt svo breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSK, MB, ÓE, GHG, RH, SV, TG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, DP, FrS, GSig, GeirG, GE, GHelg, GGS, GT, HBl, IG.

KH, ÓÞÞ, MMS, EBS, GA, HG, JS, KP greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (KJóh, MÁM, SvS, PJ, StG, SJS, SvG, GB, GJG, JBH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel þau kosningalög sem eru í gildi nú meingölluð og treysti mér ekki til að bera á þeim neina ábyrgð. Sú breyting sem hér er lögð til er til bóta ef eitthvað er, en þó ekki til þeirra bóta að ég geti á nokkurn hátt sætt mig við lögin. Ég greiði því ekki atkvæði.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þau lög sem gilda nú eru að mínu mati óhæf. Ég er óánægður með þessar breytingar, en það er þó hægt að nota lögin eins og þau eru og þess vegna segi ég já.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum stutt þetta frv. Við teljum nauðsynlegt að þær breytingar sem hér er verið að gera á núgildandi lögum nái fram að ganga, en lýsum okkur jafnframt reiðubúna til að hefja nauðsynlega endurskoðun á þessari löggjöf strax á næsta þingi. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er umdeilt mál á ferðinni. Þó að samkomulag hafi tekist að nafninu til milli flokka með undantekningum þó um afgreiðslu málsins hafa einstakir þm. ekki bundið hendur sínar í því samkomulagi. Ég tel að við meðferð þessa máls hafi viss atriði verið færð til skárri vegar í sambandi við kosningalögin frá því sem þau voru afgreidd 1984 síðast í þinginu. En hér eru þó ýmis atriði sem ég *felli mig ekki við og langt frá því. Eitt atriði var flutt* inn í þingið í sambandi við kjördag. Þegar það mál var rætt hér í þinginu gerði ég athugasemdir við þá ákvörðun sem kom frá ríkisstjórn og forsrh. að hans tillögu. Það er eitt af mörgu sem gengur gegn hagsmunum landsbyggðarinnar í sambandi við afgreiðslu þessa máls og er að mínu mati fráleitt að vera að festa nú annað sinn í lög að efna til alþingiskosninga á meðan allra veðra er von í landinu. Ég greiði ekki atkvæði í þessu máli, sit hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 736).

Alþt. 1986. B. (109. löggjafarþing).

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 673 (sbr. 479).

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, en frv. þetta hefur fengið meðhöndlun í hv. Ed. S.l. aldarfjórðung hefur fiskverð verið ákveðið með samningum kaupenda og seljenda á vettvangi Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða með eins konar gerðardómi í yfirnefnd ráðsins. Það er engin tilviljun að verðákvörðun hér á landi hefur verið með þessum hætti. Aðstæður og staðhættir hafa skapað þetta verðlagskerfi. Þessar aðstæður einkennast af því að fiski er landað í fjölda hafna víðs vegar um land þar sem eru fáir eða jafnvel aðeins einn kaupandi og seljendur hafa ekki átt í aðrar hafnir að venda nema með ærnum tilkostnaði. Mjög víða fara saman eignarhald á útgerð og fiskvinnslu og því ekki um það að ræða að verð náist með samningum óháðra aðila og er eigendum oft hagkvæmast að landað sé í heimahöfn við sem lægst verð vegna hlutaskiptanna. Fram til þessa hafa því ekki verið forsendur hér á landi fyrir frjálsri verðmyndun á fiski með hliðstæðum hætti og gerist í ýmsum þéttbýlli löndum Evrópu.

Hin síðari ár hefur grundvöllur hins fasta verðkerfis hins vegar verið að breytast á ýmsan hátt. Stórbættar samgöngur á landi hafa gert fiskflutning milli hafna mögulegan í auknum mæli. Aukin burðargeta skipa hefur gert þau síður bundin við heimahöfn en áður var. Seljendum hefur opnast auðveldari aðgangur að mörkuðum erlendis, bæði vegna þess að með stærri skipum er fremur hægt að sigla til erlendra hafna og ekki síður með ferskfiskútflutningi í gámum. Jafnframt þessu hafa upplýsingar um verð og sölumöguleika jafnt á erlendum mörkuðum sem innanlands stórbatnað með bættri upplýsingatækni. Allt þetta hefur orðið til þess að veikja stöðu fiskkaupenda og gert það raunhæft að huga að *breytingum á hinu* hefðbundna verðlagningarkerfi.

Á grundvelli þessara breyttu aðstæðna samþykkti Alþingi fyrri hluta árs 1985 ný lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins þar sem ráðinu var veitt heimild til að gefa verð á einstökum fisktegundum frjálst, enda hlyti sú ákvörðun einróma samþykkt í ráðinu. Á s.l. hausti var þessari heimild beitt varðandi ákvörðun loðnuverðs.

Eftir nokkra byrjunarörðugleika verður ekki annað séð en þessi tilraun ætli að takast vel og er þess að vænta að sú reynsla sem fengist hefur af þessari tilhögun á loðnuverði leiði til þess að heimild verðlagsráðslaganna til að gefa verð frjálst verði beitt í auknum mæli, sérstaklega þegar óvissa ríkir á mörkuðum. Þær breyttu forsendur í markaðsmálum á ferskum fiski sem ég rakti hér að framan hafa einnig orðið til þess að umfjöllun um stofnun uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla hefur verið mikil að *undanförnu*.

Sumarið 1985 lagði Samband fiskvinnslustöðv-

anna til að sérstaklega væri kannað hvort unnt væri að koma á uppboðsmarkaði til reynslu á afmörkuðum svæðum. Eftir athugun í sjútvrn. og nokkrar umræður um málið innan sjávarútvegsins skipaði ég síðan hinn 9. apríl s.l. nefnd til að fjalla um málið. Var hlutverk nefndarinnar að kanna hvort unnt væri tímabundið og til reynslu að koma á fót uppboðsmarkaði fyrir fisk hér á landi. Yrði niðurstaða könnunarinnar jákvæð skyldi nefndin jafnframt kanna rekstrarlegar forsendur og athuga hvort aðilar fyndust sem tilbúnir væru að leggja fram fé til stofnunar og reksturs tilraunamarkaðar fyrir fisk á afmörkuðum landsvæðum.

Þar sem óvíst væri hvort slíkur staðbundinn markaður hentaði víða hér á landi var nefndinni jafnframt falið að kanna möguleika á því að koma á fót einhvers konar fjarskiptaneti fyrir fiskviðskipti þannig að verðmyndun á fiski gæti átt sér með tilliti til fjarskipta. Í nefndina voru skipaðir Gunnlaugur M. Sigmundsson formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkarð Jónsson.

Nefndin skilaði áliti í októbermánuði s.l. og er álit nefndarinnar prentað sem fskj. með frv. því sem hér er til umræðu. Leggur nefndin til að komið verði upp tilraunamarkaði með fisk þar sem verðmyndun er frjáls. Telur nefndin að nokkur landsvæði uppfylli þau skilyrði sem séu forsenda slíks markaðar en að tilraun beri að gera með slíkan markað á Faxaflóasvæðinu. Í skýrslu nefndarinnar er síðan fjallað um fyrirkomulag, rýmisþörf, æskilega stærð, stofnkostnað, rekstrarkostnað og rekstrarform slíks markaðar. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þau atriði hér, en vísa til fskj. I með frv.

Í framhaldi af fréttum um niðurstöður nefndarinnar hafa síðan borist fregnir af því að verið sé að undirbúa stofnun fiskmarkaðar víða um land. Ég verð að segja að mér finnst nóg um það kapp sem hlaupið hefur í menn til framkvæmda í þessu máli. Menn hafa árum saman rætt um að æskilegt sé að koma á fót uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla hér á landi. Ég tel að úr því þurfi að fást skorið hvort þetta sé vænlegur kostur og það verði ekki gert nema gerð sé tilraun með slíkan markað í fyrstu.

Ég tel einnig að með afnámi sjóðakerfisins á s.l. vori hafi skapast möguleikar til að slík tilraun sé gerð með raunhæfum hætti. Ég er því sammála niðurstöðum nefndarinnar um að slíka tilraun beri að gera. Ég held hins vegar að meta þurfi niðurstöður þessarar tilraunar áður en lengra er haldið á þessari braut. Það er geysileg breyting á verðlagningarkerfi fyrir sjávarafla sem hér er verið að tala um, raunar bylting. Hún kann að hafa víðtæk áhrif á ýmsum sviðum, t.d. varðandi uppbyggingu og skipulag fiskvinnslunnar, þróun fiskverðs, byggðamál og svo mætti lengi telja. Ég held því að við verðum að fara varlega í þessu máli og meta niðurstöður tilraunarinnar áður en lengra er haldið.

Í frv. því sem hér er til umræðu er skapaður lagalegur grundvöllur til stofnunar uppboðsmarkaðs fyrir sjávarafla í tilraunaskyni. Lagt er til að lögin séu tímabundin og falli úr gildi í árslok 1988, en í meðferð hv. Ed. var sá tími lengdur til ársloka 1989. Með því er tryggt að mál þessi komi á ný til skoðunar og ákvörðunar á Alþingi þegar nokkur reynsla er fengin af þessu verðlagningarfyrirkomulagi.

Skv. frv. þarf sérstakt leyfi til að reka uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Er það í samræmi við það sem tíðkast í erlendri löggjöf um slíka markaði, t.d. í Danmörku. Í ljósi hins víðtæka áhuga sem virðist vera fyrir stofnun uppboðsmarkaðar sýnist óhjákvæmilegt að hafa stjórn á hversu margir markaðir eru settir á fót því markaðir verða ekki stofnsettir annars staðar en þar sem viðskiptalegar forsendur eru til slíks, m.a. hvað varðar nægilegan fjölda kaupenda og seljenda. Þá er einnig nauðsynlegt að fastmótaðar reglur gildi um starfsemi hvers einstaks markaðar, t.d. um það hvenær skip þurfi að tilkynna afla á markað, hvort skip sé bundið við slíka tilkynningu, hvenær landa skuli og hvaða reglur gildi um framkvæmd uppboðsins sjálfs.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að leyfishafi skuli leita samþykkis ráðherra fyrir slíkum starfsreglum áður en rekstur hefst og slíkum starfsreglum verði ekki breytt nema að fengnu samþykki ráðherra.

Í 2. gr. eru sett sömu skilyrði um heimild hlutafélaga til að reka uppboðsmarkað og gilda samkvæmt lögum nr. 39/1922, um rétt til að reka fiskvinnslu á Íslandi. Jafnframt eru sett skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og fasta búsetu einstaklinga sem stofnsetja vilja markað svo og um fjárræði og búsforræði.

Með 3. gr. eru tekin af tvímæli um þær reglur sem gilda um hreinlæti, húsnæði og meðferð afla í fiskvinnslustöðvum, að þær reglur gildi einnig um uppboðsmarkað eftir því sem við getur átt.

Með 5. gr. er lögð upplýsingaskylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar. Er nauðsynlegt, bæði vegna hagsmuna kaupenda og seljenda, að frammi liggi upplýsingar um verð og aflamagn. Þá er í greininni kveðið á um skyldur rekstraraðila uppboðsmarkaðar til að gefa Fiskifélagi Íslands og öðrum opinberum aðilum upplýsingar.

Með 6. gr. er lögð skylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar til að standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum vegna hans inn á greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins. Er þetta í samræmi við tillögur fiskmarkaðsnefndarinnar. Samkvæmt ákvæðum laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins hvílir skylda til að skila fé inn í greiðslumiðlunarkerfið almennt á kaupanda, en fari afli í gegnum uppboðsmarkað er mun eðlilegra að rekstraraðili markaðarins annist þessar greiðslur. Samkvæmt almennum reglum greiðslumiðlunarlaganna miðast greiðslur inn á greiðslumiðlunarkerfið við samanlagt hráefnisverð aflans sé landað til vinnslu innanlands, en brúttósöluverðmæti ísfisks sem seldur er í erlendri höfn.

Með 3. mgr. 6. gr. er lagt til að sú sérregla verði sett varðandi uppboðsmarkaðinn að greiðslur vegna greiðslumiðlunarinnar miðist við uppboðsandvirði að frádregnum kostnaði af uppboðinu.

Í 7. gr. er lagt til að við sölu á uppboðsmarkaði gildi ekki það lágmarksverð sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Er þetta í samræmi við tillögur meiri hluta fiskmarkaðsnefndarinnar. Þetta er eðlileg regla þar sem gæði fisks, framboð og eftirspurn eiga að ráða verði á uppboðsmarkaði.

Loks er í 8. gr. kveðið á um að löggilda skuli einn starfsmann á uppboðsmarkaði til að annast framkvæmd sjálfs uppboðsins.

Með frv. þessu er stefnt að því að lögfesta einfaldar meginreglur um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla og marka slíkum uppboðum lagaramma án þess að kæfa þau í frumskógi opinberra reglna. Með því eru skapaðar forsendur til að gerð sé tilraun með nýtt verðlagningarkerfi á fiski hér á landi. Nauðsynlegt er að slík tilraun eigi sér stað þannig að úr því fáist skorið hvort þetta sölufyrirkomulag henti hér á landi. Hins vegar verður að hafa hugfast að hér er aðeins um tilraun að ræða. Nái frv. þetta fram að ganga kemur málið til skoðunar að nýju innan þriggja ára eftir þá breytingu sem gerð var í hv. Ed. og verður þá unnt að meta framhald þess í ljósi fenginnar reynslu.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Kvennalistans lýsa stuðningi við meginefni þessa frv., en mig langar hins vegar til að vekja máls á nokkrum atriðum sem ég held að séu þess virði að gaumgæfa.

Við álítum þetta vera tilraun sem sé sannarlega þess virði að gera hana, en hins vegar höfum við nokkrar áhyggjur af þeirri byggðaröskun sem kynni að fylgja í kjölfar slíks fiskmarkaðar eða uppboðsmarkaðar.

Ég bendi á að kostnaður fyrir þá sem búa nálægt slíkum markaði er mun minni en þeirra sem búa fjær honum. Þetta gæti leitt til mikillar keyrslu á fiski. Að vísu eru þegar í gangi einhverjir samningar á milli frystihúsa eins og hæstv. sjútvrh. vitnaði til.

Mig langar, herra forseti, að vitna í nýlega grein um fiskmarkaði í tímaritinu Sjávarfréttum þar sem einmitt er rætt um byggðaröskunina, en ég vil jafnframt benda á að sú tilhneiging getur orðið að sjómenn flytjist þangað sem landað er. Oft er það þannig að konur sjómanna stunda fiskverkun. Ef þær flytjast með mönnum sínum og fjölskyldurnar hreinlega flytjast þangað sem landað er munu frystihúsin leggjast niður og þau munu líka þjappast í kringum það svæði þar sem fiskmarkaður verður.

Í umræðum um fiskmarkað á Suðvesturlandi segir í tímaritinu Sjávarfréttum: „Ganga menn gjarnan út frá því að hærra verð fáist á markaðnum en nú er greitt. Hvaða áhrif hefur það á verðmyndun á ferskum fiski á landinu öllu? Getur slíkur markaður, þótt lítill sé, nánast tekið yfir ákvarðanir verðlagsráðs?“

Síðar í þessu sama tímariti er minnst á að framkvæmdastjórar frystihúsa telja að það gæti orðið mjög erfitt að flytja fisk um langa vegalengd til þess eins að fá á hann verð og keyra hann síðan heim aftur. Það hafi áhrif á gæði fisksins. Síðan eru beinar athugasemdir hvað varðar byggðaröskun sem er reyndar það atriði sem við höfum mestar áhyggjur af. Vitna ég enn:

„Flestir viðmælendur Sjávarfrétta voru fylgjandi því að gerð yrði tilraun með fiskmarkað þótt menn væru mismunandi vongóðir um árangurinn. Þannig taldi Árni Benediktsson rétt að prófa þetta þótt hann teldi ýmis vandamál því samfara. Kristján Ragnarsson kvað sjálfsagt að reyna, en menn yrðu að vera tilbúnir að gera upp kostina og gallana áður en framhaldið yrði ákveðið. „Ég vona mjög einlæglega að þetta raski ekki búsetu í landinu. Ef svo yrði teldi ég fiskmarkað af hinu verra. Svo mikið á landsbyggðin í vök að verjast gagnvart Reykjavík og nágrenni.““

Vitnað hefur verið til tilvonandi stofnunar fjarskiptamarkaðar og uppboðsmarkaðar á Akureyri í nýlegri grein í Morgunblaðinu og ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. hvort hann í fyrsta lagi hefði hugleitt vandamálið í sambandi við byggðaröskunina og í öðru lagi hvort hann hefði velt fyrir sér þessari hugmynd með fjarskiptamarkað sem hér er vitnað til. Ég vitna, með leyfi forseta:

„Gunnar Arason, formaður hafnarstjórnar á Akureyri og formaður fiskmarkaðsnefndar, og Guðmundur Sigurbjörnsson hafnarstjóri kynntu skýrslu nefndarinnar í gær, en um er að ræða nefnd sem gerir tillögur um fiskmarkað á Akureyri. Kom fram í máli þeirra að þegar hugur aðila við Eyjafjörð var kannaður var enginn áhugi fyrir fiskmarkaði eins og settur verður upp á suðvesturhorninu, þ.e. með því fyrirkomulagi að fiskinum verði öllum komið á einn stað og seldur þar. Þeir sögðu menn hræðast byggðaröskun yrði fiskur fluttur frá ýmsum stöðum á svæðinu á slíkan markað.

Þá væru einnig meiri tengsl milli veiða og vinnslu hér á svæðinu og hefði það sitt að segja. Starfsmaður nefndarinnar var Karl M. Kristjánsson viðskiptafræðingur og vann hann frumskýrslu.

Er framangreind viðbrögð aðila við Eyjafjörð voru ljós kviknaði hugmynd um fjarskiptamarkaðinn og hlaut hún góðan hljómgrunn. Lagt er til að umrætt hlutafélag verði í eigu kaupenda og seljenda og að hluta til í eigu Akureyrarbæjar sem gæti átt allt að 30–40% í félaginu til að byrja með en gæti síðan selt ef aðrir aðilar lýstu áhuga á að eignast hlut. „Fjarskiptamarkaður, er svo er kallaður, verður þannig upp byggður að nútímatækni varðandi fjarskipti verður nýtt“, eins og Gunnar orðaði það. Skip þyrftu því ekki að koma í land áður en boðið yrði í fiskinn heldur yrði það gert í gegnum nefnt hlutafélag og löndun færi síðan fram hjá kaupanda. Þarna yrði að sjálfsögðu farið eftir því hvernig skipið hefði

staðið sig með afla og hreinlæti áður þannig að skipið hefði ákveðinn feril eða ákveðna sögu hvað varðar meðferð aflans sem hægt væri að fara eftir og ef það ekki stæðist væri hægt að vísa aflanum til baka."

Mig langar til að beina þessum fsp. til hæstv. ráðh., en að öðru leyti ítreka ég að Kvennalistinn styður meginefni frv. og telur þetta tilraun sem sé sannarlega þess virði að gera, en þó með gætni.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu skiptir marga máli og getur haft veruleg áhrif þó að það sé vissulega til bóta að hér er um tímabundna ákvörðun að ræða, gert ráð fyrir að þingið endurskoði þá lagasetningu sem hér er gerð tillaga um fyrir lok árs 1989.

Ég vil alveg sérstaklega taka undir aðvaranir sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál varðandi hagsmuni minni byggðarlaga og þau áhrif sem þetta kann að hafa fyrir dreifingu afla til einstakra verstöðva og vinnslufyrirtækja. Mér finnst að það liggi alls ekki nægilega fyrir eða ekki eins og skyldi í undirbúningi þessa máls mat á því hvaða áhrif þetta kynni að hafa ef þær vonir rættust sem forgöngumenn þessa máls binda hug sinn við og telja að séu í sjónmáli. Ég geri mér alveg ljóst að það eru ákveðin atriði sem ýta á um þetta efni, m.a. vaxandi útflutningur á óunnum fiski og sú verðþróun sem honum fylgir og hefur verið hagstæð fyrir sjómenn og ég ætla sannarlega ekki að gera lítið úr þeirra hlut í sambandi við verðlagninguna og þörfina á að útgerðaraðilar og sjómenn fái eðlilegt verð fyrir sína vöru, fyrir sinn afla. En það eru fleiri hagsmunir sem þarf að líta til í þessu samhengi sem snerta auðvitað þessa sömu aðila einnig eins og alla landsmenn og fólk í ákveðnum byggðarlögum þar sem aðstæður eru engan veginn þannig að þær bjóði upp á nýbreytni af þessu tagi. A.m.k. sér maður það ekki eins og stendur, enda fyrst og fremst gert ráð fyrir því að þetta gæti gerst og haft þau áhrif sem forgöngumenn telja jákvæð á suðvesturhorninu og kannske í einstaka stærri byggðarlögum úti um landið. Hins vegar er mér ekki ljóst hvaða líkur eru á því að þarna skapist markaður um svo mikið magn að það gæti orðið í rauninni nokkuð leiðandi eða haft veruleg áhrif á fiskverðlagningu almennt. Mér er til efs, og reyndar hefur maður heyrt yfirlýsingar þar að lútandi frá stórum aðilum sem eru í senn með útgerð og fiskvinnslu, að þeir hugsi sér að ráðstafa nema þá mjög litlu broti af þeim afla sem þeir hafa umráð yfir til slíks markaðar og nægir að minna á yfirlýsingar sem heyrst hafa frá forráðamönnum Granda hf. í Reykjavík. Það er því kannske ekki ástæða til að ætla að þetta hafi mikil áhrif á þessum 2–3 árum sem gert er ráð fyrir að lögin séu í gildi óendurskoðuð nema eitthvað sérstakt komi til.

Ég heyrði frá hæstv. ráðh. aðvörunarorð í sambandi við þessi efni og ég deili þeim áhyggjum með honum sem fram komu í hans máli. Mér finnst í rauninni að hann hefði kannske átt að lýsa betur inn í þetta mál með aðild margra sem hafa lítið að því komið og að það yrði skoðað betur áður en farið væri að setja þessa löggjöf hér í þinginu. Mér finnst menn hafa farið óþarflega greitt fram með það ef það er ætlunin, eins og sýnist vera, að afgreiða þetta mál hér nú og setja þessar heimildir í lög.

Þetta frv. er því marki brennt eins og margt sem varðar sjávarútveginn að það er gert ráð fyrir leyfisveitingum af hálfu sjútvrn., það sé sjútvrh. sem veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Það er í mínum huga ofureðlilegt að það sé reynt að hafa takmarkanir og meta málin í sambandi við þetta, en hitt er einnig áhyggjuefni hvernig staðið er að lagasetningu hér í sambandi við flest atriði sem snerta okkar sjávarútveg. Þar eru völdin afskaplega mikið á einni hendi, eins og hér er einnig í sambandi við þessa leyfisveitingu, og mér hefur aldrei hugnast vel að það væri ráðandi stefna að þjappa valdi í þessum aðalatvinnuvegi okkar svo mjög saman eins og þarna gerist.

Hitt er annað mál að það kann að vera erfitt að fá virkt kerfi hagsmunaaðila til að taka á þessum málum í von um að samkomulag takist milli þeirra og það er kannske það sem menn bera við þegar verið er að réttlæta þá miklu valdasamsöfnun í ráðuneyti sem gerist í sambandi við stjórnun fiskveiða og þetta frv. endurspeglar einnig á sinn hátt. Ég er ekki að ætla hæstv. ráðh. að hann vilji í rauninni skara eld að sinni köku hvað eigin völd snertir. Það er ég ekki að segja. En hitt er þó ljóst að tilhneigingin er í þessa átt og kannske ekkert óeðlilegt af framkvæmdarvaldsins hálfu og mér finnst eiginlega skylt að menn leiti annarra leiða þó að ég sé ekki með beinar tillögur þar að lútandi.

Það eru sem sagt sérstaklega hagsmunir landsbyggðarinnar og hinna minni staða sem mér finnst geta verið í húfi í sambandi við þá þróun sem þetta gæti hleypt af stað frá því kerfi sem við höfum búið við og er ég þó engan veginn að segja að það sé hið eina rétta og þurfi ekki endurskoðunar við. Ég held að það sé alveg ljóst að þar gengur margt úrskeiðis í sambandi við sjávarútveg okkar og þá þróun í rauninni frá því markmiði, sem menn almennt hafa tekið undir, að reyna að tengja saman veiðar og vinnslu. Þróunin gengur í rauninni gegn þessu markmiði hin síðari ár og það er áhyggjuefni í mörgum greinum.

Það eru ýmsar blikur á lofti í sambandi við okkar fiskvinnslu í landinu sem full ástæða er til að ræða á hv. Alþingi. Það er náttúrlega útflutningurinn á óunnum afla í mjög auknum mæli hin síðari ár. Það er útgerð fiskitogara sem hömlur hafa verið settar á í sambandi við fjárfestingar nýverið vissulega, en það sem ég vildi alveg sérstaklega koma að, og ég vænti að hæstv. ráðh. hlýði á það, er fregn sem lesa má á forsíðu Alþýðublaðsins í gær, aðalfyrirsögn á forsíðu Alþýðublaðsins í gær. Það er ekki oft sem maður vitnar til þess málgagns, en það er í það skrifað og það kemur út daglega svipað og önnur dagblöð þó

að síðurnar séu færri og það er sjálfsagt að gefa því gaum sem þar er á ferðinni, ekki síst vegna þess að þar tala menn sem hafa talið sig hafa byr í íslenskri pólitík upp á síðkastið og ætla sér mikinn hlut ef trúa má þeirra yfirlýsingum. Og hvað segir talsmaður Alþfl. á forsíðu Alþýðublaðsins í gær, einn af þm. Alþfl., hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem því miður á ekki sæti í þessari hv. deild þannig að hægt sé að hafa orðastað við hann um það efni sem hann boðar sem fagnaðarerindi í Alþýðublaðið í gær? Hann segir þar, með leyfi forseta. Það er orðrétt viðtal við þm.:

„„Við fögnum öllu nýju framtaki í atvinnumálum á Suðurnesjum.“ — Yfirskriftin á þessu er: Erlent fjármagn í fiskvinnsluna. „Með þessu móti hefur fengist fjármagn til þess að koma þessum fyrirtækjum á flot og þeim stýra framsæknir og duglegir menn sem eiga eftir að láta frekar að sér kveða í atvinnumálum á Suðurnesjum“, sagði Karl Steinar Guðnason, alþm. og formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, í samtali við Alþýðublaðið í gær.“

Og áfram heldur blaðið: „Erlendir aðilar hafa nýverið keypt sig inn í tvö fyrirtæki á Suðurnesjum, ICE-Scott í Garði og Íslenskan gæðafisk hf. í Njarðvíkum. Þessi tvö fyrirtæki hafa undanfarið auglýst í fjölmiðlum og boðið allt að 30–50% hærra verð fyrir fisk en boðið er samkvæmt fiskverði verðlagsráðs.

Fyrirtækin tvö eru bæði í veiðum og ísfisksútflutningi. „Þau bjóða gott verð og það skapar atvinnu og fjármagn í byggðarlögunum. — Við frábiðjum okkur allan gamaldags hugsunarhátt og einangrun“, segir þm. „Það er því engin ástæða til annars en horfa björtum augum til framtíðarinnar því þessi fyrirtæki vita nákvæmlega hvað þau eru að gera.“

Ég vona að menn taki eftir því sem hér er á ferðinni. Talsmaður Alþfl., þm. þess flokks, er að boða þá stefnu sem fagnaðarerindi að fá erlenda aðila inn í sjávarútveginn á Íslandi, í þessu tilviki inn í fyrirtæki sem í senn stunda vinnslu og útflutning á fiski. Ég hélt satt að segja að það væri ekki von á yfirlýsingum af þessu tagi frá Alþfl. og mönnum sem vilja láta taka sig gilda innan þess flokks. Mér þætti fróðlegt að heyra hvaða viðhorf aðrir þm. Alþfl. hafa til þessa máls. Er það mótuð flokksstefna sem hér er á ferðinni hjá þessum þm.? Er hv. 3. þm. Vestf. sammála þeirri stefnu, sem þarna er verið að marka og boða sem sérstakt fagnaðarerindi, að opna hér fyrir erlenda aðila í sem mestum mæli, ef marka má tóninn í þessum yfirlýsingum, í sjávarútvegi okkar? Til hvers vorum við að færa út landhelgi og ná yfirráðum yfir okkar auðlind, undirstöðum sjávarútvegsins á Íslandi, ef við ætlum að opna síðan bakdyramegin með sama hætti og viðleitni hefur verið til í sambandi við iðnaðinn alveg sérstaklega af hálfu Sjálfstfl., sem boðað hefur erlenda stóriðju sem úrlausn mála í atvinnulífi en er nú strand sem allir þekkja í sambandi við að láta þá stefnu ganga upp, eftir að búið er að leggja í það mikið erfiði og mikla fjármuni á heilu kjörtímabili að plægja upp akurinn fyrir erlendu stóriðjustefnuna? En hin raunverulega stóriðja Íslendinga er og hefur verið í sjávarútveginum, sá atvinnurekstur sem skilað hefur okkur stórum arði og skiptir sköpum í arðsköpun í landinu. Nú er það orðið stefnumál hjá forustumönnum í Alþfl. að opna þessa atvinnugrein, aðalatvinnugrein landsins, sem skilar hagnaði og er undirstaða okkar þjóðarbús og hlýtur að vera það sem er eftirsóknarvert fyrir útlendinga öðru fremur að komast inn í og brjótast inn í hérlendis.

Ég hélt að það væru lög í landi að útlendingar mættu t.d. ekki eignast krónu í fiskiskipum hérlendis. Ég hélt að það væru lög frá 1923. Ég skal ekki segja hvaða hömlur eru á því að komast inn í vinnsluna eða fyrirtæki af því tagi sem hér er til umræðu. Ég spyr hæstv. sjútvrh. að því: Hvert er hans viðhorf til þess sem þarna er að gerast? Hvaða reglur þekkir hann um þetta efni sem þarna er farið eftir? Undir hvaða merki er þarna gengið í sambandi við þetta? Getur þetta gengið upp samkvæmt almennum reglum og lögum í landinu? Ég hef ekki kafað ofan í það mál. En mér er jafnljóst hvað sem líður lögum og reglum að hér er að skapast hættuástand með því fordæmi sem hér er flaggað til að greiða götu erlendra aðila inn í fiskvinnslu og fiskútflutning frá Íslandi, með því að kaupa sig inn í fyrirtæki frá Íslandi sem hanga á horriminni, m.a. vegna þess hvernig haldið hefur verið á málum í sjávarútvegi um alllangan tíma, sem á sinn þátt í þessari stöðu. Ég er ekki þar með að taka það efni hér sérstaklega upp. Það væri allt of stórt mál. En hér er afmarkað efni sem mér finnst alveg nauðsynlegt að fá upplýsingar um og heyra viðhorf um hér á Alþingi og vænti að fleiri þm. láti sig þetta varða hér í deild varðandi yfirlýsingar sem komið hafa frá þm. sem sæti á í Ed. og því miður ekki hægt að eiga beinan orðastað við hér í umræðum um þetta.

En, herra forseti, varðandi uppboðsmarkaðinn hvet ég eindregið til varfærni og ég hvet þá nefnd sem um þetta mál fjallar til að reyna að nota þann skamma tíma sem til stefnu er, ef á að lögfesta þetta mál, til að líta betur inn í samhengið, áhrif á litla útgerðarstaði út um landið þar sem uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla kemur vart til greina og enginn áhugi er á ferðinni þar að lútandi. Hér getum við verið að setja af stað þróun sem haft gæti víðtæk og hugsanlega neikvæð áhrif í sambandi við þróun einstakra byggða sem síst mega við því að standa hallari fæti en þær gera nú.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af því sem hér hefur verið sagt um hugsanleg áhrif þessarar breytingar sem mundu geta skapast með þessari tilraun vil ég aðeins vitna til þess sem ég hef áður sagt. Það hafa allir aðilar í sjávarútvegi mælt með því að þessi tilraun sé gerð, þó með verulegum fyrirvörum. Ég vil aðeins vitna til þess sem segir í skýrslu nefndarinnar. Þar eru ræddar forsendur um 60 tonna markað eða 100–240 tonna markað, þ.e. markað sem afkastaði á bilinu

60–200 tonn á dag, en þar kemur fram og ég vitna í skýrsluna, með leyfi hæstv. forseta:

„Geta má þess að það er skoðun margra þeirra er nálægt máli þessu hafa komið að ef tilraunin eigi að takast þurfi þegar í upphafi að miða við að umtalsvert magn, eða ca. 200 tonn, fari um markaðinn á degi hverjum. Miðað við 250 rekstrardaga væri slíkt magn um 22% af heildaraflamagni Faxaflóasvæðisins eins og það er skilgreint hér að framan, þ.e. 185 þús. tonn."

Ég vil leggja á þetta áherslu og einnig er rétt að geta þess að það væri mikilvægt ef markaður sem þessi skapaði mörkuðunum erlendis raunhæfa samkeppni þannig að meira af aflanum yrði eftir í landinu.

Hver áhrifin verða er nánast útilokað að fullyrða nokkuð um nema gera slíka tilraun. Að sjálfsögðu megum við ekki gleyma því að við höfum misst vaxandi magn af óunnum afla úr landi sem hlýtur að teljast óæskilegt. Það hlýtur að vera markmið okkar að vinna sem mest af okkar afla í landinu og koma á því skipulagi sem getur keppt með raunhæfum hætti við markaðsverð þar, því að það mun ávallt verða erfitt að skammta slíkar heimildir til útflutnings á ferskum fiski með slíkum hætti að réttlátt megi teljast.

Að því er varðar fjarskiptamarkað var það eitt af því sem nefndinni var falið að kanna en liggur ekki nægilega vel fyrir. Hins vegar liggur fyrir nefndarálit þeirra varðandi Norðurland. Það er alveg ljóst að slíkir markaðir munu áreiðanlega koma upp í framtíðinni. Einnig verður að geta þess að vaxandi útflutningur með gámum hefur þegar haft áhrif á fiskverð hér á landi, þ.e. að á ýmsum stöðum á landinu hafa verið gerðir samningar sem ganga út á það að ef viðkomandi fiskiskip landar öllum aflanum hjá viðkomandi vinnslustöð er greitt nokkru hærra verð. Það liggur fyrir að verð verðlagsráðs er lágmarksverð og þær hræringar sem eiga sér stað á mörkuðum víðs vegar í Evrópu og hér heima hljóta að hafa áhrif á verðlagninguna hvað svo sem verðlagsráð segir.

Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel nauðsynlegt að gera þessa tilraun og frumkvæði um það og beiðni um það hefur komið frá fiskvinnslunni í landinu. Ég vek athygli á því. Beiðnin kemur upprunalega ekki frá sjómönnum og útvegsmönnum heldur frá Sambandi fiskvinnslustöðvanna. Það eru þeir aðilar, sem koma víðs vegar að af landinu úr öllum landshlutum, sem lögðu þessa beiðni fyrst fram og í framhaldi af því fór sjútvrn. að sinna þessu máli.

Út af þeirri fsp. sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. hef ég beðið um að þetta mál yrði kannað lagalega. Ég treysti mér ekki til að kveða upp neinn úrskurð þar um á þessu stigi, en ég hef beðið um það í mínu ráðuneyti að þessi mál yrðu sérstaklega könnuð. Ég vil þó í þessu sambandi vitna til 11. gr. laga um fiskveiðar og sjávarútveg frá 1922, nr. 33, en í 11. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutafélög hafa því aðeins rétt til að reka fiskiveiðar og fiskverkun í landhelgi að allt hlutaféð sé eign íslenskra ríkisborgara. Þó mega hlutafélög, er ríkisborgarar annarra ríkja eiga hlut í, reka fiskiveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé helmingur þeirra búsettur þar."

Það er sem sagt í lögunum frá 1922 heimild til þess að erlendir aðilar geti átt hlut í fiskiskipum en ekki í fiskvinnslufyrirtækjum. Mér er ekki kunnugt um nein önnur lög sem ógilda þessi lög með nokkrum hætti og þess vegna hef ég beðið um að þetta verði sérstaklega athugað, en minn skilningur hefur verið sá að þátttaka erlendra aðila í fiskvinnslufyrirtækjum hér á landi sé óheimil samkvæmt þessum lögum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Ég vil þegar í upphafi minnar ræðu lýsa því yfir að Sjálfstfl. styður að sú tilraun verði gerð á grundvelli þessa frv. Rétt er þó að taka fram, eins og komið hefur fram hjá öðrum ræðumönnum, og undirstrika að hér er fyrst og fremst um tilraun að ræða því að það er mjög erfitt að segja fyrir um á þessu stigi hvort eða hvernig eigi að fara í uppboðsmarkað á Íslandi þar sem aðstæður eru allt öðruvísi en í þeim löndum sem menn hafa sínar fyrirmyndir einkum frá.

Ég vek einnig athygli á því að flestir helstu forustumenn samtaka sjávarútvegsins hafa undirritað það að þessi tilraun verði gerð. Vek m.a. athygli á nefndaráliti sem forseti Sjómannasambands Íslands, Óskar Vigfússon, Ágúst Einarsson útgerðarmaður, Gísli Jón Hermannsson og fleiri undirrita.

En það sem kom mér m.a. til að fara upp í ræðustólinn var einmitt það atriði sem hv. 5. þm. Austurl. kom inn á vegna þess að það atriði sem hann vakti athygli á í umræðunni er þess eðlis að nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því einmitt þegar verið er að stofna til uppboðsmarkaðs hér á suðvestursvæðinu og taka af öll tvímæli, eins og hæstv. ráðh. gerði að vísu rétt áðan í ræðu, um að ekki er ætlast til þess að erlendir aðilar komi inn í þessa framkvæmd bakdyramegin eða með öðrum hætti. Það gæti gereyðilagt þessa tilraun ef svo slysalega tækist til að einhverjir „strámenn" erlends fjármagns reyndu að hafa áhrif á þessa framkvæmd og koma inn bakdyramegin. Það er grundvallaratriði og hefur verið frá upphafi að Íslendingar sætu einir að þeim auðlindum sem máli skipta, en það eru sérstaklega, eins og hv. þm. vita, fiskimiðin og nýting þess afla sem kemur úr sjó.

Hv. 5. þm. Austurl. vitnaði í frétt í einu dagblaðanna, Alþýðubaðinu, frá 3. mars s.l., ég leyfi mér að vitna í það aftur eins og hv. 5. þm. Austurl. gerði, þar sem einn af forustumönnum Alþfl. á þingi lýsir yfir sérstökum fögnuði yfir því sem hann nefnir „nýtt framtak í atvinnumálum". Það framtak sem fögnuði er lýst yfir felst í því að einhverjir erlendir aðilar munu vera orðnir eignaraðilar að tveim litlum

fyrirtækjum suður á Suðurnesjum. Það var fagnaðarefni fyrir hv. þm. og forustumann Alþfl. að nú væru erlendir aðilar komnir inn í íslenskan sjávarútveg.

Ég vil, með leyfi forseta, rifja upp að erlendir aðilar voru áður fyrr eignaraðilar að takmörkuðu leyti í útgerðarfyrirtækjum hérlendis. Er þess að minnast að á áratugnum 1920–1930 voru reknar breskar útgerðarstöðvar í Hafnarfirði. Hann er núna í kjördæmi hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, 6. landsk. þm., sem er í Ed. Þessi útgerð var rekin með töluverðum blóma fyrst til að byrja með, en síðan gerðist það að hinum erlendu aðilum fundust Íslendingar vera of aðgangsharðir bæði í kröfum um að fá eðlilega hlutdeild af þeim tekjum sem útgerðin gaf af sér sem og að Íslendingar sættu sig ekki við þann aðbúnað sem þeir urðu að búa við um borð í bresku togurunum sem gerðir voru út frá Hafnarfirði á þeim tíma. Þetta var áður en vökulögin voru sett árið 1924. Þá tíðkaðist það að menn voru látnir standa á meðan þeir gátu og hvíldir voru aðeins teknar þegar menn voru svo aðframkomnir að þeir gátu ekki staðið lengur við verkun aflans um borð í skipunum.

Þau átök sem urðu milli íslenskra aðila annars vegar og hinna erlendu hins vegar í Hafnarfirði á áratugnum 1920–1930 höfðu í för með sér að breska togaraútgerðin gafst upp og hvarf skyndilega frá Hafnarfirði með þeim afleiðingum að Hafnfirðingar stóðu uppi án nokkurrar útgerðar sem heitið gat og blasti þar við mikið atvinnuleysi og mikil vandamál fyrir meginþorra fólks. Þá er það sem Alþýðuflokksmenn þeirra tíma bundust samtökum um að stofna Bæjarútgerð Hafnarfjarðar til að hlaupa í skarðið fyrir þann erlenda aðila sem hafði hlaupist á brott með svo skyndilegum hætti. Þetta er saga sem Alþýðuflokksmenn þekkja e.t.v. ekki nú til dags — og þó. Það er kannske eðli Alþfl. að líta helst til útlanda um það sem hann vill helst gera í íslenskum stjórnmálum og atvinnumálum.

Ég tel fulla þörf á að rifja þetta upp og fjalla um þetta með þessum hætti, þegar verið er að tala um að koma hér upp uppboðsmarkaði sem Íslendingar ætla sjálfir að reka og njóta arðs af, vegna þess að það er full ástæða til þess og meira en ástæða til þess. Það er beinlínis nauðsynlegt að íslenska þjóðin viti hvort þessi yfirlýsing hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar sé raunverulega yfirlýsing fyrir hönd forustu Alþfl. Er þetta raunveruleg stefna Alþfl. árið 1987?

Ég held að meginþorri þeirra sem fást við útgerð á Íslandi, útgerðarmenn, sjómenn og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta, ég tala nú ekki um verkafólk og annað fólk sem vinnur við vinnslu í landi, eigi tvímælalaust að vita strax hvort það sé yfirlýst stefna Alþfl. að leiða Íslendinga inn í erlenda útgerð og fiskvinnslu. Þetta er mjög alvarlegt mál, þjóðernislegt og varðar sjálfstæði þjóðarinnar um ókomna framtíð og líklegast með alvarlegri yfirlýsingum sem þm. hefur gefið í háa herrans tíð.

En það er kannske ekki nein tilviljun að Alþýðuflokksmaður skuli gefa yfirlýsingu sem þessa. Það vill svo einkennilega til að um svipað leyti, þ.e. 27. febr., birtist í Morgunblaðinu grein eftir ritstjóra blaðsins, Matthías Johannessen, þar sem hann er með hugleiðingar um stöðu og stefnu Alþfl. Þessi grein er mjög athyglisverð, en hún virðist undirstrika það, sem því miður er áhyggjuefni ritstjóra Morgunblaðsins í umræddri grein, hver er raunverulег afstaða Alþýðuflokksmanna til íslensks þjóðernis og um stefnu þeirra almennt í íslenskum stjórnmálum. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í nokkur ummæli ritstjórans. Ég tel þau svo gagnmerk og hafa svo mikla þýðingu í þeirri umræðu sem hér fer fram um þetta atriði og einnig um stöðu íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar og yfirleitt eignastöðu Íslendinga í íslensku atvinnulífi að það sé nauðsynlegt að skilgreina með þeim hætti sem ritstjórinn gerir hvert er raunverulegt eðli Alþýðuflokksmanna í íslenskum stjórnmálum og tilgangur. Í umræddri grein eftir hinn merka ritstjóra Matthías Johannessen segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Rósin er alþjóðlegt tákn jafnaðarmanna og ég er ekki viss um að Íslendingar séu ginnkeyptir fyrir slíkum táknum. Krötum væri nær að finna sér íslenskara tákn, til að mynda melgrasskúfinn harða. Alþjóðleg tákn eru vafasöm veisla fyrir litlar þjóðir. Það eru stórþjóðirnar sem veifa þeim helst, til að mynda hamri og sigð."

Síðan heldur ritstjórinn áfram og segir, með leyfi forseta:

„Mér er minnisstætt þegar ég átti samtal við Dam lögmann og við töluðum m.a. um sjálfstæði Færeyinga í stássstofu danska sendiráðsins við Hverfisgötu. Ég sagðist vera farinn að efast um að þeir vildu í raun og veru slíta tengslin við Dani. Dam var fulltrúi færeyskra krata. Með rósina í hendi horfði hann á mig og sagði: „Af hverju skyldum við fara yfir lækinn að sækja vatn?" Tengslin við Danmörk voru lausnarorðið."

Ég vitna áfram, til þess að hv. þm. og þjóðin almennt, ef hún fylgist með þessari umræðu, skynji betur hugrenningar ritstjóra Morgunblaðsins og skáldsins Matthíasar Johannessens þar sem það snertir mjög stöðu þess flokks sem hefur boðið sig til forustu í íslensku þjóðlífi með þeim hætti sem við þekkjum af ræðum formanns flokksins. Ritstjórinn segir m.a. í grein sinni að það sé nokkur von um að kratar hafi snúið frá villu síns vegar og séu orðnir þjóðlegri en áður fyrr og segir m.a. að það sjálfstæði Alþfl. beri að virða. En síðan segir ritstjórinn, með leyfi forseta:

„En samt er ekki út í hött að spyrja hvort Alþfl. sé nú loksins að brjótast undan ofríki norrænna bræðraflokka og breytast í íslenskan flokk sem væri framandi sá hugsunarháttur sem ég nefndi áðan og færeyskir jafnaðarmenn hafa lifað og hrærst í."

Það væri hægt að umorða þessa spurningu og færa hana yfir á það sem Karl Steinar Guðnason alþm. segir og er fagnaðarefni hjá honum og undirstrika

það. Hefur í raun og veru orðið nokkur breyting hjá íslenska Alþfl. eða jafnaðarmannaflokknum í þá veru að hann sé ekki lengur háður hinum dönsku eða norrænu skoðanabræðrum sínum? Hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson verður að sannfæra Íslendinga um að jafnaðarstefnan sé orðin alíslenskt fyrirbrigði, án örva og rósa, á sama hátt og sjálfstæðismenn hafa sannfært Íslendinga um að sjálfstæðisstefnan er sprottin úr íslenskum jarðvegi og á hvergi fyrirmyndir annars staðar og allra síst í Alþýðuflokkum Norðurlandanna.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu, herra forseti, vegna þess að fjöregg íslensku þjóðarinnar er það að Íslendingar eigi sjálfir og ráði yfir sínum auðlindum og á ég þar sérstaklega við sjávarfang, notkun sjávaraflans og sölumeðferð hans. Þetta vil ég undirstrika við þessa umræðu. Ég vænti þess að forustumenn Alþfl. á þingi komi með skýlausar og skorinorðar yfirlýsingar um að það sé ekki stefna Alþfl. að framselja íslenskan sjávarútveg eða fiskvinnslu í hendur erlendum aðilum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin varðandi þá fsp. sem ég bar fram við hann og lýsi ánægju yfir að hann ætlar að láta kanna þetta mál í sambandi við útlendinga sem eru að smeygja sér bakdyramegin inn í íslensk fiskvinnslu- og fiskútflutningsfyrirtæki ef marka má frásögn Alþýðublaðsins sem var tilefni þess að ég fór að taka þetta mál hér upp sérstaklega.

Eftir að ég talaði áðan fór ég að líta í skýrslu sem liggur fyrir þinginu frá viðskrh. um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf og þar eru dregin fram ýmis atriði sem hæstv. ráðh. raunar vék að, lögin um fiskveiðar í landhelgi og einnig varðandi fiskvinnsluna og vakin athygli á samkvæmt þessari skýrslu að það er ekki fjallað með sama hætti og að því er virðist ekki með ótvíræðum hætti um fiskvinnslufyrirtæki og fiskveiðarnar. En hvað sem um það má segja er alveg nauðsynlegt að á þessu máli sé tekið nú þegar af festu og það sé girt fyrir að hér hefjist þróun sem erfitt getur verið að vinda ofan af eða þyngra eftir að erlendir aðilar eru farnir að fóta sig hér, kannske með dulbúnum hætti, í sambandi við atvinnurekstur hérlendis í okkar undirstöðuatvinnuvegi. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að það verði tekið fyrir þessa þróun og þinginu gefist ráðrúm til að taka á þessu máli hið allra fyrsta til þess að það sé ekki hægt að bera við að það vanti heimildir í íslensk lög til að taka á málum sem þessum og menn geti skákað í því skjólinu því það væri illa farið.

Ég fagna ummælum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar í sambandi við þetta efni og það sem heyra mátti í hans máli í sambandi við erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Það væri sannarlega ánægjuefni ef sama hljóð væri í strokknum hjá Sjálfstfl. þegar komið er að öðrum auðlindum í landinu, sem menn hafa haft vonir um að gæfu eitthvað, í sambandi við okkar vatnsafl og jarðhita, þar sem menn hafa gengið með betlistafinn allt kjörtímabilið og auðvitað miklu lengur með nokkrum árangri, ef árangur skyldi kalla, á sjöunda áratugnum. Menn þekkja hvernig sú þróun öll hefur verið og uppskera í því efni og það væri út af fyrir sig ástæða til að krefja menn sagna um hvers vegna þeir vilji deila atvinnustarfsemi í landinu upp með þeim hætti að segja galopið í sambandi við iðnað og aðgang að orkulindum landsmanna en lokað í sambandi við sjávarútveginn, þar sem ég er alveg sammála hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Það væri sannarlega gott ef Sjálfstfl. næði áttum í því efni, en ég er ekki svo vongóður að það verði nein stórbreyting þar alveg í bráð. En kannske lærir Sjálfstfl. eitthvað af reynslu þessa kjörtímabils og af reynslunni af þeim stóriðjurekstri útlendinga sem viðgengst í landinu fyrir forgöngu Sjálfstfl. og þar sem menn hafa fengið dýrkeypta reynslu. Ég ætla mönnum að þeir vilji læra af reynslunni og þó að það gerist kannske ekki með miklum hávaða til að byrja með væri óskandi að slík endurskoðun gerist innan flokks sem hefur haft jafnmikil áhrif og Sjálfstfl. hefur enn í dag í íslenskum stjórnmálum.

En þessi stefna af hálfu Alþfl. kemur satt að segja nokkuð þvert á mann þegar þar er farið að boða sem fagnaðarerindi í íslensku atvinnulífi og flotholt að útlendingarnir taki forustuna eða a.m.k. komi inn í undirstöðuatvinnuvegina og taki forustu í fyrirtækjum. Auðvitað krælir á þessu víðar. Hvað gerðist ekki í sambandi við þróunarfélagið sem stofnað var með lögum fyrir tveimur árum? Þegar eitthvað loks fór að heyrast frá því félagi var það um að útlendingur, í því tilviki sænskur auðkýfingur, Wallenberg eða Wallenstein eða hvað hann nú heitir, væri að gerast meirihlutaaðili í tilteknu fiskeldisfyrirtæki hérlendis út á gloppur í íslenskri löggjöf. Og það er sjálfur forsrh. sem er ábyrgðaraðili þessara laga og sjóðs eða félags, Þróunarfélagsins. Hann er húsbóndinn sem veitti heimild til að gera þessa tilraun út á gloppu í íslenskri löggjöf.

En það er sannarlega ástæða til að hryggjast yfir þessum tóni hjá Alþfl. þó að hann komi kannske ekki alveg á óvart því að við höfum heyrt óvæntar og skrýtnar yfirlýsingar af þeim bæ á árum áður. Minni ég þá á umræðuna í tengslum við álverið 1980 þegar ritstjóri Alþýðublaðsins og núverandi formaður flokksins skrifaði í sitt blað grein eftir grein undir fyrirsögninni „Álverið er leiðarljós“ og var að reyna að sannfæra lesendur um að það væri engin ástæða til að krefja það hærra raforkuverðs en 7,9 milla eða þar um bil og þetta væri leiðarljós. En ég ætla ekki að fara að taka þann þátt upp frekar.

Ég vænti þess að Alþfl. taki á þessu máli og geri mönnum ljóst hvort hann fylkir sér um þá stefnu sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason var að boða sem fagnaðarerindi fyrir tveimur dögum í málgagni flokksins. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, sem fram kom hér áðan, að þetta tengist einmitt því frv. sem við erum að ræða hér,

uppboðsmarkaði á fiski, því að það getur verið ástæða til að ætla að útlendingar hefðu einmitt áhuga á að nota sér heimildir af því tagi sem hér er verið að opna fyrir, og ætla ég svo ekki hæstv. ráðh. að nota sitt vald til að heimila slíkt, en þeir hafi áhuga á því að nýta þær til þess að komast inn í þennan þjóðhagslega arðgæfa atvinnurekstur og undirstöðu í okkar útflutningi.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Við Íslendingar höfum á liðnum árum og áratugum háð langa og harða baráttu fyrir því að ná yfirráðum yfir auðlindum landgrunnsins, fiskimiðum okkar. Við getum rakið þá baráttu allt aftur til ársins 1950 þegar landhelgin fyrir Norðurlandi var færð út í 4 sjómílur undir forustu Ólafs Thors og síðan í kringum allt Ísland 1952. Þessari löngu baráttu og mörgu þorskastríðum lyktaði árið 1976 þegar Ísland lýsti yfir 200 sjómílna efnahagslögsögu undir forustu Geirs Hallgrímssonar og ríkisstjórnar hans.

Það var mikið stríð sem á þessum árum var háð og það voru ýmsar fórnir færðar í því stríði. Það gekk ekki þrautalaust og kostaði úlfúð og illdeilur við ýmsa af okkar ágætu nágrönnum. Sú barátta var fyrst og fremst háð til þess að Íslendingar og Íslendingar einir fengju eignarhald og óskoruð yfirráð yfir auðlindum landgrunnsins. Auðlindir landgrunnsins hafa verið og eru undirstaðan undir velmegun og framförum íslensku þjóðarinnar. Á því leikur ekki hinn minnsti vafi þótt þáttur iðnaðar hafi farið vaxandi í íslenskum þjóðarbúskap á síðustu árum.

Með þetta í huga og þá sögu sem er að baki, er við losuðum okkur við útlendingana af íslenskum miðum fyrir aðeins örfáum árum, vekur það stóra undran og mikla furðu að lesa Alþýðublaðið þriðjudaginn þann 3. mars s.l. Í stórri forsíðufyrirsögn segir og efst á forsíðu: „Erlent fjármagn í fiskvinnsluna. „Fögnum nýju framtaki í atvinnumálum", segir Karl Steinar Guðnason alþingismaður."

Og síðan segir í frétt Alþýðublaðsins af þessum athyglisverðu ummælum þessa þm. Alþfl., Karls Steinars Guðnasonar, 6. landsk. þm., og með leyfi hæstv. forseta les ég orðrétt:

„Við fögnum öllu nýju framtaki í atvinnumálum." „Með þessu móti hefur fengist fjármagn." „Erlendir aðilar hafa nýverið keypt sig inn í tvö fyrirtæki. Við fráhiðjum okkur" — og ég held áfram að vitna í orð þm. — „allan gamaldags hugsunarhátt og einangrun. Það er því engin ástæða til annars en horfa björtum augum til framtíðarinnar því að þessi fyrirtæki vita nákvæmlega hvað þau eru að gera," sagði Karl Steinar.

Ég efast ekki um að þau erlendu fyrirtæki sem þm. tíundar hér vita nákvæmlega hvað þau eru að gera. Til þess hafa þau verið að kaupa sig inn í íslenskan sjávarútveg. Ég efast heldur ekki um að það er einhver skammvinnur og hugsanlega langvinnur stundargróði að slíkum kaupum, fyrst og fremst þó vitanlega fyrir hinn erlenda fjármagnsaðila, en hugsanlega einnig einhver skammvinnur gróði fyrir hina íslensku samstarfsmenn. Ég skal ekki neita því. En það sætir mikilli furðu að maður sem jafngerkunnugur er sjávarútvegsmálum og á svo langa þingsögu að baki sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason skuli ekki gera sér ljóst hvílíkar dyr hættunnar eru opnaðar með slíku skrefi, að jafnreyndur þm. með jafnmikla þekkingu á sjávarútvegsmálum skuli fagna því sérstaklega að erlendu fjármagni sé á þennan hátt greidd leið inn í íslenskan sjávarútveg. Hann fagnar því sérstaklega að með þessu skuli horfið aftur inn á þá braut sem íslenska þjóðin hefur ötullega á undanförnum áratugum barist fyrir að yrði ekki farin. Hv. þm. fagnar þessu nýja framtaki í atvinnumálum svo að orð hans sjálfs séu notuð.

En hvernig mega þau undur og stórmerki gerast að erlent fjármagn sé að kaupa sig, og þetta eru aðeins fyrstu skrefin, inn í íslenskan sjávarútveg þar sem Íslendingar hafa vitanlega alla burði til þess að standa sjálfir að verki? Til þess voru þorskastríðin háð. Það er vegna þess að í íslenskri löggjöf er það sem oft og tíðum er nefnt „gat í lögum". Ég vil skýra það örlítið nánar. Í því sambandi langar mig til að vitna í skýrslu sem hæstv. viðskrh. hefur nýlega lagt fyrir Alþingi og er 389. mál þessa þings og heitir „Skýrsla viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf."

Í þessari skýrslu kemur það fram, sem hæstv. sjútvrh. rakti, að í lögum frá 1922, um fiskveiðar í landhelgi, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda fiskveiðar í landhelgi við Ísland. Þessi regla nær ekki aðeins til einstaklinga heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir að vissu leyti öðru máli. Þar kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum sem reka útgerð skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara. Félagið skuli eiga lögheimili hér á landi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér.

Ákvæði þessara gömlu laga, sem hafa verið grundvöllurinn fyrir íslensku forræði í fiskveiðum frá 1922, eru ekki eins skýr að því er varðar fiskvinnsluna og fiskveiðarnar. Í skýrslu þeirri sem nú liggur fyrir Alþingi segir um það að samkvæmt athugasemdum sem fylgdu frv. frá 1922 hafi megintilgangur þeirra verið sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða á landi. Síðan segir í skýrslu viðskrh. um erlendar fjárfestingar:

„Um það álitaefni hvernig með skyldi farið ef útlendingur fjárfesti í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð, virðist ekki fjallað í lögunum." Tilvitnun lýkur í þá fjárfestingarskýrslu sem viðskrh. lagði nýlega fyrir þing og hefur ekki verið hér enn til umræðu.

Það er því eyða í lögunum nr. 33 frá 1922. Þau eru fyrst og fremst ætluð til að koma í veg fyrir veiðar

erlendra manna hér við land í íslenskri landhelgi, en þau taka varla og sennilega ekki til fiskvinnslunnar. Það er í skjóli þessa sem erlent fjármagn sér sér nú leik á borði að komast inn í íslenska fiskvinnslu og það er í skjóli þessa sem sumir þm., þingmenn Alþfl. fagna þessu nýja framtaki í atvinnumálum.

Herra forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála þegar við ræðum um fiskmarkað og þau mál sem því efni tengjast að óhjákvæmilegt sé að minnast á þessi atriði einnig vegna þess að hér er um svo stórvægilegt atriði að ræða, þ.e. kaup erlendra aðila á fiski í gegnum íslensk fyrirtæki og félög, sem mikil áhrif gæti haft á væntanlega fiskmarkaði í Reykjavík og annars staðar á landinu. En það er kannske ekki aðalatriðið.

Aðalatriðið er að það er nauðsynlegt að setja skýr og ótvíræð lagaákvæði, eins og þessi skýrsla sýnir og eins og ummæli sjútvrh. báru með sér áðan, um það hvort við Íslendingar viljum að erlendir aðilar, erlent fjármagn eigi beina hlutdeild í íslenskri fiskvinnslu eða ekki. Við getum fallist á að erlent fjármagn og erlendar fjárfestingar séu nauðsynlegar á mörgum sviðum íslensks atvinnulífs. Sjálfur er ég talsmaður þess að víða geti verið gagn að erlendu fjármagni og erlendum fjárfestingum og þá frekar en beinum lánum þar sem áhættan hvílir öll á herðum Íslendinga einna. Þau lán eru orðin yfrið há.

En við verðum að gera skýran greinarmun á því á hvern hátt erlend fjárfesting er notuð í íslensku atvinnulífi og á hvaða sviðum hún getur átt sér stað. Þar verðum við fyrst og fremst, og það er meginatriði þessa máls, að undanskilja auðlindir Íslands þannig að útlendingar nái aldrei tangarhaldi á auðlindum okkar, hvort sem er til lands eða sjávar. Því er það í ljósi þessara ummæla Alþýðuflokksþingmannsins, sem fagnar innreið þessa erlenda fjármagns í íslenska fiskvinnslu, brýn nauðsyn, höfuðnauðsyn fyrir Alþingi Íslendinga að setja hér skýr ákvæði þar sem fram kemur hvort löggjafarsamkundan er sammála skoðun þessa forustumanns Alþfl. eða ekki.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki séð það eintak af Alþýðublaðinu sem hér hefur verið vitnað til í umræðunni. Nú hlýt ég að koma hér upp og taka undir orð þeirra sem á undan mér hafa talað og lýsa furðu minni á þeim sjónarmiðum sem þar eru túlkuð af Karli Steinari Guðnasyni, hv. þm. Alþfl. Þarna eru á ferðinni viðsjárverð og stórhættuleg viðhorf sem nauðsyn er að andmæla þegar í stað.

Öll viðleitni okkar Íslendinga hefur verið í þá átt á s.l. árum og áratugum að öðlast full yfirráð og ráðstöfunarrétt yfir þeim verðmætu auðlindum sem hafsvæðin umhverfis landið eru. Við höfum t.d. í hv. utanrmn. nýlega rætt og varið þennan rétt gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu sem vildi öðlast veiðiréttindi í landhelgi okkar vegna tollaívilnana í tengslum við saltfisksútflutning. Sama máli gegnir að sjálfsögðu um öll vinnslustig sjávarafurða okkar. Okkur er jafnrík nauðsyn að standa vörð um aðgang okkar að og réttindi til meðhöndlunar aflans. Ég mótmæli þeim skoðunum sem fram hafa komið frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og vara mjög við þessum viðhorfum.

Ég vil líka taka undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði áðan. Um þetta þurfa að vera mjög skýr ákvæði í lögum þannig að við getum varðveitt rétt okkar gagnvart erlendri ásælni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Sjómannadagur, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 662.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sjómannadag, en sjómannadagurinn, fyrsti sunnudagur í júní, hefur verið haldinn hátíðlegur í nær 50 ár, í fyrsta skipti 6. júní 1938.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara mörgum orðum um þetta mál þó að mikil ástæða væri til þess. Það er skammur tími eftir af fundi deildarinnar og bíða mörg mál. Ég leyfi mér, þó að ég beri mikla virðingu fyrir þessum degi, að fá að vitna til ræðu minnar um þetta mál í hv. Ed., en ég tel það mjög mikilvægt að binda þennan dag með lögum þótt það sé ljóst að þar þurfi ákveðnar undantekningar að vera og kemur það skýrt fram í þeim breytingum sem hafa verið gerðar í hv. Ed. að þar er nokkur vandi á höndum.

Ég er sammála þeim breytingum sem þar hafa verið gerðar og hafa verið gerðar í samráði við hagsmunaaðila og hygg ég að mál þetta sé orðið með þeim hætti að flestir geti sætt sig við það. En það er alveg nauðsynlegt að hægt sé að gera nokkrar undantekningar vegna eðlis starfans frá þeirri almennu reglu að sjómannadagurinn skuli vera almennur frídagur allra sjómanna og þessar undantekningar koma skýrt fram í frv. eins og það liggur fyrir eftir breytingar í hv. Ed.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Á þskj. 624 er frv. til l. um breytingu á lögum um þjóðarbókhlöðu, afar einfalt í sniðum og hefur hlotið afgreiðslu með skjótum hætti í hv. Ed. Við afgreiðslu fjárlaga láðist að gæta þess að ekki eru áform nú í fjárlögum fyrir 1987 um að hækka skattleysismörkin vegna skatts sem lagður er á vegna þjóðarbókhlöðunnar. Svo einfalt er þetta í sniðum en jafnframt nauðsynlegt og legg ég til, herra forseti, að þegar þessari umræðu lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208).

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um veitingu prestakalla eins og það hefur verið afgreitt frá hv. Ed.

Frv. það sem hér er til umræðu er upphaflega samið af nefnd er skipuð var árið 1977 af Ólafi Jóhannessyni, þáv. kirkjumálaráðherra. Frv. var lagt fram á 100. löggjafarþingi 1978–1979, en hlaut ekki afgreiðslu. Frv. er nú að nýju lagt fram nær því óbreytt.

Frv. er hér lagt fram með samþykki ríkisstjórnar, en án skuldbindinga af hendi einstakra ráðherra eða þeirra þingflokka er standa að ríkisstjórninni. Frv. felur í sér nokkrar breytingar frá núverandi reglum um veitingu prestakalla.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir að meginreglan verði að prestar verði kosnir af svokölluðum kjörmönnum, en skv. frv. eru kjörmenn sóknarnefndarmenn í hverri sókn. Í hv. Ed. var gerð sú breyting á að varamenn í sóknarnefndum skyldu einnig verða kjörmenn þannig að kjörmönnum fjölgar um helming og þar sem í mörgum prestaköllum er fleiri en ein sókn, að meðaltali munu það vera þrjár sóknir sem eru í hverju prestakalli og hér í Reykjavík eru sóknarnefndarmenn 7–9, þá eru það 14–18 menn sem taka að öllum jafnaði þátt í þessu kjöri.

Önnur meginbreytingin er að tekin eru upp ákvæði um svokallaða köllun prests. Köllun er fólgin í því að tiltekinn meiri hluti kjörmanna eða ¾ getur farið fram á að tiltekinn prestur taki þjónustu án þess að viðkomandi prestakall sé auglýst laust til umsóknar. Ef ¾ hlutar kjörmanna samþykkja síðan köllun á formlegum fundi, er prófastur stýrir, skal veita viðkomandi presti kallið. Gert er ráð fyrir í frv. að veiting sem byggist á köllun sé tímabundin og í lengsta lagi geti veiting í því tilfelli verið fjögur ár.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að almenn kosning geti farið fram að loknu vali kjörmanna, þ.e. ef 25% sóknarbarna fara fram á það. Hér er opnuð leið fyrir sóknarmenn að krefjast þess að fá að taka ákvörðun um val prests án milligöngu kjörmanna.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um almennar kosningar. Þar er að finna ákvæði um gerð kjörskrár sem eru skýrari en samkvæmt núgildandi lögum. Þar eru einnig ákvæði um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Kosningaaldur er 16 ár. Er það aldursmark í samræmi við gildandi reglur. Með lögum nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarfundi o.fl., var kosningarréttur og kjörgengi á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkjunnar bundið við 16 ár.

Gert er ráð fyrir að í hverju prófastsdæmi sé yfirkjörstjórn er annist framkvæmd kosningalaganna. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn í hverju prestakalli. Samkvæmt núgildandi lögum er ein yfirkjörstjórn fyrir allt landið. Ýmsum ákvæðum núgildandi laga um framkvæmd sjálfra kosninganna er sleppt, en vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis. Þetta nefni ég sem dæmi um ýmsar breytingar og lagfæringar sem fram koma í frv.

Allmiklar deilur hafa staðið um prestskosningar í núverandi mynd bæði á Alþingi og utan þess. Lögin um prestskosningar hafa staðið nær óbreytt frá því að þau voru sett 1915. Þó hafa komið fram á Alþingi allt frá árinu 1930 nokkur frumvörp er lúta að breytingum á lögunum og einnig hafa komið fram þáltill. um sama efni. Um þetta vísast nánar til nál. er fylgir frv. Á flestum kirkjuþingum allt frá stofnun þess hefur þetta mál borið á góma. Komið hafa fram ákveðnar tillögur og lagafrumvörp. Í því sambandi er rétt að minna á frv. er kirkjuþing samþykkti 1972 og síðan 1976. Um þetta frv. hefur kirkjuþing fjallað og lýst stuðningi sínum við það.

Þeir sem andsnúnir eru núverandi reglum um prestskosningar tilfæra ýmsar ástæður. Þeir telja m.a. að prestskosningar leiði oft til sundurlyndis í söfnuðum vegna deilna sem oft séu fremur sprottnar af persónulegri en málefnalegri afstöðu. Kosningabarátta sé dýr fyrir umsækjendur og sé oft án þeirra vilja. Það er skoðun margra presta að núgildandi reglur um kosningar þeirra og skipun í embætti leggi of miklar hömlur á eðlilega tilfærslu þeirra í embættum og réttlátan og eðlilegan frama og eigi m.a. sök á því að margir kandídatar fást síður til þess að fara í lakari brauðin þar sem þeir eiga oft þeirra kosta einna völ að sitja í sama embætti alla ævi eða ganga hreinlega úr þjónustu kirkjunnar. Svo eru aftur aðrir sem telja núverandi fyrirkomulag, að sóknarmenn fái við almennar kosningar að velja sér prest, lýðræðislegasta og heppilegasta fyrirkomulagið.

Nefndin sem samdi þetta frv. hefur haft bæði þessi sjónarmið í huga og reynt að finna málamiðlunarleið.

Þótt menn greini á í þessum efnum er ljóst að endurskoða þarf ákvæði núgildandi laga um veitingu prestakalla. Það má nefna t.d. að ýmis ákvæði laganna um framkvæmd kosninga eru úrelt.

Herra forseti. Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta mál við þessa umræðu, en að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hér er enn kominn á borð hv. þm. gamall kunningi sem hefur mikið verið ræddur hér og ég geri vart ráð fyrir að menn viti ekki mína afstöðu til þessa máls.

Ég heyrði það á hæstv. ráðh. að hér er ekki um stjfrv. að ræða. Menn hafa ekki bundið sig á neinn klafa í þeim efnum og sumir vonandi og það margir eru enn þeirrar skoðunar að við eigum að hafa óbreytt ástand að því er varðar að kjósa presta. Sumum finnst það íhaldssemi og segja að þessi eina stétt eigi ekki að þurfa að sækja undir það að standa í kosningaslag. Út af fyrir sig má segja að það getur verið rétt skoðun, en ég met störf sóknarprests miklu meira en nokkurs annars embættismanns og vil þess vegna fá að segja til um það sjálfur hvaða sálusorgara ég kýs.

Ég hefði miklu heldur viljað fá breytingu á þeirri löggjöf sem nú er í þá veru að það yrði tiltekinn tími sem kosning gilti þannig að menn séu ekki að tala um ævilanga kosningu eins og í mörgum tilfellum er, að sóknarbörn geti fengið tækifæri til að segja sitt álit á vissu árabili.

Ég hef talið mig nokkuð trúrækinn einstakling og hef viljað halda mér við það. Það er ekki kannske bara þess vegna sem ég hef þá skoðun að vilja velja þennan einstakling sjálfur. Það er líka vegna þess að ég held að í þessi embætti þurfi að veljast einstaklingar sem mikið er spunnið í og geta gert marga hluti til hjálpar því samfélagi sem þeir búa í.

Ég minnist nokkurra einstaklinga frá mínum fæðingarstað sem ég hef unnið með, starfað fyrir og hafa einmitt haft það sem ég tel að þurfi að vera til þess að sóknarprestur sinni sínum störfum eins og best verður á kosið.

Ég tel að þetta frv. sé skref aftur á bak. Hvað mundu t.d. þm. segja? Kannske þeir vilji sjálfir ákveða einhvern tiltölulega lítinn hóp sem getur sagt: Þessi verður þm. og hann verður þarna. Ætli það yrði ekki næsta skrefið að menn taki allt lýðræðistalið til endurskoðunar þá og setji hvern og einn einstakling þar sem þessi tiltölulega litli hópur telur að hann eigi að vera? Mér finnst þetta rangt.

Ég get út af fyrir sig skilið að í mörgum tilvikum, a.m.k. sumum, gengur æðimikið á í sambandi við prestskosningar og það er ljóður á máli. En ég vil þó trúa því lengst af að menn geti tekið sinnaskiptum í þeim efnum og geti hætt öllum hamagangi, en valið eigi að síður með eðlilegum hætti.

Þetta frv. mun hafa fengið nokkuð góðar undirtektir í hv. Ed. ef ég man rétt og séu svipuð viðhorf í þessari deild þarf trúlega ekki um að spyrja að málið mun ná fram að ganga. Ég vona eigi að síður að hv. deildarþm. í Nd. gefi sér a.m.k. nokkurn tíma til að ræða þetta mál því að þetta er mikið mál og kannske meira en marga grunar. Nú þekki ég að vísu ekki mikið til í stórum samfélögum eins og hér á höfuðborgarsvæðinu, en í litlu samfélagi er mikið mál að geta valið sér einstakling til þessarar þjónustu sem maður trúir og treystir sjálfur. Menn eiga þá frekar að snúa sér að því að framkvæma þessar kosningar með eðlilegum hætti án upphrópana og alls konar vesens eins og í sumum kosningum hefur átt sér stað, því miður. En það á ekki að kalla á að menn séu losaðir við að velja sér prest. Fjöldinn á að fá að segja til um hvaða einstakling hann vill velja.

Nú er mér ljóst að prestastéttin sem slík vill fá þessar breytingar fram. Þó er ég ekki viss um að menn séu allir sammála um það. Ég hugsa að margir vilji enn halda í þá gömlu hefð að geta sjálfir tekið ákvörðun um hvern þeir velja sér til þessara starfa.

Auðvitað er þetta eitt af þeim málum sem hafa staðið deilur um, koma til með að standa deilur um og minnka trúlega ekki deilurnar þó að menn fari þessa leiðina. Menn færa þá bara slaginn inn í minni hóp ef menn eru að tala um slag í sambandi við kosningar. Það verða þá færri sem eru að slást eftir þessu fyrirkomulagi. Ég er ekkert viss um að það sé betra. Ég held að það sé gæfulegast að hver og einn fái að taka ákvörðun þessa fyrir sig án þess að fela öðrum að gera slíkt. (**Samgrh.:** Er ekki rétt að takmarka áflogin?) Takmarka áflogin? Ég veit það ekki. Þeir geta orðið verr úti eftir því sem þeir eru færri. En í mínum huga tel ég þetta svo mikið mál fyrir mig persónulega, að fá að segja til um þessa hluti, að ég vil fá að gera það sjálfur. Ég vil ekki framselja minn atkvæðisrétt til þessa eða hins til að velja fyrir mig. Við gerum það yfirleitt ekki í öðrum kosningum. Við viljum sjálf fá að segja til um það hvern við kjósum. Mér er sem ég sæi framan í — ja, við skulum segja almenning ef hér kæmi upp á borð frv. þess efnis: Ja, þessi tiltekni hópur vestur á Bolungarvík lætur þennan í þingmannsstólinn. Hann á að vera þar.

Ég held að vinnubrögð á þennan veg geti kallað á meira en það sem menn eru hér að tala um sem sumum kann að finnast gott og leysi vanda sem ég tel þó að sé ekki. Ég held að þetta geti kallað á önnur vandamál en þau sem menn hafa verið að tala um í sambandi við það sem gerst hefur áður. Ég óttast líka að almenn sóknarbörn verði meira slitin frá safnaðarstarfinu en er þó með því fyrirkomulagi sem nú er. Til þess eru menn að kjósa sér prest að hann sé nánast leiðtogi á því sviði á þeim stað sem hann er á. Ég vil ekki ofurselja það vald duttlungum örfárra manna að segja til hver sá á að vera. Það vald á að vera hjá sóknarbörnunum sjálfum og það eiga þau að fá að nota.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í þetta mál að sinni, en enginn vafi er á því að um þetta á eftir að tala meira áður en málið fer héðan út úr deild því að ég geri ráð fyrir því að menn vilji fá að tjá sig um svo mikilvægt mál sem hér er á ferðinni. Ég geymi mér frekari umræður um þetta þangað til málið hefur farið til nefndar og kemur þaðan til baka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 4. mars, að loknum 51. fundi.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til laga um lögskráningu sjómanna er samið af nefnd sem skipuð var á s.l. ári. Hefur hún lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar frá gildandi lögum sem eru að stofni til frá 1961. Framkvæmd lögskráningar hefur verið töluvert gagnrýnd á undanförnum árum og hún ekki talin veita þá réttarvernd sem henni var ætlað og ýmsir hafa hvatt til endurskoðunar á lögum um lögskráningu og nú síðast fyrir nokkru öryggismálanefnd sjómanna í tillögum sínum sem hún skilaði af sér í október á s.l. ári.

Gildandi lög eru mjög ítarleg og um margt fullnægjandi að því er varðar lögskráningarkerfið og skyldu til lögskráningar. Þau eru hins vegar í ýmsum efnum óaðgengileg og óskýr og lítt til þess fallin að auðvelda framkvæmd lögskráningar. Það verður að hafa það hugfast að þeir sem lögskráningu annast eru mjög fjölbreyttur hópur og því er afar mikilvægt að lög um þessa stjórnvaldsathöfn séu skýr.

Ég tel fyrir mitt leyti að þessi endurskoðun hafi tekist vel. Lögskráning sjómanna hefur margháttaða þýðingu eins og allir vita og eftirfarandi megintilgang:

1. Lögskráning á að tryggja að þeir sem eru um borð í skipi hafi tilskilin réttindi eða undanþágu.
2. Skráður er siglingatími sjómanna.
3. Lögskráning á að tryggja að tryggingar skipverja séu í samræmi við lög og kjarasamninga.
4. Lögskráning tryggir sönnur á því hverjir voru á skipi ef skip ferst.
5. Lögskráning felur í sér könnun gagna um haffæri skips.

Ég tel sem sagt að þetta frv. hafi gert hin gömlu lög mun skýrari og það sé til mikilla bóta að lögfesta það. Efri deild var sammála um afgreiðslu þessa máls og lagði til að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum nr. 63 frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt síðari breytingum. Þetta er flutt í tengslum við frv. til tollalaga sem ríkisstjórnin lagði fram um síðustu áramót. Eitt af þeim markmiðum sem stefnt er að með tollalagafrv. er að einfalda og greiða fyrir tollmeðferð á innfluttum sem útfluttum vörum til hagsbóta jafnt fyrir tollyfirvöld og innflytjendur sem og endanlega notendur innfluttra vara. Liður í heildarendurskipulagningu tollmeðferðar á vörum er upptaka almenns greiðslufrests á aðflutningsgjöldum samfara heimild til beins flutnings á vörum frá farmflytjendum til innflytjenda. Það er gert ráð fyrir að afhending beint frá farmflytjanda fari fram gegn framvísun farmskírteinisins og að lokinni lágmarksskráningu vörusendingar hjá farmflytjanda en afhending aðflutningsskýrslu, vörureiknings og annarra tollskjala fari fram innan ákveðins frests, talið frá skráningu vörusendingar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 63 frá 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með lántöku. Ákvæði þetta fær ekki samrýmst þeirri kerfisbreytingu sem hér að framan er vikið að því að tollyfirvöldum er talið óheimilt að taka við greiðslu aðflutningsgjalds án þess að fyrir liggi að innflytjandi hafi áður greitt viðkomandi kröfu í banka eða tryggt greiðslu hennar.

Samkvæmt þessu frv. er lagt til að ákvæði þar að lútandi í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott. Með tilliti til þeirrar stefnu íslenskra stjórnvalda að auka frelsi í viðskiptum og jafnframt í ljósi þeirrar þróunar, er átt hefur sér stað á þessu sviði, er eðlilegt framhald að reglur varðandi tollmeðferð verði einfaldaðar og sú lagabreyting, sem ég mæli hér fyrir, er mikilvægur liður í þeirri einföldun.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta lagafrv. og legg til að að lokinni þessari

umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningslánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 739.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum nr. 47 frá 1970, um Útflutningslánasjóð, og er nauðsynlegt að leggja það fram vegna nýrra ákvæða viðskiptabankalaga sem tóku gildi í ársbyrjun s.l. árs. Í 28. gr. viðskiptabankalaganna er sett fram það skilyrði fyrir þátttöku viðskiptabanka í félögum eða stofnunum sem þar um ræðir að eingöngu sé um aðild að ræða er takmarki ábyrgð viðskiptabankanna við framlag þeirra. Sú lagabreyting er hér lögð til varðandi Útflutningslánasjóð og takmörkun ábyrgðar stofnaðila sjóðsins er í samræmi við þetta og í raun óhjákvæmileg. Í þessu frv. er enn fremur lagt til að gerð verði krafa um að ríkisstarfsemi, er fer fram á vegum Útflutningslánasjóðs með takmarkaðri ábyrgð, verði auðkennd á sérstakan hátt til að ljóst megi vera gagnvart þriðja aðila að hér sé um að ræða starfsemi með takmarkaðri ábyrgð. Sú framsetning, er þetta ákvæði byggir á, er svipuð framsetningu 2. gr. laga nr. 24 frá 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, en greinin byggir á sama hátt á tilliti til þriðja manns.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv. frekar en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn..

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 738.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands er byggt á samkomulagi stjórnarflokkanna um stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands. Af hálfu viðskrn. hefur verið unnið mikið starf í bankamálum á undanförnum árum. Þannig skilaði nefnd sem viðskrh. skipaði í ágúst 1984 áliti sínu en nefndinni var falið að kanna möguleika á því að bæta skipulag og rekstur viðskiptabankanna með fækkun þeirra og sameiningu ásamt færslu viðskipta og útibúa á milli banka.

Nefndin lagði fram tvær hugmyndir til skoðunar. Önnur hugmyndin fólst í því að Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki yrðu sameinaðir í nýjum hlutafélagsbanka og jafnframt kæmi til aðild sparisjóða, annarra banka, fyrirtækja og einstaklinga. Nefndin benti einnig á að ef nýr einkabanki væri stofnaður með þessum hætti væri æskilegt að komið yrði á auknu samstarfi Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessar hugmyndir nefndarinnar voru síðan til athugunar hjá viðskrh. en sú staðreynd að Útvegsbanki Íslands varð fyrir miklum áföllum í sínum rekstri og ljóst var að grípa yrði til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til lausnar á fjárhagsvanda bankans leiddi til þess að unnið var að lausn þessara mála með sérstöku tilliti til stöðu Útvegsbankans.

Í ágúst í fyrra lagði viðskrh. málið fyrir ríkisstjórnina og í framhaldi af því fól ráðherra bankastjórn Seðlabankans að leggja fram ákveðna tillögu í þessu efni. Hinn 10. nóv. s.l. sendi bankastjórn Seðlabankans viðskrh. greinargerð og ákveðna tillögu sem varðaði endurskipulagningu bankakerfisins og lausn á fjárhagsvanda Útvegsbanka Íslands. Tillaga Seðlabanka var á þá leið að stofnaður yrði nýr hlutafélagsbanki með samruna Útvegsbanka, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka og með viðbótarhlutafé frá öðrum aðilum innan og utan bankakerfisins. Seðlabankinn benti enn fremur á þrjá aðra kosti í skipulagsmálum bankakerfisins sem voru þessir:

1. Sameining Búnaðarbanka og Útvegsbanka.
2. Skipting og samruni Útvegsbanka við Landsbanka og Búnaðarbanka.
3. Endurreisn Útvegsbanka Íslands.

Ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarflokkanna tóku tillögu og greinargerð Seðlabankans til meðferðar og var samþykkt að fela bankastjórn Seðlabankans að taka upp viðræður við fulltrúa þessara þriggja banka. Einnig var fulltrúum Samvinnubanka og Alþýðubanka boðin þátttaka í viðræðunum með sameiningu við Útvegsbankann í huga.

Fulltrúar Iðnaðar- og Verslunarbanka svöruðu tilboðum um sameiningarviðræður jákvætt en fulltrúar Samvinnubanka og Alþýðubanka svöruðu í lok nóvember á þá leið að þeir hefðu ekki áhuga á að taka þátt í slíkum viðræðum. Frá desemberbyrjun áttu sér síðan stað viðræður um hugsanlega sameiningu Útvegsbanka, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka. Helstu þættirnir sem athugaðir voru í þessum viðræðum voru í fyrsta lagi áætluð rekstrarafkoma væntanlegs sameinaðs banka, í öðru lagi mat á útlánum bankans og í þriðja lagi mat á varanlegum

rekstrarfjármunum, þ.e. fasteignum og lausafé. Enn fremur komu til skoðunar lífeyrisskuldbindingar með skattalegt hagræði vegna yfirfæranlegra skattalegra tapa og viðskiptavina.

Eftir að þessar skýrslur og útlán höfðu verið yfirfarin kom í ljós að Verslunarbankinn óskaði eftir að hætta þátttöku í viðræðunum og var það tilkynnt á lokaviðræðufundi 19. janúar s.l. Sama dag ritaði bankastjórn Seðlabankans viðskrh. bréf og lagði hún eindregið til að nú yrði reynt að fara aðra leiðina sem gerð var tillaga um í skýrslu Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar, að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Ekki náðist samstaða um þessa tillögu bankastjórnar Seðlabankans, m.a. vegna harðrar andstöðu aðila í bankakerfinu, starfsmanna og fleiri sem ég ætla ekki að tíunda hér nánar.

Eftir frekari viðræður stjórnarflokkanna náðist samstaða um stofnun Útvegsbanka Íslands hf. sem þetta frv. fjallar um. Samkvæmt því er lagt til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands og skal stofnfundur hins nýja hlutafélagsbanka haldinn innan mánaðar frá því að lögin öðlast gildi og yfirtaka nýja bankans á Útvegsbanka Íslands síðan eiga sér stað 1. maí n.k. Eru þessi tímamörk höfð eins þröng og frekast þótti unnt svo binda mætti enda á þá óvissu sem allt of lengi hefur ríkt um stöðu og framtíð Útvegsbankans og skapa stjórnendum og starfsfólki vinnufrið.

Ég ætla ekki að fara yfir einstakar greinar frv. — það gerði ég ítarlega í Ed. sem komið er þá í þingtíðindum — til þess að stytta málið. Ég vil þó taka það fram að Ed. afgreiddi þetta mál í dag með einni breytingu, þ.e. á 14. gr.: Hlutafélagsbanki skv. 1. gr. kemur í stað Útvegsbanka Íslands í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976. Við bættist: og í lögum um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970. Sú eina breyting varð á frv. í afgreiðslu hv. Ed.

Segja má að það hafi mistekist að sameina tvo ríkisbanka. Það er ekki nýtt mál í okkar landi, það hefur verið reynt a.m.k. á þriðja áratug með sama árangri og þá. Ég hef trú á því að það sé áhugi hjá mönnum í atvinnulífinu, einkum í sjávarútvegi og í tengslum við sjávarútveg, ýmsum viðskiptamönnum bankans, að kaupa hluti í bankanum svo að ég hef ekki trú á því að ríkið verði, a.m.k. ekki til lengdar, stóreigandi í þessum banka. En það liggur ekki fyrir nú hverjir þetta eru vegna þess að menn hafa almennt óskað eftir því að vera ekki nefndir fyrr en Alþingi hafi afgreitt þetta frv. og það sé orðið að lögum. Þá fyrst sé tímabært að tala af fullri alvöru um að gerast hluthafar í hinum nýja banka.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri á þessu stigi en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það vakti mikla athygli á s.l. hausti, þegar Sjálfstfl. efndi til flokksráðsfundar í nóvembermánuði, hversu gífurlega áherslu flokkurinn lagði á endurskipulagningu bankakerfisins. Í stjórnmálayfirlýsingu þessa flokksráðsfundar var lýst yfir eindregnum og afdráttarlausum stuðningi við fram komnar tillögur frá seðlabankastjórn um að stofnaður skyldi einkabanki. Tillagan snerist um það að sameina Iðnaðarbanka, Verslunarbanka og Útvegsbanka í einn öflugan einkabanka.

Formaður Sjálfstfl. kvað fast að orði í ræðu sinni á þessum fundi. Hann hafði um það stór orð að nú þyrfti að bregðast við hinu mikla áfalli sem leiddi af gjaldþroti Hafskips og bregðast við á réttan hátt með því að byggja upp heilbrigðara bankakerfi, nú þyrfti að draga úr ríkisafskiptum í bankakerfinu, auka áhrif og hlutdeild atvinnulífsins sjálfs. Í þessu efni þyrfti ekki að velkjast í vafa, ríkisstjórnin yrði þegar í stað, þá í nóvember, að taka af skarið. Formaður Sjálfstfl. lýsti það fullkomlega ábyrgðarlaust að láta ákvörðun dragast deginum lengur í þessu máli.

Þetta var sagt í nóvember. Nú leggur hæstv. ríkisstjórn fram frv. á Alþingi um endurreisn bankans. Að nafninu til er það kallað vera í hlutafélagsformi. Í reynd er þetta hlutafélagsform nafnið tómt. Frv. felur í sér að Útvegsbankinn verði endurreistur með allt að eins milljarðs kr. framlagi úr ríkissjóði og Fiskveiðasjóði sem starfar á ábyrgð ríkissjóðs. Stóru orðin um það að aldrei skyldi eyrir greiddur úr ríkissjóði í Hafskipsskattinn fræga eru orðin orðin tóm. Þessi skattur er fram kominn, einn milljarður kr.

Það má því segja um þessa lausn, svokallaða, að fjallið tók jóðsótt og það fæddist lítil mús. Þetta frv. felur ekki í sér neina lausn á þeim vanda sem kom í ljós þegar Hafskip varð gjaldþrota. Strax í desember s.l. gerðum við í þingflokki Alþfl. ítarlega grein fyrir okkar tillögum varðandi lausn þessa máls. Við lögðum þar til í fyrsta lagi að ríkisbankakerfið í heild yrði endurskipulagt. Markmiðið væri að mynda tvo öfluga alhliða viðskiptabanka. Annar bankinn átti að hafa Útvegsbanka og Búnaðarbanka að uppistöðu, hinn bankann átti að mynda utan um Landsbankann þótt skipulagsbreytingar milli þessara tveggja banka kæmu til greina. Síðan gerðum við það að tillögu okkar að annar þessara tveggja banka yrði gerður að alvöruhlutafélagi með dreifðri hlutafjáreign og hugsanlega með erlendri þátttöku að hluta sem kæmi þá í stað ríkisábyrgðar.

Eftir að hæstv. ríkisstjórn hafði gefist upp á þeirri leið sem boðuð var á flokksráðsfundi Sjálfstfl., m.a. vegna innbyrðis ágreinings milli stjórnarflokkanna, eftir að hún hafði gefist upp á því að sú leið yrði farin, þá mælti reyndar stjórn Seðlabankans með því að svipuð leið yrði farin og við höfðum lagt til, eftir að tilraunir um sameiningu við einkabankana höfðu farið út um þúfur.

Niðurstaðan er því sú að eftir að langur tími hefur liðið og mikill skaði er skeður, þá skilar ríkisstjórnin auðu og hún hefur sleppt tækifæri, sem ekki er víst að komi strax aftur, til þess að endurskipuleggja

bankakerfið með einhver framtíðarmarkmið í huga. Þessi framtíðarmarkmið ættu að vera a.m.k. þrjú. Í fyrsta lagi átti fyrir löngu síðan að vera búið að eyða óvissu um starfsemi Útvegsbankans. Í annan stað hefði átt að nýta þetta tækifæri til þess að bæta skipulag og rekstur bankakerfisins í heild. Og í þriðja lagi teljum við að nú hafi verið kjörið tækifæri til að bæta stjórnkerfi bankanna, draga skýrari línur um stjórnarábyrgð og draga úr fjárhagslegri ábyrgð ríkisins á rekstri viðskiptabanka. Maður skyldi ætla að slík sjónarmið nytu stuðnings innan raða Sjálfstfl. en reyndin virðist ekki vera sú þegar á hólminn er komið.

Í raun og veru er engum af þessum sjálfsögðu markmiðum náð nema þá hinu fyrsta, að til skamms tíma er eytt óvissu um rekstur bankans, þó að enn sé það sem fyrr að bankinn fullnægir ekki ákvæðum nýsettra laga um viðskiptabanka. En það er sérstök ástæða til þess að minna á að fjárhagsvandi Útvegsbankans er reyndar eldri þrátt fyrir allt en Hafskipsmálið og lýsir ekki aðeins vanda Útvegsbankans eins heldur má rekja rætur þessa vandamáls víða í úreltu skipulagi bankakerfisins á Íslandi. Á þessu máli er ekkert tekið í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Það er sérstök ástæða til þess að rifja upp hverjar voru tillögur stjórnar Seðlabankans á sínum tíma um lausn á þessu máli. Það voru settar fram fjórar hugmyndir:

Í fyrsta lagi samruni Útvegsbanka, Iðnaðarbanka og Verslunarbanka í nýjum hlutafjárbanka sem átti að stofna samkvæmt ákvæðum viðskiptabankalaga með væntanlegri aðild sparisjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Seðlabanki fyrir hönd ríkissjóðs átti að ábyrgjast 850 millj. kr. hlutafé í hinu nýja félagi, sem síðan yrði selt einkaaðilum, auk eftirstöðva lána og annarra skuldbindinga Útvegsbankans eins og þær stæðu þegar samruni færi fram. Það er þessi leið sem Seðlabankinn mælti með, Sjálfstfl. tók upp á sína arma og ríkisstjórnin gafst síðan upp á í janúar.

Í annað stað var tillaga um sameiningu Búnaðarbanka og Útvegsbanka í einn ríkisbanka. Þeirri tillögu hefur líka verið hafnað, væntanlega m.a. vegna andstöðu Framsfl.

Í þriðja lagi var skipting og samruni Útvegsbanka við Landsbanka og Búnaðarbanka sem störfuðu áfram sem ríkisbankar.

Og loks var fjórða tillagan um endurreisn Útvegsbankans sem ríkisbanka.

Af þessum fjórum kostum, sem nefndir voru, sagði í álitsgerð um Útvegsbankamálið frá því í nóvember 1986 að endurreisn Útvegsbankans væri langversti kosturinn af þessum fjórum sem til greina kæmu. Mandarínar Seðlabankans gengu m.a.s. svo langt að segja að svo veigamiklar röksemdir mæltu gegn þessari leið að það yrði að telja að hún kæmi alls ekki til álita. Því var haldið fram að alls enginn áfangi næðist með þessum hætti í nauðsynlegum skipulagsbreytingum á bankakerfinu og að þetta væri dýrasti kosturinn fyrir ríkissjóð. Því var jafnframt haldið fram í þessu áliti seðlabankastjórnar að ekki væri séð hvaða hagsmunum væri þjónað með því að endurreisa Útvegsbankann og minntu þar á að sporin hræddu og áttu þá við margendurteknar, árangurslausar tilraunir um langt árabil til þess að koma rekstri bankans að óbreyttu á réttan kjöl. Þetta var álit seðlabankastjórnar í nóvember.

Nú liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin hefur haft þetta álit að engu. Niðurstaðan er þess vegna sú að ríkisstjórnin er hér að fleyta sér fram yfir kosningar. Hún skilar auðu í Útvegsbankamálinu. Hún hefur í raun og veru ekkert gert. Frá því í ársbyrjun 1986 hefur Útvegsbankinn í reynd starfað á ábyrgð ríkissjóðs, að vísu fyrir milligöngu og í gjörgæslu Seðlabanka.

Ástæða er til þess að vekja athygli hér á einni hugmynd. Þegar menn líta á bankakerfið í heild og skipulag fjárfestingarlánasjóða hafa menn hvað eftir annað áréttað, og áréttað það oft á tíðum á liðnum árum, að skipulagsveila alvarleg væri sú að hólfa bankana og sjóðakerfið niður eftir atvinnuvegum og búa þannig til múra milli atvinnuvega, tengja bankana sérstökum atvinnuvegum og hagsmunum og dreifa þar með ekki með eðlilegum hætti áhættu í þessum rekstri. Oft hefur verið til þess vitnað að Útvegsbankinn hafi orðið að bera óeðlilega miklar byrðar í samanburði við aðra banka vegna áhættusamra fjárfestinga í sjávarútvegi. M.ö.o.: Sú stefna að fylgja áfram þessari sundurhólfun banka- og sjóðakerfis byggir á viðhorfum úreltrar atvinnustefnu og horfir aftur í tímann en ekki fram. Það er einmitt sundurhólfun og sérhæfing af þessu tagi sem er ein helsta undirrót vanda Útvegsbankans og reyndar má rekja rætur þessa vanda í starfsemi Landsbankans líka. Með því að festa þetta úrelta skipulag í sessi og fela ríkissjóði og Fiskveiðasjóði að borga brúsann eru menn komnir að dapurlegri niðurstöðu og búnir að sleppa mikilvægu tækifæri til þess að hverfa frá þessum úreltu skipulagsaðferðum og búa sig með öðrum hætti undir framtíðina.

Þetta er heldur dapurleg reynsla vegna þess að í raun og veru var lausn á Útvegsbankamálinu prófsteinn á vilja og getu þessarar ríkisstjórnar til þess að gera þýðingarmiklar breytingar í átt til heilbrigðari og ábyrgari starfshátta í banka- og viðskiptalífi, en á því prófi hefur þessi ríkisstjórn fallið með afdráttarlausri falleinkunn.

Það er ástæða til þess að minna á að þetta stjfrv. felur í sér alvarlegt frávik nú þegar frá nýsettri löggjöf um viðskiptabanka sem ríkisstjórnin á sínum tíma gumaði þó af að hafa sett, og er þá átt við eiginfjárhlutfall bankans. Reyndar má minna á að bankinn hefur frá því í ársbyrjun 1986 ekki fullnægt ákvæðum þessara laga, um hlutfall eiginfjár af niðurstöðutölum efnahagsreiknings, þannig að í fyrsta sinn þegar reynir á þessi ákvæði nýsettra laga, sem þóttu út af fyrir sig nokkurt framfaraspor, þá er ekki farið eftir þeim. Út frá stjórnmálalegu sjónarmiði má benda á að þessi niðurstaða staðfestir enn það ginnungagap sem er milli orða og yfirlýsinga stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka og

reynslunnar. Sérstaklega er kannske vert að skoða það í ljósi væntanlegs landsfundar Sjálfstfl. þar sem menn munu væntanlega árétta heitstrengingar um stefnufestu við grundvallarsjónarmið sjálfstæðisstefnunnar, stuðning við einkaframtak, andstöðu við banka o.s.frv. Þar fara menn með „ritúalið" sitt eftir guðspjöllunum, en í reynd er veruleikinn allur annar.

Sömu stóru orðin voru höfð uppi á flokksráðsfundi Sjálfstfl. í nóvember. Þau orð eru nú innantóm, dæmd ómerk. Eins verður með yfirlýsingarnar sem verður farið með á landsfundinum innan fárra daga og það ber að skoða þær yfirlýsingar í ljósi þessarar reynslu. Þar sem sagt var að endurskipulagning bankakerfisins þyldi enga bið, það væri ábyrgðarlaust að fresta ákvörðunum, það bæri að draga úr ríkisábyrgð í bankarekstri og að aldrei skyldi renna eyrir úr ríkissjóði í Hafskipsskatt. Allt eru þetta ómerk orð. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum yfirlýsingum.

Það dylst engum að ábyrgð Sjálfstfl. er stór í þessu máli. Engum dylst að ábyrgð ráðamanna Sjálfstfl. á Hafskipsmálinu var stór. Hún dylst ekki þeim sjálfum. Þess vegna setti flokksráð Sjálfstfl. endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn í nóvember. Getuleysi þessa stærsta flokks þjóðarinnar til að standa við áform sín sannar það rækilega nú að e.t.v. er það Sjálfstfl. sjálfur sem er báknið sem helst þarf burt úr íslensku stjórnkerfi.

Í tvo áratugi hafa menn talað um nauðsyn endurskipulagningar bankakerfisins. Sú lausn sem hér er lögð til breytir engu í því efni og í ljósi þess getum við ekki mælt með samþykkt þessa frv.

Sverrir Sveinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil þakka viðskrh. fyrir að það skuli loks komið fram þetta frv. eins og það liggur fyrir um Útvegsbankann og uppstokkun hans. Ég hef ekki haft tök á að kynna mér þetta mál, enda nýgræðingur hér, en hins vegar verð ég að segja að það að minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. kemur sér ekki saman um nál. segir mér að þar skorti nú töluvert á samstöðu til þess að byggja upp mótmæli á móti þeirri aðgerð sem í frv. felst.

Það að Útvegsbankinn skuli ekki endurreistur í sinni fyrrverandi mynd heldur byggt um hann hlutafélag bind ég töluvert miklar vonir við. Við fylgdumst auðvitað með þeirri umræðu sem var og afleiðingum af því hvernig fyrir bankanum fór. Við skulum ekki dvelja lengi við það liðna, það er liðin tíð, en ég minni á að þegar umræðan var hvað hæst, þá fékk Útvegsbankinn mjög mikinn stuðning viðskiptamanna sinna á Suðurnesjum. Ég tel að þær hugmyndir að byggja bankann upp með 25% erlendu fjármagni séu af hinu góða og ég held líka að það sé mjög gott fyrir útibúin á landsbyggðinni að Úvegsbankinn skuli tengjast með þeim hætti við Fiskveiðasjóð sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég tek það fram að ég hef ekki lesið þetta frv. en ég bind miklar vonir við að það nái hér afgreiðslu og það fljótt, því að minni sveitarfélögin sem búa við það að hafa Útvegsbankann sem sinn aðalbanka hafa vissulega orðið fyrir barðinu á þeirri óvissu sem hann hefur verið í nú undanfarna mánuði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

49. fundur, fimmtudaginn 5. mars, kl. 1.45 miðdegis.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

53. fundur, fimmtudaginn 5. mars, kl. 1.45 miðdegis.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að benda þingheimi á að hér er boðaður fundur korter fyrir tvö, aðeins fyrr en á venjulegum fundartíma, vegna þess að nú liggur mikið við að afgreiða mál út úr deildinni og til nefnda. Ég vildi spyrja hæstv. forseta: Hvað eru margir stjórnarþingmenn hér inni? Er það hlutverk okkar stjórnarandstöðumanna að sjá um að þinghald fari hér eðlilega fram eða hafa stjórnarþingmenn þar einhverja skyldu, herra forseti?

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti vill svara því til að það er náttúrlega skylda allra þm. að sjá til þess að þingstörf fari vel fram. Forseti hefur ekki talið endilega hversu margir teljast til stjórnarinnar, enda veit ég ekki hvort forseti er yfirleitt dómbær á það. En það er fullmætt í deildinni og forseti hefur hugsað sér að taka fyrir mál. Það verður þá að ráðast hvort það tekst eða ekki.

Veiting prestakalla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgn. með 31 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 738 (sbr. 644).

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Útflutningslánasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 739.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

59. fundur, fimmtudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosning eins aðalmanns í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis í stað Hreins Sveinssonar skattstjóra, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvæðagreiðslu:

Björn Teitsson skólameistari.

Kosning varamanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar í stað Sigurmars K. Albertssonar lögfræðings, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvæðagreiðslu:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögfræðingur.

Kosning eins varamanns í yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis í stað Friðjóns Guðröðarsonar sýslumanns, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvæðagreiðslu:

Páll Björnsson sýslumaður.

Kosning eins aðalmanns í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis í stað Vigfúsar Jónssonar fyrrv. oddvita, kosning eins varamanns í stað Páls Björnssonar sýslufulltrúa og kosning eins varamanns í stað Stefáns J. Guðmundssonar byggingameistara, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri menn en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Stefán Ármann Þórðarson fulltrúi.

Varamenn:
Friðjón Guðröðarson sýslumaður.
Guðmundur V. Ingvarsson, Hveragerði.

Kosning eins aðalmanns í landskjörstjórn í stað Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kosning eins varamanns í stað Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns og kosning eins varamanns í stað Baldurs Guðlaugssonar lögmanns, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri menn en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Baldur Guðlaugsson hrl.

Varamenn:
Allan Magnússon héraðsdómari.
Ólafur Garðarsson hdl.

Samfélagsþjónusta, frh. síðari umr.

Þáltill. KSK o.fl., 62. mál. — Þskj. 62, n. 632, brtt. 633.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 633 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 762).

Landgræðslu- og landverndaráætlun, frh. síðari umr.

Stjtill., 289. mál. — Þskj. 517, n. 686, brtt. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 687 samþ. með 40 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 763).

Átak í upplýsingatækni, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 276. mál. — Þskj. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 43 shlj. atkv.

Afnám skyldusparnaðar ungmenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 277. mál. — Þskj. 502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Varnir gegn mengun hafsins við Ísland, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 315. mál. — Þskj. 557.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til utanrmn. með 42 shlj. atkv.

Deilur milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SV, 325. mál. — Þskj. 568.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Námsbrautir á sviði sjávarútvegs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SkA o.fl., 332. mál. — Þskj. 587.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Menntun stjórnenda smábáta, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGS og PS, 337. mál. — Þskj. 587.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Samskipti menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis á Norðurlandi eystra, frh. fyrri umr.

Þáltill. JS o.fl., 338. mál. — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Blýlaust bensín, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 345. mál. — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 42 shlj. atkv.

Þjóðarátak í umferðaröryggi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SalÞ o.fl., 353. mál. — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum, frh. fyrri umr.

Þáltill. DA o.fl., 362. mál. — Þskj. 651.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 371. mál. — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 375. mál. — Þskj. 676.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Áætlanir á sviði samgöngumála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 376. mál. — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Skógrækt ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GT o.fl., 378. mál (aðsetur). — Þskj. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Réttur raforkunotenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. KJóh o.fl., 379. mál. — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Norræni umhverfisverndarsamningurinn, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGS o.fl., 380. mál. — Þskj. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Eyðing ósonlagsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 382. mál. — Þskj. 692.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Mannréttindamál, fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 244. mál. — Þskj. 261.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er á þskj. 261, mál nr. 244. Hún er flutt af öllum þm. Sjálfstfl. nema þeim sem gegna ráðherraembættum. Þó skal þess getið að Eyjólfur Konráð Jónsson var ekki viðstaddur þegar þessi till. var lögð fram, en er samþykkur efni hennar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fordæma brot á mannréttindaákvæðum Helsinki-sáttmálans og felur ríkisstjórninni að vinna að því að mannréttindamál fái aukið vægi á þriðja framhaldsfundi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem nú stendur yfir í Vín, og einnig á sérfræðingafundum eða öðrum framhaldsfundum ráðstefnunnar sem ákveðnir verða í Vín."

Umræður um afvopnunarmál eru tíðar á hv. Alþingi, en því miður er sjaldnast minnst á þau grundvallaratriði að mannréttindi og virðing fyrir þeim eru forsenda þess trausts sem þarf nauðsynlega að vera fyrir hendi ef varanlegur friður á að nást. Með flutningi þessarar till. viljum við flm. leggja áherslu á það nána samband sem er á milli mannréttinda og friðar og benda á að lítil og vopnlaus þjóð verður að leggja sitt af mörkum á alþjóðavettvangi til að ríkisstjórnir virði mannréttindi. Ýmsir hafa talið að breyting sé að verða á mannréttindamálum í Sovétríkjunum eftir að Gorbatsjoff tók við völdum, en er það rétt?

Undanfarnar vikur hafa sovésk stjórnvöld linað tökin og leyst nafnkunna andófsmenn úr haldi. En boðar þetta breytta tíð? Í blaðagrein sem Anatoli Sharanski skrifaði í The Wall Street Journal í lok síðasta árs segir að yfir 40 félagar í Helsinki-nefndinni sitji á bak við lás og slá og dómurinn yfir sumum þeirra hefur verið þyngdur og aðbúnaður annarra versnað undir forustu hins upplýsta og framsækna Gorbatsjoffs.

Óþarfi er að rifja upp hvað varð um Charter-77 í Tékkóslóvakíu og ástæða er til að minna á að austantjaldsþjóðirnar trufla útvarpssendingar. Helsinki-sáttmálinn er kannske prentaður, en honum er ekki dreift. Sovétmenn virða ekki gagnkvæmni í samningum. Þeir geta gefið út sovéskan áróður hér á landi og annars staðar á Vesturlöndum, en vestrænir fjölmiðlar eiga ekki aðgang að sovéskri alþýðu, enda er almenningsálit ekki til þar sem mannréttindi eru ekki virt.

Ég mun nú gera stutta grein fyrir Helsinki-sáttmálanum og alþjóðlegu samstarfi í framhaldi af samþykktinni 1975.

Helsinki-samþykktin var undirrituð í höfuðborg Finnlands hinn 1. ágúst 1975. Í lokakafla samþykktarinnar lýsa þátttökuríkin yfir þeim vilja sínum að halda áfram þeirri hreyfingu sem Helsinki-sáttmálinn er upphafið að. Því hafa með reglulegu millibili verið haldnir sérstakir framhaldsfundir og nú stendur yfir í Vín þriðji framhaldsfundur ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Fyrsti framhaldsfundur ráðstefnunnar var haldinn í Belgrad 1977 og annar framhaldsfundur stóð yfir í Madrid á árunum 1980–1983.

Í Helsinki-samþykktinni hétu þátttökuríkin 35 að hlýða vissum samskiptareglum og vinna að lausn þeirra mannlegu, efnahagslegu, stjórnmálalegu og hernaðarlegu vandamála sem væru orsök þeirrar spennu og óöryggis er einkenndi samskipti hinna tveggja blokka í Evrópu. Í samþykktinni kemur skýrt fram að hvert svið sé jafnmikilvægt fyrir raunverulegt öryggi og samvinnu í Evrópu. Til frekari skýringar vil ég benda á að Helsinki-samþykktin er sett saman úr nokkrum þáttum. Á tæknimáli þeirra sem fjalla einna mest um þessi mál er talað um körfur í þessu sambandi.

Í fyrstu körfu samþykktarinnar eru ákvæði er fela í sér virðingu fyrir mannréttindum og þar er enn fremur að finna níu aðrar meginreglur sem skulu ráða samskiptum ríkja. Þar er einnig fjallað um aðgerðir til að efla traust og ákveðna þætti öryggis og afvopnunar.

Í annarri körfu er fjallað um samvinnu Evrópuríkja á sviði efnahagsmála, vísinda- og tæknimála og umhverfismála.

Í þriðju körfu eru ákvæði um samvinnu að mannúðarmálum og öðrum málum þar sem einkum er mælt fyrir um frjálst flæði hugmynda, upplýsinga, endursameiningu fjölskyldna, aðgang að fjölmiðlum og samvinnu á sviði mennta- og menningarmála.

Fjórða karfan lýtur svo að framhaldsaðgerðum, fundum og ráðstefnum til að fylgja eftir ákvæðum samþykktarinnar.

Í kaflanum um virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi segir m.a. í Helsinki-samþykktinni, með leyfi forseta:

„Þátttökuríkin munu virða mannréttindi og grundvallarfrelsi, þar á meðal hugsana-, samvisku-, trúarbragða- eða sannfæringarfrelsi allra án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða."

Í kaflanum um mannúðarmál er fjallað um ferðafrelsi, sameiningu fjölskyldna, réttindi minnihlutahópa o.s.frv.

Ef kannað er með hvaða hætti þátttökuríkin hafa staðið að framkvæmd þeirra ákvæða er þau rituðu undir í Helsinki árið 1975 verður fyrst fyrir hve illa hefur verið staðið við þau ákvæði er kveða á um mannréttindi og aukna mannúð. Þetta á fyrst og fremst við um Sovétríkin en einnig önnur austantjaldsríki. Það er sorglegt til þess að vita að flestum þeim sérfræðingafundum sem haldnir hafa verið innan ráðstefnunnar um mannréttinda- og mannúðarmál hefur lyktað með litlum eða engum árangri. Þetta á t.d. við um fund varðandi mannréttindi vorið 1985 í Ottawa, menningarmál í Búdapest árið 1985, mannúðarmál í Bern árið 1986.

Á hinn bóginn hefur náðst nokkur árangur á sviði öryggismála en þar ber hæst niðurstöður Stokkhólmsfundar 1986 um tilkynningarskyldu og eftirlit með heræfingum. En hið mikla misræmi í áherslu Sovétmanna á öryggismál en ekki að sama skapi á mannréttinda- og mannúðarmál er ekki í samræmi við ákvæði Helsinki-samþykktarinnar þar sem áhersla var lögð á jafnvægi í þróun hinna mismunandi þátta.

Raunar hafa Sovétmenn gengið fram í því að brjóta kerfisbundið mannréttindaákvæði Helsinki-samþykktarinnar. Ósvífnast var framferði þeirra gegn hinum svonefnda Helsinki-hóp eða Helsinki-monitors sem samanstóð af 40 körlum og konum sem vildu vinna samþykktinni brautargengi innan Sovétríkjanna. Þessi hópur var miskunnarlaust brotinn á bak aftur og forsprakkar hans máttu þola vinnubúðir og fangelsun. Svipaða sögu er að segja um Charter-77 í Tékkóslóvakíu. Svívirðilegasta brotið gegn Helsinki-samþykktinni er þó innrásin og hernaðurinn í Afganistan. Sérfræðingar, sem vinna að rannsóknum á ástandi mannréttindamála á vegum Sameinuðu þjóðanna og starfa undir forsæti virts lagaprófessors við Vínarháskóla, Felix Ermacora, telja að verstu mannréttindabrot sem þekkjast séu framin af innrásarher Sovétmanna í Afganistan. Þeir greina frá limlestingum á gamalmennum og börnum o.s.frv. Í vikublaðinu Newsweek er sagt frá því að valdir kaflar úr skýrslunni hafi verið felldir brott úr henni þegar hún var lögð fyrir Sameinuðu þjóðirnar og hlýtur slíkt að vekja nokkra athygli.

Hægt er að tiltaka langan lista yfir mannréttindabrot sem ekki auka á traust íbúa Vesturlanda á samninga um afvopnun við Sovétmenn. Maður hlýtur að spyrja: Hvernig er unnt að treysta þeim þegar þeir brjóta svo rétt á sínum eigin borgurum? Raunhæfur árangur en ekki sýndarmennska er því afar mikilvæg forsenda slökunar spennu og afvopnunar. Það er afar mikilvægt að vestrænar þjóðir knýi á um efndir við þeim skuldbindingum sem Sovétmenn hafa gert á þessu sviði og láti ekki orðin ein nægja.

Það hefur sýnt sig að Sovétmenn virðast nú veikir fyrir þessari gagnrýni og þess vegna hafa þeir á síðustu vikum reynt að breyta ímynd sinni. Þeir hafa sleppt nokkrum fjölda andófsmanna úr prísund. Þeirra þekktastur er Andrei Sakharov. Um leið hafa þó borist fregnir af ömurlegum örlögum annarra, svo sem Anatolis Martsjenkos rithöfundar sem starfaði í Helsinki-hópnum. Vilji Sovétmenn að þeir séu teknir trúanlegir verða umbæturnar að verða mun víðtækari. T.d. skipta þeir Gyðingar tugum ef ekki hundruðum þúsunda sem vilja fá að flytjast búferlum. Ekki er vitað nákvæmlega um fjölda

þeirra sem dveljast í vinnubúðum, fangelsum eða geðveikrahælum af pólitískum ástæðum og það þarf að fást upplýst.

Ástæða er til að nefna hér, því að það hefur ekki komið fram áður opinberlega, að formenn allra þingflokkanna sendu bréf til Gorbatsjoffs aðalritara um það að leyfa nokkrum krabbameinssjúklingum að flytja úr landi, en það bréf var dags. 20. des. á s.l. ári. Ég og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, sem höfum verið í sambandi við aðila í Svíþjóð, beittum okkur fyrir því að þetta bréf var samið og sent, og allir formenn þingflokkanna skrifuðu undir þetta bréf. (**GJG:** Hvað gerðu þm. og frú Kristín Halldórsdóttir?) Það er best að tala skýrar fyrir hv. 7. þm. Reykv., það er kannske fullhratt yfir sögu farið fyrir suma. En við, ég og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, beittum okkur fyrir því að þetta bréf var samið og sent en formenn þingflokkanna, þar á meðal formaður þingflokks Alþb., Ragnar Arnalds, skrifaði undir þetta bréf. Vona ég nú að þetta hafi skýrst í hugum þeirra sem á hlýða. (**GJG:** Já, það hefur skýrst.)

Einn af erfiðustu þáttunum í samningum við Sovétmenn um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun er tregða þeirra til að samþykkja eins traust eftirlit með framkvæmdinni og vestrænar þjóðir kjósa. Þetta á einnig við á öðrum sviðum, einkum á sviði mannréttinda. Til þess að skapa traust verða Sovétmenn því að opna landamæri sín, þeir verða að heimila frjáls ferðalög og standa við önnur ákvæði Helsinki-samþykktarinnar, svo sem um skipti á upplýsingum og fjölmiðlum. Á meðan þeir aðhafast lítið á þeim sviðum er varhugavert að taka orð þeirra um aukinn vilja á þessu sviði bókstaflega.

Þá vil ég að lokum minna á að mannréttindi eru forsenda þess trausts milli þjóða sem nauðsynlegt er til að ná varanlegri friði en þeim sem styðst við vopnavald. Á þetta ber smáþjóðum að leggja áherslu og vinna að í alþjóðlegum samskiptum.

Eitt af því sem er og hefur verið óþolandi er sú tilhneiging Sovétmanna að nota mannréttindin eins og gjaldeyri í viðskiptum gegn afslætti vestrænna þjóða í varnarmálum. Þetta orðar Sharanski svo í fyrrnefndri blaðagrein sinni, með leyfi forseta:

„Helsinki-fundurinn í Vín og leiðtogafundurinn í Reykjavík, annar um mannréttindamál og hinn um afvopnun, eru greinar á sama meiði og óaðskiljanlegir. Eftir fundinn í Reykjavík kváðust talsmenn Gorbatsjoffs gera sér fulla grein fyrir því en sneru síðan öllu á hvolf. Sovétmenn, sögðu þeir, eru tilbúnir til að gefa eftir hvað varðar sovéska Gyðinga, en áhersla Reagans Bandaríkjaforseta á geimvarnaáætlunina er hér þrándur í götu. Þessi augljósa atlaga að varnarstefnu forsetans er dæmd til að mistakast. Hún er byggð á þeim misskilningi Sovétmanna að leyfilegt sé að taka mannréttindin í gíslingu til að ná fram meiri eftirgjöf í öryggismálunum. Með tilvísan til þessara undarlegu skoðana hafa sumir vestrænir fréttaskýrendur bent á að kannske væri rétt að leggja minni áherslu á mannréttindin og lækka þannig verðið sem Sovétríkin setja upp fyrir að fylgja Helsinki-sáttmálanum.

Frjálsum þjóðum ber skylda til að skýra út sambandið milli öryggismála og mannréttinda. Áherslan sem vestrænar þjóðir leggja á raunverulegt frelsi í Sovétríkjunum er engin uppgerðarkrafa sem sovéskir samningamenn geta svarað með gagnkröfu. Helsinki-sáttmálinn skyldar Sovétstjórnina til að virða borgaraleg réttindi og í honum eru framtíðarsamskipti austurs og vesturs bundin því að við samninginn sé staðið. Skyldukröfur okkar um mannréttindi og brottflutningsleyfi valda því að Sovétmenn gera sífellt meiri gagnkröfur. Ættum við að hætta þeim? Svarið er afdráttarlaust nei. Við erum ekki á neinum uppboðsmarkaði. Við megum ekki nota Gyðinga sem gjaldmiðil fyrir eða gegn geimvarnaáætluninni. Við getum ekki fallist á þann skilning Sovétmanna að rétt sé að versla með líf manna. Við verðum að herða baráttuna fyrir frelsi allra samviskufanga. Við verðum að berjast fyrir því að sovéskir Gyðingar fái að flytjast úr landi. Raunverulegur árangur í afvopnunarviðræðum er kominn undir árangri í þessum efnum.

Ef þetta fólk fengi frelsi mundi það sýna að Sovétmenn hefðu í raun stigið skref í átt til gagnkvæms trausts og skilnings. Við sem ekki viljum slá af kröfunum gagnvart Sovétmönnum vitum að það erum við sem erum að leggja grunninn að gagnkvæmu trausti og búa í haginn fyrir raunverulegri afvopnun. Þessi eru tengslin milli Reykjavíkur og Vínar."

Svo mörg voru þau orð Sharanskis og ég tel að þau eigi erindi hér inn í þingsali. Vonandi er vaxandi skilningur á því að Sovétmenn hafa undirritað mannréttindasáttmála og tekist á hendur skuldbindingar en ekki staðið við sáttmálann. Einnig að virðing mannréttinda er forsenda varanlegs friðar. Vissulega ber að fagna og virða viðleitni nýrra forustumanna í Sovétríkjunum að undanförnu í afvopnunarmálum og þakka að nokkrir þekktir andófsmenn hafa verið leystir úr haldi. En betur má ef duga skal. Það er óhætt að taka undir þau sjónarmið Sakharovs sem hann lýsti nýlega þegar hann sagði að fyrsta skrefið til gagnkvæms trausts stórveldanna væru aukin mannréttindi og lýðræði í Sovétríkjunum.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til síðari umræðu og utanrmn. Verði till. samþykkt er það hæstv. ríkisstjórn styrkur í viðleitni sinni á alþjóðavettvangi til að efla mannréttindi í einstökum ríkjum sem ekki virða samninga um þessi efni og þau yrðu aðilar að.

Utanríkisráðherra (*Matthías Á. Mathiesen*):

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þá till. sem hér er til umræðu og get nánast tekið undir allt það sem hv. frsm. hefur um till. og málið sagt. Í grg. með till. er vísað til ræðu sem ég flutti við setningu þriðju framhaldsráðstefnu um öryggi og samvinnu, öðru nafni nefnt RÖSE, í Vínarborg 6. nóv. s.l., en

þar lagði ég áherslu á að jafnvægi yrði að ríkja milli einstakra þátta Helsinki-samkomulagsins og að auka þyrfti mannréttindi þar af leiðandi.

Fyrstu lotu Vínarfundarins er lokið og önnur hefur tekið við, en í fyrstu lotunni fór fram umfjöllun um framkvæmd Helsinki-samkomulagsins 1975 og lokaskjals Madrid-fundarins 1983.

Það er óhætt að segja að fyrsti þáttur Vínarfundarins hafi verið nánast eins konar uppgjör lýðræðisríkjanna við Varsjárbandalagsríkin um mannréttindi. Var þetta einhver mesta atlaga gegn Varsjárbandalagsríkjunum á sviði mannréttinda sem gerð hefur verið, enda var tækifærið líkt og á fyrsta framhaldsfundi RÖSE í Belgrad 1977–1978 og öðrum framhaldsfundinum í Madrid 1980–1983 að sannreyna mátti lið fyrir lið allt það sem þau sjálf höfðu lofað með undirskriftinni í Helsinki 1975 og er þar víða pottur brotinn svo að ekki sé meira sagt eins og alþjóð er kunnugt.

Í þeirri skýrslu sem nú hefur verið lögð fram og verður til umræðu í næstu viku er líkt og í fyrra fjallað ítarlega um þróun mála innan ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Ég læt nægja að segja að með Stokkhólmsskjalinu 1986 um aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust og öryggi hefur náðst verulegur árangur í öryggismálaþætti RÖSE. Sérfræðingafundir um mannréttindamál, sem haldnir voru milli Madrid- og Vínarfundarins, enduðu því miður hins vegar allir án sýnilegs árangurs. Þar er mikið starf óunnið. Sömu sögu má raunar segja um þriðja þátt RÖSE, samvinnu á sviði vísinda og tækni og efnahags- og umhverfismála.

Hinn 18. febr. lauk þeim þætti Vínarfundarins sem ætlaður var til þess að leggja fram þar tillögur. Gert var ráð fyrir að þær yrðu milli 70 og 80 áður en þeim hluta væri lokið. Síðasti þáttur Vínarfundarins er svo ætlaður til að ganga frá lokaskjali byggðu á fram komnum tillögum, en engin tillaga nær fram að ganga nema samhljóða. Ísland hefur gerst meðflytjandi að tíu tillögum á Vínarfundinum. Þar af er ein tillaga um virðingu fyrir grundvallarmannréttindum og framhald mannréttindaumræðunnar innan RÖSE, svo og önnur um umhverfisvernd sem öll Norðurlöndin flytja. Umfjöllunin um mannréttindi er ekki síst vegna Helsinki-samþykktarinnar orðin viðurkenndur þáttur í alþjóðasamskiptum. Það er nú orðið husanlegt að jafna árangri á sviði mannréttindamála t.d. við afvopnun og gera þau að skilyrði fyrir samkomulagi í öðrum greinum. Þetta hefur sannast í Vín síðustu vikurnar.

Andrei Sakharov sagði fyrir nokkrum vikum í Moskvu að gagnkvæmt traust milli stórveldanna væri forsenda friðar og fyrsta skrefið í þá átt væru aukin mannréttindi í Sovétríkjunum. Undir þessi orð vil ég taka. Þótt nú um stundir heyrist frjálsræðistónn að austan þarf á framkvæmd þar að reyna. Frjálsræðið er seinna að birtast á borði en í orði. Það þarf að sanna í verki að um stefnubreytingu sé að ræða, en ekki aðeins áróðursbragð. Fulltrúar okkar á RÖSE-ráðstefnunni munu gera það sem þeir geta til að ákvæði Helsinki-samþykktarinnar og lokaskýrslu Madrid-fundarins um mannréttindi verði í hvívetna fylgt í öllum þátttökuríkjunum 35 og samþykkt þessarar tillögu á Alþingi Íslendinga yrði, eins og frsm. fyrir till. sagði, til þess að styrkja þá stefnu sem íslenska ríkisstjórnin hefur haft í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég legg aðallega leið mína hér í þennan ræðustól til að fagna því að mannréttindamál skuli bera upp á dagskrá Alþingis. Það gerist of sjaldan að við tökum upp umræður um þau mál í þröngu sem og víðu samhengi, mannréttindamálin og kjör manna hvar sem þeir búa á hnettinum.

Ég er efnislega sammála þessari till. Það er að sjálfsögðu rétt að Alþingi fordæmi brot á mannréttindaákvæðum Helsinki-sáttmálans og ég lít svo til að í sjálfu sér þurfi ekki sérstaka till. til að samþykkja að íslenska ríkisstjórnin vinni að því að draga úr slíkum brotum og fá Helsinki-sáttmálann viðurkenndan og framkvæmdan án undanbragða. Það tel ég í raun sjálfsagðan hlut sem ríkisstjórninni beri skylda til að sinna hvort sem væri, en það er ugglaust ekki verra að hnykkja á því sérstaklega með samþykkt.

En það sem mér fannst aðeins skorta í þessari umræðu og ég hefði gjarnan kosið að heyra af vörum frsm. eða hæstv. utanrrh. var það ósköp einfaldlega að ástand mannréttindamála í heiminum er víða bágborið og það er ekki einskorðað við það svæði sem sérstaklega er fjallað um í Helsinki-sáttmálanum. Þar af leiðandi hef ég talið æskilegt að í slíkri samþykkt af hálfu Alþingis fælist almenn skírskotun til hæstv. ríkisstjórnar um að vinna gegn mannréttindabrotum hvar sem þau eiga sér stað á byggðu bóli.

Því miður er það svo að skýrslur opinberra aðila og alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna og samtaka á borð við Amnesty International bera með sér að ástand mannréttindamálanna fer versnandi á mörgum svæðum í heiminum. Það er beiskur sannleikur að kyngja á því herrans ári 1987, en því miður er það svo að skýrslur til að mynda um fangelsanir samviskufanga benda til þess að þeim fari fjölgandi víða í heiminum. Ég mundi því leggja til að sú virðulega nefnd sem tekur þessa till. til meðferðar hugleiði hvort ekki sé rétt að henni fylgi einnig almenn skírskotun og hvatning til íslensku ríkisstjórnarinnar um að vinna gegn mannréttindabrotum hvar sem þau eiga sér stað, til að mynda á svæðum í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku þar sem slík afbrot eru talin fara vaxandi.

Það væri einnig eðlilegt að við hnipptum í bandalagsþjóð okkar, sem sumir nefna svo og teygir anga sína inn í Evrópu sjálfa, Tyrkland, en það ríki hefur því miður oft og iðulega verið í hópi efstu ef ekki efsta ríki á skýrslum Amnesty International yfir þjóðir þar sem fólk er fangelsað vegna skoðana sinna.

Ég ætla ekki að gerast spámaður og blanda mér í

bollaleggingar hv. ræðumanna, hæstv. utanrrh. og hv. 1. flm., um hversu líklegt það sé að sú hreyfing í frjálsræðisátt, sem greinilega virðist vera á ferðinni í Sovétríkjunum, sé raunveruleg eða að hve miklu leyti hún er blekking. Ég held að sagan ein geti leitt í ljós hver þróun mála verður þar eins og svo víða annars staðar. En ég teldi ákaflega ógáfulegt og óskynsamlegt af þeim mönnum og þjóðum sem berjast fyrir auknum mannréttindum að gera nokkurn hlut annan en þann að fagna þeirri viðleitni sem þó virðist þar vera á ferðinni í þessa átt. Mér fannst kenna ofurlítið, virðulegur forseti, ég verð að segja það, fýlutóns í garð þeirra breytinga sem þar hafa sannanlega orðið og frelsun manna undanfarnar vikur úr fangabúðum eða útlegð bendir vissulega til og ummæli íslenska forsrh. sem efaðist ekki í heimsókn sinni þarna austur um einlægni ráðamanna í þessum efnum. Ég kysi því frekar að heyra að menn fagni því almennt að þarna virðist vera þróun í rétta átt. Þó að langt sé í land til þess að ástandið verði viðunandi held ég að það sé um lítið annað að ræða en að hvetja einmitt til þess að haldið verði áfram á sömu braut. A.m.k. hafa Vesturlönd stutt við bakið á ríkjum þar sem mannréttindamál eru í bágbornu ástandi með þeim rökum að það færi þó skánandi. Þar af leiðandi væri rétt að hvetja þau áfram á sömu braut frekar en grípa til einhverra annarra ráða eins og þvingunaraðgerða sem stundum eru nefndar í þessu sambandi. Ég get nefnt aftur ríkið Tyrkland, ég get nefnt El Salvador, Chile og fleiri slík ríki þar sem mannréttindabrot sannanlega viðgangast, en bandamenn eða stuðningsaðilar þessara ríkja hafa með þeim rökum sem ég vitnaði til kosið að styðja við bakið á þeim í þeirri von að þróunin gengi í rétta átt.

Herra forseti. Erindi mitt var fyrst og fremst að fagna því að þessi málaflokkur kemur hér til umræðu og koma hér á framfæri þeirri almennu skoðun minni að ef þessum málum er hreyft með ályktun á annað borð eigi hún að fela í sér almenna skírskotun á þessu sviði.

Flm. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir undirtektirnar við þessa þáltill. Jafnframt fagna ég því að hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir því á fundinum í Vín að taka þátt í tillögugerð sem er í stíl við það efni sem hér er til umræðu.

Ef þessi till. verður samþykkt getur hæstv. ríkisstjórn sagt að þingið standi að baki þeirri viðleitni sem hún vill sýna og ég veit að hefur stuðning allra hv. þm.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess að það gæti komið til greina að breyta till. og hafa hana víðtækari en hún er samkvæmt efni og innihaldi og get ég út af fyrir sig fallist á það og þá með nýrri málsgr. því að tilefni tillöguflutningsins er auðvitað sá fundur sem nú fer fram í Vínarborg og er framhald af ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, en það eru 35 ríki sem stóðu að sínum tíma að Helsinki-sáttmálanum. Ég get tekið undir það með hv. þm. að við getum á alþjóðavettvangi látið meira að okkur kveða. Við getum til að mynda tekið undir þær kröfur, sem hafa verið vaxandi á síðari tímum, að Sameinuðu þjóðirnar fái meira eftirlitsvald í þessum efnum en hingað til hefur verið. Því miður er það svo að þær þjóðir sem mest brjóta mannréttindi á mönnum eru jafnframt þær sem síst hleypa inn í land sitt opinberum eftirlitsaðilum, þar á meðal eftirlitsaðilum frá Sameinuðu þjóðunum.

Það má vera að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi fundist gæta einhverrar fýlu í ræðu minni áðan. Það virtist koma smákippur í litla Rússahjartað í hv. þm. þegar athyglin beindist að Sovétríkjunum. En það sem áherslan verður að liggja á er þetta: Við megum ekki undir neinum kringumstæðum kaupa Sovétmenn til þess að þeir standi við þær skuldbindingar sem þeir hafa ritað undir og að þeir geti tekið mannréttindin í gíslingu, eins og Sharanski orðaði það svo ágætlega í sinni blaðagrein og ég vitnaði til. Þetta eru aðalatriði málsins. Við báðir, hæstv. ráðh. og ég lýstum því auðvitað yfir að við fögnum því sem gerst hefur í Sovétríkjunum og vonumst til þess einlæglega að áfram verði haldið á þeirri braut sem nú hefur verið mörkuð, en minnum á að það eru aðeins fáeinir aðilar sem hafa sloppið og þeir nafnkunnustu. Hinir sitja enn á bak við lás og slá. Við megum ekki heldur láta þyrla upp moldviðri og blindast af því sem gerst hefur því enn er langt í land. Þetta eru aðalatriði málsins. Ég misskildi hv. þm. ekki neitt. Hann studdi þessi sjónarmið og ég fagna því sem kom fram í hans málflutningi þótt hann væri að ýja að því að það gætti einhverrar fýlu hjá okkur sjálfstæðismönnum vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í Sovétríkjunum.

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég þakka eingöngu fyrir þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið og hlýtur það að vita á að málið fái hraða afgreiðslu í hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Snjómokstur á Siglufjarðarvegi, fyrri umr.

Þáltill. RA, 383. mál. — Þskj. 693.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt á þskj. 693 um snjómokstur á Siglufjarðarvegi. Tillagan til ályktunar er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að endurskoða reglugerð um snjómokstur með það fyrir augum að tryggja bættar samgöngur að vetrarlagi og skal m.a. gert ráð fyrir að vegurinn milli Siglufjarðar og Sauðárkróks sé hreinsaður þegar fært er milli Reykjavíkur og Akureyrar um Skaga-

fjörð. Almennt skal við það miða að reglur um snjómokstur verði sveigjanlegri en nú er og meira miðaðar við aðstæður, einkum þar sem lítið vantar á að unnt sé að halda leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum."

Tilefni þessarar till. kemur glögglega fram í tillgr. sjálfri, en þar er að því vikið að oft er um að ræða óveruleg snjóahöft sem þó stöðva alla umferð á veginum milli Siglufjarðar og Sauðárkróks þótt síðan sé aftur fært úr Skagafirði hvort heldur til Reykjavíkur eða Akureyrar. Á það er bent í till. að snjómokstursreglur eru nokkuð ósveigjanlegar. Þær þurfa að taka meira tillit til aðstæðna og þurfa að vera þess eðlis að hægt sé að ryðja minni háttar höftum úr vegi þegar í raun og veru vantar ósköp lítið upp á að hægt sé að halda löngum leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum.

Ég geri mér fulla grein fyrir að svona getur staðið á miklu víðar en á Siglufjarðarleið. Ég er hér með till. um þá leið sérstaklega vegna þess að ég þekki þar vel til og veit að þetta er mjög til baga þar, en ég viðurkenni fúslega að svona stendur áreiðanlega á víða annars staðar, ekki kannske hvað síst á Vestfjörðum og Austfjörðum. Því legg ég áherslu á það í tillögunni að reglur um snjómokstur séu endurskoðaðar í heild sinni, þær séu gerðar sveigjanlegri en nú er og meira sé tekið mið af aðstæðum á hverjum stað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till. Hún skýrir sig að öðru leyti sjálf. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám skyldusparnaðar ungmenna (277. mál) 3762.
Almannatryggingar (392. mál, fæðingarstyrkur og dagpeningar) 3723, 3758.
Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum (362. mál) 3648, 3764.
Átak í upplýsingatækni (276. mál) 3762.
Áætlanir á sviði samgöngumála (376. mál) 3671, 3765.
Blýlaust bensín (345. mál) 3646, 3763.
Deilur milli fræðsluyfirvalda á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytisins (325. mál) 3634, 3763.
Einangrun húsa (370. mál) 3612.
Endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu (310. mál) 3586.
Eyðing ósonlagsins (382. mál) 3661, 3765.
Fangelsismál (374. mál) 3623.
Flugmálaáætlun (316. mál) 3588.
Fólksflutningar með langferðabifreiðum (213. mál, heildarlög) 3699.
Framtíð rásar tvö (356. mál) 3604.
Fæðingarorlof (391. mál, heildarlög) 3706, 3758.
Geðheilbrigðismál (372. mál) 3616.
Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga (371. mál) 3648, 3764.
Húsnæðissparnaðarreikningar (319. mál) 3586.
Húsnæðisstofnun ríkisins (395. mál, stimpilgjald af veðskuldabréfum) 3704.
Íslenskt efni sjónvarpsstöðva í einkaeign (357. mál) 3610.
Jarðræktarlög (308. mál, heildarlög) 3585, 3587, 3702.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna (390. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3703.
Kosning í landskjörstjórn 3761.
Kosning í yfirkjörstjórn Austfjarðakjördæmis 3760.
Kosning í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar 3760.
Kosning í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 3761.
Kosning í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis 3760.
Kosningar til Alþingis (18. mál, úthlutun þingsæta o.fl.) 3566, 3584, 3723.
Landgræðslu- og landverndaráætlun (289. mál) 3625, 3762.
Lán vegna greiðsluerfiðleika (288. mál) 3674.
Lögreglumenn (388. mál, skaðabætur) 3565.
Lögskráning sjómanna (326. mál, heildarlög) 3691, 3700, 3749, 3759.
Mat á heimilisstörfum til starfsreynslu (216. mál) 3626.
Málefni aldraðra (368. mál, gildistími) 3576.
Mannréttindamál (244. mál) 3766.
Menntun stjórnenda smábáta (337. mál) 3664, 3763.
Námsbrautir á sviði sjávarútvegs (332. mál) 3639, 3763.
Námslán og námsstyrkir (375. mál) 3667, 3764.
Norræni umhverfisverndarsamningurinn (380. mál) 3665, 3765.
Réttur raforkunotenda (379. mál) 3652, 3765.
Samfélagsþjónusta (62. mál) 3761.
Samskipti menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis á Norðurlandi eystra (338. mál) 3651, 3763.
Sjómannadagur (209. mál) 3744.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (360. mál, tollafgreiðsla) 3692, 3701, 3750, 3759.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (311. mál, skiptahlutfall) 3585, 3587, 3705.
Skógrækt ríkisins (378. mál, aðsetur) 3655, 3765.
Snjómokstur á Siglufjarðarvegi (383. mál) 3774.
Stefnumörkun í áfengismálum (373. mál) 3620.
Stjórnarskipunarlög (256. mál, rannsóknarnefndir Alþingis o.fl.) 3586.
Stjórnarskipunarlög (257. mál, þingrof og bráðabirgðalög) 3586.
Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands (359. mál) 3693, 3701, 3751, 3759.
Um þingsköp 3758.
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (273. mál) 3726.
Útflutningslánasjóður (347. mál, takmörkuð ábyrgð) 3692, 3702, 3751, 3760.
Varnir gegn mengun hafsins við Ísland (315. mál) 3762.
Veiting prestakalla (197. mál, heildarlög) 3577, 3585, 3745, 3759.
Vitamál (296. mál, skipunartími vitamálastjóra) 3587, 3588.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (351. mál, skattvísitala) 3565, 3745.
Þjóðarátak í umferðaröryggi (353. mál) 3638, 3764.
Öryrkjabifreiðir (350. mál) 3607.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3620.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3717, 3723.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3759.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3613, 3615, 3626, 3674, 3687.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3608, 3703.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3576, 3616, 3620, 3621, 3706, 3721.
Landbrh. Jón Helgason 3565, 3624, 3702, 3723, 3745.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3606, 3611, 3745.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3588, 3601, 3699, 3749, 3750, 3751.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3706, 3726, 3734, 3744.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3770.
Árni Johnsen 3577.
Ásta R. Jóhannesdóttir 3604, 3607, 3610, 3612, 3661, 3664.
Björn Dagbjartsson 3701.
Egill Jónsson 3571, 3575.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3692, 3693.
Friðrik Sophusson 3724, 3725, 3766, 3773.
Garðar Sigurðsson 3600.
Guðmundur H. Garðarsson 3736.
Guðrún Agnarsdóttir 3729, 3743.
Guðrún Helgadóttir 3618, 3622, 3646, 3758.
Guðrún Tryggvadóttir 3655, 3660.
Gunnar G. Schram 3664, 3665, 3741.
Haraldur Ólafsson 3720.
Helgi Seljan 3569, 3575, 3578, 3607, 3609, 3612, 3614, 3616, 3619, 3620, 3622, 3623, 3625, 3658, 3717.
Hjörleifur Guttormsson 3595, 3631, 3725, 3731, 3739.
Jón Baldvin Hannibalsson 3753.
Jón Kristjánsson 3566, 3574, 3576, 3607, 3692.
Jón Sveinsson 3704.
Karl Steinar Guðnason 3582, 3610.
Karvel Pálmason 3609, 3747.
Kjartan Jóhannsson 3643, 3652, 3655.
Kristín Halldórsdóttir 3649, 3662, 3670, 3679, 3691.
Magdalena Margrét Sigurðardóttir 3633.
Magnús H. Magnússon 3678, 3721.
Ólafur Þ. Þórðarson 3725.
Pálmi Jónsson 3625.
Ragnar Arnalds 3581, 3694, 3774.
Salome Þorkelsdóttir 3638.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3568, 3576, 3629, 3698, 3712.
Skúli Alexandersson 3580, 3640, 3644.
Stefán Benediktsson 3572, 3576, 3695.
Stefán Valgeirsson 3599, 3634, 3659, 3663, 3725.
Steingrímur J. Sigfússon 3591, 3667, 3671, 3684, 3772.
Sverrir Sveinsson 3652, 3757.
Tryggvi Gunnarsson 3645, 3660, 3663.
Valdimar Indriðason 3583, 3691.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3575.

EFRI DEILD

50. fundur, mánudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Stefán Benediktsson):

Áður en gengið er til dagskrár vildi ég leyfa mér að upplýsa menn aðeins um fyrirhugaðan gang mála hér í dag. Menn eru mjög tímabundnir og mikið að gerast. Það er ætlunin að taka fyrir fyrstu þrjú málin sem eru á dagskrá og síðan 1. umræðu málin að svo miklu leyti sem tími leyfir þannig að það dregst eitthvað fram eftir fundi að staðgreiðslu-, gildistöku- og tekjuskattsfrumvörpin komi til umræðu.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661, n. 731.

Frsm. heilbr.- og trn. (Helgi Seljan):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingar á lögum, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Það skal tekið fram vegna þskj. 731 að fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru þau Karl Steinar Guðnason, Árni Johnsen og Kolbrún Jónsdóttir. En frv. er einfalt í sniðum og er í raun og veru aðeins um það að framlengja lögin um málefni aldraðra til 31. des. 1988.

Nefndin leggur áherslu á þýðingu þessara laga fyrir málefni aldraðra í heild, ekki síst hvað varðar beinar framkvæmdir í þeirra þágu. Nefndin ræddi nokkuð um framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra í ljósi þess að skattkerfisbreytingin nú lokar á þann nefskatt sem rennur beint og óskertur í Framkvæmdasjóð aldraðra og hefur hækkað umfram verðlagsforsendur að undanförnu sakir þess einhugar sem ríkt hefur um nauðsyn meira fjármagns til sjóðsins, enda kallar framkvæmdaþörf alls staðar á.

Nefndin hefur nokkrar áhyggjur af framtíð framlaga til sjóðsins eftir að farið verður að veita beint af fjárlögum til hans. Reynslan af því er um margt misjöfn, en í trausti þess að framlög verði ekki minni en nú í ár t.d. á næstu árum fram að gildistökunni leggur nefndin til samþykki við þetta litla frv. um framlengingu laganna um tæp tvö ár eða til ársloka 1988, enda verði endurskoðun lokið það tímanlega að ný lög geti þá tekið gildi sem sér í lagi tryggi nægileg framlög í Framkvæmdasjóð aldraðra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, 2. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 649 (sbr. 523), n. 732.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt, en Nd. gerði á því nokkrar breytingar sem liggja hér fyrir á þskj. 649.

Það kom fram í umræðum í nefndinni að nafn frv. hefði getað verið heppilegar valið, að hér væri fremur um umboðsmann almennings að ræða, starfssvið hans lægi á því sviði, en nefndin sá samt ekki ástæðu til að gera brtt. þar sem þetta nafn er orðið viðurkennt í umræðum um þetta embætti.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–16. gr. og ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657, n. 740.

Frsm. samgn. (Valdimar Indriðason):

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er til framkvæmda á alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna. Þetta mál er búið að vera allmikið til umræðu og var það mjög í nefnd sem fjallaði um öryggismál sjómanna, að það yrði tekið á þessum málum. Með því að Ísland staðfestir sína aðild að þessum alþjóðasamþykktum telur nefndin að komið sé vel á móts við það sem kom fram í öryggismálanefndinni. Er því nefndin öll samhljóða um það og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Í nál. á þskj. 740 segir: „Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðna Halldór Kristjánsson skrifstofustjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing hjá samgrn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Árni Johnsen, Kolbrún Jónsdóttir og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Hér þarf ekki fleiri orð um. Þetta mál á að liggja mjög ljóst fyrir. Þetta er fyrst og fremst til að skapa meira öryggi á okkar skipum en verið hefur. Það fjallar frv. fyrst og fremst um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 749.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um eftirlit með skipum. Opinbert eftirlit með skipum á sér ekki langan aldur að baki miðað við sögu siglinga í heild. Það var ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar að sú skoðun tók að ryðja sér til rúms með siglingaþjóðum að nauðsynlegt væri vegna almenns öryggis að hafa eftirlit af opinberri hálfu með haffæri skipa. Þessi stefna átti upptök sín í Englandi þar sem fyrstu lagaákvæðin um öryggiseftirlit með skipum voru sett. Síðan hefur þróun orðið sú meðal flestra þjóða að opinbert eftirlit með skipum hefur stöðugt orðið fjölbreyttara og fullkomnara og má segja að það taki nú til hvers konar atriða sem máli skipta um öryggi skipa og mannslífa á hafinu.

Samfara þessu voru settar á fót sérstakar stofnanir þar sem sérfróðum mönnum um skip og siglingar var falið eftirlitið. Þegar siglingaþjóðir höfðu almennt sett sér lög og reglur um eftirlit með öryggi skipa kom brátt í ljós þörf fyrir samræmingu á reglunum. Þær boðuðu því til almennra ráðstefna ríkja þar sem settar voru alþjóðlegar samþykktir um tiltekin atriði sem lutu að öryggi í siglingum.

Þáttaskil urðu í samvinnu þjóða um siglingar og um öryggismál skipa og mannslífa á hafinu með stofnun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, árið 1948, en tilgangur hennar er m.a. að stuðla að því að með alþjóðasamþykktum verði settar reglur eins fullkomnar og tök eru á um málefni er varða öryggi á hafinu.

Fyrstu íslensku ákvæðin um eftirlit með öryggi í siglingum voru sett með lögum nr. 25/1903, um eftirlit með þilskipum sem notuð eru til fiskveiða eða vöruflutninga. Var eigendum slíkra skipa gert skylt að láta skoða skip af tveimur skoðunarmönnum áður en það hæfi fyrstu ferð sína á almanaksárinu. Síðan hafa verið sett allmörg lög um eftirlit með skipum, en gildandi lög um það efni eru frá árinu 1970 ásamt síðari breytingum. Samkvæmt þeim er eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru.

Eftirlitsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins hafa eftirlit með því að lögum og reglum um öryggi skipa sé fullnægt, en skipaskoðunarmenn stofnunarinnar annast skoðanir. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um framkvæmd skoðunar, um smíði, búnað, breytingar og innflutning skipa, hleðslumerki, farbann og siglingadóm. Með lögum nr. 18 frá 1986 var fellt niður ákvæði laganna um rannsóknanefnd sjóslysa, en ákvæðum um hana, skipun nefndarinnar og hlutverk, var skipað í siglingalög.

Með frv. því sem hér er lagt fram er leitast við að færa lagaákvæði um eftirlit með skipum til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau eru einfölduð. Í því skyni eru allmörg ákvæði felld niður sem betur eiga heima í reglugerðum og orðalagi og efnisskipan einstakra greina er breytt. Jafnframt er í frv. leitast við að skýra ýmis atriði með það fyrir augum að auðvelda framkvæmd þeirra og draga úr réttaróvissu. Helstu efnisbreytingarnar eru þessar:

1. Ákvæði frv. eru færð til samræmis við lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 frá 1986, þar sem ýmsar breytingar voru gerðar á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar.

2. Ákvæðum um farbann er breytt og skýrar kveðið á hvenær skal leggja farbann á skip.

3. Hert eru ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar.

Að tillögu nefndar er samdi siglinga- og sjómannalög er lagt til að ákvæði laganna um sjóferðapróf verði felld niður. Heimild til framlengingar á gildistíma haffæriskírteina er eingöngu bundin við frestun aðalskoðunar skips um tiltekinn tíma og í sérstöku tilviki.

Það er trú mín að með frv. þessu séu lagaákvæði um eftirlit með skipum gerð skýrari og einfaldari en nú er. Til þess að framkvæmd þessa eftirlits sé virk er mjög mikilvægt að mönnum sé ljóst hvernig því er háttað, hvaða rétt þeir hafa og hverjar skyldur þeir bera. Enn fremur hvaða viðurlög geta legið við broti á þessum skyldum með því að stuðla að auknu öryggi á hafinu, bæði skipa og sjófarenda.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

51. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 50. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur).

— Þskj. 596, n. 746, 771, 773 og 785, brtt. 747, 772, 781 og 784.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haldið marga og stranga fundi um þessi veigamiklu mál sem hér eru á dagskrá, þau þrjú frv. til l. um breytingar á sköttum og skattameðferð. En fundir þessir, þó þeir hafi verið strangir eins og ég sagði, hafa verið mjög ánægjulegir. Við höfum fengið fjölda manns til viðræðna við nefndina og ég held að ég megi fullyrða að allir hafi verið sammála því að staðgreiðslukerfið væri æskileg breyting. En auðvitað voru menn ósammála um ýmislegt annað og er best að játa það alveg strax í byrjuninni að það gekk dálítið seint að fá sumar upplýsingar frá opinberum stofnunum úr tölvuvinnslu o.s.frv. T.d. var beðið æðilengi eftir útreikningum Þjóðhagsstofnunar og kannske komu þeir ekki allir sem um var beðið. En engu að síður er fullt samkomulag um það að klára hér í deildinni í dag 2. og 3. umr. þannig að málið geti gengið til Nd. og fengið þar eðlilega umfjöllun á þeim tiltölulega fáu dögum sem væntanlega eru eftir af þessu þinghaldi. Ég vil strax þakka samnefndarmönnum og sérstaklega stjórnarandstöðu fyrir góða samvinnu í nefndinni og vilja til að greiða fyrir framgangi mála þó að auðvitað sé andstaða við ýmislegt af því sem hér er um að ræða.

Það er líka rétt að hafa það í huga frá upphafi að mjög margt í útfærslu þessara miklu breytinga hlýtur eðli málsins samkvæmt að bíða til haustþings. Sérstaklega hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að við endanlega útreikninga verði stuðst við framtöl á þessu ári. Mér segir nú raunar svo hugur um að tekjur á s.l. ári muni hafa verið það háar að kannske verði svigrúm til einhverra lækkana á þeim sköttum sem áætlað er í þessu frv. að á þurfi að leggja, annaðhvort t.d. meiri skattafslátt eða að koma til móts við nokkra hópa sem ég kem að hér síðar sem sérstaklega þarf að huga að. Ég hygg að minni hl. í nefndinni sé meira og minna sammála þeim punktum sem við teljum upp í sex töluliðum. Það er fremur til bóta allt saman þó að minnihlutamenn, sumir hverjir a.m.k., vilji ganga lengra en við teljum okkur reiðubúna til að gera á þessu stigi. En þessi mál verða sem sagt til athugunar fram á haustið.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar frá fjmrn. að sjálfsögðu, ríkisskattstjóri og hans menn, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna í þjónustu ríkisins, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Félag áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, en það var ekki síst einmitt sá þátturinn sem ræddur var mjög mikið og ítarlega í nefndinni og mjög ánægjulegt að fá fulltrúa þessa fólks á fundinn einmitt til að ræða um þann mikla vanda sem óneitanlega er hjá ýmsum þeim sem framan af þessum áratug byggðu eða keyptu húsnæði.

Skriflegar umsagnir bárust frá ýmsum þessara aðila og með nál. fylgja þær umsagnir flestar eða allar og geta menn þannig greint hvað fyrir mönnum vakir. Ég vil geta þess að fyrsta fskj., sem er frá Alþýðusambandi Íslands, var fylgt úr hlaði með mjög greinargóðu erindi sem forseti Alþýðusambands Íslands flutti og umræður urðu miklar við þessa fulltrúa launamanna.

Á fundum nefndarinnar var auk frv. fjallað samhliða um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, enda verða þau ekki slitin í sundur. Þetta er allt saman samhangandi.

Fulltrúar hagsmunasamtakanna, þeir sem að framan er greint og komu á fund nefndarinnar, lýstu því yfir að í grundvallaratriðum væru þeir fylgjandi staðgreiðslu skatta, allir eins og ég gat um áðan og allir sem til nefndarinnar komu. Hins vegar kom fram að þá greinir nokkuð á um hvernig staðið skuli að breytingum á skattkerfinu í heild sinni samhliða upptöku staðgreiðslukerfis beinna skatta. Það kom líka greinilega fram að samkomulag það sem varð milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins var um að það yrði skattkerfisbreyting en ekki að skattar lækkuðu endilega við þessar breytingar heldur hlyti auðvitað að verða áframhaldandi pólitísk umræða um þá hlið málanna.

Það komu fram ábendingar um ýmis atriði, m.a. um nokkrar nauðsynlegar breytingar á frv. Að auki var bent á nokkur atriði sem afla þyrfti nánari upplýsinga um áður en skattkerfisbreytingunni verður hrint í framkvæmt. Þá voru nefndinni kynntar niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um heildaráhrif frv. og samanburður Þjóðhagsstofnunar á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu álagningarkerfi í þessu frv. Miðað við þessar áætlanir mundu tekjur árið 1987 benda til þess að tekjuskattur mundi lækka um 235–435 millj. kr. Einnig er það niðurstaða Reiknistofu Háskóla Íslands. Mönnum er nú kunnugt um að ég a.m.k. persónulega tek ekki allar þessar tölur og útreikninga sem guðs orð eða algildan sannleika, en ég er að gera mér vonir um það, hef það á tilfinningunni, að jafnvel verði meira svigrúm til skattalækkana með haustinu en þessir útreikningar benda til eða a.m.k. til að koma til móts við þá hópa sem sérstaklega þarf að huga að og ég kem að hér á eftir.

Meiri hl. telur að það sé ekki unnt að afla nú frekari upplýsinga en gert hefur verið um áhrif svo róttækrar skattalagabreytingar sem hér um ræðir og heldur ekki að ganga frá fullmótuðum brtt. á þessu stigi heldur hlýtur það að bíða haustþingsins og eins og hæstv. fjmrh. hefur marglýst yfir þarf að huga að öllum þessum málum með hliðsjón af upplýsingum sem fást við álagningu skatta 1987. Þess vegna er þetta fyrst og fremst kerfisbreytingin sem nú verður að lögfesta til þess að menn viti hvernig á að vinna að undirbúningi svo veigamikilla breytinga á einum

helsta tekjustofni ríkisins. En ég vík þá að þeim liðum sex sem við sérstaklega nefnum að huga þurfi að.

Fyrst er þá til að taka að í tillögum fjmrh. er lagt til að millifæranlegur persónufrádráttur á milli hjóna verði 80% í stað 75%, eins og kveðið er á um í frv., en það skal tekið fram að fjmrh. hafði ákveðið að þetta hlutfall persónufrádráttarins, sem millifæranlegur væri, skyldi vera 80% áður en frv. er lagt fram, en vegna þess að prentun var þá langt komið var ákveðið að nefnd legði til þessa breytingu. Um þetta mál var geysimikið rætt í nefndinni og sýndist sitt hverjum. Sumir vildu að þarna yrði um 100% að ræða en ekki 80%. Þau sjónarmið eiga auðvitað fullan rétt á sér. Hins vegar var á það bent, sem ég tel að séu rök, að heimavinnandi kona eða karl gætu sparað sér einhver útgjöld við það að vinna heima fremur en að sækja á vinnumarkað annars staðar. En allt er þetta til skoðunar.

Þá kom í ljós að fjárhæð sjómannaafsláttar á dag skv. 10. gr. frv. er að mati fjmrn. vanáætluð um 50 kr. að því er menn hyggja nú og er því lögð til breyting í samræmi við þessar upplýsingar. En þetta er líka eitt þeirra atriða sem kanna þarf eftir að álagning 1987 hefur farið fram. Fulltrúar sjómanna komu á fund nefndarinnar eins og áður getur og þeirra útreikningar bentu til þess að þessi upphæð þyrfti að vera 222 kr. í staðinn fyrir 200 eins og nú er lagt til að verði. Um þetta er mjög erfitt að dæma. Þetta er mismunandi eftir því hvernig útgerð er hagað, hvort það eru bátar, togarar o.s.frv., en ég hygg að sjómenn muni allvel við þetta una í bili þangað til niðurstaða fæst úr þeim athugunum sem eiga eftir að fara fram í sumar og með haustinu.

Það þykir nauðsynlegt að lækka skatthlutfall tekjuskatts þeirra sem ekki eru skattskyldir að fullu hérlendis til samræmis við þær breytingar sem frv. hefur að öðru leyti í för með sér á skattstigum. Hér er einkum um að ræða aðila sem eru heimilisfastir erlendis en njóta greiðslna héðan, t.d. lífeyrisgreiðslna, arðs eða launa fyrir takmörkuð störf í skamman tíma. Það skal tekið fram að þessir aðilar njóta ekki persónuafsláttar eins og þeir sem ótakmarkaða skattskyldu bera hérlendis. Þess vegna er eðlilegt að hafa sérstaka hliðsjón af þessu og lagt til að breytingar verði á 71. gr. laganna í þá veru sem kveðið er á um í 2. tölul. brtt. sem meiri hl. flytur.

Þá er lagt til að ákvæði um skattvísitölu í lögum haldi gildi sínu varðandi ýmsar fjárhæðir sem tengjast skattlagningu einkatekna, lágmarksfjárhæð eigna sem heimilt er að gjaldfæra á ári og ákvörðun eignarskatts, enda felur frv. ekki í sér efnisbreytingar á þessum atriðum. Um þetta er fjallað í 3. lið brtt.

Þá er í 4. tölul. lagt til að breyting verði gerð á 2. og 4. mgr. ákvæða til bráðabirgða í því skyni að gera það skýrara.

En þrátt fyrir brtt. þær sem meiri hl. flytur og að framan greinir er ljóst að á næstu mánuðum verður að athuga ýmsa þætti málsins og leggja fram brtt. á haustþingi ef þurfa þykir.

Þau atriði sem meiri hl. telur nauðsynlegt að gefa sérstakan gaum í þessu sambandi eru eftirfarandi og ég hygg ekki bara meiri hl. heldur nefndin öll, en auðvitað skilar minni hl. sínum sérálitum.

Það þarf að endurskoða áhrif álagningarkerfis frv. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem álagning opinberra gjalda á árinu 1987 leiðir í ljós. Með þessum hætti ætti að vera tryggt að nýjustu upplýsingar liggi til grundvallar skattkerfisbreytingunni.

Í öðru lagi þarf að athuga nánar áhrif þess að afnema skattfrelsi fæðispeninga sjómanna á hag þeirra í skattalegu tilliti og hvort eðlilegt sé að gera þar á breytingu. Enn fremur þarf að sannreyna að fjárhæðir sjómannaafsláttarins verði í eðlilegu samræmi við hag þeirra af núverandi kerfi.

Þá er nauðsynlegt að kanna sérstaklega ákvæði laganna um húsnæðisbætur og vaxtaafslátt og hvort ná megi þeim markmiðum sem þar er keppt að með einhverjum öðrum hætti, annarri útfærslu en í frv. er gert ráð fyrir. Sérstaklega verði athugað hvort koma megi til móts við þann hóp manna sem verst varð úti í húsnæðismálunum framan af þessum áratug vegna misgengis lánskjara og launa, og raunar ekki eingöngu vegna þess heldur líka vegna peningastjórnar, peningafrystingar og þeirrar, sem ég hef nú nefnt heilatilbúnu, kreppu sem sköpuð var á fyrstu árum þessa áratugar, kerfiskreppu eða hvað menn vilja kalla það. Það varð ein kynslóð mjög harkalega úti þegar í senn var um misgengi lánskjaravísitölu og launa að ræða, en einnig fáránlega frystingu íslenskra peninga þannig að íbúðir beinlínis lækkuðu í verði og urðu langt undir byggingarkostnaðarverði og fjöldi fólks tapaði aleigu sinni. Ég held að allir séu sammála um að það verði að leita leiða til að koma til móts við þetta fólk. Hæstv. fjmrh. hefur nú einmitt sérstaklega haft það í huga og ég hef látið hann vita um þessar hugrenningar okkar og mér er fullkunnugt um að hann hefur áhuga á að líta til þessa hóps ef svigrúm verður til þess eftir að menn sjá álagninguna á þessu ári sem ég hygg að kunni að vera. Mér segir svo hugur um að tekjurnar hafi verið hærri á s.l. ári en menn áætla og þá kynni að skapast þar svigrúm.

Þá er nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um húsnæðissparnaðarreikninga og gera tillögur um hvernig með skattaafslátt sem þau veita sparendum skuli fara eftir skattkerfisbreytinguna.

Loks þarf að athuga nánar hvort taka beri sérstakt tillit til námsmanna sem eru að ljúka námi og verða af því hagræði eftirágreiðslukerfisins sem felst í því að þurfa ekki að greiða skatt fyrr en einu ári eða kannske einu og hálfu ári eftir að námi lýkur. Á sama hátt þyrfti að kanna nánar áhrif afnáms námsmannafrádráttar eftir að námi lýkur. Raunar er öllum ljóst og hefur verið frá upphafi að þegar menn fara út á vinnumarkaðinn þurfa þeir eftir nýja kerfinu fyrr að greiða skatta en áður var, en þetta kemur kannske harðast niður á námsmönnum erlendis sem koma heim með mikinn skuldahala og ég veit að þetta mál verður tekið til alveg sérstakrar

athugunar af fjmrn. og hæstv. fjmrh.

Þá þyrfti að kanna hvort leiðrétta beri hlut þeirra sem flytja til landsins á árinu 1988 en hafa á árinu 1987 greitt tekjuskatt hérlendis vegna teknanna á árinu 1986 jafnframt því að greiða staðgreiðsluskatt til erlends ríkis vegna launatekna sinna þar samfara búsetu. Þessir menn missa á sama hátt og námsmenn af hagræði eftirágreiðslukerfisins við það að flytja heim eftir að staðgreiðslan hefur verið tekin upp.

Er þá lokið þeim punktum og ábendingum sem nefndin meira og minna öll og sérstaklega meiri hl. leggur áherslu á að skoðuð verði af stjórnvöldum til haustsins.

Þá vill meiri hl. árétta það sem fram kemur í athugasemdum með frv. um heildarendurskoðun beinna skatta hér á landi. Lítur hann svo á að frv. þetta og fylgifrv. þess séu í raun aðeins fyrsta skrefið í þessari endurskoðun, en þau atriði sem hér um ræðir eru einkum skattlagning eignartekna, eignarskattur og síðast en ekki síst skattlagning félaga. Á þetta atriði verður að leggja ríka áherslu að mati meiri hl. og er það í samræmi við samhljóða afstöðu fulltrúa þeirra hagsmunasamtaka sem á fund nefndarinnar komu.

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstökum þskj., en auk þess legg ég fram frá nefndinni skriflega brtt. um að gjald það sem ríkið áskilur sér fyrir innheimtu skatta lækki úr 1% í ½ %, að í stað 1% í 2. mgr. 32. gr. komi 0,5%. Ég leyfi mér að leggja það til forseta.

Þá vil ég gefa þá yfirlýsingu hér að það er unnið að tillögum til breytinga á lögum um sóknargjöld og lögum um kirkjugarðsgjald. Málið er í höndum dómsmrn. og er samkomulag milli ráðuneytanna um að það bíði haustsins, en efni málsins er það að sóknir og kirkjugarðar fái sömu tekjur og samkvæmt núgildandi lögum er.

Ég vil ljúka máli mínu með því að lýsa þeirri skoðun minni að hér sé um gífurlega mikilvægt mál að ræða sem menn geti meira og minna sameinast um, enda er raunin sú að allir sem til nefndarinnar komu voru sammála þessari grundvallarbreytingu, en auðvitað deilum við svo á hinum pólitíska vettvangi um hve háir skattar þurfi að vera og hvernig þessar skattvísitölur verði og skatthlutföll þegar til framkvæmdanna kemur.

Ég endurtek þakkir til nefndarmanna og sérstaklega til starfsmanna fjmrn. Raunar hygg ég að ég geti þakkað þeim fyrir hönd nefndarinnar allrar því að það var ljóst mál að þeim bæri alveg eins að aðstoða stjórnarandstöðu eins og stjórnarþm. við undirbúning tillagna sinna, einkum þar sem tíminn var svo skammur, málið svo flókið að það varð að nota öll tækifæri sem fyrir hendi voru til að koma málinu áleiðis, en það er samkomulag um að það fari út úr þessari deild í dag.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem prentað er á þskj. 771. Eins og þar kemur fram er það frv. sem við erum nú að ræða flutt í tengslum við frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Felur þetta frv. í sér víðtækar breytingar á álagningu skatta á tekjur launamanna.

Ég vil láta þess sérstaklega getið í upphafi máls míns að þótt þjóðarsátt svokölluð kunni að ríkja um staðgreiðslu opinberra gjalda er fráleitt að ætla að slík sátt sé um þær breytingar á álagningu tekjuskattsins sem þetta frv. felur í sér. Hæstv. fjmrh. er með þessu frv. að sigla inn víðtækum breytingum á álagningarkerfi tekjuskatts í skjóli staðgreiðslukerfisins. Ég vænti þess að hv. þm. sé ljóst að þá er þeir greiða atkvæði um þessi frumvörp eru þeir að greiða atkvæði um miklu meira en um staðgreiðslukerfið. Þeir eru einnig að greiða atkvæði um hvernig álagningu beinna tekjuskatta á launamenn skuli háttað.

Eins og segir í þessu nál., með leyfi forseta, eru megineinkenni frv. þau í fyrsta lagi að hér er á ferðinni einföldun á álagningarkerfi tekjuskattsins með afnámi gildandi frádráttarliða, einu skattþrepi, einni skattprósentu og einum föstum persónuafslætti. Þótt einföldun álagningarkerfisins sé í sjálfu sér æskileg er sú mikla einföldun sem frv. gerir ráð fyrir hvorki réttlát né nauðsynleg forsenda staðgreiðslukerfisins, eins og haldið er fram í grg. með frv. Í öðrum löndum, þar sem staðgreiðslukerfi er notað, eru ýmsir frádráttarliðir í gildi og sem tillit er tekið til í skattkorti viðkomandi. Ég nefni þar enn, eins og ég gerði við 1. umr., það fyrirkomulag sem tíðkast í Bretlandi þar sem töluverð reynsla er komin á staðgreiðslukerfi skatta. Þar eru ýmsir afslættir í gildi og koma þeir einfaldlega fram á skattkorti viðkomandi. Það frv. sem við erum hér með og staðgreiðslufrv. sem fylgir þessu frv. er hins vegar íslensk sérsmíði, eins og fram kom í störfum nefndarinnar, og hefur, eftir því sem upplýstist í fjh.- og viðskn., lítið tillit verið tekið til við smíði þessara frv. hvernig fyrirkomulag þessara mála er í nágrannalöndum okkar. Ég tel það mjög miður því ég held að það sé sjálfsagt að nýta sér reynslu annarra þjóða og ég tala nú ekki um í jafnviðamiklum málum og þeim sem hér eru nú undir.

Þessi mikla einföldun á skattkerfinu, á álagningarkerfinu hefur einnig í för með sér að svigrúm til að taka tillit til mismunandi aðstæðna launamanna er verulega skert, eins og segir í nál., og þau tekjujöfnunaráhrif, sem álagning tekjuskatts hefur hingað til haft, eru fyrir borð borin. Þetta tel ég ákaflega hættulegt. Að vísu má taka á tekjujöfnunarþættinum í öðrum lögum. Það má gera það t.d. hvað varðar húsnæðismálin í húsnæðislögunum og það má gera það einnig í tryggingalögum. En engar tillögur hafa komið fram frá hæstv. ríkisstjórn samhliða þessum frumvörpum um slíkt, þannig að ég get ekki

séð að það sé á dagskrá hjá ríkisstjórninni að mæta þessari útflatningu á skattkerfinu með einhverjum öðrum ráðstöfunum hvað varðar þá hópa í þjóðfélaginu sem greinilega koma til með að bera þyngri skattbyrði án þess að mega við því með tilkomu þessara frv. Í frv. er allt flatt út, álagningarkerfið er gert svo einfalt að það er marflatt. Við vitum hins vegar að aðstæður manna hér á landi eru mjög mismunandi og því er augljóst að jafneinfalt kerfi og þetta, sem tekur ekki neitt mið af misjöfnum aðstæðum manna, hlýtur að koma óréttlátlega út nema til annarra ráðstafana sé gripið.

Í öðru lagi felur frv. í sér tilflutning á skattbyrði frá einhleypingum og barnlausum hjónum yfir á barnafjölskyldur. Þetta kemur glöggt fram sé skoðuð áætlun um vaxtaafslátt 1987 eftir fjölskyldum sem fylgir þessu nál. Þurfa menn ekki að vera undrandi á því að skattbyrðin flytjist á þennan hátt þar sem frv. felur í sér niðurfellingu á giftingarfrádrætti, skerðingu á ónýttum persónuafslætti maka, vaxtaafslátt í stað vaxtafrádráttar og húsnæðisbætur sem eru jafnháar til einhleypinga og til hjóna og greiðast einungis til þeirra sem byggja í fyrsta sinn án tillits til fjölskyldustærðar. Ef við skoðum aðeins það yfirlit sem fylgir með nál. um áætlun um vaxtaafslátt eftir fjölskyldum 1987 sjáum við að samkvæmt því kerfi sem nú er í gildi hefði meðalskattalækkun barnlausra hjóna árið 1986 orðið 24 þús. kr. Þessi skattalækkun hækkar í 28 þús. með tilkomu nýja kerfisins. Sama er að segja um einhleypinga. Þar er meðalskattalækkun 21 þús. áætluð 1986. Hún hækkar í 30 þús. 1987 miðað við nýja kerfið.

Þegar við komum hins vegar að barnafólkinu er þessu öfugt farið. Hjón með eitt barn hefðu fengið meðalskattalækkun 1986 27 þús. Hún lækkar niður í 24 þús. samkvæmt nýja kerfinu. Hjón með tvö börn hefðu fengið meðalskattalækkun 36 þús. og þarna er bilið stórt — hún lækkar niður í 24 þús. Hjón með þrjú börn og fleiri, og þarna er bilið stærst, hefðu fengið meðalskattalækkun 37 þús. samkvæmt gamla kerfinu, en hún verður 16 þús. samkvæmt nýja kerfinu.

Þarna er höggvið í þann knérunn sem síst skyldi, hæstv. fjmrh. Þarna er gengið lengst á hag barnmargra fjölskyldna og ef einhver efast um þá fjölskyldupólitík sem í þessum frv. felst og fram er sett af hæstv. ríkisstjórn held ég að sá hinn sami þurfi ekki lengur að velkjast í neinum vafa um það. Skattbyrðin er flutt frá barnlausum hjónum og einhleypingum til þeirra sem börn eiga. Það má með sanni segja að hvað þetta varðar eru þessi frv. aðför að barnafjölskyldum í landinu.

Rétt er að geta þess að í frv. er að vísu gert ráð fyrir barnabótum, en þær eru svo litlar að þær geta ekki vegið þungt í afkomu heimilanna. Að öðru leyti er ekkert tillit tekið til fjölskyldustærðar í þessum frv. og því er deginum ljósara að skattbyrði barnafjölskyldna verður óréttlátlega þung miðað við skattbyrði annarra. Jafnframt flytur frv. skattbyrðina frá hátekjuhópum til millitekjuhópa þar sem með einni skattprósentu í stað stighækkandi prósentu er að öðru óbreyttu verið að færa skattbyrðina frá þeim sem hæstar tekjur hafa til þeirra sem meðaltekjur hafa og ekki njóta til fulls hærri skattleysismarka. Þetta kemur reyndar glöggt fram í þeim línuritum sem fylgja með frv. Í þessu sem öðru er núv. ríkisstjórn söm við sig, þ.e. skattbyrðin er létt enn frekar á hátekjufólki en það telst til nýmæla í þessum frumvörpum að hún er færð yfir á barnafjölskyldur.

Þriðja megineinkenni þessa frv., sem við erum hér að ræða, er að sjónarhóll frv. virðist fyrst og fremst vera ríkissjóður fremur en hagur þess fólks sem við álagningarákvæði frv. á að búa. Það kom fram í störfum fjh.- og viðskn. og einnig er það ljóst, séu greinargerðir með frv. skoðaðar, að þeir útreikningar sem frv. byggir á miðast við að afkoma ríkissjóðs verði svipuð og í núgildandi skattkerfi og launamönnum síðan komið fyrir innan þess ramma. Upphæðir persónuafsláttarins og húsnæðisbótanna eru ákvarðaðar með þetta í huga en ekki hvernig þessir frádráttarliðir nýtast mismunandi tekjuhópum.

Jafnframt hefur í störfum fjh.- og viðskn. komið fram að þeir útreikningar sem að baki frv. liggja eru mjög takmarkaðir og ónákvæmir, bæði hvað varðar þann grunn sem þeir byggja á og einnig áætlanir um einstaka kostnaðarþætti.

Í fjh.- og viðskn. reyndu menn til hins ýtrasta að fá auknar upplýsingar í þessu máli þannig að nefndarmenn hefðu einhver tök á að meta áhrif þessa frv. Það var beðið um margvíslegar upplýsingar og í ljós kom að töluverður hörgull var á þeim, enda margt sem beðið var um ekki verið unnið áður en frv. var lagt fram. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem ég hef fengið, en ég vil jafnframt taka fram að mikið skortir á að ég hafi fengið þær upplýsingar sem ég bað um.

Þann 2. mars s.l. skrifaði ég Þjóðhagsstofnun bréf og bað um eftirfarandi upplýsingar: Ég bað um upplýsingar um skiptingu vaxtafrádráttar vegna húsnæðiskaupa í núverandi skattakerfi eftir fjölda barna og tekjubilum framteljenda ásamt kostnaði ríkissjóðs vegna þess, skipt eftir fjölda barna. Ég bað um sömu stærðir samkvæmt húsnæðisbótafyrirkomulagi fyrirliggjandi frv. um tekjuskatt og eignarskatt og ég bað um kostnað ríkissjóðs vegna bráðabirgðaákvæða I og II í tekju- og eignarskattsfrv. Þessi kostnaðarliður hefur þrátt fyrir ítrekaða leit ekki fundist og virðist hvergi vera ráð fyrir honum gert í þeim áætlunum sem liggja að baki þessu frv.

Einnig bað ég í hv. fjh.- og viðskn. um að nefndin fengi til skoðunar drög að þeim reglum sem fjmrh. hygðist setja vegna sannanlegs kostnaðar í starfi skv. 3. gr. staðgreiðslufrv. þar sem kveðið er á um útvíkkun skattstofnsins. Ljóst er að ráðherra mun þurfa að setja allítarlega reglur um hvernig að þessu skuli staðið. Ég bað um drög að þessum reglum. Þau hef ég ekki fengið. Ég bað um að fá það útreiknað hvernig tekjuskattsdæmið kæmi út fyrir mismunandi fjölskyldustærðir og tekjubil með húsnæðisþættinum áætluðum inn í. Ég bað um mat á því hverju breytt húsnæðislánakerfi mundi breyta um áætlaðan fjölda

þeirra sem kaupa í fyrsta sinn og þar með það fjármagn sem varið yrði til þessa hóps skv. frv. og er um kostnaðarlið ríkissjóðs að ræða. Ekkert af þessu hef ég fengið.

Ég er ekki að sakast við hv. formann fjh.- og viðskn. í þessu efni. Hann gerði sitt ýtrasta til að nefndarmenn fengju þær upplýsingar sem óskað var eftir. Ég er heldur ekki að sakast við þær stofnanir sem hafa séð um að vinna þessar upplýsingar. Tíminn var einfaldlega allt of stuttur og frv. er allt of illa undirbúið til þess að þessar upplýsingar hafi getað legið fyrir á þeim tíma sem við höfum haft til ráðstöfunar í fjh.- og viðskn. til að fjalla um frv. Það er því ljóst að á þeim grunni sem frv. byggir á og á þeim upplýsingum sem fram eru komnar er í raun og veru ekki nokkrum lifandi manni fært að leggja heildarmat á áhrif þessara frumvarpa.

Ég vil benda á að þessi skoðun kemur einnig fram í áliti Alþýðusambands Íslands sem er prentað sem fskj. með meirihlutaáliti um þetta frv. Þar kemur fram að Alþýðusamband Íslands treystir sér heldur ekki á grunni þeirra upplýsinga sem fram eru komnar í þessu máli að leggja mat á heildaráhrif þessara frumvarpa. Það er því alveg ljóst að við erum hér með í höndunum meiri háttar breytingar, grundvallarbreytingar á álagningarkerfi tekjuskatts hér á landi, án þess að nokkur, hvorki í kerfinu sjálfu, á hv. Alþingi né heldur hagsmunaaðilar úti í þjóðfélaginu, sé fær um að leggja mat á áhrif þess. Ég vil að þetta komi hér skýrt fram og ég gagnrýni mjög þessi vinnubrögð og tel þau til lítils sóma fyrir þessa hv. stofnun.

Skynsamlegast hefði vitaskuld verið að vinna þetta frv. betur og leggja það fram að nýju á komandi haustþingi á traustari tölulegum grunni, enda er ljóst að þess þings bíður að endurskoða meira og minna öll ákvæði þessa frv., eins og fram kom í máli hv. formanns fjh.- og viðskn. áðan þegar hann mælti fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar og viðurkennt er í meirihlutaálitinu sjálfu. Það er hins vegar deginum ljósara að það er þessari ríkisstjórn og þá kannske einkum og sér í lagi fjmrh. hennar pólitískt kappsmál að koma þessu frv. í gegnum hv. Alþingi fyrir kosningar í vor og því er eðlileg skynsemi í vinnubrögðum greinilega ekki á dagskrá í þessu máli. Þetta gagnrýna ég mjög harðlega og tel þessum málum öllum til mikils vansa.

Þar sem svona háttar til um pólitíska afstöðu hér innan dyra er vitaskuld ekki um annað að ræða í þessu máli en reyna að sníða helstu vankantana af þessum frumvörpum með brtt. Í því skyni hef ég flutt allnokkrar brtt. við frv. sem er að finna á þskj. 772 og ég skal nú gera nokkra grein fyrir. Jafnvel þótt svo ólíklega vildi til að þær fengjust samþykktar, sem miðað við hvernig mál ganga hér á hv. Alþingi er allsendis ólíklegt, er björninn ekki unninn í þessu máli. Þessar tillögur miða því fyrst og fremst að því að sníða helstu vankantana af þessu frv. Þær ætla sér ekki meir.

Í fyrsta lagi taka þessar tillögur til niðurfellingar samsköttunarákvæða frv. og gera ráð fyrir auknum greiðslum barnabóta í staðinn. Í þessu frv. er gengið lengra í þá átt en áður að veita tekjuhærri maka afslátt frá skatti fyrir að hafa tekjulægri eða tekjulausan maka á framfæri sínu óháð fjölskyldusstærð. Þetta samsköttunarákvæði kom fyrst inn í skattalögin á haustþinginu 1984 og síðan var það enn aukið, þ.e. það var enn rýmkað og gert víðtækara á haustþinginu 1985. Í bæði þessi skipti mælti ég eindregið gegn þessari breytingu. Á haustþinginu 1984 gerði ég svofellda grein fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli, með leyfi forseta:

„Sú samsköttunarregla hjóna sem 3. gr. frv. [þ.e. þess frv. sem þá var til umræðu] hljóðar upp á er frá sjónarmiði fjárhagslegs sjálfstæðis giftra kvenna tvímælalaust spor aftur á bak. Með þessari reglu er lægra launaði makinn, í langflestum tilfellum konan, gerð að nokkurs konar viðhengi maka síns og í leiðinni er með nokkru verið að réttlæta lág laun kvenna úti á vinnumarkaðnum. Skattalögin eru með þessu ákvæði í raun að taka tillit til þess að flestar konur bera ákaflega lítið úr býtum úti á vinnumarkaðnum. Réttlæting á lágum launum kvenna á hvergi heima, hvorki í skattalögum né annars staðar. Vilji menn bæta hlut kvenna að þessu leyti og sjá til þess að þær njóti ávaxta erfiðis síns á að hækka laun þeirra úti á vinnumarkaðnum, m.a. með endurmati á störfum þeirra þar, og bæta aðbúnað barna þeirra í þjóðfélaginu því að öðruvísi geta konur ekki staðið jafnfætis körlum á vinnumarkaðnum.

En samsköttun hjóna snýst ekki aðeins um tekjumismun hjónanna. Hún virðist í fljótu bragði vera skref í þá átt að meta einhvers þau ólaunuðu störf sem unnin eru inni á heimilunum, heimilisstörfin. En eins og þetta er sett fram í 3. gr. þessa frv. er hér því miður um gersamlega óviðunandi fyrirkomulag á mati á heimilisstörfum að ræða ef það er þá meiningin.

1. Heimilisstörf eru unnin á öllum heimilum, ekki einungis heimilum hjóna eða sambýlisfólks, þannig að ef hér er verið að meta heimilisstörf ætti þetta ákvæði að ná til allra heimila og sambúðarforma sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu innan þeirra tekjumarka sem greinin kveður á um.

2. Ef hér er um mat á heimilisstörfum að ræða ættu launin fyrir þau að skrifast á þann sem heimilisstörfin vinnur en ekki þann sem heimilisstarfanna nýtur eins og gert er ráð fyrir“ — og einnig er gert ráð fyrir í þessu frv. „Í reynd þýðir þetta að tekjuhærri makinn, í flestum tilfellum eiginmaðurinn, fær afslátt frá skatti vegna þess að hann hefur konu heima til að sinna heimilisstörfunum. Heimavinnandi aðilinn skoðast þá á framfæri þess sem teknanna aflar. Sá útivinnandi fær afslátt fyrir að hafa heimavinnandi á sínu framfæri í stað þess, sem réttlátara væri, að sú heimavinnandi njóti sjálf launanna af störfum sínum.“

Svolítið síðar segir, með leyfi forseta: „3. Sé um mat á heimilisstörfum að ræða tekur það mat ekki tillit til þeirra kvenna sem vinna fulla vinnu utan

heimilis og síðan heimilisstörfin að auki, kvenna sem búa að fullu við tvöfalt vinnuálag og getur það ekki talist réttlátt.

4. Það er lögfræðilegt álitamál hvort starfsmat eigi að fyrirfinnast í skattalögum, hvort skattalög eigi ekki að vera hlutlaus að þessu leyti og að í þeim eigi starfsmat ekki heima. Að öllu samanlögðu er ég andvíg þessu samsköttunarákvæði. Það vinnur gegn fjárhagslegu sjálfstæði kvenna og tekur ekki til heimilisstarfa á réttlátan hátt. Ef heimilisstörf eru metin til launa á að greiða þeim sem störfin vinna þau laun, ekki öðrum", og þá reglu höfum við Kvennalistakonur lagt til grundvallar í afstöðu okkar til þessara samsköttunarákvæða skattalaganna sem komist hafa í tísku á undanförnum þremur árum og flutt hafa verið inn í þingið af núv. ríkisstjórn.

Eins og ég hef hér til talið brýtur þessi samsköttunarregla í bága við sérsköttunarreglu skattalaganna og er í rauninni makalaus óvirðing við fjárhagslegt sjálfstæði tekjulægri eða tekjulausa makans, í flestum tilfellum heimavinnandi kvenna. Fjárhagslegt sjálfstæði allra einstaklinga án tillits til kynferðis og hjúskaparstöðu er grundvallaratriði í þeirri viðleitni að tryggja jafnrétti kvenna og karla hér á landi og því ber að virða það í skattalögum sem og öðrum lögum. Hins vegar er nauðsynlegt að taka tillit til fjölskyldustærðar skattgreiðenda í skattalögum og því liggur beinast við að nýta þá fjármuni sem frv. gerir ráð fyrir að fari til samsköttunar til hækkunar barnabóta. Því er í brtt. á þskj. 772 lagt til að þeim 1750 millj. kr. sem skv. frv. og gildandi skattalögum yrði varið til samsköttunar hjóna, og ég vek athygli hv. þingdeildarmanna á því að hér er ekki um smáar fjárhæðir að ræða, 1 milljarð 750 millj. kr., að þessu fé yrði varið til hækkunar barnabóta í staðinn fyrir að verja því til samsköttunar. Hér yrði um nærfellt 100% hækkun barnabóta að ræða þannig að bætur með fyrsta barni hækkuðu úr 12 625 kr. í 24 900 kr. og bætur með hverju barni umfram eitt úr 18 910 kr. í 37 295 kr. Með þessu móti er fjárhagslegt sjálfstæði heimavinnandi virt í skattalögum, greiðslu fyrir unnin störf er skilað til þeirra í stað þess að maki þeirra fái afslátt fyrir að hafa heimavinnandi á framfæri sínu og aukið tillit er tekið til fjölskyldustærðar í lögunum sem er brýn nauðsyn miðað við þá hlutfallslegu þyngingu á skattbyrði barnafjölskyldna sem frv. felur í sér og ég fjallaði um áðan. Þessar brtt. er að finna í 1., 2., 3., 4. og 5. lið a og b á þskj. 722, í 6. lið a, b og d, þannig að hv. þingdeildarmenn viti hvar þær er að finna þá er að atkvæðagreiðslu kemur. Með þessu er reynt að taka fyrir þá makalausu vanvirðingu við störf heimavinnandi og tekjulágra kvenna sem í þessu felst og jafnframt unnið á móti þeirri aðför að barnafjölskyldum sem í þessu frv. er að finna.

Ég vil láta þess getið að stjórn Kvenréttindafélags Íslands hefur sent frá sér umsögn um þetta atriði frv. sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi ályktun var samþykkt á stjórnarfundi Kvenréttindafélags Íslands 2. mars s.l.:

Fundur stjórnar Kvenréttindafélags Íslands 2. mars 1987 mótmælir alfarið fram komnu ákvæði í 10. gr. frv. til l. um breytingar á lögum nr. 75/1981 þar sem heimiluð er millifærsla á persónuafslætti milli hjóna. Telur stjórnin þá hugsun sem í frv. þessu felst vera andstæða jafnrétti og vill að í stað millifærsluliðar verði barnabætur stórhækkaðar. Með því er komið til móts við fólk með börn á framfæri án tillits til hjúskaparstöðu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands.
Björg Jakobsdóttir framkvæmdastjóri."

Þetta mun hafa verið sent öllum hv. alþm. og einnig fjölmiðlum. Þannig er ljóst að hvað þetta atriði varðar eru kvennahreyfingar landsins sammála, en því miður er hlutur þeirra á Alþingi ekki nógu stór til að koma í veg fyrir að þetta samsköttunarákvæði gildi áfram og verði öllu víðtækara en nú er ef að líkum lætur. Ég legg mikla áherslu á þetta atriði og bið hv. þingdeildarmenn að gaumgæfa það vandlega áður en að atkvæðagreiðslu kemur.

Í öðru lagi er á þskj. 772 gerð tillaga er varðar námsmenn sérstaklega og felur í sér að upp verði tekinn sérstakur námsafsláttur. Í frv. er skattbyrði þeirra sem fara í langskólanám þyngd sérstaklega með niðurfellingu á námsfrádrætti, niðurfellingu á uppsöfnun eftirstöðva námsfrádráttar til lækkunar á tekjuskattsstofni eftir nám og staðgreiðslu skatta á fyrsta tekjuári eftir nám. Eins og að ofan greinir er niðurfelling frádráttarliða engan veginn forsenda staðgreiðslukerfis skatta og til að mæta aðstæðum þessa hóps er lagt til að námsmenn, sem náð hafa 20 ára aldri og tekið verðtryggð lán frá Lánasjóði ísl. námsmanna til námsins, skuli njóta sérstaks námsfrádráttar frá tekjuskatti á fyrsta tekjuári eftir nám að upphæð 18 þús. kr. Þessi upphæð er þannig fundin að hún tekur mið af upphæð óráðstafaðs námsfrádráttar við álagningu 1986, en í stað þess að dreifa afslættinum á nokkur ár er þessi upphæð margfölduð með þremur og þá gert ráð fyrir að námsmenn njóti þess sem svarar þremur árum, en hún síðan greidd út á einu ári og nýtist námsmanni aðeins í eitt skipti til að vega upp á móti þeirri þyngingu skattbyrði sem frv. felur í sér fyrir þennan hóp.

Það er viðurkennt í nál. meiri hl. að eitthvað þurfi að gera hvað þetta varðar. Ég sé enga ástæðu til að bíða með aðgerðir að þessu leyti. Það er ekki mikill vandi að taka á þessu máli strax og því er þessi till. nú flutt. Hún tekur sérstakt mið af því að það sem mun vera erfiðast fyrir námsmenn við gildistöku þessara frv. er að fyrsta árið sem þeir hafa tekjur eftir að námi lýkur verður ekki lengur skattlaust eins og er í eftiráálagningarkerfinu heldur munu þeir þurfa að greiða skatta strax af sínum launum. Því kemur þessi afsláttur til útborgunar aðeins einu sinni og þá á þessu fyrsta ári til að vega upp á móti þessu atriði.

Í þriðja lagi er á þskj. 772 gerð brtt. hvað varðar húsnæðisbæturnar. Eins og segir í nál. er vaxtafrá-

dráttur vegna húsnæðiskaupa afnuminn í þessu frv. og þess í stað gert ráð fyrir sérstakri greiðslu húsnæðisbóta til þeirra sem eru að kaupa húsnæði í fyrsta sinn. Það er vitaskuld álitamál hvort taka eigi með beinum hætti á húsnæðismálum í skattalögum. Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins kunna að vera öllu heppilegri vettvangur. Bent skal á að ná má sömu markmiðum og frv. gerir ráð fyrir með því að lækka vexti af lánum Húsnæðisstofnunar til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn um um það bil 1,5%. Samkvæmt gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ákvörðun vaxta af lánum hennar í höndum ríkisstjórnar þannig að það þarf ekki einu sinni lagabreytingu til að ná þessu marki. Ég bendi hérna á þetta og vil jafnframt láta þess getið að okkur Kvennalistakonum finnst öllu heppilegra að taka á málum eins og húsnæðismálum í lögum um Húsnæðisstofnun en að taka þau beint inn í skattalög.

Hins vegar er það ekki í nokkru samræmi við veruleikann í húsnæðismálum hér á landi að taka aðeins tillit til þeirra sem eru að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn eins og frv. kveður á um, þar sem húsnæðisbæturnar greiðast aðeins til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Flestir ef ekki allir hér á landi þurfa fleiri en eina atrennu til að komast í fullnægjandi húsnæði. Það sýnir okkur reynslan á undanförnum árum. Miðað við núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins sem veita kaupendum í fyrsta sinn öllu hærra lán en öðrum og taka ekki tillit til fjölskyldustærðar húskaupenda má ætla að erfiðasti þröskuldurinn við öflun húsnæðis sé önnur og þriðja atrenna barnafjölskyldna til að komast í viðunandi húsnæði. Þess vegna er lagt til á þskj. 772 að ákvæðið um sérstakar húsnæðisbætur nái fyrst og fremst til þeirra sem búa í ófullnægjandi húsnæði miðað við fjölskyldustærð samkvæmt reglum sem Húsnæðisstofnun setur þar um. Er með þessu komið til móts við þær staðreyndir að fæstum tekst að komast í fullnægjandi húsnæði í fyrstu atrennu, þá ófrávíkjanlegu staðreynd að húsnæði þrengist eftir því sem börnum fjölgar og að núgildandi húsnæðislög taka ekki tillit til fjölskyldustærðar heldur eingöngu til þess í hvert skipti viðkomandi festir kaup á húsnæði. Jafnframt er í þessu tekið mið af þeirri staðreynd að frv. eykur hlutfallslega skattbyrði barnafjölskyldna og jafnvel þótt barnabætur til þeirra séu auknar, eins og gert er ráð fyrir í þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 772, vegur það engan veginn nægilega upp á móti. Þess vegna er einnig brýnt að taka sérstakt tillit til þeirra að þessu leytinu til.

Ég vil láta þess getið að svipuð skoðun hvað varðar húsnæðisþáttinn kemur einnig fram í áliti sem stjórn Bandalags háskólamanna þeirra sem hjá ríkinu vinna hefur sent frá sér, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn BHMR telur að miða eigi bótakerfi vegna húsnæðiskaupa við það hverjir þurfa á sérstakri fyrirgreiðslu samfélagsins að halda. Gallinn við fyrirliggjandi frv. er sá að þeir sem eru að eignast sitt fyrsta húsnæði eru ekki nauðsynlega þeir sem búa í ófullnægjandi húsnæði miðað við fjölskyldustærð og greiðslugetu."

Og síðan segir: „Fyrirliggjandi tillaga mun fyrirsjáanlega flytja styrki frá fjölskyldum sem nú búa margar hverjar í of litlu húsnæði til barnlausra hjóna og einstaklinga. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar dags. 3.3.1987 er sýnt að vaxtaafsláttur skv. bráðabirgðaákvæðum frv. flytur skattbyrði frá fjölskyldum almennt til einstaklinga og sérstaklega frá hjónum með börn til barnlausra hjóna og einstaklinga. Vaxtaafsláttur í samanburði við vaxtafrádrátt flytur einnig skattbyrði frá hjónum sem bæði afla tekna til hjóna með eina fyrirvinnu. Hið mikilvæga er að hagur barnafjölskyldna er fyrir borð borinn."

Aðalatriðið í þessu máli er að fyrstasinnákvæðið bæði í þessu frv. og eins í gildandi húsnæðislögum er í rauninni fjarri öllum veruleika í húsnæðismálum hér á landi. Við vitum að allir þurfa fleiri en eina atrennu til að komast í viðunandi húsnæði. Að vísu mun þetta breytast nokkuð með nýju húsnæðislögunum, þ.e. þegar þau fara að virka, vegna þess að með því að heimila stóraukin lán til fyrstasinnkaupenda geta þeir keypt stærra en ella þannig að e.t.v. hefur þá einhver hópur þeirra von um að komast í viðunandi húsnæði strax í fyrstu atrennu. Þó ekki allur hópurinn. En það er sá hópur sem verst hefur orðið úti í húsnæðismálunum á undanförnum árum sem þessi brtt. vísar einkum og sér í lagi til. Það er stór hópur barnafjölskyldna sem býr í ófullnægjandi húsnæði, nýtur ekki fyrstasinnákvæðisins í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og á harla litla möguleika á því að komast í fullnægjandi húsnæði miðað við fjölskyldustærð. Þessi brtt. tekur ekki síst til þessa hóps og brýn nauðsyn er á að taka sérstakt tillit til hans. Einnig má gera ráð fyrir að standist núgildandi húsnæðislög það próf að hægt sé að framkvæma þau um eitthvert árabil, sem áhöld eru reyndar um, fari kostnaður vegna þessa ákvæðis minnkandi með hverju ári sem líður.

Í fjórða lagi er á þskj. 772 gerð tillaga um framreiknun bóta og afsláttarliða. Í frv. er gert ráð fyrir að upphæðir persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, barnabóta, barnabótaauka og húsnæðisbóta séu framreiknaðar tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu. Meðan verðbólga er einhver hér á landi, og annað er víst ekki treystandi á, rýrna þessar fjárhæðir sem henni nemur á reikningstímabilinu. Til að sporna við slíkri rýrnun þessara bóta og afsláttarliða er nauðsynlegt að reikna upphæð þess afsláttar sem tillaga er gerð um oftar og því er lagt til að það verði gert mánaðarlega í stað tvisvar á ári. Þarna er verið að koma í veg fyrir sjálfkrafa þyngingu skattbyrðinnar ef verðbólga er hér einhver vegna þess hversu sjaldan fjárhæðir bóta og afsláttarliða eru reiknaðar samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í frv.

Að endingu tekur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. fram í nál. sínu að mjög mikilvægt sé að hækka skattleysismörk frá því sem ráð er fyrir gert í frv.

þannig að tekjuskattur af meðaltekjum og þaðan af lægri verði afnuminn. Samkvæmt samþykkt Alþingis og yfirlýstri stefnu þessarar ríkisstjórnar hefur staðið til að lækka í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum. Framlagning þessara frumvarpa sýnir í sjálfu sér að ekki er við það staðið af núv. ríkisstjórn. Ljóst er að meðaltekjur eru fyrir ofan það sem nemur skattleysismörkum eins og þau eru fram sett í þessum frumvörpum. Ein leið til að mæta þessu er að hækka skattleysismörkin enn frekar en orðið er og það er tvímælalaust vilji okkar Kvennalistakvenna. En til að mæta því tekjutapi sem ríkissjóður yrði fyrir af þessu væri eðlilegt að hafa skattþrep hins nýja kerfis tvö og leggja hærri skattprósentu á tekjur ofan ákveðins marks. Eins og segir í nál. er ekki enn ljóst hvernig skattlagningu á eigna- og fjármagnstekjur verður háttað, en þær eru mikilvægur þáttur heildartekna launamanna. Því leggur 1. minni hl. ekki fram till. nú um hvar skuli draga mörkin í þessu efni né hversu há skattprósenta efra skattþreps skuli vera heldur bíðum við með slíka tillögugerð til upphafs næsta þings og þeirrar endurskoðunar sem þá mun óhjákvæmilega fara fram á ákvæðum þessa frv., enda liggja þá væntanlega fyrir ítarlegri upplýsingar en nú um tekjur landsmanna og álagningu annarra beinna skatta.

Virðulegi forseti. Með þeim brtt. sem ég hef hér gert grein fyrir legg ég til að þetta frv. verði samþykkt. Ég vil taka það strax fram að verði þessar brtt. felldar mun ég ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu getur það aldrei góðri lukku stýrt þegar ríkisstjórn hleypur til örfáum vikum fyrir kosningar, rétt þegar kjörtímabili hennar er að ljúka eftir fjögurra ára setu, og leggur fram umfangsmiklar breytingar á skattkerfi landsmanna og ætlar Alþingi aðeins fáa daga til umfjöllunar og almenningi í landinu enn minni tíma og enn verri aðstöðu til að átta sig á svo gífurlega flóknu máli sem skattkerfisbreyting hlýtur að vera. Þó get ég ekki látið hjá líða að hrósa sérfræðingum ríkisstjórnarinnar og undirbúningsnefndinni, sem vann að þessu máli fyrir fjmrn., því að ég sé ekki betur en að afköst þessara manna séu með ólíkindum og að þeir hafi á margan hátt unnið verk sitt með miklum ágætum. En ég legg á það áherslu að jafnvel þótt hér sé um mjög hæfa menn að ræða, sem hafa gengið til verka vélvæddir á nútímavísu, og jafnvel þótt þeir hafi unnið verk sín á margan hátt skínandi vel, er það óvinnandi vegur fyrir hvern sem er, hversu fær sem hann er, að gera tillögur um svo umfangsmikið mál eins og skattkerfisbreytingin er án þess að veruleg slys verði eða í ljós komi alvarlegir ágallar á þeirri smíð sem menn hafa einungis haft fáar vikur til að glíma við.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem seinasti ræðumaður sagði hér áðan, hv. 11. þm. Reykv. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Það er rétt sem hún sagði að það er býsna mörgum spurningum ósvarað í sambandi við þessa breytingu og það liggur ekki fyrir nein raunveruleg úttekt á því hvernig einstakir hópar koma út. Það liggja að vísu fyrir feikilega margir útreikningar og feikilega mörg meðaltöl af ýmsu tagi, en eins og öllum er ljóst segja meðaltölin aldrei nema hálfa söguna. Á bak við meðaltölin er margvíslegur raunveruleiki sem getur verið harla ólíkur því sem meðaltalsniðurstaðan gefur til kynna og því er óhjákvæmilegt þegar svona breyting er gerð að menn geti gefið sér góðan tíma til að átta sig á því í smáatriðum hvort einhverjir hópar koma ekki verulega illa út úr breytingunni og hvort ekki þurfi þá að gera sérstakar hliðarráðstafanir til að verja hag þeirra.

Það er líka rétt að leggja á það áherslu í upphafi að sú breyting sem felst í framlögðum skattafrumvörpum, bæði því sem nú er til umræðu um tekju- og eignarskatt og þremur fylgifrumvörpum þess, felur ekki í sér almenna skattalækkun fyrir launamenn. Ljóst er að sumir fá þyngri skatt en áður. Á öðrum minnkar skattbyrðin. Það eru einmitt breytingar af þessu tagi sem hefði þurft að vera miklu meira ráðrúm til að rannsaka. Breytingin felst hins vegar í verulegri einföldun álagningar og í staðgreiðslu skattanna. Hvort tveggja er tvímælalaust ágætt svo langt sem það nær. Ég lýsi enn og aftur yfir fylgi mínu við staðgreiðslu skatta og ég mun greiða staðgreiðslufrumvarpinu atkvæði mitt þó að ég óttist að þar muni nú kannske leynast ágallar ýmsir sem í fljótræðinu verði ekki komið auga á. Ég bendi hins vegar á að ríkisstjórnin er óralangt frá því marki, sem hún setti sér í upphafi ferils síns, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum og ég minni líka á að við þessa skattkerfisbreytingu er ekki látið eitt yfir alla ganga, fyrirtæki jafnt sem einstaklinga. Það er ekki verið að einfalda álagningu skatta á fyrirtæki. Það er ekki verið að taka upp staðgreiðslu hvað þau varðar. Það er ekki verið að leggja skatt á brúttóhagnað þeirra hliðstætt því sem nú verður um tekjur launafólks sem verða skattlagðar sem brúttótekjur og flestir frádráttarliðir hverfa.

Það er skoðun mín að ef hvort tveggja hefði verið gert, að afnema frádráttarliðina hjá launafólkinu og að afnema frádráttarliðina hjá fyrirtækjunum, þá á ég við alla þá mörgu frádráttarliði sem fyrirtæki eiga völ á til að lækka skattstofn, hefði heildarskattstofn fyrirtækjanna vaxið verulega. Það hefði þá verið möguleiki á því að lækka skatthlutfall félaga rétt eins og gert hefur verið hjá einstaklingunum, ef heildarskattstofninn hefði orðið stærri, ef frádráttarliðirnir hefðu verið afnumdir, og þar af leiðandi meira til að leggja á, og afla ríkissjóði aukinna tekna jafnhliða. Tekjuaukinn hefði getað numið um 1000–1500 millj. kr.

Um skatta fyrirtækja hef ég oft fjallað á Alþingi og það er kannske ekki ástæða til að hafa mörg orð um það efni. En ég geri í brtt. mínum að tillögu minni að felldar verði niður eða lækkaðar í áföngum

eftirfarandi heimildir sem fyrirtækjum eru veittar í skattalögum til að gera skattstofn sinn sem minnstan.

Í fyrsta lagi er um að ræða það ákvæði skattalaga að færa megi niður matsverð vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 10% og þessa niðurfærslu má alla draga frá skattskyldum tekjum áður en álagning fer fram. Þessa heimild ber að afnema í áföngum á næstu árum og gerum við tillögu um það hér að það gerist á næstu þremur árum.

Sama gildir um þá heimild skattalaga að útistandandi viðskiptaskuldir megi færa niður um allt að 5% og draga alla niðurfærsluna frá skattskyldum tekjum áður en álagning fer fram. Hér er gerð af minni hálfu og okkar Alþýðubandalagsmanna tillaga um að þessi heimild sé afnumin í áföngum á næstu árum og hverfi alveg á árinu 1991.

Í þriðja lagi eru það ákvæðin um framlög í fjárfestingarsjóði. Um þau framlög var saminn sérstakur lagabálkur einmitt á þessu kjörtímabili sem allur gengur út á það að hlífa fyrirtækjum við skattgreiðslum. Það er einfaldlega tillaga okkar að þessar heimildir falli niður.

Í fjórða lagi eru það afskriftirnar að svo miklu leyti sem þær eru ekki í neinu samræmi við endingartíma eignanna. Þar er einnig um að ræða breytingu sem átti sér stað á yfirstandandi kjörtímabili þar sem afskriftaprósentur voru hækkaðar úr hófi fram frá því sem áður hafði verið. Það er tillaga okkar að afskriftaprósentur verði lækkaðar í það horf sem þær voru í þegar þessi stjórn kom til valda.

Í fimmta lagi eru það framlögin í varasjóð sem eiga stóran þátt í skattleysi fyrirtækja nú um stundir. Það er tillaga okkar að þessi framlög verði skattlögð eins og aðrar tekjur.

Ég hef margsinnis bent á það við umræður á Alþingi að þessar miklu frádráttarheimildir fyrirtækja eru meginástæðan til þess að meginþorri fyrirtækja á Íslandi greiðir lítinn sem engan tekjuskatt. Ég hef fært sönnur á það að fyrirtækin sem greiða engan skatt, þ.e. engan tekjuskatt, eru rétt um helmingur af heildartölu fyrirtækjanna, en leiða má líkur að því að þau sem greiði mjög lágan tekjuskatt séu um fjórðungur þeirra þannig að það er í mesta lagi ¼ hluti sem greiðir skatt í einhverju eðlilegu samræmi við hagnaðinn.

Ég hef ekki á þessu stigi máls gert tillögu um lækkun skatthlutfalls félaga þó ég viðurkenni hins vegar að væri lagður bráttóskattur á hagnað fyrirtækja væri ekki óeðlilegt að lækka skatthlutfallið eitthvað, kannske niður í 40% eða jafnvel niður í sama hlutfall og er jaðarskattur eftir samþykkt þessara frumvarpa, þ.e. 35%.

Ég álít hins vegar að við það að breikka skattstofninn svo gífurlega sem raun ber vitni með því að afnema allar þessar undanþáguheimildir skapaðist svigrúm til að gera hvort tveggja: að lækka skatthlutfallið og þó afla ríkissjóði verulegra tekna sem við höfum áætlað að yrðu einhvers staðar á bilinu 1000–1500 millj. kr. eftir því hversu hátt skatthlutfallið yrði. Ég er reiðubúinn til að taka þátt í því að lækka skatthlutfallið á félögin ef till. okkar um frádráttarliði og afnám þeirra hjá fyrirtækjum verður samþykkt, en að sjálfsögðu er það ekkert álitamál ef þær till. yrðu allar felldar. Það væri þá svigrúm til að gera það við 3. umr. málsins.

Í nál. mínu á þskj. 773 er gerð grein fyrir till. okkar um breytingar á tekjuskattskerfinu til viðbótar við þá meginbreytingu, sem í frv. felst, að tekin sé upp staðgreiðsla skatta. Það er till. okkar að skatttekjur ríkissjóðs af fyrirtækjum verði auknar um 1200 millj. kr. með þeim aðferðum sem ég hef nú þegar lýst.

Í öðru lagi er það till. okkar að minnka skattbyrði á almennum launatekjum um nokkurn veginn sömu upphæð. Við leggjum til að skattfrelsismörk einstaklinga verði hækkuð sem svarar til þess að 38 þús. kr. mánaðartekjur séu algjörlega skattfríar, en í frv. er miðað við 33 þús. kr. skattfrelsismörk. Á tekjubilinu frá 38 þús. kr. til 50 þús. kr. mánaðartekna yrði verulega dregið úr skattbyrði sem svarar til þess að einungis útsvar sé lagt á þessar tekjur, en enginn tekjuskattur. Því má með réttu segja að till. okkar feli í sér tekjuskattsleysi upp í 50 þús. kr. mánaðartekjur. Skattbyrði launatekna á tekjubilinu frá 50 og upp í 70 þús. kr. mundi minnka verulega einnig, en áhrif þessarar skattalækkunar mundu síðan dvína og deyja út þegar kæmi upp fyrir 100 þús. kr. tekjur. Till. er lýst myndrænt í fskj. nál. þar sem bæði kemur fram hverjir yrðu skattar af mánaðartekjum skv. till. okkar og það borið saman við skattálagningu á mánaðartekjur skv. till. ríkisstjórnarinnar og vísa ég til þessara mynda sem að sjálfsögðu eru byggðar á tilsvarandi tölvuútskrift.

Þessum markmiðum, sem ég nú hef lýst, yrði náð á þann hátt að skattþrepin yrðu tvö, þ.e. 33% upp að 50 þús. kr. mánaðartekjum, en 38% á tekjur sem væru þar umfram. Persónuafsláttur yrði hækkaður úr 11 500 kr. skv. frv. ríkisstjórnarinnar í 12 540 kr. eða með öðrum orðum að persónuafslátturinn yrði 150 480 kr. á ári og er þetta að sjálfsögðu deilitala miðuð við mánuð.

Ég vek sérstaka athygli á að með skattatillögum ríkisstjórnarinnar er tveimur hópum greitt allþungt kjaftshögg. Þar á ég annars vegar við leigjendur og hins vegar við misgengishópinn margfræga sem fór illa út úr misgengi lána og launa á árunum 1983 til 1984. Ég minni á hvað fyrri hópinn snertir að leigjendur eru löngum verr settir í húsnæðismálum en aðrir. Ég tel að það væri hneyksli nú, þegar í fyrsta sinn er farið að greiða út húsnæðisstyrki, ef þeir gleymdust með öllu, en að því stefnir að öllu óbreyttu. Ég get ekki séð að það sé neitt réttlæti í því að greiða húseigendum húsnæðisbætur, en leigjendur fái alls ekki neitt og missi það litla sem þeir höfðu í frádrátt. Þess vegna geri ég tillögu um að leigjendur fái sömu húsnæðisbætur og húsbyggjendum eru ætlaðar.

Ég minni á að leigjendur hafa notið þess undanfarin ár að mega draga hálfa húsaleigu frá við

álagningu tekjuskatts. Ég hef upplýsingar undir höndum sem sýna að um 1600 leigendur nýttu sér þetta við seinustu álagningu og fengu um 60 millj. kr. frádrátt. Auðvitað eru leigjendur margfalt fleiri en þessari tölu nemur, en það voru bara ekki nema 1600 sem höfðu nægar tekjur og aðstöðu til að nýta sér heimildina í skattalögunum því menn þurfa að sjálfsögðu að hafa dálitlar tekjur til þess að heimild af þessu tagi nýtist skv. núgildandi lögum.

Nú þegar breytt er um kerfi og teknar eru upp húsnæðisbætur skiptir ekki lengur máli hvort menn eru með miklar tekjur eða litlar. Það á einfaldlega að greiða út húsnæðisstyrki úr ríkissjóði. Ég er hlynntur þessu fyrirkomulagi. Ég tel að þetta nýja kerfi í sambandi við húsnæðisstyrkina sé ágætt og til bóta. En ég tel hins vegar afskaplega einkennilega að staðið að sleppa þá alveg þeim hópnum sem bersýnilega er heldur verr á vegi staddur en þó hinn sem á eignirnar og er að byggja yfir sig, þ.e. þeir sem ekki hafa haft efni á því að kaupa sér húsnæði. Það væri hneyksli að sleppa þessum hópi. Þegar ég spurði um þetta í fjh.- og viðskn. Ed. kom í ljós að þetta mál hafði hvorki verið rætt í viðræðum aðila vinnumarkaðarins né heldur innan nefndarinnar sem undirbjó löggjöfina þannig að vissulega má á þessu stigi málsins líta á þetta sem slys, mistök. En þetta er slys sem á að koma í veg fyrir. Enn er tími til að koma í veg fyrir það. Þetta eru mistök sem er unnt að leiðrétta. Ég skora á hæstv. fjmrh. að leiðrétta þessi mistök. Ég mun ekki láta þessa till. ganga til atkvæða við 2. umr. í trausti þess að hann taki sér einhvern umhugsunarfrest til að velta því fyrir sér hvort hann vill ekki koma til móts við leigjendurna. Það mun ekki kosta ýkjamikið satt best að segja. Þetta eru ekki stórar upphæðir. Það skiptir þetta fólk ákaflega miklu máli. Ef hæstv. fjmrh. nýtir sér ekki umhugsunarfrestinn og vill ekkert fyrir þetta fólk gera er ekki lengur um slys að ræða. Þá er um árás að ræða, skerðingu af ásettu ráði og þá er málið orðið annars eðlis.

Um hinn hópinn er það að segja, þ.e. misgengishópinn, að hann fór ákaflega illa út úr misgengi lána og launa á árunum 1983–1984 og hafði að sjálfsögðu löngum gert sér vonir um að ríkisvaldið kæmi með einhverjum hætti til móts við sig með ráðstöfunum vegna þess að auðvitað var ekkert réttlæti í því hvernig þetta gekk fyrir sig á sínum tíma. En nú bætist það við að þessi hópur, sem hafði þó gert sér vonir um að geta afskrifað að einhverju leyti þær miklu fjárhæðir sem gengu þarna á misvíxl með skattfrádrætti á komandi árum, lendir í því að skattafslátturinn verður nú aðeins til sex ára. Hann er bundinn við sex ár og er miklu takmarkaðri en áður var. Ég álít að hér verði að gera bragarbót. (**Forseti:** Ég vek athygli hv. þm. á því að það þarf að fresta þessum fundi nú, en hann mun hefjast að nýju kl. 17.00 ef hv. þm. vill fresta sinni ræðu og ljúka henni kl. 17.00.) Já, ég nefndi að það þyrfti bersýnilega að gera bragarbót á þessu frv. og mun reyna að botna það á eftir. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég fjallaði áðan í ræðu minni um skattkerfisbreytingarnar sem nú er verið að afgreiða í gegnum hv. Ed. og ber að skoða þessa ræðu mína sem framsöguræðu um þrjú frumvörp sem bárust fjh.- og viðskn., þ.e. um staðgreiðslu, um tekju- og eignarskatt og um gildistöku staðgreiðslunnar.

Ég vék seinast að tveimur hópum sem ég tel að beri skarðan hlut frá borði við þessa kerfisbreytingu, en tek það þó skýrt fram að ég hygg að hóparnir séu miklu fleiri en þessir tveir þó ég nefni þá fyrsta. Ég var í fyrsta lagi búinn að vekja athygli á því að leigjendur fara nokkurs á mis þar sem þeir glata heimild sinni til að draga frá skatti hálfa húsaleigu og fá ekkert í staðinn. Ég nefndi það áðan að ég teldi það vera hneyksli ef einmitt þessi hópur gleymdist þegar byrjað er í fyrsta sinn að greiða út húsnæðisstyrki.

Síðan vék ég að svonefndum misgengishóp, en það eru mennirnir sem fóru illa út úr misgengi lána og launa á árunum 1983–1984 þegar lánin hækkuðu í hlutfalli við lánskjaravísitölu en launin sátu eftir. Ég vakti athygli á því að þeir hefðu lengi vænst þess að komið yrði til móts við þá í hinum mikla vanda þeirra, en það hefði ekki orðið þrátt fyrir ítrekuð góð orð ráðamanna í þá átt, en nú bættist það við að ívilnun í skattakerfinu sem þeir hefðu notið væri verulega skorin niður, bæði á þann hátt að skattafslátturinn verður hlutfallslega minni en skattfrádráttur þeirra var og í öðru lagi vegna þess að skattafslátturinn er nú bundinn við næstu sex ár, en samkvæmt gamla kerfinu væri vel hugsanlegt að þeir nytu skattfrádráttar í nokkra áratugi eða a.m.k. meðan þeir væru að greiða niður langtímalán eins og t.d. húsnæðismálastjórnarlán og lífeyrissjóðslán. Ég vek því athygli á till. minni sem er að finna á þskj. 781, þ.e. 10. brtt., sem einmitt fjallar um þetta mál, því að í ákvæði til bráðabirgða 2. mgr., segir svo, með leyfi forseta, og er ég þá að vitna í frv. ríkisstjórnarinnar:

„Vaxtaafsláttur sem um ræðir í 1. mgr. ákvarðast þannig að frá frádráttarbærum vöxtum skal draga fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni. Vaxtaafsláttur telst vera 30% af þeirri fjárhæð sem þá er eftir."

Ég geri það að tillögu minni að þessi setning orðist svo:

„Vaxtaafsláttur sem um ræðir í 1. mgr. telst vera 34,75% af frádráttarbærum vöxtum."

Það er gert ráð fyrir því skv. till. minni að allir frádráttarbærir vextir séu þarna taldir með og að hlutfallið sem er dregið frá sé ósköp einfaldlega skatthlutfallið í lögunum sem að meðaltali verður 34,75%. En í frv. ríkisstjórnarinnar er bæði um verulega skerðingu að ræða á vaxtaupphæðinni og hlutfallstalan er 30%, en ekki 34,75% eins og að öðru leyti er gert ráð fyrir sem heildarálagningarprósentu í frv.

Ég tel að misgengishópurinn komi hliðstætt út úr nýja skattkerfinu með þessari breytingu og hann

gerði samkvæmt gamla skattakerfinu, en viðurkenni hins vegar að þá er ekki á neinn nýjan hátt komið til móts við þennan hóp og bendi ég sérstaklega á tillögur sem þessi hópur hefur sett fram um hvernig mætti koma verulega miklu betur til móts við hann með öðrum og róttækari hætti. Þar er um mjög flóknar tillögur að ræða sem mér finnst að þurfi endilega að ræða frekar. En vegna þess hversu flóknar tillögurnar eru og hversu lítill tími hefur nú gefist til að athuga þær nánar læt ég nægja að flytja till. sem fela í sér að þeir sem þar um ræðir séu a.m.k. ekki verr settir en áður var.

Ég hef nefnt það áður að við skattkerfisbreytinguna frá eftiráskattlagningu og yfir í staðgreiðsluskatt er mikil hætta á því að sumir tapi en aðrir hagnist á breytingunni. Þannig er t.d. um þá sem fara til náms á þessu ári en koma svo aftur til vinnu næsta ár. Í ár eru þeir að greiða skatt af tekjum liðins árs, en hefðu að öllu óbreyttu verið skattlausir næsta ár vegna tekjuleysis í ár og þannig hefðu þeir getað bætt sér upp launamissi í eitt ár. Nú lenda þeir beint inn í staðgreiðslu næsta árs. Ég bendi á að auðvelt á að vera að veita þeim sem þannig stendur á fyrir sérstaka ívilnun við álagningu skatta á næsta ári, en heimild til leiðréttingar af þessu tagi mundi helst eiga heima í frv. til l. um gildistöku staðgreiðslunnar, 4. gr., þar sem einmitt er fjallað um endurmat á tekjum ársins 1987. Til að gera málið ögn einfaldara vil ég leyfa mér að mæla fyrir þeirri till. minni, þó að hún snerti annað þingmál, þ.e. gildistökufrv. sem verður tekið fyrir á eftir. Ég vek á því athygli að ég hef flutt sérstaka till. á þskj. 782 sem er svohljóðandi:

„Nú hefur skattgreiðandi verið tekjulítill eða tekjulaus á árinu 1987 vegna veikinda, námsvistar eða atvinnuleysis og skal þá lækka álagðan tekjuskatt og útsvar í samræmi við viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri setur."

Þetta er ósköp einfaldlega sett fram til að setja undir þann leka að menn verði fyrir óbeinu tapi við skattkerfisbreytinguna vegna þess að þeir höfðu engar atvinnutekjur á árinu 1987. Það er ekki aðeins þegar menn hafa farið utan til náms á þessu ári sem slíkt getur átt sér stað. Það getur líka verið af öðrum ástæðum eins og t.d. vegna veikinda eða vegna atvinnuleysis.

Nú má að vísu segja að sé maður veikur á árinu 1987 og eigi að greiða skatta af tekjum ársins 1986, hafi ætlað að bæta sér það upp með skattleysi á árinu 1988, geti hann sótt til ríkisskattstjóra um lækkun skatta á árinu 1987 vegna þess hvernig á stendur fyrir honum á því ári. En tilvikin eru miklu fleiri en þetta. Það er t.d. hugsanlegt að maðurinn hafi verið veikur tvö ár, þ.e. bæði árið 1986 og 1987, og þá er hann kominn í mjög svipaða aðstöðu og námsmaðurinn sem fór utan á þessu ári, 1987, og fær ekki neina sérstaka skattaívilnun þess vegna þegar hann síðar kemur heim aftur til starfa á árinu 1988. Þessi brtt., sem er flutt við gildistökufrv., setur undir þennan leka. Ég vek alveg sérstaka athygli á þessari till. sem ég tel að sé bráðnauðsynleg til að koma í veg fyrir að veruleg slys verði við breytinguna úr eftiráálagningu og yfir í staðgreiðslu.

Ég hef nefnt þá sem tapa á skattkerfisbreytingunni, en það er nauðsynlegt að nefna líka þá sem græða á breytingunni. Það eru þá einkum og sér í lagi þeir sem geta skammtað sjálfum sér eða ættmennum sínum laun vegna þess að þeir ráða yfir launagreiðslum atvinnufyrirtækja. Ég kalla ekki að menn græði á skattkerfisbreytingunni þó að menn taki sig til á árinu 1987 og vinni eins og púlshestar og nái þannig einhverjum tekjum sem ekki verða skattlagðar. Menn hafa sannarlega unnið til þess, ef menn eru að leggja slíkt á sig á árinu 1987, og ég hygg að það verði ýmsir sem gera það. En ég er miklu frekar að tala um hina sem fá þarna hugsanlega verulega skattaívilnun vegna aukinna tekna sem þeir hafa á engan hátt unnið fyrir.

Það er að vísu reynt í frv. að sjá við þessum leka að einhverju leyti með því að ákveðið er að fari reiknað endurgjald atvinnurekanda vegna eigin starfa fram úr 25% af endurgjaldi ársins 1986, að teknu tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu milli ársins 1986 og 1987, skuli leggja skatt á það sem fram yfir fer. Sama er látið gilda um þá sem standa atvinnurekandanum nærri. Hér eru menn húsbændur sjálfs sín og eru að ákveða sjálfum sér eða sínum laun. Þeir geta hagnast verulega á skattkerfisbreytingunni með því að ætla sjálfum sér há laun árið 1987 og síðan lægri laun árið eftir. Auðvitað verður að reyna að koma í veg fyrir undanskot tekna í stórum stíl af þessari ástæðu. Ég tel að 25% ákvæðið í 4. gr. nefnds frv. sé alls ófullnægjandi. Það sé ofrausn að heimila mönnum án nokkurs aukins vinnuframlags eða án þess að þeir hafi tekið á sig á nokkurn hátt aukin ábyrgðarstörf að skjóta undan skatti svo háum fjárhæðum. Ég hef því lagt til að þessi prósentutala verði lækkuð niður í 10%. Ég sé að hv. þm. Stefán Benediktsson, fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn., hefur lagt til að þessi prósentuheimild falli alveg út og auðvitað gæti það komið til greina, en ég hef gengið heldur skemmra en hann í þessum efnum og legg til að prósentan verði að hámarki 10%.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir tillögum mínum við afgreiðslu frv. um tekju- og eignarskatt og raunar hef ég gert grein fyrir tillögum sem ég flyt við fylgifrv., þ.e. gildistökufrv., og flutt þær athugasemdir sem ég hef að gera við staðgreiðslufrv.

Ég vil þó geta nokkurra tillagna sem enn hafa ekki verið nefndar, en það eru tillögurnar á þskj. 781, 3. tölul., þar sem gert er ráð fyrir að við 52. gr. laganna bætist nýir töluliðir. Ég leyfi mér að vitna til lagagr. sjálfrar, 52. gr., en þar er fjallað um hvað ekki teljist rekstrarkostnaður. Þar er minnst á að í rekstri skuli ekki teljast til kostnaðar gjafir nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu, þ.e. einfaldlega til launagreiðslna. Ekki skuli teljast til rekstrarkostnaðar fjársektir eða önnur viðurlög hverju nafni sem nefnast vegna refsiverðs verknaðar

skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur í þess stað. Það er afskaplega gáfulegt af löggjafanum að slá því föstu að ef menn eru sektaðir fyrir skattsvik megi þeir ekki draga sektina frá skatti í næsta sinn.

Í þriðja lagi má ekki telja til rekstrarkostnaðar arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum. Það er hins vegar till. okkar að við þessa upptalningu bætist tveir liðir sem svo sannarlega eru tímabærir í okkar skattakerfi. Þeir hljóða svo:

„Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út árlega reglur um takmörk skv. þessum tölulið."

Hér er einmitt vikið að einni algengustu aðferðinni sem eigendur fyrirtækja beita til að komast hjá skattgreiðslum og ívilna sjálfum sér, en það er að telja ýmiss konar eyðslu í þágu heimilis til rekstrarkostnaðar og fá þann kostnað þannig dreginn frá hagnaði fyrirtækisins.

Í öðru lagi leggjum við til svofellt ákvæði:

„Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins."

Þetta er að sjálfsögðu náskyld till., en engu að síður mjög þörf og brýn.

Virðulegi forseti. Þá á ég aðeins eftir að nefna eina brtt. sem ég flyt og er 9. brtt. á þskj. 781, en hún varðar það með hvaða hætti föstum stærðum í skattalögunum er hnikað til í samræmi við vísitölu. Eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu er gert ráð fyrir því í 18. gr. frv. að fjárhæðir sem nefndar eru í 68. og 69. gr., þ.e. persónuafslátturinn og barnabæturnar, skuli breytast tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu. Það á að taka mið af hlutfallslegri breytingu lánskjaravísitölunnar sem í gildi er 1. júní miðað við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölunni frá 1. des. næst á undan og þessi breyting kemur þá til framkvæmda 1. jan. hvert ár. Samsvarandi breyting er síðan gerð á meginfastastærðum frv. hinn 1. júlí ár hvert, þá miðað við lánskjaravísitölu hálfu ári áður.

Ég hef ekki skilið enn hvers vegna er miðað við lánskjaravísitölu í þessu frv. Ég hef ekki getað fengið það inn í minn koll hvers vegna það þykir rökréttara, sanngjarnara og eðlilegra að láta skattafslátt í lögum fara eftir því hvort olía hækkar í verði eða ekki, hvort byggingarkostnaður eykst verulega eða hvort aðrar breytingar verða á hvort heldur sem er verðlagi byggingarvara eða þeim vörum sem eru í framfærsluvísitölu frekar en hitt, sem hingað til hefur verið gert, að láta þessar breytingar hreyfast í takt við tekjur fólks og breytingar á þeim. Ég hef því lagt til í brtt. 9 að í stað orðsins „lánskjaravísitölu" komi: vísitölu kauptaxta verkamanna og iðnaðarmanna.

Þetta er vísitalan sem sjá má í Hagtölum mánaðarins sem Seðlabanki Íslands gefur út. Þessi vísitala er reiknuð að staðaldri, er kölluð kauptaxtavísitala og er, eins og ég nefndi áðan, miðuð við kauptaxta verkamanna og iðnaðarmanna. Ég gæti vel fallist á að taka einhverja aðra vísitölu. Það má vel vera að það mætti byggja upp nýja vísitölu sem tæki ekki aðeins mið af kauptaxtabreytingum heldur líka því launaskriði sem á sér stað í þjóðfélaginu eftir áætlun Þjóðhagsstofnunar hverju sinni og öðrum þeim upplýsingum sem fram kæmu hjá kjararannsóknarnefnd. Ég er ekki að segja með þessari till. að þessi kauptaxtavísitala sé hin eina sanna viðmiðun. Það má vafalaust byggja upp sanngjarnari viðmiðun því vissulega er þessi vísitala ekki mælikvarði á breytingar allra atvinnutekna í þjóðfélaginu heldur bara á vissar breytingar sem eiga sér stað, þ.e. meðal verkamanna og iðnaðarmanna. En þetta er eina vísitalan sem unnt er að vitna til eins og sakir standa og meðan önnur er ekki við hendina er eðlilegast að hafa not af henni.

Við umræðu um þetta atriði í hv. fjh.- og viðskn. komu fram upplýsingar um hvað hefði verið mikill munur annars vegar á hreyfingu atvinnutekna í þjóðfélaginu og hins vegar á lánskjaravísitölu. Það kom í ljós að munurinn á þessum tveimur vísitölum getur oft verið býsna mikill. Hann hefur oft verið mjög verulegur. Það er jafnvel áætlað á þessu ári, árinu 1987, geti orðið um að ræða 6% mismun á þessu tvennu, þ.e. hreyfingu teknanna annars vegar og hins vegar hreyfingu lánskjaravísitölunnar. Og hverjir ætli tapi nú á þessum mun eins og sakir standa? Jú, auðvitað eru það launamenn sem gera það vegna þess að það er áætlað að atvinnutekjurnar hækki hraðar en lánskjaravísitalan og þar af leiðandi hækka afsláttarliðirnir hægar en þeir mundu ella gera ef miðað væri við atvinnutekjur. Þegar ég innti nánar eftir því hvort ekki gæti verið um verulega kjararýrnun að ræða af völdum þessa við umræður um málið í nefndinni fékk ég það staðfest, sem hafði veri ágiskun mín en reyndist rétt þegar farið var að reikna, að þessi munur gæti á talsverðu launabili numið um 2% í kjörum ef munurinn á vísitölunum væri 6%, sem er í sjálfu sér fullkomlega rökrétt, vegna þess að skatthlutfallið sem verið er að leggja á er afskaplega nálægt því að vera 33% eða ⅓ af tekjum. Ef verður þessi 2% munur sem fólk fer á mis við er hætt við því að um sé að ræða kjararýrnun upp á rétt um 2%, a.m.k. á því tekjubili sem kemur fyrst fyrir ofan 33 000 kr. mánaðartekjur. Síðan fer þessi munur að sjálfsögðu lækkandi eftir því sem ofar dregur í launastigann.

En af þessu geta menn séð að hérna er ekki um neitt smámál að ræða. Hérna er um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir almenning. Það er að vísu svo að ef lánskjaravísitala vex hraðar en at-

vinnutekjurnar og kjör fólks eru að versna hagnast fólk frekar á þessu, en ég óttast að stjórnvöld mundu sjá við þeim leka með því að leiðrétta stærðirnar í lögum þegar svo stæði á, en væru aftur á móti miklu tregari og seinni til að koma fram leiðréttingum þegar hreyfingin væri hagstæð fyrir ríkissjóð en óhagstæð fyrir skattgreiðendur. Við höfum reynslu af því, ekki hvað síst frá seinasta ári, að skattvísitala hækkaði miklu minna en hún átti að gera. Það minnir okkur á að það er viss tilhneiging hjá stjórnendum ríkisins að hækka skatta með þessum hætti. Ég sé ekki betur en að það hljóti að vera miklu sanngjarnara og eðlilegra að miða í þessu tilviki við kauptaxtavísitölu.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst yfir mjög eindregnum stuðningi við staðgreiðslu skatta. Ég tel líka að það sé framfaraspor að einfalda skattkerfið. Við Alþýðubandalagsmenn munum greiða atkvæði með staðgreiðslufrv. sem hér liggur fyrir. Við höfum hins vegar bent á að ekki sé nein breyting til batnaðar hvað varðar skattbyrði af almennum launatekjum. Við höfum borið fram fjöldamargar brtt. við tekjuskattsfrv., höfum bent á ýmsa ágalla sem á því eru og munum láta það ráða afstöðu okkar til tekjuskattsfrv. hvaða útreið þessar till. okkar fá. En í öllu falli munum við ekki treysta okkur til að greiða frv. atkvæði verði þær felldar.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 785 um frv. til l. um tekju- og eignarskatt sem 3. minni hl. fjh.- og viðskn.

Í upphafi máls míns vil ég byrja á að þakka formanni nefndarinnar og samnefndarmönnum mínum fyrir samstarfið í þessu máli sem hefur verið nokkuð átakamikið. Ekki vegna þess að ágreiningur manna væri ýkjamikill heldur fyrst og fremst vegna þess að þar var gert nokkuð margt á stuttum tíma. Einnig vil ég þakka viðmælendum nefndarinnar sem sýndu okkur þolinmæði í því tímahraki sem við vorum í því að mikið lá á að afgreiða þetta mál og eins að þakka starfsmönnum ráðuneytisins sem hafa verið okkur innan handar við að ganga frá þeim álitum og till. sem fram eru komnar.

Það fer ekkert á milli mála að hraðinn á gerð þessa máls alls er mikill og er sjálfsagt ekki hægt að mótmæla því að hann er trúlega of mikill því að betur hefði frv. verið komið fram fyrr á þessu þingi þannig að allir þeir aðilar sem um þetta mál hefðu getað og hefðu viljað fjalla hefðu átt þess kost að koma skoðunum sínum og athugunum á framfæri. Mér skilst t.d. að það standi til núna að skattanefnd ASÍ þingi á morgun um frv. sem verður þá væntanlega komið í gegnum þessa deild. Þeir mega þá hafa sig alla við ef þeir ætla að hafa áhrif á frv. meðan það er í höndum Nd. ef þingstörfum lýkur í lok þessarar viku eða snemma í næstu viku.

Það voru alveg efni til þess að leggja þetta frv. fram fyrr, þ.e. áður en til kom krafa eða skilyrði aðila vinnumarkaðarins um gerð frv. af þessu tagi eða frumvarpa, því að sú nefnd sem skilaði af sér í apríl í fyrra og fjallað hafði um skattsvik lagði mikla áherslu á að eitt af stærstu skrefunum sem stíga mætti í átt til að draga úr skattsvikum hér á landi og þar með bæta tekjustöðu ríkissjóðs væri einmitt að einfalda álagningu og innheimtu skatta.

Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál á mörgum fundum og fjallaði enn fremur samhliða um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar frá fjmrn. og ríkisskattstjóra, ASÍ, VSÍ, BSRB og Félagi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum. Það var nokkuð einróma tónn í máli allra viðmælenda nefndarinnar á þá leið að menn voru yfirleitt hlynntir staðgreiðslubreytingunni, en höfðu ýmsa fyrirvara á samþykki sínu á álagningu tekju- og eignarskatts og framkvæmd staðgreiðslunnar. Flestir aðilanna bentu á nauðsyn þess að vinna að ítarlegri könnun á áhrifum frv. á tímanum fram að gildistöku þess.

Heildaráhrif breytinga frv. á tekjur ríkissjóðs virðast vera þau að þær lækka um 4–7,5% miðað við tekjur 1987 skv. núgildandi lögum. Þessi niðurstaða er þó að því leyti óviss að sú tekjulækkun sem menn reikna með að verði af völdum frádráttarliða eins og hlunnindagreiðslum er mjög óviss og e.t.v. ekki hægt að áætla hana fyrr en reynsla hefur komið af framkvæmd frv. Það var erfitt að sjá af þeim gögnum sem fyrir lágu hvort verulegur flutningur væri á greiðslubyrði milli fólks með mismunandi tekjur eða aðstæður þar sem beinn samanburður á núgildandi lögum með öllum sínum tilbrigðum er erfiður við það einfalda kerfi sem nú er verið að leggja til. Þó mátti greina það að barnafjölskyldur virðast a.m.k. ekki bæta stöðu sína skv. þessu frv. nema síður sé og það virtist á þeim gögnum sem koma m.a. frá Þjóðhagsstofnun að um tilflutning væri að ræða frá einstaklingum og einhleypu fólki til léttingar til barnafólks til íþyngingar. Í fljótu bragði virðast ívilnandi áhrif þessa frv. koma einna helst einhleypu fólki til góða. En raunhæfur samanburður verður sjálfsagt ekki gerður fyrr en undir lok næsta árs svo að fullnægjandi sé og gengur enginn þess gruflandi að breytingar á frv. til laga um tekju- og eignarskatt halda áfram að vera viðfangsefni þinga í framtíðinni. Það er langt í frá að þessi frv. nægi til þess að taka skattlagningu pólitískt út fyrir sviga, enda ekki kannske að því stefnt.

Það er tilfellið að þau atriði sem ekki er tekið á í þessu frv. og fylgifrv. hafa trúlega meiri áhrif á afstöðu manns til frv. en frv. sjálft. Þá ber fyrst að telja að sú ríkisstjórn sem enn situr hefur margítrekað lofað afnámi tekjuskatta af almennum launum. Þetta loforð tengist loforðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Ástand ríkissjóðs leyfir ekki mikinn samdrátt og þannig hlutu a.m.k. seinustu loforð manna um tekjuskattsafnám að tengjast auknum tekjum á öðrum vettvangi. Ríkisstjórnin hefur heykst á því að fylgja eftir virðisaukaskattsfrv. eða breytingum á

gildandi söluskattslögum þannig að ekki verður tekna að vænta úr þeirri átt. Ríkisstjórnin hefur líka heykst á frumvarpsflutningi um skattlagningu á fjármagns-, eigna- og hlunnindatekjur ásamt skattlagningu á fyrirtæki og því verður ekki hægt að flytja greiðslubyrði af launafólki yfir á herðar þeirra sem meira mega sín fjárhagslega á meðan þessi ríkisstjórn situr.

Fyrirhuguð innheimta skatta af ökutækjastyrkjum og dagpeningum mun líklega, eins og ég gat um áðan, skapa fleiri vandamál en hún leysir. Þessi aðferð mun t.d. leggja mikla vinnu á starfsmenn skattstofa auk þess sem þeir sem móttaka slíkar greiðslur með eðlilegum hætti sem endurgreiðslu á útlögðum kostnaði verða fyrir verulegum óþægindum og útgjöldum. Það er líklega óraunsæ bjartsýni að ætla að slíkar aðferðir muni ekki leiða til breytinga á formi slíkra greiðslna og þá líklega ekki ná tilætluðum árangri yfirvalda.

Það er ljóst að greiðslur í formi ökutækjastyrkja og dagpeninga, einkum þó ökutækjastyrkja, eru stórlega misnotaðar hér á landi. Það er þó verulegur fjöldi sem fær þessar greiðslur eðlilega ákvarðaðar miðað við þau útgjöld sem þeir hafa orðið fyrir. Skattyfirvöld hafa reynt að beita nokkru aðhaldi á þessu sviði, en árangur hefur ekki orðið sem skyldi og verður ekki séð að hin fyrirhugaða skattlagning breyti miklu í því efni. Hins vegar er hætta á að þeir sem síst skyldi verði fyrir barðinu á þeim aðferðum sem fyrirhugað er að nota, þ.e. þeim sem fá eðlilega greiðslu á útlögðum kostnaði. Á þessu vandamáli þarf að finna aðra og raunsærri lausn.

Í athugasemdum með frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem ætlað er að gera á skatt- og útsvarsstofni og er ekki tilefni til að gera athugasemdir við þá útreikninga hér. Þó verður að telja að áætlun skattstofns með tilliti til þess sem að framan er sagt vegna ökutækjastyrkja, dagpeninga og annarra hlunninda sé byggð á bjartsýni.

Í 4. gr. frv. um gildistökuna eru nokkur athyglisverð ákvæði og þá leyfi ég mér, frú forseti, að sveifla mér örlítið á milli mála. Þar er m.a. kveðið á um að þeim mönnum sem ber lögum samkvæmt að telja sér til tekna endurgjald sé óheimilt að gera það á árinu 1987 ef það myndar tap í rekstrinum. Á það hefur verið lögð áhersla á undanförnum árum að þessir aðilar reikni sér tekjur eftir ákveðnum reglum þótt um tap sé að ræða á rekstri þeirra og greiði af þeim skatt innan ákveðinna marka. Samkvæmt þessu frv. mega þeir það ekki á árinu 1987. Þessi ákvæði eru í hæsta máta óviðeigandi og valda mismunun milli manna og fyrirtækja eftir eignaraðild.

Í staðgreiðslufrv. eru ítarleg ákvæði um álag og dráttarvexti vegna vangreiðslna. Hins vegar virðist aðeins gert ráð fyrir almennum sparisjóðsvöxtum á ofgreiðslum, en ljóst er að talsvert verður um ofgreiðslur í þessu kerfi. Almennir sparisjóðsvextir hafa eins og menn vita lengst af ekki nægt til að halda í við verðlagsbreytingar og því verður að telja að þessi ákvæði séu óréttlát gagnvart gjaldendum.

Hvað framkvæmd þessara laga varðar er stjórnun staðgreiðslunnar í höndum ríkisskattstjóra og síðan er skattstjórum ætlað að hafa eftirlit með höndum. Í frv. er látið að því liggja að talsverður sparnaður verði við hina almennu framkvæmd álagningarinnar vegna einföldunar og muni þar af leiðandi starfskraftar skattstofa nýtast til eftirlits með staðgreiðslunni. Þetta kom m.a. líka fram í máli hæstv. ráðh. þegar hann mælti fyrir þessu máli. Það verður að draga í efa að um raunverulegan sparnað verði að ræða á skattstofum við almenna framkvæmd og ekki liggur nægilega fyrir enn þá hvernig framkvæma á þær breytingar sem verða á verkefnum skattstofanna og innheimtumanna. Því er um nokkra áhættu að ræða vegna skamms undirbúningstíma og minnir það mann eina ferðina enn á að þetta frv. hefði betur verið komið fram nokkru fyrr.

Með þessum þremur frv. er gert ráð fyrir að gerðar verði veigamiklar og jafnvel nokkuð óæskilegar breytingar á ákvæðum laga um vald skattyfirvalda til að ákveða gjaldendum stofna til greiðslu skatta og verður það að teljast nokkuð athyglisvert. Þetta á t.d. við um 6. gr. frv. um staðgreiðslu og 4. gr. frv. um gildistökuna. Samkvæmt þeim breytingum sem nú er verið að gera á 59. gr. skattalaganna getur skattstjóri að eigin mati hækkað reiknað endurgjald án þess að gjaldandi sé beðinn um skýringar á því sem kann að þykja óeðlilegt. Það verður að telja varhugavert líka og reyndar óþarft að auka verulega vald skattstjóra, ekki síst af þeim ástæðum að skattstofurnar eru nú þegar um þessar mundir illa í stakk búnar til að fara með slíkt vald, m.a. vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki til faglegrar umfjöllunar mála, og með tilliti til þess að yfirvöld ætla ekki að láta þessa framkvæmd kosta meira en kostað hefur verið til framkvæmdarinnar hingað til verður að ætla að ekki verði mögulegt innan þess ramma að standa við þær fyrirætlanir sem af þessum atriðum leiða.

Eins og áðan sagði er yfirstjórn staðgreiðslunnar í höndum ríkisskattstjóra og hann á að setja skattstjórunum starfsreglur. Hann á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, en hann á einnig að úrskurða sektir fyrir brot á lögunum skv. 31. gr. frv. nema málinu sé vísað til dómstólanna og úrskurður ríkisskattstjóra er fullnaðarúrskurður. Það sektarvald sem gert er ráð fyrir að fá ríkisskattstjóra í hendur skv. frv. er mjög víðtækt, sbr. 31. gr. frv. Það getur ekki talist eðlilegt að hið víðtæka sektarvald sé fengið í hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á framkvæmdinni og hefur með höndum eftirlit með greiðslum og framtölum. Með þessu er þó alls ekki verið að setja fram vantraust á embættismanninn sem í þessu embætti situr heldur er bent á að þetta fer einfaldlega illa saman. Í lögum um tekju- og eignarskatt er sektarvaldinu fyrir komið með öðrum hætti, sbr. 108. gr. núgildandi laga.

Með tilkomu staðgreiðslu opinberra gjalda er stigið verulegt framfaraskref í innheimtu opinberra

gjalda þegar til lengri tíma er litið að því gefnu að framkvæmdin takist vel og náð verði þeim markmiðum sem að er stefnt. Því miður virðist sem þetta frv. hafi ekki fengið nægilegan undirbúning þótt hér hafi mikið starf verið unnið á mjög skömmum tíma. Nokkrum efasemdum verður því að lýsa varðandi undirbúning framkvæmdarinnar, en fjölmarga þætti þessa máls á eftir að vinna og á eftir að skýra. Fróðlegt hefði verið að fá upplýsingar um þær áætlanir sem gerðar hafa verið t.d. um einstaka þætti undirbúningsins, svo sem nánar um breytingu verkefna skattstofanna og innheimtumannanna, skipulag eftirlits skattstjórans, þjálfun mannafla, hönnun tölvukerfa sem halda eiga utan um staðgreiðsluna og skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og margt fleira. Það er skaði ef farið yrði af stað hér með gott mál án nægilegs undirbúnings.

Svo maður snúi sér þá, frú forseti, beint að því frv. sem hér er á dagskrá hef ég lagt fram brtt. við frv. í nokkrum liðum og vil ég leyfa mér að fara yfir þær.

Í fyrsta lagi er augljóst að frv. mismunar þeim sjómönnum sem eru í fríu fæði hjá útgerð og þeim sem fá fæðispeninga. Því er flutt brtt. við 2. gr. frv. svo að jafnræði megi ríkja með sjómannastéttinni allri. Þessi brtt. er við 2. gr. a-lið. Brtt. hljóðar svo: „Við 2. gr. A-liður orðist svo: 2. málsl. 5. tölul. orðist svo: Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá útgerðarfyrirtækjum til að standa undir fæðiskostnaði um borð í fiskiskipum."

Þetta ætti að tryggja að skattyfirvöld litu fæðispeninga og frítt fæði sömu augum þannig að þessum aðilum verði ekki mismunað við álagningu.

Eins og ég gat um í máli mínu áðan er ekki að finna í frv. neinar hugmyndir um tilfærslu á skattbyrði milli skattgreiðenda í heild þar sem frv. tekur aðeins til hluta skattgreiðenda eða réttara sagt til hluta skattgreiðslna. Því sýnast ekki vera efni til að flytja brtt. um lækkun skattprósentu eða hækkun persónuafsláttar fyrr en heildarlöggjöf um eignir, eignatekjur, um skatta á eignir, eignartekjur á fyrirtæki er komin fram á hausti komanda. Alþfl. ætlast til þess að þar megi auka tekjur ríkissjóðs um 4–500 millj. kr. og nota þá tekjuaukningu til að aflétta sköttum af almennum launatekjum. Það verður að teljast frekar heilbrigt sjónarmið í blönduðu hagkerfi að gera þá kröfu til fyrirtækjaeigenda og fjármagnseigenda að umsvif þeirra skili þeim arði sem nægi til að létta skattbyrði launþega þeirra.

Í núgildandi lögum ríkir sá andi að þó nokkurt tillit er tekið til þeirra sem eru að stunda nám, eru að hefja störf á vinnumarkaði eða til þeirra sem eru að ljúka starfi. Það verður ekki séð að það sé nein ástæða til að farga þessum afar mannúðlegu sérkennum á íslenskum skattalögum og því flytjum við brtt. við viðeigandi greinar frv. þar að lútandi.

Við 3. gr. frv. flyt ég brtt. Hana er að finna á bls. 2 í þskj. 784. Þar bætist við nýr tölul. er orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tölul. a-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–3. tölul. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu 12 starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 700 þús. kr., enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði. Réttur til frádráttar skv. 1. málsgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann. Frádrátt skv. 1. málsgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

Þessi brtt. er reyndar nokkurn veginn samhljóða fyrri grein sem er að finna í 30. gr. núgildandi laga, staflið A, 9. tölul. að öðru leyti en því að framreiknuð upphæð þessa frádráttar mun víst láta nærri að vera á milli 1400 og 1500 þús. kr. í dag og þykir ekki ástæða til þess að sú upphæð sé svona há. Þess vegna er gerð tillaga um að hún sé á núgildi 700 þús. kr.

Hvað viðvíkur hagsmunum námsmanna hef ég leyft mér að flytja brtt. við 10. gr. um að við 1. mgr. bætist nýr málsl. er orðist svo:

„Ráðherra er þó heimilt að tvöfalda í 12 mánuði persónuafslátt þeirra námsmanna sem náð hafa 21 árs aldri frá og með þeim tíma er þeir ljúka námi."

Þetta ákvæði kemur þá í stað fimm ára reglunnar svokölluðu þar sem þeim námsmönnum sem ekki höfðu getað nýtt sér möguleika sína til persónufrádráttar meðan á námi stóð var heimilt að draga ákveðna upphæð frá tekjum sínum á næstu fimm árum eftir að þeir höfðu lokið námi til að koma á móts við þann vannýtta persónufrádrátt sem fallið hafði dauður á meðan þeir ekki höfðu neinar tekjur og þá til þess líka að hjálpa þessum aðilum með einhverju til að ráða við þær þungu byrðar sem þeir bera sem nýkomnir eru heim úr námi, e.t.v. með fjölskyldu, og nokkurn veginn neyddir til þess vegna aðstæðna hér á landi að kaupa eða byggja yfir sig samtímis því að þeir eru að greiða skuldir sínar vegna námsins.

Fram kom í viðræðum við fulltrúa sjómanna að sá frádráttur sem frv. gerir ráð fyrir að sjómenn skuli njóta er allt of lítill og því er flutt till. um hækkun hans. Að vísu hefur meiri hl. nefndarinnar þegar flutt till. um 30% hækkun hans, en fram kom mjög eindregið í máli fulltrúa sjómanna að sú hækkun væri að þeirra mati ekki nóg og því flyt ég brtt. við 10. gr. um að 2. málsl. 1. mgr. B-liðar orðist svo: Sjómannaafsláttur skal vera 220 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Við 3. mgr. A-liðar hef ég einnig gert það að tillögu minni að við bætist nýr málsl. er hljóði svo: Ráðherra er þó heimilt að setja ákvæði í fyrrgreinda reglugerð um millifærslu persónuafsláttar milli mánaða hjá námsmönnum með hliðsjón af takmörkuðum vinnutíma þeirra ár hvert.

Hér er um það að ræða að námsmenn hafa nokkra sérstöðu á vinnumarkaði þar sem þeir eru tekjulausir eða tekjulitlir 8 mánuði ársins að jafnaði, en

hafa svo tekjur eins og aðrir launamenn 3–4 mánuði ársins. Ef ekki yrði neitt að gert gjalda þeir skatta af þessum tekjum sínum þá mánuði sem þeir ynnu og fengju þá síðan endurgreidda rentulitla í byrjun næsta skattárs. Hér er gerð tilraun til að opna möguleika fyrir ráðherra að millifæra persónuafslátt milli mánaða á staðgreiðsluári. T.d. væri hægt að hugsa sér það þannig að þessa 3–4 sumarmánuði hefðu námsmenn tvöfaldan persónuafslátt á sínu skattkorti þannig að með fjögurra mánaða vinnu væru þeir búnir að nýta 8 mánaða persónuafsláttarmöguleika. Það er erfitt að ákveða á þessu stigi málsins hver millifærsla persónuafsláttarins milli mánaða skuli vera. Það geta menn betur ákveðið þegar þeir sjá vel hver afrakstur námsmanna er af störfum sínum á ári hverju að jafnaði og haga síðan þessari millifærslu í samræmi við það.

Í 11. gr. frv. er fjallað um þann þátt þessa frv. sem mjög hefur verið rætt um, þ.e. húsnæðisbæturnar. Til að byrja með vil ég taka undir með þeim öðrum, sem hér hafa talað, sem bent hafa á að það er mjög margt sem mælir með því að húsnæðisbæturnar eigi í raun og veru ekki heima í þessu frv. og væru betur komnar annars staðar. Hérna er, eins og oft hefur verið bent á, um niðurgreiðslu vaxta að ræða sem ætti miklu frekar heima í lögum um Húsnæðisstofnun. En ef við göngum út frá því að þetta sé hluti af frv. og því verði ekki breytt í bráð má draga í efa að þessi frvgr. skili öðrum árangri en þeim að breyta einfaldlega ekki stöðu ríkissjóðs. Það eru þau áhrif sem sérstaklega hefur verið sóst eftir. Húsbyggjendum eða -kaupendum sem keypt hafa fyrir 1985 skilar hún styttingu þess tíma sem þeir áttu von á að njóta vaxta- og verðbótafrádráttar og ef horft er til þeirra sem keyptu 1981–1984 er það virkilega harður kostur. Í annað sinn á sex árum verða þeir hér með fyrir barðinu á aðgerðum ríkisvaldsins með mjög svipuðum hætti í raun og veru. Fyrst er það kjaraskerðingin 1983 og síðan misgengi lána og launa og nú í annað sinn misgengi á afborgunartíma lánanna milli lána og launa.

Þeir sem eru að kaupa í annað eða þriðja sinn, þ.e. þegar fjölskyldan er að stækka eða er orðin hvað stærst og heimilistekjurnar þar af leiðandi e.t.v. hlutfallslega minnstar, eru settir hjá og þannig nær þetta frv. e.t.v. ekki til þeirra sem helst þyrftu þess með. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. við þessa grein með það að markmiði að reyna að ná til þeirra að nokkru sem hvað mest munu þurfa á aðstoð að halda. Þessi grein er í tölul. 3 á þskj. 784 um að við 11. gr. 1. mgr. B-liðar verði um umorðun að ræða á þann veg að sagt verði: Beri maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum.

Þetta er raunverulega samhljóða frv., en síðan kemur breytingin: Við fyrstu íbúð sem maður eignast skal reikna fullar húsnæðisbætur en hálfar sé um kaup annarrar eða þriðju íbúðar að ræða.

Hér með er þá lagt til í fyrsta lagi að þau skilyrði sem um ræðir í frv. og tölusett eru 1, 2 og 3, um að hér sé um að ræða fyrstu íbúð sem viðkomandi eignast, að íbúðin sé byggð eða keypt til eigin nota, að íbúðin sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins falli niður að undanskildum þeim sjálfsagða hlut að maður sé að fjalla um íbúð sem byggð er eða keypt til eigin nota.

Í samræmi við þetta flyt ég líka í 7. lið á þskj. 784 brtt. við ákvæði til bráðabirgða II um að orðin „í fyrsta sinn“ falli niður, en það er í samræmi við brtt. sem hér er flutt.

Efnahagslíf Íslendinga er eins og allir þekkja nokkuð sveiflukennt. Það verður því að telja að nokkur hætta sé á því að 18. gr. frv. geti haft nokkuð önnur áhrif en höfundar frv. ætlast til. Þá er ég ekki að gera þeim upp vondan ásetning. Þvert á móti. Það er tvímælalaust góð hugsun sem felst að baki því að búa til ákveðna sjálfvirkni í breytingar á þeim fjárhæðum sem um ræðir í 68. og 69. gr., en þessi sjálfvirkni getur einfaldlega ekki tekið nægilegt tillit til annars vegar þeirra oft og tíðum miklu tekjubreytinga sem geta orðið á milli ára, þ.e. þess mikla misgengis sem getur orðið á lánskjaravísitölu og kaupmáttarþróun, og því er nokkuð líklegt að löggjafinn eða stjórnvöld verði að grípa inn í, ég segi ekki kannske árlega, en nokkuð oft til að reyna að leiðrétta óæskileg áhrif af þessu misgengi. Það kom reyndar fram í máli viðmælenda okkar að menn reikna í raun og veru með því að það verði nánast árvisst verkefni löggjafans að skoða breytingarnar á þessum fjárhæðum milli ára og taka afstöðu til þess hvort þar séu hlutirnir að þróast til óæskilegrar áttar. Áhrif þess sem lagt er til í frv., þegar þau eru skoðuð í ljósi fortíðarinnar, benda til þess að kaupmáttur tekna fólks sem er með tekjur rétt yfir skattleysismörkum sveiflist hlutfallslega mest ef verðlagsbreytingar eru miklar milli ára. Þetta kom reyndar, ef ég man rétt, fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. líka. Þess vegna leggjum við til að Alþingi ákveði enn sem fyrr skattvísitölu á miðju viðmiðunartímabilinu með tilliti til undangenginnar þróunar og áætlana um þjóðarhag á komandi árum. Þar með leggjum við til orðalagsbreytingu á 1. mgr. um að hún orðist svo:

Fjárhæðum sem um ræðir í 68. og 69. gr. skal breytt 1. jan. ár hvert í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum ár hvert.

Og síðan í b-lið þeirrar sömu brtt. að 1. tölul. 1. efnismgr. falli brott, þ.e. þar sem segir í frv.: „Hinn 1. jan. á staðgreiðsluári skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu“ o.s.frv.

Aftur á móti má telja nokkuð eðlilegt að 1. júlí verði breytingin á fjárhæðunum gerð í samræmi við þróun lánskjaravísitölu. Í sjálfu sér sér maður ekki ástæðu til að vefengja notkun hennar frekar en einhverrar annarrar, sérstaklega ef maður hefur leyst ákveðinn vanda með því að um áramót ákveður Alþingi skattvísitöluna og horfir þá í einu til beggja átta, þ.e. í fyrsta lagi til þróunar undanfar-

andi sex mánaða ef viðmiðunartímabilið er frá 1. júlí til 1. júní, og spáir síðan með tilliti til fjárlagagerðar og áætlana um þjóðarhag sex mánuði fram í tímann við setningu skattvísitölunnar um áramót.

Frú forseti. Það dregur nú að lokum, en þó eru tvö atriði sem ég vil taka sérstaklega fyrir undir lokin. Með tilliti til þess að með sex ára ákvæðunum í 11. gr. er verið að skapa ríkissjóði tekjur að því tímabili loknu sem hann annars ekki átti von á og með tilliti til þess að með sex ára reglunni verða þeir verst úti sem harðast urðu fyrir barðinu á misgengi lána og launa á árunum 1982–1984 og með tilliti til þess að það er yfirlýst áform stjórnvalda að menn tapi ekki neinu við umskiptin höfum við leyft okkur að flytja brtt. við ákvæði til bráðabirgða I. Þessi breyting er ekki stórvægileg, en hún getur haft allnokkur áhrif.

Hún er um það að orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli einfaldlega brott þannig að réttur þeirra manna sem njóta vaxtafrádráttar í dag haldist áfram til loka þess tíma sem þeir höfðu upphaflega rétt til að njóta þessa frádráttar. Við teljum að það sé a.m.k. betri kostur fyrir þá að horfa fram á í augnablikinu en sá að vita að þeir missa þessa aðstöðu innan næstu sex ára, en auðvitað verð ég að lýsa því yfir samtímis að við erum reiðubúnir að taka undir hverja þá aðra hugmynd sem viðheldur sem næst þeim rétti sem þessir menn höfðu reiknað með og hugsanlega leysir þennan vanda með einhverjum öðrum hætti.

Efni þessa frv. er, eins og ég gat í upphafi máls míns, komið frá síðustu kjarasamningum og að hluta til líka fyrir tilverknað skýrslunnar um könnun á umfangi skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl s.l. Í skattsvikaskýrslunni varð niðurstaðan sú eins og menn muna að ríkissjóður hefði orðið af 2500–3000 millj. kr. eða 7–8% af heildarskatttekjum á árinu 1985. Lækka hefði mátt heildarskattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu um 9,4% ef þessum tekjum hefði verið náð. Enn fremur kom í ljós að mestar líkur voru á skattsvikum í tengslum við svokallaða dulda atvinnustarfsemi í ákveðnum starfsgreinum.

Nefndin sem samdi skattsvikaskýrsluna taldi helstar ástæður skattsvika vera flókið skattkerfi, óljóst réttlæti skattalaga vegna fjölgunar ívilnunarákvæða einstakra hópa, há skattahlutföll og opinber höft á einstökum sviðum.

Þegar þessi skattsvikaskýrsla kom út og var hér til umræðu á þingi lofaði fjmrh. opinberlega verulegum úrbótum í frumvarpsformi, jafnvel strax á þegar liðnu haustþingi. Ekkert slíkt frv. leit dagsins ljós. Þó að líta megi á staðgreiðslu launaskatts sem hluta af einföldun skattakerfis samkvæmt kröfum skattsvikanefndarinnar verður það alls ekki til þess að bæta skattvitund manna ef önnur skattheimta verður ekki lagfærð með sömu markmið í huga fyrir gildistöku þessara frv. Þess vegna leggjum við til að samþykkt verði nýtt ákvæði til bráðabirgða IV er skuldbindi stjórnvöld til að koma á samræmdri heildarlöggjöf um skattheimtu fyrir næstu áramót og bæta tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári með hertu skatteftirliti.

Jafnaðarmennska tekur til miklu fleiri þátta en efnalegs jafnaðar, en um þann þátt mannlegrar tilveru sem við erum hér að fjalla á að gilda sú grundvallarhugsun að það megi réttlæta efnalegan ójöfnuð manna með því einu að efni þeirra betur settu komi þeim verr settu til góða.

Að þessu sögðu, frú forseti, mælir 3. minni hl. nefndarinnar með samþykkt frv. svo breytts.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. gerði grein fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar í upphafi þessarar umræðu. Ég er aðili að því meirihlutaáliti og þarf í rauninni ekki mjög miklu við hans framsögu að bæta. Ég vil þó árétta nokkur atriði varðandi afstöðu okkar framsóknarmanna til þess máls sem hér er til umræðu.

Þingflokkur Framsfl. styður þá kerfisbreytingu í skattamálum sem hér er unnið að og gerði ég raunar grein fyrir afstöðu hans við 1. umr. málsins. Þingflokkurinn og fulltrúar hans í þessari deild hafa unnið að þessu máli með þær meginlínur í huga að lögfesta þetta nýja kerfi þó að ýmsum atriðum verði vísað til frekari útfærslu og afgreiðslu ef þurfa þykir á haustþingi, hverjir sem þá sitja hér í stólum. Það er skoðun okkar að tímabært sé að taka þessa ákvörðun og raunar samkomulag þar um. Það hefur ekki verið um það deilt hér. Þetta vildi ég undirstrika.

Hinu er ekki að leyna að tíminn til að fjalla um þá miklu breytingu sem hér um ræðir hefur verið mjög skammur. Hafa verið í gangi útreikningar á ýmsum atriðum varðandi þetta mál. Því starfi þarf að halda áfram og gera sér gleggri grein fyrir fjölmörgum atriðum varðandi þessa kerfisbreytingu. Nál. meiri hl. kemur reyndar inn á nokkur slík atriði sem vísað er til nánari útfærslu áður en þessi kerfisbreyting tekur gildi um næstu áramót.

Ég vísa til þess í nál. að það þarf að endurskoða álagningarkerfi frv. með hliðsjón af upplýsingum sem álagning opinberra gjalda á árinu 1987 leiðir í ljós. Þetta vil ég undirstrika. Einnig að það er brýn nauðsyn að kanna sérstaklega ákvæði laganna um húsnæðisbætur og vaxtafrádrátt. Þetta eru mjög stór atriði og nauðsynlegt að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þeirra og gera þá úrbætur ef þurfa þykir.

Ég vil einkum undirstrika þetta og einnig atriðin varðandi námsmenn og námsfrádrátt. Það ber að tryggja að þessir hópar verði ekki lakar settir eftir þessa kerfisbreytingu en áður var.

Einnig vil ég undirstrika sérstaklega það sem kom reyndar fram í framsögu hv. formanns fjh.- og viðskn. að það þarf að athuga sérstaklega hvort megi koma á móts við þann hóp manna sem verst varð úti vegna misgengis lánskjaravísitölu og launa. Þó verð ég að segja að ég tek kannske ekki að öllu leyti undir kenningar hv. 4. þm. Norðurl. v. í efnahagsmálum, en hann hefur mjög ákveðnar

skoðanir á þeim og peningamálum almennt. En það er annar handleggur.

Ég legg áherslu á að við lítum á þessa kerfisbreytingu sem hluta í heildarendurskoðun skattakerfisins. Við lítum á hana sem fyrsta skrefið og hér verður að halda áfram við heildarendurskoðun skattakerfisins í landinu. Ég legg áherslu á þann fyrirvara í nál. sem er á bls. 3 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Að lokum vill meiri hl. nefndarinnar árétta það sem fram kemur í athugasemdum með frv. um heildarendurskoðun beinna skatta hér á landi. Lítur hún svo á að frv. þetta og fylgifrv. þess séu í raun aðeins fyrsta skrefið í þessari endurskoðun."

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð en legg mikla áherslu á þetta atriði.

Ég vil koma í framhaldi af þessu að framkvæmd þessara nýju laga og skattalaga almennt. Framkvæmdin skiptir mestu máli. Það þarf að athuga sérstaklega starfsaðstöðu og mannafla þeirra sem eiga að vinna að þessari skattkerfisbreytingu til þess að framkvæmdin verði virk og til þess að hún verði réttlát. Skattsvik í þjóðfélaginu eru talin vera mjög almenn og hafa verið gefnar út opinberar skýrslur þar um. Það er ekki vegna þess að skattalögin sem í gildi eru gefi ekki tækifæri til að taka á skattsvikum. Hins vegar hefur það ekki verið gert sem skyldi og aðstaða þeirra sem eiga að framkvæma skatteftirlit hefur verið mjög bágborin. Í kjölfar nýrra skattalaga og í kjölfar skattkerfisbreytingarinnar þarf að gera gangskör að því að bæta aðstöðu ríkisskattstjóra og skattstofanna úti á landi til að hafa uppi eftirlit og framkvæma þessi nýju lög sem ég trúi að verði til bóta.

Skattkerfið sem tekið er upp nú byggir í meginatriðum á þeim forsendum að halda núverandi skattbyrði óbreyttri eða sem næst óbreyttri þó gert sé ráð fyrir nokkru léttari skattbyrði en nú er. Skattbyrðin er pólitísk ákvörðun sem í sjálfu sér er óháð þeirri kerfisbreytingu sem hér er um að ræða. Ég er almennt talað þeirrar skoðunar að við komumst ekki hjá því að leggja fram aukið fé til samneyslunnar í þjóðfélaginu ef okkur á að takast að halda uppi því þjónustustigi hins opinbera sem nú er og halda áfram uppbyggingu í opinberum framkvæmdum. Það er þó höfuðmarkmiðið að skattkerfið sé réttlátt, að sú skattheimta sem menn ákveða hverju sinni komi réttlátlega niður og það komist enginn hjá því að greiða það sem honum ber til samfélagsins. Þetta er grundvallaratriði. Það er höfuðnauðsyn að frekari útfærsla, endurskoðun og framkvæmd þeirra laga sem hér eru í burðarliðnum tryggi réttlæti í álagningu skatta og sé aðeins fyrsta skref í endurskoðun sem stuðli að meiri jöfnuði í þjóðfélaginu en nú er.

Í trausti þess að svo verði greiði ég þessu frv. og fylgifrumvörpum þess atkvæði, en ég undirstrika að hér er aðeins um skref að ræða og ýmis atriði þessara mála þurfa nánari skoðunar við og nánari útfærslu áður en skattkerfisbreytingin tekur gildi.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég færi hv. fjh.- og viðskn. þakkir fyrir mikið starf sem hún hefur lagt af mörkum við athugun á frv. á milli umræðna og jafnframt vil ég þakka þær undirtektir sem hér hafa komið fram við þá meginstefnumörkun sem felst í frv. Mér er ljóst að sjónarmið geta verið mismunandi varðandi einstök atriði. Hér hefur komið fram það sjónarmið að of langt sé gengið til einföldunar í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir. Um þessi atriði getur auðvitað verið skoðanaágreiningur, en í heild sýnist mér vera allvíðtæk samstaða um mikilvægi staðgreiðslu á tekjuskatti og í meginatriðum um þær kerfisbreytingar sem lagðar eru til með þessum frumvörpum þó að í sumum atriðum sé uppi ágreiningur.

Ég færi þingdeildarmönnum þakkir fyrir hversu skjótt hv. Ed. hefur farið með þetta mál og hvernig hún hefur greitt fyrir framgangi þess, en eins og fram hefur komið er býsna mikilvægt að það nái fram að ganga fyrir lok þinghalds í vor svo að þær umbætur sem hér er fjallað um geti tekið gildi í byrjun næsta árs.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að ræða einstök atriði sem fram hafa komið. Ýmis þeirra komu strax fram við 1. umr. málsins. Auðvitað er það svo að um skattalög þurfa menn að fjalla með sívakandi huga og ekki síst þegar gerðar eru breytingar. Það liggur ljóst fyrir að eftir að álagning hefur farið fram á þessu ári þarf að huga að skattfjárhæðum í frv. með tilliti til nýjustu upplýsinga eins og gengur. Ég þarf ekki að leggja á það áherslu svo augljóst sem það er, en vil ítreka í lok þessarar umræðu þakkir til hv. nefndar og þingdeildarmanna fyrir skjót og góð vinnubrögð og málefnalegar umræður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 784,1 felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 784,2 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 772,1 felld með 10:5 atkv.
3.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 781,1–3 felld með 10:8 atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 781,4 felld með 10:4 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 772,2 felld með 10:4 atkv.
7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 772,3 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 772,4 felld með 10:2 atkv.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 781,5 felld með 10:4 atkv.
9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 747,1.a samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 781,6 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 784,3.a–b felld með 10:5 atkv.
Brtt. 772,5.a–b felld með 10:4 atkv.
Brtt. 747,1.b samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 784,3.c felld með 10:7 atkv.

Brtt. 772,5.c felld með 10:7 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 772,6.a–b felld með 10:8 atkv.
Brtt. 784,4 felld með 10:7 atkv.
Brtt. 772,6.c–d felld með 10:8 atkv.
Brtt. 781,7 tekin aftur til 3. umr.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.–13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 747,2 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 781,8 felld með 10:8 atkv.
14.–17. gr. (verða 15.–18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 784,5 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 781,9 felld með 10:7 atkv.
Brtt. 772,7 felld með 10:1 atkv.
18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 747,3 (ný 19. gr., verður 20. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 781,10.a felld með 10:7 atkv.
Brtt. 784,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 747,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 781,10.b kom ekki til atkv.
Ákv. til brb. I, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 784,7 tekin aftur.
Ákv. til brb. II samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. III samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 784,8 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB, EG.
nei: EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, SalÞ.
2 þm. (BD, EgJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Í till. þessari er gert ráð fyrir því að flutt sé skattbyrði af herðum launafólks til fyrirtækja og fjármagnseigenda að upphæð 500 millj. kr. Þetta teljum við Alþýðubandalagsmenn að sé í raun og veru allt of skammt gengið og höfum sjálfir flutt tillögu í svipuðum dúr um tilflutning skattbyrði sem nemur 1200 millj. kr. Hins vegar teljum við að brýna nauðsyn beri til að endurskoða þessi lög fyrir haustið því á þeim eru bersýnilega mjög margir vankantar og þar sem önnur áhersluatriði í till. sem hér er til atkvæða eru tvímælalaust af hinu góða segi ég já.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari brtt. er gert ráð fyrir bindandi samþykkt þess efnis að gagnger endurskoðun fari fram á þeim frumvörpum sem hér er nú verið að greiða atkvæði um. Ég tel ekki vanþörf á að svo verði gert, svo og að tekið verði á öðrum þáttum beinnar skattlagningar hér á landi eins og hér er gert ráð fyrir. Hér er einnig gert ráð fyrir að flytja a.m.k. 500 millj. af skattbyrði launafólks yfir til fyrirtækja og fjármagnseigenda. Mér finnst þar heldur skammt gengið, en sé að hér stendur „a.m.k." og get því fellt mig við þetta. Með fyrirvörum sem ég kynni að hafa við einstakar greinar eða þá ellefu liði sem hér eru er ég sammála þeirri meginstefnu sem í þessari brtt. felst og segi já.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Með tilliti til þess að örstutt er til kosninga, með tilliti til þess að örstutt er þangað til hér situr ný ríkisstjórn og nýtt þing verður að líta svo á að þau frumvörp sem við erum hér að fjalla um og samþykkja séu í raun og veru ekkert annað en þingsályktanir í frumvarpsformi. Með tilliti til þess einnig að á þingi 1984, nánar tiltekið þann 3. maí, samþykkti Alþingi þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum og með tilliti til þess að þau ellefu atriði sem hér eru upp talin eru í samræmi við niðurstöðu þeirrar nefndar sem sett var til að skoða skattsvik og gera tillögur til úrbóta á skattheimtu hér á landi og skilaði niðurstöðum sínum 18. apríl s.l., með tilliti til þess að fjmrh. hafði þá þegar að því afloknu lofað aðgerðum í kjölfar þeirrar niðurstöðu. Með tilliti til alls þessa segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 594, n. 742, 768 og 786, brtt. 743 og 769.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál. Það hefur nú þegar verið rætt held ég af öllum ræðumönnum í samhengi við síðasta mál. Meiri hl. nefndarinnar flytur nokkrar brtt. Þær hafa ekki í för með sér efnisbreytingar á ákvæðum frv. heldur eru þær fyrst og fremst fluttar til að gera orðalag skýrara. Síðan er sú skriflega brtt. sem menn þekkja og ég þarf ekki frekar að lýsa. Meiri hl. mælir með samþykkt frv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ræddi þetta frv. ekki sérstaklega í máli mínu áðan þá er við ræddum um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem þáv. forseti gerði ekki grein fyrir því að ætlunin væri að ræða þessi mál öll saman. Ég vil

því gera nokkra grein fyrir áliti mínu á þessu máli nú.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 768 hefur það verið eitt af stefnumiðum Kvennalistans frá upphafi að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Því hefur Kvennalistinn í tvígang flutt till. til þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda á þessu kjörtímabili, en þær ekki fengist útræddar. Sú sem nú liggur fyrir þinginu mun vera 38. mál þessa þings.

Kostir staðgreiðslukerfis opinberra gjalda eru þeir helstir í fyrsta lagi að í slíku kerfi myndast ekki skuld hjá skattgreiðanda, í öðru lagi fylgir innheimta skatta hagsveiflunni hverju sinni og í þriðja lagi má ætla að innheimta skatta verði öllu skilvirkari en nú er. Þess ber þó að gæta að með staðgreiðslukerfi er skattheimtu flýtt frá því sem nú er og ef verðbólga fer hjaðnandi er skattheimta í reynd hert og því nauðsynlegt að endurskoða skattprósentuna reglulega með tilliti til verðbólgustigs hverju sinni. Kvennalistinn er því samþykkur staðgreiðslu opinberra gjalda í sjálfu sér og til frekari rökstuðnings þar með þá vísa ég í grg. með 38. máli sem ég nefndi hér áðan.

Meginágallar þess frv. sem hér liggur fyrir eru í fyrsta lagi að frv. nær aðeins til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars launamanna. Vitaskuld hefði verið eðlilegast að láta skattkerfisbreytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í landinu í einu en ekki aðeins hluta hennar, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, en í frv. er ekki tekið á skattlagningu á eignir, fjármagns- og eignatekjur né á skattlagningu fyrirtækja. Miðað við þau rök sem eru sett fram í grg. með frv. þess efnis að einn meginkostur skattkerfisbreytingarinnar sé tryggari og skilvirkari innheimta opinberra gjalda liggur í augum uppi að öllu brýnna er að koma þessari breytingu á hvað varðar skattlagningu á fyrirtæki og fjármagns- og eignatekjur en launatekjur.

Við vitum það og það hefur verið staðfest í þeim skýrslum sem út hafa verið gefnar af opinberri hálfu um skattsvik hér á landi að undanskot frá skatti eru margfalt umfangsmeiri hvað varðar tekjur fyrirtækja og fjármagns- og eignatekjur en hvað varðar launatekjur. Í frv. er því að mínu mati byrjað á öfugum enda. Ef svigrúm var ekki fyrir hendi til að láta breytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í einu hefði frá sjónarmiði ríkissjóðs og miðað við ofangreind rök tvímælalaust átt að byrja á að koma á staðgreiðslu fjármagns- og eignatekna og tekna fyrirtækja en ekki launatekna, eins og frv. kveður á um.

Satt best að segja finnst mér mjög undarlega að verki staðið hér og liggur nokkurn veginn í augum uppi að sú staðreynd að gengið verður að kjörborðinu eftir nokkrar vikur hefur töluvert með framlagningu og framgang þessara mála hér að gera. Því er þeirri heildarendurskoðun sem heitið var á öllu skattkerfinu snúið upp í endurskoðun á skatti launamanna eingöngu. Þetta er fráleitt sé miðað við hag ríkissjóðs og miðað við þá kosti staðgreiðslukerfisins að heimtur verði betri og því liggur nær að ætla að hagur fyrirtækja og fjármagnseigenda sé nær hjarta núv. fjmrh. en hagur ríkissjóðs. Ég gagnrýni mjög harðlega að byrjað skuli hafa verið á þessum enda í endurskoðuninni en ekki hinum endanum, þ.e. endurskoðun á tekjuskatti fyrirtækja og tekjuskatti af eigna- og fjármagnstekjum.

Í öðru lagi staðfestir þetta frv. skattlagningu á almennar launatekjur í landinu þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis og núv. ríkisstjórnar um að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum. Við vitum að þótt skattleysismörkin séu hækkuð nokkuð í þessu frv. frá því sem nú er eru þau ekki hækkuð nógu mikið til að ná því að afnema launaskatt af almennum launatekjum þannig að í þessu frv. gengur núv. ríkisstjórn enn á ný á bak heitstrengingum sínum um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum.

Í þriðja lagi er ekki ljóst að sú innheimtuaðferð tekjuskattsins sem lögð er til í frv. sé sú skilvirkasta og einfaldasta sem völ er á. Í stað þess að fela vinnuveitendum að innheimta og skila tekjuskattinum, eins og frv. gerir ráð fyrir, hefði mátt fela bönkum þetta hlutverk. Auk augljósra kosta hefði það fyrirkomulag þann kost í för með sér að tekjur launamanns væru allar bókfærðar á einum stað sem auðvelda mundi til mikilla muna allt skatteftirlit og þá ekki síst eftirlit með launagreiðendum. Slík tilhögun í staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars er fyrir hendi í Færeyjum og er nánar gerð grein fyrir þessari tilhögun í stuttri úttekt sem fylgir með þessu nál. og unnin var hjá embætti ríkisskattstjóra. Þar kemur fram að kostirnir við það fyrirkomulag að fela bönkum að innheimta og skila tekjuskattinum í stað þess að fela vinnuveitendum það eru helstir þeir að fyrir launagreiðendur er þetta til mikilla þæginda þar sem hann þarf ekki að framkvæma neina útreikninga sjálfur heldur nægir honum að skila til viðskiptabanka síns lista yfir þá launamenn sem hann greiðir laun til. Frá sjónarhóli launamannsins er þetta fyrirkomulag einnig til verulegra þæginda. Hann fær laun sín ætíð inn á banka og hann getur betur treyst að útreikningar afdráttarins séu réttir en ef launagreiðandinn framkvæmir hann sjálfur. Í þriðja lagi er þetta einnig hagkvæmt frá sjónarhóli ríkissjóðs því að með þessu móti eru tryggð skil á afdregnum skatti og í öðru lagi auðveldar þetta verulega skatteftirlit, eins og ég sagði áðan, þar sem allar launagreiðslur fara án nokkurs vafa í gegnum banka. Í fjórða lagi ættu með þessu fyrirkomulagi að geta verið fyrir hendi nokkuð áreiðanlegar hagrænar upplýsingar sem hægt er að nota við hagstjórn hér á landi, sé áhugi fyrir að nota slíkt yfirleitt við hagstjórn, sem ég efast stundum um.

Í stað þess að fara þá leið að fá bönkum það hlutverk að innheimta og skila tekjuskattinum er sú leið farin í þessu frv. að vinnuveitendum er falið að innheimta skattinn. Hérna er í fyrsta lagi verið að leggja auknar byrðar á herðar vinnuveitenda og ekki hef ég séð neitt álit frá þeirra hálfu um hvort þeir eru

sáttir við það sjálfir. Í öðru lagi er hér um að hluta til sama hóp að ræða og skilar söluskatti. Við vitum hvernig heimtur á söluskatti hafa verið og liggur engan veginn í augum uppi, miðað við þá reynslu, að vinnuveitendur séu tryggasti innheimtuaðilinn sem völ er á. Í þriðja lagi eiga launamenn með því móti sem frv. gerir ráð fyrir skattgreiðslu sína undir vinnuveitanda sínum og það kann að reynast ekki alls kostar heppilegt í mörgum tilvikum.

Það fyrirkomulag sem í frv. er er að mínu viti miklu óálitlegra og ótryggara frá sjónarmiði allra sem í hlut eiga en það fyrirkomulag sem ég hef hér rætt um og fylgir með sem fskj. með þessu áliti.

Til að taka upp það fyrirkomulag að fá bönkum það hlutverk í hendur að innheimta og skila tekjuskattinum verður að gera róttækar breytingar á því frv. sem hér liggur fyrir og enn fremur framkvæma breytingar á ýmsum öðrum lagaákvæðum. Til þess hefur ekki unnist tími á þessu stigi málsins þar sem við höfum haft ákaflega lítinn tíma til að fjalla um frv., eins og fram hefur komið. Þessum hugmyndum er hér með komið á framfæri og þess er farið á leit við þá sem hafa með höndum að endurskoða þessi frv., hvort sem þau verða að lögum eða ekki, að þeir athugi þessa hugmynd gaumgæfilega í þessari endurskoðun því að hér er tvímælalaust að mínu viti um miklu heppilegri, áreiðanlegri og skilvirkari aðferð við innheimtu og skil tekjuskattsins að ræða.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja fáein orð um 5. gr. þessa frv. sem kveður á um útvíkkun skattstofnsins. Eins og ég hef áður komið inn á í umræðum um þetta mál er ég sammála þessari útvíkkun skattstofnsins fyrst og fremst á þeirri forsendu að þá er e.t.v. einhver von til þess að greidd laun verði laun en ekki laun og eitthvað óskilgreint annað eins og nú tíðkast og í öðru lagi má vera að þetta nýtist til að draga eitthvað úr því kynbundna launamisrétti sem nú er á vinnumarkaðnum þar sem allar tölur sýna að það eru einkum karlar sem njóta hlunninda og fríðinda af hvaða tagi sem er en ekki konur. Þessi útvíkkun á skattstofni kann að reynast nokkuð drjúg til að leiðrétta þennan þátt þessa kynbundna launamisréttis.

Hins vegar vil ég taka fram að ákaflega mikilvægt er að launþegar beri ekki kostnað sem með réttu á heima hjá vinnuveitanda, þá einkum varðandi bílastyrki og dagpeninga. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli hvernig þær reglur verða sem fjmrh. hyggst setja um þetta ákvæði. Ég óskaði eftir að fá drög að þeim í hv. fjh.- og viðskn. en fékk ekki.

Ég vil því koma því á framfæri hér, og það er skilyrt við stuðning minn við þetta ákvæði, að það verði öruggt að kostnaður vegna starfa sem með réttu á heima hjá vinnuveitanda lendi ekki á herðum launamanna. Í öðru lagi að ekki verði þannig um hnútana búið að launamaður láni í rauninni ríkinu fyrir útlögðum kostnaði, þ.e. hann leggi út kostnað, tekinn er af honum staðgreiddur skattur jafnóðum og síðan fái hann ekki gert upp fyrr en í lok ársins og sé því gert að lána ríkinu fyrir þessum útlagða kostnaði þangað til endanlegt uppgjör liggur fyrir. Og í þriðja lagi vil ég vara við allri aukningu á skrifræði sem þetta gæti haft í för með sér þar sem menn þurfa nú að safna nótum til að geta sýnt fram á sannanlegan kostnað og þurfa menn að hafa það atriði í huga þegar reglugerð er sett um þetta atriði.

Þótt þeir gallar séu á þessu frv. sem ég hef hér tilgreint er ljóst að umtalsverð hagræðing er að því. Kvennalistinn er í grundvallaratriðum sammála því að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi og því mæli ég með samþykkt þessa frv. með þeirri brtt. sem ég flyt á sérstöku þskj. og varðar 13. gr. frv. sem kveður á um framvísun skattkorts hjóna. Hún er tengd till. sem ég hef flutt við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt þess efnis að fella niður þá samsköttun hjóna sem nú er að finna í þessum frumvörpum og gildandi tekjuskattslögum og nota þetta fjármagn þess í stað til aukningar á greiðslu barnabóta. Með þessari brtt. legg ég til, virðulegi forseti, að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil, til að spara mér eina ferð enn í ræðustólinn og hv. þingdeildarmönnum mínúturnar, gera að umræðuefni annað frv. sem fylgir með tekju- og eignarskattsfrumvarpinu, gildistökufrumvarpið sjálft. Við það frv. hef ég ekkert sérstakt að athuga annað en að ég vek athygli á því að nauðsynlegt er að endurákvarða prósentuhækkun reiknaðs endurgjalds aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri, eins og það heitir, í samræmi við almennar tekjubreytingar milli áranna 1986 og 1987 þegar þær tekjubreytingar liggja ljósar fyrir, þannig að aðilar í sjálfstæðum atvinnurekstri sitji við sama borð hvað varðar sín laun og aðrir launamenn hér á landi.

Með þessari athugasemd legg ég til að það frv. verði einnig samþykkt.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Forseti. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir varpaði hér fram spurningum sem mér er ekki auðið að svara, en hæstv. ráðh. er í atkvæðagreiðslu í Nd., þar eru nafnaköll skilst mér. En það verður haldið hér áfram kl. 21.00 í kvöld og ég spyr hvort við getum ekki klárað 2. umr. til atkvæða eins og um fyrra frv. og ég mun þá beina þessum spurningum til ráðherra sem hann gæti þá svarað við 3. umr. ef þm. samþykkir.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 793 við frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Í því nál. segir, með leyfi frú forseta:

„Það hefur lengi verið stefnumál Alþfl. að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda samhliða einföldun álagningar allra skatta. Ágalli þessa frv. er fyrst og fremst sá að hér er aðeins fjallað um lítinn hluta skattheimtu. Enn er frestað afnámi tekjuskatts og auk þess er álitamál hvernig að innheimtu er staðið.

En þar sem hér er fyrst og fremst um það skref að ræða til breytinga á innheimtu sem oft hefur verið lofað en enn aldrei staðið við mælir 3. minni hl. með samþykkt frv.“

Frú forseti. Ég flyt engar brtt. við þetta frv., vil aðeins benda á að við höfum, sem í nefndinni sitjum, heyrt, bæði innan nefndarinnar á máli viðmælenda og eins í viðræðum við menn utan funda, alls kyns athugasemdir við viss ónákvæmnisatriði í þessu frv. eða atriði sem lúta að samskiptum framteljenda og skattyfirvalda sem kunna að orka tvímælis. Ég bendi á eitt slíkt atriði sem í sjálfu sér er ekki merkilegt en er dæmi um slíkt.

Í 15. gr. frv. segir: „Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og skilað í ríkissjóð skv. ákvæðum 20. gr.“

Í 20. gr. segir síðan: „Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga“.

Ef grannt er skoðað eða með mikilli nákvæmni virðist vera hér á ferðinni ákveðið ósamræmi á milli þessara tveggja greina í sama frv. að því leyti að í öðru er skýrt kveðið á um að skila skuli til ríkissjóðs, en í hinni greininni er talað um sérstakan reikning sem ekki er nánar farið út í að skýra hvað er.

Í umsögn um einstakar greinar frv. segir aðeins: „Nýmæli þessarar greinar er að launagreiðandi skuli standa skil á greiðsluskyldri fjárhæð í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning eða reikninga ríkissjóðs og sveitarfélaga hjá innlánsstofnunum. Enn fremur hefur hann rétt til að velja á milli þessara aðila og skattstjóra er hann skilar skilagrein sinni“.

Það er sem sé hvergi skýringar á því að finna hvað átt er við með þessu skilgreiningaratriði í 20. gr. „sérstakur reikningur“.

Eins og fram kom í máli mínu við umræðu um frv. um tekju- og eignarskatt hafa menn ákveðnar efasemdir vegna þeirra breytinga sem gerðar eru á ákvæðum laga um vald skattyfirvalda til að ákveða gjaldendum stofna til greiðslu skatta og á það í þessu sérstaka tilfelli sem við erum að ræða þetta frv. einkum við um 6. gr. frv. Frv. gerir eiginlega ráð fyrir því og frumvörpin öll að meira eða minna leyti að skattstjóri geti að eigin mati hækkað reiknað endurgjald án þess að gjaldandi sé beðinn um skýringar á því sem kann að þykja óeðlilegt og ekki alveg ljóst samkvæmt frumvörpunum hver áfrýjunarréttur framteljandans eða gjaldandans er.

Í máli mínu áðan, frú forseti, gerði ég athugasemdir við sama atriði sem hv. 11. þm. Reykv. var að ljúka við að gera athugasemdir við, þ.e. spurninguna um áhrifin af þessum nýju ákvæðum um skatt af ökutækjastyrkjum og dagpeningum. Ég held að það sé erfitt að benda á eitthvað það í þessum frumvörpum sem kemur í veg fyrir að hér verði óhjákvæmilega um vissa mismunun að ræða og þá mismunun sem snertir einmitt þá aðila sem síst skyldi eins og hv. 11. þm. Reykv. lýsti, þ.e. þá menn sem safna nótum dyggilega, greiða sinn útlagða kostnað, fá hann að einhverju leyti endurgreiddan, en greiða skatt af þeim tekjum sem í þessum tilgangi eru notaðar og fá endurgreiðslur af því ekki fyrr en í versta falli þegar um kostnað í janúar er að ræða, ári seinna. Þetta geta, alla vega hjá sumum aðilum, trúlega orðið nokkuð myndarleg lán sem þeir lána ríkissjóði. Ég treysti því einfaldlega að höfundar frv. skoði færar leiðir til að bregðast við þessu og ég treysti því líka að höfundar frv. starfi áfram í þeim anda sem þeir hafa markað sér með þessu frv., þ.e. að finna leiðir til lausnar á flóknum vandamálum, eins og t.d. þessu, án þess að til komi mikið aukið skrifræði, en maður gæti gælt við þá hugmynd að spá í að það starf sem í dag hefur farið í eftirlit með framtölum manna almennt fari að nokkru leyti í þann farveg að sinna eftirliti með framlögðum nótum manna vegna endurgreiðslna á ökutækjastyrkjum og dagpeningum sem eins og ég nefndi áður getur í trúlega þó nokkuð mörgum tilvikum verið ansi myndarlegur bunki af nótum sem þarf að skoða og kanna ítarlega.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 743,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5.–12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 769 felld með 13:4 atkv.
13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 743,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 743,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
18.–28. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 743,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
30.–31. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 792 samþ. með 18 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
33.–42. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 595, n. 744, 770 og 794, brtt. 745, 782, 783.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur einnig verið

skoðað í hv. fjh.- og viðskn. Meiri hl. flytur smávægilegar brtt. Þær varða ekki efnisatriði frv. heldur eru þær fluttar til að lagfæra mistök sem urðu við endanlegan frágang frv. Þetta er eingöngu um gildistöku. Það er að vísu nýmæli í íslenskri lagagerð að gera önnur lög gild með sérstökum lögum, en þó að ég sé stundum dálítið íhaldssamur hygg ég að þetta geti verið nokkuð þægilegt og smellið í þessu tilfelli og kannske fleiri tilfellum.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 794 um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Nál. er svohljóðandi:

„Þriðji minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt en niður falli það 25% svigrúm til óskilgreindrar tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri sem augljóslega ívilnar þeim aðilum sem þess njóta umfram aðra launþega."

Hér er átt við 4. gr. frv. þar sem talað er um reiknað endurgjald manns vegna ársins 1987 og þar sem vikið er að því að þessi fjárhæð fari fram úr reiknuðu endurgjaldi hans fyrir árið 1986 eftir að það hefur verið leiðrétt með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á lánskjaravísitölu frá 1. júlí 1986 til 1. júlí 1987, að viðbættum 25%.

Þetta er svigrúm sem aðrir aðilar hafa ekki í þessum lögum og ástæðulaust að mínu mati að gefa þetta svigrúm. Því hef ég lagt til í brtt. á þskj. 783 að í 4. gr. falli orðin „að viðbættum 25%" í 3. og 5. mgr. einfaldlega brott.

Í minnisblaði um skattabreytingar, sem við fengum í hendur frá viðmælendum okkar frá Alþýðusambandi Íslands, kom fram eftirfarandi, með leyfi frú forseta:

„Í 4. gr. frv. eru ákvæði sem fela í sér að reiknað endurgjald vegna ársins 1987, sem ekki nær 25% hækkun umfram verðlagsbreytingar, verði í öllum tilvikum skattlaust. Hliðstæð ákvæði eru um laun þeirra sem hafa aðstöðu til að ákveða sér, maka sínum og/eða börnum laun. Afar óheppilegt verður að telja að tiltekið hlutfall skuli hafa verið sett inn í frv. líkt og hér er gert og fráleitt að lögbinda það þar sem líklegt er að hlutfallið verði viðmiðun við framtal 1988 vegna tekna ársins 1987. Sjálfsagt er á hinn bóginn að lögfesta heimild til álagningar á tekjur ársins 1987 hjá þessum aðilum þegar og ef tekjuaukning er umfram eðlileg mörk að mati ríkisskattstjóra.

Varðandi ákvæði 2. mgr. um skattlagningu almennra launatekna ársins 1987 er vandséð að sýnt verði fram á að tekjuhækkun launamanns geti átt rætur að rekja til annarra þátta en aukins vinnuframlags og starfsábyrgðar eða stöðuhækkunar þannig að spurning er í hvaða tilvikum skattlagning almennra launatekna kæmi í reynd til greina."

Með tilliti til þessara athugasemda, frú forseti, taldi ég eðlilegt að flytja brtt. um brottfall þessa 25% svigrúms. Ég tek undir athugasemdir Alþýðusambandsfulltrúanna við þessi skattlausu 25% því að auðvitað er það alveg hárrétt, sem kemur fram í máli þeirra, að svona svigrúm, eins og ég hef kallað það, verður einfaldlega tilefni til þess að menn millifæra ákveðinn hluta tekna milli ára með tilliti til þess að þær fari ekki fram úr þessum 25% og njóta þar með ákveðinnar ívilnunar skattyfirvalda fram yfir launþega. Ég fæ ekki séð eða heyrt á gerðum eða orðum ráðherrans, sem um þessi mál fjallar, að það hafi verið ætlan hans nema þá hann hafi einfaldlega dulið okkur þeirri ætlan sinni.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir áliti mínu á þessu máli. Eins og þar kom fram vekur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. athygli á því að nauðsynlegt er að endurákvarða prósentuhækkun reiknaðs endurgjalds aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri í samræmi við almennar tekjubreytingar milli áranna 1986 og 1987 þegar þær tekjubreytingar liggja ljósar fyrir.

Ég kem hér upp núna fyrst og fremst til að taka undir það sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns í þessu efni og það sjónarmið að í rauninni sé óþarfi að hafa einhverja ákveðna prósentutölu í lagagreininni á þessu stigi málsins þar sem þetta verður að endurskoða þegar tekjubreytingar milli áranna 1986 og 1987 liggja fyrir. Þess vegna get ég fyrir mitt leyti fallist á þá till. sem hv. 8. þm. Reykv. hefur borið fram í þessu efni og mun greiða henni atkvæði mitt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 783 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

nei: ÞK, AG, ÁJ, DA, EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, SalÞ.

2 þm. (BD, EgJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég hef að vísu flutt till. sem gengur í sömu átt og þessi till., þó eilítið skemmra. Ég get út af fyrir sig vel fallist á þá till. sem hér er gerð, en að henni felldri, ef svo færi, verða greidd atkvæði um mína till. Ég segi því já.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Þar sem hér er verið að ívilna þeim sem skammta sér sjálfir laun með algerlega órökstuddum hætti umfram venjulega launamenn segi ég já.

Brtt. 782,a felld með 10:8 atkv.
Brtt. 782,b felld með 10:8 atkv.
4.–5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 745,1 (ný 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 745,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umboðsmaður Alþingis, 3. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 649 (sbr. 523).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 805).

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

52. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 51. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 806, brtt. 781,7.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 781,7 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB, EG, HS.
nei: JHelg, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EKJ, HÓ, SalÞ.
1 þm. (EgJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:
Virðulegi forseti. Það er augljóst hneyksli ef farið verður að greiða húsnæðisbætur til húseigenda sem nýlega hafa eignast hús sín skv. ákvæðum þessara laga, en leigjendur, sem bersýnilega eru oft mjög þurfi fyrir húsnæðisaðstoð, verða algerlega skildir eftir. Ég segi því hiklaust já.

Stefán Benediktsson:
Frú forseti. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. að það er algert hneyksli, þegar breytt er gersamlega um grundvallarþankagang í aðstoð við fólk vegna húsnæðisöflunar og farið úr vaxtafrádráttar- eða vaxtaafsláttarkerfi yfir í húsnæðisaðstoðarkerfi, að leigjendur skuli ekki fylgja með eins sjálfsagt og það hlýtur að verða miðað við þær aðstæður sem upp eru komnar á húsnæðismarkaði. Ég segi því já.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 807 (sbr. 594).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. (Stefán Benediktsson):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að flytja skriflega brtt. við þetta frv. um að síðari mgr. 32. gr. frv. falli niður. Þessi mgr. staðgreiðslufrv. fjallar um 1% gjald sem sveitarfélögum er gert að greiða vegna aukins kostnaðar ríkisins af framkvæmd þeirra frumvarpa sem hér er verið að samþykkja. (**RA:** Er það ekki 0,5?) Ég var að koma að því, hv. 3. þm. Norðurl. v. Þessu var að vísu núna í 2. umr. breytt í 0,5%, en breytir ekki þeirri staðreynd að hér er um algera hækkun útsvars að ræða því að sveitarfélögin hafa alveg sama kostnað ef ekki hugsanlega meiri af framkvæmd þeirra laga sem hér er verið að samþykkja. Það virðist ekki af þeim tölum sem við höfum séð vera mikið svigrúm hjá sveitarfélögum til að bæta á sig eða þegna þeirra og því eðlilegt að leggja það einfaldlega til að þetta ákvæði verði fellt niður. Auk þess hefur margkomið fram gagnrýni sveitarfélaga, bæði stórra og smárra, á þetta ákvæði. Þess vegna, frú forseti, hef ég leyft mér að flytja þessa brtt.

Ég tel bæði þennan þátt og ýmsa aðra þætti innheimtuáforma þessa frv. alls ekki nægjanlega vel frá gengna og hallast að því að taka undir þær skoðanir, sem fram hafa komið hjá sveitarstjórnum, að það verði raunverulega alls ekki hægt að framkvæma staðgreiðsluna með þeim hætti sem áformað er þó að ég hafi ekki getað mótað í þeim flýti sem verið hefur á afgreiðslu þessara mála brtt. við þetta frv. sem með einhverju móti gætu kippt þeim hlutum í lag sem einkum hafa sætt gagnrýni af hálfu sveitarfélaganna. En þar skiptir kannske mestu það atriði að stjórnir sveitarfélaga telja að með því að færa innheimtuna þetta langt frá uppruna sínum, þ.e. þegnum sveitarfélaganna, náist ekki sá árangur sem næst með hinum beinu persónulegu samskiptum milli gjaldheimtu og/eða sveitarstjórna við innheimtu gjaldanna. En þá verður bara að vona að þessir hlutir verði skoðaðir í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið hjá sveitarfélögunum og reynt að breyta þeim á hausti komanda.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 809, sem var of seint fram komin, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 809 felld með 11:8 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 808 (sbr. 595).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 603, n. 788, 796, 798 og 804, brtt. 789, 797.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar um allnokkurt skeið og haldið um það nokkra fundi. Reyndar hef ég ekki átt þess kost að fylgjast með allri þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í nefndinni einfaldlega vegna þess að ég var á tímabili fjarverandi eins og sumum er væntanlega kunnugt.

Það hafa allmargir verið kallaðir til viðræðna í félmn. um þetta frv. Ég hirði ekki um að lesa þá upp, þeirra er getið í nál. Það kemur að sjálfsögðu fram í nál. að nefndin varð ekki einhuga í afstöðu sinni til frv. og meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj. Minni hlutarnir gera grein fyrir sínum álitum.

Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er flutt í tengslum við þau frv. sem hér hafa verið til umfjöllunar og varða þá skattkerfisbreytingu sem þar er gert ráð fyrir. Þetta frv. er afskaplega einfalt í sniðum, örfáar frumvarpsgreinar. Meginbreytingin sem það felur í sér er útsvarsprósentan, prósentan af útsvarsstofni. Í frv. er gert ráð fyrir því, eins og það var lagt fram, að prósentan yrði ekki hærri en 7%, að útsvarið yrði ekki hærra en 7% af útsvarsstofni, en heimild til hækkunar og lækkunar.

Það hafa orðið allmiklar umræður um það hvort þessi 7% væru nægjanlegt hámark til þess að tryggja sveitarfélögunum sambærilegar tekjur og hið eldra kerfi hefur gefið. Um þetta var m.a. fjallað á fulltrúaráðsfundi sveitarfélaganna sem haldinn var í Borgarnesi á dögunum. Þar kom fram, hafði komið fram áður og hefur komið fram síðar að sveitarstjórnarmenn telja 7% ekki nægjanleg til þess að gefa sambærilegar tekjur við það sem eldra kerfið gefur. Á þeim fulltrúaráðsfundi sem ég nefndi var reyndar álit fundarins að útsvarsálagningin ætti að vera alveg frjáls. Það ætti að vera í valdi sveitarfélaganna sjálfra að ákveða útsvarsprósentu án afskipta annarra stjórnvalda.

Niðurstaða um meðferð þessa máls hefur hins vegar orðið sú að atvikaröð um álagningu verði sú

sem frv. gerir ráð fyrir en nefndin flytur brtt. við 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að útsvarið verði að hámarki 7,5% af útsvarsstofni. Það er brtt. sem nefndin flytur og eina breytingin sem lögð er til af hálfu meiri hl. nefndarinnar að gerð verði á frv. Ákvæði um hækkun og lækkun útsvars eru óbreytt. Það eru engar brtt. gerðar í því sambandi eins og fram kemur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um þetta frv. frekar. Það hefur í sjálfu sér ekki verið dregið í efa að sú prósenta sem lögð er til með breytingunni, 7,5%, gefi sveitarfélögunum þrátt fyrir allt jafnmikla og meiri möguleika til tekjuöflunar borið saman við hið eldra kerfi.

Undir meirihlutaálitið rita sá sem hér stendur og eftirtaldir hv. alþm.: Valdimar Indriðason, Björn Dagbjartsson og Salome Þorkelsdóttir.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. félmn. sem er að finna á þskj. 796. Eins og þar kemur fram er það frv., sem hér er nú til 2. umr., flutt samhliða þeim frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem hafa verið til umræðu hér í hv. deild í dag.

Hvað varðar heildarálit á þeirri skattkerfisbreytingu sem frv. sem við erum nú að ræða er hluti af vísa ég til þess sem ég hef sagt í umræðunum í dag um hin frv. og eins þess sem fram kemur í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um þau og endurtek ekki að öðru leyti það sem ég hef við þessa skattkerfisbreytingu að athuga.

Hvað varðar það frv. sem hér liggur fyrir hef ég flutt við það þrjár brtt. á þskj. 797. Brtt. eru gerðar við 2., 3. og 8. gr. frv. og þær miða allar að því að gefa sveitarstjórnum sjálfdæmi um álagningu útsvars og aðstöðugjalda í hverju sveitarfélagi. Samkvæmt þessum breytingum eru sveitarstjórnir ekki bundnar af neinum ákvæðum um hámarksskattlagningu á tekjur eða rekstur í sveitarfélaginu. Þær eru óbundnar af hálfu Alþingis. Telja verður eðlilegt að leggja ákvörðunarvaldið í þessum málum í hendur sveitarstjórna þar sem þær eru kjörnar í almennum kosningum og standa þar skil ákvarðana sinna.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þær skattkerfisbreytingar sem eru á ferðinni og þetta frv. er hluti af munu þýða að skerðing á tekjum sveitarfélaganna á næsta ári verði nálægt 900 millj. kr. Og við sem hér sitjum stjórnum ekki sveitarfélögunum í landinu. Ég tel því alfarið rangt að við setjum lög sem fela í sér þvílíka skerðingu á tekjum sveitarfélaganna án þess að við berum ábyrgð á stjórnun og meðferð fjármuna í sveitarfélögunum í almennum kosningum. Þetta eru ein rök fyrir því að ég legg til að 7% hámarkið, sem meiri hl. ætlar að færa upp í 7,5%, verði fellt út úr þessu frv. og sveitarstjórnum gefnar óbundnar hendur með það hvernig þær haga þessari tekjuöflun sinni.

Ég vil láta það koma fram að þetta er einnig skoðun þeirra aðila frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem komu á fund hv. félmn. út af þessu máli og að sveitarfélögin leggja mikla áherslu á að hafa óbundnar hendur í þessum efnum.

Sveitarstjórnir hljóta í tekjuöflun sinni bæði að taka mið af þörfinni fyrir tiltekna þjónustu í sveitarfélaginu og gjaldþoli útsvarsgreiðenda og atvinnurekstrar þannig að við hljótum að gera því skóna að sveitarstjórnarmenn séu færir um að vega og meta tekju- og gjaldahlið sinna fjárhagsáætlana og í stakk búnir til að standa sjálfir skil þeirra í almennum kosningum.

Sú breyting sem tillaga er gerð um við 2. gr. frv. gerir sveitarstjórnum auk þess kleift að leggja á breytilegt útsvar eftir tekjum gjaldenda. Þannig getur sveitarstjórn beitt útsvarinu til tekjujöfnunar en er ekki bundin af ákvæðum laga um að henni beri að leggja sama hundraðshluta á alla íbúa í sveitarfélaginu.

Brtt. við 3. gr. er í eðlilegu framhaldi af því sem hér segir. Fái sveitarstjórnir sjálfdæmi í þessu efni er heimildarákvæði um 10% hækkun eða lækkun útsvara óþarft. Því er lagt til að þetta heimildarákvæði verði fellt út.

Þær breytingar sem ég legg til á þskj. 797 að verði gerðar á þessu frv. eru í samræmi við einróma samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 15. des. 1983 en tillaga að þeirri samþykkt var borin fram af fulltrúum Kvennaframboðsins og var eins og áður segir samþykkt einróma, en hún er svohljóðandi:

„Vegna þeirrar skoðunar sem nú fer fram á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga beinir borgarstjórn Reykjavíkur eftirfarandi tilmælum til félagsmálaráðherra:

1. Ákvæði um álagningu fasteignagjalda verði rýmkuð þannig að sveitarstjórnir fái aukið svigrúm til að veita tekjulitlum hópum afslátt af fasteignagjöldum.

2. Ákvæði um álagningu útsvars verði breytt á þann veg að ákvörðunarvaldið verði algjörlega í höndum sveitarfélaga en ekki takmarkað eins og nú er af ákvæðum um hámarksútsvar og að sami hundraðshluti skuli lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi."

Það er ljóst að það er meirihlutavilji a.m.k. í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir þeim breytingum sem hér eru lagðar til og eftir því sem best verður séð af því sem komið hefur til nefndarinnar um vilja annarra sveitarstjórnarmanna, einnig í öðrum sveitarstjórnum. Með þeim breytingum sem ég geri tillögu um á þskj. 797 legg ég til að frv. verði samþykkt. Verði þessar brtt. ekki samþykktar mun ég sitja hjá við afgreiðslu frv.

Frsm 2. minni hl. félmn. (Helgi Seljan):

Herra forseti. Þetta frv. er kannske ekki stórt í sniðum en hefur þó býsna mikil áhrif og það eru margir óvissuþættir varðandi það sem eðlilegt er þegar það snertir þá gífurlegu skattkerfisbreytingu

sem er verið að gera. Ég get ekki mælt með samþykkt þessa frv. í óbreyttri mynd. Ég tel hins vegar þær brtt. sem því eru tengdar til bóta, þ.e. annars vegar brtt. meiri hl. félmn. um að færa útsvarsprósentuna þó upp í 7,5%, hámarkið, og hins vegar þá brtt. sem samþykkt var varðandi tekju- og eignarskattinn að færa gjald ríkisins af innheimtu útsvari úr 1% niður í 0,5%.

Ég tel að þrátt fyrir ýmsar skýringar og útreikninga sé fjölmargt enn óljóst um afleiðingar þessa nýja fyrirkomulags fyrir hin mörgu og mismunandi sveitarfélög í landinu. Við í nefndinni fengum, og ber að þakka það, nokkra útreikninga um hin ýmsu sveitarfélög, bæði smá sveitarfélög og kaupstaði, hvernig útkoma þeirra yrði samkvæmt þessum nýju lögum og þar skeikaði vissulega nokkru. Ég þykist vita að það muni vera rétt, sem kom fram í máli hv. frsm. meiri hl. áðan, að sum sveitarfélög muni geta fengið allnokkru hærri tekjur út úr þessu en það er líka alveg eins líklegt að önnur fari verr út úr því og býsna blint í sjóinn rennt þrátt fyrir alla útreikninga um það hvernig lokaniðurstaðan verður.

Aðalmálið er kannske það að Samband ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögin í heild hafa afar takmarkað fjallað um frv. en á ráðstefnu í Borgarnesi á vegum sveitarfélaganna komu fram ýmsar efasemdir um það hversu þessi nýja skipan mundi reynast. Hv. frsm. meiri hl. og hv. frsm. 1. minni hl. komu reyndar báðir inn á þetta áðan. Þar var bent á óvissuþætti varðandi það meginatriði er snertir útvíkkun skattstofns þess sem leggja skal á, deilt á þá tilhögun að skerða vald sveitarfélaga til álagningar, enda ábyrgðin þeirra, og eins lýst andstöðu við það að samþykki félmrh. þurfi til að hreyfa útsvarsprósentu frá fjárhagsáætlun.

Sama er að segja um andstöðu við þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars sem er raunar í öðru frv., segir hér í mínu nál., en brtt. þar um var felld hér áðan, þ.e. að fella þessa þóknun niður með öllu að tillögu hv. þm. Stefáns Benediktssonar þannig að það mál er í raun og veru úr sögunni hér með, a.m.k. í Ed. Það er ljóst að samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra hafa verið í lágmarki við allan frágang þessa frv. enda segir í samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga í Borgarnesi 21. febr. s.l., með leyfi herra forseta:

„Að öðru leyti gerir fulltrúaráðið ekki athugasemdir við frv. en það telur miður að undirbúnar séu breytingar á lögunum með þeim flýti sem raun ber vitni um án þess að samhliða séu gerðar víðtækari breytingar á tekjustofnalögunum í samræmi við þær tillögur sem fyrir liggja frá stjórnskipaðri nefnd og athugasemdir sveitarstjórna við þær."

Að öðru leyti, eins og ég tók fram í upphafi, tengist þetta frv. þeirri heildarskattkerfisbreytingu sem verið er að koma á. Alþb. var við afgreiðslu tekju- og eignarskattsfrv. áðan með veigamiklar tillögur sem miðuðu að því að skattbyrði almennings yrði minni og betri skil yrðu á gróða fyrirtækjanna í landinu yfir til samfélagsins. Þær tillögur voru því miður felldar og batnar frv. ekki við það út af fyrir sig.

Undirritaður vísar til þeirra tillagna, segir svo síðast í þessu nál., sem óneitanlega snerta þetta frv. Ég mun láta það vera þó að vissulega væri ærið tilefni til þess á margan veg að fara nánar út í afstöðu mína til þessa máls og þá fljótaskrift sem hefur verið á því, reyndar eins og þessum málum öllum samtengdum. Ég vil hins vegar láta það koma fram að samkvæmt þeim ágreiningsatriðum eða ádeiluatriðum sem ég hef vikið að get ég tekið undir brtt. frá hv. 1. minni hl. félmn., Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Þær tengjast allar sjálfræði sveitarfélaga um tekjustofna sína. Síðasta tillagan er að vísu um aðstöðugjaldið, þ.e. að 38. gr. falli niður, um hámark aðstöðugjaldsins, en það gildir auðvitað sama um það og útsvarið í raun og veru að þar er ríkisvaldið að setja sveitarfélögunum ákveðin takmörk einnig. Það sama gildir því um það.

Verði þessar brtt. varðandi sjálfræði sveitarfélaganna í þessum efnum ekki samþykktar greiði ég ekki atkvæði með þessu frv. í heild sinni.

Frsm. 3. minni hl. félmn. (Stefán Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 804 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Þetta nál. er frá svokölluðum 3. minni hl. félmn. Til að byrja með, svo að ég vísi til skjalsins sjálfs, verður að viðurkenna að á því er ámóta fljótaskrift eins og því frv. sem hér er verið að fjalla um. Þar kemur fram að ég get ekki mælt með samþykkt frv. óbreytts og segir þar enn fremur, með leyfi herra forseta:

„Greinilegt er að sú lækkun á útsvari, sem frv. gerir ráð fyrir, er of mikil þegar litið er til mismunandi aðstæðna sveitarfélaga og virðist því eðlilegt að taka undir kröfu sveitarstjórnarmanna um að fellt verði úr frv. takmarkandi ákvæði um hluta útsvars af útsvarsstofni og að sú ákvörðun verði í höndum þeirra sem bera pólitíska ábyrgð á afkomu sveitarfélaganna."

Strjálbýlishreppar á Íslandi munu vera um 150–160 að tölu. Eftir því sem sveitarstjórnarmenn hafa upplýst, og munu þeir þar vera að vitna í gögn sem fengin eru frá fjmrn., er það sýnt að í mörgum ef ekki allflestum þessara strjálbýlishreppa verða nær engar eða mjög litlar útsvarstekjur. Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði þá það sem á vantar til þessara sveitarfélaga en augljóst er að illa mun ganga að reka þessi sveitarfélög öðruvísi en að breytt verði fyrirhuguðum áformum um greiðslumáta úr ríkissjóði til þessara sveitarfélaga og einsýnt að það verður að breyta því til þeirrar áttar að greiðslur komi mánaðarlega til sveitarfélaganna ef vel á að vera. Það hlýtur að liggja í augum uppi að ekkert sveitarfélag, og síst kannske lítil sveitarfélög, stendur undir því að taka að láni það sem á vantar til þess að endar nái saman til jafnlangs tíma og gert er

ráð fyrir í áætlunum ríkisstjórnarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að kalla þessi frv. nánast frekar áætlanir heldur en lagafrv. því að, eins og ég sagði í máli mínu áðan, miðað við það hvað fljótaskriftareinkennin eru áberandi á öllum þessum frv., er þetta nánast ekkert annað en þáltill. í frumvarpsformi.

„Eins verður ekki séð", segir enn fremur í nál., „hvaða nauðsyn ber til að félmrh. ákveði hvort sveitarfélög megi ná endum saman í rekstri sínum." Minna má á að sveitarstjórnir hafa ekki möguleika til yfirdráttar í Seðlabanka eins og ríkissjóður þannig að það er alvarlegra mál fyrir þær en ríkissjóð ef endar ná ekki saman.

Það hefur gjarnan verið notað sem röksemd fyrir áætlunum ríkisstjórnar í þessum málum að sveitarstjórnir byggi áætlanir sínar á svartsýni og því séu þær yfirleitt í hærri kantinum. Á móti hafa sveitarstjórnarmenn svarað því til að áætlanir ríkisstjórna séu yfirleitt byggðar á of mikilli bjartsýni og að ríkisstjórnir hafi þar að auki þann möguleika, sem hér er getið um, að ef endar ná ekki saman hafa þær lánastofnun sem þær geta gengið að en það hafa sveitarfélögin ekki.

Að vísu má viðurkenna það að gert er ráð fyrir talsverðri viðbót við útsvarsstofninn, að því er virðist allt að 11%. Þar er um nokkuð marga liði að ræða en þyngst vega elli- og örorkulífeyrir og aðrar tekjur frá tryggingakerfinu, niðurfelling námsfrádráttar og niðurfelling eða lækkun frádráttar vegna ökutækjastyrkja, dagpeninga og fleiri hlunninda. Þá ber þess að gæta að það er rökstuddur grunur um það að áætlanir ríkissjóðs um tekjur ríkis og sveitarfélaga af ökutækjastyrkjum og dagpeningum og fleiri hlunnindum séu byggðar á nokkuð mikilli bjartsýni og því það óraunsæjar að ekki verði með góðu móti hægt að líta á þær sem raunverulega breikkun útsvarsstofns.

Sveitarstjórnarmenn sjálfir segja að eðlilegast væri að þeir hefðu frjálsa heimild til þess að ákveða hluta útsvars af útsvarsstofni. Um það flytur hv. 11. þm. Reykv. hér brtt. og mun ég styðja hana.

Fleiri atriði má gagnrýna í sambandi við frv., en þau lúta e.t.v. ekki að þessu frv. beint heldur að þeim frv. sem við höfum hér verið að ræða og afgreiða, en eru engu að síður vel þess virði að hugleiða.

Í fyrsta lagi er það ákvæði sem fram kemur í 32. gr. staðgreiðslufrv. sem hér var verið að vísa til Nd. fyrir stuttu um 0,5% gjald sveitarfélaga til ríkisins vegna þess kostnaðar sem af framkvæmd allra þessara frv. leiðir ekkert annað en bein hækkun útsvars um þessa prósentu og verður að taka undir þá skoðun sveitarstjórna að þetta er með öllu ósamþykkjanlegt. Sérstaklega með tilliti til þess að eins og gert er ráð fyrir að innheimtunni verði háttað er ekki fyrirsjáanlegt að kostnaður sveitarstjórna af innheimtu minnki neitt.

Enn fremur telja sveitarstjórnarmenn að sú tilhögun innheimtunnar sem þessi frv. gera ráð fyrir, og þá er aftur verið að vísa til staðgreiðslufrv., hlutverk skattstjóra sem ætlað er að auka í innheimtuframkvæmdinni, sé með öllu óraunsæ. Benda sveitarstjórnarmenn minni sveitarfélaga á hvernig staðið er að innheimtu af hálfu gjaldheimtu eða sveitarstjórna þar sem tekjurnar nást ekki inn á tilsettum tíma öðruvísi en þeir menn sem eru ábyrgir fyrir innheimtu þeirra setjist við símann og hringi í viðkomandi gjaldendur og minni þá á að greiða á tilsettum tíma. Það er með öllu óraunsætt að ætla að skattstjórar vinni með þeim hætti nema þá að starfslið þeirra verði stóraukið og þar af leiðandi aukinn kostnaður af innheimtunni. Þá eru þau áform sem margyfirlýst hafa komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að engu orðin, þ.e. að kostnaður af þessum breytingum eigi ekki að verða verulegur. Þess vegna segi ég í nál., með leyfi frú forseta:

„Gerð hefur verið sú athugasemd við innheimtuáform staðgreiðslufrv. að þau beri hreint og beint vott um algera vanþekkingu á framkvæmd innheimtu í smærri sveitarfélögum. Innheimtan á ekki að vera í höndum skattstjóra heldur gjaldheimtu eða sveitarstjórna, annars nást tekjurnar ekki inn."

Eins og ég benti á áðan í máli mínu missa sveitahreppar sumir verulegar tekjur. Þar hlýtur að verða að gera einhverja bragarbót á þessum frv. til þess að tekjurnar skili sér til þeirra fyrr en áætlað er. Þegar litið er til Jöfnunarsjóðsins er greinilegt að hann verður óvirkur alveg fram yfir mitt næsta ár því að menn vita ekki hver skiptingin á að verða úr sjóðnum fyrr en í ljós kemur hver álagningin verður. Ég held að það verði að reyna að bregðast við þessu á þingi í haust, áður en lögin taka gildi, að breyta þessu með einhverjum þeim hætti að Jöfnunarsjóðurinn geti gagnast sveitarfélögunum jafnharðan en þau þurfi ekki að bíða eftir greiðslum úr honum í heilt ár. Eins og ég gat um áðan eru flest sveitarfélögin alls ekki þess megnug að standa undir því að fjármagna framkvæmdir sínar sjálfar í þetta langan tíma og því upp á ríkið komin með að fá þær tekjur sem þeim ber eins ört og takturinn er í innheimtunni sjálfri.

Af þeim yfirlitum sem fram eru komin frá fjmrn. má ráða að tekjur sumra sveitarfélaga lækki um 9% þó miðað sé við hækkun á innheimtuhlutfalli útsvarsins sem þegar hefur verið samþykkt. Það virðist benda til þess að geti menn ekki samþykkt þá kröfu sveitarstjórnarmanna að ákvörðunin um hluta útsvars af útsvarsstofni verði á þeirra ábyrgð sé tilefni til að flytja till. um það við afgreiðslu þessa frv. að innheimtuhlutfallið verði 10% að hámarki, eins og það var í gömlu lögunum, þannig að aðstæðum allra sveitarfélaga sé sem næst því mætt.

Að þessum hlutum upp töldum er ljóst að ég á erfitt með að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts. Verði þær brtt. sem fram eru komnar og ég hef lýst yfir að ég muni styðja ekki samþykktar mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 797,1 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 789 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 797,2 felld með 11:5 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.–7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 797,3 felld með 11:5 atkv.
8.–9. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699, n. 757.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum um lögreglumenn nr. 56/1972, með síðari breytingum. Nefndin hefur rætt frv. og kallaði til viðræðu William Möller, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, og Einar Bjarnason og Þorgrím Guðmundsson frá Lögreglumannafélaginu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Stefán Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

53. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 52. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 810 (sbr. 603).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögreglumenn, 3. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi hér fram og verði fært inn í þingtíðindi að fulltrúar Lögreglumannafélagsins vildu sér í lagi koma því á framfæri við nefndina og við hv. þm. almennt að þeir hefðu áhyggjur af og vöruðu mjög við öllum vopnaburði lögreglunnar. Þeir óttuðust mjög þau andsvör sem það kynni að kalla á og vildu eindregið koma aðvörunum varðandi þetta á framfæri við þessa þingnefnd og Alþingi um leið. Ég tel mér skylt að gera þetta. Ég veit að það hefur einungis verið af vangá sem þetta féll niður hjá hv. frsm. því nefndin var sammála um að koma á framfæri við þingheim að greina frá þeim boðum þeirra sem gleggst þekkja til hér að þeir vöruðu við öllum tilhneigingum í þá átt ef það væri meiningin og ætlunin að gera eitthvað slíkt.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta orð hv. 2. þm. Austurl. Það hefur sennilega verið fyrir hvað langt var liðið á kvöld að þetta féll niður úr framsöguræðu minni. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

54. fundur, mánudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249, n. 737.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. félmn., sem hefur fjallað um frv. til laga um niðurfellingu laga nr. 54/1981, um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna. Hér er um að ræða frv. sem

gerir ráð fyrir því, eins og kemur fram í lok grg. með frv., að Landkaupasjóður ríkisins verði sameinaður Lánasjóði sveitarfélaganna, en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum, 24. október 1986, að höfðu samráði við stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, að beina þeim tilmælum til hæstv. félmrh. að þetta gerðist.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

55. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 54. fundi.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (afnám laga). — Þskj. 249.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 799).

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 207, n. 752, 777 og 779, brtt. 753, 775, 776.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er birt á þskj. 752. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Sverrir Sveinsson og Guðmundur Bjarnason. Minni hlutar eru tveir og munu þeir hafa skilað inn sérálitum og verður gerð grein fyrir þeim hér síðar á þessum fundi.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fjölmörgum fundum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 753.

Fjöldi manna kom á nefndarfundi og gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum. Umsagnir bárust frá nokkrum aðilum.

Ég tel ástæðu til að benda sérstaklega á nokkrar brtt. sem fluttar eru á þskj. 753.

Í fyrsta lagi er gerð till. til breytingar á 27. gr., en sú grein fjallar um tollumdæmi. Þar eru gerðar þrjár brtt. Í fyrsta lagi er gerð sú brtt. að á eftir orðinu „Kjósarsýslu“, sem er í 1. tölul., komi: þó ekki Bessastaðahreppur. Það þýðir að Bessastaðahreppur mun áfram tilheyra öðru tollumdæmi, þ.e. Hafnarfjarðartollumdæmi sem um getur í 25. tölul. sömu greinar. Þá er í b-lið 10. brtt., við 27. gr. lagafrv., gerð till. um að Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur tilheyri eftir sem áður sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en renni ekki undir umdæmi tollstjórans á Akranesi. Þriðja breytingin er innifalin í þeirri sem ég lýsti fyrst.

Þá er við 28. gr., sem fjallar um aðaltollhafnir og tollhafnir, gerð sú breyting að til viðbótar þeim 13 aðaltollhöfnum, sem um getur í 28. gr. frv., kemur ný tollhöfn sem er Sauðárkrókur.

Þá vil ég geta þess að meiri hl. nefndarinnar gerir till. til breytinga á 33. gr. frv. þar sem Tollgæsla Íslands er nefnd á nafn. Og nú segir skýrum orðum, með leyfi forseta:

„Við embætti ríkistollstjóra starfar Tollgæsla Íslands undir stjórn tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri skal fullnægja skilyrðum um embættisgengi sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Tollgæsla Íslands skal hafa með höndum tolleftirlit á tollsvæði ríkisins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Þetta er gert til þess að það sé skýrt undir hvern og hvar Tollgæsla Íslands starfar en nefndarmeirihlutanum þótti sem ekki væri nægilega skýrt kveðið á um þetta atriði í lagafrv.

Meiri hl. nefndarinnar gerir, auk margra annarra brtt., till. sem er 18. till. á þskj. 753 og er við tollkrítarákvæði lagafrv., en þar er gert ráð fyrir því að greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum lengist úr einum mánuði að meðaltali í tvo mánuði, eins og segir í 18. brtt. meiri hl. á þskj. 753.

24. brtt. á sama þskj. fjallar um það að ráðherra sé skylt með reglugerð að ákveða hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tolleftirliti, og að krafa þessi njóti lögtaksréttar. Hér er verið að leggja áherslu á að öll venjuleg störf tollstarfsmanna eru auðvitað eins og önnur samsvarandi störf, löggæslustörf, unnin á kostnað íslenska ríkisins, en sé um sérstök störf að ræða þá skal innheimta gjöld af þeim sem starfið beinist að.

Í 25. brtt. á þskj. 753 er gert ráð fyrir því að við 146. gr. frv. bætist við orðin „að höfðu samráði við Hagstofu Íslands“ og þá orðast lagagreinin þannig, ef frv. verður samþykkt:

„Ráðherra setur nánari reglur um skil tollyfirvalda á aðflutnings- og útflutningsskjölum og öðrum

gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.“

Þetta er í samræmi við ábendingu sem kom frá hagstofustjóra um nauðsyn á samráði fjmrn., tollstjóraembættisins og Hagstofu Íslands hvað varðar skráningu aðflutnings- og útflutningsskjala.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara ítarlega í aðrar þær brtt. sem birtast á þskj. 753. Það er ljóst að verði þetta frv. að lögum er stefnt að því að gera tollmeðferð á vörum einfaldari og nútímalegri en hún er í dag. Yfirstjórn tollamála verður skýrari og úrskurðarvaldið er flutt úr ráðuneyti til ríkistollanefndar, en það eru svipuð ákvæði og nú gilda um skattalög þar sem nú starfar ríkisskattanefnd og ríkisskattstjóri. En með lagafrv. er verið að gera tillögur til breytinga á núverandi skipan í tollamálum þannig að þessi lög falli að skattalögum hvað þetta snertir. Nýmæli í lagafrv. eru þau að nú eru skýr ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, eða tollkrít, og benda má reyndar á önnur atriði eins og ákvæði um tollfrjálst svæði, en þetta hlýtur hvort tveggja að teljast merk nýmæli.

Herra forseti. Meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem meiri hl. gerir á áðurgreindu þskj.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða eitt af viðamestu málum þingsins, að því er greinafjölda varðar a.m.k., og hefði verið eðlilegast að gefa sér betri tíma til að afgreiða málið en nú er kostur á þegar stutt er til þingslita. Meiri hl. hefur hins vegar ákveðið að hætta á það að afgreiða málið núna. Ég segi hætta á vegna þess að hér er of hratt í sakirnar farið og auðvitað bein hætta á því að þess vegna verði lagasmíðin ekki eins vönduð og hún þarf að vera varðandi þetta mikilvæga svið okkar efnahagsmála og tekjuöflunar ríkisins.

Í samræmi við þessa skoðun mína hef ég gefið út nál., sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn., á þskj. 777 þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hl. treystir sér ekki til að ganga frá afgreiðslu þessa máls þar sem ekki hefur unnist nægur tími til að fara yfir það sem vert væri. Hér er um að ræða þýðingarmikla löggjöf og hefði því verið eðlilegt að gefa Alþingi góðan tíma til að fjalla um hana eftir kosningar. Hætta er á að þegar Alþingi afgreiðir mál í flaustri sé þar ekki farið eins nákvæmlega yfir málin og nauðsynlegt verður að teljast.

Þar sem meiri hl. kýs engu að síður að knýja málið fram flytur undirritaður nokkrar brtt. á þskj. 775. Enn fremur mun undirritaður greiða atkvæði um nokkrar brtt. meiri hlutans en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins.“

Ég mun þessu næst, herra forseti, gera grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt, en þó kannske áður en ég kem að þeim taka fram að sumt af brtt. meiri hl. nefndarinnar er auðvitað til bóta. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til að lengja tollkrítina, eins og hér er gerð till. um, úr einum mánuði í tvo mánuði, en frv. gerir ráð fyrir einum mánuði að meðaltali, sem verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, frá þeim tíma er far kom á ákvörðunarstað eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu, eins og það er orðað í 109. gr. frv. Ég tel eðlilegt að halda sig hér við upphaflega tillögu fjmrh. og ríkisstjórnarinnar í þessu efni og ástæðulaust að vera að lengja tollkrítina. Það þýðir aukið tekjutap fyrir ríkið, verulega aukið tekjutap fyrir ríkið um skeið. Í annan stað teldi ég eðlilegra að hinkra og hafa þetta einn mánuð til að byrja með. Menn geta þá lengt það síðar meir ef reynslan af þessu kerfi verður góð. Mér finnst sem sagt óþarfi að ganga eins langt og meiri hl. leggur þarna til og mun því fyrir mitt leyti ekki styðja þá till. nefndarinnar.

Ég kem þá að þeim brtt., herra forseti, sem ég flyt á þskj. 775. Það er þá fyrst brtt. við 14. gr. frv.

Í 14. gr. frv. hljóðar 3. mgr. svo:

„Í reglugerð eða með öðrum hætti getur ráðherra einnig heimilað afhendingu vöru eða sendingar án þess að á þeim tíma liggi fyrir aðflutningsskýrsla, enda hafi farmflytjandi skráð vöruna skv. 3. mgr. 53. gr., en aðflutningsskýrsla skal þá afhent tollyfirvaldi innan tiltekins frests sem ákveðinn sé í reglugerð eða öðrum fyrirmælum.“

Ég held að í rauninni sé þessi málsgrein algjörlega óþörf og þarna sé opnað fyrir það að ráðherra fái heimild til þess að láta afgreiða vöru án þess að nauðsynlegir pappírar séu til. Ég held að það sé gjörsamlega óeðlilegt að opna tollalögin með þessum hætti. Það þýði að misbrestur verði á skýrslugjöf, og er nú nóg samt í þeim efnum þar sem það er ljóst eins og allir þekkja að skýrslugjöf í sambandi við tollamál er afar ófullkomin hér á landi.

Ég legg þess vegna til í fyrsta lagi, varðandi 14. gr., að 3. mgr. falli niður.

Í öðru lagi geri ég tillögu um það, ef greinin verður ekki felld niður, að aftan við greinina bætist, ég flyt þá varatillögu: enda séu skjölin fullnægjandi að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

Eins og kunnugt er á Hagstofan að halda innflutningsskýrslur og til þess að bráðabirgðaafgreiðsla sé í lagi er auðvitað algjört lágmark að Hagstofan hafi aðgang að fullnægjandi skjölum. Það er ekki gert ráð fyrir því í greininni eins og hún lítur út hér og þess vegna legg ég til að við hana bætist orðin: enda séu skjölin fullnægjandi að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

Þá geri ég till. um að breyting verði á 16. gr. frv. og þar bætist við ný málsgrein á þessa leið:

„Innflytjandi eða umboðsmaður hans fá ekki afhenta vöru nema frágangur aðflutningsskýrslna sé í samræmi við lög þessi.“

Það kom fram í viðræðum við fulltrúa Tollvarðafélagsins og fjölmarga fleiri aðila við meðferð málsins í nefndinni að frágangur skýrslna af hálfu innflytjenda er satt að segja mjög slakur hér og mjög oft ábótavant. Talsmenn Tollvarðafélagsins tóku þannig til orða að meiri hlutinn af þeirra starfstíma

færi í stílaleiðréttingar. Þeir áttu þá við að þeir þyrftu að standa í því að leiðrétta þær skýrslur sem innflytjendur gefa. Og tekið var undir það af fulltrúum Hagstofunnar að skýrslugjöf í sambandi við innflutning væri afar ófullkomin og slök. Þess vegna legg ég til að aftan við 16. gr. bætist ný málsgrein um að innflytjandi eða umboðsmaður hans fái ekki afhenta vöru nema frágangur aðflutningsskýrslna sé í samræmi við lög þessi.

Í þriðja lagi flyt ég brtt. við 37. gr. frv., en hún fjallar um ríkistollanefnd. Þar segir:

„Ráðherra skipar þrjá menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn."

Ég held að það sé mjög mikilvægt að ríkistollanefnd sé þannig skipuð að ákvarðanir hennar verði taldar fullgildar og þar sé gætt óhlutdrægni í hvívetna. Í brtt. minni geri ég þess vegna ráð fyrir að aftan við orðin „Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum" bætist orðin: enda séu þeir óháðir innflutningsaðilum. Sem sé að áður en skipað er í ríkistollanefnd verði vandlega gengið úr skugga um að það séu ekki hagsmunaaðilar sem eru að skipa menn í nefndina.

Auðvitað mætti hugsa sér að þetta væri með þeim hætti að neytendur kæmu þarna við sögu annars vegar og innflytjendur hins vegar, en ég hygg þó að besta fyrirkomulagið sé það að það sé einfaldlega tryggt sem best að allir þeir aðilar sem skipa ríkistollanefnd séu óháðir innflutningsaðilum, hvort sem um er að ræða neytendur eða innflytjendur sjálfa.

Þá flyt ég, herra forseti, brtt. við 115. gr. frv. Það er við kafla frv. sem fjallar um undirboðs- og jöfnunartolla. Eins og kunnugt er þá er mikið um það að íslenskir atvinnuvegir verða að þola samkeppni frá alls konar erlendum undirboðsaðilum. Hins vegar hefur ekki verið hægt að sanna þessi undirboð sem skyldi í samræmi við þau lög sem í gildi eru og þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Þess vegna tel ég að það sé nauðsynlegt að herða á ákvæðum þessara laga varðandi undirboðs- og jöfnunartolla og skylda fjmrn. til þess að hafa frumkvæði að því að fylgjast með því hvort um sé að ræða undirboð sem geti stofnað íslenskum atvinnurekstri í hættu.

Í 119. gr. frv. segir:

„Ráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðum fyrir álagningu þeirra."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að ráðherra skýri Alþingi frá þessum niðurstöðum þegar hann telur rétt að leggja á undirboðs- og jöfnunartolla.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að ganga þarna mikið lengra, það eigi að fela fjmrh. að fylgjast reglulega með hugsanlegum undirboðum á íslenskum markaði og hann geri það með þeim hætti að hann geri Alþingi árlega grein fyrir niðurstöðum sínum í þessum efnum, hvort sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að leggja eigi á undirboðs- og jöfnunartolla eða ekki, að honum verði gert að skyldu að fylgjast með þessu rækilega og gera Alþingi grein fyrir þeim málum.

Í fimmta lagi, herra forseti, flyt ég brtt. sem lýtur að hinu sama, um að ráðherra geri Alþingi árlega grein fyrir rannsókn á undirboðum á íslenskum markaði og hann geri það með skýrslu sem hann sendi Alþingi til meðferðar.

Í sjötta lagi geri ég þá brtt. að 129. gr. frv. flytjist aftur fyrir frv. og verði ákvæði til bráðabirgða. Þar er gert ráð fyrir því eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjáls til landsins, samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda skv. þeim lögum."

Ég tel algjörlega óeðlilegt að hafa ákvæði af þessu tagi inni í almennum lögum. Ég teldi eðlilegra, ef hægt er að tala um eitthvað eðlilegt í sambandi við hersetuna, þá teldi ég illskárra að þetta ákvæði væri í raun og veru inni sem ákvæði til bráðabirgða vegna þess að við höfum verið þeirrar skoðunar og þeir sem hafa staðið fyrir hersetunni hér á landi hafa yfirleitt verið þeirrar skoðunar að hersetan væri bráðabirgðaástand en ekki varanlegt. Þess vegna flyt ég þá tillögu að þessu ákvæði 129. gr. verði breytt í ákvæði til bráðabirgða.

Ég vil svo að lokum taka það fram, herra forseti, varðandi brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. að þar sem lagt er til í 25. brtt., við 146. gr., að þar bætist við orðin „að höfðu samráði við Hagstofu Íslands" þá mun ég fyrir mitt leyti styðja þessa brtt. en að öðru leyti, eins og ég sagði áðan, sitja hjá við afgreiðslu málsins vegna þess að ég tel það ekki nægilega vel unnið af hálfu Alþingis og beinlínis varasamt fyrir Alþingi að ganga frá þessum viðamikla lagabálki upp á 150 greinar, sem hér liggur fyrir, án þess að gefa sér betri tíma til vandaðrar meðferðar.

Ég vara satt að segja við því að menn geri sér leik að því hér á næstu dögum að afgreiða svona flókin mál án þess að nokkur sýnileg ástæða sé til þess að þau verði endilega að afgreiða hér á næstu dögum. Það eru í raun og veru engin rök fyrir því að þetta mál mætti ekki alveg eins taka hér upp með haustinu.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að hér er um viðamikið frv. að ræða í allmörgum greinum og vafalaust hefði verið gott að geta skoðað það nánar en gert hefur verið. En það hefur þó verið til meðferðar í nefndinni í þó nokkurn tíma og hlotið allverulega skoðun. Ég tel þess vegna

að það sé rétt að afgreiða þetta frv. þó að menn geti kannske ekki verið fyllilega vissir um að hver einasta grein standist algjörlega prófun reynslunnar eða enn nákvæmari yfirferð en hefur átt sér stað.

Hér er um yfirlitsheildarlöggjöf að ræða sem að mínum dómi hefur skort mörg undanfarin ár og þó nokkuð mikils virði að koma henni nú til skila þó að menn hugsanlega kynnu að þurfa að lagfæra eitthvað í framtíðinni eins og kemur reyndar fyrir um mörg þau lög sem eru til umfjöllunar. Af þessum ástæðum mæli ég í raun með samþykkt þessa frv. með ákveðnum breytingum en hef fyrirvara um að fylgja brtt. sem þegar hefur verið lýst af 1. minni hl. nefndarinnar og eins af meiri hl. nefndarinnar.

Í þessu frv. er eitt atriði sem er ákaflega furðulegt og ég get alls ekki fellt mig við og tel reyndar vanhugsað eða eiginlega vanskapnað. Í frv. er nefnilega gert ráð fyrir því að tollstjórinn í Reykjavík verði jafnframt ríkistollstjóri. Það þýðir að tollstjórar um allt land eiga að vera undirsátar hans og undirsátar tollgæslustjórans í Reykjavík, sem er undirmaður tollstjórans í Reykjavík, sem svo aftur á að vera ríkistollstjóri samhliða eigin embætti. Sem ríkistollstjóri verður tollstjórinn í Reykjavík þá yfirmaður sjálfs sín, en jafnframt er þessum embættismanni í Reykjavík ætlað að vera yfirmaður tollstjóra um allt land þó að hér sé um hliðstæð embætti að ræða. Að því er tollgæslumálin varðar þá er það svo að tollstjórar úti um allt land, sýslumenn sem sagt, sem eru hliðstæðir embættismenn við tollstjórann í Reykjavík, eiga að vera undirmenn undirmanns tollstjórans þar sem tollgæslustjórinn er. Ég tel að þetta sé stjórnunarlegur vanskapnaður en jafnframt er augljóslega verið að draga vald í hendur eins embættismanns í Reykjavík og gera aðra hliðstæða og hliðsetta embættismenn úti á landi að undirmönnum þessa embættismanns í Reykjavík. Menn geta vitaskuld spurt sig þess, ef taka á upp þann hátt að tollstjórinn í Reykjavík sé jafnframt ríkistollstjóri, hvort það sama gæti þá ekki allt eins átt að gilda um skattstjórann í Reykjavík, því að hann væri ríkisskattstjóri. Ég skal ekki draga þann samjöfnuð lengra en hér er ákaflega furðulegur stjórnunarlegur vanskapnaður á ferðinni að mínum dómi og greinileg tilhneiging til þess að draga vald úr höndum embættismanna ríkisins úti um allt land og setja það undir einn hliðstæðan embættismann ríkisins í Reykjavíkurborg.

Hingað til hefur sú regla gilt að yfirstjórn tollamála í landinu væri í höndum fjmrn., við höfum ekki þurft neinn ríkistollstjóra, og þær brtt. sem ég flyt á sérstöku þingskjali og eru í allmörgum liðum eru efnislega um það eitt að yfirstjórn þessara mála sé áfram í höndum fjmrn. eins og verið hefur og ekki sé tekið upp þetta embætti ríkistollstjóra, sem síðan kemur svo annars staðar fram að eigi að vera í höndum tollstjórans í Reykjavík, og heldur ekki gert ráð fyrir því að útvíkka valdsvið undirmanns tollstjórans í Reykjavík þannig að hann sé orðinn yfirmaður hliðstæðra embættismanna við tollstjórann í Reykjavík, nefnilega tollstjóranna og sýslumannanna úti um allt land.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. SJS og GA, 399. mál (húsnæðissamvinnufélög). — Þskj. 726.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Sökum gamallar reynslu veit ég ekki nema það væri skynsamlegt að vara hv. 2. þm. Norðurl. e. við, hann hefur stundum viljað vera viðstaddur umræður um húsnæðismál og þá einkum og sér í lagi þegar rædd eru málefni húsnæðissamvinnufélaganna.

Ég mæli hér fyrir gömlum kunningja, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér er hv. 3. landsk. þm., Guðrún Agnarsdóttir.

Frv. gengur út á það að við lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist nýr kafli, IX. kafli, sem fjalli um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Efnisatriði þessa frv. hafa áður verið rakin í framsöguræðum fyrir því á tveim síðustu þingum og þarf því ekki að hafa mörg orð þar um. Það er einfaldlega gert ráð fyrir því að þessi húsnæðissamvinnufélög verði tekin inn í lögin og verði hluti af ákvæðum laga um félagslegar íbúðarbyggingar og með nokkuð ítarlegum hætti fjallað um það hvernig húsnæðissamvinnufélögin skuli byggð upp og starfrækt.

Í grg. er fjallað um þetta frv. og farið nokkuð yfir stöðu húsnæðismálanna og stöðu húsnæðissamvinnufélaganna eins og hún er nú á þessum vetrardögum 1987 þegar líður að lokum kjörtímabils hæstv. ríkisstjórnar. En eins og kunnugt er hafa málefni húsnæðissamvinnufélaganna verið meira og minna á dagskrá og meira og minna til umræðu allan þann tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið.

Nú er staðan sú, virðulegur forseti, að milliþinganefnd um húsnæðismál hefur skilað áliti sínu og það liggur fyrir að niðurstaðan þar hvað varðar húsnæðissamvinnufélögin er engin, þ.e. af hálfu hæstv. ríkisstjórnar stendur ekki til að festa nein ákvæði í lög um tilvist húsnæðissamvinnufélaganna og almennar yfirlýsingar milliþinganefndarinnar í þessa veru breyta þar í raun engu um. Skylt er þó að taka fram, og það er reyndar gert hér í grg. með því að birta kafla úr áliti milliþinganefndarinnar, að í umfjöllun sinni virðist nefndin almennt jákvæð gagnvart þessu húsnæðisformi, og vísast þar til grg. á bls. 6.

Niðurstaðan er engu að síður sú að þó að hæstv. félmrh. hafi aftur og aftur lofað mönnum því, heitið mönnum því og fullvissað menn um það að þetta mál væri til skoðunar og athugunar, þá er sandurinn

runninn úr stundaglasinu hjá hæstv. ráðh. hvað þetta varðar og ljóst að allar hans yfirlýsingar, sem ná þrjú og fjögur ár aftur í tímann, eru ómerkar orðnar.

Í áliti meiri hl. félmn. neðri deildar Alþingis, í apríl 19876, þegar til meðferðar voru breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í framhaldi af kjarasamningum það ár, varð það niðurstaða félmn. að fela milliþinganefnd það hlutverk að fjalla um húsnæðissamvinnufélög og fram komið lagafrv. um þau sem þá lá fyrir á þinginu og var 89. mál 108. löggjafarþings. Í hugmyndum frá milliþinganefndinni er lagt til að þetta frv. verði afgreitt sem fyrst og engar athugasemdir við það gerðar. Engu að síður virðist hæstv. ríkisstjórn ekki hafa komið sér saman á nokkurn hátt um meðferð málsins þrátt fyrir þessa niðurstöðu félmn. neðri deildar í apríl 1986 og afstöðu milliþinganefndarinnar, og hlýtur auðvitað að verða að harma það.

Þess er skylt að geta að þetta búsetufyrirkomulag, húsnæðissamvinnufélögin eða búseturéttarfyrirkomulag, er þegar að taka til starfa. Í byggingu er fjölbýlishús inni í Grafarvogi þar sem Búsetafélaginu í Reykjavík var úthlutað lóð og þangað flytja inn eftir u.þ.b. ár eða svo fyrstu íbúarnir sem ætla að búa á grundvelli þessa nýja kerfis. Það er auðvitað með öllu óviðunandi að fólk flytji inn í húsnæði án þess að það fyrirkomulag, sem bygging húsnæðisins er grundvölluð á, hafi sér einhverja stoð í lögum. Slíkt hefur mér vitanlega ekki oft gerst þegar um er að ræða byggingar á grundvelli félagslegs húsnæðiskerfis. Það má nefna að þegar byggingarsamvinnufélög tóku til starfa á sínum tíma voru sett lög um þau. Og yfirleitt hefur lagasetning um félagslegt húsnæði verið á undan en ekki eftir því að framkvæmdir hæfust sem eðlilegt má telja.

Það kom fram andstaða við búseturéttarfyrirkomulagið þegar það var fyrst kynnt og flutt í tillöguformi hér inni á Alþingi. Ein höfuðröksemd gegn því að rétt væri að taka upp þetta húsnæðisfyrirkomulag var að í því fælist þá mismunun gagnvart þeim sem væru að reyna að afla sér húsnæðis á hinum almenna markaði vegna þess að lánshlutfall og skilyrði yrðu mun hagstæðari innan búseturéttarkerfisins. Þess vegna gengi það ekki að hafa án verulegra takmarkana um tekjur eða aðstöðu að öðru leyti fyrirkomulag um húsnæðissamvinnufélög sem opnaði mönnum þannig leið án tillits til tekna inn í hið félagslega íbúðarkerfi. Þessi meginröksemd andstæðinga húsnæðissamvinnufélaganna á sínum tíma er nú hrunin þar sem sáralítill munur yrði á kjörum þeirra sem nytu hinna nýju ákvæða um lán frá Byggingarsjóði ríkisins og svo þeirra sem byggðu eða flyttu inn á grundvelli búseturéttar. M.ö.o.: Það er ekki lengur til staðar neinn umtalsverður munur á lánskjörum á hinum almenna markaði og þeim sem gert er ráð fyrir að stæði til boða aðilum innan húsnæðissamvinnufélaganna.

Ég vil einnig benda á það að kannanir hafa leitt í ljós mikinn stuðning við þetta form byggingarstarfsemi, búseturéttarformið, og reyndar við leiguíbúðir einnig. Það er rangt sem hér hefur stundum verið haldið fram að ungt fólk hafni þessu kerfi og vilji eingöngu einkaeignarréttarfyrirkomulag í húsnæðismálum. Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði meðal ungs fólks kom m.a. í ljós að tæp 15% ungs fólks töldu einmitt byggingu búseturéttaríbúða brýnasta verkefnið á næstunni. Tæp 15% horfa sem sagt fyrst og fremst á þennan valkost sem úrlausn fyrir sig. En til samanburðar má nefna að það voru aðeins tæp 30% sem nefndu nýbyggingu í einkaeign í sambærilegum hópum. Með öðrum orðum þá er viðtækur stuðningur einmitt við þetta tiltekna form innan hins félagslega íbúðarkerfis. Og þegar lagðir eru saman þeir valkostir sem þar kynnu að bjóðast, svo sem eins og búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir eða kaupleiguíbúðir, þá er ljóst að almennt nýtur félagslegt húsnæðisform mikils stuðnings og stór hluti ungs fólks horfir til þess í sambandi við úrlausn sinna húsnæðismála, a.m.k. byggingu eða kaup fyrsta húsnæðis.

Það var einnig athyglisvert að í könnun framtíðarnefndar, sem forsrn. gekkst fyrir, töldu 21% framhaldsskólanema og 17% ungs fólks í Verslunarskóla Íslands byggingu búseturéttaríbúða brýnasta framtíðarverkefnið. Þar voru samsvarandi tölur um nýbyggingar í einkaeign 42% og 43%. Um þetta má lesa í grg. eftir Jón Rúnar Sveinsson sem birst hefur í Morgunblaðinu og víðar.

Þá má enn fremur nefna að í könnun Húsnæðisstofnunar á s.l. ári, sem hv. alþm. hafa fengið í sitt pósthólf, kom í ljós mjög mikil þörf fyrir leiguíbúðir og að skortur á leiguhúsnæði um allt land er mikill, eða fast að 3000 íbúðum. Í margvíslegum upplýsingum frá sveitarfélögunum í landinu kemur þessi þörf í ljós og í öllum tilvikum, leyfi ég mér að fullyrða, mundu búseturéttaríbúðir koma að sama gagni. Það er ljóst að það kerfi sem fyrir er í dag, þ.e. annars vegar einkaeignarformið og hins vegar verkamannabústaðirnir í sinni hefðbundnu mynd, dugir hér ekki til. Ef svo væri þá væri ástandið ekki eins og raun ber vitni í þessum sveitarfélögum sem horfa til nýrra úrræða til að leysa sín vandamál. Ég held að þetta sé einhver órækasta vísbendingin um að það þurfa að verða breytingar og það þarf að endurskoða allt hið félagslega íbúðarkerfi. Sú staðreynd, að sveitarfélögin vítt og breitt um landið eru þeirrar skoðunar, ætti að nægja mönnum í þessum efnum. Það eru auðvitað forráðamenn sveitarfélaganna sem best þekkja til og fylgjast dag frá degi með ástandi húsnæðismálanna í sínum byggðarlögum.

Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að búseturéttarformið gæti reynst einn vænlegasti kosturinn til að bæta úr ófremdarástandi í húsnæðismálum víða úti um landið. Ég nefni sem dæmi Vestfirði eina, en í ljós kom í þessari könnun, sem ég hef vitnað til, að þar vantar 24 leiguíbúðir á hverja þúsund íbúa. Ég vil enn fremur nefna það að hjá fjölmörgum samtökum og félögum, svo sem samtökum öryrkja, aldraðra, námsmanna og fleiri aðila, sem tekið hafa

upp samstarf á sviði húsnæðismála, hefur komið fram víðtækur áhugi á því að búseturéttarformið verði aðgengilegt öllum þessum aðilum. Það er því brýnt, og ekki eftir neinu að bíða, að lögfesta ákvæði um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Mér er að vísu alveg ljóst að ýmis gildandi lagaákvæði um félagslegar íbúðabyggingar þarfnast lagfæringa og það þyrfti að fara fram heildarendurskoðun á þeim hluta húsnæðislaganna. En það er að mínu mati ekki rétt að láta það velkjast lengur fyrir löggjafanum að lögfesta rétt þessa tiltekna búsetuforms vegna þess að byggingar hafa verið hafnar á grundvelli þess, vegna þess að það eru starfandi félagasamtök um þetta form með þúsundir félagsmanna, og það væri eðlilegt að endurskoða þá síðar þau ákvæði sem hér yrðu sett um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt með hliðsjón af öðrum breytingum sem kunna að verða gerðar á húsnæðislöggjöfinni.

Ég tel svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fara efnislega yfir frv. sjálft. Það hef ég gert og það hefur verið gert hér í framsöguræðum áður og umræðum um þetta mál á þingi. Ég vildi fyrst og fremst gera grein fyrir því hvernig staða málsins er nú á þessum dögum og leggja á það ríka áherslu að ekki er við það unandi að mönnum sé mismunað með þeim hætti að ekki fáist sett löggjöf um félagslegt húsnæðisform af þessu tagi sem þúsundir manna í landinu hafa bundist samtökum um að koma á fót. Mér er stórlega til efs að það standist í raun að mismuna mönnum með þeim hætti að meina þeim aðgang að eðlilegri lánafyrirgreiðslu á grundvelli þess að einhverjir einstakir hv. alþm. hafa horn í síðu þessa tiltekna búseturéttarforms þegar það nýtur jafnvíðtæks stuðnings víða úti í þjóðfélaginu eins og raun ber vitni, þegar sveitarfélögin vítt og breitt um landið horfa til þess sem úrlausnar í húsnæðismálum og þegar fólk hefur bundist félagasamtökum svo þúsundum skiptir akkúrat um þetta tiltekna mál. Þá þarf Alþingi vandlega að huga að því að gild rök þurfa að liggja því til grundvallar að meina þeim aðilum eðlilega aðild að húsnæðislöggjöfinni eins og verið hefur undanfarin ár og yrði áfram ef ekki fæst hér bragarbót á.

Það má ugglaust deila um einstök ákvæði í þessu frv. Það er flutt hér óbreytt eins og það kom frá þeirri nefnd sem samdi það á sínum tíma, nefnd sem hæstv. núv. félmrh. reyndar skipaði en hefur því miður ekki getað nýtt sér störf hennar sem skyldi sökum ósamlyndis í ríkisstjórninni að því er virðist. En það ætti ekki að koma í veg fyrir það að vilji Alþingis, vilji hv. alþm., kæmi í ljós í þessu máli þó að einstakir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafi ekki náð saman þannig að félmrh. gæti flutt þetta sem stjórnarfrv. Ég teldi þá hv. þm., hvort sem þeir koma úr stjórnarandstöðu eða stjórnarliðinu, menn að meiri ef þeir fylgdu sannfæringu sinni í þessu máli og styddu þetta frv. þó að staða ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar sé eins og raun ber vitni.

Herra forseti. Ég hef þá þessi orð ekki fleiri en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til félmn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. skipaði hæstv. félmrh. nefnd til að semja frv. um þetta málefni, húsnæðissamvinnufélög og búseturétt, 27. júní 1984. Þessi nefnd samdi frv. um þetta efni en það varð ekkert samkomulag á milli stjórnarflokkanna um að standa saman um að flytja þetta frv. og þess vegna flutti hæstv. félmrh. það ekki. Við hins vegar, sem vorum í félmn. og erum fyrir Framsfl., hv. þm. Stefán Guðmundsson og ég, fluttum þetta frv. á þinginu 1984–1985 en það náði ekki fram að ganga.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon kom með þetta frv. núna, sem er alveg nákvæmlega eins að mér sýnist og það frv. sem við fluttum fyrir tveimur árum, og bauð mér að vera meðflm. Það var auðséð að þetta frv. mundi aldrei fá neina afgreiðslu á þessu þingi og þess vegna þýðingarlítið að vera að leggja það fram. Hins vegar munu þeir sem fluttu þetta fyrir tveimur árum og ég hygg félmrh. ef hann hefur möguleika á því síðar að reyna að lögfesta þetta frv. sem hann lét semja eins og áður segir.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja því hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er búinn að ræða efni frv. svo að engu er við það að öðru leyti að bæta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

56. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 55. fundi.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 207, n. 752, 777 og 779, brtt. 753, 775, 776.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 776,1 felld með 22:10 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 753,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
9.–12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 775,1 (aðaltill.) felld með 19:8 atkv.
Brtt. 775,1 (varatill.) felld með 20:6 atkv.
14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 775,2 felld með 21:6 atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 753,7 (19. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
20. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,8 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
21.–24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,9 (ný 25. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 753,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 753,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 776,2 felld með 17:6 atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 776,3 felld með 20:2 atkv.
29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 776,4 felld með 20:8 atkv.
30. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 776,5.a felld með 21:7 atkv.
Brtt. 776,5.b felld með 21:8 atkv.
31. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 776,6 felld með 21:3 atkv.
32. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,12 (ný 33. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 776,7 felld með 20:2 atkv.
34. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 776,8 tekin aftur.
36. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 775,3 felld með 21:5 atkv.
37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
38.–46. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 776,9 tekin aftur.
47.–62. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 776,10 tekin aftur.
Brtt. 753,14 samþ. með 26 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 776,11 tekin aftur.
65.–69. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 776,12 tekin aftur.
70.–79. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,15 samþ. með 23 shlj. atkv.
80. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
81.–86. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,16 (ný 87. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
88. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,17 samþ. með 25 shlj. atkv.
89. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 776,13 tekin aftur.
Brtt. 776,14 tekin aftur.
90.–108. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 776,15 tekin aftur.
Brtt. 753,18.a samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 753,18.b samþ. með 20:3 atkv.
109. gr., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 753,19 samþ. með 23 shlj. atkv.
110. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
111.–114. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 775,4 felld með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GHelg, JS, SV, SJS, SvG.

nei: BÍG, EH, FÞ, FrS, GGS, GT, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, IG.

12 þm. (AS, EBS, GB, GE, GJG, GA, HG, JBH, KP, KJóh, KH, RH) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Till. hv. 3. þm. Reykv. er góðra gjalda verð og sú hugsun sem þar kemur fram, en hún er óþörf því ávallt er hægt að biðja hæstv. ráðh. um skýrslu um þessi mál. Þess vegna tel ég að hún eigi ekki heima í þessum lagatexta, hann sé nægur, og segi nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ekki nokkur vafi á því að undirboð erlendra fyrirtækja við innflutning vara á íslenskan markað er eitt af stærri vandamálum íslensks efnahagslífs. Sú till. sem hér er flutt gengur út á það að ráðherra sé gert að lagaskyldu að fylgjast með undirboðum erlendra fyrirtækja. Ég harma að meiri hl. skuli snúast gegn þessari till. Ég tel hana brýna og segi já.

115. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 775,5 tekin aftur.
116.–120. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,20 samþ. með 22 shlj. atkv.
121. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
122.–128. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 775,6 felld með 20:3 atkv.
129.–133. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 753,21 samþ. með 22 shlj. atkv.
134. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
135.–141. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 776,16 tekin aftur.
Brtt. 753,22 samþ. með 22 shlj. atkv.
142. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 753,23 (ný 143. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
144. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,24 samþ. með 24 shlj. atkv.
145. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 753,25 samþ. með 22 shlj. atkv.
146. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
147.–148. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 753,26 samþ. með 23 shlj. atkv.
149. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 753,27 samþ. með 23 shlj. atkv.
150. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 753,28 samþ. með 22:1 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. SJS og GA, 399. mál (húsnæðissamvinnufélög). — Þskj. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

57. fundur, mánudaginn 9. mars, að loknum 56. fundi.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 802 (sbr. 207).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í þeim mikla bálki sem hér er til meðferðar er gert ráð fyrir að framlengja þær undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir sem eru til í gildandi tollalögum. Þau ákvæði er að finna í 6. gr. þessa frv. og á því er frekar hnykkt í ákvæði til bráðabirgða.

Eitt af þeim atriðum sem hér er um að ræða eru ákvæði sem heimila niðurfellingu tolla, lækkun tolla af bifreiðum til öryrkja. Fyrir nokkrum vikum lýsti hæstv. fjmrh. yfir því að reglum um þetta efni yrði breytt og jafnframt að öryrkjar sem fengju þessar bifreiðar mundu framvegis fá ákveðnar greiðslur og að þær ættu að fara í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Um nokkurra vikna skeið eða eftir að hæstv. fjmrh. gaf út þessa yfirlýsingu sína hefur verið mikið um að fatlaðir hafa haft samband við Tryggingastofnun ríkisins og spurt að því hvernig þessum málum eigi að koma fyrir og hafa ekki fengið skýr svör vegna þess að Tryggingastofnunin hefur ekki fengið nákvæm fyrirmæli um hvernig eigi með þessi mál að fara. Ég tel að hér sé um að ræða svo stórt mál að eðlilegast hefði verið að frv. um þetta efni hefði verið lagt fram og afgreitt núna á þeim dögum sem eftir eru fram að þingslitum.

Í grg. þessa frv. á bls. 53, tölul. 7, segir:

„Heimild í 27. tölul. 3. gr. tollskrárlaga fjallar um eftirgjöf aðflutningsgjalda af bifreiðum sem öryrkjar festa kaup á. Í kjölfar þeirra umfangsmiklu breytinga sem almennt urðu á aðflutningsgjöldum á fólksbifreiðum í tengslum við kjarasamninga í febrúar s.l. var ákveðið að endurmeta núverandi skipan þessara mála með það fyrir augum að tengja eftirgjöf gjalda af bifreiðum beint öðrum samfélagslegum aðgerðum varðandi öryrkja. Í framhaldi af þessari endurskoðun hefur verið ákveðið að leggja fram frv. um breytingu á 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Er þar lagt til að auk styrkja til öryrkja vegna reksturs bifreiða verði m.a. heimilt að veita þeim styrk til bifreiðakaupa. Jafnframt er gert ráð fyrir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á fjárveitingartillögum til almannatrygginga á fjárlögum fyrir árið 1987." En taka ber fram að þessi grg. er skrifuð á s.l. hausti áður en fjárlög voru afgreidd. „Með tilliti til þessara breytinga er lagt til að nefnd heimild verði felld úr gildi", segir hér, en eins og ég tók fram áðan er gert ráð fyrir að niðurfellingarheimildirnar, þrátt fyrir þessi ákvæði í 6. gr., haldi sér.

Hér er því sem sagt slegið föstu að frv. sé tilbúið um þetta mál. Ég óska eftir upplýsingum um það frá hæstv. fjmrh. hvar þetta frv. er á vegi statt og lýsi því jafnframt yfir að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að sú skipan þessara mála sem ríkisstjórnin hefur tilkynnt öryrkjum, fötluðum, verði lögfest um leið og Alþingi fjallar um þetta mál og að gefin verði yfirlýsing við 3. umr. þannig að þessi hv. þingdeild hafi fengið fram afstöðu hæstv. fjmrh. í þessu efni áður en málið fer frá deildinni.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að færa þá styrki til öryrkja sem áður komu fram í tollaeftirgjöf yfir til Tryggingastofnunar ríkisins þar sem um yrði að ræða beina fjárstyrki. Það er við það miðað að forskot öryrkja gagnvart almennum bifreiðakaupum verði það sama og áður var, þ.e. fyrir hina almennu og miklu lækkun á bifreiðatollum sem áttu sér stað í ársbyrjun á síðasta ári. Fjmrn. hefur sent heilbr.- og trmrn. bréf um þetta efni svo sem fram kom í umræðum á hinu háa Alþingi varðandi fsp. hv. 2. þm. Austurl. Ég geri ráð fyrir að í því ráðuneyti sé þetta mál nú í undirbúningi og þess sé ekki langt að bíða að endanlegar tillögur komi fram um þetta efni.

Það var sérstaklega óskað eftir því að fulltrúar Landssambands fatlaðra hefðu aðstöðu til að fylgjast með tillögugerð í þessu efni og hafa umsagnarrétt þar um á vinnslustigi þeirra.

Annað er ekki um þetta mál að segja á þessu stigi, herra forseti.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Mér finnst satt að setja nokkuð sérkennilegt hvernig þessi mál standa. Hæstv. fjmrh. gaf þá yfirlýsingu á fundi með fötluðum inni í Sjálfsbjargarhúsi fyrir tveimur vikum að tiltekinni skipan yrði komið á í sambandi við þessi mál. Þar lýsti hann því yfir að þessi mál ættu að fara til Tryggingastofnunar ríkisins og jafnframt hefur komið fram hjá honum bæði nú og áður að það hafi verið sent bréf til heilbr.- og trmrn. Ég hélt satt að segja að hérna væri um tiltölulega einfalda breytingu að ræða þannig að það ætti ekki að þurfa að mylja það lengi með sér að henda hér inn stjfrv. um þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru. Ég verð þó að líta svo á með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem hæstv. fjmrh. hefur hér gefið að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að frv. verði lagt fyrir núna og verði að lögum á þessu þingi. Ég tek yfirlýsingu hæstv. fjmrh. þannig því að ég tel mjög mikilvægt að þetta atriði sé á hreinu um leið og tollamálin almennt eru afgreidd þó ég taki það auðvitað fram rétt til skýringar að í frv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir að allar undanþáguheimildir eins og þær hafa verið haldi sér. Það er engin breyting á því samkvæmt því ákvæði til bráðabirgða sem fylgir þessu frv. En það stendur til að breyta þessu með öryrkjabifreiðarnar og þess vegna hefði mér fundist eðlilegt að það frv. lægi hér fyrir og ég undrast að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli ekki vera búinn að koma því máli hér inn. En ég vænti þess að orð hæstv. fjmrh. megi taka þannig að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að klára þetta mál og ég mun ganga eftir því að við þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér í dag, verði staðið áður en þingið fer heim.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Nauðungaruppboð, 2. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529, n. 764.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 764 um frv. til laga um breytingar á lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949. Hér er um að ræða mál sem komið er til Nd. frá Ed., 297. mál. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Pálmi Jónsson, Stefán Guðmundsson og Davíð Pétursson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál (barnalífeyrir vegna skólanáms). — Þskj. 767.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 767 um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Allshn. flytur þetta frv. og er það viðbót við 14. gr. laganna um almannatryggingar. Við hana bætist ný málsgr.

Í frv. felst að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilað að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir og enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Er að finna í þessu frv. ítarleg ákvæði um nánari útfærslu þessarar heimildar fyrir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá felst einnig í þessu frv. að tryggingaráði er heimilað að kveða upp úrskurð um þetta efni að nánar uppfylltum skilyrðum.

Þess skal getið að nefndin fjallaði á fundum sínum um frv. til laga um breytingu á barnalögum nr. 9 frá 15. apríl 1981 sem flutt er á þessu þingi af Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur á þskj. 13. Efnisatriði þess frv. sem nefndin fjallaði um eru tekin upp í þetta frv. sem allshn. flytur. Það varð að ráði í nefndinni að flytja sérstakt frv. um þetta efni fremur en að afgreiða frv. á þskj. 13.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir heimild lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar til greiðslu barnalífeyris án þess að valdsmaður úrskurði það á grundvelli barnalaganna.

Þá er í þessu frv. einnig fjallað um ýmis önnur atriði er varða hlutverk lífeyrisdeildarinnar og tryggingaráðs á þessu sviði sem leiðir af eðli málsins og ekki var um að ræða í frv. um breytingu á barnalögunum. Þóttu nefndinni ekki standa efni til að gera breytingar á þeim lögum í þessu skyni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

58. fundur, mánudaginn 9. mars,
að loknum 57. fundi.

Nauðungaruppboð, 3. umr.

Stjfrv., 297. mál (þriðja uppboð á fasteign o.fl.). — Þskj. 529.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 803).

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál (barnalífeyrir vegna skólanáms). — Þskj. 767.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

59. fundur, mánudaginn 9. mars,
að loknum 58. fundi.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál (barnalífeyrir vegna skólanáms). — Þskj. 767.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

60. fundur, þriðjudaginn 10. mars,
kl. 2 miðdegis.

Erlent áhættufjármagn, ein umr.

Fsp. GGS, 369. mál. — Þskj. 663.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég hef borið fram á þskj. 663 fsp. til viðskrh. um nýtingu erlends áhættufjármagns í íslensku atvinnulífi. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Munu verða settar reglur á næstunni um rýmkun á rétti manna til þess að afla erlends áhættufjármagns til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi?“

Ástæðan fyrir því að ég hef borið fram þessa fsp. er sú að ég tel að eitt brýnasta málið í íslensku efnahagslífi í dag sé að auðvelda íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendu áhættufé í rekstri sínum. Það er tvímælalaust á margan hátt betri kostur en treysta fyrst og fremst á erlend lán eins og verið hefur að langmestu leyti til þessa. Erlend lán auka skuldabagga þjóðarinnar sem er ærinn fyrir og upphæð þeirra vaxta sem af slíkum lánum verður að greiða af útflutningstekjunum á hverju ári er umtalsverður baggi eins og mönnum er kunnugt. Með erlendu áhættufé og erlendri fjárfestingu innan skynsamlegra marka færist áhættan úr landinu, en aukið svigrúm skapast fyrir íslensk fyrirtæki til að byggja upp nýjar atvinnugreinar sem allri þjóðinni gætu komið til góða. Það er því orðið tímabært að velta því fyrir sér hvort ekki beri að rýmka rétt manna, auka frelsi manna til að hagnýta sér erlent fjármagn við uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi hér á landi.

Ljóst er að það er mikið verkefni fram undan að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Við vitum hvernig ástandið er í hinum hefðbundnu atvinnugreinum þar sem vöxtur er orðinn mjög takmarkaður. Þrátt fyrir breytingar á síðustu árum, sem verið hafa mjög til góðs í stjórn peningamála og sem greinilega hafa örvað innlenda sparifjármyndun, má vera ljóst að þessi uppbygging krefst meira fjármagns en unnt er að afla innanlands. Því verður að leita út fyrir landsteinana eftir fjármagni einkum til fjárfestingar, enda má getum að því leiða að aukið eigið fé fyrirtækjanna muni draga úr lánsfjárþörf þeirra og hafa þannig áhrif til lækkunar vaxta.

Við öflun erlends fjármagns eigum við um tvo kosti að velja. Íslendingar geta haldið áfram þeirri stefnu að taka nær eingöngu fé að láni erlendis eða

þá freista þess að auka fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi og þá fyrst og fremst á sviði nýrra atvinnugreina. Þegar þetta er virt, en nauðsyn nýsköpunar í atvinnulífinu jafnframt höfð í huga, er ljóst að Íslendingar verða að beina athygli sinni í auknum mæli að erlendri fjárfestingu á sviði nýrra atvinnugreina.

Margar ástæður eru til þess að í þessum efnum hefur lítið verið aðhafst. Þar má m.a. nefna ákvæði í lögum sem takmarka möguleika erlendra aðila til þátttöku í atvinnustarfsemi hér á landi. Varfærin stefna íslenskra stjórnvalda hefur einnig haft sín áhrif í þessu efni. Þó ber að nefna að um umtalsverðar erlendar fjárfestingar hefur verið að ræða á sviði stóriðju, en athuganir í þeim efnum eru enn í gangi.

Ég vil að lokum, herra forseti, um leið og ég beini þessari fsp. til viðskrh. og þá í framhaldi af skýrslu sem hann hefur látið dreifa hér á Alþingi um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, leggja á það áherslu að hér er fyrst og fremst spurt um fjármagn til nýrrar atvinnustarfsemi, rýmkun reglna að því er varðar fjárfestingu á því sviði. Jafnframt verðum við að gjalda varhug við því að erlent fjármagn fái rétt til þess að koma inn í þær atvinnugreinar sem byggja á nýtingu íslenskra auðlinda hvort sem er til lands eða sjávar. Það verður að tryggja skilyrðislaust forræði Íslendinga einna yfir slíkum auðlindum og yfir slíkri atvinnustarfsemi.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Nýlega var unnin á vegum viðskrh. skýrsla um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf þar sem má finna allgreinargóða lýsingu á stöðu þessara mála samkvæmt íslenskum rétti. Þessari skýrslu hefur verið dreift á Alþingi. Í henni kemur fram að í íslenskri löggjöf er víða að finna takmarkanir á nýtingu erlends fjármagns í þágu íslensks atvinnulífs og að nauðsyn beri til að endurskoða íslensk lög og kanna hvort ekki megi létta af hömlum á ýmsum sviðum. Í þessu skyni hefur forsrh. skipað nefnd þar sem þessi mál ná til nokkurra ráðuneyta. Þeirri nefnd er ætlað að kanna ákvæði íslenskra laga og gera tillögur um hvernig haga skuli löggjöf á því sviði þar sem slíkar takmarkanir er nú að finna.

Innan gildandi laga er þó stjórnvöldum oft veitt svigrúm til að leyfa rýmri notkun á erlendu áhættufé og hafa þannig erlendum aðilum verið veittar undanþágur til reksturs verslunarfyrirtækja skv. lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til aukinnar þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf. Einnig hafa reglur um erlendar lántökur vegna fjármögnunarleigu á vélum og tækjum til nota í atvinnurekstri hér á landi verið rýmkaðar allverulega. Ljóst er að það er mikið starf enn þá óunnið í þessum málum og breyta þarf ýmsum ákvæðum til aukins frjálsræðis í þessum efnum, en gæta ber þess þó að hafa taumhald á því að ekki flæði erlent fjármagn inn í útflutningsatvinnugreinar landsmanna.

Með skipan áðurnefndrar nefndar til að kanna þetta mál enn fremur en þegar hefur verið gert má segja að stigin séu fyrstu skref til rýmkunar á rétti manna til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi með erlendu áhættufjármagni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að það mál sem hér er til umræðu snerti eitt veigamesta deilumál íslenskra stjórnmála um áratuga skeið. Ég tel í raun og veru að málið sé þannig vaxið að það hefði verið full ástæða til þess að taka á því á mjög víðum pólitískum grundvelli með aðild þeirra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi. Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að ríkisstjórn sem er að kveðja eftir nokkrar vikur sé ein að ráðskast með mál af þessum toga, mikið eðlilegra sé að kalla til þverpólitísks samráðs fleiri flokka. Hér er um að ræða stórt og þýðingarmikið mál. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því og verður ekki gert. Hér á að kanna alla möguleika, en gjalda varhug við opnun sem gæti á einn eða annan hátt stofnað okkar efnahagslega forræði í hættu.

Ég vil því hvetja hæstv. viðskrh. til að íhuga hvort ekki er hugsanlegt að koma á samstarfi og athugun á vegum allra stjórnmálaflokka um mál af þessu tagi vegna þess að það er flókið og viðamikið og ástæðulaust að vera að einoka það við tiltölulega takmarkaðan hluta stjórnmálalífsins eins og sakir standa.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin við fsp. Það er alveg ljóst að ef við lítum til reynslu annarra þjóða kemur í ljós að erlend fjárfesting felur í sér margvíslegt hagræði umfram erlendar lántökur. Með því móti nýtist þjóðinni erlent fjármagn með öðrum hætti en þegar tekin eru erlend lán. Það verður að greiða eins og við þekkjum af erlendum lánum án tillits til árferðis, en slíkt getur og hefur dregið úr stöðugleika efnahagslífsins hér á landi. Erlent fjárfestingarfé er á hinn bóginn áhættufé sem arður er ekki greiddur af nema þegar hlutaðeigandi fyrirtæki skilar hagnaði. Þannig dreifist áhættan af atvinnustarfseminni á fleiri herðar sem að sjálfsögðu á ekki við þegar erlend lán eru tekin.

Ég fagna því, sem fram kemur í svari ráðherra, að fyrir dyrum stendur athugun á rýmkun þeirra reglna sem gilda um nýtingu erlends áhættufjármagns til fjárfestingar í nýjum íslenskum áhættugreinum, m.a. þá þeirri skýrslu um þau efni sem hann hefur nýlega látið dreifa á Alþingi. Ég tek undir þau orð hans að það verður að gjalda varhug við því að erlent fjármagn flæði ekki inn í íslenska útflutningsatvinnuvegi. Á mörgum öðrum sviðum getur það hins vegar nýst mjög vel, á sviði iðnaðar, á sviði þjónustu og fleiri sviðum.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af orðum hv. 3. þm. Reykv. vil ég segja örfá orð. Ég taldi rétt að sú skýrsla sem

unnin var yrði prentuð og send Alþingi þannig að allir alþm. fengju að kynnast því hvaða starf var á bak við þessa skýrslu og hvað þeir sem hana sömdu töldu að gera þyrfti. Allir þm. eiga því að standa jafnt að vígi hvað þetta snertir. Næsta skrefið í þessu var skipun þeirrar nefndar sem forsrh. ákvað að skipa. Það er fyrst og fremst til að samræma störf hinna einstöku ráðuneyta. Mitt álit er það að þegar sú nefnd lýkur sínum störfum sé komið að því að taka ákvarðanir sem verða vafalaust pólitískar ákvarðanir. Þá er það *mín* skoðun að það sé rétt að fulltrúar þingflokkanna eigi aðild að því. En það eru fyrst og fremst upplýsingagögnin sem fyrir liggja.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. viðskrh. hans orð um að allir flokkar fái aðild að stefnumörkun um þetta efni og vonandi verður við það staðið á þessu ári eða hvenær sem til þess starfs dregur sem hann vék að. Hitt væri einnig æskilegt að Sjálfstfl., þm. og aðrir sem þar ráða, skilgreindu hvar þeir draga mörkin í sambandi við atvinnuvegi og þátttöku erlends fjármagns. Ég held að þau verði ekkert auðveldlega dregin eftir þeim línum sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að. Atvinnurekstur í landinu getur fyrr en varir leitt til útflutnings þannig að aðgreiningin í útflutningsatvinnuvegi og aðra atvinnustarfsemi er engan veginn skýr. Þarna sýnist mér að Sjálfstfl. þyrfti að skoða málin betur.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Út af þessari síðustu athugasemd hefur Alþingi markað stefnu hverju sinni. T.d. var með byggingu og rekstri álversins á sínum tíma heimiluð erlend fjárfesting. Um allar meiri háttar fjárfestingar tel ég eðlilegt í framtíðinni að Alþingi marki stefnu. Í minni háttar fjárfestingum tel ég sjálfsagt að við séum ekki alltaf, Íslendingar, að taka lán hjá öðrum þjóðum heldur mega þá erlendar þjóðir einnig koma með sitt fjármagn sem áhættufjármagn en ekki eiga tryggt að fá allt til baka með ábyrgð íslenska lýðveldisins.

Vatnasvæði við Markarfljót, ein umr.

Fsp. ÞS, 400. mál. — Þskj. 727.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson):

Herra forseti. Á þskj. 727 er fsp. til hæstv. samgrh. um fyrirhleðslu á vatnasvæði við Markarfljót. Hér hef ég leyft mér að biðja um upplýsingar um hvað hafi verið gert til að varna því að Markarfljót brytist út úr farvegi sínum, eins og átt hefur sér stað t.d. á árinu 1984 og oftar. Þar sem um stórfljót er að ræða, sem getur valdið gífurlegri eyðileggingu á mannvirkjum og ræktun ásamt stórfelldum truflunum og erfiðleikum á þeirri einu samgönguleið sem liggur um austurhluta Suðurlands, hef ég beðið um þessar upplýsingar. Fjármagn hefur verið veitt til að leitast við að tryggja að slíkt komi ekki fyrir á komandi árum. Ég veit að fólk sem býr í nágrenni fljótsins hefur af því miklar áhyggjur að eignir og gróðurlönd eru í sífelldri hættu ásamt því að kaldavatnsleiðsla í Landeyjar og í einn stærsta útgerðarbæ landsins, Vestmannaeyjar, er líka í sömu áhættu. Sama má segja um raforkuleiðslu til Vestmannaeyja. Það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar ef þau mannvirki og leiðslur yrðu fyrir meiri háttar skemmdum. Hér er því mikið í húfi og ástæða til þess að vel sé fylgst með því að halda við varnargörðum og byggja nýja þar sem hætta hefur skapast, enda segir í lögum frá 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, í 9. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því að mannvirkjum þeim er gerð verða sé sem best við haldið."

Og í 1. gr. 4. lið segir svo: „Gerðar skulu nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvmrh."

Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh.:

„1. Hvað hefur verið gert til að fyrirbyggja vatnsflóð og landskemmdir við Markarfljót?

2. Hefur verið gerð áætlun um að halda áfram fyrirbyggjandi aðgerðum við Markarfljót svo að það ógni ekki byggðinni, samgönguleiðum og öðrum mannvirkjum og gróðurlendi í framtíðinni?"

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Eftir flóð sem urðu í Markarfljóti í febrúar 1984 og ollu töluverðu tjóni var hafist handa um úttekt á fyrirhleðslum við fljótið. Svæðið var allt kortlagt til að gera samanburð við eldri kort á upphleðslu auranna og færslu farvega og ekki síður til að hafa góðan grunn við endurskoðun og hönnun garðakerfisins. Í framhaldi af því var gerð áætlun um endurbætur á görðum ofan brúarinnar, en áreynsla er þar mikil á garða sem stýra fljótinu til suðurs og mest hætta á tjóni á landi og vegum ef vatn kemst þar í gegn. Áætlun þessi fól í sér hækkun og styrkingu garða og í nokkrum tilvikum lengingu garða eða byggingu nýrra. Enn fremur vinnslu grjóts umfram það sem þurfti til styrkingar garða þannig að alltaf væri fyrir hendi grjót sem grípa mætti til ef garðar verða fyrir staðbundnum áföllun. Kostnaður við þennan áfanga var áætlaður 8,5 millj. kr. Þar með talinn kostnaður við úttekt og kortagerð. Framkvæmdir eru langt komnar og lýkur á fyrri hluta þessa árs.

Með þeim aðgerðum sem að framan var lýst eru garðar ofan brúar á Markarfljóti taldir í viðunandi horfi. Ný brú á Markarfljót með tilheyrandi vegi og görðum var sett á annað tímabil í langtímaáætlun. Sú brú er áformuð mun neðar en núverandi brú eða vestur af Seljalandi. Er hönnun hennar nú að hefjast.

Ljóst er að staðsetning brúar og garðar þeir sem

nauðsynlegir eru vegna brúarinnar munu hafa veruleg áhrif á rennsli fljótsins bæði ofan hennar og neðan. Í tengslum við hönnun brúarinnar verður garðakerfið á þessu svæði tekið til skoðunar og þá mun koma í ljós hvort breytingar eða viðbætur verða taldar nauðsynlegar.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og tek undir að það sé ástæða til að hraða þeim áætlunum um áframhaldandi fyrirbyggjandi aðgerðir sem hann minntist á. Hér er um stórmál að ræða sem getur kostað mikla fjármuni ef ekki er haft nægilegt eftirlit með vatnasvæðinu og mannvirkjum.

Viðlagatrygging hefur lagt fram verulegt fjármagn til að fyrirbyggja eftir því sem mögulegt er að fljótið valdi skemmdum á mannvirkjum og ríkissjóður hefur lagt jafnháa fjárveitingu á móti svo að verulegt átak er hægt að gera til að auka öryggi byggðarinnar og samgangna um Suðurland. En ég tel nauðsynlegt að það fjármagn sem til er nú verði notað til að tryggja það sem mest má verða að halda fljótinu í eðlilegum farvegi svo að hvorki komi til skemmdir á mannvirkjum eða gróðurlendi sem mikið hefur gengið á síðustu 50 árin og er það svo hundruðum hektara skiptir.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera þessa fsp. fram og hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það helst í hendur ný brú og endurbætt garðakerfi og því þarf að sjálfsögðu að flýta brúarframkvæmdum. Það er nokkuð í land að takist að stokka fljótið allt til sjávar, sem er endanlegt markmið, en strax í sumar verður að leggja í það nokkurt fjármagn að beina fljótinu í ákveðinn farveg framan brúar þar sem það brýtur þar mjög mikið land.

Það hafa mikil stórvirki verið unnin í vegagerð á undanfarandi árum undir forustu dugmikils samgrh. Ný Markarfljótsbrú er á áætlun fyrir það áætlunartímabil sem nú er verið að vinna að með vegáætlun, eins og ráðherra gat um.

Að undanförnu hafa þm. verið á fundum varðandi endurskoðun vegáætlunar. Það sem þar hefur hins vegar komið fram bendir ekki til bjartsýni um framgang Markarfljótsbrúar. Það vantar nefnilega mikið á að stjórnarliðar sýni í verki að fylgja eftir samgrh. sínum í tillögum hans um vegamál. Enn er ekki lokið afgreiðslu vegáætlunar og er því enn hægt að skipta meiru á verkefni fyrir árin 1988, 1989 og 1990 í öllum kjördæmum landsins. Ef þessi umræða vekti Alþingi til þess hefur hún ekki orðið til einskis.

EFRI DEILD

54. fundur, þriðjudaginn 10. mars, að loknum fundi í Sþ.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 397. mál (heildarlög). — Þskj. 724.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fangelsi og fangavist. Í apríl 1982 samþykkti Alþingi þál. um fangelsismál þar sem Alþingi ályktaði að kjósa sjö manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi.

Með bréfi, dags. 5. febr. s.l., sendi nefndin mér frv. til laga um fangelsi og fangavist ásamt fylgifrv., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, og tilkynnti nefndin jafnframt að hún hefði lokið störfum.

Frv. er lagt fram efnislega óbreytt eins og það kom frá nefndinni en á því hafa verið gerðar nokkrar orðalagsbreytingar. Frv. er endurskoðun á lögum nr. 38/1973, um fangelsi og fangavist, og þeim ákvæðum V. kafla almennra hegningarlaga sem fjalla um fangavist. Auk þess gerir frv. ráð fyrir að lögfest verði nokkur grundvallaratriði um réttarstöðu fanga og í IV. kafla frv., um öryggi í fangelsum og agaviðurlög, eru nokkur nýmæli.

Þær forsendur sem nefndin hafði við samningu frv. voru að hún tók mið af núverandi aðstæðum hér á landi í fangelsismálum og gerir frv. ekki ráð fyrir grundvallarbreytingum á framkvæmd fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma. Þó hafði hún til hliðsjónar norræna löggjöf á þessu sviði, einkum sænsk og norsk lög.

Í I. kafla frv. er fjallað um stjórn og skipulag fangelsismála. Í 2. gr. er fjallað um tegundir fangelsa og hverja megi vista í fangelsum. Samkvæmt frv. skiptast fangelsi í tvo flokka, þ.e. afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi. Eins og ítarlega er fjallað um í grg. með frv. er hér um grundvallarbreytingu á stefnumótun að ræða. Afplánunarfangelsi kemur í staðinn fyrir núgildandi ákvæði um ríkisfangelsi, vinnuhæli og unglingavinnuhæli. Þau refsipólitísku sjónarmið sem lágu á bak við hugmyndir um ríkisfangelsi og reyndar unglingavinnuhæli líka eiga ekki hljómgrunn nú og eins og rakið er í grg. hefur vinnuhæli sem tegund fangelsis ekki neina sérstöðu. Afplánunarfangelsi samkvæmt skilgreiningu frv. er í reynd ekki annað en samheiti yfir þá staði þar sem afplánun refsivistar fer fram.

Í 2. gr. er tæmandi talið hverja vista megi í fangelsum. Slíkt ákvæði er ekki í lögum nú. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á tveimur atriðum. Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir að ekki verði lengur heimilt að vista í fangelsum þá sem úrskurðaðir eru til að vinna af sér ógreidd barnsmeðlög. Í reynd hafa þeir ekki verið í fangelsum síðan um 1970. Árið 1978 bárust ráðuneytinu nokkrir slíkir úrskurðir til framkvæmda, en þegar á reyndi óskaði Innheimtustofnun sveitarfélaga eftir því að þeim yrði ekki fullnægt.

Í öðru lagi er í 2. gr. heimild til að vista þá í fangelsum sem dæmdir eru í öryggisgæslu. Þetta ákvæði er sett í frv. vegna þeirrar staðreyndar að þessir menn hafa verið og eru enn vistaðir í fangelsum þótt það sé óviðunandi staða eins og margoft hefur komið fram í umræðum, m.a. hér á Alþingi.

Önnur lausn á því hvar vista eigi þessa menn hefur ekki fundist.

Í II. kafla frv. er það helsta nýmælið að skv. 6. gr. er lagt til að Skilorðseftirlit ríkisins í núverandi mynd verði lagt niður en sett verði á fót ný stofnun sem taki yfir núverandi hlutverk skilorðseftirlitsins en annist að auki félagslega þjónustu við fanga og aðra skjólstæðinga stofnunarinnar. Tilgangurinn er m.a. að sinna betur en nú félagslegri þjónustu við fanga og undirbúningi þeirra að því að koma út í þjóðfélagið á ný.

Árið 1978 var fullnusta á óskilorðsbundnum refsivistardómum tekin inn í ráðuneytið, en fram að þeim tíma hafði hún verið í höndum sýslumanna og bæjarfógeta. Tel ég að við athugun á þessu frv. í nefnd ætti að kanna hvort ekki sé ástæða til þess að víkka enn frekar starfssvið stofnunarinnar skv. 6. gr. þannig að hún hefði einnig með höndum fullnustu á refsivistardómum og sinnti öllum almennum erindum frá föngum.

Í III. kafla frv. er fjallað um almenn atriði varðandi framkvæmd fullnustu refsivistardóma og um vinnuskyldu, tómstundir, nám fanga og ýmis atriði varðandi réttarstöðu þeirra, svo sem um heimsóknir, bréfaskipti, símtöl o.fl.

Mörg af þessum atriðum eru nú í lögum en um önnur er fjallað í reglugerð. Þykir rétt að um nokkur grundvallarréttindi fanga séu skýr lagaákvæði. Samkvæmt núgildandi lögum er ungur fangi skilgreindur sem fangi yngri en 22 ára. Í 10. gr. frv. er þetta aldursmark lækkað um eitt ár og er þar ákvæði um að fanga 20 ára og yngri megi vista í sérdeild þar sem þeir yrðu látnir sæta sérstakri meðferð.

Í 15. gr. er það nýmæli að þar er ákvæði um að fanga skuli séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar. Núverandi aðstaða fanga til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar er mjög bágborin. Vinnuskylda fanga miðast við 40 klst. á viku en er í reynd minni. Fangar hafa mikinn tíma aflögu og er nauðsynlegt að þeim sé sköpuð aðstaða til hollra tómstundaiðkana.

Í 17. gr. er fjallað um heimsóknir til fanga. Í fangelsum landsins er ekki sérstök aðstaða fyrir heimsóknir og fara þær almennt þannig fram að gestir fá að fara inn í herbergi viðkomandi fanga. Skapar þetta mikil óþægindi í fangelsum og getur skapast hætta m.a. varðandi möguleika á að smygla pillum og fíkniefnum inn í fangelsið. Því er í þessa grein sett ákvæði þar sem heimilt er að leita á þeim sem ætla að heimsækja fanga. Í erlendum fangelsum eru víðast hvar sérstök heimsóknaherbergi þar sem heimsóknir til fanga fara fram.

Í IV. kafla frv. er fjallað um öryggi í fangelsum og agaviðurlög. Eru þar ýmis nýmæli. Í 22. gr. er ákvæði um að heimilt sé að gera upptækt áfengi, vímuefni og lyf sem fangi hefur við komu í fangelsi eða kemst yfir í því skyni. Einnig er þar upptökuheimild fyrir aðra muni sem smyglað er inn í fangelsi eða reynt að smygla þangað. Sérstakan rökstuðning fyrir heimild til upptöku á áfengi, lyfjum og vímuefnum ætti ekki að þurfa. Varðandi muni er það að segja að ekki er gert ráð fyrir að það eitt að reynt sé að smygla eða að munum sé smyglað inn í fangelsi valdi því að þeir séu gerðir upptækir. Upptökuheimildinni er einkum beint gegn munum sem fanga, samföngum eða starfsmönnum geta verið hættulegir eða nota má til stroks eða annarrar ólögmætrar starfsemi í fangelsinu. Ef ástæða þykir til að banna aðra muni er almennt gert ráð fyrir að þeir séu afhentir við lok afplánunar.

Í 23. gr. er heimild til að leita á fanga. Þetta atriði er ólögfest nú en í reglugerð um fangavist er heimild til að leita á fanga þegar ástæða þykir til. Í greininni eru leiðbeiningarreglur um hvenær megi gera slíka leit. Þar er einnig ákvæði um að leit innan klæða skuli gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

Í 24. gr. er heimild til að taka þvag- og blóðsýni úr föngum. Tilgangurinn með þessari heimild er tvíþættur: Í fyrsta lagi þykir nauðsynlegt að hægt sé að ganga úr skugga um hvort fangi sé undir áhrifum áfengis og/eða lyfja og í öðru lagi eru fangar áhættuhópur margra alvarlegra smitsjúkdóma og þykir nauðsynlegt að hægt sé að staðreyna hvort þeir séu smitaðir jafnvel án þess að leyfi fáist fyrir því hjá þeim. Í þessari grein er einnig ákvæði um heimild til innvortis leitar á fanga. Ákvæði er um að slík leit verði einungis gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Í 25. gr. er ákvæði um að heimilt sé að einangra fanga ef það þykir nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða til að koma í veg fyrir ólögmæta starfsemi fanga í fangelsinu. Þá er þar heimild til að einangrun sé beitt til að vernda fanga frá samföngum.

Í 26. gr. er fjallað um agaviðurlög. Eru þau ákvæði að mestu óbreytt frá núgildandi ákvæðum með þeim breytingum að heimilt er að beita áminningum fyrir minni háttar brot auk þess sem skilorðsbinda má ákvæði um agaviðurlög. Þá er heimild til einangrunar vegna agabrota stytt úr 90 dögum í 60. Þá er í greininni ákvæði um hvernig standa skuli að ákvörðun um beitingu agaviðurlaga en nú eru þau ákvæði í reglugerð.

V. kafli frv. fjallar um ýmis ákvæði. 27. gr. er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 26/1983 þar sem lögfest var ákvæði um að óheimilt væri að innheimta opinber gjöld hjá föngum um ákveðinn tíma og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Rétt er að athugað verði hvort þetta ákvæði verði ekki óþarft ef frv. til laga um staðgreiðslu skatta verður lögfest.

Hæstv. forseti. Ég tel að í frv. þessu felist mikil réttarbót þar sem núgildandi lög eru um margt ófullkomin og úrelt auk þess sem frv. skýrir um margt réttarstöðu fanga. Að skýr ákvæði gildi um réttarstöðu fanga dregur úr hættu á að þeir séu beittir órétti í fangavistinni og fyrir starfsmenn fangelsa er það jafnnauðsynlegt að ákvæði um réttarstöðu fanga séu skýr.

Nú er ljóst að ýmis ákvæði frv. kunna að vera umdeild. Á þessu sviði er alltaf spurning um hvað eigi að lögfesta og hvað ekki. Varðandi 2. gr. má t.d. benda á að þar er dómsmrh. falið ákvörðunarvald m.a. um stærð fangelsa, hvort þau eigi að vera opin eða lokuð og margt fleira.

Ég mun ekki ræða fleiri atriði frv. við þessa framsögu en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna þessu frv. og þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa lagt það fram. Ég hefði að vísu gjarnan viljað sjá það það tímanlega að það fengi afgreiðslu. Mér sýnist mjög hæpið núna eins og skammt lifir þings að það takist þó að þetta sé ekki ómerkara mál en mörg þau sem verið er að reyna að knýja í gegnum Alþingi þessa síðustu og má kannske segja verstu daga.

Hér er um að ræða afrakstur nefndarstarfs sem ég segi einnig að hefði mátt ljúka fyrr. Það skal þó viðurkennt að þetta verk var ekki auðunnið. Hér er um viðkvæm og vandmeðfarin mál að ræða, mörg, sem komið er hér inn á og þarf að taka afstöðu til og eins og hæstv. ráðh. kom inn á eru þarna eflaust enn mörg álitaefni sem menn eru ekki í öllu sáttir við.

Ég hlýt að fagna þessu sérstaklega því að kveikja þessa starfs var tillaga sem flutt var hér á Alþingi fyrir fimm árum, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, um gagngera uppstokkun fangelsismála hér á landi og var ekki vanþörf á þrátt fyrir það að lögin væru ekki gömul eins og hann nefndi.

Ég skal ekki fara hér í efnislega umræðu því að ég get ekki annað en litið svo á að þetta frv. sé nú lagt fram til kynningar. Ég hefði gjarnan viljað fara út í efnislega umræðu um þetta en hef gert það oft áður og tel ekki ástæðu til þess. Ég held að viðkomandi nefnd hafi unnið gott starf, hugað að flestu því sem ég hefði viljað sjá í frv. af þessu tagi og tekið hin mannlegu sjónarmið býsna mikið inn í sem líka var meiningin með því að svo miklu leyti sem þau komast fyrir varðandi okkar refsilöggjöf í heild sinni. Ég fullyrði því að um umtalsverðar úrbætur sé að ræða sem felast í frv. bæði fyrir þolendurna og kannske ekki síður fyrir samfélagið sjálft þegar til lengri tíma er litið.

Ég hef svo oft rætt þetta hversu úr megi bæta sem best, að betrun verði af, svo sem nafngiftin hefur löngum verið í sambandi við fangelsi okkar eða annað nafn þeirra, betrunarhæli, að ég fer ekki út í það nú. Ég held að verði frv. þetta að lögum geti það verulega horft til bóta, margt í framkvæmdinni. Eins og hæstv. ráðh. kom inn á er grundvallarbreyting á fullnustu og framkvæmd dóma ekki innifalin en flokkunin á fangelsum og ýmislegt sem þar gefur ákveðið svigrúm er vitanlega grundvallarbreyting hér á og réttarstaða fanga er önnur og betri miðað við stöðu þeirra almennt sem refsifanga.

Það er rétt sem hæstv. ráðh. kom inn á og hefur gert áður í svari við fsp. hér á Alþingi að inn í þetta kemur vitanlega aðbúnaður fanga allur og þar auðvitað kemur fjármagnshliðin stórlega inn í og það hvað við höfum verið nísk á það að verja fjármagni til þeirra nauðsynlegu hluta og er ekki hægt að hæla okkur fyrir það að hafa tekið þar á málum svo sem skyldi. Því er fagnað alveg sérstaklega að hér kemur inn ný stofnun í stað skilorðseftirlitsins án þess að ég sé nokkuð að vanmeta skilorðseftirlitið, ný stofnun sem sinnir félagslegri þjónustu við fanga og gerir þeim lífsgönguna í raun léttbærari þegar út er komið. Eins og hæstv. ráðh. kom inn á eru mörg grundvallaratriði í réttarstöðu fanga, sem hafa verið ýmist í reglugerð eða verið svona í framkvæmd, nú lögfest ef þetta frv. nær fram að ganga og það eru tekin ýmis atriði inn í sem skipta þessa menn mjög miklu máli eins og varðandi tómstundir þeirra, líkamsþjálfun o.fl.

Hitt er svo annað mál að ég er hæstv. ráðh. fullkomlega sammála um það að þarna þarf að hafa visst öryggi á, vissar varnir, m.a. gegn fíkniefnasmygli inn í fangelsin sem engum er vitanlega nema til ógæfu. Það þarf líka að taka allhart á þeim brotum og fylgja því vel eftir að þar verði ekki misbrestur á.

Ég vil svo leggja áherslu á það í lokin, enn einu sinni, að hin mannlegu sjónarmið eiga í þessu tilfelli ævinlega að vera í fyrirrúmi, því að ekki veitir þessum ógæfumönnum af því, svo og að eftirfylgd og aðstoð eftir afplánun sé sem allra best og víðtækust þannig að þeir geti gengið út í lífið nokkurn veginn sem nýir og betri menn og geti tekist á við þau viðfangsefni sem þeir hafa áður tekist á við eða ný viðfangsefni sem þeir kjósa að snúa sér að.

Það hlýtur að vera endanlegt markmið laga af þessu tagi, markmið refsingar og afplánunar, að áhrifin megi verða svo jákvæð sem kostur er í þessum erfiðu tilfellum. Að því marki sýnist mér margt í þessu frv. stefna og því vona ég að Alþingi beri gæfu til þess á haustþingi að lögfesta það þó að ég sjái því miður ekki mikla möguleika á því að ljúka því á þessum fáu dögum sem nú lifa þings.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu laukrétt sem komið hefur fram í umræðunni að hér er um mjög viðkvæm mál að ræða. Það skal fúslega játað að það nefndarstarf sem ég veitti forstöðu hefði mátt ganga hraðar fyrir sig. Það lágu ýmsar ástæður til þess að ekki reyndist unnt að skila þessu verki fyrr en raun hefur borið vitni.

Vegna málsmeðferðarinnar í þinginu tel ég mjög æskilegt að hv. nefnd taki þetta frv. til rækilegrar skoðunar og afli upplýsinga eftir því sem föng eru á. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að tíminn er afskaplega naumur. Það eru ekki margir starfsdagar eftir þessa þings og ekkert óeðlilegt að sumir séu svartsýnir á að takist að afgreiða þetta mál. Hins vegar tel ég brýnt að málið verði tekið til alvarlegrar

athugunar til þess að greiða þá fyrir meðferðinni síðar og að efni frv. fái einhverja lágmarksumfjöllun meðal þeirra aðila úti í þjóðfélaginu sem eðlilegt þykir að fjalli um efni frv.

Að sjálfsögðu kom ýmislegt í ljós við umfjöllun nefndarinnar sem stóð að því að semja þetta frv., m.a. að það er álit nefndarinnar að fangelsi hér á landi séu allsendis ófullnægjandi. Reyndar hefur þetta komið fram bæði fyrr og síðar. Sannleikurinn er sá að full þörf er á því að endurnýja algjörlega þann húsakost sem þar er búið við og ekki síst þegar um er að ræða fangelsin hér í Reykjavík.

Ég hef ekki ætlað mér að fara út í efnislega umfjöllun um þetta mál en ég vonast til þess að nefndin sem fær það til meðferðar skoði þetta mál gaumgæfilega og að lágmarki komi því svo fyrir að þar til bærir aðilar úti í samfélaginu taki það til rækilegrar umfjöllunar og umræðu í því augnamiði þá til þrautavara að málið nái sem fljótast fram að ganga og verði að lögum á næsta þingi.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég andmæla því að margt í því frv. sem er til umræðu horfir sjálfsagt til bóta og sú nefnd sem hér um ræðir hefur sjálfsagt unnið ágætt starf. Mér finnst það hins vegar ekki vinnubrögð til fyrirmyndar þegar frv. eins og þetta um viðkvæman og mikilvægan málaflokk er lagt fram svo seint á þingi og ætlast til að það hljóti afgreiðslu á þeim tveimur vikum eða svo sem eftir eru af þingtímanum. Það hefði, held ég, verið æskilegt að fá meira ráðrúm til að íhuga það og athuga. Ég held nefnilega að þessi mál séu einn af svörtu blettunum á þjóðfélaginu okkar.

Ég hef átt þess kost, að vísu fyrir allmörgum árum, að heimsækja fangelsið að Litla-Hrauni og ég verð að segja það hreint eins og er að ömurlegri stað hef ég aldrei komið á. Sú spenna og það rafmagnaða andrúmsloft og mér liggur við að segja sá fjandskapur sem þar lá í loftinu milli annars vegar fanganna og hins vegar gæslumannanna var hreint með ólíkindum.

Fyrir fáeinum vikum heimsótti ég fangelsið að Kvíabryggju og satt best að segja varð mér orðfall þegar ég sá hvernig var búið að föngum þar. Í fyrsta lagi voru rúmstæðin samanslegin úr kassafjölum með lélegum dýnum og í rauninni engum manni bjóðandi. Í öðru lagi voru rúmfötin hreint ekki heldur neinum manni bjóðandi. Ég held að í þessum efnum höfum við dregist langt aftur úr þeim þjóðum sem við helst miðum okkur við í flestum efnum og ekki fylgst með. Þó að fangar séu eru þeir manneskjur sem eiga sín réttindi líka og kröfur á bærilega mannsæmandi aðbúnaði en á því hefur verið verulegur skortur. Það sá ég mætavel þegar ég heimsótti Kvíabryggju enda þótt andrúmsloft þar væri með allt öðrum hætti en ég upplifði á Litla-Hrauni, með allt, allt öðrum hætti, það legg ég sérstaka áherslu á og hef ég raunar komið þar alloft. En sú aðbúð, sem þeim sem þarna eru dæmdir til vistar var boðið upp á, var engum manni bjóðandi en vonandi stendur það til bóta. Ég held að þetta mál þurfi að athuga vel vegna þess og ég endurtek það að ég held að aðbúnaður fanga í íslensku þjóðfélagi sé einn af svörtustu blettunum. Þetta er mál sem almenningur ekki þekkir og fólk ekki kynnist almennt. Ég held að þarna þurfi að bæta mjög verulega úr og við þurfum að reyna að gera þarna þær umbætur sem nauðsynlegar eru vegna þess að ég hika ekki við að fullyrða að í þessum efnum er aðstaðan allt önnur hér en í þeim löndum sem við helst miðum okkur við.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Sú nefnd sem stóð að því að semja þetta frv. tók sér ferðir á hendur, fleiri en eina og fleiri en tvær, til þess að skoða fangelsi landsins og þann aðbúnað sem þar ríkir. Að ýmsu leyti er e.t.v. eðlilegt að taka undir málflutning hv. 5. landsk. þm. Hins vegar verðum við náttúrlega að gæta þess að dagamunur getur verið á bæði andrúmslofti og umgengni í slíkum stofnunum sem fangelsi eru.

Ég vil fullyrða það að það starfsfólk sem vinnur í þessum fangelsum hefur sinnt sínum störfum af mikilli trúmennsku og natni eftir aðstæðum. Aðstaða er mjög bágborin. Það er rétt. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er auðvitað að okkar dómi grunnurinn eða upphafið að því að bæta þetta ástand.

Það kom fram í framsögu hæstv. ráðh. og það kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. að fjárveitingar til fangelsanna hafa verið mjög af skornum skammti á undanförnum árum. Það er því miður okkur til skammar, hv. alþm. og Alþingi, hversu naumt hefur verið skammtað í því sambandi. Vonandi verður breyting á því. Ég vænti þess að þrátt fyrir allt ríki innan Alþingis fullur skilningur á þessum málum, fullur skilningur á því hversu bráðnauðsynlegt er að auka fjárveitingar til þessa málaflokks þannig að þarna verði búið við sæmilega aðstöðu a.m.k.

Sú nefnd sem samdi þetta frv. tók sitt hlutverk ekki þannig að það væri byggingartæknilegs eðlis heldur fremur að mynda lagaramma um það starf sem þarna færi fram. Síðan væri það framkvæmdarvalds og Alþingis að ákveða framhaldið á grunni laganna. Í þessu efni má minna á að í lögum um fangelsi og vinnuhæli frá 1973 er gert ráð fyrir í einni grein laganna ákveðinni fjárhæð til byggingar fangelsa á hverju ári. Við þetta hefur hvergi nærri verið staðið enda þekkjum við og vitum mýmörg dæmi þess að einu gildir hvað stendur eða hvað getið er um fjárframlög í hinum einstöku lögum, eftir því er nánast ekki farið.

Ég kom hér upp öðru sinni ekki síst til að vekja á því athygli að nefndin fór í öll fangelsin, kynnti sér þar aðstæður eftir því sem mögulegt var, og ég segi enn og aftur: Andrúmsloft og umgengni getur verið mismunandi eftir dögum en alltaf má ganga betur um, ég tek undir það.

Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég ítreka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu: Það er nauðsynlegt, þrátt fyrir skamman tíma, að nefndin

að lágmarki komi því svo fyrir að þetta frv., efni þess, fái rækilega umfjöllun þar til kvaddra aðila. Það er óumflýjanlegt að leita hófanna, ef ég má svo að orði komast, víða úti í samfélaginu og kanna viðhorfin til efnis frv. Ekki síst í málaflokki eins og þessum er nauðsynlegt að það myndist breiðfylking, góð samstaða um málefnið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál. — Þskj. 767.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

55. fundur, þriðjudaginn 10. mars, að loknum 54. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Frv. JSv o.fl., 395. mál (stimpilgjald af veðskuldabréfum). — Þskj. 721, n. 791.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem félmn. hefur fjallað um varðar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Meginefni frv. er það að gert er ráð fyrir því að ekki verði lögð stimpilgjöld á veðskuldabréf vegna Byggingarsjóðs verkamanna í sambandi við verkamannabústaði. Reyndar er gert ráð fyrir því eins og verið hefur að kostnaður við þinglýsingar verði greiddur. Hér er ekki um umtalsverðar fjárhæðir að ræða en fjárhæðir þó sem tekjutap ríkissjóðs.

Í grg. með frv. er vikið að því hvert tekjutap ríkissjóðs er vegna niðurfellingar umræddra stimpilgjalda og hirði ég ekki um að lesa það upp. Hv. þingdeildarmenn geta glöggvað sig á því. En sem dæmi er gert ráð fyrir því að frv. hefði í för með sér niðurfellingu stimpilgjalda á árinu 1986 sem svarar 7,7 millj. kr. Greiðslur þessara stimpilgjalda hafa verið umtalsverðar hjá húsnæðiskaupendum vegna húsakaupa. Í grg. er tekið dæmi um 4 millj. kr. íbúð sem er fjármögnuð hugsanlega að öllu leyti með láni. Þá yrði greiðsla stimpilgjalda allt að 60 þús. kr. Þetta eru umtalsverðar fjárhæðir fyrir einstaklinga sem eru við bágan fjárhag að koma yfir sig þaki. Um þetta frv. ætla ég ekki að hafa fleiri orð. Það er í sjálfu sér afskaplega einfalt í sniðum. Flm. frv. eru allmargir hv. deildarmenn og félmn. leggur einróma til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591, n. 812.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 samhlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar þetta frv. um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. hefur fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði óskað eftir að breytingar verði gerðar á lögum um Happdrætti DAS, nr. 16. frá 1973, og jafnframt að lög nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks, verði felld úr gildi. Samkvæmt lögum um Happdrætti DAS renna 40% af tekjum happdrættisins í Byggingarsjóð aldraðs fólks en 60% til DAS. Þannig hefur það verið allt frá gildistöku laga um Byggingarsjóð aldraðs fólks frá 1963. Fyrir þann tíma rann allur ágóðinn til DAS. Frv. felur sem sagt í sér að Byggingarsjóður aldraðs fólks verði lagður niður og jafnframt að eignir sjóðsins og útistandandi kröfur skuli skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og Byggingarsjóðs hjúkrunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði. Eignir Byggingarsjóðs aldraðs fólks, eins og greint er frá í grg. með frv., munu hafa verið í árslok 1985 19,7 millj. kr., þar af helmingur í skuldabréfum.

Þetta var nú efni þessa frv. Í tengslum við frv. og til samræmis við það hefur svo verið flutt frv. sem er til meðferðar í deildinni, frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti DAS. En í því frv. er gert ráð fyrir að ágóði happdrættisins renni til byggingarframkvæmda aldraðra á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Með samþykkt þess frv. ásamt þessu á þessi ráðstöfun að ganga upp ef ég má svo að orði komast.

Félmn. leggur eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Hann er nú ekki stórvægilegur en ég vildi þó koma honum að hér. Þessi sjóður, sem hér er um rætt og er hluti af ágóða af Happdrætti DAS, eins og hér var komið inn á af hv. frsm., er vissulega orðinn þann veg að hann gegnir ekki neinu verulegu hlutverki lengur. Hann hefur raunar aðeins verið til styrktar og hennar mjög óverulegrar til einstakra bygginga. Á sínum tíma var hér, þegar í fá hús var að venda varðandi aðstoð við slíkar byggingar, um nokkra hjálp að ræða. Við höfum hins vegar komið upp myndarlegum sjóði sem vonandi á eftir að verða enn myndarlegri, þ.e. Framkvæmdasjóði aldraðra. Ég tók það fram varðandi það mál hins vegar í gær, þegar við vorum að afgreiða það hér út úr deildinni, málefni aldraðra, heildarlöggjöfina, að ég óttaðist um afdrif sjóðsins, þ.e. fjárhagsleg afdrif hans. Með skattkerfisbreytingunni núna eyðileggjum við þann möguleika sem við höfum haft til þess að leggja á ákveðinn nefskatt sem hefur runnið beint í Framkvæmdasjóð aldraðra og við höfum hækkað hér þing eftir þing talsvert mikið umfram verðlagsforsendur og náð þannig meira fjármagni en ella inn í þennan sjóð, enda hafa framkvæmdir hvarvetna kallað á.

Ég hef af því áhyggjur að þegar þetta verður komið inn í fjárlög og menn fara að úthluta þessum sjóði framlagi á fjárlögum verði það eins og með marga aðra sjóði sem eru jafnvel lögbundnir um framlög að hann verði skertur og vara mjög eindregið við því. En í trausti þess einmitt að Framkvæmdasjóður aldraðra verði ekki síður öflugur en hann er í dag og jafnvel enn öflugri get ég út af fyrir sig stutt þetta frv. sem hér er um að ræða. Að vísu kemur upp í hugann spurning um ráðstöfun á eignum þessa sjóðs eins og þarna er lagt til og hv. frsm. kom inn á.

Ég skal vera fyrstur manna til að viðurkenna það að Hrafnistubyggingarnar, þ.e. byggingarnar á vegum DAS, hýsa í ríkum mæli fólk af landsbyggðinni þannig að þær eru vitanlega ekki fyrir Reykvíkinga eina eða nágrannabyggðirnar. Þar hafa margir notið skjóls og því engin ástæða til neins dilkadráttar í þeim efnum, síður en svo. Það sem eiginlega kom mér mest á óvart og olli mér mestum vonbrigðum var að sjá það í grg. með þessu frv., ef það er rétt með farið, að nettóágóðinn af Happdrætti DAS sé ekki nema í kringum 10 millj., það er með ólíkindum ef svo er. Samkvæmt grg. frv. kemur það í ljós að 40% eru 4,1 millj. og þá liggur það nokkurn veginn í hlutarins eðli að ágóðinn er ekki meiri en 10 millj. Það kemur mér mjög á óvart, vægast sagt, sérstaklega í ljósi þess hve myndarlega er nú byggt og myndarlega að verkum þar staðið á margan veg. En út í það fer ég ekki hér. Ég dreg ekki þessar tölur í efa og hef ekki haft aðstöðu til þess heldur að átta mig betur á þeim. Ég vil heldur ekki gera það að ágreiningsefni hvernig ráðstöfun eigna þessa sjóðs er háttað en ég hefði auðvitað gjarnan talið það eðlilegast að eignir þessa sjóðs rynnu beint í Framkvæmdasjóð aldraðra, þennan meginsjóð og stjórn Framkvæmdasjóðsins skipti því þá í samráði við ráðuneytið, skipti því þannig að t.d. Hrafnistubyggingarnar hefðu fengið eitthvað þar úr. Mér hefði þótt það eðlilegra í staðinn fyrir að vera að skipta þessu í tvennt eins og þarna er ráð fyrir gert. Ég geri það hins vegar ekki að ágreiningsatriði þótt mér hefði þótt það eðlilegra en vildi gera grein fyrir þessum fyrirvara mínum og þá alveg sérstaklega því að með afnámi þessa sjóðs væri ekki í önnur hús að venda en Framkvæmdasjóð aldraðra og því ber Alþingi mikla ábyrgð á þeim sjóði að hann verði ekki skertur á næstu árum, heldur efldur vegna þess að við eigum þarna virkilega skuld að gjalda því fólki sem nú þarf á aðstoð að halda á sínum efri árum og þurfum virkilegt fjármagn í þennan sjóð ekki síður en við höfum gert á undanförnum árum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573, n. 813.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Eins og kom fram í umræðum um síðasta mál, frv. um Byggingarsjóð aldraðra, er þetta flutt til samræmis við það frv. sem felur í sér að Byggingarsjóður aldraðs fólks, sem starfar samkvæmt lögum nr. 49/1963, verði lagður niður. Það mál var til 2. umr. í dag og þarf ég ekki neinu við þar að bæta.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það má sjálfsagt að einhverju leyti fetta fingur út í það að Byggingarsjóður aldraðs fólks verði lagður niður og bera brigður á það að landsbyggðin njóti fyrirgreiðslu í sama mæli eftirleiðis sem hingað til. Nú hafa ekki legið fyrir þeim nefndum, sem um þetta hafa fjallað, upplýsingar um fjárhæðir í því sambandi. Ég vil

vekja athygli á þeim málslið sem er í þessu frv. í 1. gr. frv., þar sem stendur, „Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.“ Ég treysti því að sjálfsögðu að stjórn samtakanna sem hér er getið nýti sér þessar heimildir til fulls og að framlög í framtíðinni verði eigi minni en verið hafa til landsbyggðarinnar úr Byggingarsjóði aldraðs fólks.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 802 (sbr. 207).

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til tollalaga. Frv. það sem hér liggur fyrir er liður í þeim áformum að einfalda þann þátt tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs sem lýtur að innheimtu og álagningu aðflutningsgjalda og með þeim hætti að gera það skilvirkara en um leið draga úr kostnaði sem bæði innflutningsverslunin og ríkissjóður óhjákvæmilega hljóta að axla við núverandi aðstæður.

Leitað hefur verið til ýmissa hagsmunaaðila sem málið varðar og í ýmsum efnum höfð hliðsjón af ábendingum þeirra um fjölmörg atriði.

Að undanförnu hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun þeirra gjalda sem lögð eru á innfluttar vörur og vörur framleiddar innanlands með það fyrir augum að fækka gjaldstofnum, eyða uppsöfnunaráhrifum aðflutningsgjalda í innlendri framleiðslu og að öðru leyti með niðurfellingu eða lækkun aðflutningsgjalda í því skyni að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu.

Megintilgangur með framlagningu þessa frv. er hins vegar þessi:

1. Að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit þannig að jafnt viðskiptavinir tollyfirvalda sem þau sjálf séu vitandi um réttindi og skyldur varðandi innflutning og útflutning á vörum.

2. Að gera tollmeðferð á vörum sem einfaldasta og taka upp vinnubrögð sem nútímalegir viðskiptahættir krefjast.

3. Að gera yfirstjórn tollamála markvissari, m.a. með því að fela ríkistollstjóra að hafa eftirlit með og samræma störf tollstjóra í einstökum tollumdæmum.

4. Að breyta tollumdæmum þannig að sem mestrar hagkvæmni gæti í rekstri tollembætta og dregið verði sem mest úr kostnaði innflytjenda og farmflytjenda af tolleftirliti.

5. Að kveða skýrt á um yfirstjórn tollgæslunnar, samræma störf tollgæslumanna og að öðru leyti efla tollgæslu.

6. Að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í þeim tilgangi að stytta birgðahald og geymslutíma hjá innflytjendum og um leið geymslukostnað sem leiða ætti til lækkunar vöruverðs.

7. Að setja skýrari reglur um úrlausn ágreiningsmála til að stuðla að sem mestu réttaröryggi við úrlausn tollamála.

Meginreglur þær sem gilda um álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda er nú að finna í þrennum lögum. Í fyrsta lagi gilda um álagningu aðflutningsgjalda lög nr. 120 frá 1976, um tollskrá o.fl. Í lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eru meginákvæðin um yfirstjórn tollamála, tollstjórnina, tollsvæði, tollhafnir o.fl. Þriðju lögin sem fjalla um tollmeðferð á vörum eru lög nr. 43 frá 1960, um tollvörugeymslur o.fl. Í þessum lögum er að finna ákvæði er varðar rekstur almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verslanir og svokallaðar flutningsgeymslur.

Í þessum þrennum lögum er gripið á öllum helstu þáttum er snerta tollmeðferð og tollheimtu í tengslum við innflutning og útflutning á vörum. Eðlilegast er að efnisákvæðum er snerta ákveðið réttarsvið sé skipað saman í einn lagabálk. Með því fæst betri yfirsýn yfir gildandi rétt á viðkomandi sviði, réttarskipanin verður gleggri og ætla má að síður verði hætta á að ósamræmis gæti í einstökum atriðum. Við heildarendurskoðun á tollskrárlögum var þegar ákveðið að semja frv. er tæki til allra meginþátta tollkerfisins og er tollafrv. árangur þess starfs.

Meginefni tollskrárlaga frá 1976 er tollnafnaskrá með tolltöxtum sem er, eins og menn kannast við, byggð á svonefndri Brussel-tollnafnaskrá frá árinu 1963.

Í frv. því til tollalaga sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að fyrirkomulagi tollnafnaskrárinnar verði breytt þannig að hún verði ekki lengur hluti af efnisákvæðum laganna, heldur verði tollnafnaskráin viðauki við lögin ásamt tolltöxtum sem hafa lagagildi. Er gert ráð fyrir að sérstakt ákvæði verði tekið upp er auðveldi ýmsar tæknilegar breytingar á tollskránni og hægt verði að leiðrétta hana þannig að texti skrárinnar endurspegli m.a. sem nákvæmast tollun vara og dragi þannig úr hættu á mismunun tollmeðferðar á vörum eftir innflytjendum eins og nú er raunin vegna fjölmargra undanþága sem er að finna í auglýsingum og einstökum ráðuneytisbréfum.

Þannig er gert ráð fyrir að taka megi upp ný tollskrárnúmer í tollskrána í þeim tilvikum þegar tollar eru samræmdir á vörum sem gerðar eru úr mismunandi efnum eða fella niður t.d. þegar framleiðsla er hafin innanlands á vörum sem samningar Íslands við Fríverslunarbandalagið og Evrópu-

bandalagið taka til. Jafnframt verður hægt að taka upp ný tollskrárnúmer til þess að auðvelda framleiðendum innlendra vara að átta sig á samkeppnisstöðu sinni gagnvart innlendum aðilum eða viðkomandi hagsmunasamtökum, eða ríkinu að fylgjast með innflutningsverslun landsmanna. Heimildin felur jafnframt í sér möguleika til þess að leggja af tollskrárnúmer sem kunna að vera orðin dauður bókstafur vegna breyttra framleiðsluhátta. Loks er lagt til að sérstök heimild verði tekin upp til þess að aðlaga tollskrána þeim breytingum sem kunna að verða samþykktar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins varðandi flokkun vara í tollskrá.

Í júní 1983 var lagður fram samningur af hálfu Tollasamvinnuráðsins um nýja vöruflokkun í tollskrá, sem nefndur hefur verið Samræmda skráin. Gert er ráð fyrir að þau lönd sem gerast aðilar að skránni taki hana upp 1. jan. 1988. Samningur þessi hefur þegar verið undirritaður af Íslands hálfu og mun hljóta staðfestingu síðar. Unnið hefur verið að því í fjmrn. að undanförnu að undirbúa upptöku þessarar skrár. Þar sem mjög æskilegt er að tengja upptöku skrárinnar þeirri tölvuvinnslu sem fyrirhuguð er á næstunni og forðast þannig tvöfaldan forritunarkostnað er stefnt að því að Samræmda skráin verði tekin upp á sama tíma. Yrði farið að fordæmi annarra landa í því sambandi.

Meginefni þeirra breytinga, sem ríkisstjórnin telur tímabært að gerðar verði á tollkerfinu og felast í frv., eru til þess m.a. að færa afgreiðsluhætti í það horf að þeir falli sem best að breyttum viðskiptaháttum og flutningum á vörum til og frá landinu. Breyttir viðskiptahættir, aukin verslun og skjalaflóð því samfara krefjast meiri hraða og nútímalegri vinnslu þeirra gagna sem tollafgreiðsla hlýtur ávallt að byggjast á.

Með frv. þessu hefur vonandi tekist að draga upp þann ramma sem varðar leiðina að þessum markmiðum án þess að hagsmunir ríkisins af innheimtu gjalda og löggæslu hafi verið skertir. Hversu vel tekst til er hins vegar ávallt komið undir nánari útfærslu einstakra atriða og ekki síður þeim aðilum sem eftir lögunum eiga að starfa á hverjum tíma.

Fjölmörg önnur efnisatriði mætti hér nefna sem felast í frv., en ég vil leyfa mér, frú forseti, að öðru leyti að vísa til almennra athugasemda sem fylgja með frv. Mál þetta hefur fengið mjög vandlega umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og voru í meðförum deildarinnar gerðar á því nokkrar minni háttar lagfæringar.

Frú forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Það standa náttúrlega engin efni til þess að halda hér einhverjar langar tölur um þetta frv. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. er tilgangur þessa frv. fyrst og fremst sá að koma á samræmdri heildarlöggjöf, að ná fram markmiðum einföldunar í tollameðferð, að koma á nýrri yfirstjórn tollyfirvalda, ríkistollstjóra, að ákveða frekar en nú tollumdæmi, að skipuleggja og ákveða yfirstjórn tollgæslu, að breyta og þá endurbæta greiðsluaðferðir við uppgjör tolla og að koma á samræmingu og skýrari ákvæðum um úrlausn ágreiningsmála.

Ég vil aðeins nota tækifærið hér til þess að benda á það að fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði í Nd. gerði athugasemdir við og flutti brtt. vegna embættis ríkistollstjóra og hafði það aðallega út á þá tilhögun að setja að gert er ráð fyrir því í frv. að tollstjórinn í Reykjavík verði jafnframt ríkistollstjóri og að tollstjórar um allt land verði síðan undirsátar þessa tollgæslustjóra í Reykjavík, sem er undirmaður tollstjórans í Reykjavík, sem á svo aftur að vera ríkistollstjóri samhliða sínu eigin embætti. Sem ríkistollstjóri verður þá tollstjórinn í Reykjavík yfirmaður sjálfs sín. Jafnframt er þessum embættismanni í Reykjavík ætlað að vera yfirmaður allra tollstjóra um allt land þótt hér sé náttúrlega um hliðstæð embætti að ræða og að því er tollgæslumál varðar eiga tollstjórar úti á landi að lúta undirmanni eins tollstjóranna, nefnilega þess sem situr í Reykjavík.

Ég er í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta mál hér í Ed. og fæ því tækifæri til þess að þetta atriði verði skýrt betur út fyrir mér og öðrum nefndarmönnum, en tek undir það með fulltrúa okkar í minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. að þetta er í fyrsta lagi ekki alveg í samræmi við þær yfirlýsingar manna um valddreifingu sem mjög hafa nú verið háværar á seinustu misserum og í öðru lagi virðist þetta vera hálfgert klúður hvað valdskiptingu snertir þegar einn og sami maðurinn getur verið í raun og veru yfirmaður sjálfs sín.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

56. fundur, þriðjudaginn 10. mars, að loknum 55. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Frv. JSv o.fl., 395. mál (stimpilgjald af veðskuldabréfum). — Þskj. 721.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 3. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

60. fundur, þriðjudaginn 10. mars, að loknum fundi í Sþ.

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. er um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna. Tilgangur þessarar samþykktar er að tryggja eftir megni öryggi skipa og áhafna og leitast við að samræma þær kröfur sem gerðar eru til skipanna sjálfra, öryggis þeirra og búnaðar og kröfur um lágmarksþekkingu og kunnáttu þeirra sem á skipunum starfa. Þetta er fyrsti alþjóðasamningurinn sem hefur að geyma meginreglur um öryggi áhafna sem allar siglingaþjóðir heims geta fallist á.

Skv. 2. gr. frv. er ráðherra heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir sex árum, en í þessari ályktun eru aðildarríkin hvött til að ákveða lágmarksmönnun fyrir skip sem alþjóðasamþykktin um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna gildir um og gefa út mönnunarskírteini fyrir hvert skip.

Hér á landi eru engar reglur til um heildarmönnun skipa, en í lögunum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna frá 1984 er kveðið á um fjölda réttindamanna um borð í skipum en fjöldi undirmanna hefur verið ákveðinn með samningum útgerðarmanna og sjómanna.

Mörg ríki, þar á meðal öll nágrannaríki okkar, hafa þegar komið þessari ályktun í framkvæmd. Öryggismálanefnd sjómanna lagði í sinni skýrslu frá því í október 1985 mikla áherslu á staðfestingu samþykktarinnar og hvatti til þess að gerðar yrðu þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla ákvæði hennar og þar með að settar yrðu reglur um heildarmönnun skipa. Til að undirbúa framkvæmd framangreindrar samþykktar hér á landi og í framhaldi þess fullgildingu hennar er nauðsynlegt að setja reglur um nokkra þætti hennar, svo sem útgáfu skírteinis og vaktstöður sjómanna. Enn fremur er nauðsynlegt að tryggja eðlilegt öryggi áhafna og skipa í samræmi við samþykktina og framangreinda ályktun og setja reglur um lágmarksheildarmönnun kaupskipa.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. og vil í framhaldi af því geta þess að þetta mál fór samhljóða í gegnum Ed.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að minna á að það mál sem hér er flutt er ein af þeim tillögum sem öryggismálanefnd sjómanna gerði og lagði fyrir hæstv. ráðh. snemma á þessu þingi og ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi alþjóðasamþykkt verði staðfest. Það hefur satt að segja þegar komið okkur í koll að við erum ekki aðilar að þessari samþykkt og getur gert það enn frekar á komandi árum. Það er því brýnt að þessi alþjóðlega samþykkt fái lagagildi þegar á þessu þingi. Ég lýsi fyrir mitt leyti eindregnum stuðningi við það að þetta mál verði að lögum hér á þinginu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sömuleiðis minna á að hér er um að ræða eina af þeim tillögum sem bornar voru fram af öryggismálanefnd sjómanna, en í þeirri nefnd voru fulltrúar frá öllum þingflokkum sem tóku sæti á þingi í upphafi þessa kjörtímabils. Þetta var einróma samþykkt tillaga frá nefndinni og töldu allir nefndarmenn mjög brýnt að fram yrði lagt frv. til l. sem síðan fengi samþykkt á þessu þingi til staðfestingar á þessari alþjóðasamþykkt. Ég legg því

áherslu á og minni menn á þessa samstöðu nefndarinnar. Ég lýsi yfir fullum stuðningi Kvennalistans við þetta frv. og fagna því að það hefur verið lagt hér fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 806.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, á þskj. 806. Frv. er flutt í tengslum við frv. til l. um staðgreiðslu skatta. Þessi frumvörp og önnur sem þeim tengjast eru samin af starfsmönnum fjmrn., ríkisskattstjóra og starfsmönnum hans í samvinnu við nefnd sem fjmrh. skipaði s.l. haust í þeim tilgangi að endurskoða lög um tekju- og eignarskatt.

Með frv. þessu er gerð tillaga um allróttæka breytingu á reglum um álagningu beinna skatta á einstaklinga hér á landi. Tillögur þessar eru annars vegar gerðar með tilliti til þess að róttæk einföldun álagningarreglna er skilyrði þess að við verði komið einföldu og skilvirku staðgreiðslukerfi og hins vegar í þeim tilgangi að álagningarkerfið sjálft verði einfaldara og skiljanlegra þeim sem við það eiga að búa. Í þessu sambandi má minna á skýrslu nefndar sem kannaði umfang skattsvika hér á landi, en í henni var áhersla m.a. lögð á fækkun frádráttarliða.

Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu hér á landi um margra ára skeið. Frumvörp um það efni voru til að mynda lögð fram á Alþingi á árinu 1977 og aftur 1981. Þau frumvörp þóttu þá býsna flókin og varð ekki af að Alþingi tæki málið til afgreiðslu.

Í frv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkis sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við uppgjör eftir á samkvæmt álagningu á framtali. Þeim aðilum sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti.

Meginbreytingum skv. frv. má skipta í tvo þætti. Annars vegar er myndaður einn sameiginlegur og breyttur skattstofn og hins vegar er álagningarreglum breytt verulega. Í gildandi lögum eru stofnar til ákvörðunar útsvars og tekjuskatts mismunandi. Í frv. er hins vegar lagt til að framvegis verði einn stofn myndaður af öllum vergum greiðslum vinnuveitenda til launþega, þ.e. að inn í stofninn gangi allar launagreiðslur auk ýmissa sérstakra liða, svo sem bifreiðastyrkja, dagpeninga og annarra starfstengdra greiðslna, fríðinda og hlunninda. Enn fremur er gert ráð fyrir að lífeyrir og tryggingabætur og allar slíkar greiðslur verði hluti skattstofnsins, en hluti þeirra hefur verið utan útsvarsstofns. Þessi nýi stofn mun samsvara núgildandi útsvarsstofni að viðbættum þeim frádráttarliðum sem nú eru heimilaðir við myndun hans. Þeir eru skyldusparnaður, kostnaður á móti ökutækjastyrk og dagpeningum, hlunnindi, verkfæra- og hljóðfærapeningar, helmingur greiddra meðlaga og námsfrádráttur. Enn fremur hækkar stofn um elli- og örorkulífeyri almannatrygginga. Vegna breytts álagningarkerfis, einkum mikillar hækkunar á persónuafslætti, mun síðast talda atriðið þó ekki valda álagningu gjalda nema til komi aðrar tekjur í verulegum mæli. Sama máli gegnir um námsfrádrátt. Tekjur námsmanna munu af sömu ástæðum að öllu jöfnu ekki leiða til skattlagningar.

Sú leið var valin að því er varðar bifreiðastyrki, dagpeninga og þess háttar greiðslur að gera ráð fyrir að af þessum liðum verði greiddur skattur í staðgreiðslukerfinu. Hins vegar eru sérstök ákvæði til að koma í veg fyrir að menn greiði skatt af raunverulegum kostnaði sem þeir hafa til að mynda vegna notkunar bíla í þágu vinnuveitenda eða á ferðalögum vegna starfs síns. Þau ákvæði eru hins vegar þrengri en nú er og áformað að fylgja því betur eftir að liðir þessir verði ekki notaðir til undanskots á sköttum. Þær talnalegu upplýsingar sem fyrir liggja sýna svo að ekki verður um villst að þessir liðir eru nú í allmiklum mæli notaðir til að koma tekjum fram hjá skattlagningu.

Mismunur á tekjuskattsstofni og útsvarsstofni er einkum fólginn í því að ekki eru í báðum tilfellum heimilaðir sömu frádráttarliðir. Í frv. er gert ráð fyrir einum sameiginlegum skattstofni eins og að framan er greint sem fæst með því að bæta við núverandi útsvarsstofn flestum þeim frádráttarliðum sem nú eru leyfðir.

Samkvæmt framtölum 1986 vegna tekna á árinu 1985 var útsvarsstofn um 57,9 milljarðar kr. hjá um það bil 161 þús. framteljendum. Með þeim breytingum sem í frv. felast hefði sameiginlegur skattstofn á árinu 1986 orðið 64,7 milljarðar kr. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að af 1400 millj. kr. í bifreiðastyrkjum og dagpeningum, sem samkvæmt framansögðu mundu mynda viðbótarskattstofn, verði um 500 millj. kr. viðurkenndar við framtal sem kostnaður sem ekki beri að greiða skatt af. Þótt skattstofninn hækki samkvæmt þessu um rúmlega 7 milljarða kr. eða um 12% mun það ekki leiða til samsvarandi hækkunar álagningar þar sem verulegur hluti þessar-

ar hækkunar er elli- og örorkulífeyrir, sem er nú þegar hluti tekjuskattsstofns, og námsfrádráttur, en þessar tekjur renna að mestum hluta til þeirra sem ekki munu greiða skatt vegna hinnar miklu hækkunar á persónuafslætti.

Auk framangreindra frádráttarliða, sem ásamt gildandi útsvarsstofni mynda hinn nýja skattstofn, eru felldir niður frádráttarliðir sem eingöngu hafa haft áhrif á tekjuskatt. Þar sem þessir frádráttarliðir hafa ekki haft áhrif á útsvarsstofn breyta þeir ekki fyrirhuguðum skattstofni frá því sem að framan er greint. Um er að ræða eftirfarandi liði: sjómannafrádrátt, fiskimannafrádrátt, kostnað við stofnun heimilis, iðgjöld í lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, vaxtagjöld til frádráttar, gjafir til menningarmála og fastan frádrátt.

Í stað tveggja fyrstnefndu frádráttarliðanna er gert ráð fyrir að upp verði tekinn sérstakur sjómannaafsláttur. Vegna þess hve stór hluti framteljenda eða um 80% notar heimild til fasts frádráttar hafa aðrir frádráttarliðir lítið að segja nema vaxtafrádrátturinn og nýtast þeir ekki nema í tengslum við hann. Gert er ráð fyrir að í stað vaxtafrádráttar komi sérstakar húsnæðisbætur. Tekjuskattsstofn 1986 að teknu tilliti til frádráttarheimilda var 51,1 milljarður kr. hjá um 161 þús. gjaldendum.

Fyrir utan breytingar á skattstofni eru meginbreytingar frv. fólgnar í breyttum reglum um álagningu gjalda á skattstofni. Frv. þetta er samið í þeim tilgangi fyrst og fremst að einfalda álagningarkerfið og m.a. að skapa þannig forsendur fyrir einfaldari innheimtu í staðgreiðslu. Frv. gerir því ekki ráð fyrir neinni verulegri breytingu á skattheimtu eða lækkun skatta, enda væri slíkt ekki raunhæft nema í tengslum við önnur tekjuöflunaráform eða lækkun útgjalda að verulegu marki. Til þess að auðvelda þær breytingar sem frv. felur í sér var þó ákveðið að gera ráð fyrir nokkurri lækkun tekjuskatta til ríkisins.

Við samningu frv. var eftir því sem unnt var reynt að ná þeim markmiðum að tekjur þeirra opinberu aðila sem málið snertir héldust sem næst óbreyttar frá því sem þær voru á árinu 1986 og að dreifing skattbyrði raskaðist ekki verulega frá þeim tíma að öðru leyti en því að náð yrði settu marki um skattleysismörk.

Að því er varðar tekjur ríkissjóðs var þó tekið tillit til þess að áður hafði verið ákveðin lækkun tekjuskatta um 300 millj. kr. sem kemur til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1987. Álagningarreglur fyrir þau gjöld sem frv. þetta fjallar um eru nú margar og þó að hver um sig geti verið einföld virka þær í heild sem allflókið úrlausnarefni og ekki er auðgert að meta áhrif þeirra saman. Við athugun sýndi sig þó að framangreindum markmiðum um tekjuöflun og dreifingu skatta var unnt að ná með tiltölulega einföldu álagningarkerfi með einum skattstofni, einu skatthlutfalli og einum almennum skattafslætti. Auk þess er sérstökum markmiðum varðandi einstaka hópa náð með bótum eða afsláttarliðum sem ekki tengjast skattstofninum sjálfum.

Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalda og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%. Við það er áætlað að bætist útsvar til sveitarfélaga. Sameiginlegt skatthlutfall gæti orðið um 35%. Það útsvarshlutfall sem reiknað er með í þessu frv. er 6,25% og er þá miðað við útsvarsálagningu síðustu ára, en reikna má með að þetta hlutfall þurfi að hækka eitthvað ef sú hækkun á útsvörum sem verður á þessu ári heldur áfram við álagningu á næsta ári. Frá hluta ríkissjóðs í þannig reiknuðum skatti dragast persónuafsláttur og sjómannaafsláttur.

Af hluta ríkissjóðs greiðast einnig barnabætur og húsnæðisbætur, svo og hlutdeild sókna og kirkjugarða, en miðað er við að tekjur þeirra verði hinar sömu og verið hefur. Persónuafslátturinn, sem dregst frá hinum sameinaða skatti, er að upphæð 11 500 kr. á mánuði á hvern skattgreiðanda miðað við verðlag í febrúar 1987.

Gert er ráð fyrir að skattafslátturinn verði millifæranlegur til maka að ⅘ hlutum. Kveðið er á um að hann verði hækkaður tvisvar á ári til samræmis við breytingar á verðlagi eins og þær mælast með lánskjaravísitölu. Afsláttur þessi svarar til þess að tekjur neðan við um það bil 33 þús. kr. á mánuði eru skattfrjálsar hjá einstaklingum og 59–66 þús. kr. á mánuði hjá barnlausum hjónum, en hjá öðrum yrðu skattleysismörkin hærri sem nemur barnabótum.

Gert er ráð fyrir að barnabætur verði óbreyttar frá því sem þær eru á þessu ári að öðru leyti en því að bætur til einstæðra foreldra verða tvöfaldar þær bætur sem hjón eða sambúðarfólk á rétt á. Barnabótaauki er að öllu leyti hafður óbreyttur.

Gert er ráð fyrir að bætur þessar hækki eftir sömu reglu og persónuafsláttur, þ.e. eftir hækkun lánskjaravísitölu.

Í stað vaxtafrádráttar húsbyggjenda er gert ráð fyrir húsnæðisbótum 55 þús. kr. á ári í sex ár til þeirra sem byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn og verða þær útborganlegar séu þær hærri en álagður skattur viðkomandi. Tekjumissir ríkissjóðs vegna núgildandi ákvæða um vaxtafrádrátt var við álagningu á árinu 1986 um 530 millj. kr. og er bótafjárhæð frv. miðuð við að kosta ríkissjóð um það bil sömu fjárhæð.

Í frv. er miðað við að húsnæðisbætur verði greiddar í sex ár vegna fyrstu íbúðar. Ætla má að þegar fram í sækir verði samtímis greiddar bætur vegna um 10 200 íbúða. Bætur á íbúð að fjárhæð rúmlega 50 þús. kr. miðað við árið 1986 hefðu því kostað ríkissjóð það sama og vaxtafrádrátturinn. Í frv. er sú fjárhæð færð í 55 þús. kr. í febrúar 1987 með tilliti til verðlagsbreytinga til febrúar í ár og eftir það breytist fjárhæðin í samræmi við lánskjaravísitölu. Þó að hér sé gert ráð fyrir sama fé og áður í þennan þátt er ljóst að með hinu nýja fyrirkomulagi verður dreifing fjárins jafnari en áður. Nú njóta þeir mest í vaxtafrádrætti sem greiðastan aðgang hafa að

lánum. Dreifing frádráttarins sýnir að hann vex með hækkandi tekjum. Skv. frv. munu allir sem byggja í fyrsta sinn njóta afsláttarins að jöfnu. Mun hann á þeim sex árum sem hann er við lýði svara til 65–70% af vöxtum af hámarksláni Húsnæðisstofnunar.

Í stað sjómannafrádráttar og fiskimannafrádráttar gerir frv. ráð fyrir sérstökum afslætti frá skatti, sjómannaafslætti, er nemur 150 kr. á skráningardag. Fjárhæð sjómannaafsláttarins er miðuð við að hafa svipuð áhrif hjá sjómönnum og núverandi frádráttarreglur hafa hjá sjómanni með meðaltekjur. Meðaltekjur sjómanna á árinu 1985 voru um 1 millj. kr. og er áætlað að frádráttarreglurnar hafi leitt til þess að skattar sjómanns með þær tekjur hafi lækkað um rösklega 50 þús. kr. Er afslátturinn því ákveðinn um 150 kr. á dag miðað við 360 daga eða 4500 kr. á mánuði. Áætla má að sjómannaafsláttur þessi kosti ríkissjóð sem næst hið sama og fyrra fyrirkomulag en dreifist hins vegar með jafnari hætti en áður var milli þeirra sem hans njóta.

Í þessum lögum eru sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld ekki ákveðin, en hins vegar miðað við að þau verði ákveðin þannig að tekjur verði hinar sömu og á árinu 1986.

Ég hef hér gert grein fyrir þeim meginbreytingum sem frv. þetta felur í sér, en þeim og forsendum þeirra er nánar lýst í athugasemdum með frv. Ég vil í framhaldi af því gera nokkra grein fyrir helstu áhrifum sem vænta má að það hafi á tekjuöflun ríkissjóðs annars vegar og skattgreiðslur hins vegar.

Til þess að meta áhrif breytinga álagningarkerfisins á tekjur ríkissjóðs var Reiknistofnun Háskóla Íslands fengin til að gera samanburð á mismunandi álagningu á grundvelli úrtaks úr framtölum fyrir árið 1985. Til þess að meta áhrif kerfisbreytinganna sem slíkra voru áhrif vaxtafrádráttar, sjómannafrádráttar og nýting persónuafsláttar til greiðslu á eignarskatti tekin út úr álagningu á árinu 1986 og hún endurunnin þannig breytt. Til samanburðar var álagning áætluð eins og hún hefði orðið í staðgreiðslu á árinu 1986. Til þess voru tekjur ársins 1985 hækkaðar um 33,5%, sem er áætluð meðalhækkun tekna á mann á milli áranna 1985 og 1986, og búinn til nýr skattstofn eins og honum er lýst í frv. Að því loknu var álagning reiknuð eftir tilhögun frv. Álagning þessi tók ekki mið af húsnæðisbótum né sjómannaafslætti, en þar sem samsvarandi liðir höfðu verið teknir út úr viðmiðuninni og ætlað er að kostnaður við þá sé hinn sami í báðum kerfum hefur það ekki áhrif á niðurstöðurnar. Sama er að segja um sóknargjald og kirkjugarðsgjald. Þau eru í báðum tilvikum utan samanburðarins. Útreikningar þessir sýna að við þessa breytingu má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um rúmlega 300 millj. kr. til viðbótar við þá lækkun sem ákveðin var með lögum í lok s.l. árs.

Eins og fram hefur komið felur frv. þetta í sér verulega hækkun skattleysismarka. Að sjálfsögðu þýðir það að ríkissjóður verður af tekjum sem nemur þeim skatti sem greiddur var af tekjum neðan þeirra auk þess sem skattar af tekjum sem komu til skattlagningar og voru ofan skattleysismarkanna lækka nokkuð. Í þessum þáttum felst sú lækkun sem kemur fram í tekjum ríkissjóðs. Á móti þessari lækkun kemur nokkur hækkun af breikkuðum skattstofni. Sú hækkun mun því að því er áætlað er fyrst og fremst stafa af því að skattlagðar verði tekjur sem ekki hafa verið skattlagðar í núverandi kerfi. Enn fremur standa vonir til að með breyttum ákvæðum í 59. gr. laganna um viðmiðunartekjur, staðgreiðslukerfinu sjálfu og bættum möguleikum og eftirliti muni tekjur einstaklinga með rekstur skila sér betur til skattlagningar en verið hefur. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í framangreindum útreikningum.

Að því leyti sem frv. gerir ráð fyrir hækkun skatta er því ekki um að ræða hækkun hjá þeim sem þegar greiða af öllum sínum tekjum heldur það að reynt er að koma því til leiðar að þeir sem hafa svipaðar tekjur greiði einnig sambærilega skatta burtséð frá því í hvaða formi teknanna er aflað.

Ég vil þá að lokum, herra forseti, víkja nokkuð að þeim breytingum sem frv. tók í Ed. Ed. gerði að tillögu minni þá breytingu að millifæranlegur persónuafsláttur á milli hjóna yrði 80% í staðinn fyrir 75% eins og kveðið var á í frv. Það skal tekið fram að ákveðið hafði verið að þetta hlutfall millifæranlegs persónuafsláttar skyldi verða 80% áður en frv. var lagt fram, en vegna þess hversu prentun frv. var langt komin er ákvörðun þessi var tekin var hins vegar látið við svo búið standa, en þess í stað ákveðið að koma fram breytingum í nefnd.

Komið hefur í ljós að fjárhæð sjómannaafsláttar á dag skv. 10. gr. frv. er að mati fjmrn. vanáætluð um 50 kr. og er því lögð til breyting í samræmi við þessar upplýsingar frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Þetta er þó eitt þeirra atriða sem nánar yrði að kanna eftir því sem álagning á árinu 1987 fer fram.

Þá þótti nauðsynlegt að lækka skatthlutfall tekjuskatts þeirra sem ekki eru skattskyldir að fullu hérlendis til samræmis við þær breytingar sem frv. hefur að öðru leyti í för með sér á skattstigum. Hér er einkum um þá aðila að ræða sem eru heimilisfastir erlendis en njóta greiðslna héðan, t.d. lífeyrissjóðsgreiðslna, arðs eða launa vegna starfa hér á landi í skemmri tíma. Tekið skal fram að umræddir aðilar njóta ekki persónuafsláttar eins og þeir sem ótakmarkaða skattskyldu bera hérlendis. Því er lagt til að breyting verði gerð á 75. gr. laganna í þá veru sem kveðið er á um í 2. tölul. brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. flutti.

Þá var samþykkt að ákvæðið um skattvísitölu í lögunum haldi gildi sínu varðandi ýmsar fjárhæðir er tengjast skattlagningu eignatekna, lágmarksfjárhæð eigna sem heimilt er að gjaldfæra á kaupári og ákvörðun eignarskatts, enda felur þetta frv. ekki í sér efnisbreytingar á þessum atriðum. Loks var lagt til að breyting verði gerð á 2. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að gera það skýrara.

Þrátt fyrir breytingar þær sem gerðar hafa verið á frv. er ljóst að athuga þarf ýmsa þætti málsins betur

eftir að álagning hefur farið fram á þessu ári. Augljóst er og alltaf hefur verið út frá því gengið að eftir álagningu á þessu ári væri bæði rétt og skylt að endurmeta einstaka þætti frv. og alla þætti þessa nýja kerfis þannig að þeir byggi örugglega á nýjustu upplýsingum þegar kerfið kemur til framkvæmda í ársbyrjun 1988. Það leiðir af sjálfu sér að mikilvægt er að meta nýjustu upplýsingar þegar þær liggja fyrir og bera saman við efnisákvæði frv. Þó ekkert hafi komið fram á þessu stigi málsins sem bendi til þess að í þessum efnum þurfi að gera veigamiklar breytingar er það sjálfsögð og eðlileg vinnuregla í þessu sambandi að meta nýjustu upplýsingar þegar þær koma fram áður en frv. tekur endanlega gildi um næstu áramót.

Við undirbúning þessa frv. og annarra frumvarpa sem því tengjast hefur verið haft samstarf við fjölmarga aðila er láta sig varða þessi efni. Ekki fer á milli mála að þær undirtektir sem tillögurnar hafa fengið eftir að þær urðu kunnar bera með sér að þær njóta mjög almenns og víðtæks stuðnings. Því ber að fagna og um leið að þakka að frv. fékk skjóta afgreiðslu í Ed., enda liggur nokkuð mikið við að Alþingi takist að afgreiða þessa mikilvægu lagasetningu fyrir þinglok. Ég vænti góðrar samvinnu hv. þingdeildarmanna og þeirrar nefndar sem málið fær til umfjöllunar til að hraða afgreiðslu málsins. Ég ítreka að við umfjöllun nefndarinnar er fjmrn. tilbúið að veita allar þær upplýsingar sem kostur er á að veita og aðstoða við nefndarstörfin eftir föngum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér eru á dagskrá 1., 2., 3. og 6. mál sem eru í raun og veru sama málið. Þetta eru breytingar á skattalögunum og lögunum um tekjustofna sveitarfélaga út frá frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til laga um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ég mun ræða almennt um skattamálin út frá þessum frv., ekki fara ofan í einstök efnisatriði á þessu stigi málsins, enda hafa málin reyndar þegar fengið mjög ítarlega meðferð í hv. Ed. Ég mun þess vegna láta nægja af okkar hálfu að tala undir þessum dagskrárlið, en síðan fer málið í þá nefnd sem ég á sæti í og þar munum við fara yfir málin.

Ég vil þá í fyrsta lagi segja það, herra forseti, að hér er um að ræða mjög viðamikil mál, mál sem snerta hvern einasta landsmann mjög og lífskjör. Þess vegna tel ég að það sé ákaflega hæpið að ekki sé meira sagt að ætlast til þess af Alþingi að það með sæmilega góðri samvisku afgreiði þessi mál í hvelli á örfáum sólarhringum eða án þess að þau fái mjög rækilega meðferð. Ég mun þess vegna gera það að tillögu minni í hv. fjh.- og viðskn., þar sem ætlunin mun vera að afgreiða þetta mál tiltölulega hratt af hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta þingsins, að það verði skipuð á vegum þingsins milliþinganefnd til að fjalla um þessi skattamál ásamt þessari ríkisstjórn og þeirri næstu fram á haustið þannig að þingflokkarnir eigi aðgang að meðferð þessa máls, ekki aðeins næstu daga heldur líka í sumar. Ég tel að það sé algjört lágmarksatriði að slík milliþinganefnd verði til og mér þætti það satt að segja í meira lagi ósanngjarnt og ólíklegt að stjórnarmeirihlutinn hafnaði tillögu af þessum toga því að það er ekki með neinni sanngirni hægt að ætlast til þess að þingheimur setji sig inn í þessi mál nægilega vel, varla í grófum dráttum hvað þá heldur í smáatriðum sem ætti þó að vera reglan, þegar þingnefnd og Alþingi fjallar um mál, að þm. sem í viðkomandi nefndum sitja a.m.k. þeir komist niður í málin í einstökum atriðum, atriðum sem kölluð eru smáatriði, tæknileg atriði, en þó geta skipta gríðarlega miklu máli fyrir alla framkvæmd mála af þessu tagi. Þess vegna vil ég byrja mína ræðu á því að nefna þessa hugmynd um milliþinganefnd því ég tel að í rauninni sé ekki hægt fyrir þingið og ekki hægt fyrir ríkisstjórnina að ætlast til þess af þinginu að menn rusli þessu hér í gegn, svo mikilvæg löggjöf sem hér er á ferðinni, aðeins á nokkrum sólarhringum öðruvísi en að þingflokkarnir hafi tök á að fylgjast með meðferð málsins á næstu vikum og mánuðum. Það hefur reyndar verið viðurkennt af hæstv. fjmrh. að þessi mál þurfi að athuga áfram, það sé ekki hægt að gera ráð fyrir að þau verði fullsköpuð og fullgerð á þessum sólarhringum. Þess vegna þurfi að skoða málið fyrir haustið. Þess vegna geri ég ráð fyrir að þessi hugmynd hljóti að eiga jákvæðum móttökum að fagna alls staðar þar sem menn skoða þessa hluti af sanngirni.

Ég vona a.m.k. að hæstv. ríkisstjórn taki þessu vel en hafni ekki slíkri hugmynd þó hún sé komin frá stjórnarandstöðuflokki, en það hefur verið venjan á þessu kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar, sem hefur haft talsverðan meiri hluta hér á þinginu, að hafna í raun og veru öllum tillögum sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni bæði um mál og málsmeðferð sem ég vona sannarlega að verði ekki í þessu tilviki. Bæði af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, að þetta er flókið mál og líka af þeim ástæðum að það er nauðsynlegt að það skapist almennt sem víðtækust samstaða um skattakerfið hér í landinu, skattakerfið er einn hornsteinn samneyslunnar, hinnar félagslegu þjónustu ríkisbúskaparins á Íslandi sem tekur til sín talsverðan hluta af þjóðartekjunum, þó mikið lægri hér á landi en í öðrum löndum í nágrenni við okkur, held ég að skipun milliþinganefndar mundi í þessu efni geta greitt fyrir því að þm. gætu skilað málum af þessu tagi í gegnum þingið með sæmilegum hraða. Ella er hætta á því að málið verði að taka mjög langan tíma eða mun lengri tíma en ella væri.

Ég vil þessu næst, herra forseti, benda á að þm. Alþb. fluttu í hv. Ed. nokkrar brtt. við þessi frv. Þær brtt. lúta að fyrirtækjunum sérstaklega. Um leið og hér er tekin ákvörðun um einföldun skatta einstaklinga, sem er höfuðkostur þessara tillagna að mínu

mati, hefði auðvitað verið eðlilegt að taka ákvörðun um einföldun á skattlagningu fyrirtækja, fækkun á frádráttarliðum fyrirtækja og það verulega fækkun, en fyrirtækin eru með mjög marga frádráttarliði sem skila þeim vafalaust tekjuskattsbyrði sem er léttari svo nemur 1000–2000 millj. kr. Ég hefði talið eðlilegt að taka á þessum fyrirtækjamálum um leið, en ríkisstjórnin hefur ekki fengist til þess að ljá till. um það efni lið, því miður, núna á undanförnum vikum þegar þetta mál hefur verið til meðferðar í hv. Ed.

Ég vil einnig víkja að því að hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti um það brtt. að leigjendur fái sömu húsnæðisbætur og húsbyggjendur. Leigjendur sem nýttu sér frádrátt frá skatti við seinustu álagningu voru 1600 talsins og þeir fengu samtals um 60 millj. kr. í frádrátt. Ég tel að það sé fráleitt að greiða húseigendum húsnæðisbætur en að leigjendur fái alls ekki neitt og missi það litla sem þeir höfðu í frádrátt. Oftast eru leigjendur reyndar verr settir í húsnæðismálum en aðrir. Þess vegna væri það fyrir neðan allar hellur ef þeir gleymdust eða þeim yrði sleppt þegar byrjað er í fyrsta sinn að greiða út húsnæðisstyrki eins og hér er gerð tillaga um.

Þá vil ég einnig benda á að samkvæmt tillögum frv., bæði varðandi húsnæðisbæturnar og ákvæði til bráðabirgða um vexti, er ljóst að húsbyggjendur og íbúðakaupendur, sem fóru illa út úr misgengi launa og lána, eru verr settir ef að líkum lætur eftir ákvæðum þessa frv. en þeir eru nú. Þetta er atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að verði skoðað rækilega í hv. þingnefnd og vil fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann hlutist til um að ítarlegar upplýsingar nákvæmlega um þetta efni verði lagðar fyrir fjh.- og viðskn. þannig að hún geti tekið á þessu máli.

Þá vil ég einnig minna á að með þeim breytingum sem hér eru gerðar breytist verulega staða þeirra sem eru að koma í fyrsta sinn inn á vinnumarkaðinn. Þeir sem eru að koma í fyrsta sinn inn á vinnumarkaðinn, hvort sem um er að ræða þá sem hafa nýlega lokið löngu námi eða þá sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn fyrr á æviferlinum, hafa sloppið við að greiða skatta á fyrsta starfsári. Með ákvæðum frv. eins og það er óbreytt er ljóst að það lenda skattar á þessu fólki sem stundum a.m.k. og alloft og oftar nú orðið en áður er með á bakinu talsverðar námsskuldir. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það verði kannað rækilega í hv. nefnd hvort unnt er að koma til móts við þetta fólk. Ég vil þó taka það fram sem mína skoðun að ég tel að það sé nauðsynlegt að halda inni í þessum textum svo lengi sem mögulegt er einföldunaratriðinu. Ég tel að það sé afar mikill kostur að skattakerfið sé einfalt og gagnsætt.

Ég vil þá minna hér á að í Ed. fluttu þm. Alþb. till. um verulega lækkun á skattbyrði einstaklinga, um 1200 millj. kr. og samsvarandi hækkun á skattbyrði fyrirtækja og að skattfrelsismörk einstaklinga yrðu 38 000 kr. á mánuði í stað 33 000 kr. og tekjuskattsfrelsismörk færu úr 38 000 kr. í 50 000 kr. á mánuði. Í hv. Ed. var þessum till. Alþb. hafnað þó að bent væri á tekjur á móti með skilmerkilegum hætti og mun ég kanna það í þessari hv. deild hvort unnt er að ná viðtækara samkomulagi um þetta mál en unnt var í hv. Ed.

Ég vil einnig nefna það, herra forseti, að þó ég sé almennt þeirrar skoðunar að það eigi að halda nokkuð stíft í einföldunarákvæðin tel ég rétt að minna á að inni í þessum skattatillögum er gert ráð fyrir að taka inn í skattaprósentu ríkissjóðs Framkvæmdasjóð aldraðra. Lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra renna úr gildi núna um næstu áramót. Ég tel að þrátt fyrir það að þau lög hafa verið í gildi í fjögur eða fimm ár séu svo hrikaleg verkefni óunnin á vegum Framkvæmdasjóðs aldraðra að það sé beinlínis fráleitt að fella niður lagaákvæði um markaðan tekjustofn í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég óttast það, herra forseti, ef það gerist að Framkvæmdasjóður aldraðra verður tekinn inn í ríkissjóð með þeim hætti sem hér er gerð till. um, að á þrengingaog erfiðleikatímum ríkissjóðs, sem alltaf eru, muni menn hyllast til þess að skerða fremur en hitt þau framlög sem eiga að fara í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég viðurkenni fúslega að þetta mál er mér dálítið skylt með þeim hætti að ég hafði með það að gera þegar þessi sjóður varð til, en ég held þó að það sé sanngirni að óska eftir því að þetta mál verði athugað sérstaklega sem lýtur að Framkvæmdasjóði aldraðra.

Hér í Reykjavík eru 1100 manns á biðlistum fyrir þjónustu aldraðra. Þar af eru 340 sem búa við mjög alvarlegar kringumstæður á heimilum. Það er bersýnilegt að ef ekki verður aukið við hraðann í framkvæmdum í þágu aldraðra á næstu árum búum við í Reykjavík á hundruðum heimila við verulega alvarlegt ástand að ekki sé sagt neyðarástand. Og þegar maður horfir upp á að B-álma Borgarspítalans stendur óhreyfð árum saman, þrjár eða fjórar hæðir hafa verið tilbúnar til lokaátaks í þrjú ár án þess að nokkuð hafi verið gert, getur maður ekki með góðri samvisku ýtt frá sér þeirri hugsun að það verði að verja þennan tekjustofn. Ég tel að það sé hægt án þess að flækja þessi lög. Ég tel að það sé ósköp einfaldlega hægt með því að segja í lögunum að af þeim 28,5% sem renna eiga í ríkissjóð samkvæmt frv. skuli tiltekinn hluti renna í Framkvæmdasjóð aldraðra og að miða eigi þá tölu við þær tekjur sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur á þessu ári. Ef það væri gert ætti prósentan í Framkvæmdasjóð aldraðra að vera 0,77% af heildarskattlagningunni í ríkissjóð upp á 28,5%. Hér væri engin breyting á ferðinni önnur en sú að því væri slegið föstu að þessir fjármunir ættu að fara á þennan stað rétt eins og ákveðið er að sveitarfélögin eigi að fá tiltekna prósentu. Hér er ekki verið að breyta innheimtunni. Hér er ekki verið að breyta prósentunni sem rennur í ríkissjóð. Hér væri sagt: Hluti af þessari tölu eða 0,77–0,80% á að renna í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, herra forseti, og ég held að það væri mjög slæmt ef við létum þessi

mál fram hjá okkur fara án þess að ræða þetta mjög alvarlega og finna leið til að tryggja framkvæmdir í þágu aldraðra. Það kann að vera að það sé til önnur leið sem er skýrari í þessu efni en sú sem ég er að gera tillögu um, önnur leið sem er einfaldari, en ég áskil mér allan rétt til að halda þessu máli til streitu vegna þess að ég tel að hér sé um svo stórt mál að ræða að ég segi í fullri hreinskilni: Ef það er ekki gert fyrir kosningar er það aldrei gert. Ef menn taka ekki á svona máli í aðdraganda kosninga er hætt við að það liggi afvelta um margra ára skeið og það er hættulegt.

Að undanförnu hefur hæstv. fjmrh. reynt að skreyta sig með því, m.a. á landsfundi Sjálfstfl., að hann sé svo að segja búinn að leysa öll vandamál í þjóðfélaginu, ekki aðeins verðbólguna og húsnæðismálin heldur líka skattamálin. Hann gleymir auðvitað að tíunda það í þessum ræðum sínum að þær lausnir sem fengist hafa í þessum málum eru lánslausnir, lausnir sem verkalýðshreyfingin í landinu hefur gert tillögu um og knúið ríkisstjórnina til að reyna að framkvæma. Þetta á sérstaklega við um skattamálin þar sem ferill núverandi hæstv. fjmrh. er ákaflega lágkúrulegur að ekki sé meira sagt.

Núverandi fjmrh. afrekaði það á fyrsta ári sínu sem fjmrh. að vera með þyngri tekjuskattsbyrði á launatekjum en verið hafði um nokkurt skeið. Þegar til þings kom í haust lýsti hann því yfir að hann ætlaði að leggja á olíuskatt upp á 600 millj. kr. Sú tillaga hafði legið hér fyrir manna á milli, ekki í frumvarpsformi, og þegar nokkrar vikur voru liðnar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir: Nei, nei ég er hættur við að leggja á olíuskattinn. Það er ekki ástæða til þess í þessari stöðu.

En skömmu síðar kom enn ný skattatillaga frá hæstv. fjmrh., frv. til laga um virðisaukaskatt, og þá voru skrifaðar greinar síðu upp og síður niður í Morgunblaðinu um virðisaukaskatt, tekin viðtöl við forustumenn Sjálfstfl. sem vottuðu formanninum hollustu sína í þessu skattamáli svo að segja hver einasti maður úr þingflokki Sjálfstfl., ég man að vísu ekki eftir hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, en mörgum hinum, og það voru haldnar um þetta ræður á hv. Alþingi að viðstöddum embættismönnum fjmrn. sem lögðu ráðherra sínum lið í umræðum um þetta mál. Fjmrh. sagði að það væri mjög nauðsynlegt að leggja á virðisaukaskatt og þyrfti endilega að klára það á þessu þingi.

Alþfl., sem var búinn að samþykkja virðisaukaskatt á landsfundinum í Hótel Örk, komst að þeirri niðurstöðu að hann ætti ekki að samþykkja virðisaukaskattinn og sérstaklega þó vegna þess að það var gert ráð fyrir hliðarráðstöfunum, félagslegum ráðstöfunum, en eins og kunnugt er er Alþfl. stundum á móti félagslegum ráðstöfunum sem er nokkuð sérkennilegt. Þess vegna hafnaði hann virðisaukaskatti.

Niðurstaðan varð svo sú að þessi virðisaukaskattsmeirihluti á þinginu rann út í sandinn. Hæstv. fjmrh. hætti við að leggja á virðisaukaskatt, enda voru þá gerðir kjarasamningar.

Þá komu mætir menn úr verkalýðshreyfingunni, m.a. Björn Björnsson, Ásmundur Stefánsson og fleiri, og kynna tillögur um staðgreiðslukerfi skatta, birta þær í Morgunblaðinu fyrir einum þremur mánuðum í greinum. Þá grípur fjmrh. tækifærið, eftir að það hafði verið barið á puttana á honum bæði í olíuskattinum og virðisaukaskattinum, og það er haft viðtal við hann í Morgunblaðinu. Það var viðtal sem minnti mig ákaflega mikið á forvera hæstv. fjmrh. í formannsstóli Sjálfstfl. Viðtalið bar þessa yfirskrift: „Þorsteinn Pálsson um staðgreiðslukerfi skatta: „Gerum þessa tilraun af fullri alvöru"„. Þá er hann búinn að renna á rassinn með tvær skattlagningartillögur, fyrst olíuskatt upp á 600 millj., síðan virðisaukaskattinn sem hækkar matvörur um 20% og þá kemur fram þessi tillaga í kjarasamningunum um staðgreiðslukerfi skatta og hann grípur það hálmstrá auðvitað og segist gera þá tilraun af fullri alvöru.

Ég verð hins vegar að segja eins og er að mér finnst að það hafi ekki verið nægilega vel unnið að þessari tilraun, ekki verið nægilega vel að því unnið að kalla saman þá aðila í þjóðfélaginu sem hér eiga hagsmuna að gæta og þá aðila sem hér þurfa um málin að fjalla. Ég bendi t.d. á lítilfjörlegt samráð við sveitarfélögin í landinu og það mætti nefna fleiri aðila í þeim efnum. Aðalatriðið finnst mér þó vera það, herra forseti, að staðgreiðslan sem slík, einföldunin sem slík, er jákvæð, það er engin spurning, en hin tæknilega útfærsla er með þeim hætti að það er ekki hægt með neinni sanngirni að gera kröfu til þess að þm. afgreiði hana núna á nokkrum sólarhringum. Þess vegna nefndi ég þessa hugmynd um milliþinganefnd í upphafi máls míns.

Þrátt fyrir hugsanlega afgreiðslu frv. á þessu þingi er engu að síður alveg ljóst að allt skatta-, tekjuöflunar- og útgjaldakerfi ríkisins er í uppnámi. Það stafar af því að hallinn á ríkissjóði á þessu ári er 3000 millj. kr. Það gengur ekki að reka ríkissjóð með slíkum halla til langframa. Það er útilokað. Þess vegna er ákvörðunin um staðgreiðslukerfi skatta vissulega þýðingarmikil, en á bak við þá staðreynd, á bak við þá niðurstöðu þingsins er sá veruleiki að það eru uppi tillögur um að leggja á virðisaukaskatt. Sjálfstfl. ætlar að leggja á virðisaukaskatt og það er 100% ljóst að hver sem tekur hér við eftir kosningar verður að taka á þeim hrikalega vanda sem Sjálfstfl. skilur eftir sig að því er varðar ríkissjóð.

Sjálfstfl. hélt um síðustu helgi landsfund undir kjörorðinu „Á réttri leið". Það hefði kannske verið við hæfi að botna það kjörorð með þeim hætti að segja sem svo þeim til háðungar: Á réttri leið með ríkiskassann. Staðreyndin er sú að aldrei um langt árabil er um að ræða annan eins viðskilnað á högum ríkissjóðs og er um að ræða af hálfu Þorsteins Pálssonar hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég mun af minni hálfu ekki fara hér út í einstök atriði þessara mála, lít svo á að hér séum

við að ræða um dagskrármál 1, 2, 3 og 6 og vísa til nál. sem birst hafa með þessum málum í Ed. frá Alþb., en áskil mér að öðru leyti rétt til að fara rækilega yfir málin í hv. þingnefnd og við 2. og 3. umr. málsins.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég mun, með leyfi forseta, hafa sama hátt á og fyrri ræðumaður og ræða almennum orðum um þau þrjú mál sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda og um gildistöku-ákvæði staðgreiðslunnar.

Fyrst, herra forseti, er rétt að minna á aðdraganda þessa máls. Þegar hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. á s.l. hausti var aðeins minnst á staðgreiðsluáform eins og í framhjáhlaupi. Meginmálin þá, sem boðuð voru að því er varðaði skattalagabreytingar, voru meiri háttar breytingar á kerfi óbeinna skatta með upptöku virðisaukaskatts, reyndar áform um olíuskatt. Staðgreiðslan var hins vegar fjarlægari. Nú vill svo til að hæstv. fjmrh. og stjórnarmeirihlutinn hefur fallið frá þessum fyrirhuguðu breytingum. Hins vegar gerðist það í kjarasamningum í desember s.l. að af hálfu aðila vinnumarkaðarins og þó einkum og sér í lagi Alþýðusambands Íslands var óskað eftir því að áformum um staðgreiðslukerfi beinna skatta yrði flýtt.

E.t.v. skýrir þessi aðdragandi að nokkru það tímahrak sem einkennir meðferð þessa máls og þau flaustursleg vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið og nú hafa komið á daginn. Hér er ekki út af fyrir sig við einn eða neinn að sakast að því er varðar undirbúningsvinnu málsins, þeir menn sem hér hafa að unnið hafa vafalaust unnið eins vel og þeir hafa getað á naumum tíma, heldur hitt að hér var ekki með nægilegum fyrirvara stefnt að þessum breytingum. Það kom eins og í framhjáhlaupi og niðurstaðan varð sú að menn lentu í tímahraki með þeim afleiðingum að vinnubrögðin hafa reynst vera flaustursleg.

Ég vil, herra forseti, áður en lengra er haldið vekja athygli á því að í nóvember s.l. var skipaður starfshópur um endurskoðun tekjuskattslaga. Hópnum var falið samkvæmt erindisbréfi að kanna mögulega valkosti og semja rökstuddar tillögur um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og fékk í því samhengi eftirfarandi erindisbréf:

1. Að koma með tillögur um einföldun skattakerfis, m.a. með afnámi sérstakra frádráttarheimilda manna og lækkun skattþrepa.
2. Að koma með tillögur um skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignatekjur og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts. Einnig skattlagningu á tekjur í formi hlunninda.
3. Skattlagningu á fyrirtæki m.a. með tilliti til afskriftareglna og þess hvort lækka megi álagningarprósentu en fella niður í staðinn fjárfestingar- og varasjóðstillög.
4. Staðgreiðslu skatta og hvernig hún tengist öðrum breytingum á lögum.

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Áliti starfshópsins er ætlað að verða grundvöllur að frumvarpi um tekju- og eignarskatt sem kynnt yrði ríkisstjórn og stjórnarflokkum með það fyrir augum að leggja það fram á Alþingi þegar eftir jólahlé þingmanna.“ Menn taki eftir: „Þegar eftir jólahlé þingmanna. Gildistaka breytinganna yrði 1988.“

Herra forseti. Með hliðsjón af þessu erindisbréfi er ljóst að þeim áformum sem hér er lýst hefur ekki tekist að koma til skila. Við erum hér aðeins að ræða lítinn hluta af þessu máli, þ.e. frv. sem varða þá fyrirkomulagsbreytingu að taka upp staðgreiðslukerfi á innheimtu tekjuskatta, útsvars, beinna skatta, á launþegum. Þær tillögur fela í sér einföldun skattkerfisins og breytingu á þessu fyrirkomulagi sem varðar innheimtukerfið.

Hér er hins vegar hvergi vikið að stærstu, viðamestu, flóknustu og umdeildustu þáttum gildandi skattakerfis. Engar tillögur eru lagðar fram um breytingar á skattlagningu fyrirtækja, aðeins lítillega snert á reglum um skattlagningu sjálfstæðra atvinnurekenda og reyndar með mjög ófullnægjandi hætti, og hvað varðar það verkefni að móta reglur um skattlagningu eignatekna, sem er vaxandi hluti tekjumyndunar í landinu eftir upptöku verðtryggingar og raunvaxta, eru þær reglur ekki hér á blaði.

Þetta gefur ástæðu til að minna á að umræðan um þetta mál hefur verið afar villandi. Málið hefur verið blásið út í fjölmiðlum langt umfram það sem tilefni gefst til. Í upphafi var farið digurbarkalegum orðum um stórkostlega byltingu sem fæli í sér skattleysi, sem reyndar olli því að málið var misskilið í stórum stíl með afdrifaríkum hætti, og síðan er talað upphöfnum orðum um stórkostlega réttarbót að því er varðar launþega.

Nú er það staðreynd að launamenn á Íslandi hafa staðgreitt sína skatta með skilum. Veilan í gamla skattakerfinu er ekki sú að launamenn hafi ekki staðið skil á sínum sköttum. Sú staðreynd að þeir hafa staðgreitt skatta sína með viðmiðun við tekjuöflun liðins árs breytir þar litlu um, það er innheimtufyrirkomulag, þannig að hér er verið að ræða um einföldun og nýtt fyrirkomulag á innheimtu sem er minni háttar mál þegar við ræðum um nauðsyn á heildarendurskoðun skattakerfisins. Nauðsyn þess er hins vegar ekki umdeild. Fyrir liggja yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það að tekjuöflunarkerfi ríkisins sé í molum. Fyrir liggja yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um það að tekjuöflunarkerfi ríkisins sé í brotum. Samt sem áður hefur þessari ríkisstjórn ekki enst líf né heilsa til þess að koma sér upp neinni heildstæðri stefnu í skattamálum né heldur að koma fram með neinar breytingar á þessum höfuðveilum skattakerfisins. Í staðinn er boðið upp á lausn á tiltölulega litlum þætti þessa, sem varðar innheimtufyrirkomulag, en reynt að freista þess á kosningaári að blása þetta út í fjölmiðlum sem stórkostlega réttarbót og miklu meiri breytingu og afdrifaríkari en raun ber vitni.

Þetta skýrir að sjálfsögðu þá staðreynd að vinnubrögðin hafa einkennst af tímahrakinu. Þau eru flaustursleg í meira lagi. Þetta kemur berlega fram af nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. Það er í raun og veru yfirlýsing um það að úr því sem komið er vilji menn ekki leggja stein í götu þessa máls vegna þess að hér á hinu háa Alþingi virðist ekki vera neinn ágreiningur um þá grundvallarákvörðun að menn sjá kosti staðgreiðslukerfisins og vilja greiða götu þess, en síðan er nál. raunverulega upptalning á fyrirvörum og gagnrýni á vankönturn og yfirlýsing um nauðsyn þess að málið þurfi að taka upp nánast í heild sinni þegar að loknum kosningum. M.ö.o.: það er ekki bara heildarendurskoðun skattakerfisins sem bíður sem forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar, í raun og veru er meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. að segja: Þetta mál verður að taka upp aftur af nýrri ríkisstjórn að loknum kosningum.

Þetta á við t.d. allar upplýsingar um raunveruleg áhrif á skattbyrði sem af þessari kerfisbreytingu munu hljótast. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja telja menn ekki fært að draga neinar algildar ályktanir af samanburði eldra kerfis og hins nýja og raunverulega bíður endanlegt mat þess eftir endanlegum upplýsingum um tekjubreytingar milli áranna 1987 og 1988. Á það er lögð áhersla að nýta verði þann tíma sem gefst eftir kosningar mjög vel til þess að yfirfara þessi frv. og spretta þeim upp. Ég nefni sem dæmi: Hér er sagt að þrátt fyrir brtt. sem fram hafa komið sé ljóst að á næstu mánuðum verði að athuga ýmsa þætti málsins og leggja fram brtt. á haustþingi ef þurfa þyki. Þau atriði sem stjórnarmeirihlutinn vekur athygli á og telur nauðsynlegt að gefa sérstakan gaum eru t.d. þessi:

1. Það þarf að endurskoða álagningarkerfi frv. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem álagning opinberra gjalda á árinu 1987 leiðir í ljós.

2. Það þarf að athuga nánar áhrif þess að afnema skattfrelsi fæðispeningagreiðslna sjómanna á hag þeirra í skattalegu tilliti og hvort eðlilegt sé að gera þar á breytingu.

3. Það er talið nauðsynlegt að kanna sérstaklega ákvæði laganna um húsnæðisbætur og vaxtaafslátt, m.ö.o. um takmörkunargildi þeirrar sex ára reglu um það hversu lengi menn mega samkvæmt eldra kerfinu njóta vaxtaafsláttar. Þetta ákvæði t.d. hefur mjög mikla þýðingu fyrir þann hóp sem hvað harðast hefur orðið úti í húsnæðisfáránleikanum íslenska á undanförnum árum, misgengishópinn svokallaða, eða harmkvælahópinn eftir því hvort menn kjósa heldur. Þetta er mál sem augljóslega þarf að endurskoða betur að mati meiri hl., enda vísa ég til brtt. sem fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn. Ed., hv. þm. Stefán Benediktsson, hefur flutt í þessu efni.

5. Athuga þarf nánar hvort taka beri sérstakt tillit til námsmanna sem eru að ljúka námi, en þessi kerfisbreyting er þeim næsta óhallkvæm. Það er ljóst að ef námsmenn eru skattlagðir skv. staðgreiðslukerfi, þ.e. þær tekjur sem þeir afla á tiltölulega skömmum tíma t.d. þremur til þremur og hálfum sumarmánuði, á mánaðarlegum grundvelli á þeirri skattprósentu sem gildir um tekjuöflun þeirra pr. mánuð, þá væri það náttúrlega mjög óhagkvæmt. Hin lausnin, ja, sú lausn sem boðin var, sem er sú að þeir gætu átt inni endurgreiðslur eftir áramótauppgjör, þénast þeim auðvitað illa vegna allra aðstæðna námsmanna. Spurningin er þess vegna sú hvort ekki er unnt að leysa þetta mál með öðrum hætti, að námsmenn, sem stunda nám a.m.k. að lágmarki einhvern tiltekinn tíma ársins, hafi sérstakt skattkort og fái sérstaka skattmeðferð þannig t.d. að persónuafsláttur þeirra nýtist þeim tvöfalt tiltekinn tíma o.s.frv., eins og við gerðum tillögur um.

6. Bent er á af meiri hl. að kanna þurfi hvort leiðrétta beri hlut þeirra sem flytja til landsins árið 1988, þ.e. umþóttunartímamál.

Þessi upptalning sýnir að málið hefur ekki fengið nægilega góða og þinglega meðferð. Þingið er að ljúka störfum, kosningar eru fram undan, málið er lagt fyrir í mörgum frv. með litlum fyrirvara. Upplýsingar eru takmarkaðar um þýðingarmestu áhrifin, þ.e. um tekjudreifingu, um raunverulega skattbyrði, um það með hvaða hætti einstakir hópar skattþegna eftir tekjuupphæð, eftir fjölskyldustærð, koma út úr þessu kerfi. Þannig að menn segja raunverulega: Ja, við verðum að kaupa köttinn í sekknum, við erum fylgjandi þessu af grundvallarástæðum og við rennum blint í sjóinn um margvísleg áhrif þess arna og verðum raunverulega að ætla nýju þingi og nýjum þingmeirihluta að axla ábyrgð af því að leiðrétta það sem aflaga kann að fara. Það er bent á margt sem er vafa undirorpið, margt sem þarf að endurskoða, margt sem er ófullnægjandi. Og þingmeirihlutinn treystir sér ekki til þess jafnvel um þessi atriði að gera brtt. svo fullnægjandi sé á þessu stigi málsins.

Hér er auðvitað komin síðbúin staðfesting á þeim viðvörunarorðum sem við Halldór Ásgrímsson hæstv. sjútvrh. létum á sínum tíma falla um það að málið væri sýnilega í tímahraki og það væri lítil von til þess á þeim tíma sem væri til stefnu að hægt væri að vinna það í gegn með viðunandi hætti. Þó erum við hér bara að tala um minnsta hlutnn, þessa formbreytingu á innheimtufyrirkomulagi, en alls ekki um þá veigamiklu þætti í erindisbréfi nefndarinnar sem fjallar um miklu flóknari þætti skattakerfisins og þá þætti skattakerfisins sem einkum og sér í lagi hafa legið undir gagnrýni vegna þess hvernig reglur um skattlagningu fyrirtækja gefa tilefni til skattundandráttar.

Þótt frv. um tekjustofna sveitarfélaga sé hér ekki til umræðu að þessu sinni er rétt að geta þess í leiðinni að það er sama marki brennt að því er þetta varðar sem augljóslega er komið fram af síðbúnum viðtölum við Samband ísl. sveitarfélaga. Þannig er t.d. haft eftir formanni Sambands ísl. sveitarfélaga að sveitarstjórnarmenn séu æfir út af staðgreiðslufrv., þ.e. þessum þætti þess og hér er birt viðtal við formann Sambands ísl. sveitarfélaga í Dagblaðinu í dag undir fyrirsögninni „Ófullnægjandi og fullt af vitleysum“. Reyndar er það haft eftir þm. stjórnar-

liðsins eftir viðtöl við þá að frv. sé fullt af vitleysum og málsvörnin er einfaldlega sú að tímahrakið sé slíkt að það verði bara að bíða og vona og sjá til hvort ekki vinnist tími til þess að loknum kosningum með nýjum þingmeirihluta að sníða af því vankantana. Reyndar er þar um að ræða meira en tæknilega vankanta því þar gengur frv. þvert á stefnumörkun margra flokka hér á hinu háa Alþingi, sem í umræðum um vandamál landsbyggðarinnar hafa hamrað á nauðsyn á stjórnkerfisbreytingum á landsbyggðinni, nauðsyn á fækkun og stækkun sveitarfélaga, nauðsyn á því að gefa sveitarfélögunum nýja tekjustofna, gefa sveitarfélögunum aukið sjálfræði um tekjustofna, um álagningu og um ákvörðun gjaldskrár þjónustufyrirtækja, m.ö.o. um að renna nýjum stoðum undir fjárhag sveitarfélaga, og gefa þeim aukið sjálfræði um álagninguna í ljósi staðreynda um það hversu mismunandi hag sveitarfélaga er komið, stærð þeirra, fjárhagslegri getu o.s.frv.

Það sem hér hefur verið sagt nægir til þess að staðfesta að umræðan um þessa hluti hefur verið villandi. Nægir að nefna þau fölsku fyrirheit sem gefin voru um skattleysi á umþóttunarskeiðinu. Það vill svo til að tölur liggja fyrir um að launþegar á Íslandi, sem ævinlega hafa staðgreitt sína skatta, afla mjög verulegs hluta af tekjum sínum í formi yfirvinnu, nætur-, helgidagavinnu og eftirvinnu. Þeir eru þess vegna fæstir undir það búnir að auka vinnuframlag sitt svo nokkru nemi. Það gæti hins vegar verið á færi annarra hópa sem ekki hafa verið úti á vinnumarkaðnum. Þannig gæti þetta verið vinnuhvetjandi til skamms tíma á umþóttunarskeiðinu. En hin hliðin á sama málinu, og er ómaksins vert að velta fyrir sér, hin hliðin á sama málinu er auðvitað sú að staðgreiðslukerfi út af fyrir sig gæti við þessar aðstæður á íslenskum vinnumarkaði orðið um það er lýkur vinnuletjandi, þ.e. þegar menn sjá það í hendi sér hversu stór hluti af yfirvinnu er raunverulega skattlagður, þá gæti það orðið eitt með öðru hvatning til manna til þess að draga úr þeirri yfirvinnu. Út af fyrir sig er það æskilegt félagslegt markmið en kallar þá um leið á aðrar breytingar á launakerfi.

Ætli sá ágæti vitmaður og hagfræðingur Benjamín H. J. Eiríksson hafi ekki verið maðurinn sem hitti naglann á höfuðið í þessum dularfullu umræðum um skattleysisárið þegar hann sagði í stuttri blaðagrein að tvennt væri ekki óvissu undirorpið í lífi okkar dauðlegra og breyskra manna og það væri dauðinn og skatturinn.

Hitt er svo annað mál, í framhaldi af því sem ég hef þegar sagt um nauðsyn á heildarendurskoðun á skattakerfinu, sem hér er ekki til umræðu, að það sem kannske vakti mesta athygli þjóðarinnar og er mest lýsandi um skattakerfið af því sem fram hefur komið í opinberum umræðum seinustu mánuðina, var örstutt blaðagrein eftir sjómannsekkju, einstæða útivinnandi móður í verstöð úti á landi, sem birti í þessari grein skrá yfir 12 fiskverkakonur, sumar hverjar einstæðar mæður, í þessu öfluga sjávarútvegsbyggðarlagi, upp úr skattskrá staðarins og sýndi fram á það með tölum að þessar 12 konur greiddu af sínum tekjum 1 millj. kr. í tekjuskatt og ef ég man rétt 740 þús. kr. í útsvar til sveitarfélagsins, á sama tíma og hún birti skrá yfir jafnmargar máttarstoðir síns byggðarlags, þ.e. sjálfstæða atvinnurekendur á staðnum, sem greiddu nokkra tugi þúsunda í tekjuskatt en 340 þús. kr. í útsvar til sveitarfélagsins. Þetta var samkvæmt opinberum tölum skattskrárinnar. Af því skyldum við álykta að málflutningur t.d. margra þm. hér á hinu háa Alþingi, sem tala um launamisrétti sem bitnar á konum, hljóti að vera heimatilbúningur og alrangur þar sem það kemur á daginn að fiskverkakonur, einstæðar mæður, eru reyndar máttarstoðir þjóðfélagsins og halda uppi samneyslunni í sínum byggðarlögum og þjóðfélaginu öllu, og reyndar bera uppi félagslega þjónustu við þá niðursetninga þjóðfélagsins sem í hinu orðinu eru kallaðir máttarstoðir og burðarásar.

Þessi stutta grein segir meira um skattakerfið sem við búum við en öll þau frv. sem við höfum hér til umræðu vegna þess, eins og ég segi, að hér er ekki verið að taka á aðalatriðum, hér er aðeins verið að ræða um fyrirkomulagsbreytingu á innheimtu, sem út af fyrir sig er til bóta, en því miður, miðað við fram komin gögn, kallar á meiri tíma, vandaðri undirbúning og verður þar af leiðandi meginviðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar sem liður þá í heildarendurskoðun skattakerfisins — eins og vinna hefði átt þetta verk frá upphafi.

Herra forseti. Á sínum tíma samþykkti Alþingi þáltill. frá þm. Alþfl. sem flutt var að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Till. var um að gera úttekt á umfangi skattsvika á Íslandi. Niðurstaðan var sú að nokkru síðar skilaði nefnd sérfróðra manna álitsgerð um það efni. Þar var farið mjög varlega, svo sem sæmir opinberum embættismönnum, í mat á óvissuþáttum. Samt var komist að þeirri niðurstöðu að skattundandráttur, löglegur og ólöglegur, næmi á því ári rúmlega 6000 millj. kr. en tekjutap ríkissjóðs af þeim sökum væri um 3,5 milljarðar, eitthvað á milli 4 og 5 milljarðar á núvirði. Í þessari skýrslu voru dregnar saman niðurstöður gagnrýninnar á núverandi skattakerfi. Það var tíundað hverjar væru helstu veilurnar og settar fram ótal tillögur um það hvað þyrfti að laga. Út af fyrir sig kom þar ekkert á óvart vegna þess að í raun og veru staðfesti þessi skýrsla þá gagnrýni sem fram hefur komið hér á hinu háa Alþingi í opinberri umræðu á þetta kerfi í langan tíma.

Nefndin sem skýrsluna samdi taldi þó augljóslega meginástæðu skattsvika vera flókið skattkerfi, óþarflega flókið skattkerfi, óljóst réttlæti skattalaga vegna fjölgunar ívilnunarákvæða einstakra hópa, há skatthlutföll sem auka freistingu á skattundandrætti ef fært er, aragrúi undanþága og frádráttarliða á öllum sviðum, bæði að því er varðar beina skatta og óbeina.

Hæstv. fjmrh. lofaði í framhaldi af framlagningu þessarar skýrslu verulegum úrbótum í frumvarps-

formi, jafnvel strax á liðnu haustþingi. Ekkert slíkt frv. hefur litið dagsins ljós. Þó líta megi á staðgreiðslu launaskatts sem hluta af einföldun skattkerfis verður það ekki til þess að bæta skattvitund manna ef önnur skattheimta verður ekki lagfærð með sömu markmið í huga. Þess vegna er það að fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn. Ed. leggur til, og það er meginatriði málsins, að samþykkt verði nýtt ákvæði til bráðabirgða sem skuldbindi stjórnvöld til þess að undirbúa samræmda heildarlöggjöf um skattheimtu fyrir næstu áramót og bæta tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári með hertu skatteftirliti.

Þegar hv. þm. eru í þeim sporum að þeir standa frammi fyrir því að taka afstöðu til frv., sem þeir eru af grundvallarástæðum sammála en sjá á marga vankanta, ágalla og óvissuþætti, þá þyrfti það helst að vera svo að Alþingi léti sér ekki nægja að taka afstöðu til þessa eina máls heldur samþykkti bindandi stefnuyfirlýsingu og verkstjórnarfyrirmæli til framkvæmdarvaldsins um það að tíminn fram að næstu áramótum skuli vera notaður til þess að framfylgja upphaflegu erindisbréfi nefndarinnar, sem ég kynnti í upphafi, um það að taka á því sem eru aðalatriði málsins, nefnilega endurskoðun á gildandi skattalögum að því er varðar fyrirtæki, færa þau til sömu áttar, þ.e. í átt til bruttóskattlagningar með því að fella niður undanþágur og frávik, sem raunverulega eru samkvæmt reynslunni smugur til skattundandráttar, og um leið að taka á spurningum sem hafa vaxandi þýðingu um skattalega meðferð eignatekna.

Það er sérstök ástæða til þess að telja upp í framhaldi af því sem hér er sagt hvað það er sem við jafnaðarmenn teljum að ættu að vera aðalatriði í slíkri verklýsingu við heildarendurskoðun skattalaga. Meginatriðin að okkar mati eiga að vera þessi:

Í fyrsta lagi: Fækkun skatta og einföldun þeirra sem eftir verða.

Í annan stað: Fækkun frádráttarliða, undanþága og sérreglna við skattlagningu, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Í þriðja lagi: Lækkun skatthlutfalla, sérstaklega jaðarskatts á launatekjur. Í því efni er rétt að minna á að sá hluti launþega, sem vinnur langan vinnudag þar sem fyrirvinnur fjölskyldu eru fleiri en ein og afla hárra tekna, tiltölulega hárra tekna sem að vísu eru í reynd ekkert nema liðlega meðaltekjur, lendir iðulega í hæsta skattþrepi. Fyrir þorra skattgreiðenda verði skatthlutfallið í sameinuðum tekjuskatti einstaklinga aðeins eitt, persónuafsláttur og barnabætur verði hækkaðar og þar með skattfrelsismörk.

Fjórða atriði: Raunverulegar tekjur af eignum, sem eru umfram venjulegar eignir almennings, verði skattlagðar eins og tekjur af atvinnu að undangenginni ítarlegri athugun. M.a. verði kannað hvort setja eigi sérstakt skattþrep á hæstu tekjur í þessu sambandi.

Fimmta: Skattlagning atvinnurekstrar verði endurskoðuð þannig að atvinnurekendur og fyrirtæki beri meiri og jafnari skatta en nú er. Heimildir til að draga frá tekjum fyrirtækja varasjóðs- og fjárfestingartillög, niðurfærslu vörubirgða og útistandandi skulda verði felldar niður um leið og skatthlutföll lækki.

Launaskattur og tryggingariðgjöld atvinnurekenda verði einfölduð og samræmd og leggist eins á allar atvinnugreinar. Það er ástæða til að vekja athygli á því í þeirri umræðu sem nú fer fram um góðæri á liðnu ári og líðandi ári að fyrirtæki á Íslandi hafa sem betur fer notið þess verulega og nýtu þess á síðasta ári. Þess vegna eru það tölur sem stinga í stúf við réttarvitund fólks að aðeins lítill hluti fyrirtækja, í mörgum tilvikum vel stæðra fyrirtækja með góðan hag, greiðir nokkurn tekjuskatt, og sama máli gegnir um sjálfstæða atvinnurekendur.

Sjöunda atriði þessarar heildarendurskoðunar á skattakerfinu ætti að vera endurskipulagning á núverandi söluskattskerfi. Annaðhvort á hún að vera í formi endurskipulagningar á núverandi kerfi, sem kallar þá á verulegar endurgreiðslur vegna uppsöfnunaráhrifa söluskattsins, eða með upptöku virðisaukaskatts sem ætti að vera því sem næst án undantekninga en með mun lægri skattprósentu en núverandi söluskattur.

Áttunda atriðið væri aðflutnings- og vörugjöld. Þau yrðu samræmd og einfölduð. Sama máli ætti að gegna um bifreiðaskatta. Og það væri athugandi út af fyrir sig að bifreiðaeign yrði, í stað þess að vera tekjustofn ríkisins, tekjustofn sveitarfélaga sem bera af þeim veruleg útgjöld.

Tíunda atriðið varðar tekjustofna sveitarfélaga. Þá þarf að endurskoða í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga með það að leiðarljósi að auka fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna og gera skiptingu tekjustofna og verkefna milli þeirra og ríkisins skýrari. Mismuninn milli atvinnugreina sem felst í aðstöðugjöldum ætti að afnema.

Ellefta atriðið: Skattsvikaleiðum verði lokað með hertum reglum og bættri framkvæmd. Skatteftirlit og leiðbeiningar af hálfu skattyfirvalda verði aukið.

Að því er varðar staðgreiðsluna er okkar niðurstaða sú, eins og löngum hefur legið ljóst fyrir, að við munum styðja upptöku staðgreiðslukerfisins í trausti þess að það verði fyrsta skrefið á lengri leið í átt til heildarendurskoðunar skattakerfisins. En þær athugasemdir og þær aðfinnslur sem við setjum einkum fram varðandi staðgreiðslukerfið eða upptöku þess eru þessar:

1. Við viljum að skattar á launamönnum lækki um leið og staðgreiðsla verður tekin upp og sú einföldun gerð á skattheimtu sem frv. fela í sér. Við viljum fá í hendur fullnægjandi grg. sem sýni ótvírætt fram á að beinir skattar launafólks lækki árið 1988. Það þarf að koma fram áður en málið er afgreitt nú.

2. Við teljum æskilegt að skattafsláttur færist ef ekki að fullu þá a.m.k. eins og hér er sagt, 80%, á milli hjóna, við teljum það réttlætismál.

3. Skattlagning fyrirtækja og atvinnurekenda verði endurskoðuð og hlutur þeirra í skattheimtunni

aukinn. Atvinnurekendur verði ekki betur settir en launamenn gagnvart staðgreiðslukerfi.

4. Húsnæðisbætur og sjómannaafsláttur verði ákveðin þannig að í heild sé ekki tekið minna tillit til sérstakra aðstæðna húskaupenda og sjómanna en gert er í gamla kerfinu.

6. Tekið verði sérstakt tillit til aðstæðna námsmanna sem eru að hefja störf að loknu námi eins og við höfum reyndar þegar gert till. um.

7. Breyting á álagningu og innheimtu útsvars samhliða upptöku staðgreiðslu verði ekki til þess að skerða fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga eða öryggi í innheimtu.

8. Því verði lýst yfir, eins og ég vék að áðan, að stóráfangi í áttina að því marki að afnema tekjuskatt til ríkisins af almennum launatekjum verði ákveðinn þegar virðisaukaskattur verður tekinn upp.

Herra forseti. Ég vil að lokum vekja athygli á því að í því sem ég hef nú sagt koma fram mörg svipuð sjónarmið og fram koma á þskj. 773, sem er nál. 2. minni hl. Ed. um tekjuskatt og eignarskatt og undirritað er af hv. þm. Ragnari Arnalds. Við teljum það koma til álita þó að þessi mál verði ekki afgreidd til fullnustu, þau koma jú ekki til framkvæmda fyrr en um áramót, og það er ljóst að hvað svo sem líður... (Gripið fram í.) Kjarni málsins er sá að það er fyrirsjáanlegt að málin fara hér trúlega í gegn með öllum þeim vanköntum og missmíðum sem við höfum hér tíundað. Eftir stendur að það verður verkefni nýrrar ríkisstjórnar á þeim tíma sem líður áður en til framkvæmda kemur um næstu áramót að taka þessi mál til endurskoðunar.

Í raun og veru segjum við: Það kemur til álita að taka upp annað skattþrep, það kemur til álita, við höfum ekki gert upp hug okkar um það. En hitt er augljóst að um leið og gerðar yrðu nauðsynlegar og aðkallandi breytingar á núverandi gildi óbeinna skatta, þ.e. söluskattskerfinu, þarf að stíga stórt skref í þá átt að auka skattfrelsismörk í tekjuskatti. Það er naumast unnt að gera á þessum tíma vegna þess ósköp einfaldlega að það liggur ljóst fyrir að það er enginn vilji fyrir því og enginn tími til þess að koma í gegn svo viðamikilli breytingu. M.ö.o. þær tillögur sem Alþb. leggur hér til munu ekki komast í framkvæmd að því er varðar að afla í staðinn nýrra tekna frá fyrirtækjum til þess að bæta upp þann tekjumissi sem ríkið yrði fyrir við það að hækka skattfrelsismörkin að þessu sinni.

Í ljósi þessa finnst mér skynsamleg sú tillaga sem fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. að skipuð verði milliþinganefnd til þess að fylgja eftir þeirri heimavinnu sem vinna verður sýnilega áfram í þessu máli. Það væri í raun og veru prófsteinn á það hvort Alþingi vill tryggja að jákvæð afstaða þess í grundvallaratriðum til þessa máls verði ekki misnotuð. Það er nauðsynlegt, þegar svona illa er um hnútana búið, að Alþingi fái aðstöðu til þess, t.d. með starfi milliþinganefndar að framhaldi málsins, að fylgjast með því og fá þar með tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og tillögum og koma í veg fyrir ófyrirséðar afleiðingar sem ekki er unnt að gera á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þessi frv. sem er verið að ræða um eru náttúrlega þannig að það er erfitt að átta sig á út í hvað menn eru í sjálfu sér að stökkva. Í fyrsta lagi er það að það er aðeins fram komið í sambandi við skatta launafólks og hitt virðist mér vera raunar í nokkurri þoku hvernig á að framkvæma það, þannig að þó að þessi frumvörp öll verði nú samþykkt er það ljóst að það er margt eftir áður en hægt er að framkvæma það sem stefnt er að. Það hefur að vísu komið fram hjá flestum að staðgreiðslukerfið út af fyrir sig sé til bóta og ég geri ráð fyrir því að það sé rétt. En það eru mörg atriði þarna mjög óljós.

Ég vil minna á það að á 105. löggjafarþinginu, vorið 1984, var samþykkt breyting á stjórnarskrá lýðveldisins. Þá urðu nokkrar umræður um þann aðstöðumun sem er í þjóðfélaginu. M.a. var sagt í grg. með frv., en flm. þess frv. voru formenn allra þáverandi stjórnmálaflokka, með leyfi forseta:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M.a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Í sambandi við þau mál sem við erum að ræða um nú er kjörið tækifæri til þess að efna þau loforð sem gefin voru í þessu tilliti fyrir tveimur árum. Ég hef lesið þetta frv. og ég sé ekki betur en að það hafi annaðhvort gleymst eða það hafi, þegar þessi loforð voru gefin, aldrei verið meiningin að efna þau. Ástandið í þessum málum er þannig, eins og hv. þm. vita, að það er stöðugur straumur fólks hér til höfuðborgarsvæðisins, ekki síst vegna þess að framfærslan er langtum dýrari víða, t.d. hitunarkostnaðurinn. Hann er þrisvar sinnum meiri á Akureyri og hann er meira en þrisvar sinnum hærri á Akranesi og þar í kring en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef réttlætis ætti að leita og áhugi væri fyrir því að efna gefin heit væri tilvalið að auka persónufrádráttinn á þeim stöðum þar sem framfærslan er meiri en hér. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Ég mun flytja brtt. og útbýta henni á morgun sem mun verða á þessa leið:

„Við 10. gr. Við 1. mgr. A-liðar bætist: Persónuafsláttur samkvæmt þessari mgr. skal þó vera breytilegur eftir sveitarfélögum eða landsvæðum með sambærilegan framfærslukostnað. Skal afslátturinn breytast hlutfallslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í hverju umdæmi tvisvar á ári og skulu breytingar taka gildi 1. janúar og 1. júlí ár hvert, sbr. 121. gr. Hagstofa Íslands reiknar framfærsluvísitöluna skv. þessari mgr. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um útreikning framfærsluvísitölu og persónuafsláttar skv. þessari mgr.,

skiptingu landsins í umdæmi o.fl.“

Ég vænti þess að þessi tillaga, þegar ég hef útbýtt henni, verði tekin til athugunar í þeirri nefnd sem þetta mál kemur til, fjh.- og viðskn., og það verði séð um það með öðrum hætti en þessum að staðið verði við það fyrirheit sem ég vitnaði í áðan.

Það hafa verið umræður um það, bæði hér í hv. Alþingi og úti í þjóðfélaginu, að það þyrfti að létta eitthvað t.d. á hitaveitum þar sem þær eru að sliga almenning og þar sem húseigendur þurfa að greiða eins og ég sagði, þrefalt, jafnvel fjórfalt meira gjald en er hér og á sumum stöðum úti á landi. En það hefur að ég veit til ekkert gerst í því máli. Það var verið að ræða um áðan af hæstv. fjmrh. og þeim ræðumönnum sem hafa talað hér á undan mér að það þyrfti að laga þetta og hitt en þetta var ekki nefnt þó að þessi mismunur á framfærslu valdi e.t.v. að verulegu leyti þeirri byggðaröskun sem fram fer nú í þjóðfélaginu. Það er eitthvað fleira sem kemur þar til, en þegar tekjurnar eru lægri og framfærslan verulega meiri er eðlilegt að fólk sæki frekar á þá staði þar sem hvort tveggja er, ódýrari framfærsla og hærra kaup.

Það væri hægt að hafa langa ræðu um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því að við 2. umr. muni ég fylgja þessu máli betur eftir ef það kemur á daginn að því á ekki að sinna, en því vil ég ekki trúa að óreyndu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér eru enn á ferð þau vinnubrögð sem mér þykja verst hér á þingi. Það er flaustursleg undirbúningur mála og hraðvirkni og þar af leiðandi hroðvirkni vegna pólitísks þrýstings og sýndarmennsku. Áhersla er augljóslega lögð á þessi skattamál vegna þess að kosningar fara í hönd og þá helst á staðgreiðslukerfi skatta sem virðist vera orðið eitt allsherjar lausnarorð.

Það er næsta fáránlegt að keyra hér í gegn á síðustu dögum þingsins svo flókin og viðamikil mál hálfköruð til þess eins að taka þau aftur upp í haust. Nær hefði verið fyrir stjórnarliðið að nota veturinn og vanda sig betur ef þeir hefðu borið raunverulegan vilja til verksins. En þeim þykir líklega betra að veifa röngu tré en öngu eins og segir einhvers staðar. Þess vegna vil ég taka undir og álít það neyðarráðstöfun að setja á laggirnar milliþinganefnd í sumar til þess að vinna betur að þessu máli ef það verður samþykkt og fer hér í gegnum þingið og reyndar þeim fylgifrumvörpum sem með því fara því að ég mun ræða um þau flest í máli mínu nú.

Engin spurning er um það að endurskoða þarf skattakerfið frá grunni. Því eru flestir sammála og Kvennalistakonur innilega sammála og telja slíka endurskoðun og endurskipulagningu mjög brýna. Á sama hátt erum við einnig innilega sammála því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, enda höfum við tvisvar flutt um það till. til pál. á þessu kjörtímabili og nú síðast á þessu þingi og er það að ég hygg 38. mál þingsins. Hins vegar þarf að standa mun betur að því þegar slíku er komið á þó að við fögnum því að sjálfsögðu að skriður skuli vera kominn á málið. Við höfum hins vegar fjöldamargt við það að athuga hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að standa að þessari skattkerfisbreytingu og við höfum líka margt við það að athuga, þ.e. við það skattafyrirkomulag sem hæstv. ráðh. boðar í þeim lagafrumvörpum sem komin eru fram í málinu. Það sem mér finnst einna alvarlegast í raun við þær skattkerfisbreytingar sem gera á er að þeim er nær öllum beint gegn fjölskyldunni. Þær eru ekki fyrir fjölskylduna, þeim er beinlínis beint gegn fjölskyldunni.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að skattkerfisbreytingin nær aðeins til launamanna. Skattlagningu á fjármagns- og eignatekjur og skattlagningu á fyrirtæki hefur ekki verið breytt og það er vitaskuld fráleitt. Ef menn eru að fara út í skattkerfisbreytingu á annað borð verður hún auðvitað að ganga yfir alla beina skattlagningu í landinu í einu, ekki aðeins hluta hennar eins og hér er lagt til.

Ein rökin fyrir því að taka upp þessa breytingu eru þau að með henni ætti skatturinn að skila sér betur. Undanskot eins og þau eru kölluð og skattsvik verði erfiðari en nú er en allir harma þau skattsvik sem renna frá samneyslunni eins og nú er. Hins vegar verður manni á að spyrja hvort það séu í raun fyrst og fremst launamenn sem stundað hafa skattsvik hér í þessu landi, hvort þeir hafi í raun bestar aðstæður og bolmagn til þess, hvort það séu ekki í raun fyrirtækin sem geti fyrst og fremst millifært eigna- og fjármagnstekjur til skattsvika. Þessar skattkerfisbreytingar eiga ekki að ná yfir fyrirtækin og það er eiginlega alveg óskiljanlegt.

Hæstv. ráðh. hefur gefið þær skýringar að það hefði ekki verið tími til þess að hyggja að svo víðtækum breytingum sem næðu líka yfir fyrirtækin. En þá er spurningin, hvers vegna liggur hæstv. ráðh. svona mikið á? Hvers vegna vill hann heldur fara hálfa leið og taka minnstu bitana í ríkissjóð en að leggja áherslu á þann hluta leiðarinnar sem hefði gefið honum feitustu bitana í ríkissjóð við skattheimtuna?

Í öðru lagi má benda á það að þessi frumvörp eru á vissan hátt mótsögn gegn þeirri stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur fylgt. Má sem dæmi nefna að hún hefur haft á stefnuskrá sinni og reyndar Alþingi samþykkt einróma að stefnt skuli að því að afnema tekjuskattinn af almennum launatekjum í áföngum. En þessi frumvörp staðfesta í raun tekjuskattinn, bæði frv. um staðgreiðslu tekjuskatts og álagningarreglur tekjuskatts, skatts á almennar launatekjur. Það er ekki verið að draga úr skattinum því að það er ekki um að ræða neina verulega linun á skattbyrðinni nema e.t.v. alveg neðst í tekjustiganum, og það er sjálfsagt að fagna því, og svo hins vegar, sem er öllu verra, efst í tekjustiganum og má reyndar sjá ljóslega af þeim línuritum sem fylgja frv. um tekjuskatt og eignarskatt að ef skattprósentan er aðeins ein virkar hún þannig að því hærri tekjur sem skattgreiðandi hefur því minna borgar hann hlutfallslega af sínum tekjum í skatt miðað við núverandi álagn-

ingarkerfi. Við Kvennalistakonur hefðum hins vegar viljað sjá verulega létta skattbyrði á neðri hluta tekjustigans og að skattleysismörkin hefðu verið hækkuð mun verulegar en ráð er fyrir gert í þessu frv.

Í þriðja lagi ber þetta frv. og þær skattkerfisbreytingar sem lagðar eru til keim af því að ríkissjóður sé borinn fyrir brjósti mun meir en hagur þess fólks sem á að búa við skattkerfið. Meginhersla virðist lögð á það, það er eiginlega gefin útkoma út úr dæminu, að ríkissjóður eigi að koma út svipað og nú. Í sjálfu sér má vorkenna þeim auma ríkissjóði sem við búum við nú, jafnilla staddur og hann er, en þetta er ekki aðferðin til þess að bæta fé í hann að okkar mati, þar sem einungis er gengið í vasa launamannanna. T.d., ef við lítum á persónuafsláttinn, er upphæð hans ákveðin með það í huga, eftir því sem best verður af þeim gögnum séð sem fram hafa komið í málinu, að dæmið reiknist svipað fyrir ríkissjóð en upphæðin er ekki ákveðin út frá því hvernig persónuafslátturinn nýtist mismunandi tekjuhópum sem væri í raun réttlátast miðað við aðstæður skattgreiðenda hverju sinni. Sama er að segja um húsnæðisbæturnar. Þar er ekki tekið tillit fyrst og fremst til aðstæðna húsbyggjendanna. Þar er reikningsdæmi ríkissjóðs lagt til grundvallar fyrst og fremst.

Í fjórða lagi er því haldið fram í frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda að nauðsyn sé að afnema ýmsa frádráttarliði til þess að koma þessu frv. á og segir t.d. í athugasemdum um 3. og 4. gr. frv.:

„Afnám hinna fjölmörgu frádráttarheimilda frá tekjum, sem í gildi hafa verið í lengri eða skemmri tíma, er forsenda þess að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta sem bæði uppfyllir þær kröfur að vera einfalt og öruggt í framkvæmd."

Nú veit ég að þetta er ekki nauðsynlegt. Ég bjó í mörg ár sjálf við staðgreiðslukerfi skatta í Bretlandi þar sem margvíslegir frádráttarliðir giltu þó svo að þetta kerfi væri notað, t.d. námsfrádráttur, frádráttur vegna aldraðra foreldra sem skattgreiðandi kynni að hafa á framfæri, frádráttur vegna barna í skóla, vegna stofnunar heimilis, húsnæðiskaupa o.s.frv. Þetta var ekki flókið í framkvæmd en það tók tillit til einstaklinganna og aðstæðna þeirra til þess að greiða til samneyslunnar. Ég vil vekja athygli á þessu. Ég sé ekki hvernig þetta tvennt þarf að fara saman, þ.e. staðgreiðsla skatta og afnám frádráttarliða.

Í raun finnst mér að hér sé í skjóli staðgreiðslukerfisins verið að koma á veigamiklum skattkerfisbreytingum sem vega að öryggi fjölskyldunnar og ég óttast það mjög. Það hefur ekki verið tekið nærri nægilegt tillit til aðstæðna fjölskyldunnar í þessum efnum og sérstaklega þar sem undan eru alveg skilin fyrirtæki og þeir sem meira fjármagn hafa undir höndum.

Mig langar að víkja lítillega að húsnæðisbótunum sem teknar eru til í þessum frumvörpum. Það er lagt til að felldur verði niður vaxta- og verðbótafrádráttur húsnæðiskaupenda. Þar er verulega skertur möguleiki ungra barnafjölskyldna til að kaupa nægilega stórt húsnæði á meðan börnin eru heima við og að bætast í hópinn miðað við þau fjármagnskjör sem nú eru í gildi. Húsnæðisafslátturinn á aðeins að miðast við fyrstu kaup og það gerir það að verkum að fólk á ekki jafnauðvelt með, og er það nú býsna erfitt fyrir reyndar en það verður enn þá erfiðara, að kaupa og selja íbúðir með stuttu millibili eins og tíðkast hefur hér á landi í þeim tilgangi að komast á einhverjum tímapunkti í endanlegt húsnæði. Það er afleitt að þetta frv. skuli ekki taka mið af þeim veruleika sem er hér á Íslandi í dag, þ.e. að fólk stækkar stöðugt við sig húsnæði uns það hefur náð heppilegri stærð á þeim árum sem börnin eru að bætast í hópinn. Þess vegna er þetta fyrirkomulag með að greiða einungis húsnæðisbætur í fyrsta sinn mikill bjarnargreiði fyrir þær fjölskyldur sem hyggjast eignast fleiri börn, nema þetta frv. miði í raun að því að koma í veg fyrir að fólk eignist börn, takmarka barneignir.

Þá langar mig að víkja máli mínu að því sem tekið er fram í 3. og 4. gr. frv. um tekju- og eignarskatt. Þær greinar kveða á um niðurfellingu frádráttarliða, þó með þeim undantekningum sem finna má í 3. gr. frá tekjum utan atvinnurekstrar, og vísa þessar greinar til 30. gr. núgildandi skattalaga. Í 3. og 4. gr. frv. eru flestir frádráttarliðir felldir niður en ekki allir því B-liður 30. gr. er látinn standa óbreyttur. Hvaða frádráttur er það sem áfram verður heimilaður? Það er frádráttur vegna vaxtatekna, affalla og gengishagnaðar. Það er frádráttur vegna arðs að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs. Það er fé sem fært hefur verið félagsmanni í félagi af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi og það er fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem við könnumst við frá fyrsta þingi þessa kjörtímabils. Það er sem sagt allur fjármagnsarður utan atvinnurekstrar sem enn þá er frádráttarbær. Hvers vegna var þessi frádráttur ekki einnig felldur niður eins og aðrir frádráttarliðir í A-, C-, D- og E-liðum þessarar greinar skattalaganna? Hvaða rök gilda fyrir því að fella niður frádrátt vegna vaxtakostnaðar en ekki vegna vaxtatekna? Hvers vegna fá menn frádrátt fyrir að eiga fé og taka vexti af því en ekki fyrir að greiða vexti af skuldum sínum?

Ég mun ekki hafa mörg fleiri orð í þessari 1. umr. um þessi frumvörp. Það má segja að meginlínurnar í þessum nýju skattafrumvörpum séu í fyrsta lagi að það er komin fram staðfesting á tekjuskatti launamanna í stað afnáms hans eða umtalsverðrar lækkunar eins og þessi ríkisstjórn hefur haft á stefnuskrá sinni. Í öðru lagi eru á ferðinni stórfelldar skattkerfisbreytingar í skjóli þess að taka upp staðgreiðslukerfi. Og í þriðja lagi hefur heildarendurskoðun skattkerfisins verið snúið í endurskoðun á skattkerfi launamanna án þess að létta skattbyrðar þeirra að verulegu leyti. Þetta mál og þau öll reyndar hafa

verið í umfjöllun Ed. þar sem voru gerðar ýmsar brtt. bæði af hálfu meiri hl. og eins af hálfu þriggja minni hluta. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir gerði brtt. fyrir hönd Kvennalistans við þetta frv. sem hér er rætt um, um tekju- og eignarskatt. Þær eru á þskj. 772 og eru í stuttu máli á þá leið að þær fjalla í fyrsta lagi um niðurfellingu samsköttunarákvæða sem við erum í raun mjög mikið á móti, samsköttunarákvæðunum, og auknar greiðslur barnabóta. Við teljum að það sé nauðsynlegt að hafa hliðsjón af fjölskyldustærð skattgreiðenda í skattalögum og þess vegna liggi beinast við að nýta þá fjármuni sem frv. gerir ráð fyrir að fari til samsköttunar til hækkunar barnabóta. Við leggjum til að þeim fjármunum sem samkvæmt frv. og gildandi skattalögum yrði varið til samsköttunar hjóna sé í þess stað varið til hækkunar barnabóta. Með þessu lagi yrði um nær 100% hækkun barnabóta að ræða og við teljum að fjárhagslegt sjálfstæði heimavinnandi, sem í langflestum tilfellum eru konur, sé á þann hátt virkt í skattalögum. Greiðslum fyrir unnin störf er skilað til þeirra í stað þess að maki þeirra fái afslátt fyrir að hafa heimavinnandi á framfæri sínu og meiri hliðsjón er höfð af fjölskyldustærð í lögunum og ég verð að koma þeim skilaboðum áleiðis til hæstv. fjmrh. Ég var á fundum úti á landsbyggðinni núna um helgina og fáu reiddust konur sem sóttu fundina meira en að vera persónuígildi. Það voru langflestar spurningar á öllum fundunum um það hvernig 75% kona væri. Þetta líkar mörgum konum ákaflega illa.

Í öðru lagi gerðum við brtt. í sambandi við námsafslátt. Við leggjum til að námsmenn, sem náð hafa 25 ára aldri og fengið verðtryggð lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna til námsins, skuli njóta sérstaks námsfrádráttar frá tekjuskatti á fyrsta tekjuári eftir nám sitt. Upphæðin er 18 000 kr. Hún tekur mið af óráðstöfuðum námsfrádrætti við álagningu 1986 í stað þess að dreifa afslættinum á nokkur ár og er þessi upphæð margfölduð með þremur greidd út á einu ári og nýtist námsmanni í eitt skipti til að vega upp á móti þeirri þyngingu skattbyrði sem afnám námsfrádráttar og staðgreiðsla skatta á fyrsta tekjuári eftir nám felur í sér, eins og þetta frv. leggur til.

Í þriðja lagi gerum við brtt. varðandi húsnæðisbæturnar sem ég vék lítillega að áðan. Við leggjum til að ákvæðið um sérstakar húsnæðisbætur nái fyrst og fremst til þeirra sem búa í ófullnægjandi húsnæði miðað við fjölskyldustærð. Við viljum sem sagt fyrst og fremst taka mið af fjölskyldustærð ekki því skipti sem menn skipta um húsnæði. Það hlýtur að þurfa að vera sveigjanleiki til að aðlaga sig að aðstæðum fjölskyldunnar hverju sinni, annars verða engar fjölskyldur. Ef öll lög sem í landinu eru gerð beinast á einn eða annan hátt gegn fjölskyldunni og hindra hana í að þrífast hættir fólk smám saman að eiga börn. Það verður á endanum. Með þessu móti komum við til móts við þær staðreyndir að fæstum tekst að komast í fullnægjandi húsnæði í fyrstu atrennu. Húsnæðið þrengist eftir því sem börnunum fjölgar og núgildandi húsnæðislög taka ekki tillit til fjölskyldustærðar heldur til þess í hvaða skipti viðkomandi festir kaup á húsnæði. Jafnframt tökum við mið af þeirri staðreynd að frv. eykur hlutfallslega skattbyrði barnafjölskyldna og því er brýnt að taka sérstakt tillit til þeirra einnig að þessu leyti.

Við gerum einnig brtt. um framreikning bóta og afsláttarliða, þ.e. persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, barnabóta, barnabótaauka og húsnæðisbóta, en það er gert ráð fyrir því í frv. að þessar upphæðir séu framreiknaðar tvisvar á ári í samræmi við lánskjaravísitölu. En auðvitað rýrna þessar upphæðir á meðan einhver verðbólga er í landinu og til að sporna við slíkri rýrnun er nauðsynlegt að reikna upphæð þeirra oftar. Við leggjum til að það verði gert mánaðarlega í stað þess að gera það tvisvar á ári.

Við teljum einnig reyndar mjög mikilvægt að skattþrepin verði fleiri en eitt, t.d. tvö, og líka að skattleysismörkin verði hækkuð, en við munum bíða með tillögugerð um þau efni þar til nánar verður vitað um skattprósentu í haust og þess vegna áætlum við að bíða með tillögugerð um þau efni til upphafs næsta þings. Ef reyndin verður sú að milliþinganefnd verður skipuð í málið munum við að sjálfsögðu færa till. okkar inn í þá nefnd.

Ég mun síðan taka þátt sem áheyrnarfulltrúi í starfi fjh.- og viðskn. um þetta frv. og þau öll sem saman heyra um skattamálin og mun áskilja mér rétt til að gera enn fleiri brtt. eða fylgja þeim sem þegar hafa verið fluttar af hálfu Kvennalistans í Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 807 (sbr. 594).

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Það er eitt þeirra þriggja frv. sem eru á dagskrá deildarinnar í dag og eru samtengd. Í reynd hafa umræður um öll þessi þrjú frv. og þar á meðal um gildistöku staðgreiðslulaga farið fram undir umræðum um frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt og þakka ég hv. þingdeildarmönnum fyrir að greiða fyrir framgangi málsins með því að ræða frv. á þann veg.

Ég vil aðeins víkja að ræðum hv. þm. sem töluðu í umræðum um frv. til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Hv. 3. þm. Reykv. ræddi nokkuð almennt um ástand og horfur í efnahags- og stjórnmálum og ætla ég ekki að fara út í þá umræðu

hér. Hann vék að því að allar lausnir í þeim efnum og þar á meðal í skattamálunum sem hér eru til umræðu væru fengnar að láni frá verkalýðshreyfingunni. Ég ætla ekki að fara út í umræður um þá fullyrðingu, en aðeins varpa þeirri spurningu fram til umhugsunar til hv. þm. hvers vegna verkalýðshreyfingin, þar sem hann á marga vini eða a.m.k. átti, þeim hefur kannske eitthvað fækkað, var ekki tilbúin að lána slíkar lausnir þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn. Að öðru leyti ætla ég ekki að gera þetta að umræðuefni.

Hv. 5. þm. Reykv. ræddi hér mikið um þann þátt skattalaga sem ekki er til umræðu í dag og þarf ég því ekki að fara orðum um meginhluta ræðu hans. Hv. 5. þm. Reykv. vék einnig að fullyrðingu formanns Sambands ísl. sveitarfélaga um að frv. væru ófullnægjandi og full af vitleysum, en með því að þessi yfirlýsing formanns Sambands ísl. sveitarfélaga var ekki rökstudd þarf ég ekki heldur að fara neinum orðum um hana.

Hv. 3. þm. Reykv. óskaði eftir því að skipuð yrði sérstök nefnd til að athuga og kanna þessi mál á milli þinga. Það hefur legið fyrir frá upphafi að nauðsynlegt yrði að skoða nýjustu upplýsingar sem fást við álagningu á árinu 1987 með tilliti til þessara nýju laga þannig að þær hefðu verið athugaðar og metnar áður en nýja skattkerfið tekur gildi í ársbyrjun 1988. Það er sjálfsögð og eðlileg vinnuregla sem út frá hefur verið gengið. Ég vil því taka undir þá hugmynd sem hv. 3. þm. Reykv. setti hér fram um skipan nefndar af þessu tagi og hef ákveðið að skipa slíka nefnd og leita eftir tilnefningum þingflokkanna í þá nefnd. Fyrir því verður þingflokkum skrifað svohljóðandi bréf:

„Fjármálaráðuneytið telur mikilvægt að athuga nýjustu upplýsingar sem fást eftir álagningu skatta 1987 áður en staðgreiðslukerfi skatta tekur gildi í ársbyrjun 1988. Fyrir þá sök fer fjármálaráðuneytið þess á leit við þingflokkana að þeir tilnefni einn fulltrúa í sérstaka samráðsnefnd er fylgjast á með og vera til ráðuneytis um framkvæmd nýju skattkerfisbreytingarinnar, þar með talin athugun á væntanlegum lögum með tilliti til álagningar 1987. Formaður nefndarinnar verður Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri."

Ég vænti þess að með þessu móti verði unnt að hafa eðlilegt og sjálfsagt samráð um þá athugun og skoðun sem hér fer fram. Ég er þeirrar skoðunar að um svo víðtæka breytingu þurfi að takast sem víðtækust samstaða og ég fagna því að hún hefur komið fram hér á Alþingi og vil fyrir mitt leyti greiða fyrir því að hún geti haldið áfram með því að slík nefnd starfi.

Ég ætla þá að víkja í örfáum orðum að því frv. sem hér er til umræðu um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ég hef í framsöguræðu fyrir frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt gert grein fyrir meginþáttum þeirra breytinga á skattkerfinu sem eru forsenda þess frv. sem hér er til umræðu. Þeim atriðum eru auðvitað gerð einnig ítarleg skil í athugasemdum með þessu frv.

Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars skv. frv. þessu nær til almennra launþega og einstaklinga með atvinnurekstur. Staðgreiðsla skatta af tekjum launþega er í höndum launagreiðanda, en einstaklingum með atvinnurekstur ber að reikna sér endurgjald og miðast mánaðarlegar skattgreiðslur þeirra við þær tekjur, þó eigi lægri en þær tekjur sem viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra ákveða. Það staðgreiðslukerfi sem frv. þetta gerir ráð fyrir byggir á tiltölulega einföldum grunni þar sem sömu frádráttarreglur gilda um alla launamenn. Einstaklingsbundin frávik koma til afgreiðslu við eftiráuppgjör þegar framtali staðgreiðsluársins á undan hefur verið skilað. Þá koma skattar á eignir einnig til álagningar. Sérstakir afsláttarliðir, eins og sjómannaafsláttur og húsnæðisbætur, koma til útreiknings utan við staðgreiðslukerfið sjálft. Sama er að segja um barnabætur sem greiddar verða hlutaðeigandi aðilum beint.

Í aðalatriðum gengur kerfið þannig fyrir sig að launþegi afhendir aðallaunagreiðanda sínum skattkort í upphafi árs eða þegar hann hefur störf. Á skattkortinu koma fram persónubundnar upplýsingar um viðkomandi skattgreiðanda, upplýsingar um skatthlutföll og staðfesting ríkisskattstjóra á því að hlutaðeigandi skattgreiðandi eigi rétt á persónuafslætti. Stundi maki launþegans ekki launað starf er heimilt að leggja skattkort hans inn hjá launagreiðanda hins makans og kemur persónuafsláttur tekjulausa makans til frádráttar skatti hins að ⅘ hlutum. Aðeins aðallaunagreiðanda, þ.e. þeim launagreiðanda sem afhent hefur verið skattkort launþegans, er heimilt að draga persónuafslátt frá skatti viðkomandi launþega. Öðrum launagreiðendum ber að innheimta og standa skil á fullum skatti samkvæmt skatthlutfalli án afsláttar.

Þegar laun eru greidd reiknar launagreiðandi skatt af launum viðkomandi og dregur frá persónuafsláttinn og millifærðan persónuafslátt maka ef því er að skipta. Skatturinn skiptist milli sveitarfélags og ríkis í þeim hlutföllum sem lögin gera ráð fyrir og leggjast greiðslurnar inn á tilgreindan reikning eða reikninga í bankastofnunum eða póststöð ásamt skiptingu á innheimtufé staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Eftir að staðgreiðsluárinu er lokið fer fram endanleg álagning tekjuskatts og útsvars. Kemur þá í ljós hvort munur er á álögðum skatti og þeim skatti sem inntur hefur verið af hendi með staðgreiðslu. Eigi gjaldandi inni eftirstöðvar af staðgreiðslu ganga þær fyrst til skuldajöfnunar á öðrum ógoldnum en gjaldföllnum opinberum gjöldum, en eru ella endurgreiddar með verðbótum og er það nýmæli. Skuldi gjaldandi hins vegar tekjuskatt og útsvar koma þau til innheimtu með verðbótum ásamt öðrum opinberum gjöldum, eins og til að mynda eignarskatti, sem lögð kunna að vera á viðkomandi skattgreiðanda.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efnisatriði frv., en vísa að öðru leyti til

athugasemda með því. Það er ljóst að frá sjónarmiði almennrar efnahagsstjórnunar er staðgreiðslukerfi betri kostur en það kerfi sem nú er við lýði. Í breytilegu árferði og hagsveiflum hefur núverandi kerfi yfirleitt virkað andstætt við þær kröfur sem gera þarf til góðs hagstjórnartækis. Staðgreiðslukerfið mun hins vegar stuðla að jafnvægi, draga frá neyslu á þenslutímum og draga úr skattbyrði ef kaupmáttur dregst saman.

Ég vil að lokum geta þess að nokkrar minni háttar lagfæringar voru gerðar á frv. í Ed. Þar var samþykkt að lækka kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga úr 1% í 0,5% af innheimtu útsvari og er þannig komið til móts við óskir sveitarfélaganna í þessu efni.

Ég vil að lokum óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 808 (sbr. 596).

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gildistöku staðgreiðslulaga. Í framhaldi af framsögu fyrir frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda annars vegar og breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt hins vegar er hér lagt fram frv. um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda. Í gildistökuákvæði staðgreiðslufrv. segir að þau lög komi eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Er frv. það sem hér er til umræðu flutt til samræmis við þetta ákvæði. Það er að sönnu nýmæli við lagasetningu hérlendis að setja sérstök lög um gildistöku annarra laga en hefur tíðkast nokkuð í nágrannalöndum okkar þegar sérstaklega hefur staðið á og um viðamikla og vandasama löggjöf er að ræða. Við setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda háttar mjög óvenjulega til þar sem til úrlausnar koma ýmis tímabundin atriði sem heyra munu sögunni til þegar breytingin úr núverandi innheimtuformi skatta yfir í staðgreiðslu verður um garð gengin. Með vísan til þess svo og hins að þessari breytingu tengjast tímabundin ákvæði í breyttum lögum um tekjuskatt og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga þótti rétt að hafa þann hátt á að setja sérstök lög um gildistöku staðgreiðslulaganna þar sem tekið yrði á öllum atriðum sem tengjast breytingunni sem slíkri.

Ég sé ekki ástæðu til við þessa umræðu að fara frekari orðum um einstök efnisatriði, þau skýra sig sjálf, og að öðru leyti vísa ég til athugasemda með frv., en legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil varðandi ummæli hæstv. fjmrh. um efnahagsmál, húsnæðismál og skattamál í tíð þessarar ríkisstjórnar ekki vera að hefja almennar pólitískar umræður. Aðeins benda á að skýringin á því að komið var fram með till. um lausnir á ýmsum vandamálum í tíð núverandi ríkisstjórnar kann að hafa verið sú að menn hafi talið óhjákvæmilegt að leysa ýmislegt og breyta til um stefnu í efnahagsmálum, húsnæðismálum og skattamálum frekar en að þörf hafi verið á því áður. En að öðru leyti tel ég mjög mikilvægt að hæstv. fjmrh. hefur gefið þá yfirlýsingu að hann muni skipa nefnd með fulltrúum flokkanna á Alþingi til að fara yfir þessi mál áfram. Það auðveldar meðferð málsins á Alþingi og auðveldar sérstaklega þingflokkunum að taka á þessu máli núna. Það var varla hægt að ætlast til þess að flokkarnir afgreiddu mál af þessum toga á nokkrum sólarhringum og því jákvætt að þeir skuli fá tækifæri til þess með formlegum hætti að hafa áhrif á þróun þessara mála á komandi mánuðum hvernig sem mál skipast um stjórn landsins eftir kosningarnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 810 (sbr. 603).

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Það er 346. mál þingsins á þskj. 810.

Við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í desember s.l. voru skattamál til umræðu. Ríkisstjórnin gaf þá fyrirheit um að frv. um staðgreiðslu beinna skatta yrði lagt fram á því þingi er hún situr þannig að unnt verði að taka upp staðgreiðslu beinna skatta í ársbyrjun 1988. Í tengslum við frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. Meginbreytingarnar sem lagðar eru til í þessu frv. felast í breyttu fyrirkomulagi við álagningu útsvara og við innheimtu þeirra. Einnig þótti rétt að gera nokkrar

breytingar á ákvæðunum um innheimtu aðstöðugjalda.

Í frv. er lögð til sú meginbreyting að stofn til álagningar útsvars verði hinn sami og tekjuskattsstofn samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 með þeim breytingum sem nú eru lagðar til í frv. til laga um breytingar á þeim lögum. Þetta hefur í för með sér verulega hækkun á útsvarsstofninum. Ef miðað er við árið 1986 var útsvarsstofninn 57 milljarðar 953 millj. kr. Með þeim breytingum sem nú eru lagðar til er talið að hann hefði orðið 64 milljarðar 737 millj. kr. Álagt útsvar 1986 var 5 milljarðar 373 millj. kr. Ef miðað er við 33,5% hækkun launa milli áranna 1985 og 1986 hefði útsvarsstofninn samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi orðið 86 milljarðar 424 millj. kr. Útsvarið sem álagt var 1986 hefði verið um 6,22% af útsvarsstofninum í staðgreiðslu.

Með tilliti til þessa er lagt til að hundraðshluti útsvara verði lækkaður annars vegar úr 11% í 7,5% og hins vegar úr 3% í 2% vegna barna. Þegar frv. var lagt fram í Ed. var gert ráð fyrir að útsvarsprósentan væri 7%, en í meðförum deildarinnar var þetta hækkað í 7,5% og er þannig komið til móts við nýjar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun að nokkru.

Þrátt fyrir ákvæði um hámarksálagningu útsvara er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi sömu möguleika til viðbótarálags og áður, þ.e. 10%. Sjálfstæði sveitarfélaga og möguleikar þeirra til að ráða eigin tekjustofnum er því á engan hátt takmarkað frá því sem verið hefur. Lagt er til að félmrh. ákveði með reglugerð árlega nýtingu álagningarhlutfallsins og sú ákvörðun verði tekin að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga og með tilliti til áforma sveitarfélaga um útsvarsálagningu á komandi ári. Miðað er við að reglugerð verði gefin út fyrir 15. nóvember ár hvert vegna ákvörðunar um álagningu og innheimtu í staðgreiðslukerfi árið eftir. Hver sveitarstjórn ákveður síðan við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hver endanleg álagningarprósenta verður.

Herra forseti. Ég mun ekki rekja hér frekar efni þessa frv., en vísa til grg. með því og framsöguræðu minnar í Ed. Staðgreiðslukerfið og þær breytingar sem hér eru lagðar til í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga munu hafa þann meginkost í för með sér að tekjur sveitarfélaga af útsvörum verða verðtryggðar sem aldrei hefur verið áður. Þetta er mjög þýðingarmikið því að útsvörin eru meira en helmingur af skatttekjum sveitarfélaganna og þessi tekjustofn hefur rýrnað mikið á verðbólguárum.

Útreikningar hafa verið gerðir á því hvernig hið nýja kerfi hefði reynst sveitarfélögunum miðað við s.l. fjögur ár. Þar kemur fram að sú hámarksprósenta sem lögð er til í frv. hefði öll árin gefið sveitarfélögunum nokkru rýmri möguleika á útsvarstekjum en núverandi kerfi gerir. Ég hef í fórum mínum útreikninga á 54 sveitarfélögum sem sýna þetta í nákvæmri útfærslu og miðað við það sem hér er lagt til ættu tekjur sveitarfélaga að aukast allverulega.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að því frv. sem ég hef hér gert grein fyrir verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Lögreglumenn, 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um lögreglumenn nr. 56/1972, með síðari breytingum. Í bókun með samningum milli Landssambands lögreglumanna og fjmrh. á s.l. ári var gefið fyrirheit þess efnis að dómsmrn. mundi beita sér fyrir því að láta leggja fyrir á næsta Alþingi frv. til l. um breytingar á lögum um lögreglumenn er fæli í sér heimild til að lækka eða fella niður skaðabótafjárhæð vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og eru af völdum mistaka eða vanrækslu. Skyldur og störf lögreglumanna eru þess eðlis að þeir þurfa oftsinnis að bregðast skjótt við aðsteðjandi vanda eða ástandi sem rís skyndilega. Þá gefst sjaldan tóm til að leita fyrirmæla yfirboðara eða ráðrúm til mikillar athugunar.

Lögreglumenn eru í þeirri stöðu að geta valdið eignatjóni eða slysi af gáleysi sem ekki verður talið stórfellt. Á s.l. ári var ákveðið að vopna tiltekinn hóp lögreglumanna vegna öryggisvörslu á Keflavíkurflugvelli og ber sá hópur skotvopn að staðaldri við skyldustörf sín. Þau sjónarmið búa að baki þessari lækkunarheimild tjónsfjárhæðar að fjárhagur og aðstæður tjónvalds geta verið slík að honum sé gersamlega um megn að greiða tjónið allt eða hluta þess. Má segja að sanngirnis- og velferðarsjónarmið liggi til grundvallar þessu ákvæði. Réttarstaða lögreglumanna yrði verulega bætt ef þessi lækkunarheimild verður lögfest.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

61. fundur, þriðjudaginn 10. mars, að loknum 60. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. JSv. o.fl., 395. mál (stimpilgjald af veðskuldabréfum). — Þskj. 721.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 591. Það er um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði hefur óskað eftir breytingu á lögum um Happdrætti DAS, nr. 16 1973, og jafnframt að lög nr. 49 20. apríl 1963, um Byggingarsjóð aldraðs fólks, verði felld úr gildi. Lögin um Happdrætti DAS heyra undir dómsmrn. og hefur dómsmrh. ákveðið að verða við óskum sjómannadagssamtakanna um fyrrgreindar breytingar frá núgildandi lögum og mun standa að flutningi frv. þar um sem hér er til meðferðar.

Ég vísa til grg. sem er með þessu frv. Það var ákveðið að verða við þessum óskum. Þessi byggingarsjóður er orðinn tiltölulega lítill og það hafa orðið þær breytingar í þjóðfélaginu í sambandi við happdrættismálin að talið er eðlilegt að þessi breyting verði gerð þannig að þau 40% af tekjum Happdrættis DAS sem hafa farið í Byggingarsjóð aldraðs fólks verði felld niður. Samkvæmt frv. um Happdrætti DAS er þar sett heimild um að stjórn happdrættisins sé heimilt að láta fjármagn til byggingar dvalarheimila úti um land eftir því sem eðlilegt er miðað við umfang happdrættisins.

Framkvæmdasjóður aldraðra sem hefur skv. lögum það hlutverk að styrkja þessar framkvæmdir úti um landið og einnig er í húsnæðislöggjöfinni gengið verulega til móts við þessar framkvæmdir þannig að það er ekki ástæða til að skipta þessu fjármagni eins og hefur verið. Hér eru, eins og ég sagði áðan, tiltölulega litlar upphæðir og ég legg til að það verði orðið við óskum Sjómannadagssamtakanna. Hv. Ed. hefur samþykkt frv. óbreytt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Þetta er mál á þskj. 573 um frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 frá 13. apríl 1973. Þetta frv. og frv. sem ég mælti fyrir áður í sambandi við Byggingarsjóð aldraðs fólks eru að hluta til af sama stofni. Frv. sem hér er flutt af hæstv. dómsmrh. er sama sinnis að því leyti til að það er flutt að ósk sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Það gengur út á að þessi heimild gildi til ársloka 1987. Ágóði happdrættisins skal renna til framkvæmda fyrir aldraðra á vegum sjómannasamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, ummönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða. Í 2. gr. skulu orðin „og afhending fjár til Byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falla niður.

Það er ástæðulaust að orðlengja lengur um þetta málefni. Hv. Ed. varð sammála um að mæla með því að frv. væri samþykkt óbreytt og gerði það. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

61. fundur, miðvikudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosning eins manns í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra í stað Hreins Pálssonar lögfræðings, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Freyr Ófeigsson lögfræðingur.

Kosning eins varamanns í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis í stað Björns Teitssonar skólameistara og eins varamanns í stað Kristins H. Gunnarssonar verslunarmanns, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu í stað Björns Teitssonar kom fram einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Kristjana Sigurðardóttir verslunarmaður.

Við kosningu í stað Kristins H. Gunnarssonar kom fram einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Sigurðsson verkamaður, Bolungarvík.

Kosning eins varamanns í yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis í stað Helgu Jónsdóttur lögfræðings, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þórður Ólafsson lögfræðingur.

Kosning eins varamanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar í stað Skúla Pálmasonar hæstaréttarlögmanns og eins varamanns í stað Láru Júlíusdóttur lögfræðings, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu í stað Skúla Pálmasonar kom fram einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir dagskrárgerðarmaður.

Við kosningu í stað Láru Júlíusdóttur kom fram einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Sigrún Benediktsdóttir lögfræðingur.

Kosning eins varamanns í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra í stað Boga Sigurbjörnssonar skattstjóra, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Magnús Sigurjónsson verslunarstjóri.

Mannréttindamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 244. mál. — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Snjómokstur á Siglufjarðarvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RA, 383. mál. — Þskj. 693.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Skýrsla um utanríkismál, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 396. mál. — Þskj. 722.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Frá því að síðasta skýrsla um utanríkismál var rædd hér á Alþingi hinn 15. apríl á s.l. ári hafa margir atburðir og merkir orðið á sviði alþjóðastjórnmála. Merkastur er þó tvímælalaust fundur þeirra Ronalds Reagans og Mikaels Gorbatsjoffs hér í Reykjavík. Aldrei áður hefur Ísland tengst samskiptum austurs og vesturs með eins áberandi hætti og dagana sem fundurinn stóð. Það er því við hæfi að hefja þessa umræðu á Alþingi um utanríkismál með því að víkja að þeim málum sem þar voru til umfjöllunar.

Segja má að augu heimsbyggðarinnar hafi beinst að Íslandi þessa þrjá daga og á þriðja deginum, sunnudaginn 12. okt., má fullyrða að milljónir manna hafi með aðstoð sjónvarpstækninnar mænt á lokaðar dyr fundarstaðarins, Höfða, í þeirri von að þar væri heimssögulegra tíðinda að vænta. Það urðu mönnum því nokkur vonbrigði þegar leiðtogarnir loksins birtust og greint var frá því að engin niðurstaða hefði orðið í viðræðum þeirra.

Eftir því sem lengra leið frá fundinum varð þó lýðum ljóst að grunnur að samkomulagi hafði í raun verið lagður hér í Reykjavík, en árangur strandað vegna ágreinings um geimvarnir. Í stuttu máli hefur eftirfarandi komið fram um viðræður leiðtoganna hér í Reykjavík:

Þeir voru sammála um að á næstu fimm árum ætti að fækka langdrægum kjarnavopnum um helming. Þeir urðu ásáttir um hámark 6000 kjarnaodda í langdrægum skotkerfum sem ekki mættu vera fleiri en 1600 talsins. Þá urðu þeir ásáttir um geysimikla fækkun meðaldrægra kjarnavopna. Þannig skyldu leyfðir 100 kjarnaoddar í slíkum sovéskum flaugum í Asíu af gerðinni SS-20 og 100 í Bandaríkjunum, en engar í Evrópu.

Leiðtogarnir ræddu einnig bann við kjarnavopnatilraunum þótt ekki næðist samkomulag. Þeir virtust komast að samkomulagi um að virða samninginn frá 1972 um takmörkun gagneldflauga, svokallaðan ABM-samning, næstu tíu árin þótt Bandaríkjamenn hafi ítrekað ásetning sinn að halda áfram rannsóknum á geimvörnum sem þeir segjast geta stundað án þess að brjóta í bága við þann samning.

Ágreiningur leiðtoganna tveggja var fyrst og fremst um geimvarnir. Reagan samþykkti að geimvarnakerfi skyldi ekki tekið í notkun í tíu ár en á sama tíma yrði langdrægum kjarnaeldflaugum útrýmt. Gorbatsjoff gat fallist á tíu ára takmörkunina, en gerði jafnframt þá kröfu að rannsóknir á og tilraunir með geimvarnakerfi færu eingöngu fram í rannsóknarstofum.

Undanfarna daga hafa borist fregnir af tilslökun Sovétmanna í viðræðum risaveldanna. Hafa þeir lýst sig reiðubúna að ræða útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga úr Evrópu, svokallaðra Evrópuflauga, óháð því hvort Bandaríkjamenn halda áfram tilraunum sínum með geimvarnir. Þá hafa Sovétmenn einnig lýst sig reiðubúna að koma til móts við kröfur Bandaríkjamanna varðandi gagnkvæmt og raunhæft eftirlit með framkvæmd samninga um þetta efni.

Ef þessar yfirlýsingar ganga fram við samningaborðið í Genf má búast við að skriður komist á viðræður risaveldanna og að samkomulag um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga geti litið dagsins ljós á næstu vikum eða mánuðum. Samkomulag um þetta efni mundi tvímælalaust verða til góðs og draga úr spennu milli austurs og vesturs.

Hver yrðu að öðru leyti áhrif slíks samkomulags? Útrýming meðaldrægra kjarnaflauga úr Evrópu breytir m.a. nokkuð forsendum hugmyndarinnar um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Mun ég víkja nánar að því hér á eftir.

Ágreiningurinn um Evrópuflaugarnar hefur staðið nær óslitið síðan 1977, en það ár hófu Sovétmenn að endurnýja eldri og ófullkomnari flaugar með hinum hárnákvæmu og ógnvekjandi SS-20 flaugum. Á örfáum árum komu þeir fyrir hundruðum slíkra flauga í nágrenni Evrópu. Í flaugum þessum eru þrír kjarnaoddar og hefur hver um sig um það bil sjöfaldan sprengikraft Hiroshima-sprengjunnar. Þær gætu farið allt að 5 þús. km vegalengd og því hæft skotmark í öllum ríkjum Vestur-Evrópu. Það var því ekki nema von að mönnum á Vesturlöndum hrysi hugur við þessari ógn þar sem hún bættist við afar mikla yfirburði Rauða hersins á sviði hefðbundins vígbúnaðar.

Með uppsetningu SS-20 flauganna röskuðu Sovétmenn mjög verulega þeirri stöðu sem var í samskiptum austurs og vesturs um miðjan síðasta áratug. Þjóðir Vestur-Evrópu gátu ekki látið slíkt óátalið. Að frumkvæði Vestur-Þjóðverja samþykktu ríki Atlantshafsbandalagsins í desember 1979 að koma fyrir bandarískum Pershing II flaugum og stýriflaugum í fimm ríkjum Vestur-Evrópu til að skapa jafnvægi í þessum efnum. Á sama tíma var ákveðið að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun slíkra flauga og var tiltekinn frestur gefinn í því sambandi fjögur ár. Ríki Atlantshafsbandalagsins hétu að hefja ekki uppsetningu flauganna á þessu tímabili og við það var staðið.

Svokallaðar INF-viðræður hófust síðan í Genf árið 1981. Þá kom fyrst fram hugmyndin um svokallaða núlllausn, en hún fólst í því að Bandaríkjamenn buðust til að falla frá uppsetningu flauganna ef Sovétmenn fjarlægðu SS-20 flaugarnar úr Evrópu. Sovétmenn höfnuðu þessu tilboði og þegar ljóst varð að til uppsetningar kæmi gengu Sovétmenn frá

samningaborðinu í Genf. Þeir vonuðust til þess að áróður friðarhreyfinga í vestrænum fjölmiðlum mundi hefta framgang áætlunar Atlantshafsbandalagsins.

Eftir að uppsetning hófst afréðu þeir þó að snúa aftur að samningaborðinu í Genf. Ef samkomulag næst um útrýmingu meðaldrægra flauga úr Evrópu hefur það þannig tekið ein sex ár að sannfæra Sovétmenn um gildi þess að draga úr vígbúnaði á þessu sviði. Sá árangur yrði þá tilkominn einungis vegna samstöðu ríkja Atlantshafsbandalagsins um að vega upp yfirburði Sovétmanna. Þetta ætti að vera íhugunarefni fyrir þá sem á sínum tíma börðust gegn fyrrgreindri ákvörðun ríkja Atlantshafsbandalagsins. Ef vestræn ríki hefðu látið undan er afar vafasamt að samkomulag um útrýmingu slíkra flauga hefði nokkurn tíma séð dagsins ljós.

Ég gat þess hér að framan að hugsanlegt samkomulag um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga úr Evrópu hefði áhrif á hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þessi hugmynd hefur verið á dagskrá funda norrænna utanrrh. allt frá 1981 þrátt fyrir að um það hafi verið óformlegt samkomulag allt frá 1951 að öryggis- og varnarmál væru utan norræns samstarfs. Norðurlöndin höfðu líka valið sér ólíkar leiðir í þeim málaflokkum. Það mun hafa verið Uhro Kekkonen, fyrrum forseti Finnlands, sem fyrstur hreyfði þessu máli fyrir um aldarfjórðungi, en hugmyndin fékk byr undir báða vængi í upphafi þessa áratugs vegna uppsetningar Evrópuflauganna. Þeir voru til sem vildu að þessi hugmynd yrði tekin upp í tengslum við INF-viðræður risaveldanna, en því var hafnað þar sem talið var að hún gæti tafið og flækt þar viðræður.

Hugmyndin um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum felur í stuttu máli í sér að löndin fimm lýsi því yfir að þau muni aldrei grípa til kjarnavopna, hvorki til árásar né til varnar. Engin yrði trygging risaveldanna um að virða svæðið og gerður um það sérstakur milliríkjasamningur.

Þegar hugmyndin kom fram í upphafi þessa áratugs lýsti þáv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson skoðun sinni í skýrslu til Alþingis 1982, með leyfi forseta. Hann segir:

„Hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði í Evrópu má vissulega ræða nánar. Að því er norðurhluta Evrópu varðar hlýtur þó að vera alveg ljóst að ekki er unnt að líta fram hjá þeirri staðreynd að kjarnavopn eru til staðar í stórum stíl í næsta nágrenni við Norðurlönd. Á það ekki síst við um víghreiður Sovétríkjanna á Kolaskaga og svo Eystrasaltið eins og kjarnavopnakafbátur Sovétmanna, sem rak á fjörur Svía, færði okkur áþreifanlega heim sanninn um."

Það á við um Ísland eins og önnur Norðurlönd að þar eru engin kjarnavopn og stefna stjórnvalda er að slík vopn verði þar ekki. Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi. Ólafur Jóhannesson taldi að kjarnavopnalaust svæði væri því aðeins hugsanlegt að það væri hluti af samningi kjarnorkuveldanna um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Geir Hallgrímsson fyrrv. utanrrh. lýsti sömu skoðun í skýrslu sinni um utanríkismál 1985 og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði ein sér kann því miður að hafa minni áhrif en vonir standa til. Ég nefni tvennt. Fyrst það að lítill ávinningur er í því að ákveðin svæði séu lýst kjarnavopnalaus ef kjarnavopnum fækkar ekki en eru ýmist flutt þéttar saman eða út í hafið. Við Íslendingar viljum enn þá síður kjarnavopn í eða á höfum úti, þar sem óhapp á friðartímum gæti eytt sjávarauðlindum okkar og þar með lífsbjörg, hvað þá heldur ef hugsað er til þess sem ætti sér stað í styrjöld. Annað er það, að kjarnavopnum er vandalaust að skjóta langa vegalengd og einhliða yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði tryggir ekki að þau svæði verði ekki fyrir kjarnavopnaárás ef til átaka kemur."

Svipuð sjónarmið koma fram í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Í ályktuninni er hvatt til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu. Ályktunin tekur til mun víðtækara svæðis en Norðurlanda einna, enda er eðlilegt að stefnt sé að því að fækka þessum vopnum fremur en að einskorða sig við bæði svæði sem þegar er án slíkra vopna og einnig er gert ráð fyrir því í ályktun Alþingis að slíkt svæði sé liður í víðtækara samkomulagi. Á fundum norrænna utanríkisráðherra sem ég hef setið hef ég talið óraunhæft að hefja undirbúning að stofnun slíks svæðis nema tekið sé tillit til þeirra svæða þar sem kjarnavopn eru til staðar og er því sammála þeim tveimur forverum mínum sem ég hér hef vitnað til.

Á bls. 16 í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu segi ég, með leyfi forseta, á miðri síðu:

„Á fundinum í Kaupmannahöfn greindi ég frá því, að afstaða mín til stofnunar norrænnar nefndar embættismanna mótaðist af ályktun Alþingis um afvopnunarmál. Í fyrsta lagi væri svæði, sem aðeins næði til Norðurlanda, ófullnægjandi jafnframt því sem nýtt skref í þessum efnum væri aðeins raunhæft sem liður í víðtækari aðgerðum til að efla öryggi í okkar heimshluta, þar á meðal með samkomulagi risaveldanna. Kjarni málsins er sú staðreynd, að öll löndin fimm eru nú þegar kjarnavopnalaus. Þau ógna engum. Það eru ekki þau sem valda ugg eða ótta á friðarrofi."

Ekki hafa allir ráðherrarnir verið sammála og hafa sumir þeirra t.d. viljað undanskilja hafsvæðin umhverfis Norðurlönd. Getur nokkur Íslendingur fallist á slíkt? Það get ég ekki ímyndað mér. Í ræðu er ég flutti hér á Alþingi 29. janúar s.l. segi ég, með leyfi forseta:

„Tillaga um skipun nefndar sem kanni möguleika á og geri tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum var lögð fram á fundi utanríkisráðherra í Svíþjóð á s.l. ári. Hún var áfram til umræðu á fundi utanríkisráðherranna í ágústmánuði s.l., fundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn, og þar var skrifstofustjórum ráðuneytanna falið að athuga hvort grundvöllur væri fyrir stofnun slíkrar nefndar embættismanna og gert ráð fyrir því að utanríkisráðherrarnir gætu tekið afstöðu til málsins á fundi sem verður í Reykjavík í marsmánuði n.k. Könnun skrifstofustjóranna stendur yfir, en meðal þess sem þeir eru að athuga eru verkefni og verksvið hugsanlegrar nefndar embættismanna og ætlunin, eins og ég gat um, að því verði lokið fyrir þennan fund ráðherranna."

Ég sagði enn fremur: „Flestir hljóta að vera sammála um það að verr væri af stað farið en heima setið ef hafsvæðunum umhverfis Norðurlönd, svo og kjarnavopnabúrum í nágrenni þeirra, svo sem Kolaskaga, yrði sleppt úr allri umfjöllun um þetta efni á vettvangi norræns samstarfs. Ef það verður gert eru menn að loka skilningarvitum sínum fyrir þeirri ógn og fyrir þeirri hættu sem raunverulega er við að fást. Ég met það svo að það sem í ályktun Alþingis stendur sé forsenda umræðna af okkar hálfu á þessum vettvangi varðandi hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði."

Af þessum sökum hefur m.a. ekki náðst samstaða um skipun sérstakrar nefndar norrænna embættismanna er fengi það verkefni að kanna skilyrði yfirlýsingar um Norðurlönd sem kjarnavopnalaust svæði, en með vísan til þess sem ég sagði áðan fer sú skoðun fram þar til fundur ráðherranna verður hér 25. mars hvort hægt er að ná slíku samkomulagi. Ég mun að sjálfsögðu greina utanríkismálanefnd frá framvindu þess starfs sem verið er að vinna til undirbúnings fundi norrænu utanríkisráðherranna, eins og ég gat um í fyrrgreindri ræðu, og hafa um það samráð þegar því verki er lokið.

Ef risaveldin ganga nú til samninga um útrýmingu þeirra kjarnavopna sem einna helst hafa ógnað öryggi Norðurlanda er ljóst að forsendur slíkrar yfirlýsingar hafa breyst — eða hvaða frekari tryggingu getur slík yfirlýsing veitt umfram samkomulag risaveldanna? Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það eru þessi tvö ríki sem hafa vald til að semja um takmörkun slíkra vopna. Okkar öryggi hefur best verið tryggt með einingu ríkja Atlantshafsbandalagsins. Þessi eining er forsenda hugsanlegs samkomulags risaveldanna um útrýmingu Evrópuflauganna.

Hvað Norðurlönd varðar tel ég að hyggilegast sé að sjá hver framvindan verður í samningamálum risaveldanna. Á meðan er óhyggilegt að aðhafast nokkuð það sem gæti virkað þannig að eining ríkja Atlantshafsbandalagsins væri að rofna.

Í síðustu skýrslu til Alþingis lýsti ég því viðhorfi að mikilvægt væri að staðið verði við ákvæði hins svonefnda ABM-samnings frá 1972, en hann takmarkar varnir gegn kjarnavopnum. Ekki er raunhæft að banna tilraunir með geimvarnakerfi eins og Sovétmenn hafa krafist, enda hafa þeir sjálfir staðið að slíkum tilraunum um árabil, en mikilvægt er að þær tilraunir fari fram innan þeirra marka sem samningurinn setur.

Að undanförnu hefur nokkur umræða farið fram um nýja túlkun samningsins og jafnvel að uppsetningu geimvarna verði flýtt. Ég er þeirrar skoðunar að hyggilegt sé að rasa ekki um ráð fram í því efni og aðhafast ekkert það er spillt getur fyrir árangri á öðrum sviðum afvopnunar eða hleypt af stað vígbúnaðarkapphlaupi í geimnum.

Sú staðreynd að samkomulag virtist ekki langt undan í viðræðum þeirra Reagans og Gorbatsjoffs hér í Reykjavík gerði það að verkum þegar frá leið að athygli stjórnmálamanna, einkum í Vestur-Evrópu, beindist í auknum mæli að hinum gífurlegu yfirburðum Varsjárbandalagsins á sviði hefðbundins vígbúnaðar. Af þeim sökum m.a. hefur aukin áhersla verið lögð á þá stefnu af hálfu vestrænna ríkja að niðurskurði kjarnavopna verði að fylgja stöðugleiki á öðrum sviðum vígbúnaðar svo sem hefðbundinna vopna, efnavopna og skammdrægra kjarnavopna.

Á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsríkjanna í Halifax s.l. vor var settur sérstakur vinnuhópur í það verkefni að undirbúa tillögur um samdrátt hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu. Þessi hópur skilaði hugmyndum sínum fyrir fund utanríkisráðherra bandalagsins sem haldinn var í Brussel í desember og á þeim fundi var samþykkt sérstök yfirlýsing þar sem ríkjum Varsjárbandalagsins er boðið til viðræðna um víðtækan niðurskurð hefðbundinna vopna.

Þessar viðræður munu fara fram í Vín, þar sem nú stendur yfir þriðji framhaldsfundur ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, en á þeim fundi er farið yfir framkvæmd ákvæða Helsinki-samþykktarinnar. Vonandi verður þetta frumkvæði Atlantshafsbandalagsins til að hleypa nýju lífi í hinar svokölluðu MBFR-viðræður sem staðið hafa í Vínarborg frá 1973 án sýnilegs árangurs.

Það eru því ýmis teikn á lofti sem gefa mönnum vonir um að árangurs geti orðið að vænta á ýmsum sviðum viðræðna til að draga úr vígbúnaði. Raunar hefur beinn árangur náðst á einu sviði frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var rædd hér á Alþingi. Á ég þar við niðurstöðu Stokkhólmsráðstefnunnar sem lauk 22. september s.l. með samkomulagi um ítarlegt skjal. Í því skjali er hert á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar þess efnis að hvert aðildarríki veiti öðrum upplýsingar um heræfingar. Þetta samkomulag á hernaðarsviðinu kom rétt fyrir upphaf þriðja framhaldsfundar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu sem hófst í Vínarborg hinn 4. nóvember s.l. Stokkhólmsráðstefnan var einn af þeim fundum sem ákveðnir voru á öðrum framhaldsfundi öryggismálaráðstefnunnar sem stóð yfir í Madrid á árunum 1980–1983. Þar voru einnig

ákveðnir nokkrir fundir um mannréttindamál og mannleg tengsl, en þeim fundum lauk því miður án árangurs.

Á öryggismálafundinum í Vínarborg fer nú fram mikil umræða um mannréttindamál. Eins og kunnugt er hafa ríki Vesturlanda ávallt lagt mikla áherslu á þann þátt Helsinki-samkomulagsins er lýtur að auknum mannréttindum. Á undanförnum vikum hafa Sovétmenn staðið að ýmsum tilslökunum á því sviði sem hljóta að verða til þess að bæta nokkuð andrúmsloftið milli austurs og vesturs eftir nokkuð langt kuldaskeið.

Enn vantar þó töluvert á fullar efndir á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar. T.d. hvað varðar heimildir einstaklinga til að flytjast búferlum milli landa. Aðeins með fullri viðurkenningu ákvæða samþykktarinnar getum við vænst þess að samskipti austurs og vesturs komist í eðlilegt horf.

Eins og fram hefur komið í umræðum á Alþingi um till. til þál. um mannréttindamál hafa Íslendingar gerst meðflutningsmenn að tillögu á Vínarfundinum um virðingu fyrir mannréttindum og um framhald umræðunnar innan öryggismálaráðstefnunnar um mannréttindi.

Ég get ekki látið hjá líða í þessari umfjöllun að minna á mörg ljón sem eru í vegi friðsamlegrar sambúðar ríkja heims þótt nokkuð virðist hafa miðað í samkomulagsátt í samskiptum austurs og vesturs. Taka má nokkur dæmi:

Sovétmenn halda áfram hernaði sínum í Afganistan, í Kampútseu starfar leppstjórn í skjóli Víetnama. Stríð Írana og Íraka er í algleymingi. Auk beinna hernaðarlegra aðgerða þurfa svo íbúar í mörgum heimsálfum að þola ýmsar aðrar erjur og skærur. Nefna má t.d. ástandið í sunnanverðri Afríku og Mið-Ameríku. Þá vil ég sérstaklega nefna alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi í þessu sambandi, en slík iðja hefur færst í vöxt á undanförnum árum og bitnar einna helst á saklausum borgurum.

Ekki er óeðlilegt að ljúka þessari umfjöllun um stríð og frið með því að minnast nokkrum orðum á Sameinuðu þjóðirnar, en því miður er staða þeirra nokkuð veik um þessar mundir. Fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna er e.t.v. lýsandi dæmi um þessa erfiðu stöðu, en hann stafar af því að ríkin hafa vanrækt að inna af hendi skylduframlög sín til samtakanna. Um árabil voru Sovétríkin stærstu skuldararnir, en á árinu 1985 urðu Bandaríkin stærsti skuldarinn eftir að lög voru samþykkt í bandarísku þinginu sem skertu verulega skylduframlag Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna. Ástæðan fyrir lagasetningu Bandaríkjaþings var m.a. óánægja með að Vesturlönd, sem greiða ¾ útgjalda Sameinuðu þjóðanna, hafa aðeins 15% atkvæða í allsherjarþinginu sem samþykkir fjárlög samtakanna. Ríkin sem minnst greiða hafa því nær óskorað vald við ákvörðun útgjalda Sameinuðu þjóðanna. Eftir að samþykktar hafa verið tillögur nefndar sem vann að endurskoðun fjármála samtakanna má búast við að risaveldin greiði skuldir sínar og þannig finnist nokkur lausn á fjárhagsvandanum sem staðið hefur starfi samtakanna fyrir þrifum undanfarin ár.

Hér að framan hef ég vikið að nokkrum málum sem eru ofarlega á baugi í alþjóðamálum um þessar mundir og sem fjallað er um í þeirri skýrslu sem lögð hefur verið fram á Alþingi og hér er til umræðu. Varðandi íslensk sérhagsmunamál er það að segja að í síðustu skýrslu var gerð ítarleg grein fyrir stefnunni í öryggis- og varnarmálum og aðgerðum til að auka íslenskt frumkvæði á því sviði og vísast til þess. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu einstakra þátta öryggis- og varnarmála á þeim tíma sem liðinn er frá því að síðasta skýrsla var lögð fram hér á Alþingi. Enn fremur er skýrt frá varnarliðsframkvæmdum sem heimilaðar hafa verið á árinu 1987, en utanrmn. hefur verið gerð grein fyrir þessum framkvæmdum. Sérstaka athygli vil ég vekja á að framkvæmdum við hina nýju flugstöð er senn lokið og gert ráð fyrir því að hún verði tekin í notkun hinn 14. apríl n.k. Framkvæmdir við flugstöðina hafa staðið yfir síðan 1983. Í skýrslunni er vikið að þróunarsamvinnumálum, en þar hafa fjárveitingar verið takmarkaðar og eru raunar langt undir því marki sem Alþingi sjálft hefur sett sér.

Varðandi hafréttarmál vil ég taka fram hér að nýlega var haldinn fundur í Kaupmannahöfn þar sem Danir og Íslendingar ákváðu að efna til rannsókna í sumar á Hatton Rockall-svæðinu og verður Bretum og Írum boðin þátttaka í þeim rannsóknum.

Í síðustu skýrslu lýsti ég því aukna vægi sem alþjóðaefnahagsmál hafa fengið á vettvangi alþjóðamála. Almennt efnahagsástand í heiminum hefur ekki aðeins áhrif á afkomu einstakra ríkja heldur tengjast efnahags- og öryggismál margvíslegum böndum. Þessar staðreyndir kalla á árvekni okkar Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði efnahagsmála. Við verðum annars vegar að tryggja framleiðslu okkar hindrunarlausan aðgang að helstu mörkuðum og hins vegar að gera átak í sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í íslensku atvinnulífi með tilkomu nýrra atvinnugreina.

Á grundvelli þessarar skoðunar minnar kynnti ég í inngangi síðustu skýrslu nokkur þau atriði sem ég hugðist beita mér fyrir og mun ég nú víkja að framgangi þeirra.

Hinn 10. desember s.l. var opnuð sérstök skrifstofa við sendiráð Íslands í Brussel þar sem aðsetur fastafulltrúa okkar Íslendinga hjá Evrópubandalaginu verður í framtíðinni. Þessari skrifstofu er ætlað það hlutverk að fylgjast grannt með málefnum bandalagsins og koma á framfæri íslenskum sjónarmiðum hvenær sem þörf er talin á slíku.

Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands er nú verið að ganga frá fyrirkomulagi við ráðningu sérstakra markaðsfulltrúa sem starfa munu í íslenskum sendiráðum. Þessir fulltrúar munu koma til viðbótar þeim tveim markaðsfulltrúum sem áður höfðu verið ráðnir. Útflutningsráð Íslands hóf starf sitt 1. okt-

ber s.l. og þar með eru skilyrði fyrir hendi til mun víðtækara samstarfs allra þeirra aðila er sinna útflutningi en áður hefur þekkst.

Nefnd undir forustu Davíðs Ólafssonar fyrrverandi seðlabankastjóra hefur kannað hvernig best sé að haga utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar Íslendinga í Asíu. Í niðurstöðum nefndarinnar, sem kynntar hafa verið alþm., segir að ekki séu enn fyrir hendi þær forsendur er réttlæti stofnun sérstaks sendiráðs eða viðskiptaskrifstofu í Asíu með öllum þeim kostnaði sem því yrði samfara. Nefndin fellst á þá áherslu í störfum Útflutningsráðs Íslands að við núverandi aðstæður beri að leggja aukna rækt við markaðsstarf í nálægari löndum. Á hinn bóginn er lagt til að samskipti við ríki Asíu, einkum Japan, verði efld t.d. með styrkjum til náms og skipulögðum kynnisferðum. Einnig leggur nefndin til að ráðnir verði sérfræðingar til ráðuneyta eða Útflutningsráðs Íslands sem hefðu það hlutverk að safna upplýsingum, tæknilegum og viðskiptalegum, fyrst í stað aðallega frá Japan. Sérfræðingarnir mundu vinna úr upplýsingum og búa þær úr garði þannig að þær væru aðgengilegar fyrir útflytjendur og framleiðendur sem væri þannig auðveldað að fylgjast með því sem væri að gerast á þessum sviðum.

Herra forseti. Hér að framan hef ég aðeins vikið að nokkrum þeirra fjölmörgu mála sem tengjast efni þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu. Ég hef þannig ekki fjallað um ýmis þau mál sem komið hafa til umræðu á Alþingi fyrr í vetur, svo sem lausn siglingamálsins, en þung áhersla var lögð á það í síðustu skýrslu að lausn fyndist á þeirri deilu, hvað og varð á s.l. hausti.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Skýrsla frá hæstv. utanrrh. til Alþingis er orðin árviss viðburður og hefðbundinn og umræður um hana. Það ber að fagna því að þingið skuli taka þessi mál á hverju ári til sérstakrar umræðu. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa staðið við þessa hefð nú sem í fyrra og fagna því að tækifæri er til að fara yfir nokkur atriði sem snerta okkar utanríkismál og störf og stefnu í þeim efnum.

Ég vil líka við upphaf þessarar umræðu þakka samstarfsmönnum í utanrmn. fyrir samstarfið á þessu þingi og milli þinga og formanni, hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, fyrir forustu í nefndinni. Þó við séum ekki alltaf sammála á þeim vettvangi hefur hann að jafnaði reynt að þoka málum áfram sem til nefndarinnar er vísað og ég vænti þess að framhald verði á því einnig á þessu þingi, en minni um leið á að fyrir utanrmn. liggja nú óvenjumörg óafgreidd þingmál og er ég flm. að nokkrum þeirra. En ég þykist vita að formaður utanrmn. og aðrir nefndarmenn hafi hug á að afgreiða þau mál til þingsins þó skammur tími sé til þingloka.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti með svipuðum áherslum og fram kom í fyrra hjá hæstv. ráðh. þegar hann flutti sína fyrstu skýrslu til þingsins, en milli þess sem málin hafa verið rædd á grundvelli slíkrar skýrslu hefur utanríkismál borið á góma í umræðum á þinginu, bæði í sambandi við einstakar till. og eins í umræðum utan dagskrár, þá einkum um þau miklu ágreiningsefni sem uppi eru í sambandi við okkar utanríkisstefnu og koma bæði fram í sambandi við afstöðu til afvopnunarmála og vígbúnaðarmála svo og í sambandi við aðild Íslands að hernaðarbandalagi og veru erlends herliðs hér í landinu.

Það ár sem liðið er síðan við ræddum síðustu skýrslu hæstv. ráðh., 14. apríl í fyrra, hefur verið mjög viðburðaríkt á alþjóðavettvangi, eins og fram kemur í skýrslu hæstv. ráðh. og hann vék að í sínu máli. Þar hafa orðið umtalsverð þáttaskil sem vekja okkur vonir um að það sé að vænta fyrr en seinna betri tíðar í samskiptum risaveldanna en verið hefur um langt skeið eða frá því snemma á síðasta áratug, árunum um og upp úr 1970, árum sem kennd voru við þíðu. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu né heldur að vega og meta hlut risaveldanna í þeim stirðleika í sambúð sem ríkt hefur um langt skeið þar til nú að glæta hefur skapast á ný. Hitt dylst mönnum ekki að mjög stórvægilegar breytingar hafa orðið alveg sérstaklega hvað snertir afstöðu Sovétríkjanna í sambandi við vígbúnaðarmálin og það frumkvæði sem komið hefur úr þeirri átt eftir alllanga stöðnun og fastheldni sem gagnrýnd var af mér á þeim tíma, ekki síður en afstaða Bandaríkjanna í þessum efnum.

Það er vissulega ánægjuefni að fundur leiðtoga risaveldanna haldinn hér í Reykjavík á s.l. hausti skuli hafa orðið vettvangur til umbrota í þessum efnum og breytinga svo róttækra að heimsbyggðin er ekki söm í reynd eftir þau tíðindi og tillögur sem þar voru lagðar fram, þótt ekki tækist þar samkomulag og ekki tækist að ganga frá samningi sem markaði þáttaskil eins og allir hefðu vonað væntanlega að þar hefði tekist, a.m.k. hér á Íslandi.

Það var alveg ljóst eftir þennan fund að hið austræna risaveldi, Sovétríkin, lagði mikið undir að koma hreyfingu á afvopnunarmálin og það sem hefur verið að gerast síðan í þessum efnum og nú síðast nýjar tillögur af þeirra hálfu í afvopnunarviðræðunum í Genf sýnir mönnum að þar fylgir hugur máli í framhaldi af þeim tillögum sem fram komu á Reykjavíkurfundinum, án þess að ég vilji vera að meta stöðuna í einstökum atriðum eða leggja mat á tillögur sem ég hef ekki farið yfir öðruvísi en að fylgjast með þeim í fjölmiðlum. Þessi hreyfing og þetta frumkvæði, sem þarna er á ferðinni, hlýtur að vera öllum sem láta sig alþjóðamál varða og spurninguna um stríð og frið mikið ánægjuefni og krafan á gagnaðilann, risaveldið í vestri og bandamenn þess, að taka undir með eðlilegum hætti þann vilja sem þarna hefur komið fram og láta reyna á það á borði hvort ekki næst samkomulag hlýtur að vera mjög þung. Hún kemur fram ekki aðeins hjá vinstri öflum í Vestur-Evrópu heldur langt inn í raðir miðflokka og jafnvel hægri flokka, þó að hér á Íslandi kveði

enn við talsvert ólíkan tón á við þann sem algengastur er frá ríkisstjórnum og meiri hluta þjóðþinga í Vestur-Evrópu, m.a. á öðrum Norðurlöndum.

Þegar við ræddum skýrslu utanrrh. í fyrra höfðu gerst tíðindi á alþjóðavettvangi sem vöktu ugg einmitt daginn á undan og þann sama dag eða sama sólarhring og skýrslan var rædd, en það var hin fyrirvaralausa árás Bandaríkjamanna á Líbýu sem færði heiminn nær hættuástandi kjarnorkustríðs en verið hafði um langt skeið. Þetta mál var rætt þá í tengslum við umræðuna og gagnrýnd hin veiku viðbrögð íslenskra stjórnvalda í þessum efnum. Hæstv. utanrrh. vék að hryðjuverkastarfsemi og fordæmdi hana og undir það er hægt að taka í almennum orðum, en það verður líka að gera kröfu til þess að þeir sem hafa helsprengjuna undir höndum leiki sér ekki að eldinum með gáleysi eins og fram kom í árásum Bandaríkjanna á Líbýu með aðstoð frúarinnar í Downing street 10. Síðan hefur komið fram að að baki þessarar árásar lágu kannske enn ákveðnari hvatir, að tortíma þjóðarleiðtoga í umræddu ríki, miður þokkuðum þjóðarleiðtoga, en sú aðför mistókst af tæknilegum ástæðum eftir því sem virt blöð í Bandaríkjunum greina frá.

Þetta er eitt lítið dæmi um afstöðu af Íslands hálfu sem var með öðrum hætti en gerðist hjá mörgum svokölluðum bandalagsríkjum okkar, en dæmin eru því miður miklu fleiri og skýrari sem sýna sérstöðu Íslands, núv. ríkisstjórnar og hæstv. utanrrh. sérstaklega, til afvopnunarmála og atburða á alþjóðavettvangi en þetta dæmi um Líbýu sem þó var nógu alvarlegt. Fleiri, eins og árásin á Grenada á sínum tíma, mætti til tína í því sambandi. En ég er þarna sérstaklega með í huga þá afstöðu og þau fyrirmæli sem hæstv. utanrrh. hefur gefið fulltrúum Íslands á alþjóðavettvangi varðandi ráðstöfun á atkvæði Íslands og hefur ítrekað verið rædd á Alþingi sú afstaða sem ráðherrann hefur þar tekið og fylgt hefur verið eftir trekk í trekk þar sem Ísland eitt Norðurlanda hefur staðið með Reagan-stjórninni, með Bandaríkjastjórn ásamt örfáum öðrum ríkjum.

Ég minni þar á afstöðuna sem tekin var öðru sinni, annað þing Sameinuðu þjóðanna í röð til tillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja varðandi frystingu kjarnavopna. Þar var Ísland eitt í hópi fjögurra ríkja sem sátu hjá eftir að 139 ríki Sameinuðu þjóðanna höfðu goldið jáyrði við atkvæðagreiðslu og aðeins 12 ríki greiddu atkvæði gegn. Ísland eitt Norðurlanda skipaði sér í hóp þeirra ríkja sem dyggust eru í fylgispekt við þá utanríkisstefnu sem forseti Bandaríkjanna hefur fylgt.

Og þær eru fleiri tillögurnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem hið sama hefur verið uppi á teningnum. Þegar greidd voru atkvæði þar á síðasta allsherjarþingi um stöðvun allra kjarnorkuvopnatilrauna, tillögu sem Mexíkó er 1. flm. að, var Ísland einnig í þeim hópi sem ekki guldu jáyrði. Það voru 135 ríki sem voru þar með, þrjú á móti og Ísland var í 14 ríkja hópi sem sat hjá á meðan öll hin Norðurlöndin stóðu að þessari samþykkt og Danmörk og Noregur höfðu breytt afstöðu sinni frá því árið á undan. Þetta er heldur óskemmtilegur félagsskapur sem Ísland er í hópi með á þessum alþjóðavettvangi sem hvað mest er eftir tekið og það er engin tilviljun að atkvæði falla með þessum hætti. Þau eru að sjálfsögðu samkvæmt sérstökum beinum fyrirmælum hæstv. ráðh. sem stundum lætur að því liggja að hann sé að fylgja eftir samþykktum Alþingis, samþykkt um afvopnunarmál sem samþykkt var hér samhljóða 23. maí 1985, en það þarf alveg sérstök gleraugu til að lesa þá samþykkt og fá út úr henni þá afstöðu sem hæstv. ráðh. lætur Ísland fylgja fram á alþjóðavettvangi.

Frysting kjarnavopna, tillaga 41.60e á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, flutt af Indlandi. Þar var hið sama uppi á teningnum. Öll hin Norðurlöndin voru með tillögunni. Ísland sat hjá ásamt fimm öðrum ríkjum.

Ég ætla ekki að hafa þennan lestur lengri þó ég hafi hér undir höndum fjölda tillagna af vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland tekur afstöðu með sama hætti og hér var rakið í sambandi við hin stærstu afvopnunarmál, sem þar eru til umræðu og afgreiðslu.

Það er sannarlega hörmulegt fyrir land þar sem verið er að reyna að laða að þjóðarleiðtoga, jafnvel fulltrúa risaveldanna, til að ráða ráðum sínum í afvopnunarátt, að afstaða ríkisstjórnar skuli vera með þessum hætti. Hæstv. forsrh. mun hafa viðrað það austur í Moskvu um daginn að það væri æskilegt að hér væri sett á fót sérstök stofnun til að hlúa að afvopnunarmálum, stofnun sem risaveldin legðu til fjármuni til að setja á laggirnar. Ég held að Íslendingar ættu að gera hreinna fyrir sínum dyrum í sambandi við þessi efni áður en þeir fara að vænta þess að hér verði sett á laggirnar stofnun af því tagi. Ég a.m.k. vildi sjá betra andrúmsloft og jákvæðara í kringum slíkar óskir bornar fram af talsmönnum Íslands og æðstu forustumönnum í þeim efnum.

Afstaðan til stöðvunar kjarnorkuvopnatilrauna er sannarlega einnig lýsandi um þá stefnu sem hæstv. utanrrh. hefur fylgt. Við ræddum það á Alþingi 11. febr. s.l. og þá kom í ljós að hæstv. ráðh. stóð einn í málsvörn. Af þeim talsmönnum flokkanna sem þar töluðu stóð hann einn í málsvörn fyrir það framferði Bandaríkjastjórnar að halda áfram kjarnorkusprengingum í tilraunaskyni neðanjarðar eftir að Sovétríkin höfðu einhliða stöðvað slíkar tilraunir, en Bandaríkin sprengt 20 sinnum.

Það var sannarlega athyglisverð ræðan sem hæstv. ráðh. flutti í þinginu þann dag, 11. febr. s.l., til rökstuðnings afstöðu sinni. Hæstv. ráðh. vitnaði áðan í allnokkrar ræður sem hann hafði flutt á liðinni tíð, en hann sleppti þessari réttlætingarræðu sinni í sambandi við kjarnorkusprengjutilraunir Bandaríkjastjórnar. En ég vil aðeins leyfa mér að grípa niður í máli hæstv. ráðh. til að rifja það upp fyrir þingheimi sem þá hraut af hans vörum, með leyfi forseta.

Ráðherrann sagði: „Við erum þátttakendur í

varnarbandalagi sem hefur þá margyfirlýstu stefnu að það mun aldrei grípa til vopna að fyrra bragði. Þetta bandalag hefur gegnt sínu hlutverki vegna fælingarstefnu sem hefur sannfært hugsanlega árásaraðila um tilgangsleysi stríðsaðgerða. Þetta hefur gerst þrátt fyrir augljósa yfirburði Varsjárbandalagsríkjanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar."

Og síðan segir ráðherrann: „Staðreyndin er að kjarnavopn hafa gegnt lykilhlutverki í því að stöðva útþenslu Sovétríkjanna í Evrópu. Í öllum samningum um afvopnun á sviði kjarnorkuvígbúnaðar verður því að hafa hliðsjón af öðrum þáttum vígbúnaðar þannig að afvopnun leiði ekki til minna öryggis og stefni þannig friðnum í hættu. Vestrænum ríkjum er því mikill vandi hér á höndum", segir ráðherrann.

Og síðar í sömu ræðu: „Á meðan enn hefur ekki tekist að undirbúa jarðveginn fyrir gagnkvæmt traust milli austurs og vesturs er það mat vestrænna ríkja að það verði að halda uppi sannferðugum fælingarmætti. Þetta er ástæða þess að Bandaríkjamenn halda áfram tilraunum sínum með kjarnavopn þrátt fyrir óskir manna um að þeim verði hætt."

Þetta er rökstuðningur ráðherrans fyrir þessari afstöðu og er næsta fágæt á vettvangi utanríkisráðherra í Vestur-Evrópu að bera fram mál sem þetta til varnar fyrir afstöðu Reagans í kjarnorkumálum og kjarnorkutilraunum.

Þetta er auðvitað rökrétt hjá hæstv. utanrrh. miðað við þá stefnu sem hann hefur túlkað á Alþingi æ ofan í æ, m.a. stefnu hans og vörn fyrir stjörnustríðsáætlun Reagans. Hann er í hópi þeirra tiltölulega fáu utanríkisráðherra í Vestur-Evrópu, þeir eru mjög fáir, sem hafa haldið uppi hraustlegum vörnum fyrir stjörnustríðsáætlun Reagans eins og hæstv. ráðh. Matthías Á. Mathiesen. En það hefur hann gert og hann skjalfesti í skýrslu sinni í fyrra að það væri eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að gerast þátttakendur í stjörnustríðsáætlun Bandaríkjanna.

Það væri kannske ágætt að hæstv. ráðh. gerði okkur grein fyrir því hvað miðað hefur í þeim efnum að þoka því hugsjónamáli áfram að Ísland verði þátttakandi í áætlun sem byggir m.a. á því að brjóta gagneldflaugasamninginn frá 1972, ABM-samninginn, sem byggir á þeirri afstöðu Bandaríkjastjórnar að túlka þann samning rúmt þannig að tilraunir með kjarnorkuvopn til undirbúnings að senda þau út í geiminn séu heimilar að þeirra mati innan ramma þessa samnings. Þetta er afstaða sem ég hef ekki heyrt nokkurn mæla bót í hópi utanrrh. eða talsmanna ríkisstjórna í Vestur-Evrópu, það má vera að hæstv. ráðh. hafi dæmi þar að lútandi. Þetta stangast á við það sem ég heyrði í ræðu hæstv. ráðh. áðan, sem mér þótti gott að heyra, þar sem hann sagði og lýsti því viðhorfi sínu að hann teldi óráðlegt og óæskilegt að farið verði út fyrir mörk ABM-samningsins frá 1972 samkvæmt þröngri túlkun þess samnings. En hæstv. ráðh. virðist ekki vera betur inni í þessum málum en fram kemur í orðum hans á Alþingi ekki fyrir löngu þar sem hann styður vígbúnaðaráætlanir Bandaríkjastjórnar og er að óska eftir þátttöku Íslendinga í þeim áætlunum sem byggja á því að brjóta ABM-samninginn, að brjóta þá túlkun sem viðtekin hefur verið þar og sem er yfirlýst stefna Bandaríkjastjórnar.

Ég held að það væri æskilegt fyrir hæstv. ráðh. að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum. Hvernig samræmir hann stuðning sinn við stjörnustríðsáætlun Reagans þeim orðum sem féllu áðan, að hann styddi þrönga túlkun samningsins? Ég treysti því að hæstv. ráðh. geri rækilega grein fyrir þessu hér í umræðunni því að hér er um stórmál að ræða. Hefur ráðherrann breytt afstöðu sinni til stjörnustríðsáætlunarinnar? Er hann ekki lengur þeirrar skoðunar að æskilegt sé fyrir Íslendinga að gerast þar þátttakendur? Telur hann það kannske eftir að hafa upplifað það í eigin landi að stór stund í afvopnunarmálum varð strand vegna afstöðu Bandaríkjastjórnar til þessarar áætlunar, stjörnustríðsáætlunarinnar, sem var þröskuldurinn hér í Reykjavík á leiðtogafundinum s.l. haust?

Hæstv. ráðh. notaði nokkurn tíma í ræðu sinni áðan til að réttlæta afstöðu sína til hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þar kom í rauninni ekkert nýtt fram, en einnig þar er hæstv. ráðh. tiltölulega einmana á norrænum vettvangi og ég vænti þess að ráðherrann sé einmana í hópi þingflokka á Alþingi þó að það hafi ekki komið fram með skýrum hætti. Það væri fróðlegt, því ég reikna með að hv. þm. Kjartan Jóhannsson tali hér á eftir, að hann sem talsmaður Alþfl. og fulltrúi í utanrmn. skýri þingheimi frá því skýrt og greinilega hver sé afstaða Alþfl. á Íslandi til hugmynda sem eru bornar uppi og studdar ekki síst af sósíaldemókrötum á Norðurlöndum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Hangir Alþfl. aftan í afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli eins og flestum öðrum á sviði utanríkis- og afvopnunarmála? Hver er afstaða Alþfl. til þessa stóra máls? Það hlýtur að koma skýrt fram í umræðunni. Er Alþfl. sammála Anker Jörgensen og öðrum leiðtogum jafnaðarmanna á Norðurlöndum í sambandi við kjarnorkuvopnalaust svæði eða hefur hann aðra skoðun á þessu efni? Það hlýtur að liggja fyrir. Eitthvað man ég eftir að formaður Alþfl. hafi vikið að þessum málum í ræðum og riti og ekki var ég mjög hrifinn af því sem ég heyrði frá honum síðast, en það hefur kannske skýrst. Við heyrum það væntanlega í umræðunni á eftir.

Í þessum málum hefur unnið sérstaklega og meira en flestir af þm. formaður Alþb. Svavar Gestsson og ég geri ráð fyrir því að hann víki sérstaklega að stöðu þessara mála síðar í umræðunni þannig að ég ætla ekki að fara um þennan þátt mála fleiri orðum að sinni.

Áður en vikið er frá afvopnunarmálunum er rétt að draga saman það sem mér sýnist vera afstaða ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar eins og hún birtist til þessara stóru mála á því kjörtímabili sem senn er allt. Þar hefur verið ríghaldið í kaldastríðsviðhorf eins og þau voru nöprust áður en hlutirnir fóru að hreyfast og það er fátt eitt sem ber vott um

að þar hafi orðið breyting á þó að forsrh. skjótist stundum hér upp í ræðustólinn og lýsi andstöðu við sjónarmið utanrrh. En þá er það eins og fyrr aðeins fimleikaæfing hjá Framsfl. í sambandi við utanríkismálin þar sem reynt er að bjarga sér frá þeirri ásýnd sem þau í reynd hafa eins og þau birtast sem ákvarðanir ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Í þessari sveit er liðtækur og ég tel vera einlægur formaður þingflokks Framsfl. sem hefur sýnt stuðning við þessi efni, en er því miður afar fáliðaður í eigin flokki. Það er kannske það afdrifaríkasta eða a.m.k. eitt það afdrifaríkasta í sambandi við stöðu Íslands í þessum málum sá tvískinnungur sem ríkt hefur í röðum framsóknarmanna alla tíð frá því að Ísland gekk í NATO í sambandi við afstöðuna til veru í hernaðarbandalagi, til hersetu í landinu. Þar hefur það verið einskis megnugur minni hluti sem hefur andæft og þeim hefur farið fækkandi sem þar hafa lyft merki gegn vígbúnaðarstefnunni, en þeir eru þó til og þökk sé þeim fáu sem þar standa á verði.

Hitt er ekki síður raunasaga, sú staða sem Alþfl. hefur kosið sér í þessum efnum. Það þarf kannske ekki annað en minna á að það eru tíðindi í þingsögunni þegar fulltrúi Alþfl. kemur í ræðustól á Alþingi og segist hafa á einhverju aðra skoðun en Sjálfstfl. í sambandi við vígbúnaðarmálin, afvopnunarmálin. Það gerðist hérna um daginn og menn hrukku við því það var svo sögulegt. Þá kom hv. þm. Kjartan Jóhannsson og sagðist vera sammála þeim meiri hluta á þingi Bandaríkjanna sem væri á móti stefnu Reagans í kjarnorkuvopnatilraununum, þeir teldu að hann hefði lokað glugga sem ekki átti að skella í lás áður en það væri um seinan. Þetta voru tíðindi. Ef þau táknuðu veðrabrigði sem héldust hjá Alþfl. og það væri í rauninni um einhverja stefnubreytingu að ræða væri ástæða til að fagna þessu, og gott er það svo veikt sem það var, en þetta segir sitt í reynd um hvaða stöðu Alþfl. hefur kosið sér í sambandi við þessi efni og þar hefur afstaðan síst þróast til betri vegar á því kjörtímabili sem nú er senn á enda.

Ég kem svolítið að framkvæmdum í sambandi við herstöðvarnar hér og veru erlends herliðs á eftir, en þar hefur sannarlega verið tekið til hendi í vígbúnaðarátt á því kjörtímabili sem nú er að ljúka með þeim hætti að utanrrh. Sjálfstfl., tveir sem gegnt hafa því starfi á kjörtímabilinu, þenja brjóstkassann þegar að því er vikið hversu vel þeir hafa staðið sig að greiða götu hernaðaruppbyggingar í landinu og þeir hafa sannarlega af nokkru að státa fyrir sinn málstað, því miður.

En áður en ég kem að því vil ég víkja að afstöðu hæstv. ráðh. til svæðisbundinna átaka, sem hann fór mjög skjótt yfir í sinni ræðu, og nefna það sem hann nefndi ekki í þeim efnum og vekja athygli á því.

Það er eðlilegt að menn lýsi áhyggjum sínum varðandi vopnuð átök hvar sem þau eru, varðandi kúgun og undirokun. A.m.k. vil ég taka undir slíkan málflutning almennum orðum og hlýt að gera það og eins þegar troðið er á eðlilegum mannréttindum eins og gerist hjá meiri hluta ríkja heimsins í raun. Þó menn hafi séð þar þróun til betri vegar innan Sovétríkjanna hin síðustu misseri, þróun sem vissulega ber að fagna, get ég verið sammála þeim sem gagnrýna það sem þar skortir á, og það er mikið, að þar hafi gerst þeir atburðir sem maður vildi sjá sem víðast í heiminum í sambandi við mannréttindamálin. En menn ættu að minnast þess að það er víðar en í Sovétríkjunum þar sem menn að ósekju hafa setið bak við lás og slá eða í gæslu í sérstakri meðferð og sætt ekki síður grimmúðlegri meðferð og það væri ástæða til þess að utanrrh. landsins véki einnig að og myndi einnig eftir því fólki, sem er víða um heim, sem eru búin slík örlög.

Hæstv. ráðh. minnti á Afganistan og þau átök sem þar eiga sér stað. Alþb. hefur allt frá því að þau hófust og Sovétríkin skárust þar í leikinn fordæmt þá íhlutun og gerir enn og gerir á meðan hún á sér stað. Vissulega eru vonir bundnar við að þróun verði þar til jákvæðrar áttar og nokkur teikn á lofti að svo geti orðið. En víðar er heitt í kolum og víðar brennur undir oki en í Afganistan.

Hæstv. ráðh. nefndi kannske almennum orðum Mið-Ameríku og Suður-Ameríku í sínu máli, en þau voru fá. En hvað segir hæstv. ráðh. um ástandið í Chile í skýrslu sinni? Eigum við aðeins að staldra við það? Hann segir:

„Horfur eru betri í efnahagsmálum í Chile en þær hafa oft verið. Hagvöxtur var rúmlega 4% s.l. ár, verðbólga var á milli 15 og 20% og atvinnuleysi minnkaði. Ástandið er þó dökkt í innanlandsmálum. Ríkisstjórn Pinochets forseta lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir þrýsting frá Vesturlöndum um að taka upp lýðræðislegri og frjálslyndari stjórnarhætti. Mótmæli sem hafa blossað upp öðru hverju hafa verið brotin á bak aftur. Ríkisstjórnin segir aðgerðirnar beinast gegn kommúnistum. Ljóst er að kommúnistar gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að auka spennu í landinu og fá ríkisstjórnina ti að grípa til harðneskjulegra aðgerða gegn andstæðingum sínum. Tilgangurinn er að afla stefnu þeirra um vopnaða andstöðu gegn stjórninni fylgis og að útiloka að hægfara öfl komi til áhrifa í landinu."

Þetta er tilvitnun í skýrslu ráðherrans um ástandið í Chile þar sem herforingjastjórn náði völdum með stuðningi Bandaríkjanna fyrir líklega 13 árum eða svo, steypti lýðræðislega kjörnum forseta sem var myrtur í átökum á þeim tíma. Hér er verið nánast að skjóta skildi fyrir það ástand sem þarna ríkir og gera tortryggilega og draga þá í dilka sem standa þar við hin erfiðustu skilyrði í andófi við fasistastjórnina í Chile. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. hafi séð kvikmynd Costa Garvas um valdatökuna í Chile og líkkestina sem þar var hlaðið upp með aðstoð leyniþjónustu Bandaríkjanna.

En það er annað ríki í Ameríku, Nicaragua, sem hæstv. ráðh. víkur að og þar er ekki talað mjög skýru máli. Hann segir, ráðherrann, m.a. eftir að hann hefur rakið hversu illa standi með mannréttindamál hjá sandinistastjórninni í Nicaragua:

„Kaþólsku kirkjunni í landinu hefur verið gert erfitt um vik. Dagblöðum og útvarpsstöðvum hefur verið lokað, gefið að sök að ganga erinda Bandaríkjastjórnar. Í skýrslu útgefinni í febrúarmánuði 1986 gagnrýnir Amnesty International stjórn sandinista í Nicaragua og andstæðinga hennar fyrir mannréttindabrot. Contra-skæruliðar, sem herja í landinu með stuðningi Bandaríkjastjórnar, hafa hingað til mátt láta í minni pokann fyrir sandinistum.“ — Það vantar bara: því miður. Það vantar bara að segja: því miður. En það er það sem liggur á bak við orðin.

„Þessi hernaður hefur leitt til spennu á landamærum Nicaragua og Hondúras og Nicaragua og Costa Rica. Hersveitir sandinista hafa elt skæruliða inn í þessi ríki. Efnahagur Nicaragua heldur áfram að versna og landið verður sífellt háðara erlendri efnahagsaðstoð.“

Svo kemur hér sérstök tilvitnun í skýrslu ráðherrans. „Í Keesing's Records of World Events (nr. 8/1986) kemur fram að Líbýumenn hafa á laun gefið stjórn Sandinista 400 millj. dollara í efnahagsaðstoð og að auki sent þeim ráðgjafa á ýmsum sviðum.“ — Og svei, hæstv. ráðh. Er það ekki? — „Litlar líkur eru á bata í efnahagsmálum á meðan rúmlega helmingur ríkisútgjalda fer til hermála.“

Um sjónarmið íslenskra stjórnvalda segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjónarmið íslenskra stjórnvalda í málefnum Mið-Ameríku hefur verið að þar sem annars staðar beri að leysa deilur á friðsamlegan hátt. Ísland hefur lýst yfir stuðningi við frumkvæði „Contadora-ríkjanna“ (Venesúela, Mexíkó, Kólombíu og Panama). Þessi ríki hafa reynt að koma á viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Nicaragua annars vegar og milli stjórnar Nicaragua og grannríkja þess hins vegar. Eins og mál standa nú virðist pólitískur vilji ekki fyrir hendi til að gera alvöru úr tillögunum. Veldur þar mestu djúpstæður ágreiningur stjórnar sandinista annars vegar og stjórna annarra Mið-Ameríkuríkja hins vegar.“

Þetta er afstaða hæstv. ráðh. Þetta er afstaðan gagnvart þeirri íhlutun sem átt hefur sér stað og ekki fer leynt í málefni þessa smáríkis í Mið-Ameríku, þessa tiltölulega fámenna ríkis í Mið-Ameríku sem reynt hefur að brjótast undan fátæktaroki bandarísku auðhringanna sem ráðið hafa lögum og lofum á þessu svæði og ekkert munað um að steypa ríkisstjórnum, hvernig svo sem þær eru komnar til valda, þegar þeim hefur þótt það nauðsynlegt vegna hagsmuna sinna, Guatemala 1954 eitt af þeim dæmum sem eru orðin býsna mörg síðan. Afstaða engin.

„Kaþólsku kirkjunni í landinu hefur verið gert erfitt um vik“, segir hæstv. ráðh. Hvað segir kaþólska kirkjan í Nicaragua? Hvað segir kirkjan um Nicaragua sem hæstv. ráðh. er að draga hér inn í málið til varnar afstöðuleysi sínu og undirlægjuhætti við bandarísk sjónarmið sem koma fram í þessari skýrslu í sambandi við Nicaragua? Já, það er ástæða til þess því að fyrir þinginu liggur tillaga um að Alþingi lýsi stuðningi sínum við yfirlýsingu Alkirkjuráðsins við málefni Nicaragua. En hæstv. ráðh. og stuðningsmenn hans á Alþingi og í utanrmn. hafa ekki enn viljað taka undir þessa tillögu Alkirkjuráðsins. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að styðja yfirlýsingu Alkirkjuráðsins í sept. 1986 um Nicaragua og felur ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagslega og hernaðarlega íhlutun gegn Nicaragua.“

Þetta er tillagan sem liggur í utanrmn. síðan í haust, samþykkt sem gerð var á fundi Alkirkjuráðsins í ágúst s.l. að mig minnir, alla vega var fundur haldinn hér á landi. Og það er ekkert skorið utan af því í samþykktum Alkirkjuráðsins. Það er ekki verið að kvarta undan meðferð á kaþólsku kirkjunni í Nicaragua í þeirri samþykkt. Það er lýst yfir eindreginni og fyrirvaralausri fordæmingu á íhlutun Bandaríkjanna í málefni þessa ríkis. Svo kemur utanrrh. Íslands með skýrslu og reynir að fela undirlægjuháttinn með því að vísa á kaþólsku kirkjuna! Fyrr má nú vera. Hefur þetta hrotið úr penna ráðherrans sjálfs? Hefur hann ekki farið yfir málin? Fylgdist hann ekki með því sem var að gerast hér? Hvaða fádæmi eru þetta? **(Gripið fram í:** Hann er ekki kaþólskur, ráðherrann.) Ja, hann er kaþólskari en sumir. Það vitum við að vísu.

En síðan, herra forseti, vildi ég aðeins víkja að herstöðvunum hérlendis þó ég ætli ekki að gera þeim skil sem verðugt væri. Ég rifja upp þá þróun sem hefur verið í gangi þetta kjörtímabil og Sjálfstfl. er að miklast yfir um hernaðaruppbygginguna hér á landi sem hefur verið meiri en á nokkru öðru sambærilegu tímabili ef frátalin eru fyrstu dvalarár hersins hérlendis og kann þó að vera að í krónutölu hafi hún farið yfir þau mörk, sú mikla hernaðaruppbygging sem hér hefur átt sér stað fyrir forgöngu hæstv. ráðh. í framhaldi af þeim óskum og undirbúningi sem fram fór hjá forverum hans einnig, utanrrh. Framsfl. sem fór með völd í þessum efnum í fyrri ríkisstjórnum og Alþfl.

En hér er sem sagt allt á útopnu í vígbúnaðaruppbyggingu og það er rakið í skýrslu hæstv. ráðh. hvaða fjárfestingu Bandaríkjamenn telja sig eiga hér á landi í hernaðarmannvirkjum og mannvirkjum sem því tengjast. Hún er talin nema, fjárfestingin bein, 300 millj. bandaríkjadala eða 12 500 millj. ísl. kr. og endurnýjunarkostnaður þessara mannvirkja, sem Bandaríkjamenn hafa komið hér upp í krafti herstöðvasamningsins frá 1951, er metinn á 1400 millj. bandaríkjadala eða 56 000 millj. ísl. kr. Og hér er fjárfest í framkvæmdum á bilinu 50–100 millj. bandaríkjadala á ári hverju og ekkert lát á með blessun Framsfl. í ríkisstjórn, enda plægði hann akurinn í fyrri ríkisstjórnum meðan hann hafði húsbóndavaldið í utanrrn. En það var sprett úr spori þegar sú ríkisstjórn hafði misst þingmeirihluta sinn á Alþingi 1982. Það var ekkert beðið boðanna og það var fylgt á eftir af þeim ráðherrum sem við tóku og það undraði engan.

Og hvað stendur til núna? Eru menn eitthvað að

íhuga að pakka saman? Eru menn eitthvað að íhuga það að hægja á? Eru menn að íhuga að það kunni að verða dregið eitthvað úr umsvifunum og uppbyggingunni hér? Ónei, þetta er allt tíundað í skýrslu hæstv. ráðh. Og það eru ekki bara hernaðarmannvirkin. Það er aðstaða fyrir liðið þar sem er nú ekki tjaldað til einnar nætur. 250 íbúðir skulu byggðar á næstu árum til að bæta hina félagslegu aðstöðu á Miðnesheiði og félagsheimili upp á 400 fermetra til viðbótar til að stíga þar dansinn um gullkálfinn, þann dans sem hefur dunað suður á heiði síðan 1951, að skúmaskotaliðið hér á Alþingi samþykkti utan þings herstöðvasamninginn við Bandaríkin sólarhring áður en herinn kom til landsins í skjóli leyndar, blekkinga og leynimakks sem síðan hefur varðað alla þá götu sem við höfum verið njörvuð hér í hernaðarbandalag og þurft að búa við vaxandi hersetu og vaxandi vígbúnað í landi okkar.

Nú boðar hæstv. ráðh. að við eigum að fara að gerast aðilar að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. A.m.k. liggur fyrir úttekt, sem eru nú fá orð um í skýrslu hæstv. ráðh. og við höfum lítið af frétt, um að Íslendingar kunni að gerast aðilar að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Ætli það sé ekki til að geta þegið meira af dollurum til að koma hér upp varaflugvelli fyrir Atlantshafsbandalagið? Gæti það ekki hugsast, til þess að það fari ekkert á milli mála, að við getum gengið í sjóði þar til að auka hér umsvifin fyrir nýjar herstöðvar í landinu?

Herra forseti. Það hafa verið dregnir fram nýverið í einu vikublaði sem er gefið út í Reykjavík ýmsir þættir í sambandi við undirbúning samningsins sem gerður var 1951 í skjóli leyndar, varnarsamningsins svokallaða, en það hafa verið að koma fram opinberlega vestur í Bandaríkjunum skýrslur og gögn um hvernig að þessu máli var staðið af hálfu bandarískra stjórnvalda og af hálfu íslenskra stjórnvalda á þeim tíma. Ég er með fyrir framan mig tvær greinar sem birtust í Helgarpóstinum 5. febr. og 12. febr. s.l. í sambandi við viðræðurnar og aðdraganda þessa samnings, byggðar á gögnum sem hafa verið að koma fram sem opinber gögn vestur í Bandaríkjunum. Það er vissulega fróðleg lesning sem þar liggur fyrir. En það hefur verið undarlega hljótt um það hér, fyrir utan þessar greinar í þessu vikublaði, hvað aðhafst var í skjóli leyndar, leynimakks og blekkinga af íslenskum stjórnvöldum misserin áður en Bandaríkjaher steig hér á land í maí 1951. Það er raun til þess að vita að íslenskir stjórnmálamenn eins og Bjarni heitinn Benediktsson skuli þurfa að búa við það að sagan sé opinberuð vestur í Washington, en íslenskir aðilar eigi þess engan kost enn sem komið er að sjá gjörðir hans og ákvarðanir og undirbúning, aðdraganda þessa dæmalausa samnings sem skúmaskotaliðið á Alþingi á þeim tíma treystist ekki til að kalla löggjafarsamkunduna saman til að leggja blessun yfir fyrr en eftir á.

Það kemur einmitt fram í þessum gögnum, sem eru orðin opinber fyrir vestan, hvers vegna menn þorðu ekki að kalla Alþingi saman. Það var ekki nein tilviljun. Það var ótti manna við þing og þjóð sem réð þeim ákvörðunum sem teknar voru utan veggja Alþingis. Ég skora á fjölmiðlana í landinu, ríkisfjölmiðlana þar á meðal, að fara ofan í þessi mál nú, þegar þau liggja fyrir vestur í Ameríku eins og þau eru tilreidd þar í bandarískum frumgögnum og endursögn Lawsons sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi á þessum tíma, því að ég ætla ekki að segja að hans ummæli og fréttaskeyti og sendingar til Dean Achesons á þessum árum séu nákvæmlega það sem kom úr munni Bjarna Benediktssonar þáv. utanrrh. — eða úr penna, því að væntanlega liggja þessi gögn uppi í utanrrn.

Ég skora á utanrrn. að hafa frumkvæði að því fyrr en seinna að birta þessi gögn og leggja þau á borðið og sinna þar með upplýsingaskyldu sinni og framfylgja lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, um ráðstöfun opinberra gagna, þó að þau séu ekki ótvíræð eins og þyrfti að vera, því að ég trúi því ekki að forustumenn Sjálfstfl. í dag, þar á meðal hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen, vilji láta skrifa sögu Bjarna heitins Benediktssonar í gegnum þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi með þeim gloppum og getsökum sem geta sprottið af slíku. Ég treysti hæstv. ráðh. að leggja þessi gögn á borð þm. áður en Alþingi lýkur, að veita alþm. aðgang að gögnunum frá fyrri hluta árs 1951 sem varða samningana, undirbúning að komu bandarískra herliðsins til Íslands. Þar eru á ferðinni atriði sem eru svo alvarleg og snerta stjórnarskrá lýðveldisins að það getur ekki verið stætt á því fyrir íslensk stjórnvöld og embættismenn að sitja með þau niðri í kössum og láta menn vera að ráða í það með getsökum eða í gegnum penna frá bandarískra sendiráðinu á Íslandi á þeim tíma.

Það er látið að því liggja í þessum gögnum að Íslendingar hafi ekki aðeins verið blekktir um forsendurnar og ástæðurnar fyrir komu hersins. Og öll sú sviðsetning sem þar er dregin fram, m.a. koma Eisenhowers hershöfðingja til Íslands, líklega 25. jan. 1951, til að plægja akurinn fyrir það sem síðar gerðist, fáum mánuðum síðar, og mútufé sem borið var á Íslendinga í þessu samhengi, svokallað Marshall-fé, svolítið af þeim aurum sem rennt var inn til Íslendinga eftir vissri pöntun héðan að heiman til þess m.a. að geta sefað ákveðin öfl í verkalýðshreyfingunni því að þeir skulfu og titruðu þarna í aprílmánuði 1951 út af því að verkalýðshreyfingin hafði látið liggja að því að boðað yrði til verkfalla í maímánuði 1951. Það var aldeilis stórkostlega hættulegt því að það gat bara lokað á þessi nauðsynlegu viðbrögð, komu Bandaríkjahers til landsins, ef kommarnir stæðu nú að verkföllum í landinu einmitt ofan í þessar áætlanir um komu hersins. Það gæti verið gott að hafa einhverja aura þannig að ríkisstjórnin hefði efni á því að stuðla að friði á vinnumarkaðnum til þess að rugla ekki allt rímið. (**Samgrh.:** Og létu kommarnir múta sér?) Hæstv. viðskrh. Ja, það var gott að hæstv. viðskrh. gaf sig fram. Hann hlýtur að hafa eitthvað uppi í ráðuneyti.

Nú skora ég á hæstv. viðskrh. að opna kassana. Hvað var ráðið í viðskrn. íslenska einmitt á þessum dögum? Hæstv. ráðh. verður vafalaust ekki lengi að gefa vösku embættisliði sínu fyrirmæli um að pakka upp og draga þannig fram svo að úr því fáist skorið hvort kommarnir létu múta sér eða hverjir létu múta sér á þessum tíma. Ég sé að hæstv. ráðh. er risinn úr sæti svo að hann ætlar að gera alvöru úr þessu strax.

(Gripið fram í: Að ná í kassana?)

Þetta er nú aðeins brot sem ég er að nefna hér. Það væri sannarlega freistandi að lesa þær tilvitnanir sem koma fram orðréttar, að vísu í þýðingu blaðamanns, úr þessum gögnum, en ég spara mér það, hæstv. utanrrh., í trausti þess að ráðherrann reiði fram við Alþingi Íslendinga áður en það lýkur fundum sínum þau gögn sem snerta samninga við Bandaríkjamenn um komu hersins á fyrri hluta árs 1951. Það getur ekki neitt minna verið, hæstv. ráðh., ef það á að hreinsa æru þeirra manna sem sátu í íslenska stjórnarráðinu sem valdamenn á þeim tíma því að það er sannarlega ekki falleg saga sem dregin er upp í þessum bandarísku gögnum sem nú eru orðin opinber.

Óttinn við kommana, já. Hann var að sjálfsögðu víða að finna. Honum var haldið að mönnum á forsíðum Morgunblaðsins og fleiri málgagna þar sem unnið var að þessum verkum sem hafa orðið afdrifaríkari en flest önnur fyrir stöðu lýðveldisins og afstöðuna til utanríkismála sem opinberast okkur með þeim hætti sem gerst hefur hvað ömurlegastur í tíð núv. hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar þó að hann reyni stöku sinnum að skjótast hér upp í stólinn og andæfa gerðum utanrrh. síns.

Herra forseti. Ég ætla að stytta mál mitt og eins og ég segi: Ef tími er til og ástæða er til er full ástæða til að draga það fram sem liggur fyrir, draga það inn í umræður á Alþingi með skýrari hætti, en ég spara mér það í trausti þess að ráðherrann bæti um betur og leggi gögnin á borð þm.

Það væri sannarlega ástæða til að víkja að mörgum fleiri þáttum sem tengjast skýrslu hæstv. utanrrh. Ég veit að fleiri talsmenn míns flokks munu tala hér í umræðunni um þýðingarmikil efni. Ég vil aðeins undir lok míns máls víkja að einum þætti sem er því miður ekki þannig að Íslendingar geti glaðst eða verið stoltir af heldur miklu frekar hljóti að horfa undan þegar þeir líta niðurstöðurnar á kjörtímabilinu sem er að ljúka í sambandi við þróunaraðstoð og þróunarsamvinnu. Tölurnar sem þar blasa við og liggja fyrir á þskj. 216 í svari hæstv. utanrrh. við fsp. Steingríms J. Sigfússonar um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs eru satt að segja með þeim hætti að ég skil það vel að hæstv. ráðh. horfi í gaupnir sér. Þar lesum við að framlag, sem hafði þokast upp í það þegar skást var að vera 0,15% á árinu 1983, er fallið niður í 0,062% af þjóðartekjum á árinu 1986 og mun vera komið enn neðar miðað við þær samþykktir sem ríkisstjórnin stóð að í þessum efnum við fjárlagagerð þannig að við erum komin niður í botninn sem var í þessum efnum í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar 1977 þegar framlagið var 0,051% skv. þessu þskj.

Þetta gerist þrátt fyrir að Alþingi samþykki samhljóða einum rómi að tillögu utanrmn. að Ísland manni sig upp, taki loksins á í þessum efnum og sjái til þess að framlag okkar til þróunaraðstoðar nái því marki sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett aðildarríkjum sínum og önnur Norðurlönd hafa þegar farið yfir, að Finnlandi undanskildu og hefur það þó stórbætt sinn hlut á undanförnum árum. En eftir að þessi samþykkt er gerð tekur málið þveröfuga stefnu. Þá fara bara tölurnar allar að hreyfast niður á við eins og hér hafi ekki gerst nokkur skapaður hlutur eða Alþingi hafi ályktað í þveröfuga átt. Hvernig í ósköpunum má þetta verða? Hvernig geta íslensk stjórnvöld sýnt Alþingi þá lítilsvirðingu sem endurspeglast í þeim ákvörðunum og þeim tölum sem liggja fyrir um þetta efni?

Við gerðum aðra samþykkt þetta sama vor. Það var í sambandi við leiðréttingu á mismunun gagnvart konum, alþjóðasamning, og það hefur farið með ósköp svipuðum hætti um efndirnar á þeim samningi, þær aðgerðir sem hér þyrfti helst að gera til að leiðrétta þá mismunun hér innanlands. Aðgerðirnar hafa verið í þveröfuga átt. Framlögin af hálfu hins opinbera til að leiðrétta þá mismunun hafa gengið í þveröfuga átt.

Íslenska ríkisstjórnin virðist hafa einsett sér að ganga þvert á vilja Alþingis í þessum málum þrátt fyrir að menn í utanrmn. hafi bundist saman um að flytja málið inn á vettvang þingsins. Hvaða skýringar á hæstv. utanrrh. við þessum ósköpum? Hvernig getur hann í raun vikið að þessu máli hér án þess að taka á því og gefa Alþingi skýringar á því? Það þýðir ekkert að vísa á Alþingi. Það er ríkisstjórnin sem er leiðandi í sambandi við fjárlagagerð og meiri hluti hennar hér á Alþingi sem ræður og sem fellt hefur tillögur um aukin framlög til þróunaraðstoðar, til barnaheimila og í öðrum þáttum félagsmála sem tengjast þeim atriðum sem ég vék hér að.

Það er ekki svo, herra forseti, að það sé öllu þannig farið í sambandi við meðferð utanríkismála á Íslandi að menn þurfi að hafa uppi reiðilestur, en það eru því miður svo mörg atriði að ég hlaut að víkja fyrst og fremst að þeim málum sem skera í auga, sem maður er ósáttur við og hefur verið ósáttur við lengi, en lætur hin málin liggja sem samstaða er um á Alþingi og viss atriði þar sem hæstv. utanrrh. hefur þokað málum fram með eðlilegum hætti og af réttsýni og ber að sjálfsögðu að þakka fyrir það.

Það ber einnig að þakka það mikla starf sem unnið er af íslensku utanríkisþjónustunni, bæði í sambandi við öll samskiptin við erlend ríki og einnig á sviði viðskiptamála, þar sem ýmislegt hefur færst til jákvæðrar áttar undanfarin ár, en margt þyrfti auðvitað betur að gera. Ég tel að miðað við þann aðbúnað sem er að íslensku utanríkisþjónustunni hafi þeir sem þar eru settir til verka í rauninni unnið afbragðsgott starf á mörgum sviðum og það þyrfti að

meta jafnhliða því sem við styrkjum okkar starfsemi á sviði utanríkisþjónustunnar til góðra verka, en þar er það stjórnvalda að varða veginn í þeim efnum og þar skortir nokkuð á réttsýni að menn taki á málum með þeim hætti að samstaða geti tekist um það hér á Alþingi. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðh. víki að í sínu máli nokkrum þeim atriðum sem ég hef vakið máls á. Ég hef ekki séð ástæðu til að bera fram við hann sérstakar beinar fsp. í þessum málum. Það væri af óteljandi þáttum að taka. Við höfum tekið á einstökum atriðum í umræðum fyrr á þinginu. Ég læt *í bili máli mínu lokið.*

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir þessa skýrslu, sem er í sumum greinum ítarleg, og ég tel einboðið að taka nokkurn tíma til að ræða hana. *Utanríkismál eru einn mikilvægasti málaflokkur sem* við fjöllum um hér á Alþingi og þess vegna er þeim tíma vel varið sem við notum til að velta þeim fyrir okkur.

Mig langar til að byrja á að vitna til stefnuyfirlýsingar núv. ríkisstjórnar um utanríkismál og hljóðaði utanríkismálakaflinn svo, með leyfi forseta:

„*Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að* treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m.a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, réttindum og friði. Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar og réttindi landsins á hafsbotninum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila.“

Eins og menn heyra er hér fyrst talið og megináhersla lögð á norrænt samstarf, en það er ekki meginatriðið í þessari skýrslu og að því vil ég finna. Að vísu ber þess að geta að Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur lagt fram ítarlega skýrslu um norrænt samstarf á þskj. 801. Þarna eru rakin að nokkru störf Norðurlandaráðs síðan í fyrravor, sagt frá tveimur þingum ráðsins og drepið á nokkur helstu mál sem verið hafa til umfjöllunar. Nokkrar tillögur fluttar að frumkvæði okkar Íslendinga fengust samþykktar á síðasta Norðurlandaráðsþingi. T.d. voru samþykktar tvær tillögur sem ég var 1. flm. að. Önnur var samstarfsáætlun gegn krabbameini, hin var um samstarfsáætlun gegn mengun hafsins. Þá var samþykkt tillaga Guðrúnar Helgadóttur um norrænt samstarf um rannsóknarverkefni varðandi jarðskjálfta á Íslandi.

Á síðasta ári urðu miklar umræður um samskipti Norðurlandaráðs við umheiminn. Ég tel mikilvægt að Norðurlandaráð láti rödd sína heyrast á alþjóðavettvangi. S.l. haust var haldin stórmerk þingmannaráðstefna í Stokkhólmi um loftmengun sem berst milli landa. Þessi ráðstefna komst að samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu með atkvæðum allra viðstaddra þingmanna og þetta voru þingmannanefndir bæði frá Rússlandi, Bretlandi, Frakklandi, báðum þýsku ríkjunum, Hollandi, Belgíu, Póllandi, Tékkóslóvakíu, Austurríki, Sviss svo og Norðurlöndunum. Þetta gagnlega framtak sannar mér að Norðurlandaráð getur náð miklum árangri einnig utan Norðurlanda og við eigum að halda áfram á þessari braut. Ég tel eðlilegt að í framtíðinni leggi samstarfsráðherra fram skýrslu um norrænt samstarf og þá gætum við haft umræðu hér á þingi sem takmarkaðist sérstaklega við hið norræna samstarf. En úr því að svo var ekki hefði ég talið eðlilegt að verja meira rúmi í þessari skýrslu utanrrh. í norrænt samstarf.

Skýrsla Íslandsdeildarinnar er skýrsla um þingmannasamstarfið, en ég tel að það hljóti að vera eitthvað að frétta af samstarfi ríkisstjórnanna.

Ræða hæstv. utanrrh. núna fjallaði nær eingöngu um hermál og meginviðfangsefni skýrslu utanrrh. *fjallar um samskipti við herinn.* Á hæstv. utanrrh. er að heyra að þau samskipti hafi verið harla góð. Hermang er með meiri blóma en oftast áður. Íslenskir starfsmenn setuliðsins eru *1100.* Flugsveit varnarliðsins er einvörðungu búin F-15 orustuþotum og hefur að sögn ráðherrans geta varnarliðsins til að sinna loftvarnahlutverki sínu aukist verulega. Þá *greiddi herinn á árinu* 1986 4118 millj. kr. til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga. Þá styttist í að ratsjárstöðvar á Langanesi og Stigahlíðarfjalli verði teknar í notkun. Hafnargerð í Helguvík er í fullum gangi og framkvæmdir sem byrjað er á árið 1987 á vegum setuliðsins eiga að nema 60 millj. dollara. Það er von að hæstv. ráðh. geti verið stoltur.

Ég hef undrast mjög hve mér finnst hæstv. utanrrh. vera orðinn herskár. Meðan hann var viðskrh. var hann allra manna friðsamastur. En nú talar hann og skrifar eins og hinn versti haukur. Hæstv. utanrrh. leyfir sér meira að segja að snúa út úr ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 og það hefur hann gert hvað eftir annað hér á Alþingi. Ályktun Alþingis hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns sem nú rennur til herbúnaðar verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins. Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr

birgðum kjarnorkuvopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun. Leita verður allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanrmn. að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd í samráði við utanrrh. að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum."

Þannig hljóðaði, herra forseti, ályktun Alþingis.

Á bls. 15 í skýrslunni fer hæstv. utanrrh. hins vegar að vitna í ræðu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð flutti á Alþingi og segir þar, með leyfi forseta:

„Í ræðu sinni sagði Eyjólfur Konráð m.a. að sá „landfræðilegi skilningur væri réttur, að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjarnar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna, og allt frá Grænlandi til Úralfjalla". Það kom einnig fram í máli Eyjólfs Konráðs, þegar hann flutti skýringar utanrmn. við till., að það svæði, sem um væri að ræða, næði til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja."

Og svo segir hér áfram: „Af framansögðu er ljóst að ályktun Alþingis tekur til mun víðtækara svæðis og samninga heldur en þær hugmyndir um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum sem aðrir hafa rætt á vettvangi Norðurlandaráðs."

Við þetta er margt að athuga. Í fyrsta lagi: Umræður um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum fara ekki fram á vettvangi Norðurlandaráðs. Þetta ætti utanrrh. þjóðarinnar að vita. Umræður um kjarnorkuvopnalaus svæði fara alls ekki fram á vettvangi Norðurlandaráðs. Þær fara fram á vegum stjórnmálaflokka á Norðurlöndum og í engum tengslum við Norðurlandaráð.

Ég vil þar að auki fullyrða að orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar hafa ekki lagagildi. Hv. þm. er vænn maður, en orð hans eru ekki lög. Ég hef eins og aðrir oft heyrt þennan ágæta þm. segja ýmislegt viturlegt, en líka ýmsa vitleysu, bæði í þessum ræðustól og öðrum, og það er fjarri því að ég viðurkenni að orð hans hafi lagagildi. Hvorki Napóleon mikli né Hitler komust einu sinni til Moskvu. Svo lætur Eyjólfur Konráð eins og hann muni komast til Úralfjalla og þetta setur hæstv. utanrrh. í skýrslu sína án þess að honum stökkvi bros.

Ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 er alveg skýr. Ég var tillögumaður að meginefni ályktunarinnar og veit vel hvað í henni stendur og það þreytir mig þegar hæstv. utanrrh. er að snúa út úr þessari ályktun.

Þá kemst ég ekki hjá því að benda á að ákvörðunin um hvernig Ísland greiddi atkvæði um frystingartillögu Sviþjóðar og Mexíkó og fleiri ríkja var ekki tekin í samráði við framsóknarmenn né að neinu leyti á ábyrgð þeirra. Ég tel að Íslandi hefði verið sómi að því að standa með öðrum Norðurlöndum. Ég nota þetta tækifæri til að skýra þingheimi frá því hver er stefna framsóknarmanna í utanríkis- og öryggismálum og les samþykkt síðasta flokksþings framsóknarmanna. Þessi ályktun markar Framsfl. stefnu til næstu ára og les ég nú, með leyfi forseta:

„Flokksþingið ítrekar þá grundvallarstefnu Framsfl. í utanríkismálum að treysta stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði landsins með virkri þátttöku í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og norrænu samstarfi, stuðla að vinsamlegum samskiptum þjóða og auðvelda þannig samninga um afvopnun og varðveislu friðar. Flokkurinn leggur áherslu á sjálfstæða utanríkisstefnu þar sem ofangreind markmið eru lögð til grundvallar. Vegna legu landsins, menningar og sögu er Íslendingum nauðsynlegt að gæta þess að hafa sem best tengsl við þjóðir í austri og vestri. Flokkurinn vekur sérstaka athygli á þeim breytingum sem eru að gerast í Evrópu og að Íslendingum er nauðsyn að fylgjast náið með þeirri þróun. Innganga í Efnahagsbandalag Evrópu kemur þó ekki til greina. Viðskiptahagsmuni þjóðarinnar ber að tryggja með víðtækum samningum.

Framsfl. er fylgjandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og leggur áherslu á þá meginstefnu að hér verði ekki erlendur her á friðartímum. Hvað varðar framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkin telur flokkurinn á það skorta" — og nú bið ég hæstv. utanrrh. að taka eftir — „Hvað varðar framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkin telur flokkurinn á það skorta að haldið hafi verið á málum af nægjanlegri festu og í samræmi við öryggishagsmuni Íslands. Flokkurinn leggur áherslu á að starfsemi að hernaðarframkvæmdum á vegum varnarliðsins eða Atlantshafsbandalagsins verði að engu leyti aukin frá því sem leyft hefur verið, hvort sem um er að ræða ratsjárstöðvar, birgðageymslur eða flugvelli.

Íslendingum ber að fylgjast náið með þróun öryggis- og varnarmála á öllu Norður-Atlantshafi þannig að út frá hagsmunum Íslendinga sjálfra sé ætíð hægt að leggja mat á stöðu mála og framtíðarhorfur og móta öryggisstefnu landsins í samræmi við

það. Flokksþingið telur eðlilegt að staða og starfssvið varnarmáladeildar verði endurskoðað. Framsfl. leggur áherslu á að Ísland vinni eftir megni, m.a. í samvinnu við hin Norðurlöndin, gegn ofsóknum stjórnvalda á hendur þegnum sínum hvar sem slíkt viðgengst og sömuleiðis gegn kynþáttamisrétti.

Flokksþingið leggur áherslu á að Ísland beiti sér fyrir samstarfi þjóða við Norður-Atlantshaf í sameiginlegum hagsmunamálum er varða nýtingu auðlinda hafsins og verndun fiskistofna og hafsvæða fyrir ofveiði og mengun, þar á meðal hugsanlegri mengun vegna kjarnorkuslysa á láði og legi.

Framsfl. fagnar því að Ísland varð vettvangur opnunarviðræðna stórveldanna. Með þeim hætti fékk þjóðin tækifæri til þess að leggja sitt lóð á vogarskálina til varðveislu friðar. Þegar þjóðir heims verja æ hærri fjárhæðum til vígbúnaðar og stórveldi heimsins framleiða sífellt stórvirkari gereyðingarvopn er það orðið eitt brýnasta verkefni mannkyns að bindast samtökum um útrýmingu kjarnorkuvopna. Ber að harma ef geimvarnaáætlun Bandaríkjanna leggur stein í götu þess markmiðs, enda óverjandi að himingeimurinn sé notaður í hernaðarskyni.

Íslendingum er skylt að taka þátt í þeirri viðleitni að eyða kjarnavopnum hvar sem því verður við komið á alþjóðavettvangi."

Herra forseti. Þannig hljóðaði utanríkismálaályktun Framsfl. og þessi er stefna Framsfl. **(SvG:** Hvenær var hún samþykkt, þessi stefna?) Þetta var samþykkt á síðasta flokksþingi sem haldið var í nóvember s.l. og ætti hæstv. utanrrh. að vera hún kunnug og hefði betur starfað í samræmi við það.

Ég vil fara nokkrum orðum um samstarf þingmanna á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Það hefur á liðnu ári þróast og fengið mótaðra form. Á fundi á Selfossi s.l. haust urðu mjög gagnlegar umræður í þingmannaráðinu og samþykktar voru nokkrar merkar ályktanir þar sem tilmælum var beint til stjórna landanna. Ályktanir þessar fjölluðu um menntun fiskimanna, íþróttasamstarf, upplýsingaherferð í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, um nauðsyn þess fyrir Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga að fá að nýta auðlindir hafsins. Þá var ályktað um sjónvarpssamvinnu, kjarnorkuvopnalaus svæði og síðast en ekki síst voru samþykkt mjög kröftug mótmæli gegn byggingu kjarnorkuversins í Dounreay í Skotlandi.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið í þeirri von að yfir næstu utanríkismálaskýrslu verði þjóðleg reisn.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. skýrslu hans og tel að það sé mikils virði að fram fari skynsamlegar umræður um utanríkismál hér á Alþingi, helst æsingalaust því að utanríkismál eru þess eðlis að mikið liggur við að ná sem víðtækastri samstöðu meðal þjóðarinnar um hvernig þau skuli rekin.

Í því sem ég mun segja hér mun ég einkum fjalla um fáeina málaþætti og þá sérstaklega þær umræður sem hafa verið í gangi um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og um öryggis- og afvopnunarmál, víkja fáeinum orðum að samskiptum okkar við fátækari hluta heimsins og einnig víkja eilítið að viðskiptahagsmunum okkar, utanríkisviðskiptum. Aðrir þm. Alþfl. munu gera öðrum málaflokkum skil og ég vænti þess að menn virði það að við skiptum með okkur verkum með þessum hætti og auðvitað verður eitthvað út undan, enda sýnist mér að tími þm. til að hlýða á umræður eða taka þátt í umræðum sé harla takmarkaður.

En áður en ég vík að þeim efnisatriðum sem ég ætla sérstaklega að reifa vil ég minna á fáein grundvallaratriði sem við Alþýðuflokksmenn leggjum sérstaka áherslu á.

Við teljum að friður, frelsi og mannréttindi eigi að vera undirstöður utanríkismálastefnu Íslendinga. Við Íslendingar höfum notið alls þessa þrenns í ríkara mæli en aðrar þjóðir og í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur verðum við að hafa í huga að treysta þessi þrjú grundvallaratriði, en með engu móti að draga úr mikilvægi þeirra.

Við teljum að íslenskir öryggishagsmunir séu best tryggðir í samstarfi lýðræðisþjóðanna í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin eins og verið hefur. Við teljum í annan stað að bræðralag Norðurlandaþjóðanna í norrænu samstarfi eigi að treysta og að þetta samstarf hafi verið og sé Íslendingum ómetanlegt og langtum meira virði en menn gera sér almennt grein fyrir og þess vegna verði að stuðla að því að það fái dafnað.

Í þriðja lagi leggjum við áherslu á samstarf og samvinnu allra þjóða heims í Sameinuðu þjóðunum og teljum að starfið þar sé vísasti vegurinn til að draga úr tortryggni og leysa deilumál í veröldinni. Þess vegna er það okkar skoðun að Íslendingar eigi að leggja sérstaka rækt við starf sitt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þessi eru þau grundvallaratriði, herra forseti, sem ég vildi fyrst koma að.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim umræðum sem hafa verið í gangi um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði og hafa staðið um nokkra hríð. Ég tel að það sé nauðsynlegt að allir átti sig á öllum hliðum þess máls og að málið sé skoðað í réttu samhengi. Á sama hátt er nauðsynlegt að afstaða Íslands til málsins komi skýrt fram, en ég held að óhætt sé að segja að á það hafi nokkuð skort.

Það verður þá fyrst fyrir að það verður að gera verulegan greinarmun á því að lönd eða svæði séu kjarnorkuvopnalaus eða að þau séu yfirlýst kjarnorkuvopnalaus. Þetta er tvennt aðgreinanlegt og við verðum að gera greinarmun þar á.

Við hér á Íslandi erum án kjarnavopna og það er staðfest að þau verði ekki flutt á íslenskt landsvæði án samþykkis okkar. Þetta vita allir sem vilja vita, þar á meðal stórveldin. Það er líka yfirlýst að við höfum ekki í hyggju að breyta afstöðu okkar í

þessum efnum. Ætlun okkar og vilji er að við verðum áfram kjarnorkuvopnalaust land og til þess að það breytist þarf sérstaka ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Þetta er það ástand sem við höfum búið við. Þetta er það ástand sem menn þekkja.

Hugmyndin um að lýsa Norðurlönd sérstaklega kjarnorkuvopnalaust svæði er hins vegar af öðrum toga. Hún tengist hugmyndum um kjarnorkuvopnalaust belti um Evrópu þvera allt frá Miðjarðarhafi til nyrstu odda álfunnar. Báðar hugmyndirnar, þ.e. þær sem varða Norðurlöndin ein og þær sem varða beltið um Evrópu þvera, eru reistar á þeirri grundvallarforsendu að takast megi samkomulag um afvopnun í Evrópu og slökun á spennu og slökun á kapphlaupi milli NATO-landanna annars vegar og Varsjárbandalagslandanna hins vegar. Það er þessi ósk og þessi von um slökun sem er forsendan undir kjarnorkuvopnalausu belti í Evrópu eða kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Án þessarar forsendu stenst svæðishugmyndin ekki.

Í öllum yfirlýsingum ábyrgra norrænna stjórnmálaafla, þar á meðal norrænna jafnaðarmanna, kemur þetta samhengi og þessi forsenda skýrt fram. Þar kemur líka skýrt fram að svæði af þessu tagi verði að ná yfir stærra landsvæði en Norðurlöndin ein. Við Íslendingar höfum látið í ljós þá skoðun að svæðið ætti að ná frá Grænlandsströndum til Úralfjalla. Í ályktun Alþingis um afvopnunarmál kemur líka fram að við skoðum slíkt svæði í samhengi við almenna kjarnavopnaafvopnun.

Auðvitað viljum við halda Íslandi áfram kjarnavopnalausu og ætlum okkur það. Auðvitað höfum við áhuga á að Ísland verði lýst kjarnavopnalaust svæði ef það eykur öryggi okkar, en einungis ef það eykur öryggi okkar. Slík yfirlýsing, ef af yrði, má einungis vera í fullvissunni um aukið öryggi. Þess vegna getur hún ekki staðið ein eða verið einhliða. Henni þarf að fylgja margt fleira. Þeir sem tala hér á Alþingi eða á Íslandi fyrir einhliða yfirlýsingu af Íslands hálfu eða Norðurlandanna horfa fram hjá þessari staðreynd, enda eru það í mörgum tilvikum sömu aðilar og hafa viljað vestrænt varnarsamstarf feigt og hafa ekki fengist til að viðurkenna kosti þess og öryggið sem því fylgir.

Fram hjá því verður ekki litið að við höfum verið og erum þátttakendur í varnarsamstarfi vestrænna lýðræðisþjóða. Fram hjá því verður heldur ekki litið að þau ár sem þetta samstarf hefur ríkt höfum við notið friðar. Sá friður hefur byggst á jafnvægi milli austurs og vesturs. Hluti af því jafnvægi hefur verið talinn til gagnkvæmrar fælingar hvort sem okkur líkar betur eða verr. Sérhver aðgerð sem hefur í för með sér röskun þessa jafnvægis eykur á ófriðarhættu. Þess vegna eru gagnkvæmni í afvopnun og jafnvægi lykilatriði sem hafa verður að leiðarljósi.

Einhliða yfirlýsing varðandi svæði sem er hluti af varnarsvæði lýðræðisþjóðanna þýddi breytingu á jafnvæginu, röskun á jafnvæginu. Og til að jafnvægi héldist þarf þá greinilega gagnkvæmni af hálfu Varsjárbandalagsins og Sovétríkjanna. Þess vegna kemur einhliða yfirlýsing ekki til greina. Hún væri til hins verra.

Í annan stað eru þrjú Norðurlandanna, þar á meðal við, hluti af varnarkeðju NATO. Yfirlýsing varðandi þessi lönd krefst vitaskuld endurmats á heildarvörnum bandalagsríkjanna. Þess vegna verður engin yfirlýsing gefin án slíks endurmats sem fram færi að sjálfsögðu meðal bandalagsríkjanna og af þeirra hálfu.

Þó ekki væru nema þessar tvær ástæður, sem ég hef hér rakið, nægja þær til að sanna að einhliða yfirlýsing kemur ekki til greina því að hún mundi skaða öryggi okkar en ekki auka það eins og hlyti þó að eiga að vera grundvallarforsenda þess að gefa yfirlýsingu af þessu tagi.

Hugsanlegar ábyrgðir stórveldanna á því að virða yfirlýsingu af þessu tagi verður á hinn bóginn að skoða í ljósi þess hversu áreiðanlegar þær séu. Sá áreiðanleiki er kominn undir því að um raunverulegan vilja beggja stórveldanna sé að ræða og að traust en ekki tortryggni ríki á milli þeirra. Tortryggi annar aðilinn hinn aðilann mun yfirlýsingin ekki gagnast í reynd. Þess vegna er forsendan sú að víðtækt samkomulag náist milli stórveldanna um slökun spennu og afvopnun þar sem eftirlit sé með þeim hætti að ekki bara við heldur ekki síður stórveldin geti treyst því.

Ég hef hér, herra forseti, rakið nokkrar forsendur þessa máls. Þótt umræða hafi verið í gangi hefur þessum forsendum að mínum dómi ekki verið haldið nægjanlega til haga og mál til komið að það sé gert. Að því er svæðið sjálft varðar er á hinn bóginn augljóst að Ísland hefur sérstakra öryggishagsmuna að gæta vegna Norður-Atlantshafsins. Íslandi ber því að halda því til haga að svæðið sjálft megi ekki taka einungis til landsvæða heldur líka til hafsins og umræðan eigi að fara fram á þeim grundvelli.

Umræða um þessi mál á Norðurlöndunum snertir okkur Íslendinga vissulega. Þess vegna er það skoðun mín að okkur beri að taka þátt í henni og þá ekki síst til að halda fram okkar sjónarmiðum.

Hér er á ferðinni hápólitískt mál. Afvopnunarmál og slökun spennu eru og eiga að vera pólitísk mál. Fáir ítrekuðu það reyndar oftar en Olof heitinn Palme, fyrrum forsætisráðherra Svíþjóðar, sem lagði jafnan á það áherslu að þessi mál, afvopnunarmálin, ættu að vera í höndum stjórnmálamanna en ekki hershöfðingja eða sérfræðinga.

Út frá því sjónarhorni, sem er sama sjónarhorn og Olof Palme hefur haft og sem ég hef talið rétt, hef ég ekki talið að fela ætti þessi mál neinum öðrum en þeim sem bera pólitíska ábyrgð. Stofnun embættismannanefndar, sem til umræðu hefur verið, án skilgreinds hlutverks eða án pólitískrar yfirstjórnar er frávik frá þessu grundvallarsjónarmiði, frávik sem ég tel varasamt og vísa þar aftur til ummæla Olofs Palme. Á hinn bóginn er fagleg rannsókn á þessu máli undir pólitískri leiðsögn, fagleg rannsókn á forsendunum fyrir og afleiðingunum af framkvæmd kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norður-

löndum og þeim skilyrðum sem hvert ríkjanna telur að fullnægja þurfi, til þess fallin að varpa ljósi á hugmyndina.

Það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að Ísland ætti að beita sér fyrir því að frekari umfjöllun um málið félli í þennan farveg. Þá hefðu þær Norðurlandaþjóðir sem aðilar eru að varnarsamstarfi lýðræðisþjóðanna samráð við bandalagsþjóðir sínar og gerðu bræðraþjóðum sínum á Norðurlöndum grein fyrir þeim viðhorfum sem þar kæmu fram.

Þetta, herra forseti, taldi ég nauðsynlegt að fram kæmi í umræðunni um utanríkismál nú og þá sérstaklega varðandi þá umræðu sem hefur verið í gangi um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Svo margt hefur verið missagt í þeim efnum að ég taldi nauðsynlegt að láta þetta koma skýrt fram.

Hitt er annað mál að nú eru í burðarliðnum stóratburðir. Nú eru í burðarliðnum af hálfu stórveldanna hugmyndir um útrýmingu eða mikinn samdrátt í meðaldrægum og jafnvel skammdrægum kjarnaeldflaugum. Hér er verið að taka upp þráðinn að nýju frá því á Reykjavíkurfundinum. Þetta vekur vitaskuld vonir og allir hljóta að óska þess að hér sé á ferðinni fyrirboði nýrra tíma. Náist árangur á þessu sviði, sem stórveldin hafa nú tekið undir að rætt skuli sérstaklega, skapast vitaskuld við það algjörlega nýjar forsendur sem munu hafa víðtæk áhrif og verður nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að meta sérstaklega. Við skulum vona að í þessum hugmyndum eygjum við stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins því að sannleikurinn er vitaskuld sá að vígbúnaðarkapphlaupið, eins og það hefur verið rekið, eykur stríðshættu en dregur ekki úr henni. Og það sem meira er, enginn vinnur þetta kapphlaup sem er knúið áfram af tortryggni og ótta.

Vitaskuld þarf að eyða þeirri tortryggni og þeim ótta. Smáþjóð eins og við Íslendingar á þar vissulega hlutverki að gegna. Smáþjóð eins og við ógnar engum. Smáþjóð, sem er vopnlaus eða vopnlítil, er ekki ógnun við neinn. Hún á því að geta haft sérstöku hlutverki að gegna. Það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að smáþjóðir ættu að taka saman höndum um það verkefni að hjálpa til við að eyða tortryggni stórveldanna í milli.

Við vitum það öll að kjarnavopnin eru svo ógnvænleg að þau má aldrei nota. Til þess eru afleiðingarnar of hryllilegar. Það verkefni sem menn standa frammi fyrir í afvopnunarmálum er því í rauninni tvíþætt: Í fyrsta lagi að tryggja að aldrei verði til þessara vopna gripið og að hinu leytinu að vinna að fækkun þeirra, eyðingu og alhliða afvopnun. Þessum markmiðum verður ekki náð nema gagnkvæmni ráði í samdrætti og jafnvægi í vopnamætti. Ekkert skref í þessa átt mun heldur standast nema öruggt eftirlit sé tryggt og þannig frá því gengið að allir uni því og treysti. Einhliða afvopnun eða skyndiaðgerðir gætu aðeins aukið á ófriðarhættu. Því ber að fara varlega og því á að stefna að skipulegri afvopnun á raunhæfum tíma með öflugu eftirliti með framkvæmdinni þannig að gagnkvæmt traust geti ríkt og eflst. Takmarkið er vitaskuld að tryggja samtímis valdajafnvægi og frið við stöðugt minnkandi vopnaburð.

Alþfl. telur að Íslendingar eigi að styðja alla raunhæfa viðleitni til afvopnunar á alþjóðavettvangi og þó einkanlega og sem fyrst algjört bann við sýkla-, gas- og leisivopnum, í annan stað fækkun kjarnorkuvopna stig af stigi, í þriðja lagi viðleitni til þess að koma á gagnkvæmum samningum um stöðvun á frekari tilraunum með kjarnorkuvopn, í fjórða lagi tryggingu gegn því að fleiri þjóðir en nú afli sér kjarnorkuvopna og í fimmta lagi friðun geimsins og bann við vopnabúnaði og tilraunum í honum. Í þessu síðastnefnda felst að ABM-samningurinn frá 1972 verði haldinn og fái að haldast og þá samkvæmt hefðbundnum skilningi. Íslendingar eiga jafnframt að leggja sérstaka áherslu á að stöðva verði vígbúnaðarkapphlaupið í og á hafinu og að ógnarvopn verði ekki enn frekar en nú er orðið flutt af landi og á haf út. Jafnframt ætti það að vera sérstakt hlutverk Íslendinga að beita sér fyrir því að sett verði sams konar ákvæði varðandi hafið til að auka traust eins og ákveðin voru varðandi landsvæði á Stokkhólmsráðstefnunni.

Herra forseti. Þessi eru meginatriðin sem við Alþýðuflokksmenn leggjum áherslu á að því er varðar viðhorfin í afvopnunarmálum.

Ég vil svo víkja fáeinum orðum að bilinu milli ríkra þjóða og snauðra og hlut okkar Íslendinga í því að rétta hinum snauðu þjóðum hjálparhönd. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í stórum hluta heims ríkir argasta fátækt og að bilið milli ríkra þjóða og snauðra fer sífellt vaxandi. Það er sagt að fimmti hver maður á jörðinni búi við hungur og næringarskort. Þetta ástand brýtur vitaskuld gegn allri réttlætisvitund og er í hróplegri andstöðu við viðhorf Íslendinga til frelsis, mannréttis og jafnaðar. En í þessari misskiptingu felst jafnframt hætta á ófriði. Þess vegna leggjum við Alþýðuflokksmenn áherslu á að allri viðleitni til þess að minnka bilið milli ríkra þjóða og snauðra verði veitt lið og að Íslendingar leggi fram sinn réttláta skerf til þróunaraðstoðar bæði í neyðarhjálp og reyndar ekki síður í því að hjálpa þróunarlöndunum til þess að bjargast á eigin spýtur.

Það verður að segjast eins og er að hlutur okkar Íslendinga í þessum efnum hefur verið smánarlega smár. Þann smánarblett þurfum við að má af íslensku þjóðinni. Það er orðið meira en mál að framkvæma þær þáltill. sem samþykktar hafa verið um aukna aðstoð Íslendinga til þróunarhjálpar. Að öðru leyti vitum við vitaskuld að til þess að bæta kjör hinna snauðu þarf mikið fé af hálfu heimsbyggðarinnar allrar. Það fé mætti finna í samdrætti í vígbúnaði.

Herra forseti. Ég vil þá fara fáeinum orðum um utanríkisviðskipti okkar. Það stendur upp úr að ákveðnar þjóðarheildir eru okkur mjög mikilvægar viðskiptalega séð. Evrópubandalagslöndin eru nú

með um 54% af viðskiptaveltu Íslendinga, 54,2% af útflutningi og 52,9% af innflutningi. EFTA-löndin eru með 15% af viðskiptaveltu okkar, þ.e. 10,1% í útflutningi og 20,6% í innflutningi. Þetta er Evrópa. Evrópa er meginviðskiptaaðili okkar og hlutdeild Evrópu í viðskiptum okkar við umheiminn hefur farið vaxandi að undanförnu. Þessir markaðir á vegum Efnahagsbandalagsins og EFTA eru okkur því mjög mikilvægir.

Hins vegar höfum við þurft að upplifa það undanfarið að Evrópubandalagið er tekið að leggja tolla á útflutning okkar til þeirra landa. Fyrst á árinu 1986 var það tekið upp varðandi saltfisk, saltfiskflök og skreið og nú eru uppi sams konar áform varðandi lýsi. Með þessu hefur Evrópubandalagið komið gjörsamlega í bakið á Íslendingum. Okkur var heitið því á sínum tíma að þessir tollar á saltfiski og skreið yrðu ekki á lagðir eða upp teknir. Við höfum fellt niður tolla á innflutningi frá þessum Evrópubandalagslöndum til okkar. Við gerðum það á þeirri forsendu að ekki yrðu lagðir tollar á saltfisk og skreið. Evrópubandalagið hefur þess vegna í raun og sannleika verið að kippa forsendunum undan því samkomulagi sem gert var á sínum tíma. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt mál. Ég hef áður gert það hér að umtalsefni og ég vænti þess að útflutningssamtökin fari að gefa þessu máli meiri gaum en verið hefur og sömuleiðis þau ráðuneyti sem um þessi mál eiga að fjalla. Ég hef áður gert það að tillögu minni að því er þetta sérstaka mál varðar að sérstakar sendinefndir yrðu gerðar út til einstakra aðildarríkja Evrópubandalagsins til þess að tala okkar máli. Ég ítreka þá tillögu enn. Ég tel að svo alvarlegt mál sé á ferðinni að það sé nauðsynlegt að við beitum öllum ráðum til þess að hindra það að Evrópubandalagið haldi inn á þá braut sem það hefur verið að fikra sig inn á, að taka upp tolla á útflutning okkar til þeirra landa, og við verðum að leggja okkur í líma við að hnekkja þeim tollum sem þegar hafa verið upp teknir. Veit ég þó víst að þessir tollar hafa ekki bitnað á okkur í reynd vegna þess að undanþágukvótar hafa verið nýttir að því er saltfiskinn varðar til þess að við slyppum, en það er ótryggt ástand og ákvörðun sem einungis er tekin til eins árs í senn og við það getum við vitaskuld ekki unað í máli sem þessu.

Annað mál er það að það er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að knýja á um að unnar fiskafurðir verði viðurkenndar með sama hætti og iðnaðarvörur þannig að um þær gildi fríverslun eins og um aðrar iðnaðarvörur. Menn getur vafalaust greint á um hvernig eigi að vinna þessu fylgi. Ég hef talið að ein farsælasta leiðin væri sú að vinna þessari hugmynd fyrst fylgi innan EFTA þar sem við erum aðilar og að því hefur reyndar verið unnið af hálfu þingmannanefndar EFTA og reyndar fyrir frumkvæði okkar, íslensku þingmannanna í nefndinni. Ég vænti þess að allir þeir sem nálægt þessum málum koma leggi þessari viðleitni lið því að ef okkur tekst að ná þessu fram innan EFTA er auðveldari eftirleikurinn að mínum dómi að þrýsta á um að hið sama skuli gilda í viðskiptum við Evrópubandalagið.

Ég ítreka það enn og aftur að viðskiptin við Evrópu eru stórmál sem við verðum að gefa mikinn gaum og leggja sérstaka áherslu á að ekki verði reistir tollmúrar sem geta bitnað óþyrmilega á íslensku efnahagslífi, tollmúrar sem eru í fyllsta máta ósanngjarnir. Við verðum á hinn bóginn að leggja okkur fram um að brjóta þá múra niður sem eru fyrir hendi. Því var reyndar heitið, bæði þegar við gengum til þessa samstarfs og í ýmsum yfirlýsingum sem hafa verið gefnar síðar, sbr. Lúxemborgaryfirlýsinguna sem hæstv. utanrrh. vitnaði til hér í sínu máli.

Herra forseti. Ég hef valið að takmarka mál mitt við fáeina málaflokka. Það er vitaskuld margt fleira sem væri ástæða til að ræða. Sumu af því munu aðrir þm. Alþfl. gera grein fyrir og viðhorfunum til þess hér síðar í þessum umræðum en annað verður að liggja á milli hluta í þeirri tímaþröng sem hér er.

Að lokum vil ég aðeins árétta og leggja áherslu á þá hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu sem við Alþýðuflokksmenn teljum að aldrei verði of oft minnt á.

Það er þá í fyrsta lagi hið norræna samstarf. Þetta samstarf hefur verið okkur alveg ómetanlegt og af því hafa Íslendingar haft mjög mikinn hag, langtum meiri hag en flestir gera sér yfirleitt grein fyrir. Þess vegna ber okkur að efla tengsl okkar við Norðurlöndin, efla norrænt samstarf.

Í annan stað er það þátttaka Íslands í varnarsamstarfi lýðræðisþjóðanna og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Þetta fyrirkomulag hefur tryggt okkur frið, við höfum notið friðar og menn skyldu ekki raska því jafnvægi sem ríkt hefur hér um slóðir.

Í þriðja lagi er það þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna. Við það eigum við sem smáþjóð að leggja alveg sérstaka rækt.

Í fjórða lagi er stuðningur Íslendinga við raunhæfa og skynsamlega viðleitni til afvopnunar, sbr. ályktun Alþingis frá 23. maí 1985, og þá ályktun ber að skoða í heild en ekki tæta í samhengislausa parta eins og ýmsir virðast hafa tilhneigingu til.

Og að lokum, herra forseti, aðeins þetta. Utanríkismál þjóðarinnar eru svo mikilvæg að í þeim verður vitaskuld að fara fram með gát. Óskynsamlegar uppákomur geta valdið skaða. Slíkt ber vitaskuld að forðast. En jafnframt lít ég svo á að það sé hlutverk okkar alþm. að leita eftir því af fremsta megni að sem víðtækust og breiðust samstaða takist um utanríkisstefnu Íslendinga, svo mikilvægur sem þessi málaflokkur er fyrir okkur, smáþjóðina nyrst í Ballarhafi. Á það leggja líka aðrar þjóðir sérstaka áherslu að ná sem víðtækastri samstöðu um utanríkisstefnu sína og það verðum við ætíð og ævinlega að hafa að leiðarljósi og þess vegna skulum við gæta þess að í umræðum um þessi mál höldum við uppi skynsamlegu viti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál sem lögð hefur verið fram hér á þinginu að venju. Ég vil þó endurtaka það, sem ég hef áður sagt og lagt til, að þessi mál sem hún fjallar um eru svo mikilvæg að það sæmir ekki að menn þurfi að kynna sér skýrsluna og ræða hana í þeim flýti og því annríki sem hér dynur yfir síðustu daga þingsins. Ég verð að viðurkenna að mér hefur einungis gefist lítið tóm til að gaumgæfa skýrsluna, hefði kosið að hafa mun betri tíma, hefði líka kosið að hafa mun lengri tíma til að undirbúa vandaða umfjöllun, því að það eiga þessi mál og þessi málaflokkur skilið.

Ég mun að meginefni til fjalla um þessa skýrslu sem hér liggur fyrir og þau atriði í henni sem síðan gefa tilefni til umfjöllunar um hina ýmsu málaflokka. Ég mun tæpa á mörgum málaflokkum en hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mun fjalla um kaflann um þróunarsamvinnu sérstaklega og mun ég því sleppa honum.

Ég minnist þess þegar fjallað var um skýrslu utanrrh. á s.l. ári að þá stóð ég hér ein í salnum utan forseta sem stóð að baki mér eða sat. Allir aðrir voru gengnir úr salnum. Klukkan var á slaginu sjö þegar ég hóf mál mitt, mér var meinað að fresta umræðunni. Allir höfðu farið til þess að hlýða á fréttir Ríkisútvarpsins af árás Bandaríkjamanna á Líbýu og hér stóð ég ein og þrumaði mína ræðu yfir tómum sal á meðan allir aðrir þm. hlustuðu á Ríkisútvarpið og fréttir þess af þessum atburði.

Ég nefni þetta nú vegna þess að ástandið í alþjóðamálum hefur breyst mjög mikið á því ári sem nýliðið er. Þá sáum við ekki fyrir og vissum ekki að hér yrði haldinn fundur leiðtoga stórveldanna eins og varð. Þá sáum við heldur ekki fyrir þann árangur sem virðist þrátt fyrir allt vera að koma í ljós af þeim fundi. Það hafa orðið miklar breytingar á þessum tíma eins og ég sagði og þegar maður lítur á efnisyfirlit þessarar skýrslu upp á 63 síður má glögglega sjá hversu margþætt samskipti okkar Íslendinga við umheiminn eru, hversu marga málaflokka þau varða, bæði sem varða viðskipti, menningarsamskipti, ýmis friðsamleg samskipti og samstarf sem að sjálfsögðu hlýtur að vera lykillinn að því að ná friði og skilningi milli þjóða. Hér er auðvitað líka fjallað um afvopnunarmál og mun ég víkja að þeim.

Mig langar nú til þess að fara lauslega yfir skýrsluna. Ég mun einungis tæpa á nokkrum atriðum og alls ekki gera neina tæmandi úttekt á henni, en ég mun nota skýrsluna fyrst og fremst sem viðmiðunarpunkt.

Í innganginum er talað um að hefja átak í sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í íslensku atvinnulífi með tilkomu nýrra atvinnugreina. Ég vil minna á þáltill. sem Kvennalistinn flutti hér á þingi, að vísu endurflutti, og er 331. mál þessa þings og fjallar um upplýsingaöflun um markaðsaðstæður erlendis en hún er til umfjöllunar í utanrmn. nú. Í innganginum er líka vikið að því sem er lykilatriði til þess að við getum staðið okkur í samkeppni við aðrar þjóðir og ég vil vitna, með leyfi forseta: „Hráefniskostnaður og frumvinnsla verður sífellt minna hlutfall framleiðsluverðs, nýjar aðferðir draga úr kostnaði við vinnuafl og aukin eftirspurn er eftir menntuðu starfsfólki“ og ég legg áherslu á „menntuðu starfsfólki“. Og þá vil ég biðja hæstv. utanrrh. og þá þm. sem hér eru staddir að fletta á bls. 44 í þessari skýrslu en þar er einmitt fjallað um skýrslu sem nefnd á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París vann eftir könnun á íslenskri menntastefnu og þar er nú ástandið ekki burðugt. Ég er hrædd um að það verði lítið af vel menntuðu starfsfólki til þess að sjá Íslandi farborða í framtíðinni ef ekki verður tekið föstum tökum og bætt úr hvað varðar íslenska menntastefnu. Þessi tvö atriði hanga saman og eru mjög nátengd og ég vildi undirstrika það því að lestur þessarar skýrslu er ekki til þess að efla trú okkar á framtíðina nema við tökum föstum tökum þann vanda sem þar er greint frá.

Síðan kemur hér einnig atriði sem ég vil gera athugasemd við. Hér stendur með leyfi forseta: „Farsæld íslensku þjóðarinnar hvílir sem fyrr á undirstöðu traustra varna.“ Ég er ansi hrædd um það að farsæld íslensku þjóðarinnar hvíli á talsvert öðru en undirstöðu traustra varna og varna gegn hverju, mætti ég spyrja hæstv. utanrrh.? Hvað er það sem steðjar að íslenskri þjóð sem krefst traustra varna til þess að farsæld hennar verði borgið? Ég mundi veðja fremur á menntað starfsfólk til þess að farsæld íslensku þjóðarinnar yrði borgið en traustar varnir.

Það er talað um íslenskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum á bls. 6 í 3. kafla inngangsins og ég mun víkja að því örlítið nánar seinna. Þar er sagt frá því að ráðnir hafi verið tveir varnarmálafulltrúar og að ráðning þeirra hafi skapað skilyrði þess að unnt verði að leggja hlutlægt íslenskt mat á varnarstöðu landsins og fyrirkomulag varnanna. Þeir hljóta að hafa mikið að gera þessir tveir menn. Má ég spyrja hverjir þeir eru, hvaða menntun þeir hafa og hvenær þeir voru ráðnir? Var staða þeirra auglýst þegar þeir voru ráðnir? Síðan stendur líka að Íslendingar hafi tekið virkari þátt í umræðum um öryggismál Norður-Atlantshafssvæðisins og bætt tengsl sín við hermálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins. Á hvern hátt hafa þeir gert það? Það stendur enn fremur á bls. 7: „Mörkuð hefur verið ný stefna varðandi upplýsingar til almennings um framtíðaráætlanir, bæði hvað snertir búnað og mannvirki varnarliðsins og er einmitt ratsjárstöðvamálið gott dæmi þar um.“ Hvernig stefna er þetta sem mörkuð hefur verið, hvernig hefur verið staðið að upplýsingum til almennings? Má ég spyrja hæstv. utanrrh. um það?

Síðan er vikið að einstökum alþjóðamálum. Ég las þessa skýrslu yfir með hraði og þegar ég hafði lokið lestri hennar hugsaði ég: Mér hlýtur að hafa yfirsést. Getur það verið. Og ég aðgætti aftur og mér hafði ekki yfirsést. Ég gætti vel í kaflanum um einstök

alþjóðamál, síðan fletti ég á bls. 31 og þar gætti ég líka að því sem sagt var um Nicaragua, um contra-skæruliðana en þar fann ég ekki það sem ég leitaði að. Þá fletti ég á bls. 32 og ég aðgætti hvað stóð um styrjöld Írana og Íraka og ég fann það ekki heldur þar.

Það sem ég var að leita að var frásögn af þeim atburðum sem orðið hafa í Bandaríkjunum þar sem upp hefur komist um vafasamt athæfi Bandaríkjaforseta í sambandi við vopnasölu til Írans og ég var einmitt stödd á þingi Sameinuðu þjóðanna s.l. nóvember þar sem frásögn af þessum atburðum kom daglega í bandarísku sjónvarpi. Þessir atburðir og athæfi aðstoðarmanna Bandaríkjaforseta hafa vakið slíka tortryggni með bandarískri þjóð að fylgishrun forsetans hefur verið mikið á undanförnum mánuðum og vikum og fer vaxandi nema hvað það sveiflast um 10% til eða frá. Fólk er jafnvel uggandi um að hann geti enst út það kjörtímabil sem hann hefur verið kosinn til starfa. Ég nefni þetta hér nú vegna þess að hér situr bandarískur her á landinu. Ég nefni þetta einnig vegna þess að fáir eru dyggari stuðningsmenn utanríkisstefnu Bandaríkjaforseta en einmitt stjórnvöld á Íslandi. Og ég gætti að því, e.t.v. var þessi skýrsla skrifuð svo snemma að það var ekki hægt að taka tillit til þessa atburðar, en þá sá ég að greint var frá þeim breytingum sem orðið hafa í Sovétríkjunum upp á síðkastið þar sem andófsmönnum, eins og t.d. Andrei Sakharoff, hefur verið sleppt úr haldi. Þar ríkir þíðutímabil sem stendur. Hversu langt það verður veit maður ekki, hversu langt það nær í að breyta því þjóðfélagi veit maður ekki heldur.

En meðan ritstjóri Morgunblaðsins, Björn Bjarnason, tifar með tilhlökkun í hjarta upp forugan, fölgrænan stigaganginn í fjölbýlishúsi í Moskvu er verið að hreinsa út úr kjallaranum í Hvíta húsinu. Það er verið að hreinsa út kjallarameistaranna með einkautanríkisstefnuna sem enginn fylgir dyggar en íslensk stjórnvöld og ég minnist þess að ég spurði hæstv. utanrrh., þegar hér varð umræða utan dagskrár um tilraunasprengingar Bandaríkjamanna, hversu margar sprengingar þeir mættu framkvæma án þess að íslensk stjórnvöld hreyfðu nokkrum andmælum. En hann vildi ekki segja mér neitt um það mál þó svo að hann hefði vitað og ég mun víkja að því síðar.

Mér finnst þetta mjög alvarlegt. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess að sú staðreynd að umfjöllun um þessa alvarlegu atburði, sem eru að verða með Bandaríkjamönnum, hefur verið sleppt hér. Það er ekkert minnst á þetta. Í umfjöllun um Íran og Írak eru bókstaflega ein, tvær, þrjár, fjórar og hálf lína. Það er ekkert annað tekið til. Í umfjöllun um Nicaragua er ekkert sagt um það hvernig contra-skæruliðar hafi fengið sitt fé, heldur er sagt frá því að sandinistar hafi fengið 400 millj. dollara í efnahagsaðstoð frá Líbýumönnum á laun. Þarna finnst mér fjarskalega lituð frásögn. Það er mjög nauðsynlegt að frásögn af alþjóðaatburðum sé eins hlutlaus og nokkur kostur er á. Mér finnst þessi umfjöllun benda einmitt til þess að hér sé á ferðinni mjög lituð frásögn, a.m.k. hvað varðar suma atburði.

Í umfjöllun um einstök alþjóðamál er að sjálfsögðu fjallað um leiðtogafundinn, hinn mikilvæga leiðtogafund sem hér var haldinn í Reykjavík og um niðurstöður hans. Þar er að sjálfsögðu minnst á geimvarnarannsóknirnar eða stjörnustríðsáætlun Reagans Bandaríkjaforseta sem var einn stærsti þrándur í götu þess að samningar næðust um afvopnunarmál eins og vænst hafði verið á fundinum hér. Ég bendi hæstv. utanrrh. á skoðun Andrei Sakharoffs á geimvarnaráætlun Bandaríkjaforseta. Því hér stendur, með leyfi forseta:

„Ég vil bæta því við", segir hæstv. utanrrh., „líkt og ég gerði í síðustu skýrslu að bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu ber risaveldunum að sjá til þess að slík kerfi verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana."

Þetta er að sjálfsögðu tiltölulega hlutlaust orðalag, en ég bendi hæstv. ráðh. á að hafi hann kynnt sér þó ekki væri nema smáatriði í sambandi við þessa stjörnustríðsáætlun hlýtur hann að sjá að rannsóknir og tilraunir í tengslum við geimvarnarannsóknir eða stjörnustríðsáætlun valda geysilegri stigmögnun í vígbúnaði. Þær krefjast aukinna tilrauna með kjarnorkuvopn eins og dæmin hafa sannað. Það er ekki að ástæðulausu sem þessar síendurteknu tilraunir með kjarnorkusprengjur í eyðimörkinni í Nevada eru framkvæmdar. Þær eru framkvæmdar fyrst og fremst í tengslum við stjörnustríðsáætlunina. Það verður gífurlegt fjármagn sem verður látið renna til rannsókna í sambandi við hernað ef þessi áætlun nær fram að ganga. Við skulum ekki gleyma því að það er ekki nema stutt síðan það var samþykkt á Bandaríkjaþingi að veita hundrað milljón dollara, ég man ekki hvaða upphæð það var, en það var einhver stór upphæð sem var veitt til að sjá fátæku fólki í Bandaríkjunum farborða. Veit ekki hæstv. utanrrh. um hallann á bandarískum fjárlögum? Hvaðan skyldi hann helst vera runninn? Auðvitað hangir þetta allt saman. Vaxandi fátækt í Bandaríkjunum, skuldastaða í þriðja heiminum, fjárlagahalli hjá flestum þjóðum vestrænna ríkja og m.a. Bandaríkjunum sem hafa einn hæsta fjárlagahalla í heimi, allt hangir þetta saman við það gífurlega fjármagn sem rennur til vígbúnaðar. Og stjörnustríðsáætlunin er ekki bara eitt skref upp á við. Hún er mörg skref sem stigmagnar þetta vígbúnaðarkapphlaup sem allir lýsa þó í fögru máli andstyggð sinni á.

Hér stendur einnig að vissulega skipti afstaða okkar ekki sköpum, og er þá átt við Íslendinga, varðandi frið í heiminum. En við megum aldrei liggja á liði okkar í þessum mikilvægustu málum mannkyns. Ég er innilega sammála þessu en það sem hefur kannske vantað fyrst og fremst í afstöðu

okkar Íslendinga og aðgerðum á alþjóðavettvangi er frumkvæði, frumkvæði sjálfstæðrar þjóðar. Við höfum ævinlega haft tilhneigingu fremur til að hengja okkur aftan í þá sem sinna hernaði en að sýna sjálfstætt frumkvæði á alþjóðavettvangi og vísa ég t.d. til þeirrar samstöðu sem við ættum að sýna Norðurlandaþjóðunum í þeirri viðleitni þeirra að hafa frumkvæði um afvopnun í myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum.

Í tengslum við umfjöllun um Sameinuðu þjóðirnar er vikið að þeirri tillögu sem þar hefur ítrekað verið flutt og reyndar samþykkt um frystingu og hefur verið kennd við Svíþjóð og Mexíkó. Næstum orðrétta þýðingu þessarar tillögu hafa Kvennalistakonur flutt á Alþingi þrásinnis á þessu kjörtímabili, en hún hefur aldrei fengist útrædd hvað þá heldur samþykkt. Hér stendur um þá tillögu:

„Í henni voru enn sem fyrr vafasamar fullyrðingar, t.d. um að jöfnuður væri með risaveldunum í hernaðarmætti, og þá á þann hátt horft fram hjá gífurlegum yfirburðum Sovétmanna í hefðbundnum vígbúnaði."

Nú vil ég benda hæstv. utanrrh. á að tillagan fjallar um kjarnorkuvopn. Hún fjallar um frystingu kjarnorkuvopna sem kölluð hefur verið, þ.e. að stöðva þegar í stað tilraunir með hönnun og smíði og dreifingu kjarnorkuvopna. Hún fjallar ekki um hefðbundinn vígbúnað. Þegar tekið er tillit til hernaðarmáttar er vitanlega átt við að stórveldin tvö þau eiga slíkar umframbirgðir af kjarnorkuvopnum að nægir til að drepa hvert mannsbarn fjórum sinnum ef það væri hægt. Hernaðarmáttur þeirra, ef mældur er í mannslátum en ekki mannslífum, í dauðu fólki, það er út á það sem hernaður gengur, ekki satt, að drepa fólk, er því sambærilegur.

Utanrrh. segist einnig hafa bent á að menn væru farnir að færast smátt og smátt frá hugmyndum um frystingu kjarnorkuvígbúnaðar því að slíkri frystingu yrði að fylgja eftir með tímafrekum og flóknum viðræðum um niðurskurð. Síðan segir hann: „Eðlilegra væri að ræða fyrst um afvopnun og svo um traustvekjandi aðgerðir til að tryggja öryggi til langs tíma." En þá vil ég benda honum á þar sem hann gagnrýnir tillöguna að 118 ríki sáu ástæðu til að samþykkja þessa tillögu. Þeim fannst ekkert óeðlilegt við að fara þessa leið. Það voru bara 12 ríki sem greiddu atkvæði gegn henni, en það voru fjögur sem sátu hjá og í þessum hópi fjögurra ríkja var einmitt Ísland, því miður. Ég vil meina að það hafi verið fyrst og fremst vegna hugleysis, dáðleysis og skorts á þori. Mér dettur oft í hug, og ég man ekki hvaðan vísan kemur eða hendingarnar, þær koma úr kvæði og ég man það ekki núna hvaðan þær koma, en þær hljóða eitthvað á þessa leið: „Hálsliðamjúkir að hofmanna sið", að þora ekki að fara úr hópi þessara fjögurra sem sátu hjá. Mér finnst það skammarlegt þegar slíkt mál er á ferðinni.

Ef ég man rétt var einu sinni einmitt talað um að eitt af því sem slíkum hugmyndum um frystingu væri fundið til foráttu varðandi tilraunirnar með kjarnorkuvopn væri að það væri svo erfitt að hafa eftirlit með því hvort tilraunirnar eru gerðar. En ég tek eftir því að sú röksemd er ekki þarna lengur. Kannske er hún ekki þarna lengur vegna þess að Sovétmenn hafa einmitt fallist á það núna að þeir muni beygja sig undir slíkt eftirlit. Þeir sem fengu Sovétmenn til þess að fallast á það eru einmitt samtök alþjóðasambands þingmanna, Parliamentarians for Global Action, sem hafa haft viðræður við fulltrúa beggja stórvelda, boðið þeim upp á vísindamenn sem eru reiðubúnir til að sinna þessu. Það eru jarðfræðingar og eðlisfræðingar sem eru reiðubúnir til að sinna marktæku eftirliti hjá báðum stórveldunum. Þar munu vera bæði bandarískir og sovéskir vísindamenn. Sovétmenn hafa samþykkt slíkt eftirlit. En það er einmitt ekki tekið með sem ástæða nú, þegar þessari tillögu er fundið allt til foráttu, heldur er talað um vafasamar fullyrðingar, en ekki fleira að gert. Þetta þykja mér vera undanbrögð vegna skorts á pólitískum vilja fyrst og fremst.

Ég vil enn fremur ítreka að þegar umræðan um frystingu kjarnorkuvopna fór fram hér á þinginu í nóbemberbyrjun 1986 vék ég að því að þetta eftirlit hefði verið samþykkt og ég sendi hæstv. utanrrh. afrit af upplýsingum frá alþjóðasambandi þingmanna, Parliamentarians for Global Action. Ég sendi honum einnig á þeim tíma álit vísindaráðstefnu sem hafði rannsakað afleiðingar kjarnorkusprenginga hvað varðar kulda, þann kulda sem mun fylgja í kjölfar aðeins örfárra kjarnorkusprenginga, og fleiri gögn sem ég sendi honum afrit af svo hann mætti kynna sér þá umræðu sem er í gangi meðal vísindamanna um þessi mál.

Á bls. 15 er vikið að vorfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins sem haldinn var í Halifax í maímánuði s.l. Langar mig að taka sérstaklega fram eða leggja áherslu á það sem þar er sagt og ég vitna, með leyfi forseta:

„Á vorfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Halifax, 29.–30. maí s.l. var samþykkt stutt yfirlýsing um nauðsyn takmörkunar hefðbundinna vopna í Evrópu. Jafnframt" — og ég legg áherslu á — „var settur á laggirnar vinnuhópur háttsettra embættismanna."

Vinnuhópur háttsettra embættismanna, á enskunni High level task force. Og hvað áttu þeir að gera? Þeir áttu að benda á leiðir til að koma hreyfingu á það mál. Þarna er verið að skipa nefnd embættismanna til að fjalla um afvopnunarmál og það eru utanríkisráðherrarnir sem skipa þessa nefnd. Ég vek athygli á því vegna þess að næsti kafli í skýrslunni fjallar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Um það var flutt till. á þessu þingi, hún er 138. mál þessa þings, og hún fjallar einmitt um skipun embættismannanefndar til að fjalla um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum. Meðflutningsmenn á þessari till. auk mín eru Haraldur Ólafsson og Svavar Gestsson og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu íslenskra stjórnvalda að kjarnorkuvopn skuli aldrei leyfð í íslenskri lögsögu felur það utanrrh. að beita sér fyrir því á fundi utanrrh. Norðurlanda að sett verði á laggirnar embættismannanefnd á vegum Norðurlanda sem kanni möguleika á og geri tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum."

Það fóru fram talsverðar umræður um þessa till. á þinginu þann 28. janúar s.l. Þar kom í ljós, því miður, að hæstv. utanrrh. vildi ekki gefa neina yfirlýsingu um þetta efni vegna þess að embættismenn frá utanrrn. og reyndar utanríkisráðuneytum hinna Norðurlandanna væru að kanna möguleika á skipun þessarar nefndar. Það er meirihlutavilji á þjóðþingum Norðurlandanna annarra en þessu fyrir því að slík embættismannanefnd verði skipuð. Fyrir því liggja yfirlýsingar utanríkis- og forsætisráðherra landanna.

Það væri hreinlega glapræði og það væri skammarlegt ef Íslendingar einir þjóða ætluðu að sitja út undan þegar aðrar þjóðir Norðurlandanna standa saman um að halda uppi umræðum um þessi mál. Það er dæmalaust hugleysi og vandræðagangur þessara hálsliðamjúku manna að geta ekki staðið með þeirri menningarheild sem þeir eiga nánastan skyldleika við og sem íslenska þjóðin hefur lýst sig fúsasta til að hafa samskipti við af öllum öðrum þjóðum í skoðanakönnunum. Ég trúi því tæpast fyrr en ég tek á því ef hæstv. utanrrh. ætlar þarna að skorast undan og læðupokast af hugleysi sínu til að gera Ísland eitt Norðurlandanna viðskila við þessa umræðu.

Þann 25. mars n.k. verður haldinn hér utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna og þá verða þessi mál tekin til umfjöllunar, um skipun embættismannanefndarinnar. Þessi mál hafa verið mikið rædd á þinginu. Það er vilji fyrir því hjá þingflokkum sem hér sitja á Alþingi, þó ekki sé vitað hver vilji þingsins í heild er fyrir því, að Ísland verði gert að kjarnorkuvopnalausu svæði. Ég skora á hæstv. utanrrh. að hafa hugrekki í sér til að láta reyna á það. (**Utanrrh.:** Ísland er kjarnorkuvopnalaust.) Já, Ísland er kjarnorkuvopnalaust. Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaus. Spurningin er hvort við viljum lýsa því yfir eða hvort við viljum, eins og stendur á bls. 11, „reka varnarstefnu sem hvílir á ógn kjarnorkusprengjunnar." Það er það í hnotskurn. Ég hef svo oft rakið forsendurnar að mér finnst það vera slík endurtekning að taka upp þessar forsendur eina ferðina enn. Það er ekki hægt að nota kjarnorkuvopn til varnar. Sá sem skýtur kjarnorkuvopni skýtur því að sjálfum sér. Það getur enginn varist. Þess vegna er ekki um að ræða að farsæld Íslendinga byggist á traustum vörnum. Það er ekki hægt að verjast með þessum vopnum. Röksemdafærslan sem liggur til grundvallar og forsendurnar eru gagnslausar. Þær eru ónothæfar.

Áður en ég yfirgef þessi afvopnunarmál vil ég geta þess að ég bar fram spurningar til hæstv. utanrrh. í umræðum utan dagskrár þann 5. febrúar. Svör hans við spurningum mínum, sem voru reyndar engin, voru á þann veg að þegar ég las þau núna aftur skynjaði ég hversu ómöguleg skilgreiningin á hlutverki utanríkisráðherra er í raun og veru. Hv. 5. þm. Austurl. minntist á þá leynd sem fylgdi samningagerðinni þegar varnarsamningurinn var gerður og hann talaði um það hugleysi ráðamanna þá að þora ekki að setja þetta mál fram fyrir þingið eða þjóðina. Það hefur ekkert breyst. Leyndin er sú sama. Og ég ætla að vitna, með leyfi forseta: Þá spyr ég hæstv. utanrrh. eftir að hafa tilkynnt honum að Kvennalistinn sé mótfallinn þeim ítrekuðu tilraunasprengingum sem Bandaríkjamenn hafa gert í Nevada-eyðimörkinni. Ég tilkynnti enn fremur að við styddum þann hóp bandarískra þingmanna og annarra Bandaríkjamanna sem mótmæltu þessum tilraunasprengingum og hefðum sjálfar sent mótmæli til Bandaríkjaforseta. Ég spurði hann í fyrsta lagi hvort hann vissi hve margar tilraunasprengingar væri áætlað að gera á þessu ári í tengslum við geimvarnaáætlunina. Hafa bandarísk stjórnvöld upplýst hann um þetta? Ég spyr vegna þess að nú er hæstv. utanrrh. búinn að fá tvo varnarmálasérfræðinga sem eiga einmitt að leggja hlutlægt mat á varnarmálin. Í öðru lagi spurði ég hann: Hve margar sprengjur mættu Bandaríkjamenn sprengja neðanjarðar áður en íslensk stjórnvöld mundu hreyfa fingur til mótmæla? Eru einhver mörk fyrir þessari hegðun? Og í þriðja lagi spurði ég hann hvernig honum litist á ef það hlé á sprengingum Sovétmanna yrði nú rofið, þ.e. að Sovétmenn mundu nú sjálfir hefja tilraunasprengingar eftir að Bandaríkjamenn hefðu aukið við sínar. Og hverju svaraði hæstv. utanrrh., einráður og alvaldur um utanríkismál á Íslandi? Hann sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Vegna fyrirspurna hv. 3. landsk. þm. mundi ég ekki upplýsa ef ég vissi í sambandi við þá fsp."

Hann mundi ekki upplýsa ef hann vissi! Hann mundi ekki segja mér það, þingmanni. Hann mundi ekki segja hinum þingmönnunum það. Hverjum mundi hann segja það? Íslensku þjóðinni? Nei, hann mundi ekki upplýsa ef hann vissi. Þetta einræði utanrrh. í utanríkismálum og varnarmálum Íslendinga finnst mér óhugnanlegt. Mér finnst það vægast sagt óhugnanlegt. Mundi hann upplýsa hina í ríkisstjórninni? Ég mundi vilja spyrja hann að því. Mundi hann segja hinum í ríkisstjórninni frá því? (**HG:** Þeir spyrja ekki.) Og hvaðan hefur hann fengið að vita þetta? Hvaðan fær hann upplýsingar sínar um þetta ef hann mundi nú vita eitthvað? Hvaðan hefði hann fengið upplýsingarnar?

Ég gagnrýni hvert vald utanrrh. Íslendinga er í þessum efnum, að hann skuli hafa nánast einræði til að taka ákvarðanir og halda upplýsingum leyndum fyrir bæði þingi og þjóð eins og honum hentar. Og ég bendi á það sem segir í þessari skýrslu um hlutverk Norðurlandanna einmitt í tengslum við þetta mál sem fjallar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum, þ.e. að lýsa því yfir að Norðurlöndin séu kjarnorkuvopnalaus. Þar stendur nefni-

lega á bls. 25 svo fallega um Norðurlandasamvinnuna:

„Hið margslungna og nána samstarf Norðurlanda er á alþjóðlegum vettvangi oft nefnt sem dæmi um hvernig nágrannasamskipti ríkja geta best orðið. Til þess er gjarnan vitnað sem hvatningar til þjóða um að búa saman í sátt og samlyndi."

Síðan segir hæstv. utanrrh. okkur frá því hvað það er sem bindur Norðurlöndin traustum böndum. Þau tala lík tungumál, menning og saga hefur um aldir verið samofin og norræn samvinna hefur þróast með þeim hætti sem við þekkjum. Hann talar um Norðurlandaráð. Og síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Náið samstarf milli embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna, milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðastofnunum og starfsmanna norrænna sendiráða gera hinni fámennu íslensku utanríkisþjónustu kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum betur en ella."

Og þetta varð ég sannarlega vör við á þingi Sameinuðu þjóðanna á s.l. hausti, hversu náin samvinna var milli Norðurlandaþjóðanna, hversu mikinn hag Íslendingar höfðu af því að nýta sér upplýsingar og samvinnu við þjóðir sem hafa mun fleiri starfsmenn og fulltrúa á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem hafa mun stærri og virkari deildir heima fyrir sem vinna verk upp í hendur fulltrúanna á þingi Sameinuðu þjóðanna og var sannarlega allt gott um það að segja.

Ef Norðurlöndin, önnur en Ísland, sameinast um bæði umræður og jafnvel ákvarðanatöku um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum og Ísland verður eitt skilið eftir út undan takmarkast að sjálfsögðu þetta kjarnorkuvopnalausa svæði við yfirráðasvæði Íslands. Þar verða takmörkin. Ísland eitt verður skilið eftir sem land eða landsvæði, yfirráðasvæði þar sem mögulega verður hægt að finna kjarnorkuvopn eða þar sem sú varnarstefna verður rekin „sem byggir á ógn kjarnorkusprengjunnar", eins og segir í skýrslunni.

Það eru mörg mál sem vert væri að ræða hér ítarlega, t.d. samstarf Evrópuþjóðanna á sviði vísinda og tækni, auk samskipta Íslendinga við Evrópuþjóðir hvað varðar viðskipti í vaxandi mæli, en ég mun ekki víkja mörgum orðum að því. Ég fagna samskiptunum, ég fagna þeirri samvinnu sem við höfum við EUREKA-áætlunina. Ég vil sömuleiðis lýsa yfir stuðningi við viðskiptasambönd okkar við Efnahagsbandalagið og ég vil leggja áherslu á að við höfum vaxandi tengsl við Evrópu. Við höfum vaxandi viðskipta-, vísinda- og menningartengsl við Evrópu. Okkur er nauðsyn að halda Evrópu óskemmdri og lifandi. Við þurfum að gæta að Evrópu hvað varðar varnir, hvað varðar vígbúnað. Við verðum að koma í veg fyrir það ásamt öðrum þjóðum Evrópu og þar með töldum Norðurlandaþjóðunum að Evrópa verði gerð að vígvelli fyrir stórveldin og þangað verði safnað saman ógrynni vopna sem þeir vilja ekki hafa í sínum eigin löndum.

(**Forseti:** Ég vildi mega spyrja hv. þm. hvort gert sé ráð fyrir löngu framhaldi á ræðunni. Spurningin var af því að við þurfum að fresta umræðunni, hvort það væri hægt að hafa kaflaskipti á ræðunni og halda henni áfram síðar, hvers forseti mætti vænta.)

Já, herra forseti. Ég vissi ekki að fundi ætti að ljúka kl. 6. Mér var ekki tilkynnt það áðan þegar hlé var gert á þingfundi til þingflokksfunda. Vanalega halda fundir hér áfram a.m.k. fram að kvöldmat þannig að ég hélt ekki að ég væri að ganga freklega á tíma þingsins.

(**Forseti:** Hv. þm. er ekki að ganga freklega á tíma þingsins og ástæðulaust að gera forseta slíkar meiningar. Það er ekki gert ráð fyrir að slíta fundinum núna heldur að fresta umræðu og taka fyrir önnur þýðingarmikil mál. Það er aðeins spurning hvers forseti má vænta.)

Já, ég skil. Þetta vissi ég ekki fyrir fram. Ég á enn eftir eitthvað af máli mínu. Ég vil ekki hraða mér í gegnum það. Ég hef ekki lagt í vana minn að tala langt mál á þingi. Þessi mál standa hjarta mínu nær og ég vil helst ekki þurfa að takmarka mig í þeim málum. Þess vegna mun ég fresta máli mínu núna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. þm. er þakkað fyrir skilning á stöðu málsins. Ræðunni er frestað og umræðunni er frestað. Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að það er ætlunin að taka fyrir nokkur næstu mál sem eru á dagskrá. Það er ein þáltill. frá ríkisstjórninni sem er til fyrri umr., síðan eru nokkrar þáltill. sem komnar eru úr nefnd. Þegar því er lokið er gert ráð fyrir að taki við fundir deilda og að fundum deilda loknum verði framhald umræðunnar um utanríkismál.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér finnst einkennilega að þessum málum staðið af forustumönnm þingsins, ég verð að segja það. Hér er í gær frestað umræðu um utanríkismál sem boðað hafði verið að yrði á þriðjudegi. Þessi skýrsla hæstv. ráðh. kemur fram undir lok þingsins og hefði auðvitað verið í lófa lagið að hún kæmi fram í þinginu áður. Hér er verið að rjúfa í annað sinn þingfund, umræðu um þetta mál, áður en fulltrúar einstakra þingflokka hafa fengið að taka þátt í umræðunni og að því er virðist til þess að koma hér fram atkvæðagreiðslum og öðru og síðan að færa þessa umræðu fram á kvöld og kannske fram á nótt. Ég finn að þessum vinnubrögðum. Ég tók drjúgan tíma í umræðu áðan og gerði það vissulega í trausti þess að aðrir ættu kost á að tala í málinu án þess að kæmi til tafa af þessu tagi eða rofi á fundum um svo mikilvægan þátt sem umræða um utanríkismál er.

Ég sé ekki annað en þm. stjórnarliðsins geti alveg eins verið hér að störfum í kvöld og nótt til að taka á þeim málum sem verið er að boða að eigi nú að koma til umræðu. Mér finnst hálfgerð vanvirða við hæstv. utanrrh. að fara svona með umræðu um þetta mál og hlýt að gera athugasemd við það þó ég hafi fengið að taka þátt í umræðunni fyrr í dag og ætlaði ekki að blanda mér í hana frekar. Ég verð að segja að mér finnst afar undarlega að máli staðið af hálfu forustu þingsins og geri mínar athugasemdir við það.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er nokkuð einkennileg athugasemd hv. 5. þm. Austurl. eins og nú stendur á. Það er vitað að þinginu er að ljúka og það þarf að sinna mörgum málum á stuttum tíma. Í dag var fundur með formönnum allra þingflokka og forsetum þingsins og þá var gert ráð fyrir að þinginu lyki n.k. fimmtudag. Það er augljóst að ef það á að geta skeð þarf að halda vel á málum og greiða fyrir því að mál geti farið milli umræðna í nefndir og milli deilda með skjótari hætti en venjulega. Þess vegna var gert ráð fyrir að það yrðu deildafundir í dag ásamt fundi í Sþ. Annars hefði aðeins verið fundur í Sþ. Af þessum ástæðum var fallið frá að hafa fund í Sþ. í gær, það þótti nauðsynlegt af hagkvæmnisástæðum að hafa fundi í deildum. Þessi vinnubrögð eru í engu frábrugðin því sem venja er undir þeim kringumstæðum sem eru þegar þingi er að ljúka og þau eru í samræmi við þann vilja sem kom fram á sameiginlegum fundi formanna þingflokka og forseta Alþingis í dag. Ég vænti þess að það verði enginn skaði af umræðum um utanríkismál þó að þessi frestun sé gerð og það skal tekið fram að nú þegar hafa heyrst raddir fulltrúa allra þingflokka þegar þessi frestun verður.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég efast ekki um góðan vilja forseta til að beita sanngirni, en ég hefði kunnað því betur að þetta hefði komið fram á fundinum sem forseti vitnaði til áðan, á fundinum sem ég sat fyrir hönd þingflokks Kvennalistans. Þá hefðu fulltrúar þingflokkanna getað samstillt sitt mál við klukkuna.

Réttur norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi, fyrri umr.

Stjtill., 407. mál. — Þskj. 751.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Á þskj. 751 er till. til þál. um Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi. Norðurlandasamningur um þetta efni hefur verið undirritaður, var undirritaður á Borgundarhólmi 17. júní 1981, og samningurinn fylgir með þessari till. til þál. sem fskj. Þessi samningur er árangur af starfsemi Norðurlandaráðs á grundvelli ályktunar frá 1966 og unninn á vegum dómsmálaráðuneyta Norðurlandanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till. Ég vísa til þeirrar grg. sem henni fylgir svo og samningsins sem eins og ég sagði áðan er fskj. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að till. verði vísað til 2. umr. og til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Egilsstaðaflugvöllur, síðari umr.

Stjtill., 317. mál. — Þskj. 559, n. 756.

Frsm. allshn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli og varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt till. Till. er þess efnis að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal með verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 1987. Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 60 millj. kr., eins og segir í þessari tillgr.

Tillaga flugmálanefndar var að byggja nýja flugbraut vestan við núverandi braut, nær Lagarfljóti, en sú braut er talin mun öruggari vegna betra aðflugs auk þess sem hægt er að nota núverandi braut á meðan á þeim framkvæmdum stendur þannig að ekki þarf að fella niður flug til Egilsstaða á meðan ný braut er byggð. Egilsstaðaflugvöllur er mjög mikilvægur flugvöllur í samgöngukerfi Austurlands. Nefndin, sem fékk til viðtals við sig þá Pétur Einarsson flugmálastjóra og Jóhann Jónsson framkvæmdastjóra flugvalla, varð eins og fyrr segir sammála um að mæla með samþykkt þessarar till.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 847).

Fjármögnunarfyrirtæki, síðari umr.

Þáltill. PP, 170. mál. — Þskj. 180, n. 758, brtt. 759.

Frsm. allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um fjármögnunarfyrirtæki. Þessi till. leggur til að það verði undirbúin löggjöf um þessa starfsemi og í síðari hluta var lögð á það áhersla að mörkuð yrði stefna um það að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimiluð þátttaka í slíkri starfsemi hér á landi. Það blasir við að það eru nokkuð mörg atriði sem þarf að taka tillit til í lagasetningu sem þessari. Eitt af þeim atriðum sem þar þarf að taka tillit til er að sjálfsögðu að marka slíka stefnu.

Nefndin hefur lagt til, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um till. og mælir með samþykkt hennar breyttrar eins og hún kemur frá nefndinni á sérstöku þskj." — Stefán Benediktsson var ekki fjarverandi afgreiðslu málsins og óska ég eftir að heimilað sé að það leiðréttist hér með.

Orðalag brtt. er svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki".

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 759 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 848).

Hagkvæmni útboða, síðari umr.

Þáltill. HS o.fl., 93. mál. — Þskj. 94, n. 760, brtt. 761.

Frsm. allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglum um framkvæmd þeirra. Nefndin varð sammála um að leggja til samþykkt þessarar till. með brtt. sem hún flytur og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga þá reynslu sem fengist hefur undanfarin ár af hagkvæmni útboða á opinberum framkvæmdum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að setja nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra, m.a. um val á verktökum".

Það má segja að með þeirri efnisbreytingu, sem hér er lögð til á till., sé það fyrst og fremst undirstrikað að könnunin fari fram og í ljósi þeirrar könnunar sem liggi þá fyrir verði teknar ákvarðanir sem ekki er að öllu leyti hægt að sjá fyrir hverjar verða fyrr en könnunin hefur átt sér stað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 761 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 849).

Ferðamálaskóli, síðari umr.

Þáltill. GGS, 225. mál. — Þskj. 241, n. 765, brtt. 766.

Frsm. félmn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 765 um till. til þál. um stofnun ferðamálaskóla. Félmn. Sþ. hefur rætt till. og kannað þær umsagnir sem bárust um þetta mál og leggur nefndin til að till. verði samþykkt með þeim breytingum sem er að finna á sérstöku þskj., en undir þetta rita auk mín Jóhanna Sigurðardóttir, Davíð Pétursson, Árni Johnsen, Guðrún Helgadóttir og Jón Kristjánsson, en Stefán Valgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Í þessari till. til þál. á þskj. 241 um stofnun ferðamálaskóla var lagt til að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að stofnun ferðamálaskóla þar sem veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja nám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa. Hér var að dómi nefndarmanna um mikilsvert mál að ræða.

Ég bæti því við að það er orðið fyllilega tímabært að koma á slíkum ferðamálaskóla eða skipulegri fræðslu í ferðamálum þar sem auk gisti- og veitingareksturs yrðu kenndar aðrar greinar sem tengjast ferðamálum og eru raunar þáttur af þeim, svo sem móttaka og þjónusta við ferðamenn. Má þar og nefna rekstur ferðaskrifstofa, störf á því sviði, svo sem skipulagningu ferða, ráðstefnuhald, útgáfu farseðla og markaðs- og kynningarmál. Annar þátturinn er leiðsögn ferðamanna, en í þeim efnum hafa verið haldin námskeið. Þá má nefna gestamóttöku, tungumálanám, auk þeirra greina annarra sem tengjast rekstri hótela og gistihúsa bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Hér er því um mjög víðtækt mál að ræða og mál sem er brýnt að komist í framkvæmd vegna þess að í dag fer engin skipulögð kennsla í ferðamálum fram í landinu, innan eða utan skólakerfisins. Nefndin varð sammála um að hér þyrfti að gera á bragarbót. Hins vegar lagði nefndin við umfjöllun þessarar till. til eina brtt. sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að skipulegri kennslu í ferðamálum. Veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo ekki þurfi lengur að sækja grundvallarnám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa".

Breytingin er einfaldlega sú að í þáltill. sjálfri var

gert ráð fyrir skóla þó svo að í grg. væri tekið fram að bóklega námið væri sjálfsagt að færi fram í fjölbrautaskólum og öðrum slíkum skólum víðs vegar um land. Það var raunar aldrei ætlunin að setja ætti á stofn á þessu fyrsta stigi sjálfstæða nýja stofnun, heldur nýta þær stofnanir sem fyrir hendi eru, bæði kostnaðarins vegna og vegna þess að þegar eru uppi nokkrar áætlanir um bóklega kennslu á ferðamálasviði í menntaskóla. Um það varð samkomulag í nefndinni að nefna í stað „ferðamálaskóla" undirbúning skipulegrar kennslu í ferðamálum. Það er vitanlega það sem er hér höfuðatriðið, að slíku námi verði hrint af stokkunum. Það er ekki fyrir hendi í landinu nú. Þá orðast fyrirsögn till. svo: Tillaga til þál. um kennslu í ferðamálum.

Nefndin varð sammála um að afgreiða málið á þessa lund.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 766 (ný tillgr. og fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 846).

Skýrsla um utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 396. mál. — Þskj. 722.

Guðrún Agnarsdóttir (frh.):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að halda ræðu minni áfram með svo stuttu hléi og mun ég þá taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Ég mun líka reyna, herra forseti, að stytta mál mitt þannig að unnt verði að taka fyrir deildafundi sem fyrst. Þó mun ég tæpa á nokkrum atriðum og þá fyrst hvað varðar málefni fjarlægra heimshluta, en það er greint frá málefnum Suður-Afríku á bls. 29 og þar stendur, með leyfi forseta: „Mörg erlend stórfyrirtæki hafa á undanförnum mánuðum hætt starfsemi sinni í Suður-Afríku". Eins og við öll vitum hefur gætt vaxandi óánægju blökkumanna vegna misþyrminga, gengið hefur verið freklega á mannréttindi þeirra og mun ég ekki fara nánar út í það, enda vel frá því greint í skýrslunni. Þó kemur það fram að Bretar og Bandaríkjamenn hafi beitt neitunarvaldi gegn því að samþykkt yrði í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að víta Suður-Afríku og beita stjórnina þar refsiaðgerðum vegna framferðis við blökkumenn í Suður-Afríku.

Þegar ég les um þessi erlendu stórfyrirtæki verður mér hugsað til þess að fjölþjóðafyrirtækið Rio Tinto Zinc, sem við stígum nú í vænginn við og höfum reyndar gert á undanförnum árum, er í raun breskt að uppruna og hefur aðsetur sitt í Bretlandi að einhverju leyti. Sonarfyrirtæki Rio Tinto Zinc hefur unnið úran í Namibíu s.l. 16 ár, en stjórnin í Suður-Afríku fengið stórar fúlgur í skattheimtu af þessu fyrirtæki, en slík dæmi eru mörg. Það eru því í raun ekki einungis hagsmunir hins hvíta minni hluta í Suður-Afríku sem stuðla að kúgun blökkumanna heldur jafnframt hagsmunir fjölþjóðaiðnaðar sem kaupir þar ódýrara vinnuafl en annars staðar þekkist. Þetta ástand er einmitt snar þáttur í þeirri þróun sem orðið hefur í samskiptum landa norðurhvels við lönd á suðurhveli jarðar og kölluð hefur verið togstreita milli norðurs og suðurs, en margir óttast að þar felist fleiri kveikjur að allsherjarófriði en jafnvel í togstreitunni milli austur og vesturs. Sú hagsmunagæsla sem bæði Bretar og Bandaríkjamenn hafa stundað vegna stórra fyrirtækja, sem hafa aðsetur í Bandaríkjunum og Bretlandi, hefur einmitt miðað að því að viðhalda þessu misrétti. Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Veit hann hvort meðal þessara mörgu erlendu stórfyrirtækja, sem hafa á undanförnum mánuðum hætt starfsemi sinni í Suður-Afríku, er fjölþjóðafyrirtækið Rio Tinto Zinc? Þessu vildi ég gjarnan fá svar við.

Ég hef minnst lítillega á málefni Mið- og Suður-Ameríku, en það hefur gengið hver harmsagan á fætur annarri yfir íbúa þessara landa. Ég vil taka undir það sem áður var sagt um Chile. Ég hafði einmitt gert athugasemd við það í minni yfirferð yfir skýrsluna þar sem stendur á bls. 31, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn [þ.e. tilgangur kommúnista] er að afla stefnu þeirra um vopnaða andstöðu gegn stjórninni fylgis og útiloka að hægfara öfl komist til áhrifa í landinu".

Við skulum ekki gleyma því hvernig fór fyrir hægfara umbótaöflum undir forustu Allendes fyrir nokkrum árum í Chile. Þau hægfara öfl voru rækilega stöðvuð í sinni framgöngu til að komast til áhrifa í landinu Chile á sorglegan hátt og það var einmitt af hálfu þeirra afla sem nú styðja herforingjastjórnina sem þar er við völd nú.

Ég minntist áðan á þann mismun sem gerður var á fjármögnun sem rennur til contra-skæruliða þegar tilgreint er nákvæmlega hvað varðar upphæðir, meira að segja um það að Líbýumenn hafi á laun gefið stjórn sandinista fjármuni og efnahagsaðstoð, en hvergi er talað um það fé sem runnið hefur til contra-skæruliða frá afurðum vopnasölu til Írans, eitt mesta hneykslismál sem komið hefur upp í Bandaríkjunum á stjórnartíð Reagans Bandaríkjaforseta.

Og síðan víkur sögunni að Íran og Írak, þessari löngu harmsögu sem gengið hefur á undanfarin sjö ár líklega. Það fær 4½ línu í þessari skýrslu. Ég hefði kosið að sjá ítarlegri umfjöllun um það mál. Það leiðir líka huga okkar að vopnasölu og vopnasölum, en það eru þeir ekki síst sem kynda undir vígbúnaðarkapphlaupinu sem hafa af því ómældan hagnað. Athygli okkar hefur verið dregin að vopnasölum vegna tengsla þess við morðið á Olof Palme og eru þau mál að skýrast og hafa verið dregin fram í dagsljósið. Ég held að við ættum að gera okkur

grein fyrir því hver hlýtur mestan hagnað af því að kynda undir ófriði í heiminum í stóru og smáu.

Það er tekið til þess á bls. 33 hvað snertir Japan að vakin er athygli á þeirri staðreynd að á fjárhagsárinu sem hefst í apríl 1987 er gert ráð fyrir því að útgjöld til landvarna í Japan fari fram úr þessu 1% af vergri þjóðarframleiðslu sem verið hefur. En það var á árinu 1976 sem ákveðið var að ekki skyldi farið fram úr 1% og ég minnist orða sir John Kenneth Galbraith, kanadíska hagfræðingsins, sem rakti einmitt í ítarlegu máli hvernig efnahagsundrið í Japan hefði orðið ekki síst vegna þess að Japanar ákváðu að verja takmörkuðu fé af sinni þjóðarframleiðslu til varnarmála. Þeir settu það allt í iðnaðarþróun.

Ég fagna þessum kafla um utanríkisviðskipti sem er fróðlegur. Það hafa komið upp þær hugmyndir að ríkari áherslu beri að leggja á utanríkisviðskipti innan ramma utanríkisþjónustunnar. Ég tel að það sé vel. Það má mjög gjarnan taka eitthvað af því yfirborðslega og því venjubundna sem fylgir utanríkisþjónustu og setja í staðinn eitthvað sem er framsæknara, meira leitandi og skapandi. Það má gjarnan breyta um áherslur þó að sjálfsagt sé að halda uppi vináttusamböndum við helstu nágrannalönd og viðskiptalönd okkar. Í kaflanum um viðskiptajöfnuðinn koma einmitt glögglega fram aðal- og meginforsendur góðærisins, þ.e. lækkun á olíuverði, hækkun á fiskverði erlendis og lækkun vaxta á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Ég rek hér augun í tölur sem varða Landsvirkjun og mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. Hér er gífurlegur innflutningur á vegum Landsvirkjunar eða 67 millj. kr. þrátt fyrir að innflutningur til járnblendiverksmiðju hafi dregist saman og innflutningur til álversins einnig dregist saman. Stóriðjan er að dragast saman, en Landsvirkjun er að auka innflutning sinn upp í 67 millj. kr. frá 52 millj. kr. árinu áður. Í hverju er þessi innflutningur fólginn, hæstv. utanrrh.? Gæti ég fengið upplýsingar um það?

Síðan er vikið aðeins að ullarvörum og því hve útflutningur á ullarvörum hefur fallið ískyggilega hjá okkur á s.l. ári. Mér finnst þetta í raun alvarlegt. Við ættum að geta nýtt okkur ullina miklu betur. Hún var á fyrstu öldum Íslandsbyggðar aðalútflutningsvara landsmanna í formi vaðmáls. Formæður okkar mundu eflaust snúa sér við í gröfinni ef þær vissu hvernig farið er með íslensku ullina nú. Þær kunnu nefnilega að nýta sér einkenni hennar. Þær greindu hana í þel og tog og nýttu eftir því sem við átti í fínan vefnað eða grófan, fínt og gróft prjón. Nú er sú þekking nánast að hverfa og hver að verða síðastur að snúa við blaðinu og fara að þróa ullariðnaðinn í samræmi við sérkenni íslensku ullarinnar. Nú er öllu blandað saman og búið til eitt allsherjar sokkaband sem auðvitað er gróft og stingandi, enda ekki til annars stofnað. Bandaríkjamenn klæjar svo undan þessu bandi að þeir vilja ekki kaupa það meir. Þarna þurfum við verulega að taka okkur á. Og ég tek sem dæmi Ítalíu. Það var ekki fyrir mörgum árum að Ítalía var vandræðabarn Evrópu, atvinnuleysi viðvarandi, verðbólga mikil og tíð stjórnarskipti og efnahagurinn bágborinn. En Ítalir tóku sig á. Þeir lögðu fjármagn, hugvit og hönnun í að þróa ítalskan iðnað og ekki síst fataiðnað. Nú tala menn um efnahagsundur á Ítalíu, ítalskar prjónavörur seljast eins og heitar lummur svo að ekki sé talað um skó og föt, efni og leðurvörur. Og hvers vegna skyldum við með þetta afbragðs hráefni sem við eigum, íslensku ullina, ekki reyna slíkt hið sama? Ég vek athygli á þessu.

Ég mun fara hratt yfir sögu og sleppa því að minnast á margt sem hér hefði getað verið athyglisvert og þess virði að fjalla um það, en þó get ég ekki farið fram hjá því sem segir á bls. 42, með leyfi forseta. Þar er talað um samskipti Íslands við hin fríverslunarlöndin og segir:

„Ekki er ólíklegt að einn liðurinn í nánari samskiptum Íslands við hin fríverslunarlöndin verði aukin samvinna við erlenda aðila og jafnframt aukning á eignaraðild þeirra í fyrirtækjum hér á landi, ekki aðeins iðnfyrirtækjum."

Nú er ekki langt síðan við stóðum hér og ræddum uppboðsmarkaði fyrir fisk og þá var vitnað til greinar í Alþýðublaðinu þar sem hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason hafði látið þess getið í viðtali við Alþýðublaðið að hann fagnaði því að erlendir aðilar eignuðust verulegan eignarhluta í fiskvinnslufyrirtækjum á Íslandi. Hér kom hver þm. um annan þveran og andmælti þessu og tók fast á móti og vakti athygli á því hversu ákaft Íslendingar hefðu barist fyrir því að eiga sjálfræði og sjálfstæði bæði yfir þeim auðlindum sem hafið færir okkur af fiskstofnum og einnig yfir fiskvinnslunni þegar fiskurinn er kominn á land. Og ég vil spyrja: Hvað er átt við með þessu? Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hverju er hann að bjóða heim hér um eignaraðild erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum hér á landi öðrum en iðnfyrirtækjum? Við hvað á utanrrh. þarna? Mér finnst þetta vera umhugsunarvert og alvarlegt mál ef opna á fyrir erlendu fjármagni sem e.t.v. gæti eignast meiri hluta í íslenskum fyrirtækjum.

Um þróunarsamvinnuna vil ég engum orðum fara því að Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mun fjalla um hana. Kaflinn er afar stuttur. Hann lýsir kannske best af öllu því smánarlega framlagi sem við leggjum til þeirra mála.

Ég vil fara lítillega yfir þann kafla sem fjallar um öryggis- og varnarmál. Hér er talað um að varnarmálaskrifstofan fáist í öðru lagi við herfræðileg og hertæknileg málefni sem lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins o.s.frv. Ég mun enn spyrja: Hverjir eru þeir sem þessu sinna? Hve margir eru þeir? Hvernig anna þeir störfum sínum því að þau hljóta að vera geysilega yfirgripsmikil? Og enn fremur: Hvaða menntun hafa þeir til þess?

Það er talað um heildarveltu Fríhafnarinnar sem hefur aukist mjög. Ég spyr: Hvert fór þessi hagnað-

ur? Í hvað var hann notaður?

Einnig er talað um eftirlits- og varnarhlutverk varnarliðsins. Það er talað um á bls. 48: „Jafnframt eftirlitshlutverkinu skipuleggur varnarliðið varnir Íslands í samráði við innlend stjórnvöld." Hvernig fer sú skipulagning fram og hverjar eru þessar varnir? Hæstv. utanrmn. fór í ferð út á Keflavíkurflugvöll fyrir tveim árum, minnir mig. Okkur var kynnt starfsemi flugvallarins. Þá kom skýrt í ljós hjá aðalhershöfðingja á Keflavíkurvelli að það væru engar varnir sérstaklega ætlaðar fyrir Íslendinga. Það voru hernaðarhagsmunir fyrst og fremst sem átti að verja. Við spurðum nákvæmlega út í það: En hvernig á að verja íslensku þjóðina? Það voru engin varnarviðbrögð fyrir íslensku þjóðina, einungis fyrir flugvöllinn, einungis fyrir ratsjárstöðvarnar, einungis fyrir hernaðarmannvirkin. Og því spyr ég: Hvernig skipuleggur varnarliðið nú varnir Íslands í samráði við íslensk stjórnvöld?

Ég sé að framkvæmdir á vegum varnarliðsins eru fyrirhugaðar í vaxandi mæli. Hér eru ráðgerðar skrifstofur, félagsheimili, frekara húsnæði fyrir skrifstofustörf, vegagerð og svo er talað um 250 íbúðir. Er ráðgert að varnarliðsstarfsfólki fjölgi? Hvers vegna er verið að byggja auknar vistarverur fyrir þetta fólk? Það er augljóst af þessum kafla að hernaðarframkvæmdirnar hafa aukist talsvert frá því sem verið hefur og því er Kvennalistinn mótfallinn vegna þess að auknar framkvæmdir hér á landi hvað varðar hernað auka á vígbúnaðarkapphlaupið í heiminum í heild sinni.

Ég mun nú stytta mál mitt, herra forseti. Skýrslunni lýkur á hinni merku samþykkt þingsins um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Því miður er þessi stefna á vissan hátt dautt plagg. Í hvert skipti sem á að nota hana verður hún að þrándi í götu fyrir jákvæðum framkvæmdum. Það eru teknar upp úr henni fullyrðingar, það eru teknar upp úr henni setningar og þeim er beitt á þann veg að þær eru notaðar til að koma í veg fyrir að Íslendingar geti tekið sjálfstætt frumkvæði í afvopnunarmálum á alþjóðavettvangi og hún hefur snúist að mínu viti á vissan hátt upp í andstæðu sína. Í stað þess að vera stuðningur og boðberi góðra mála er hún nú orðin að hindrun og má segja tappa sem rekinn er í flösku. Hún er notuð til að stöðva og koma í veg fyrir og er það miður.

Ég hef ekki minnst á eitt atriði. Ég fann það ekki heldur í þessari skýrslu. Það var friðarárið. Enda virðast flestir hafa gleymt því að á s.l. ári var friðarár Sameinuðu þjóðanna. Því miður var lítið um framkvæmdir til að minna fólka á mikilvægi friðarins. Einhvers staðar í skýrslunni er talað um að Íslendingar þurfi að vanda til samninga, þeir þurfi að stuðla að því að gæði samninga verði góð, verði mikil. Ég mun ekki eyða tíma í að reyna að finna þetta. Það er meira að segja tekið fram að það sé mikilvægt vegna þess að lengi býr að fyrstu gerð. Ef hæstv. utanrrh. heldur þetta held ég að hann ætti að snúa sér að því að koma á friðarfræðslu því að það er alveg rétt hjá honum: Lengi býr að fyrstu gerð.

Til að ljúka máli mínu, herra forseti, langar mig að lesa stuttlega kafla úr nýrri stefnuskrá Kvennalista um friðar- og utanríkismál. Við höfum ekki breytt stefnu okkar. Við höfum einungis sett frekari áherslur. Á þessum fjórum árum sem þingið hefur setið höfum við ötullega talað fyrir friðarmálum og stutt þau á alla lund og sjálfar borið fram ýmsar tillögur um þau efni. Mig langar til að vitna í lokin, með leyfi forseta:

„Íslendingar hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Því er eðlilegt að við gerumst boðberar friðar og afvopnunar í heiminum. Við eigum að láta til okkar taka á alþjóðavettvangi sem friðflytjendur, ekki síst vegna þess að við búum mitt á milli risaveldanna tveggja sem standa vígbúin andspænis hvort öðru.

Um aldaraðir hafa samskipti þjóða einkennst af átökum og vopnaskaki. Valdbeiting, ofbeldi og virðingarleysi við allt sem lífsanda dregur hefur um of verið ríkjandi við stjórnun heimsins. Að baki liggur hugarfar sem er í hrópandi andstöðu við menningu kvenna sem þiggur lífskraft sinn frá endurnýjun lífsins, verndun þess og viðhaldi. Kvennalistinn vill breyta þessu hugarfari. Við verðum að byrja á okkur sjálfum og þeim sem næst okkur standa, en beina síðan sjónum út í hinn stóra heim. Það er sannarlega þörf á nýjum lífsviðhorfum ef okkur á að takast að snúa frá mengun, bágum kjörum heimsins barna og hættunni á gereyðingu.

Íslenskar konur hafa vakið athygli um heim allan vegna aðgerða sinna og nýrra hugmynda í kvenfrelsisbaráttu. Við eigum erindi við heiminn og því teljum við brýnt að efla samskipti við allar þjóðir.

Sú heimsmynd sem blasir við mannkyninu er ekki glæsileg. Hungur, sjúkdómar, fáfræði og atvinnuleysi bíða milljóna manna. Á meðan veltir hluti hins vestræna heims sér upp úr allsnægtum og það sem meira er: leyfir sér að eyða og sóa auðlindum heimsins og menga jörðina sem tilheyrir okkur öllum. Þetta er siðleysi sem ekki lengur má viðgangast.

Mengun sjávar ógnar afkomu Íslendinga um leið og hún er ógnun við allt lífríki jarðar. Því stendur það okkur nærri að vinna gegn mengun, auðlindasóun og gróðureyðingu. Við erum í hópi þeirra þjóða sem eru vel aflögufærar. Okkur ber að leggja okkar skerf til þróunarstarfs meðal þeirra sem þurfa og óska aðstoðar.

Ísland er einn möskvinn í hernaðarneti stórveldanna. Á undanförnum árum höfum við flækst æ fastar í því neti. Hernaðarumsvif hafa aukist verulega á seinni árum. Nýjar vígvélar, olíuhöfn, ratsjárstöðvar og flugskýli sem þola kjarnorkusprengingar.

Kvennalistinn er andvígur hugarfari hermennskunnar. Við viljum stöðva allar hernaðarframkvæmdir hér á landi þegar í stað og vinna gegn öllum hernaðarbandalögum. Það má hins vegar ljóst vera að Ísland losnar ekki úr hernaðarnetinu nema almenningur hér sem annars staðar rísi gegn þeirri hernaðarhyggju sem mótar afstöðu þeirra sem fara

með völdin. Við getum ekki falið örfáum mönnum líf okkar og framtíð. Því tökum við afstöðu með þeim sem vinna að friði í heiminum og stefna að friðlýstu Íslandi án vígbúnaðar í heimi án hernaðarbandalaga.

Við viljum að Ísland og öll Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði, að allar hernaðarframkvæmdir hér á landi verði stöðvaðar þegar í stað, að Íslendingar verði efnahagslega óháðir hernum meðan hann dvelur hér. Að vígbúnaðarkapphlaupið verði stöðvað og að allur vígbúnaður í geimnum verði bannaður, að kjarnorkuveldin lýsi yfir tilraunabanni með kjarnorkuvopn. Við viljum vinna að því að kjarnorkuveldin heiti því að beita ekki kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, að Íslendingar eigi frumkvæði að samningum um afvopnun og Íslendingar standi við gerðar samþykktir um þróunaraðstoð, að tekin verði upp markviss friðarfræðsla í skólum sem og annars staðar, að Íslendingar standi vörð um mannréttindi hvar sem er í heiminum og að sjálfsákvörðunarréttur þjóða verði virtur, að losun geislavirks úrgangs og eiturefna í hafið verði stranglega bönnuð. Við viljum sýna samstöðu og styðja baráttu kvenna um heim allan fyrir lífi jarðarbarna, fyrir friði, frelsi og réttlátri skiptingu jarðargæða."

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

57. fundur, miðvikudaginn 11. mars, að loknum fundi í Sþ.

Tollskrá, 1. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 820.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tollskrá á þskj. 820. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að lækka eða fella niður tolla á ýmsum smávörum. Fyrst og fremst tekur frv. til varnings eins og úra, myndavéla, filma, hljómplatna og nokkurra fleiri vörutegunda sem handhægt er að flytja með sér á milli landa og hefur verið hagkvæmt fyrir fólk að kaupa í smásölu erlendis og flytja með sér hingað til lands. Eins og gefur að skilja hafa slík kaup farið vaxandi með auknum ferðalögum. Verslun með slíkar vörur hefur því í verulegum mæli flust úr landinu eins og innflutningstölur í verslunarskýrslum bera með sér. Samkvæmt þeim er innflutningur á þessum vörum mun minni en vænta má og þar með innlend verslun í þessum vöruflokkum. Af þeim varningi sem einstaklingar hafa með sér frá útlöndum koma í flestum tilfellum engin opinber gjöld. En með þessu frv. er stuðlað að því að verslun með þessar vörur flytjist aftur inn í landið án þess þó að tekin sé óeðlileg áhætta varðandi tekjur ríkissjóðs sem fengi söluskattstekjur af þeirri verslun sem til landsins flyst í stað þeirra takmörkuðu tolltekna sem nú er um að ræða. Um leið er minnkaður sá munur sem er á aðstöðu þeirra sem möguleika hafa á að kaupa vörur sem þessar erlendis og annarra sem ekki hafa aðstöðu til að hagnýta sér slík kaup í ferðalögum.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun tollskrárlaga, eins og kunnugt er og rætt hefur verið um, og ýmissa atriða er snerta tollframkvæmd. Í framhaldi af þeirri endurskoðun liggur nú fyrir Alþingi frv. til tollalaga og samin hafa verið drög að nýrri tollskrá sem þó var ákveðið að leggja ekki fyrir á þessu þingi fyrst og fremst af kostnaðarástæðum. Sú einföldun og lækkun á tollum sem þar er gert ráð fyrir mundi við núverandi aðstæður valda ríkissjóði of miklu óhagræði og af þeim sökum hefur ekki þótt fært að flytja það frv. í heild sinni. Þar hefur verið gert ráð fyrir breytingum í þá átt sem þetta frv. byggist á en það þótti eðlilegt að taka þessa fáu vöruflokka út úr þar sem augljóst er að verslun flyst ekki inn í landið með öðrum hætti. Það er erfitt að leggja nákvæmt mat á tekjubreytingar. Það er þó ljóst að miðað við óbreyttan innflutning í þessum vöruflokkum frá því sem verið hefur mundu tekjur af tollum og vörugjaldi lækka eitthvað en þó mjög mismikið eftir vörutegundum. Það er hins vegar meginmarkmið breytinganna að auka innlenda verslun með þessar vörur og þar með beinar skatttekjur af fyrirtækjum sem stunda verslun með þær og þó öllu fremur söluskattstekjur sem við væntum að muni aukast verulega. Þannig má búast við að tekjutapið vinnist upp að verulegu leyti. Að sjálfsögðu verður þó ekki endanlega úr því skorið fyrr en að fenginni reynslu.

Hér er um vöruflokka að ræða sem bæði snerta hag almennings og eins er um að ræða liti til listmálunar sem snerta að vísu fámennan hóp manna en hagsmuni hóps sem iðkar mikilvæg störf í okkar þjóðfélagi.

Ég vænti þess að þetta tiltölulega einfalda mál geti fengið greiða og skjóta meðferð hér í hv. deild og legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég tel nú lítil vandkvæði á því að greiða götu þessa tiltölulega litla máls en bæði í tilefni af orðum hæstv. ráðh. þar sem hann vék að nýjum lögum, heildarlögum, um tollskrá og líka minnugur þess hvernig menn töluðu í upphafi þessa kjörtímabils af hálfu Sjálfstfl. Minnist ég þá m.a. orða hv. 4. þm. Norðurl. v. um það að nauðsynlegt væri að gera heildarendurskoðun á tollheimtu hér á landi með tilliti til þess að draga úr henni, um það að fella niður vörugjald að hluta o.fl. Þá vildi ég mega spyrja um það frv. sem ráðherrann sagði að menn hefðu ekki treyst sér að flytja hér á þessu þingi, eins og hann orðaði það, vegna þess óhagræðis sem það skapaði fyrir ríkissjóð. Ég kýs að skilja orðið „óhagræði" þannig að hann hafi verið að tala um að

það dragi mikið úr tekjum ríkissjóðs, þ.e. það þýddi á máli fjmrh. tekjutap sem hins vegar aftur á móti gæti líka skoðast sem ákveðinn ávinningur fyrir landsmenn, kjarabót, og á þeim nótum voru hugmyndir manna um tollalækkanir ræddar í upphafi kjörtímabilsins að þær væru mál sem stuðlað gæti að verulegri kjarabót. Þess vegna vildi ég aðeins spyrja fjmrh. hvort menn megi vænta þess í þeim lögum, sem hann segir vera í undirbúningi en að menn hafi ekki treyst sér til að flytja frv. um núna, að þar séu á ferðinni hugmyndir um stórfellda eða verulega lækkun tolla.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv. vil ég minna á að á starfstíma þessarar ríkisstjórnar hafa verið teknar ákvarðanir um verulegar lækkanir á tollum einmitt í þeim tilgangi að stuðla að kjarabótum og verulegur hluti þessara tollalækkana hefur einmitt komið fram í beinum samningum ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til þess að treysta kaupmátt og halda niðri verðbólgu. En vegna þeirra tillagna sem fyrir liggja um heildarendurskoðun á tollskránni er þess að geta að þar er gert ráð fyrir verulegri einföldun á henni, einföldun á tollálagningu, fækkun tollflokka og lækkun tollálagningar. Það er rétt skilið hjá hv. þm. að þessar breytingar mundu hafa í för með sér þó nokkra viðbótartekjulækkun fyrir ríkissjóð frá því sem orðið er eftir þær verulegu tollalækkanir sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um og fyrir þá sök þótti ekki fært miðað við rekstrarafkomu ríkissjóðs að leggja málið fram við svo búið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, 2. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 19, n. 814, brtt. 815.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Það var haft það vinnulag eins og áður við þetta frv. að undirnefnd beggja þingnefnda, allshn. Nd. og allshn. Ed., fór yfir þær umsóknir sem fyrir lágu. Ólafur Ólafsson fulltrúi skrifstofustjóra Alþingis vann með nefndinni eins og fyrr.

Á þskj. 815 er flutt brtt. við frv. frá allshn. og er þar listi yfir 59 einstaklinga sem uppfylla að mati nefndarinnar þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þennan lista, hann liggur hér fyrir á þingskjalinu. Hins vegar vil ég geta þess að sumir þessara aðila öðlast réttinn síðar á þessu ári vegna þess að þeir hafa þá náð að uppfylla skilyrðin. Þessar dagsetningar koma fram á þingskjalinu.

Með þessari brtt. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 815 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548, n. 822.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um það frv. sem hér liggur fyrir og leggur til að það verði samþykkt. Þetta er frv. sem búið er að fá umfjöllun í Nd. án athugasemda og það er á sama veg hjá okkur. Þetta er frv. sem fjallar raunverulega um staðfestingu á þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á milli sjómanna og útvegsmanna. Það er verið að breyta svokölluðu skiptahlutfalli sem er hér inni í lögum og þar sem þetta eru veigamiklar breytingar sem gerðar voru vegna afnáms sjóðakerfisins s.l. vor telja aðilar nauðsynlegt að fá þessu breytt með lagaákvæðum sem hér er lagt til að gert verði. Þetta er algjört samkomulagsmál milli þeirra aðila sem þetta mál snertir og þarf því ekki að hafa fleiri orð hér um, aðeins ítreka að lagt er til að frv. fái greiðan aðgang í gegnum þessa hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

58. fundur, miðvikudaginn 11. mars, að loknum 57. fundi.

Ríkisborgararéttur, 3. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 851.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 311. mál (skiptahlutfall). — Þskj. 548.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 703, n. 832.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru á liðnu vori og hafa raunar gegnt þeim tilgangi sem þeim var ætlað en formsins vegna þykir eðlilegt að þau fái hér staðfestingu og nefndin er sammála um að svo skuli gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál (barnalífeyrir vegna skólanáms). — Þskj. 767, n. 839.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um almannatryggingar. Eins og kom fram réttileg ábending um er þetta frv. flutt af allshn. Nd. Þetta er algjört samkomulagsmál og leggur nefndin til að málið verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986. Hér er um litla breytingu að ræða: Aftan við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist, þ.e. um dráttarvaxtatöku, að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

Ég þarf ekki að lýsa þessu. Það kemur fram í athugasemdum með frv. Þetta er gert til þess að gefa möguleika á að taka tillit til þessara erfiðleika hjá þeim meðlagsgreiðendum sérstaklega sem eru t.d. með 4–10 börn á framfærslu og skulda háar fjárhæðir. Það er verið að reyna að milda þetta en stjórn stofnunarinnar telur sig ekki hafa lagarétt til þess að beita slíkum samningum þar sem lögin gera fortakslaust ráð fyrir að dráttarvextir skuli teknir og á lagðir. Ég hef rætt um þetta við alla forustumenn þingflokkanna hér á Alþingi og það varð samkomulag um að gera þessa litlu breytingu á lögunum af þessum sökum og hleypa því hér í gegnum afgreiðslu þingsins á þeim stutta tíma sem eftir lifir. Þess vegna skal ég ekki hafa um þetta lengra mál en óska þess að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

59. fundur, miðvikudaginn 11. mars, að loknum 58. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 703.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. allshn. Nd., 410. mál (barnalífeyrir vegna skólanáms). — Þskj. 767.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 854).

NEÐRI DEILD

62. fundur, miðvikudaginn 11. mars, að loknum fundi í Sþ.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569, n. 816.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 23 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. Nd. hefur athugað þetta frv. Á fund nefndarinnar kom Ragnhildur Hjaltadóttir. Lög sem gilda um lögskráningu sjómanna eru frá 1961. Þetta frv. er til að gera skýrari ýmis ákvæði og miða við breyttan tíma. Nefndin er sammála því að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun, 2. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 698, n. 790.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. Nd. Alþingis hefur að undanförnu fjallað um frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Á fundi nefndarinnar komu Pétur Einarsson flugmálastjóri, Jóhann H. Jónsson skrifstofustjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri, Birgir Guðjónsson deildarstjóri og Leifur Magnússon framkvæmdastjóri.

Fyrir nefndinni lá að fjalla um fyrrgreint frv. sem byggt er á tillögu flugmálanefndar, sem kölluð hefur verið, er skipuð var af samgrh. þann 6. febr. 1984. Nefndin skilaði frá sér ítarlegri skýrslu í október 1986. Álit nefndarinnar telur um 130 bls. og með því fylgja þrír viðaukar.

1. Nákvæm kostnaðaráætlun fyrir hvern einstakan flugvöll.

2. Skýrsla um könnun meðal innanlandsfarþega allra félaga á árinu 1985.

3. Skýrsla um áhrifavalda um framtíðarþróun flugumferðar.

Verkefni nefndarinnar voru samkvæmt skipunarbréfi eftirfarandi:

Nefndin semji áætlun um almenna flugvelli sem taki til framkvæmda við flugbrautir, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Enn fremur var nefndinni falið að fjalla um flugvöll á Egilsstöðum og um flugstöð á Reykjavíkurflugvelli og um stað fyrir varaflugvöll á Íslandi vegna millilandaflugs.

Í því lagafrv. sem hér liggur fyrir er nær eingöngu fjallað um almenna flugvelli og framkvæmdir tengdar þeim.

Fjórir meginþættir koma fram í áliti flugmálanefndar.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að íslenskir flugvellir verði flokkaðir í fimm flokka. Beitt verði alþjóðlegri skilgreiningu og fylgt alþjóðlegum stöðlum alls staðar sem því verður við komið og landfræðilegar ástæður hamla ekki og reynt verði að fylgja alþjóðlegum tilmælum til hins ýtrasta. Með þessu hefur nefndin tekið af skarið um það hvernig byggja eigi íslenska flugvelli, en til þessa dags hefur vantað eina

ákveðna stefnumörkun í þeim málum.

Í öðru lagi hefur nefndin lagt til hvaða útbúnaður skuli vera á flugvöllum. Í 30 atriðum hefur verið sundurliðað hvers konar búnaður skuli vera á áætlunarflugvöllum og lendingarstöðum.

Þá hefur nefndin í þriðja lagi gert tillögur um forgangsröðun framkvæmda á flugvöllum. Þau atriði eru tíu talsins og er byggt á sameiginlegri niðurstöðu frá öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna, flugmálastjórn og flugráði. Sú ákvörðun er mjög leiðbeinandi um vinnubrögð um forgang verkefna og mikilvægt að eftir henni verði farið. Þar er gert ráð fyrir að fyrst verði lokið flugbrautum og hlaði ásamt nauðsynlegum öryggissvæðum og merkingu hindrana og að hindranir verði fjarlægðar þar sem því verður við komið og athafnasvæði flugvallanna verði girt. Þar á eftir komi nauðsynlegar byggingar fyrir tækjabúnað og þá slökkvi- og björgunarbúnaður. Næsta stig verði snjóhreinsibúnaður og nauðsynlegur búnaður til þeirra hluta. Þar á eftir komi blindflugsbúnaður, hvort sem það eru rafeindatæki eða ljósabúnaður og loks verði malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð á öllu athafnasvæði flugvéla.

Þá hefur nefndin framkvæmt mikla vinnu við að raða áætlunarflugvöllum í forgangsröð. Notuð var stærðfræðileg aðferð til að finna út vægi hvers flugvallar. Var þá stuðst við farþegatölur á árunum 1984–1985 og flutningi á þessum tveim árum um viðkomandi flugvöll gefinn margföldunarstuðull. Þá var reynt að ákveða verkefni flugvallarins, þ.e. landsflugvöllur, svæðisflugvöllur eða safnflugvöllur. Og í þriðja lagi eru sveitarfélögum eða svæðum gefin einangrunarstig. Þannig hefur Reykjavík lægsta einangrunarstig, en t.d. Grímsey hæsta einangrunarstig.

Í fjórða lagi hefur nefndin í framhaldi af þessum ákvörðunum gert kostnaðaráætlun um uppbyggingu íslenskra flugvalla. Kostnaðaráætlunin miðast við að framkvæmdum ljúki á tíu árum. Í heildina kosta endurbætur á íslenskum flugvöllum rúma 2 milljarða kr. á verðlagi í byrjun síðasta árs. Þar af eru áætlunarflugvellir I með 40,5% fjármagn eða rúmlega 810 millj., áætlunarflugvellir II eru með 16,7% eða rúmar 336 millj., áætlunarflugvellir III með 32,2% eða rúmar 647 millj. Lendingarstaðir eru með 3,1% eða rúma 61 milljón. Þá er enn fremur áætlað í nauðsynlegan flugleiðsögubúnað 4,1%, 86 millj. rúmar, innifalið í þessari fjárhæð, en utan áætlunar sjálfrar eru sérstök verkefni sem eru svo fjárfrek að talið er rétt að þau verði sérgreind. Þar er um að ræða í fyrsta lagi endurnýjun á malbiki Reykjavíkurflugvallar sem kostar tæpar 90 millj. kr. á verðlagi síðasta árs, nýja flugbraut á Egilsstöðum sem kostar 160 millj. kr. á verðlagi í byrjun síðasta árs og flugstöð í Reykjavík sem kostar 260 millj. kr. á sama verðlagi.

Að baki þessum áætlunum liggur mjög nákvæm kostnaðarsundurliðun þar sem farið er yfir framkvæmdaþætti á hverjum einasta flugvelli landsins og byggt á byggingarvísitölu og erlendum gjaldmiðli eftir því sem við á. Kostnaðaráætlun er þannig til búin að við hana má styðjast allt framkvæmdatímabilið. Þegar framkvæmdum er lokið má strika þær út úr áætlun og sjá þannig á hverjum tíma hvað mikið er eftir ógert. Þá er einnig auðvelt að gera sér grein fyrir kostnaði sem eftir er á hverjum tíma því að auðvelt er að uppfæra verð.

Rétt er að leggja áherslu á að þó að flugvöllum sé raðað í áhersluröð hefur það í sjálfu sér lítið vægi og mun væntanlega ekki valda mikilli mismunun umfram það að framkvæmdir í tilteknum flugvelli gætu orðið ári seinna á ferðinni en ella, þ.e. ef hann væri fyrr í framkvæmdaröðinni. Nefndin tók hins vegar ákvörðun um að raða flugvöllunum í ákveðna flokka, þ.e. eins og áður tilgreindi áætlunarflugvelli I, II og III, og síðan lendingarstaði í IV. og V. flokki. Ekki er víst að allir séu ánægðir og ásáttir með þessa röðun. T.d. kom fram í nefndinni að það væri mjög mikil spurning hvort flugvellirnir í Aðaldal og Vestmannaeyjum ættu ekki frekar að vera í fyrsta flokki en í öðrum eins og er raðað í þessari skýrslu.

Herra forseti. Ég vek athygli á prentvillu sem er í 2. mgr. 7. gr. frv. og fer fram á við forseta að hún verði leiðrétt. Í ákvæðinu er talað um börn innan eins árs aldurs sem undanþegin eru gjaldskyldu, en á að vera börn innan tveggja ára aldurs eins og sjá má af 8. og 9. gr. frv. sem fjalla um upphæð flugvallagjalds og gjaldskyldu. Samkvæmt þeim greinum skal ekkert gjald greiða fyrir yngri farþega en tveggja ára. Í grg. með þessum ákvæðum frv. segir að þau séu í samræmi við ákvæði laga nr. 8 frá 1976, um flugvallagjald, en þar er ávallt rætt um börn innan tveggja ára aldurs. Þessu til frekari skýringar má enn fremur benda á skýrslu flugmálanefndar sem er fylgiskjal með frv. Í VII. kafla skýrslunnar er tillaga að lagafrv. og er þar í 2. mgr. 7. gr. á bls. 113 talað um börn innan tveggja ára aldurs. Leiðrétting þessi er gerð í samráði við formann samgn. Ed. Ég óska eftir því við forseta að hann leiðrétti þetta við atkvæðagreiðslu á eftir.

Nefndin er sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Okkur hafa borist í hendur veruleg gögn í flugmálum og ég þakka fyrir þá miklu vinnu sem greinilega hefur verið lögð í þetta, en spyr aftur á móti hvort sumt í þeirri flokkun, sem hér er sett fram, orki ekki verulega tvímælis. Það fer ekki á milli mála að við lifum á þeirri tækniöld að það segir nánast minnst um öryggi flugvallar hvort hann er 600 m, 800 m, 1200 m eða 2000 m. Það er flugvélin, tegund hennar, sem ætlar að lenda á viðkomandi velli, sem segir allt um þetta. Sumar flugvélar hefja sig lóðrétt til lofts og getur þess vegna varla talist að það sé neitt óeðlilegt þó að þangað væri þyrluflug á viðkomandi völl eða með öðrum þeim tegundum sem henta til flugs á mjög stuttar brautir. Ég tel að sú flokkun sem framkvæmd hefur verið hér, að

sleppa því að tala um það sem raunhæfan kost að áætlunarflugvellir séu til styttri brauta en 800 m, sé byggð á hreinni vanþekkingu. Mér er ljóst að það er ekki sama hvaða flugvélategund er um að ræða, en það eru til þær flugvélategundir sem eiga auðvelt með að lenda á flugvöllum með stuttum brautum. Mér finnst að það sé að ástæðulausu með því að setja þetta upp á þennan hátt verið að skapa vissan ótta hjá fólki við að fljúga til ákveðinna staða. Mér fyndist að það hefði verið miklu eðlilegra að allir þeir vellir sem í dag eru notaðir sem áætlunarflugvellir hefðu haft rými innan þess ramma sem hér er, en svo hefðu verið sett inn ákvæði um hvaða flugvélategundum væri heimilt að stunda áætlunarflug til ákveðinna staða.

Það er nú einu sinni svo að það er misjöfn aðstaða til að búa til brautir af þeirri lengd sem farið er eftir og það er einnig misjöfn aðstaða frá náttúrunnar hendi hvort það séu nægilega stór öryggissvæði. Við erum með flugvelli í þessu landi sem þverbrjóta alþjóðlega staðla í þessum efnum. Það kallar á að það sé mjög gáð að sér með hvaða flugvélategundir eru notaðar til flugs á viðkomandi staði og það kallar á enn þá meira aðhald gagnvart veðri, en ég tel að það sé rangt að ala á sérstökum ótta við að fljúga á ákveðna staði, eins og mér sýnist að sú uppsetning sem er viðhöfð á 3. gr. beinlínis geri.

Ég held að það þurfi vissulega að gæta alls öryggis og mun í engu leggjast gegn slíkum hlutum, en mér finnst aftur á móti að ýmsar setningar sem snerta þetta öryggi sveiflist til í hugum manna, stundum eftir atburðum sem hafa verið að gerast, og það sé ekki beint samræmi á milli skoðana þeirra manna sem fljúga á þessa staði og annarra. Flugslys munu eilíflega eiga sér stað í landinu. Þau eru óumflýjanleg. Mér er sagt að yfir höfninni í Hamborg í Vestur-Þýskalandi hafi þeir skráð, Þjóðverjarnir: „siglingar eru nauðsyn en lífið ekki“ og kannske viljað undirstrika á þann hátt að menn þyrftu að halda uppi samgöngum þó að því fylgdi áhætta.

Mér þótti það fádæma ósmekklegt þegar flugslys varð á Ísafjarðardjúpi og engin rannsókn hafði farið fram á orsökum slyssins að hafið var aðkast að ákveðnu flugfélagi og það var tekin ákvörðun um að breyta áður samþykktum reglum um hvenær væri heimilt að fljúga til Ísafjarðar. Svona getur engin yfirstjórn, sem er ábyrg, starfað að mínu viti.

Í mjög málefnalegri grein eftir ungan Vestfirðing rakti hann kosti þess að leyfa flug til staðarins á rýmri tíma og vakti m.a. athygli á því að það gæti stuðlað að mun meira öryggi í flugi ef það yrði leyft en ef það yrði þrengt. Þá hlýt ég að spyrja þegar ég rekst á slíka hluti hvort menn sveiflist til í afstöðu eftir slysum sem geta átt sér stað og munu eiga sér stað.

Ég er þeirrar skoðunar að við búum á margan hátt við sérstæða aðstöðu í flugmálum og samgöngumálum almennt. Við höfum ekki varið því fjármagni til uppbyggingar flugvallanna sem nauðsynlega hefði þurft að verja. Við búum líka við þær aðstæður í þessu landi að stórir staðir eins og Ísafjörður hafa ekki nægilega góða möguleika landfræðilega til að hafa þar flugvöll. Það eru fleiri staðir á Vestfjörðum sem búa við þetta. Lítill staður eins og Súgandafjörður býr við þetta líka.

En því vek ég athygli á þessu hér að mér finnst að efnisumfjöllun sums staðar í þeim athugasemdum sem hér eru sé dálítið sérstæð. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, seinustu setninguna í umsögninni um Súgandafjörð og vona að þeir sem hér eru inni skilji: „Flug til þess flugvallar þennan flugvöll er varasamt.“ Ég skil ekki uppbygginguna á þessari setningu, en það má vel vera að menn skynji hvað þarna er verið að tala um.

Ég tel að það sé samt svo að sem heild beri að þakka fyrir framlagningu þessa frv. og það mikla verk sem hér er unnið, eins og ég gat um áðan, þó ég sé ósáttur við suma hluti og framsetningu þeirra og hefði talið að önnur framsetning hefði verið betri.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja langa ræðu almennt um flugmál þó að það væri út af fyrir sig áhugavert að ræða þau mál nú sem endranær. Í sambandi við afgreiðslu þessa frv. er rétt að undirstrika, m.a. vegna orða síðasta ræðumanns, að það stendur ekki til að Alþingi afgreiði þá skýrslu flugmálanefndar sem er birt sem fskj. með frv. og hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, hv. 5. þm. Vestf. Það kann vel að vera að þar orki ýmislegt tvímælis og ég vil taka það sérstaklega fram að ég hefði mikla fyrirvara á ef ég ætti að samþykkja eða afgreiða með einhverjum hætti þetta fskj. Ég er hins vegar stuðningsmaður frv. eins og það liggur hér fyrir. Í því felst fyrst og fremst tvennt. Það er annars vegar að samþykkt verða lög um gerð svonefndrar flugmálaáætlunar sem kemur þá til kasta Alþingis að afgreiða á næsta þingi og í öðru lagi er samþykkt fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Þetta hvort tveggja styð ég og held að það sé mjög brýnt að nái fram að ganga.

Mínir fyrirvarar, sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls, viku fyrst og fremst að tvennu. Það var annars vegar að því að ég hefði talið æskilegt að binda með fastari hætti en lögin gera ráð fyrir framlög ríkisins til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum sem einhvers konar fast hlutfall. Það hefur ekki náðst um það samstaða og ég fellst á að styðja afgreiðslu laganna þó svo sé, en ég hefði engu að síður talið hitt æskilegra þannig að framkvæmd flugmálaáætlunar í framtíðinni væri síður stefnt í óvissu vegna þess að framlög ríkisins á móti hinum mörkuðu tekjustofnum yrðu óviss.

Síðari fyrirvari minn laut að flokkun þeirri sem gert er ráð fyrir að þál. um flugmálaáætlun byggi á og getið er um í 3. gr. laganna, en að athuguðu máli og m.a. eftir upplýsingar frá flugmálastjóra, sem fullyrðir að sú flokkun muni í engu skerða möguleika flugvalla til að færast á milli ef aðstæður breytast, færast til að mynda úr flokki II í flokk I eða

með einhverjum öðrum hætti færast til, þá get ég fallist á að slík flokkun er til nokkurs hægðarauka og það kann að vera skynsamlegt að greina flugvellina þannig í sundur m.a. til þess að þeir falli betur að þeim alþjóðlegu stöðlum í flugmálum sem við hljótum að byggja okkar mannvirki, flugvelli og tæki á eins og aðrar þjóðir.

Ég vísa til framsöguræðu hv. formanns og frsm. samgn. sem gerði grein fyrir þeim umræðum sem urðu um þetta tiltekna atriði í nefndinni og með þeim fyrirvara styð ég samþykkt þessa frv. og hef skrifað undir nál. án fyrirvara.

Birgir Ísl. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hér talaði síðast, tók næstum af mér ómakið þannig að ég þyrfti ekki að koma í ræðustólinn, en ég vildi með örfáum orðum skýra hv. 5. þm. Vestf. frá á hvaða grunni þessi flokkun flugvalla eftir lengd væri byggð. Hann lét að því liggja að hún væri byggð á ókunnugleika og væri til þess fallin að hræða fólk frá því að fljúga til flugvalla sem ekki féllu í fyrstu flokkana. Ástæðan fyrir því að þessi skilgreining er notuð, en nánari lýsingu á henni er að finna í sjálfri skýrslunni sem er fskj. með frv. á bls. 52, er að samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er flugvöllum eða flugreinum við flugvelli skipt eftir lengd flugreina og síðan fylgja því alþjóðlegir öryggisstaðlar hvaða útbúnaður eigi að vera á hverjum flugvelli fyrir sig eftir lengd. Við höfum reynt að fylgja þessum alþjóðlegu stöðlum þar sem það er mögulegt, en vitandi um að það er ekki hægt alls staðar á Íslandi vegna þess að aðstæður eru þannig, t.d. þrengir landslag aðflug o.þ.h., hefur verið gripið til þess að kalla það „íslenskan staðal" sem hefur í sér fólgin nokkur frávik frá hinum alþjóðlegu ICAO-stöðlum. Þetta er fyrst og fremst flokkun sem byggir á alþjóðlegum stöðlum og er talið nauðsynlegt að fella íslenska flugvelli undir þá staðla því að við viljum að okkar flugvellir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til flugvalla á alþjóðlegum vettvangi.

Hitt er svo annað mál að það í hvaða flokk hver flugvöllur fellur hlýtur að koma til stöðugs endurmats og á engan hátt bundið í lagafrv. hvaða flugvöllur fellur í hvaða flokk fyrir sig.

Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri í tilefni af orðum hv. 5. þm. Vestf.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það eru orðin æðimörg ár síðan ég eitt sinn flutti hér á þingi till. um öryggismál flugvalla. Það eru líklega 20–30 ár. Síðan hefur ýmislegt gerst. En ég vil nota tækifærið og fagna því að hér hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum og enda þótt ég hafi ekki haft tækifæri til að skoða þetta mál mjög ítarlega fagna ég því að þessi áætlun og þetta mál eru nú fram komin og lýsi því yfir að ég veiti því minn stuðning.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 560, n. 829, brtt. 728, 787, 823.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. félmn. Nd., en hún hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt með nokkrum breytingum sem eru á sérstöku þskj., nánar tiltekið á þskj. 823. Þess skal þó getið að hv. þm. Karvel Pálmason og Guðmundur J. Guðmundsson skrifa undir nál. með fyrirvara og enn fremur vil ég að það komi fram að Gunnar S. Björnsson, en hans er getið í nál., er formaður Meistarasambands byggingamanna og á sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Þetta frv., sem hér er nú til umræðu, fjallar einkum um fjögur atriði:

1. Skv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að lánsréttur einstaklinga sem eiga lánsrétt samkvæmt þessum lögum, sem hafa verið í gildi frá því í vor, miðist við að borgað hafi verið í lífeyrissjóði í samtals 20 mánuði á undanförnum 24 mánuðum en ekki að um 24 mánuði þurfi að vera að ræða eins og er í gildandi lögum.

2. Í þessu frv. í 3. gr. er tryggt að öryrkjar og fatlaðir og stofnanir sem hafa að markmiði að byggja fyrir öryrkja og fatlaða geta sótt um í hinu almenna kerfi og hlotið lán með sömu skilmálum og um getur í lögunum. Þó þurfa stofnanir að hafa starfsleyfi hlutaðeigandi ráðuneytis.

3. Komið er til móts við námsmenn, í fyrsta lagi þá sem hafa tekið námslán áður og fá þeir rétt til lána samkvæmt ákvæðum bráðabirgðaákvæðis. Eftir þetta ár gildir það sama um námsmenn eins og aðra að þeir þurfa að hafa greitt iðgjald til lífeyrissjóðs í 20 mánuði samtals á undanförnum 24 mánuðum.

4. Fjallað er um stærðarreglur, en þær reglur sem nú eru í gildi og voru tiltölulega einfaldar á pappírnum reyndust nokkuð erfiðar í framkvæmd að sögn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hér er gerð tilraun til að gera reglurnar betri með því að vitna til staðla sem um getur í c-lið 2. gr. frv. Eftir talsverðar umræður í nefndinni var þó lagt til að ekki væri beinlínis miðað við íslenskan staðal nr. 50 í lagagreininni heldur yrðu stærðarmörkin samkvæmt reglugerð þar sem skýrt væri tekið fram hvert sé nýtingargildi húsnæðis.

Um þetta flytur félmn. brtt. sem er önnur brtt. á þskj. 823, b-liður. Að öðru leyti eru brtt. varðandi fyrirsögn frv. þar sem hún er stytt og 1., 3. og 2. brtt. a er í framhaldi af þeirri styttingu.

Herra forseti. Það liggja fyrir brtt. fluttar annars vegar á þskj. 728 frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni og hins vegar á þskj. 787 frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur. Varðandi fyrri till. á þskj.

728 skal það tekið fram að þær till. fjalla um allt önnur efnisatriði en verið er að breyta með því frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi. Aðspurður sagði Ásmundur Hilmarsson á nefndarfundi að hann teldi ekki hyggilegt að breyta lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins og koma inn í þau nýjum atriðum á þessu stigi málsins því að reynslutími þyrfti að verða á lögunum eins og þau eru nú í gildi áður en svo stórvægilegar breytingar yrðu teknar til greina. Aðspurður sagði hann jafnframt að hann teldi hæfilegan reynslutíma vera tvö ár. Þess vegna fellst meiri hl. hv. nefndar ekki á að styðja þessar till. sem um getur á þskj. 728.

Varðandi brtt. á þskj. 787 sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flytur ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur skal það tekið fram að fyrri hluti till. beinist að því að reyna að koma í veg fyrir að sjálfvirkni lána verði til þess að þeim sem jafnvel eru að minnka við sig húsnæði eða hafa ekki að öðru þörf fyrir lán úr Byggingarsjóði ríkisins verði ekki gefinn kostur á sams konar lánum og öðrum. Af þessu tilefni tel ég rétt að lesa bréf sem nefndinni barst frá Alþýðusambandi Íslands en þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundi miðstjórnar ASÍ í gær var rætt um þann biðtíma sem nú blasir við og fer vaxandi í nýja húsnæðiskerfinu. Þó miðstjórn telji ekki að kerfið sé sprungið telur hún nauðsynlegt að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til þess að stytta biðtímann. Því telur miðstjórn rétt að í lögunum verði heimild til takmörkunar á þeirri sjálfvirkni í lánveitingum sem nú er. Þá bendir miðstjórn á að fjárveiting frá ríkissjóði hafi verið skorin verulega niður frá síðasta ári. Úr því verður að bæta því kerfið lendir augljóslega í erfiðleikum ef fjárveiting helst ekki a.m.k. óbreytt að raunvirði. Treystir miðstjórn því að félagsmálanefnd beiti sér fyrir því að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar.“ Undir þetta ritar Ásmundur Stefánsson, en bréfið er dagsett 27. febr. 1987.

Það er álit meiri hl. nefndarinnar að hægt sé að koma til móts við þau sjónarmið sem koma fram í bréfi Alþýðusambands Íslands, svo og í 1. brtt. á þskj. 787 án þess að það sé gert með lagabreytingu. Vaxtaupphæðin er ekki tiltekin í lögum og stjórn Húsnæðisstofnunar og ráðherra geta með reglugerð gert mun á vöxtum ef svo ber undir. Þetta er álit meiri hl. nefndarinnar og ég vil að það komi hér fram.

Varðandi síðari liðinn á þskj. 787 vil ég segja það að nú þegar hefur aukafjárveiting fengist fyrir 150 millj. sem eiga að renna til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. en nefndin leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem lýst er á þskj. 823 og meiri hl. nefndarinnar mun leggjast gegn öðrum brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dráttarvextir, 1. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti. Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. deildarinnar eða nánar tiltekið þeim hv. þm. Páli Péturssyni, Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Ólafi G. Einarssyni og Halldóri Blöndal auk þess sem hér flytur sitt mál.

Þetta frv. er í nokkrum köflum. Gert er ráð fyrir samkvæmt frv. að breyta lausafjárkaupalögunum, víxillögum, tékkalögum, lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og loks vátryggingasamningalögunum. Öll ákvæðin í þessu frv. miðast við það að í stað sérstakra ákvæða um dráttarvexti verði dráttarvaxtakafli frv. til vaxtalaga sem er á þskj. 564, þau ákvæði komi í staðinn fyrir þessi sérstöku ákvæði.

Það er óþarfi, herra forseti, að hafa mörg orð um þetta mál. Þetta frv. var birt sem fylgiskjal með frv. til vaxtalaga og hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir þessum málum í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir frv. til vaxtalaga.

Þar sem þetta mál hefur þegar verið skoðað í nefnd er óþarfi að því verði vísað til hv. nefndar aftur og geri ég því að tillögu minni að því verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 623 (sbr. 597), n. 827, brtt. 653, 819.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 827 um frv. til umferðarlaga.

Nefndin hefur ekki haft langan tíma til þess að fjalla um svo viðamikið og mikilvægt mál sem hér er á ferðinni. Frv. var vísað til nefndarinnar er það var lagt fyrst fram í Ed. þann 25. febrúar s.l. eða fyrir 13 dögum og hefur nefndin síðan haldið marga fundi

um frv. vegna þess að tíminn er mjög naumur orðinn þar til þinglausnir fara fram en hér er á ferðinni mál sem full ástæða er til að þetta þing sem nú situr láti verða af því að afgreiða. Þar af leiðir að segja má að nefndin hafi lagt nótt við dag til þess að fjalla um frv. og þær breytingar sem á því voru gerðar við meðferð þess í Ed. Niðurstaðan hefur orðið sú að nefndin leggur til 40 brtt. við frv. eins og það kom frá Ed. að vandlega athuguðu máli. Nefndinni er ljóst að svo margar brtt. munu ekki auka frv. byr hér í gegnum þingið en hins vegar þótti allshn. vera enn þeir gallar ýmsir á frv., bæði að því er varðaði málfar en einnig efnisatriði, að óhjákvæmilegt væri, þrátt fyrir fullan vilja að stilla brtt. sem mest í hóf til þess að flýta málinu hér í þinginu, að gera þó þær brtt. sem hér liggja fyrir.

Ég minni á það í þessu sambandi, þegar ég ræði um nauðsyn þess að Alþingi láti nú verða af því að afgreiða þetta frv. til umferðarlaga, að það hefur legið lengi fyrir Alþingi. Það hefur verið borið fram á síðustu tveimur þingum, þetta er þriðja þingið sem frv. er borið fram á, án þess að hljóta afgreiðslu. Þegar frv. var til meðferðar á síðasta Alþingi lágu fyrir margvíslegar umsagnir margra aðila. Við þinglok í fyrra hafði allshn. Ed., sem hafði frv. til athugunar, ekki lokið yfirferð sinni á því og umsögnum þeim sem borist höfðu. Til þess að undirbúa frv. fyrir það þing sem nú situr skipaði dómsmrn. þann 12. maí 1986 fjóra þm. úr allshn. í sérstaka milliþinganefnd til þess að endurskoða frv., m.a. með hliðsjón af athugasemdum og umsögnum sem fram höfðu komið. Jafnframt var ákveðið að Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri dómsmrn. skyldi starfa með nefndinni af hálfu ráðuneytisins.

Þessi milliþinganefnd, sem hafði frv. í allt sumar til sérstakrar skoðunar, skilaði niðurstöðu sinni til ráðuneytisins með bréfi dags. 6. okt. 1986. Þá hafði fjöldi skriflegra athugasemda, umsagna og ábendinga borist til viðbótar. Ed. hefur síðan haft málið til umfjöllunar og því er vísað til Nd. og þá allshn. þann 25. febrúar s.l.

Miðað við að þetta er þriðja þingið sem fjallar um málið er vissulega full ástæða til að freista þess að fá það afgreitt sem lög á þessu þingi, ekki síst vegna þess að sú umferðarlöggjöf sem nú er í gildi í landinu og er að vísu í lagasafninu merkt árinu 1968 er engu að síður að stofni til 10 árum eldri, frá því að Íslandi voru í fyrsta sinn sett heildstæð umferðarlög árið 1958, orðin 30 ára gömul. Það er ljóst að ýmsu þarf að breyta. Allshn. hefur átt viðræður við ýmsa aðila sem hún kvaddi til fundar til að fjalla um frv. Ég nefni sérstaklega fulltrúa dómsmrn., Ólaf W. Stefánsson, sem mikinn þátt hefur átt í fyrstu gjörð frv. og unnið með efrideildarnefndinni og milliþinganefndinni og reynst allshn. Nd. mjög nytsamur að því er ráðleggingar og starf varðar. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum sérstaklega fyrir hans starf að þessu máli. Jafnframt komu á fund nefndarinnar fulltrúar Umferðarráðs, lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, umferðarnefndar Reykjavíkur og Ökukennarafélags Íslands. Nefndinni bárust einnig á þeim stutta tíma sem hún hafði málið til umfjöllunar allmörg erindi um efni frv. sem nefndin hefur fjallað um.

Eins og fram kemur í nál. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj., þskj. 819. En jafnframt tekur nefndin sérstaklega fram í nál. sínu að hún telur nauðsyn á að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám, annaðhvort í sérstökum lögum eða reglugerð, þar sem ítarlegar verði fjallað um þessa tvo mikilvægu málaflokka en gert er í frv. Nefndin var þeirrar skoðunar að þó að mjög mikilvægt væri og kannske eitt mikilvægasta atriðið til að bæta ökumenningu á Íslandi og draga úr slysum væri að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám væri hæpið að taka það á þessu stigi inn í frv. til umferðarlaga. Heppilegra væri að fjalla um það síðar í sérstakri löggjöf eða reglugerð. Þar ætti m.a. að fjalla um menntun ökukennara og námsefni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs sem er miklum mun meiri á öðrum Norðurlöndum en hér á landi. Mun strangari ákvæði gilda yfirleitt í öðrum Evrópulöndum um ökukennslu og ökunám en hér hjá okkur.

Þá taldi nefndin einnig brýna nauðsyn að setja skýr ákvæði í reglugerð um kennslu sem veiti réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki en slík ákvæði skortir nú í reglugerð.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar um þetta mál.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. — ég tek það fram að Guðrún Agnarsdóttir stendur ekki að þeim breytingum enda sat hún sem áheyrnarfulltrúi í nefndinni — en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við meðferð málsins.

Þetta nál. er dagsett í gær og undir það rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um þær allmörgu brtt. sem allshn. Nd. hefur gert við frv. eftir að það kom frá Ed. Það er vegna þess hve hér er um mikilvæga lagasetningu að ræða og í ljósi þess nauðsyn að skýra, vonandi stuttlega þó, helstu brtt.

Fullyrða má að um er að ræða eina mikilvægustu löggjöf sem sett er í hverju ríki þar sem umferðarlögin eru. Það er löggjöf sem snertir nánast hvern einasta þegn þjóðfélagsins, ekki síst á Íslandi þar sem bílaeign er nú orðin einna mest allra Evrópuríkja og eykst enn. Því skiptir það afar miklu máli að

þau ákvæði og þær reglur sem eru settar í ný umferðarlög séu skýrar, ljósar, skynsamlegar og skilvirkar. Dag hvern þarf þorri þjóðarinnar að hafa þær í huga og fara eftir þeim.

Ef við lítum á frv. og þær brtt. sem gerðar hafa verið má segja að allshn. hafi jafnvel þótt frv. vera einum of ítarlegt og e.t.v. bera nokkurn keim af því að það er samið að hætti norrænnar löggjafar og með alþjóðasamninga um umferðarmál í huga sem Ísland hefur annaðhvort gerst aðili að eða hyggst undirrita og fullgilda í framtíðinni.

Í stórum dráttum hafa mestu breytingarnar verið gerðar á XIII. kafla frv. sem fjallar um fébætur og vátryggingar. Frv. hefst á ýmsum orðaskýringum. Þar hafa nokkrar en ekki miklar breytingar verið á gerðar. Hið gamla og velþekkta orð „öxulþungi" hefur verið, svo að ég taki dæmi, notað af neðrideildarnefndinni í stað orðsins „ásþunga" sem er í frv.

Þá hefur verið fjallað sérstaklega um torfærutæki og reyndar er orðið „vélsleði" horfið úr frv., skilgreining á vélsleða, og það tæki er fellt undir torfærutæki. Um torfærutæki hafa fram til þessa engin ákvæði verið í lögum á Íslandi enda innflutningur þeirra nýbyrjaður. Hér eru sett ákvæði í frv. um þessi nýju farartæki og í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir því að lágmarksaldur til þess að stjórna þeim verði 15 ár.

Nefndin gerði nokkrar breytingar á aldursmörkum að því er varðar önnur atriði í umferðarlögunum. Lágmarksaldur við akstur dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við landbúnaðarstörf, var lækkaður úr 14 árum í 13 ár. Aldur til að aka léttu bifhjóli eða skellinöðru var lækkaður úr 16 árum, eins og það var í frv. frá Ed., í 15 ár eins og það er í gildandi lögum. Varðandi torfærutækin leggur nefndin til að lágmarksaldur verði 15 ár en var í frv. 16 ár til aksturs vélsleða. Spyrja má hvers vegna nefndin hafi fremur lækkað þessi aldursmörk en hin. Það er einfaldlega vegna þess að hún taldi það raunhæfari leið að unglingar ækju þessum tækjum löglega og hefðu þá hlotið þá ökukennslu sem þar er um að ræða, fremur en að hækka aldursmarkið eða hafa það tiltölulega hátt, að því er varðaði skellinöðru aðeins einu ári lægra en aldursmark réttinda til að aka bifreið, þar sem vitað væri að þá yrði miklu meira um það að þessi ákvæði væru brotin og tilgangslítið að setja ákvæði í lög sem maður veit fyrir fram að verða illa haldin. Það er ekki góð lagasetning.

Mikil breyting var gerð á frv. af hálfu neðrideildarnefndarinnar að því leyti til að lagt er til að bílnúmerakerfi verði óbreytt frá því sem nú er en ekki tekið upp nýtt númerakerfi fyrir landið allt þar sem númerið fylgir bifreiðinni allan hennar lífsaldur. Þetta var gert í ljósi andstöðu við hið nýja fyrirkomulag. Að því má færa mörg rök. Nefndarmenn töldu að ef fast hefði verið haldið í hið nýja kerfi, eins og frv. gerði ráð fyrir, hefði það valdið því að frv. hefði strandað í þinginu og ekki náð fram að ganga að þessu sinni. Hins vegar er tekið undir það sem í frv. stendur og frá efrideildarnefnd kemur að heimilt verður að beita sektum ef menn nota ekki bílbelti.

Ég vil nú, herra forseti, vísa til brtt. allshn. á þskj. 819. Ég tel nauðsynlegt og raunar óhjákvæmilegt að gera, mjög stuttlega þó, grein fyrir þessum tillögum og hví þær eru fram settar vegna þess að það er ljóst að frv. verður að fara aftur til meðferðar í Ed. þar sem því er hér í allnokkrum atriðum breytt frá afgreiðslu þar.

Við 2. gr., og það er 1. brtt., er lagt til að í staðinn fyrir orðið „ásþungi" komi „öxulþungi". Er það í samræmi við ákvæði gildandi umferðarlaga og málvenju. Þá er lagt til að í staðinn fyrir orðin „stór fólksbifreið", sem notuð eru í frv. eins og það liggur fyrir, verði tekið upp orðið „hópbifreið". Til greina komu ýmis önnur orð eins og „almenningsvagnar", „rútur", en það eru ekki slík farartæki sem raunverulega er um að ræða. „Hópbifreið" er í rauninni nýyrði.

Að öðru leyti er um að ræða breytta skilgreiningu á hugtakinu „torfærutæki". Skilgreiningin sem var tekin inn í frv. í Ed. er einfölduð en jafnframt er felld undir liðinn skilgreining sú sem í frv. er nú að því er varðar vélsleða. Eru ökutækjaflokkar þessir og notkunarsvið þeirra svipað og taldi nefndin rétt að láta sömu reglur gilda um hvor tveggja ökutækin, bæði vélsleðana og hin nýju torfærutæki. Jafnframt er skilgreiningum á bifhjóli og bifreið breytt þannig að ekki orki tvímælis að torfærutæki og hjól, sem ætluð eru til fólks- eða vöruflutninga utan vega, flokkist ekki jafnframt sem annaðhvort bifhjól eða bifreið, en á því hefði ella getað verið hætta.

2. brtt. er við 3. gr. Lagt er til að ákvæði er varðar þá sem teyma eða reka búfé á vegum landsins verði fellt niður. Ekki þótti heppilegt að hafa það ákvæði í frv. þar sem því verður oft á tíðum illa komið við í framkvæmd. Að öðru leyti er um að ræða lítils háttar orðabreytingar á 2. mgr. til einföldunar.

Í 3. og 4. brtt. eru aðeins smávægilegar orðalagsbreytingar. Rétt er að taka það fram að margar af þessum 40 brtt. allshn. eru ekki efnisbreytingar sem neinu nemur heldur orðalagsbreytingar.

Í 5. brtt. er í fyrsta lagi um að ræða þá breytingu sem leiðir af því að tekið er upp orðið „hópbifreið" í staðinn fyrir „stór fólksbifreið". Hér er verið að fjalla um það er ökumaður í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem hópbifreið hefur numið staðar. Það er lagt til að síðari málsgr. 18. gr. frv. verði breytt þannig að ekki verði um stöðvunarskyldu að ræða gagnvart skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþega inn eða út, heldur einungis skyldu til að hafa sérstaka aðgát. Í frv. eins og það liggur fyrir er sú skylda lögð á alla ökumenn að nema staðar þegar þeir sjá skólabifreið sem stöðvuð hefur verið til að hleypa farþegum út. Hér var um nokkurt áhorfsmál að ræða. Niðurstaða nefndarinnar var að nægilegt væri að menn sýndu sérstaka aðgát þegar um slíkt væri að ræða en þyrftu ekki að nema staðar.

Í 7. brtt. sem er við 32. gr., ljósaákvæðin, er lögð til lítils háttar breyting á uppsetningu en ekki er um að ræða efnisbreytingu að öðru leyti en því að ákvæðið um ljósatíma á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar eftir sólarupprás er fellt niður. Það er áskilnaður um það í frv., þ.e. hálfa klukkustund við sólarlag og sólarupprás, enda felst sá tími í því sem á eftir kemur, þar er talað um ljósatíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum, og það var talið nægja, það þyrfti ekki að vera að setja hér hálftíma mark tvisvar á sólarhring.

Að því er 3. mgr. þessarar greinar varðar er einungis um að ræða orðalagsbreytingu og loks er lagt til að 10. mgr. verði felld niður. Hún var tekin inn í frv. við meðferð þess í Ed. en ákvæði þessa efnis er nú í umferðarlögum. Ákvæði þetta er talið óþarft þar sem um þetta efni er nú ítarlega fjallað í öðrum ákvæðum greinarinnar, einkum 6. mgr., um þokuljós og hjálparljós, svo og í 60. gr. frv. þar sem kveðið er á um að ráðherra setji reglur um búnað ökutækja.

Í 8. brtt. er bætt við ákvæði um ökutæki sem ekki er búið ljósum og stöðvað er eða lagt í myrkri á vegi þannig að fyllsta öryggis verði gætt.

Næst er rétt að staðnæmast við 14. brtt. Þar er lagt til að tekin verði upp ný grein sem ekki er í frv. og felur í sér sérreglur um notkun torfærutækja. Er þar byggt á því að torfærutæki megi ekki nota á öðrum vegum en einkavegum. Það er almenna reglan en þó er gert ráð fyrir að þau megi nota til að aka eftir vegi skemmstu leið sem hentug er þegar aka þarf yfir veg og einnig að þau megi nota þar sem aðstæður utan vegar gera þeim óhjákvæmilegt að aka eftir veginum. Það er m.ö.o. ekki talið tækt að banna að aka torfærutækjum á þjóðvegum þegar svo háttar að það er óhjákvæmileg nauðsyn.

Þá eru ákvæði í þessari nýju grein um skyldur ökumanns torfærutækis er hann ekur inn á veg og ákvæði er banna flutning farþega á torfærutæki sem er á hjólum þegar því er ekið eftir vegi enda eru þau tæki ólíkt vélsleða ekki gerð fyrir farþegaflutninga. Þá hafa verið sett hér inn ákvæði um að torfærutæki megi ekki aka hraðar en 40 km á vegi og er þar um að ræða lítils háttar rýmkun frá því sem nú er í 38. gr. frv. en þar er hámarkið 30 km.

Loks eru ákvæði um það að þær takmarkanir á akstri sem felast í 1., 4. og 5. mgr. gildi ekki um akstur í þágu öryggis eða heilsugæslu.

Í 15. brtt., sem er við 44. gr., er lagt til að ákvæðin um það að óheimilt sé að fela ölvuðum manni stjórn ökutækis eða hests taki ekki til reiðmanns. Þetta ákvæði tekur til reiðmanns eins og það er orðað í frv. en því er hér breytt. Í frv. stendur: „Eigi má fela manni í því ástandi sem að framan greinir stjórn ökutækis eða hests". Orðin „eða hests" eru hér felld niður.

Síðan er rétt að vekja athygli á því að nefndin leggur til að 45. gr. verði felld niður í heild. Þar er um að ræða allsérstætt ákvæði sem m.a. má finna í loftferðalögum. Það er svohljóðandi og er rétt að ég lesi það eins og það er í frv.:

„Ökumaður vélknúins ökutækis má eigi neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í næstu sex klukkustundir eftir að akstri lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins. Bann þetta á þó ekki við eftir að lögregla hefur látið taka blóðsýni úr ökumanni eða ákveðið að það skuli eigi gert."

Nefndin leggur til að þetta verði fellt brott.

Þá er rétt að minnast á 18. brtt., en þar er um að ræða breytingu á 55. gr. frv. Í fyrsta lagi er fyrirsögn breytt þannig að vélsleði hverfur úr fyrirsögninni þar sem skilgreiningin á vélsleða hefur verið felld undir skilgreiningu á torfærutæki. Þá er aldur til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravega lækkaður úr 14 árum í 13 ár, en nefndin telur að 14 ára aldur sé ekki raunhæfur í þessu efni. Hér er um að ræða landbúnaðarstörf utan alfaravegar, ég legg áherslu á það. Enn fremur er lagt til að aldur til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki verði færður í 15 ár svo sem er nú samkvæmt umferðarlögum, hafði verið hækkaður skv. frv. í 16 ár, og tekið er fram til áherslu að ekki megi gefa út ökuskírteini til að stjórna þessum ökutækjum nema hlutaðeigandi hafi fengið tilskilda ökukennslu, en slys hafa verið alltíð vegna aksturs léttra bifhjóla.

Þá er í 19. brtt. lagt til að 1. mgr. 59. gr. frv. verði felld niður þar sem henni var talið ofaukið. Þar segir að ökutæki skuli svo gert og því þannig haldið við að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi. Þetta er endurtekið síðar í greininni. Þessu var talið ofaukið.

Þá er lagt til jafnframt að 3. mgr. 60. gr. verði felld niður. Ekki verður séð að þörf sé á slíku ákvæði eins og þar um ræðir, en þar segir að dómsmrh. geti, ef nauðsynlegt er út frá umferðaröryggissjónarmiðum, bannað notkun ökutækis, enda þótt það uppfylli skilyrði reglna sem settar eru skv. upphafi greinarinnar. (**Forseti:** Ég vil minna hv. frsm. á að fundartíma er lokið. Það á að hefjast fundur í Sþ. núna kl. 9 skv. dagskrá og nú verður að fresta þessu máli.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

62. fundur, miðvikudaginn 11. mars, kl. 9 síðdegis.

Skýrsla um utanríkismál, frh. umr.

Skýrsla utanrrh., 396. mál. — Þskj. 722.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég í upphafi láta þess getið, að það er fyrirhugaður fundur í hv.

utanrmn. n.k. mánudag. Þar verður að sjálfsögðu fjallað um þau mál sem fyrir nefndinni liggja. Þau eru allmörg og m.a.s. nú í dag bættist eitt mál við svo að við höfum þar ærið verkefni.

Auðvitað munum við reyna að ræða tillögurnar allar og leitast við að afgreiða þær með einhverjum hætti hvernig svo sem það nú gengur, en eins og menn muna var sett á laggirnar, það var víst 1984 fyrst, nokkurs konar undirnefnd eða starfsnefnd hv. utanrmn. til að fjalla um ýmiss konar afvopnunarmál og þá sérstaklega um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og á ég von á að hún verði búin að hittast fyrir þennan fund í utanrmn.

Hv. þm. Páll Pétursson flutti hér að ýmsu leyti skemmtilega ræðu. Hann las upp ályktun Alþingis, þá merku ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Hann gat þess að ekki væri nú allt mikil viska eða staðreyndir sem ég flytti hér og jafnvel úr öðrum ræðustólum líka, orð mín væru ekki lög. Var ekki nema gaman að því öllu saman sem hann sagði um það. En hins vegar var náttúrlega ræða hans ekki efnislega rétt, því að þetta voru ekki mín orð sem hann var að segja að væru svona vitlaus, heldur talaði ég í nafni allrar utanrmn. þann 23. maí 1985. Og af þessu tilefni held ég að ég komist ekki hjá því að lesa hér upp örlítinn kafla úr umræðunni, þar sem ég flyt framsögu fyrir tillögunni, með leyfi forseta, en þar segir:

„Ekki var í lítið ráðist þegar allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga ákváðu í fyrravetur að freista þess að nefna til fulltrúa sem könnuðu hvort þess kynni að vera kostur að ná sameiginlegri niðurstöðu um eina ályktunartillögu er varðaði afvopnunar- og kjarnorkumál í stað þess að bitist yrði um þær margar. Þingi lauk þó án þess að þessar tilraunir bæru fullan árangur. Nú á þessu þingi var talið rétt að skipuð yrði undirnefnd til að fjalla um afvopnunarmálin og skilaði hún áliti í tillöguformi til hv. utanrmn. 6. þ.m. Þar hefur tillaga þessi verið samþykkt óbreytt eftir nokkrar umræður, en þó með skýringum sem mér er falið að greina hér frá, svo að forðast megi allan hugsanlegan misskilning." — Ég endurtek: „með skýringum sem mér er falið að greina hér frá, svo að forðast megi allan hugsanlegan misskilning."

„Allmiklar umræður urðu í utanrmn. um fyrri málslið 6. mgr. ályktunartillögunnar og skilning á honum. Ýmsum hugmyndum var varpað fram um orðalagsbreytingar en á það var fallist að halda orðalagi undirnefndarinnar óbreyttu, en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir tillögunni:" — Ég endurtek: „en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir tillögunni."

„1. Sá landfræðilegi skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna, og allt frá Grænlandi til Úralfjalla.

2. Sá skilningur sem fram kom í eftirfarandi hugmynd um breytingar á upphafi 6. mgr. væri réttur:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu sem nái til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því. Samningur þessi verði liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu."

Samkomulag er um það í utanrmn. að með tillögunni sem hér er lögð fram sé lokið afgreiðslu fjögurra tillagna um afvopnunar- og kjarnorkumál sem fyrir nefndinni hafa legið, en þær tillögur þekkja allir hv. þm."

Ég læt nægja að lesa þetta hér upp. Menn muna þetta kannske, sumir hverjir a.m.k., en það er alveg ljóst hvað þessi tillaga þýðir. Þetta er grg. með henni sem formanni var falið að flytja fyrir hönd nefndarinnar allrar og það er ekki hægt að gera sér það upp að menn skilji ekki hvað þarna er um að ræða. Það skilja það allir sem skilja vilja. En nóg um það.

Við þurfum enn að fást við þessi mikilvægustu málefni mannkyns kannske, og áreiðanlega, eins og raunar aðrar þjóðir og munum gera það, m.a. á komandi fundi í nefndinni. Þar verður sérstaklega fjallað um embættismannanefnd sem hugmyndir hafa verið um að setja á laggirnar. Einmitt það mál verður kannske aðalmál eða eitt af aðalmálum utanríkisráðherrafundarins 25. mars og hæstv. utanrrh. hefur einmitt bæði nú og áður greint frá því að hann muni hafa samráð við nefndina um það hver yrði afstaða Íslands þá.

Það er auðvitað álitamál hvort skynsamlegt er að setja embættismannanefnd. Ég mælti heldur á móti því í fyrra og ég man að það gerði hv. þm. Páll Pétursson líka. Ég held að við höfum báðir sagt að verið væri að dreifa ábyrgðinni af stjórnmálamönnum til embættismanna og það kynni eins að fara svo að málið drægist lengur og yrði tekið lausari tökum en ekki fastari. En ég sagði hér fyrir skömmu síðan að ég og kannske við báðir gætum auðvitað breytt okkar afstöðu ef við sannfærðumst um að embættismannanefnd væri skynsamlegur og æskilegur kostur. Um það er einmitt sjálfsagt að ræða algjörlega öfgalaust.

Ég vil skjóta því hér inn í að þegar verið er að ræða um utanríkismál kann ég ekki við orðalag eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hafði um hæstv. utanrrh., að hann væri að „læðupokast af hugleysi sínu". Hvaða tilgangi þjóna svona ummæli hér á hinu háa Alþingi þegar við erum að ræða um mikilvægustu mál mannkyns og sjálfstæðis- og öryggismál okkar eigin þjóðar? Ég skil það ekki. Mér er alveg lífsins ómögulegt að skilja hvaða tilgangi

það getur þjónað.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti hér mjög athyglisverða ræðu og lagði á það mjög mikla áherslu að einhliða yfirlýsingar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd kæmu alls ekki til greina. Slíkar yfirlýsingar væru til hins verra og um það er ég honum sammála. Það yrði að vera um miklu víðtækari yfirlýsingar að ræða sem bæði tækju yfir miklu stærra svæði og eins að það væri um tryggingar að ræða af hálfu stórveldanna, samningsgerð o.s.frv., eins og hæstv. utanrrh. hefur svo rækilega rakið hér í ágætri framsögu sinni.

En hitt er annað mál að það er mikið rætt um norrænt samstarf og ágæti þess og ekki skal ég lasta það. Ég hef kannske ekki verið neinn sérstakur baráttumaður fyrir því. Stundum hér áður fyrrum þótti manni lítið koma út úr þessum fundum. En ef það hefur verið mikilvægt þá, þá er það lífsnauðsyn nú, einmitt í þessum málum sem hér eru til umfjöllunar. Ég held að við megum og verðum að teygja okkur langt í umræðum, t.d. á utanríkisráðherrafundinum 25. mars, til þess að þar náist eining. Það held ég að væri það versta sem fyrir okkur Íslendinga gæti komið að við yrðum einangraðir hér úti í Norður-Atlantshafi og kannske væri svo og svo mikið af ógnarvopnunum einmitt flutt á sjó út eins og hér hefur einnig verið um rætt.

Ég held að Norðurlöndin verði að vera samstiga í þessum mikilvægustu málum. Hvort sem það er gert með því að næsta skrefið sé embættismannanefnd eða með einhverjum öðrum hætti, þá held ég að við eigum að haga öllum okkar málflutningi þannig, bæði auðvitað í utanríkismálanefndinni og af hálfu ráðherra, að við einangrumst ekki í þessum málum. Mér segir svo hugur um að frændþjóðir okkar skilji það og vilji ekki að við einangrumst. Fyrir nokkrum árum voru þessar umræður án þess að Íslendingar hefðu nokkra hlutdeild í þeim. Það hefur breyst. Við erum orðnir þátttakendur í þessum umræðum og höldum því að sjálfsögðu áfram. Annað kemur ekki til greina að mínu mati.

Það er eitt mál sem mig langar að víkja hér aðeins að úr því að tækifæri gefst, en það er það samkomulag sem gert var í Kaupmannahöfn nú fyrir nokkrum dögum út af Rockall-svæði. Það fólst í því að ákveðið var að hrinda í framkvæmd vísindalegri rannsóknaáætlun, það var sameiginlega af þjóðunum ákveðið að hrinda slíkri rannsóknaáætlun í framkvæmd á þeim svæðum sem danska og íslenska ríkisstjórnin gera tilkall til á Rockall-svæðinu. Þessi áætlun er unnin af vísindamönnum af beggja hálfu. Á þessum tveggja daga fundum var farið mjög rækilega ofan í þá áætlun, en það var kannske ekki mikilvægast, heldur hitt að það var algjör samstaða um sameiginlega afstöðu Færeyinga og Dana annars vegar og Íslendinga hins vegar í réttindakröfum okkar, en fram til þessa hefur, eins og menn rekur kannske minni til, verið nokkur ágreiningur um réttindin. En við höfum nú snúið bökum saman, enda er það alveg ljóst að væru Færeyjar og Ísland eitt ríki, þá ætti það ríki allt þetta gífurlega hafsbotnssvæði og hið sama ætti að gilda ef ríkin gera sameiginlega hagsmunakröfu.

Við vorum einnig sammála um það að senda Bretum og Írum samhljóða tilkynningar um þessar fyrirætlanir og bjóða þeim þátttöku í rannsóknastörfunum, en ekki að bíða neitt eftir því lengi að fá svör. Áætlunin yrði framkvæmd og kostuð af þessum tveim aðilum, Íslendingum annars vegar og Dönum hins vegar, en ef Bretar og Írar vildu taka þátt í þessum athugunum þá væri það auðvitað vel þegið. Málið er auðvitað það að skv. 83. gr. hafréttarsáttmálans ber þjóðum, þar sem ágreiningur er um afmörkun hafsbotnssvæða, að ræða málin og leitast við að ná samkomulagi. Ef samkomulag næst ekki, þá að fara dómstólaleið með einhverjum hætti, gerðardóm eða alþjóðadóm. Bretar og Írar geta þess vegna ekki með nokkru móti lengur skotið sér undan því að mæta við borð með okkur og Dönum og Færeyingum. Það hljóta þeir að verða að gera. Þeir geta auðvitað haldið fram sínum sjónarmiðum og rökum, en ég vil geta þess hér að t.d. prófessor við háskólann í Bristol, Simmon, hefur nýlega ritað mjög athyglisverða grein þar sem hann kemst að sömu niðurstöðu og við höfum alltaf haldið fram, allt frá árinu 1978 þegar fyrsta tillagan var hér samþykkt á Alþingi, að ríkjunum bæri að setjast niður. Það hlytu að verða fjögurra ríkja viðræður og málin ættu að leysast með þeim hætti, þannig að ég held að við séum að ná tilætluðum árangri í þessu mikla máli.

Menn gera sér kannske ekki grein fyrir því, eða hafa ekki gert fram undir þetta, að hafsbotninum fylgja allar lífverur sem ekki hreyfast öðruvísi en með snertingu við hann, þ.e. öll skeldýr og krabbadýr og þróunin verður vafalaust sú, það hygg ég a.m.k., að sá sem eignast hafsbotninn muni líka eignast hafið yfir honum.

Þegar Truman Bandaríkjaforseti gerði tilkall til 200 mílna hafsbotnsréttinda árið 1945 varð strax ljóst hver þróunin mundi verða. New York Times skrifaði einhverju sinni ritstjórnargrein um það að augljóst væri að þegar tímar liðu mundi sá eignast hafið yfir hafsbotninum sem botninn ætti. Það liðu að vísu tveir til þrír áratugir þangað til það varð raunveruleiki, en þó var sá tími miklu styttri en menn höfðu ætlað. Það er rétt að hafa það hugfast að ¾ þjóða heims, eða eitthvað um það bil, eru strandþjóðir, strandríki. Og það eru strandríkin sem hafa markað allan hafréttinn. Allur hafrétturinn hefur orðið réttur „de facto" löngu áður en hann var réttur „de jure" — eða var réttur í raun löngu áður en það voru skrásett lög, og m.a.s. eru nú víst ekki nægilega margir búnir að fullgilda hafréttarsáttmálann enn þann dag í dag, en engu að síður höfum við unnið alla okkar sigra í hálfan annan áratug á grundvelli þess samnings.

Þegar menn líta svo á landabréfið og skoða hin nyrstu höf, þá er þetta ekki lítið áhugamál, og ætti að vera allra þessara þjóða, að tengjast nánar saman

og hafa samvinnu um ræktun og nýtingu þessara gífurlegu hafsvæða. Efnahagslögsagan, hin sameiginlega efnahagslögsaga Íslendinga og Norðmanna umhverfis Jan Mayen, nær langt austur og norður í höf. — Ég sagði vísvitandi hin sameiginlega efnahagslögsaga. Við höfum samningsbundinn rétt um sameiginlega nýtingu þessa gífurlega hafsvæðis, ekki bara að því er loðnu varðar heldur alla aðra hagnýtingu lífveranna og þess vegna er þetta a.m.k. sameiginlegur afnotaréttur, hagnýtingarréttur og þar með vil ég telja að það sé sameiginlegur eignarréttur þó svo að formið sé norsk efnahagslögsaga. En frá þessari efnahagslögsögu og yfir til norsku efnahagslögsögunnar er örlítið sund á þessu mikla hafi, þegar miðað er við allt þetta gífurlega úthaf, sem enginn hefur enn þá gert tilkall til. En það er e.t.v. á fernan hátt hægt að gera tilkall til hafsbotnssvæðisins eftir núgildandi lögum, eftir 76. gr. hafréttarsáttmálans, til þessa hafsbotnssvæðis. Bæði er hægt að gera það að einhverju leyti frá Noregi, frá sameiginlegu efnahagslögsögunni umhverfis Jan Mayen, og eins frá Íslandsströndum og Færeyjaströndum. Þetta er mál sem ekki hefur verið rannsakað nægilega vel og enginn hefur gert tilkall til svæðisins. En lokaðist þetta svæði með þessum hætti og yrði samkomulag um Rockall-svæðið, þá yrði hvorki meira né minna um að ræða en að hægt er að loka þessum nyrstu höfum, allt frá Skotlands- og Noregsströndum til Kanada, og samnýta og samrækta, því að auðvitað verður ræktun sjávarins alveg nákvæmlega jafnmikilvæg og miklu mikilvægari kannske heldur en ræktun landsins. Það er framtíðarsýn sem er ekkert fjarri. Auðvitað eiga þessar þjóðir að starfa enn þá nánar saman og það er líka þá önnur hliðin á Norðurlandasamstarfi að þessir draumar rætist nægilega fljótlega.

Hin miklu mál verða eins og ég sagði til umræðu í hv. utanrmn. og ég vil ekki fara að kýta um þau hér á þessu stigi a.m.k., og finnst líka óþarfi að menn séu mikið að æsa sig upp eins og að fara aftur í 1951 og tala þar um mútufé og Marshall-fé o.s.frv. eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði. Ég held að Marshall-áætlunin hafi verið mikilvæg — a.m.k. af Bandaríkja hálfu var hún gífurlega merkilegt framlag til þess að hjálpa hinum hrjáðu þjóðum þar sem allt lá í rúst eftir styrjöldina. Það vorum ekki við Íslendingar einir sem fengum aðstoð þarna frá. Ég hugsa að þetta sé nærri einsdæmi í veraldarsögunni að ein þjóð, þótt rík væri, sendi svo gífurlega fjármuni til þess að byggja upp hjá fyrrv. andstæðingum, sem þeir höfðu nokkrum árum áður verið í blóðugri styrjöld við, svo að það var nú ekki um neitt mútufé að ræða.

Hæstv. viðskrh. greip hér fram í fyrir ræðumanni og spurði hvort kommarnir hefðu látið múta sér. Þeir gerðu það nú ekki þá, en örfáum árum seinna þá voru þeir nú í ríkisstjórn og árið 1956 held ég að það hafi nú verið sem 30 silfurpeningarnir komu í dagsljósið. Það voru peningar sem sú ríkisstjórn fékk frá öryggissjóði Bandaríkjanna til þess að tryggja sérstaklega öryggi sitt og forseti einn mátti ráðstafa. Það er líklega einhvers konar Íranssjóður eða eitthvað slíkt. Og þeir sátu tvö ár í ríkisstjórn eftir það, kommarnir. Létu þeir þá múta sér, mætti spyrja? Og svarið er auðvitað augljóst. Það er já. Þeir gerðu það.

Það er liðið á kvöld og ég er ekki að eyða hér lengri tíma nema tilefni gefist til. Ég vona að okkur miði áfram á mánudaginn og hér í næstu viku getum við náð einhvers konar samkomulagi um lausn í þessum mikilvægustu málum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. vitnaði hér í dag í bandarískar heimildir um samskipti Íslendinga og Bandaríkjamanna í aðdraganda hernámsins árið 1951. Þetta voru bandarískar heimildir og hann skoraði á hæstv. utanrrh. að birta íslenskar heimildir frá þessum tíma.

Hv. 5. þm. Austurl. talaði ekki um það í ræðu sinni að menn hefðu látið múta sér, heldur var hann að vitna í opinber skjöl, skjöl sem koma frá Bandaríkjunum. Og ég vil mótmæla sérstaklega þeim óhróðri og þeim ósmekklegu fullyrðingum, sem fram komu hér í ræðu hv. formanns utanrmn., þegar hann fullyrti að vinstri stjórnin 1956–1958 hefði látið múta sér. Hann sagði það orðrétt, hv. þm. Ég kannast ekki við það áður að slíkar fullyrðingar hafi verið bornar fram hér í þessum sal með þessum hætti. Ég tel að það sé afar ósmekklegt að ekki sé meira sagt, m.a. með tilliti til þess að hér er um að ræða liðinn tíma sem enginn okkar hefur tök á að meta að fullu. Ég fullyrði að enginn þeirra manna, sem stóðu að vinstri stjórninni 1956–1958, jafnvel þeir sem vildu samskiptin við Bandaríkin sem mest, voru að láta múta sér. Enginn.

Og mér þætti fróðlegt ef nokkur þm. getur staðið hér upp nú og bent á einhvern þm. í sögunni sem sat á þessum bekkjum fyrir 10, 20, 30 eða 40 árum og sagt: Þessi maður lét múta sér. Því að maður, sem lætur múta sér af stórveldi með þeim hætti sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gaf í skyn hér áðan, er ekki þess verður að vera kallaður hv. þm. meir. Svo mikið er víst.

Ég satt að segja hélt að málflutningur af þessu tagi væri ekki tíðkaður hér á þessum stað og ég fullyrði að maður eins og hv. 5. þm. Austurl., sem talaði hér af hálfu okkar Alþýðubandalagsmanna fyrr í dag, verður ekki sakaður um stóryrði, fúkyrði eða áburð af þessum toga yfirleitt á sína pólitísku andstæðinga. Ég tel ekki ástæðu til að mótmæla þessum orðum hv. þm. frekar vegna þess að ég vona að þau dæmi sig sjálf.

Ég vil víkja aðeins, herra forseti, hér að þeim umræðum sem fram hafa farið um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ég ætlaði mér satt að segja að ræða hérna dálítið um Framsfl. og þau ánægjulegu tíðindi að hann skyldi hafa fengið þá niðurstöðu að hann hefði stefnu í utanríkismálum.

Hv. þm. Páll Pétursson lýsti því yfir að Framsfl.

hefði gert samþykkt í utanríkismálum og þar hefði m.a. verið tekin ákvörðun um að það þyrfti að halda öðruvísi á utanríkismálum en gert hefur verið í tíð núverandi ríkisstjórnar, sérstaklega á herstöðvarmálinu og samskiptum við herinn, og því væri jafnframt lýst yfir í þessari samþykkt Framsfl., sem var gerð seint á árinu 1986, að það kæmi ekki til greina af hálfu Framsfl. að það yrði liðið að Bandaríkjamenn byggðu hér fleiri radarstöðvar eða fleiri stöðvar yfirleitt á þeim tíma sem Framsfl. sæti í ríkisstjórn. Það má segja að það hafi ekki verið seinna vænna að gefa slíka yfirlýsingu því Framsfl. er búinn að sitja í þessari ríkisstjórn síðan 1983, ríkisstjórn sem hefur í rauninni stuðlað að víðtækari framkvæmdum í tengslum við hersetuna en nokkur önnur stjórn hefur gert á jafnskömmum tíma. Í því sambandi má benda á ratsjárstöðvar í tveimur byggðarlögum. Það má benda á Helguvíkurframkvæmdirnar, það má benda á sprengjuheld flugskýli, það má benda á neðanjarðarstjórnstöð, það má benda á endurnýjun flugvélaflota. Allt þetta samþykkti Framsfl. þegjandi og hljóðalaust og aldrei, aldrei, öll þessi ár síðan 1983 hefur Framsfl. heyrst kvaka úr þessum ræðustól við umræður um skýrslu utanrrh. fyrr en nú. Og hver er skýringin? Það á að fara að kjósa. Það á nefnilega að fara að kjósa og það þarf að gefa einum og einum vinstri sinnuðum framsóknarmanni von um að það sé hugsanlega rétt að kjósa framsóknarliðið einu sinni enn þó það beri ábyrgð á öllu þessu sem hefur verið að ganga hér yfir á undanförnum árum. Þvílík hræsni! Þvílíkur tvískinnungsháttur!

Framsfl. hefur leikið það á undanförnum árum og áratugum að ganga lengra í hræsni og tvískinnungshætti en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur og er þá vissulega langt til jafnað. Framsfl. hefur venjulega haft það þannig þegar hann hefur verið í hægri stjórn að hann hefur færst til vinstri þegar nær líður kosningum. Þegar hann hefur verið í vinstri stjórn hefur hann færst til hægri eftir því sem nær líður kosningum. Ég man eftir því að í umræðum um skýrslu utanrrh. 1984 spáði ég því úr þessum ræðustól að Framsfl. mundi fyrir næstu kosningar þar á eftir, þegar færi að losna um stjórnarsamstarfið, snúa við blaðinu og reyna að stíga örlítið í vinstri fótinn. Það þarf ekki mikinn spámann til að sjá þetta fyrir. Menn sem hafa reynslu af samstarfinu við framsóknarmenn vita hvernig þeir haga sér. Hv. þm. Páll Pétursson var nákvæmlega eins og hugur manns í þessu efni, flaug upp í stólinn og ruddi upp úr sér alls konar áherslum í herstöðvarmálinu sem gætu hafa verið komnar að sumu leyti frá herstöðvaandstæðingum í þessu landi, því fólki sem hefur verið á móti framkvæmdunum í herstöðinni á undanförnum árum, kom fram í þessum ræðustól ef það mætti verða til að beita á öngulinn aftur fyrir þá sem eru gjörsamlega búnir að afskrifa Framsfl. sem hugsanlegan aðila varðandi það að standa í lappirnar fyrir hönd íslenskrar utanríkisstefnu gegn þeim yfirgangi Ameríkanans sem okkur hefur birst hér síðan 1983, frá því að George Bush, varaforseti Bandaríkjanna, kom hér í júlí 1983, tekið á móti honum af formanni Framsfl., hæstv. forsrh., og hæstv. þáv. utanrrh., þegar plönin voru lögð fyrir allt þetta kjörtímabil.

Það er ómerkilegt satt best að segja þegar stjórnmálamenn, sem bera alla ábyrgð á þessari þróun eins og hv. þm. Páll Pétursson, eru að velta sér út úr þessari ábyrgð með ódýrum hætti eins og hann gerði áðan. Það er ómerkilegt. En þó sýnir það kannske að það er taug enn þá í hv. 2. þm. Norðurl. v. Það er ærleg taug. Hann skammast sín fyrir hönd Framsfl. og það er vel. En það dugir ekki til þess að kjósendur sjái ekki í gegnum þá mynd sem hann hefur verið að reyna að draga hér upp.

Ég ætla ekki að fara frekar yfir samþykktir Framsfl. frá síðasta flokksþingi þeirra 1986 þegar þeir lýstu því yfir að þeir væru á móti öllu því sem gerst hefur á kjörtímabilinu. Það er ástæðulaust að fara frekari orðum um það. Þó var það táknrænt þegar hv. þm. Páll Pétursson lýsir því yfir um hæstv. utanrrh. að hann sé í rauninni hinn versti haukur sem snúi út úr ályktunum Alþingis. Mér þætti vænt um ef hæstv. utanrrh. svaraði einni fsp. frá mér í þessum umræðum. Hún er þessi: Hefur Framsfl. í ríkisstjórninni hreyft athugasemdum við framkvæmd utanríkisstefnunnar? Hefur hann gert það? Hefur hæstv. forsrh. kvartað yfir stefnu hinna „hörðu hauka“ í íslenska stjórnarráðinu á fjórðu hæð eða hvað það nú er í stjórnarráðinu á Hverfisgötu, í húsinu næst við hliðina á Alþb.? (**Gripið fram í:** Fimmtu.) Fimmtu, ég bið hæstv. forseta og ráðherra að afsaka. Á fimmtu. En við hliðina á Alþb. er húsið. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvort það er þannig að hæstv. forsrh. hafi hreyft athugasemdum eða kannske hæstv. forsrh. hafi ekki lesið samþykktir flokksþings Framsfl. Það gæti auðvitað verið. En ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að svara þessari frómu spurningu minni.

Ég ætla þá aðeins að víkja að umræðunum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og víkja að því að það eru nokkur ár síðan umræða hófst um þau mál og það má segja að það mál hafi fyrst náð formlegri niðurstöðu á alþjóðlegum vettvangi þannig að tíðindum hafi sætt í lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978. Þar sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Myndun kjarnorkuvopnalausra svæða á grundvelli frjálsra samninga milli ríkja á viðkomandi svæði er mikilvægur þáttur í afvopnun. Rétt er að styðja myndun slíkra svæða með það endanlega markmið í huga að losa heiminn að fullu við kjarnorkuvopn. Við myndun slíkra svæða skal tekið tillit til sérkenna hvers svæðis. Þau ríki sem þátt taka í myndun slíkra svæða ættu að skuldbinda sig til að styðja að fullu markmið, tilgang og grundvallarreglur þeirra samninga eða samkomulags er miða að stofnun svæðanna og tryggja þar með að þau verði í raun laus við kjarnorkuvopn. Hvað varðar slík svæði er gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin taki á sig vissar skuldbind-

ingar sem samið skal um við lögmæt yfirvöld á svæðinu, einkum: a. Að virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis, b. að virða bann við beitingu eða hótunum við beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu."

Síðan er það nákvæmlega rakið með hvaða hætti er skynsamlegt að standa að því að koma á kjarnorkuvopnalausum svæðum. Í sambandi við þá norrænu vinnu sem unnin hefur verið í þingmannanefnd um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum er grundvallaratriði að byggja á þessari yfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna frá 1978.

Yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust svæði er í rauninni ekki lokað ferli, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hæstv. utanrrh. og hv. talsmenn Sjálfstfl. ýmsir aðrir virðast gera ráð fyrir. Það er ekki lokað ferli heldur er gert ráð fyrir því að það sé gefin út yfirlýsing um kjarnorkuvopnaleysi tiltekins svæðis. Jafnframt og í framhaldi af því sé leitað tryggingar kjarnorkuvelda og gerðir séu viðbótarsamningar við samninginn við hið kjarnorkuvopnalausa svæði. Að tala um einhliða yfirlýsingar í þessu sambandi er því annaðhvort tilraun til að blekkja eða þá að það stafi af því að menn skilji ekki hvernig bæði Suður-Ameríkusamningurinn og Roratongasamningurinn hafa verið gerðir og unnir.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa þetta í huga vegna þess að mér finnst að í sambandi við þessi mál séu menn að gera það tortryggilegt með því að segja: einhliða yfirlýsing og punktur. Málin eru ekki og hafa aldrei verið hugsuð út frá þeirri forsendu heldur hafa menn litið á kjarnorkuvopnalaus svæði sem þátt í allsherjarviðleitni til að draga úr kjarnorkuvopnum, spennu og ófriðarhættu í heiminum.

Ef menn hafa lesið í gegn þá pappíra sem Olof Palme-nefndin lét frá sér fara kemur þetta grundvallaratriði mjög glöggt fram þar sem eru tillögur um kjarnorkuvopnalaus svæði, kjarnorkuvopnalaust svæði í gegnum Evrópu, kjarnorkuvopnalaus svæði í Evrópu, jafnvel á tveimur svæðum sitt hvorum megin við þennan kjarnorkuvopnalausa gang, ef ég má orða það svo. Þetta eru tillögur sem SPD, sósíaldemókrataflokkurinn í Vestur-Þýskalandi, hefur tekið undir. Þetta eru flokkar eins og danski jafnaðarmannaflokkurinn, eins og vesturþýski jafnaðarmannaflokkurinn sem telja tvímælalaust að viðkomandi ríki eigi að vera í Atlantshafsbandalaginu, en samt sem áður vinna þessir flokkar að þessum atriðum með þeim hætti sem ég hef lýst.

Ég tel að á þeim fundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum misserum um þessi mál þar sem voru fulltrúar frá 47 þingflokkum á Norðurlöndum, þar sem voru fulltrúar frá öllum íslensku þingflokkunum, hafi komið fram skilningur á því að miðað við allar aðstæður sé eðlilegt að þessi mál séu rædd á Norðurlöndunum og milli Norðurlandanna af fullri alvöru. Talsmenn Sjálfstfl. á fundinum í Kristjánsborg seint á árinu 1985 töldu allir að það væri nauðsynlegt að Ísland fylgdist með vegna þess að þeir höfðu og hafa skilning á því að hvað sem öllu öðru líður er það slæmt fyrir Ísland að verða viðskila við hin Norðurlöndin. Það getur þýtt aukinn þrýsting á Íslendinga frá Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjamönnum að taka við tækjum sem geta borið kjarnorkuvopn.

Á þessum fundi í Kristjánsborg fyrir áramótin 1985–1986 kom þessi skilningur fram hjá þm. Sjálfstfl. auk þm. Alþb., Samtaka um kvennalista, Bandalags jafnaðarmanna og Framsfl., en á þessum fundi var það einn þm. frá Íslandi sem skildi sig nokkuð frá öðrum þm. í þessu efni og það var hv. 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis, Jón Baldvin Hannibalsson. Hins vegar gerðist það síðar, þegar þingmannanefndin var stofnuð, að Alþfl. ákvað að taka þátt í starfi þingmannanefndarinnar, en Sjálfstfl. vildi ekki taka þátt í starfi þessarar þingmannanefndar og hefur ekki gert enn þá.

Hver var tilgangur þingmannanefndarinnar? Hann var sá að ræða málið og kanna hver væri hinn pólitíski og þinglegi vilji í hinum ýmsu þjóðþingum Norðurlandanna. M.ö.o.: þar átti hinn pólitíska könnun að fara fram. Í framhaldi af því þótti eðlilegt í danska þinginu m.a. og víðar að það yrði til embættismannanefnd til að fara yfir málið vegna þess að þingmannanefnd getur ekki náð utan um svona mál að fullu því að á undirbúningsstigi málsins verða að fara fram viðræður við ríki eða ríkjabandalög og þeir einu sem geta lagt slíkar viðræður fyrir sig eru ríkisstjórnir. Af sjálfu leiðir.

Þegar umræðurnar hófust hins vegar um þessa embættismannanefnd fara menn að bera fyrir sig hluti eins og þetta: Stofnun embættismannanefndar án pólitískrar yfirstjórnar, það er alveg út úr kú. Nánast þetta sagði hv. 3. þm. Reykn. Ég spyr: Búum við við menntað einveldi eða hvað? Er það ekki alveg ljóst að embættismenn eiga ekki að vera til án pólitískrar yfirstjórnar? Auðvitað er það þannig að embættismannanefnd væri undir pólitískri yfirstjórn. Það getur ekki annað verið. Síðan segir hv. þm. Kjartan Jóhannsson: En fagleg rannsókn kemur til greina. Allt í lagi. Ef menn vilja kalla þetta faglega rannsókn, þá mín vegna. En það er eðlilegt að þetta sé unnið samhliða bæði í þjóðþingunum og á vegum ríkisstjórnanna. Ég tel að það sé höfuðatriðið í þessu máli, eins og öðrum utanríkismálum og öðrum málum sem við ræðum hér, að við reynum að grafa okkur í gegnum vandamálin ofstækislaust, skoða hlutina eins og þeir eru. Og ég trúi ekki öðru en að menn geti fallist á að það sé eðlilegt að hér verði til norræn embættismannanefnd og að Íslendingar taki þátt í henni. Íslendingar taki þátt í henni, rannsaki þessi mál, fari yfir þessi mál og átti sig á því hvernig best er að vinna að málinu, næstu skref, hafa samband við Atlantshafsbandalagið. Auðvitað hljóta menn að hafa samband við Atlantshafsbandalagið. Þegar um það er að ræða að við erum með þingmeirihluta sem ákveður að vera í Atlantshafsbandalaginu hafa menn auðvitað samband við Atlantshafsbandalagið. Hvað annað? Að sjálfsögðu.

En kratarnir á þinginu og íhaldið eru stundum að

reyna að snúa þessum málum allt öðruvísi, rétt eins og hérna sé um að ræða eitthvað stórhættulegt og fjandsamlegt, stórkostlega hættulegt sem þurfi fyrir alla muni að keyra niður hið allra fyrsta. Þetta sé einhver vond uppfinning kommúnista eða annarra álíka hættulegra rauðliða, tala nú ekki um Kvennalistann.

Nei, ég held að við eigum að fara yfir þetta efnislega. Og þá vil ég skýra frá því að á fundi norrænu þingmannanefndarinnar 2. mars s.l. var ákveðið að ganga frá tillögu um grundvallaratriði varðandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og fela formanni nefndarinnar, Anker Jörgensen, að senda öllum þingflokkum á Norðurlöndum, sem aðild eiga að þingmannanefndinni, þessa greinargerð til umfjöllunar. Þessi niðurstaða verður birt í Kaupmannahöfn á morgun af Anker Jörgensen og verður send þeim flokkum sem fulltrúa eiga í nefndinni næstu daga og verður farið fram á að þeir svari með brtt. eða með öðrum hætti fyrir 21. apríl þegar næsti fundur þingmannanefndarinnar verður haldinn í Helsinki.

Nú stendur svo á að ég á ekki von á því að margir íslenskir þm., sem eru í framboði a.m.k., eigi heimangengt þá daga og þess vegna var m.a. ákveðið að flokkarnir gætu komið sínum svörum skriflega á framfæri. Á blaðamannafundi, sem haldinn var í Osló 2. mars s.l., gerði Anker Jörgensen grein fyrir helstu niðurstöðum þessarar nefndar.

Nú veit ég ekki hvað sést hefur af þeim blaðamannafundi í norrænum blöðum. Ég hef þó séð eitthvað frá þeim fundi, en það hefur ekki verið ítarlegt sem fram hefur komið. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði úr þessu plaggi sem ekki getur talist trúnaðarmál en verður þó formlega ekki til opinberrar birtingar endanlega fyrr en á morgun þegar Anker Jörgensen mun koma þeim niðurstöðum á framfæri í sínu landi og sjálfsagt víðar.

Í þessu plaggi er því fyrst slegið föstu að á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 29.–30. nóvember 1985 hafi 47 flokkar á Norðurlandaþingunum átt fulltrúa og þar hafi komið fram verulegur áhugi á hugmyndunum um kjarnorkuvopnalaust svæði og óskir um að vinna áfram að athugun málsins. Þar er í öðru lagi bent á að eftir þessa ráðstefnu var sett niður norræn þingmannanefnd sem hafi haft það verkefni að rannsaka pólitíska möguleika á því að koma upp kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Þessi þingmannanefnd var mynduð að frumkvæði sósíaldemókrataflokkanna á Norðurlöndum, þ.e. allra á hinum Norðurlöndunum, og það var einkum danski sósíaldemókrataflokkurinn sem beitti sér í þessu máli. Þingmannanefndin hefur haldið fundi um þessi mál 26. ágúst 1986, 3. nóv. 1986, 19. jan. 1987 og 2. mars 1987.

Á fundinum 2. mars 1987 kom það fram í fyrsta lagi að í danska þinginu virðist vera meiri hluti fyrir þessum grundvallaratriðum af hálfu sósíaldemókrata, Sosialistisk Folkeparti og Radikale venstre. Í Svíþjóð er um að ræða verulegan stuðning af hálfu sósíaldemókrata, Vinstri flokksins, kommúnistanna og Miðflokksins. Í Finnlandi hafa allir flokkar lýst stuðningi við þessi sjónarmið. Í Noregi hafa Verkamannaflokkurinn og Sosialistisk venstre parti lýst stuðningi við þessi sjónarmið og á fundinum í Osló um daginn voru fulltrúar frá Kristeligt folkeparti og Centerpartiet. Fjórir flokkar á Íslandi hafa tekið þátt í starfi þingmannanefndarinnar með ýmsum hætti og m.a. hefur Alþfl. gert grein fyrir sínum sjónarmiðum í nefndinni með skriflegri skýrslu sem send hefur verið fulltrúum allra flokka sem hafa átt sæti í nefndinni. Það eru sjónarmið sem hér voru kynnt við umræður á Alþingi að ég hygg síðast 29. janúar þegar þessi mál voru til meðferðar og hæstv. utanrrh. og við fleiri áttum nokkurn orðastað um embættismannanefnd um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum.

Ég ætla ekki að fara yfir einstök atriði í þessu plaggi, en ég vil undirstrika að það er samstaða um það í þingmannanefndinni, það hefur komið fram opinberlega í blöðum, að óska eftir því að skipuð verði embættismannanefnd. Það hefur m.a. komið fram í bréfi sem þingmannanefndin sendi utanríkisráðherrum Norðurlanda að ég hygg í ágúst 1986 og það hefur einnig komið fram í blaðaviðtölum. Það er einnig ljóst að innan Norðurlandanna hafa verið uppi þær raddir að í rauninni væri erfitt að hugsa sér svæðið með Íslandi. Það væri flókið að sjá hlutina þannig fyrir sér. Í umræðum um þessi mál hefur það verið okkar afstaða, fulltrúa Íslands, að segja sem svo: Ef Ísland verður ekki með verður það að vera ákvörðun Íslendinga sjálfra. Það er ekki ykkar hlutverk, hef ég sagt við þá, að kljúfa Norðurlöndin. Þess vegna er eðlilegt að Íslendingar taki þátt í umræðu um málið og að gert sé ráð fyrir því þegar í upphafi þangað til annað kemur í ljós að Ísland og íslenska svæðið séu með.

Af þessum ástæðum er um það alger samstaða í þingmannanefndinni að þetta svæði, norræna kjarnorkuvopnalausa svæðið nái yfir Ísland, Noreg, Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar. Auðvitað er líka, út af orðum hv. þm. Kjartans Jóhannssonar að mig minnir í dag, gert ráð fyrir að glíma við það verkefni af fullri alvöru að hafsvæðin sem tilheyra þessum löndum séu einnig hluti af þessu svæði þó svo að því sé slegið föstu að þjóðréttarreglur um siglingarétt séu haldnar í heiðri. Þó hefur það verið tekið fram og það hefur komið fram opinberlega, í blaðaviðtölum m.a., að þennan alþjóðlega siglingarétt megi ekki nota til að flytja kjarnorkuvopn á hafnir sem eru á þessum svæðum og því er einnig lýst yfir að mönnum beri að glíma við það verkefni að ná því fram að loftsvæðið yfir þessum löndum sé hluti af hinu kjarnorkuvopnalausa svæði. Varðandi það hvað eru ekki kjarnorkuvopn í þessu efni, hvað það er að hafa ekki kjarnorkuvopn, vitna menn ósköp einfaldlega í NPT-samninginn, 2. gr. hans, þar sem það er skýrt tekið fram og skýrt kveðið á hvernig ríki skuldbindur sig til að hafa ekki kjarnorkuvopn.

Í þessum umræðum hefur verið rætt um hvers konar samning ætti að gera um kjarnorkuvopnalaust svæði og hvernig á að tryggja að samningurinn og það sem honum tilheyrir sé haldið. Hvernig á að tryggja að þessir hlutir séu í lagi? Þar hefur verið rætt um þann möguleika að byggð verði upp norræn eftirlitsstofnun, t.d. með beinni aðild eða óbeinni aðild með samningum. Það yrði hugsanleg aðild fleiri alþjóðlegra stofnana. Þar er t.d. bent á alþjóðakjarnorkumálaskrifstofuna í Vín sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Í þessum umræðum hefur einnig alltaf verið gengið út frá því að eins og samþykkt Sameinuðu þjóðanna segir verði stuðlað að því að tryggja að kjarnorkuveldin lýsi því yfir að þau virði svæðið og lýsi því yfir að þau muni ekki hóta þessum svæðum á neinn hátt þrátt fyrir að þessi lönd eða ríki hafa kjarnorkuvopn. Það er lögð á það áhersla að þarna eigi menn fyrst og fremst, á þessu norræna svæði, að snúa sér að Bandaríkjunum og að Sovétríkjunum og að Atlantshafsbandalaginu og að Varsjárbandalaginu. Það hefur verið rætt um það í þessu sambandi, og það er í mínum huga algerlega sjálfsagður hlutur, að inn í þessa mynd á einhverju stigi, og þá endurtek ég að hér er ekki um neitt lokað ferli að ræða, verður að taka upp málefni Eystrasaltsins og það verður líka á einhverju stigi að taka upp þá staðreynd að á svæðum í grenndinni við Norðurlönd eru kjarnorkuvopn og það á að nota þennan vilja Norðurlandanna til friðar til að þrýsta þeim vopnum út, í burtu. Menn eiga að horfa á þetta sem eina heildarmynd og ekki læsa sig alveg fastir inn í eitthvert lokað endanlegt mótað ferli. Það er óþarfi að taka þannig á málunum.

Ég held þess vegna að það sé skynsamlegt fyrir Ísland að taka þátt í umræðum um þessi mál á undirbúningsstigi, bæði í þingmannanefndum og embættismannanefndum, og ég skora á ríkisstjórnina að fallast á að Íslendingar eignist aðild að embættismannanefndinni strax í upphafi. Mér heyrist að vísu að það megi kannske orða það þannig að það sé hér á þinginu meiri hluti fyrir því að vera ekki með í embættismannanefndinni. En þá vísa ég til þess sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði fyrr í dag. Hann talar um að embættismannanefnd án pólitískrar yfirstjórnar komi ekki til greina. Svoleiðis embættismenn eiga ekki að vera til. Embættismenn án pólitískrar yfirstjórnar eiga ekki að vera til í þessum löndum og það væri fróðlegt ef menn vildu benda mér á einhverja slíka í þessu landi. En hann sagði, ég held ég muni orðin rétt, ég var með þau hjá mér hérna einhvers staðar: Fagleg rannsókn kæmi til greina. Ef menn vilja orða þetta einhvern veginn frekar svo að embættismannanefnd eigi að fást við faglega rannsókn er það í mínum huga algjört aukaatriði. Aðalatriðið í mínum huga er að Íslendingar verði ekki viðskila við þann norræna meginstraum sem uppi er í þessum málum.

Ég hef ekki, herra forseti, farið yfir einstök atriði í afstöðu þingmannanefndarinnar heldur tæpt á því sem komið hefur fram í blöðum að undanförnu. Það gefst kostur á að fara yfir þetta í einstökum atriðum fljótlega þegar þessi plögg verða send út og gerð opinber.

Ég held að það sé nauðsynlegt að lokum að ítreka að ég hygg að það sé svo í þessari skýrslu utanrrh., a.m.k. var það í einhverjum skýrslum frá honum, og í flestum yfirlýsingum ríkisstjórnar og stjórnmálaflokka á Íslandi, að talað er um að tvær alþjóðastofnanir séu hafnar yfir allan ágreining á Íslandi. Það er hið norræna samstarf, Norðurlandaráð, og Sameinuðu þjóðirnar í raun og veru líka. Þeir sem vilja hafa þessa hornsteina, þessi grundvallaratriði í heiðri, stuðla þannig að sem víðtækastri samstöðu um málin hér innanlands, mega gjarnan hafa það í huga að umræðan um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd byggir einmitt á þessum tveimur hornsteinum, annars vegar norrænu samstarfi og hins vegar samhljóða samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Út frá þessum jákvæðu forsendum eigum við að reyna að nálgast málin að mínu mati, herra forseti.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram og sem hann flutti að hluta til hér í dag, en jafnframt vil ég harma að þessi umræða skuli fara fram á þessum tíma og þegar svo fáir þm. eru viðstaddir sem raun ber vitni. Hér er í rauninni um mikilvægari mál en svo að ræða að það sé rétt og skynsamlegt að láta umræðuna fara fram með þessum hætti og ég hygg að í framtíðinni ættu menn hér að huga að því að gefa betri tíma og gefa annan tíma fyrir þessa umræðu. Ég held líka að í þessum umræðum um utanríkismál ætti að vera sérstök umræða um hið norræna samstarf, svo veigamikill þáttur sem það er í utanríkisstefnu okkar og svo verulegur þáttur sem það er í störfum Alþingis með þátttökunni í Norðurlandaráði.

Það væri vissulega freistandi að víkja að ýmsum atriðum í þeirri skýrslu sem er til umræðu, t.d. aðstoð við þróunarlönd og okkar hlut þar, utanríkisviðskiptum okkar og varnarmálunum. Ég mun ekki gera það nema þá mjög stuttlega. Ég mun hér á eftir í meginmáli ræðu minnar fjalla um hið norræna samstarf og skýrslu þá sem fyrir liggur um það og hefur verið í umræðu einnig í dag. En fyrst langar mig til að víkja örfáum orðum að ummælum nokkurra hv. þm. í dag og kvöld í þessum umræðum.

Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., gerði kjarnorkuvopnalaus svæði og kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd mjög að umtalsefni. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., lýsti afstöðu Alþfl. í ræðu í dag til þeirra mála með afar ljósum og skilmerkilegum hætti og ég ætla ekki að segja mörg orð um það, lýsi hins vegar furðu á þeim vinnubrögðum hv. 3. þm. Reykv. að taka sérstaklega til umræðu skýrslu sem Anker Jörgensen, eftir því sem hann sagði, mun gera opinbera í Kaupmannahöfn á morgun, Anker Jörgensen fyrrv. forsrh. Dana og formaður danska Jafnaðarmannaflokksins sem hef-

ur leitt þetta starf. Mér finnast þetta ekki eðlileg vinnubrögð. Þetta plagg á að gera opinbert í Kaupmannahöfn á morgun. (**SvG:** Það hefur verið gert opinbert áður.) Mér finnast það ekki eðlileg vinnubrögð þegar það er gert að umræðuefni á Alþingi áður en það hefur verið birt af réttum aðilum. Vill ekki hv. þm. flytja sína ræðu á eftir úr ræðustól. (**SvG:** Hv. þm. fer með ósannindi.) Ég vitna til þess sem hann sagði sjálfur hér í ræðustól. Þetta finnast mér vinnubrögð sem eru a.m.k. ekki til fyrirmyndar.

En það er svo sem ekki nein nýjung að þeir Alþýðubandalagsmenn tali með einkennilegum hætti þegar fjallað er hér um þessi mál. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um undirlægjuhátt íslenskra ráðamanna og síðan átti hv. þm. Svavar Gestsson ekki orð til að lýsa vanþóknun sinni á því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafði sagt og hafði vissulega tekið nokkuð stórt upp í sig. En það er ekki sama hver talar eða hvaðan ummælin koma.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði líka að umræðuefni það sem hann kallaði tvískinnungshátt Framsfl., sem ég get auðvitað tekið undir með honum, en það skyldi aldrei vera að tvískinnungsháttur inn væri víðar. Það mætti t.d. segja mér að fyrrv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði töluvert öðrum tungum við væntanlega kjósendur sína í Reykjaneskjördæmi en hv. þm. Svavar Gestsson gerir á hinu háa Alþingi. Ég veit ekki betur en fyrrv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi lýst ýmsum skoðunum í utanríkismálum sem ganga býsna þvert á bæði það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Svavar Gestsson hafa sagt á hinu háa Alþingi.

En ég lýsi líka furðu minni á því þegar hv. formaður þingflokks Framsfl. kemur í þennan ræðustól og talar væntanlega af hálfu síns flokks og talar í annarri hverri setningu og öðru hverju orði um „setuliðið". Hér er ekkert setulið. Hér er varnarlið sem er hér samkvæmt samningi að okkar beiðni, að beiðni meiri hluta þjóðarinnar hvort sem þeim hv. Alþýðubandalagsmönnum líkar það betur eða verr.

Vegna þess sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um Alþfl. og afstöðu hans til kjarnorkuvopnalausra svæða langar mig að vitna til samþykkta frá 17. norræna verkalýðsmálaþinginu sem haldið var í ágúst 1986 í Gautaborg þar sem sátu fulltrúar íslenskra jafnaðarmanna, fulltrúar Alþfl., sem tóku þátt í þessu starfi NFS og Norræna verkalýðssambandsins. Þar er ályktun um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Hv. þm. Svavari Gestssyni til fróðleiks, þar sem hann hefur áreiðanlega ekki heyrt þessa ályktun eða kynnt sér hana, ætla ég að vitna til hennar vegna þess að hún er mjög í samræmi við stefnu Alþfl. í þessum efnum. Sá kafli ályktunarinnar sem um þetta fjallar hljóðar svo í lauslegri þýðingu:

„Um langt skeið að undanförnu hefur stöðugleiki og kyrrð einkennt Norðurlöndin. Norræna verkalýðsmálaþingið vill varðveita þennan stöðugleika. Tillagan um kjarnorkuvopnalaust svæði er hluti þess starfs. Vinnan við að koma á fót kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndunum verður að fara þannig fram að tillit sé tekið til ólíkrar aðstöðu Norðurlandanna í öryggismálum og sem hluti þess starfs sem unnið er til að skapa slökun spennu og afvopnun í víðara samhengi í Evrópu."

Undir þetta tökum við heils hugar, enda áttum við aðild að þessari ályktun.

Það var ýmislegt fleira sem sagt var í þessum umræðum fyrr í dag sem ástæða væri til að víkja að. Ég hef veitt því athygli í kvöld að enginn af hv. þm. Kvennalistans hefur verið í þingsalnum frá því að þessar umræður hófust, en ég mun engu að síður víkja nokkrum orðum að því sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir mælti hér vegna þess að ég vil ekki láta þeim ummælum hennar ómótmælt. Það var raunar til hliðar við þessi mál. Hún var að tala um útflutning á íslenskum afurðum og þar á meðal ull sem nú er í mjög lágu verði og svo lágu verði að bændur fá ekki fyrir ullina nema það sem kostar að rýja féð. Sumir hafa raunar á orði að brenna ullina þar sem nánast ekkert fæst fyrir hana.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fór mörgum orðum um það sem hún kallaði „ítalska efnahagsundrið" og var þá helst á henni að skilja að það væri alls konar ullariðnaður og smáiðnaður. Ansi held ég að hv. þm. hafi orðið hált á svellinu. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef og hef lesið í erlendum tímaritum byggist þetta svokallaða efnahagsundur að verulegu leyti á því sem er kallað neðanjarðarhagkerfi eða svört efnahagsstarfsemi. Geta má þess að í Napólíborg, þar sem mun vera mest hanskaframleiðsla í víðri veröld, er ekki ein einasta hanskaverksmiðja heldur fer öll þessi framleiðsla fram í skúrum, kjöllurum, bílskúrum. Og hverjir eru það sem vinna við það? Það eru konur og börn í nánast nútíma iðnbyltingarþrældómi í mörgum tilvikum. Ef það er svona efnahagsundur sem hv. þm. Kvennalistans dá mest og lofsama gef ég ekki mikið fyrir þeirra skoðanir.

Raunar hættir þeim til, þm. Kvennalistans, að tala hér eins og þær hafi fyrstar allra flutt öll mál og aldrei hafi á Alþingi Íslendinga verið talað um málefni kvenna eða barna fyrr en þær komu til sögunnar. Þetta segja þær fólki í blaðagreinum, en þetta eru auðvitað ósannindi að ekki sé sterkar til orða tekið.

En áður en ég hverf að því sem ég ætlaði að ræða hér um norræna samvinnu langar mig til að víkja að Vestnorræna þingmannasambandinu og ályktun sem gerð var þar s.l. haust þar sem ráðið hvetur landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands í nafni friðar og friðsamlegrar tilveru að vinna að því svo fljótt sem verða má að tryggja að hvorki á stríðs- eða friðartímum verði farið um land, loft eða hafsvæði hér í útnorðri með kjarnorkuvopn eða að þar fari um skip eða farartæki sem flytji slík vopn. Þessi tillaga var samþykkt í Vestnorræna þingmannaráðinu, en það sem ég vildi víkja að voru

þau vinnubrögð sem voru viðhöfð við samþykkt þessarar tillögu sem voru ekki til fyrirmyndar og sem ekki, því miður, lofa góðu um framtíðarsamstarf þar ef það á að vera á þeim nótum. Þegar slík tillaga kom fram í Grænlandi fyrir einu og hálfu ári beittu Grænlendingar neitunarvaldi til að hún yrði ekki samþykkt. Núna komu þeir hins vegar með tilbúna tillögu á fundinn, sem ekki hafði verið kynnt neinum áður, og léðu ekki máls á því að henni yrði breytt á einn eða neinn veg þannig að unnt væri að ná um hana samstöðu. Ég hika ekki við að fullyrða að það hefði verið unnt að ná samstöðu um orðalag ef gefinn hefði verið til þess tími og ráðrúm. Það var ekki gert heldur var málið keyrt í gegn á fáeinum klukkutímum.

Alveg er sama hvaða stofnun á í hlut, hvaða aðilar og hvaða mál. Það er í fjölþjóðasamstarfi ekki vænleg leið til gagnkvæms trausts og góðrar samvinnu að vinna svona og því harma ég hvernig að þessu máli var staðið og þykir það miður vegna þess að ef ekki hefði verið beitt því offorsi sem í rauninni var beitt hefði alveg hiklaust og örugglega mátt ná samkomulagi um tillögu sem allir hefðu getað sætt sig við. Það var ekki reynt. Og því miður var ekki unnt meðal íslensku fulltrúanna að skapa þá samstöðu sem þurfti til að reyna að ná samkomulagi.

Það var ljóst að þessi þingmannasamkoma skiptist í minni og meiri hluta, ekki aðeins Íslendingar heldur Færeyingar líka. Grænlendingarnir voru þeir einu sem voru óskiptir í þessu máli sem við höfðum ekki séð fyrr en fundurinn var byrjaður. Ég harma það og þykir miður því um margt er Vestnorræna þingmannaráðið merkilegt og um margt eigum við, verðum og megum til með að vinna saman. En ég álít að þessi málsmeðferð, og það hef ég sagt vinum okkar í Grænlandi alveg berum orðum og umbúðalaust, hafi ekki verið fallin til að efla þann góða anda sem þar hefur ríkt.

Ég ætla að lokum, herra forseti, að víkja að Norðurlandasamstarfinu, þar sem ríkir raunar ekki ágreiningur okkar í milli þó að ágreiningsmál komi þar auðvitað upp um eitt og annað, og verð nú að láta mér nægja að stikla á stóru því að hér er um mörg mál að ræða sem ástæða væri til að hafa um sérstaka umræðu í þinginu.

Fyrst vil ég víkja að því að í fjárlaganefnd Norðurlandaráðs var til umræðu tillaga um að auka mjög framlög til norræna samstarfsins þannig að þau næmu einu prómilli af þjóðartekjum. Þessi tillaga hefur ekki náð fram að ganga og það er miður. Ef hún hefði verið samþykkt hefðu fjárlög Norðurlandaráðs á næstu árum, það var miðað við að þetta kæmi til framkvæmda á allmörgum næstu árum, sennilega sjöfaldast og verið hægt að sinna mörgum þeim verkefnum sem nú eru í fjársvelti.

Í Norðurlandaráði hefur líka verið ágreiningur um nefndaskipun varðandi alþjóðlega samvinnu. Mér hefur fundist sú deila vera að nokkru leyti um keisararns skegg. Auðvitað er það svo, að í Norðurlandaráði er ekki fjallað um öryggis- og varnarmál og á því er ekki fyrirhuguð nein breyting, en sú þróun sem orðið hefur í Evrópu og sem þar er að eiga sér stað og raunar þróunin á Norðurlöndunum líka gerir það að verkum að Norðurlandaráð verður að sinna alþjóðlegu samstarfi og það hefur enda gert það í mjög ríkum mæli. Ég minni á ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun sem haldin var í Stokkhólmi s.l. haust. Ég minni á að menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur haft bein samskipti við erlendar stofnanir bæði með heimsóknum til Evrópuþings og Evrópuráðs. Ég minni á að varaframkvæmdastjóri Evrópuráðsins heimsótti Norðurlandaráð s.l. haust og átti fund þar með embættismönnum og fulltrúa menningarmálanefndar. Á fjölmörgum sviðum eru þessir aðilar að vinna að sömu málum og á fjölmörgum sviðum geta þeir og eiga að starfa saman.

Ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, nefna ýmis af þeim málum sem menningarmálanefndin hefur fjallað um og hafa verið samþykkt og sem hafa verulega þýðingu fyrir Ísland og Íslendinga. Ég nefni þar tillögu um norrænan kvikmyndasjóð sem ráðgert er, ef óskir menningarmálanefndar ná fram að ganga, að verði 150 millj. sænskra króna að þremur árum liðnum og geti verið veigamikill stuðningur við kvikmyndagerð á Norðurlöndum sem á í vök að verjast og á í harðri samkeppni við alls konar alþjóðlegt og fjölþjóðlegt efni sem streymir til Norðurlandanna, bæði um gervihnetti og eftir öðrum leiðum. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt mál.

Ég minni á tillögu sem samþykkt var á þinginu núna um þéttingu á neti jarðskjálftamæla á Suðurlandsundirlendi sem er liður í evrópsku rannsóknarverkefni sem norrænir vísindamenn munu einnig taka þátt í og Norðurlandaráð mun styrkja.

Ég nefni tillögu um samkeppni fyrir ungt fólk sem er í tónlistarnámi á Norðurlöndum og ég held raunar að á því sviði eigi Norðurlandaráð og norræn menningarmálastarfsemi að gera miklu meira. Við eigum t.d. afar mikið af ungu tónlistarfólki, sem er vel menntað og við höfum kostað miklu til að mennta, sem á vettvangi norrænnar samvinnu ætti að vera tiltölulega auðvelt að veita tækifæri til að koma víða fram og flytja sína list. Þarna þarf að bæta um betur. Þetta eru aðeins fá af þeim málum sem þarna hafa verið til umræðu.

Á vegum menningarmálanefndarinnar hefur einnig verið unnið að samstarfi að því er varðar æðri menntun. Það hefur verið unnið að gerð stefnuskrár fyrir norræna rannsóknaráðið sem er afar mikilvægt mál, en á sviði þessarar nefndar eru þrír málaflokkar, þ.e. mennta- og kennslumál, rannsóknir, vísindarannsóknir og þá norræna rannsóknaráðið og síðan almenn menningarmál.

Ég hef hér, herra forseti, nefnt nokkur af þeim málum sem á norrænum menningarmálavettvangi hefur borið hæst. Ég vil einnig fagna því að hér skuli vera komin fram á þingi till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um rétt norrænna ríkisborg-

ara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi. Það var mál til komið að þetta mál sæi dagsins ljós hér á Alþingi. Við erum hygg ég síðust Norðurlandaþjóðanna til að staðfesta þetta.

Þá vil ég að lokum geta þess að mjög mikið af starfstíma menningarmálanefndar Norðurlandaráðs hefur farið í að fjalla um fjölmiðlamál, um samstarfið um hinn svokallaða TELE-X gervihnött. Það mál tók mjög óvænta stefnu á þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors fyrir fáeinum dögum þegar fulltrúar hægri flokkanna í ráðinu fluttu tillögu um að snarvenda og hætta við þau áform sem uppi hafa verið um að sjónvarpa um tvær rásir og sjónvarpa í stað þess um fjórar rásir, en í nýbirtri skýrslu útvarpsstjóra Norðurlanda, sem raunar hafði ekki séð dagsins ljós þegar þessi tillaga hægri flokkanna var sett fram, var einmitt að finna slíka tillögu. Fulltrúar Sjálfstfl. í Norðurlandaráði skrifuðu allir undir þessa tillögu hægri flokkanna, en á sama tíma lýsti hæstv. menntmrh. því yfir að það bæri að hætta við þátttöku okkar Íslendinga í þessu norræna sjónvarpssamstarfi. Þetta var mjög merkileg uppákoma sem voru gerð allgóð skil í fjölmiðlum hér, en ég held að það sé alveg nauðsynlegt og þá við kannske annað tækifæri að Alþingi fái að vita hver er stefna stjórnarflokkanna í þessu máli.

Það getur vel verið að það komi í ljós að þetta sjónvarpssamstarf í þeirri mynd sem það nú er hugsað henti okkur ekki. Það liggur bara ekki fyrir enn. Það er of snemmt hjá hæstv. menntmrh. að skella hurðum í þessu máli, jafnvel þótt menn hafi gaman af að heyra hurðaskellina bergmála, sérstaklega þegar þeir geta bergmálað um Norðurlöndin öll eins og var í þessu tilviki. En ég endurtek að það er of snemmt að skella hurðum í þessu máli vegna þess að staðreyndir liggja ekki enn þá fyrir um það með hverjum hætti við getum tengst þessu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vera aðilar að þessu samstarfi ef við getum vegna þess að við erum hluti af norrænni menningu, við erum á norræna menningarsvæðinu og þetta er þáttur af okkar menningararfleifð og menningu. Því eigum við að taka þátt í þessu sé þess kostur. En vera má að þess verði ekki kostur, að það verði kostnaðarlega ókleift, það verði tæknilega mjög örðugt. Þá er auðvitað að bíta í það súra epli og taka því. En við eigum ekki að skella hurðum, eins og mér heyrðist hæstv. menntmrh. gera þegar þingið stóð yfir, og ég vildi gjarnan fá að heyra í þessari umræðu hvort hæstv. menntmrh. túlkaði þarna stefnu Sjálfstfl. eða hvort þeir þrír hv. þm. sem skrifuðu undir tillöguna um fjórar sjónvarpsrásir í stað tveggja túlka stefnu Sjálfstfl. Ég veit að hæstv. utanrrh. getur sjálfsagt svarað því hér á eftir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur rætt um meginefni þessarar skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál og ég kem hér til að ræða sérstaklega um málefni þróunarsamvinnu. Um þróunarsamvinnu er einn lítinn kafla að finna í þessari skýrslu og er hann svo knappur að hann nær ekki yfir nema eina síðu. Má með sanni segja að lengd kaflans sé nokkuð í samræmi við þau fjárframlög sem við höfum á undanförnum árum lagt til þessa mikilvæga málaflokks.

Eins og alla hv. þm. rekur vafalítið minni til var samþykkt hér á Alþingi í maí 1985 ályktun um að auka reglubundið framlög hins opinbera til þróunarsamvinnu þannig að því marki yrði náð að veita 0,7% af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar á næstu sjö árum. Það hvarflar stundum að mér að þeir sem þar halda um stjórnartaumana á hæstv. Alþingi taki ekki eftir því hvað þeir eru að samþykkja því að þessi ályktun hefur verið margbrotin og þverbrotin síðan hún hlaut hér einróma samþykki.

Í upphafi þessa kafla um þróunarsamvinnu kemur fram að framlag af ríkisfé til þessara mála var á árinu 1986 um 0,058% af vergri þjóðarframleiðslu. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að framlögin verði 0,054% og síðan kemur ansi árans skondin setning. Hér segir: „Íslendinga vantar því jafnmikið og áður á að ná því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér" o.s.frv. Ég get ekki séð að 0,058% sé jafnmikið og 0,054%. Það vantar ekki jafnmikið, það vantar meira en áður upp á það að við náum því marki að verja 0,7% af þjóðarframleiðslu okkar til þróunarsamvinnu.

Við erum fjarri því að ná þessu marki og er skemmst frá því að segja að frá því að ályktun Alþingis var samþykkt á vordögum 1985 hafa framlögin til þessara mála markvisst farið hríðlækkandi. Á árinu 1985 lögðum við 0,087% af þjóðarframleiðslu til þessara hluta, á árinu 1986 lækkaði framlagið niður í 0,063% og eins og kom fram áðan erum við rétt um 0,05% á þessu ári. Ályktun Alþingis er sem sagt þverbrotin og það undrar mig a.m.k. ekki þótt almenningur hér á landi beri ekki virðingu fyrir störfum og ályktunum Alþingis á meðan Alþingi sjálft gerir það ekki.

Síðan segir hér í þessum kafla: „Áhugi er fyrir því að vaxandi framlög renni í ríkari mæli til tvíhliða verkefna." Þetta er heldur undarlega sagt þar sem það er yfirlýstur vilji Alþingis að framlögin renni í ríkari mæli til tvíhliða verkefna. Það var skýrt tekið fram í þeirri grg. sem með þál. fylgdi á sínum tíma að áherslu bæri að leggja einkum og sér í lagi á tvíhliða verkefni. Vandinn með tvíhliða verkefni er sá að til þess að hægt sé að framkvæma þau þannig að eitthvert lag sé á þurfa upplýsingar um fjárveitingar að liggja fyrir með einhverjum fyrirvara og framkvæmdaraðilinn, sem í þessu tilviki er Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þarf að vita hversu mikið fé hún fær á fjárlögum ár hvert með góðum fyrirvara. Einnig þarf hún að geta treyst á ríflegar fjárveitingar til þessara mála ef hún á með nokkru móti að geta framkvæmt þann vilja Alþingis að leggja áherslu á tvíhliða þróunarverkefni. En hver er reyndin? Alþingi hefur frá ári til árs skorið Þróunarsamvinnu-

stofnun Íslands stakkinn ákaflega þröngt. Þróunarsamvinnustofnunin hefur ekki vitað hvaða fé hún hefur yfir að ráða fyrr en í lok hvers árs þá er fjárlög eru samþykkt og það fé sem henni er nú skammtað er svo naumt að við liggur að verið sé að leggja stofnunina niður með þeim fjárframlögum sem henni eru ætluð á fjárlögum þessa árs.

Í sameinuðu þingi þann 25. nóvember s.l. spurði ég hæstv. utanrrh. í fyrirspurnatíma um málefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Í svari ráðherra þá kom fram að hann hefði mikinn hug á því að auka framlög til þessara mála. Fjárlög voru þá nokkuð á veg komin og eins og fram kemur hér í skýrslunni hefur enginn mælt á móti því í þeim umræðum sem fram hafa farið á Alþingi um það að auka beri verulega framlög ríkisins til þróunarsamvinnu.

Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh. fyrst hann lýsti yfir vilja sínum á Alþingi þann 25. nóvember í þessu efni og tekur það fram í sinni skýrslu að enginn mæli á móti því að það þurfi að auka fé til þessara mála: Hvers vegna hefur fé þá ekki verið aukið til þróunarsamvinnu? Fyrst það er vilji ráðherra samkvæmt því sem hann sagði hér í Sþ. í nóvember og fyrst allir eru sammála honum, hvernig stendur þá á því að fé hefur ekki verið aukið til þessara mála? Hvernig stendur á því að Þróunarsamvinnustofnun Íslands eru skammtaðar 30 millj. kr. á fjárlögum þessa árs á meðan fram kemur í gögnum frá stofnuninni að ef vel á að vera þurfi hún 229 840 000 kr. til að sinna verkefnum sínum? Hvernig má á þessu standa, hæstv. utanrrh.?

Hvað varðar fjárlagagerðina nú á lokadögum síðasta árs finnst mér það einnig harla kúnstugt, ef vilji hæstv. ráðh. er jafnmikill á borði og hann er í orði í þessum málum, að hæstv. ráðh. virðist ekki hafa lagt mjög að fjvn. Alþingis að hækka framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þann 13. nóv. á s.l. ári skrifaði hann fjvn. bréf og fór þess á leit við nefndina að hún tæki málefni Þróunarsamvinnustofnunar til endurskoðunar en síðan mun hann ekkert samband hafa haft við fjvn. fyrr en þá er kom að 3. umr. fjárlaga.

Og nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann telji að hér sé nógu fast um mál haldið og hvort ekki hefði verið viturlegra að knýja fastar á dyr fjvn. í þessum málum en augljóst er að ráðherra hefur gert.

Niðurstaðan varð sú að Þróunarsamvinnustofnun hlaut 30 millj. kr. á síðustu fjárlögum. Eins og ég sagði þarf hún nærfellt 1000% meira til að standa straum af þeim verkefnum sem hún hefur á sinni könnu. Þessi verkefni eru sundurliðuð í erindi til stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar frá framkvæmdastjóra hennar, en slík sundurliðun mun aldrei hafa komið inn á borð fjvn. Það er auðvitað viðbúið að þegar fjvn. veit ekki í hvað peningarnir eiga að fara sýni hún málinu e.t.v. ekki þann sama skilning og ella hefði verið. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvers vegna var fjvn. ekki gerð gleggri grein en raun ber vitni fyrir því í hvað þeir fjármunir áttu að fara sem Þróunarsamvinnustofnunin fór fram á?

Það er alveg augljóst að stofnunin getur engan veginn starfað með þeim 30 millj. kr. sem henni eru ætlaðar og eins og segir réttilega í skýrslu ráðherra, með leyfi forseta:

„Það sem veldur mestum erfiðleikum þegar slíkar athuganir eiga sér stað“ — hér er verið að tala um þróunarsamstarf sem Íslendingar gerðust aðili að og kennt er við Harare, höfuðborg Zimbabwe — „er að hafa enga hugmynd um hvaða fjármunum er úr að spila.“ Það er einmitt mergurinn málsins. Vandinn er að hafa enga hugmynd um slíkt og síðan að hafa þar að auki ekki nokkra einustu fjármuni til þess.

Síðan er hér smákafli í skýrslu hæstv. utanrrh. um verkefnið á Grænhöfðaeyjum sem hefur fram til þessa verið meginverkefni Þróunarsamvinnustofnunar á sviði tvíhliða aðstoðar. Það kemur fram í þessari sundurliðun, sem ég gat um áðan, að verkefnið á Grænhöfðaeyjum eitt og sér kostar á næsta ári 49 900 000 kr., nærfellt 50 milljónir. Hvernig á að standa við það verkefni með 30 milljónum? Og þegar stofnunin þarf þar að auki að sinna öðrum verkefnum með þessum 30 milljónum? Það er ekki nokkur einasta leið. Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh. að því hvernig hann hyggist standa við verkefnið á Grænhöfðaeyjum. Hvernig ætlar hann sér að framkvæma þá aðstoð sem við höfum skuldbundið okkur til að veita þar? Hvernig ætlar hann að framkvæma aðstoð upp á 50 milljónir með innan við 30 milljónir til þessara hluta? Hæstv. utanrrh. verður að vera mikill kraftaverkamaður ef honum á að takast það. Og ég bíð spennt eftir að heyra hvernig það á ganga fyrir sig.

Ég vil einnig nefna það sérstaklega og taka undir það sem fram kemur í skýrslunni að áhersla verði lögð á stuðning við smábátaútgerð heimamanna á Grænhöfðaeyjum. Þetta er áhersluatriði af hálfu Grænhöfðaeyjamanna sjálfra og eftir því sem best verður séð af skýrslunni hafa Íslendingar fallist á það. Ég vil taka það hér fram að þar tel ég vera vel borið niður því að það er einmitt á sviði smábátaútgerðar sem aðstoðar er þörf og þessi útgerð skiptir afskaplega miklu máli fyrir daglega afkomu manna á eyjunum. Ég vil því láta í ljós að ég er mjög sammála þessu atriði.

Hitt er aftur annað mál að hæstv. utanrrh. lét þess getið þegar hann svaraði fsp. minni í Sþ. 25. nóv. s.l. að nú stæði til að undirbúa betur þau verkefni sem Þróunarsamvinnustofnun legði út í á sviði tvíhliða aðstoðar, m.a. með forkönnunum á menningu. Og samfélagsháttum á þeim stöðum þar sem verkefnin eiga að vera og það á vitaskuld jafnframt við um Grænhöfðaeyjaverkefnið því að samkvæmt því sem hér segir og áður hefur komið fram stendur til að færa þar út kvíarnar yfir á önnur svið og það þarf þá vitaskuld að gera ýmsar athuganir áður. Ég hef ekki orðið vör við að slíkar athuganir séu á döfinni hjá Þróunarsamvinnustofnun. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort það standi til að standa við þetta

stefnumið ráðherrans eða hvort þetta voru orð og orð ein.

Ég get ekki nógsamlega ítrekað mikilvægi þessa vegna þess að staðreyndin er sú að við höfum lagt út í meiri háttar þróunarverkefni án þess að vinna nægilega vel að undirbúningi og forvinnu. Við höfum aðallega flutt út tækniþekkingu og íslenskt brjóstvit og við höfum haft heppnina með okkur. Þetta hefur lukkast vegna þess að við höfum verið heppin, ekki vegna þess að við höfum undirbúið okkur vel eða vandað okkur vel. Hversu hliðholl sem heppnin kann að vera okkur í framtíðinni held ég að það sé óvarlegt að treysta á hana. Staðreyndin er einnig sú að í raun er engin stefna til, hvorki í þessari skýrslu né hjá Þróunarsamvinnustofnun, um það hvernig haga skuli þróunaraðstoð Íslendinga. Hér er engin fastmótuð stefna um slíkt, enda má ef til vill segja að stofnuninni sé óhægt um vik í því efni þar sem hún hefur nánast engum fjármunum úr að spila. En það er auðvitað ein grundvallarforsenda vel heppnaðrar þróunaraðstoðar að hún fylgi mótaðri stefnu og sé ekki bara fálm út í loftið, hipsum hapsum hingað og þangað. Þetta vil ég taka sérstaklega fram.

Hvað varðar framlög okkar til þróunarsamvinnu og þróunaraðstoðar yfirleitt eru þau vitaskuld til skammar fyrir sjöttu ríkustu þjóð í heimi. Það er til skammar að við skulum ekki veita meiru af þeim allsnægtum sem við höfum til þessara hluta á meðan við vitum, og komumst ekki hjá að vita á þeirri upplýsingaöld sem við lifum nú á, hvernig ástandið er í stórum hluta heimsins. Við vitum að verkefnin eru óþrjótandi og þau eru tímafrek og fjárfrek en þau miða að því og eiga að miða að því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar því aðeins þannig getum við vonast til þess að lifa í heimi sem er réttlátari en sá sem við lifum í núna. Til þess að nefna nokkrar staðreyndir þessara mála vil ég taka fram að nú eru í heiminum tvær milljónir manna sem ekki eiga kost á hreinu drykkjarvatni og við vitum að sýkingar af völdum mengaðs drykkjarvatns eru tíðasta dánarorsök ungbarna. Menn vita ekki hversu margar milljónir ungbarna deyja vegna þessa á hverju ári en við vitum að þau skipta milljónum. Við vitum líka að það eru 900 milljónir manna í heiminum ólæsar í dag. Við vitum að það eru 600 milljónir manna atvinnulausar og aðrar 600 milljónir manna sem eru vannærðar eða líða hungur.

Við erum hér að fjalla um skýrslu um utanríkismál og hér er fjallað um afvopnun og vígbúnað. Því er rétt að geta þess að það er jafnvirði þriggja vikna hernaðarútgjalda að útvega öllum jarðarbúum heilnæmt drykkjarvatn. Með því að eyða þeim fjármunum sem ríki heimsins eyða á þremur vikum til hernaðarútgjalda gætum við komið í veg fyrir dauða þessara milljóna barna sem við vitum ekki einu sinni hversu mörg eru. Ef allur heimurinn er hafður í huga er 450 dollurum að jafnaði varið til menntunar hvers barns. Kostnaðurinn við hvern hermann er aftur á móti 25 000 dollarar. Þetta eru ógnvekjandi staðreyndir. Með veru okkar í Atlantshafsbandalaginu erum við auðvitað aðili að þessum hernaðarútgjöldum, þó að þau kosti okkur vitaskuld ekki neitt. Og það kastar tólfunum þegar við stöndum okkur með þeim hætti hér heima hjá okkur að veita aðeins brotabrotabroti af því sem höfum yfir að ráða til þessara mála.

Ég skora á ríkisstjórn Íslands og þá einkum og sér í lagi hæstv. utanrrh., sem hlýtur að vera í fararbroddi í þessum málum, að láta nú til skarar skríða og hreinsa þessa vansæmd af íslenskri þjóð, þá vansæmd að veita ekki meiru en nokkrum milljónum til þessara hluta. Ég skora á hæstv. ráðh. að taka til hendinni í þessum málum og verð að trúa því og treysta að orð hans séu ekki orðin tóm, þau orð sem hann hefur viðhaft hér á þessu þingi, bæði í þeim fyrirspurnatíma sem ég gat um áðan og eins í umræðum um fjárlög, og að eitthvað gangi eftir. Gjörðirnar hingað til vísa á allt annað og það er til vansæmdar bæði fyrir þing og þjóð að áfram sé staðið að þessum málum svo sem greint er frá í þessari skýrslu um utanríkismál.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Í þeim umræðum sem hér hafa farið fram er fjölmargt sem ástæða væri til að ræða, m.a. fjöldi fyrirspurna. Ég skal reyna að víkja að nokkrum þeirra atriða sem hefur verið drepið á af hálfu þeirra þm. sem hafa talað.

Hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson vék að nokkrum atriðum í sinni ræðu og kom fram með sínar skoðanir og gagnrýndi sérstaklega ýmislegt í sambandi við framkvæmd utanríkismála. Hann kom með athugasemdir, vék að hugmyndum sínum og spurði álits.

Í fyrsta lagi vék hann að atkvæðagreiðslum á þingi Sameinuðu þjóðanna varðandi tillöguna um frystingu kjarnorkuvígbúnaðar. Það kemur skýrt fram í skýrslunni að á sviði afvopnunarmála, hvort sem það er innan Sameinuðu þjóðanna eða ekki, hefur umræðan færst frá hugmyndum um svonefnda frystingu kjarnavígbúnaðar yfir í viðræður um raunverulegan niðurskurð kjarnorkuvopna. Það má m.a. benda á það að hin hefðbundna sovéska frystitillaga hjá Sameinuðu þjóðunum sá ekki dagsins ljós að þessu sinni. Mér sýnist þess vegna ekki ástæða til fyrir hv. þm. að gera þessa atkvæðagreiðslu að því lykilatriði á sviði afvopnunar sem reynt er að gera. Auk þess sem í sænsk-mexíkönsku frystingartillögunni eru, eins og fram kom í svari mínu hér á Alþingi þegar ég svaraði fsp. hv. varaþm. Kristínar Ástgeirsdóttur, ýmsar þær fullyrðingar að ég taldi ekki rökrétta afstöðu að greiða öðruvísi atkvæði en áður hafði verið gert. Þess vegna fól utanrrn. fulltrúa Íslands á allsherjarþinginu að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Það hafði áður verið gert. Það hefur þar af leiðandi engin pólitísk breyting átt sér stað hér innanlands sem gæti réttlætt aðra afstöðu en áður.

Með það í huga að hugmyndir um frystingu

kjarnavopna eru horfnar í skuggann fyrir miklu mikilvægari atriðum, þ.e. raunverulegum samningaviðræðum um niðurskurð, sýnist mér að Íslendingar séu vel sæmdir af því að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu ásamt þeim aðilum sem það gerðu, m.a. Spánverjar og Hollendingar. Tíu önnur ríki Atlantshafsbandalagsins greiddu atkvæði gegn sænsk-mexíkönsku tillögunni, en það eru þrjú þeirra, Grikkland, Noregur og Danmörk, sem greiða atkvæði með. Það er ekkert sem segir að Ísland greiði atkvæði í hvert skipti eins og önnur Norðurlönd þó að oft sé það með þeim hætti. Þegar mat okkar á öryggishagsmunum býður okkur að greiða atkvæði með öðrum hætti gerum við það að sjálfsögðu, en greiðum ekki atkvæði bara af því að önnur Norðurlönd hafa gert það þó að ég sé allra manna síðastur til að mæla gegn mjög góðu norrænu samstarfi.

Þá vék þm. að þeirri hugmynd sem fram hafði komið hjá forsrh. um sérstaka stofnun hér á landi varðandi frið og til þess að sinna þeim málum. Þegar ég var spurður gerði ég grein fyrir því að sú stofnun, sem hefur sinnt þessum málum frá því eftir síðari heimsstyrjöld, Sameinuðu þjóðirnar, er illa á vegi stödd fjárhagslega, þannig að væri um að ræða afgangsfjármuni hjá stórveldunum yrðu þeir ábyggilega vel þegnir og tekið á móti þeim þar. Mér sýnist að sú stofnun sé sú hin færasta til að sinna þessu hlutverki ef henni er sköpuð aðstaða til þess.

Ég ætla ekki annað en að það sé góður vilji á bak við þá hugmynd sem hér er sett fram en ég varpa nú fram þeirri spurningu hvort stórveldunum sýndist vera rétt að koma á fót slíkri stofnun öðruvísi en að hér yrði horfið til hlutleysis, og þá e.t.v. horfið til þess hlutleysis sem hér var fyrir 1940. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það ættu Íslendingar að gera.

Þá vék þm. að því í sinni ræðu að ósamræmis gætti í því sem ég sagði í síðustu skýrslu um geimvarnarannsóknir Bandaríkjamanna og þess sem ég geri grein fyrir í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Ég vísa á bug þessari gagnrýni. Ég hef í engu breytt afstöðu minni frá síðustu skýrslu. Við megum ekki gleyma því að Sovétmenn hafa stundað rannsóknir á geimvörnum um árabil, eins og ég hef áður bent á, og það er ekki raunhæft að ímynda sér að hægt sé að banna slíkar tilraunir. Í þessari skýrslu ítreka ég það sjónarmið að það sé mikilvægt að slíkar rannsóknir fari fram innan ramma ABM-samningsins og nota um það svipað orðalag og í síðustu skýrslu. Afstaða mín er því óbreytt. (Gripið fram í.) Það samrýmist vel þessari afstöðu að vara við því að aðilar breyti túlkun sinni á ákvæðum samningsins þar sem það geti spillt fyrir á öðrum sviðum afvopnunar. En ég er síðan enn sömu skoðunar og ég var á s.l. ári að leiði rannsóknir á geimvörnum, eins og ég sagði þá, í ljós að slík kerfi geti stuðlað að auknu öryggi, þá eigi risaveldin að sameinast um að koma þeim upp. Leiði rannsóknirnar hins vegar til annarrar niðurstöðu, þá eigi þau að gera samning um takmörkun gagneldflauga. Ég hef heldur ekki breytt í neinu minni afstöðu í þessu miðað við það sem ég sagði þegar ég gerði grein fyrir þessum atriðum í síðustu skýrslu.

Þessar rannsóknir Bandaríkjamanna eru víðfeðmar og til þeirra er varið miklum fjármunum. Líklega munu þær leiða til margvíslegra tækniframfara, ekki aðeins á sviði varna og vígbúnaðar heldur á öðrum sviðum.

Þm. vék að svæðisbundnum átökum. Að því er vikið lítillega í skýrslunni. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að það verður ekki hægt að gera ítarlega grein fyrir slíku, en að því er vikið eins og ég gerði grein fyrir í framsöguræðu.

Þá vék þm. að því sem hefur verið að birtast að undanförnu, gögnum frá tímanum 1951 varðandi hervarnarsamninginn og það sem þá var að gerast. Vissulega þurfa að koma í ljós þegar sagan verður skrifuð þau hin réttu gögn í þessum efnum og ég efast ekkert um að þegar að því verður hugað í utanrrn. á þeim tíma sem það er talið eðlilegt og skynsamlegt verði þau gögn birt. Það sem þm. skoraði á mig að gera á þessum dögum á ég ekki von á að geti gerst, en ég trúi því, eins og ég sagði áðan, að þegar fram líða stundir liggi þau gögn ljós fyrir til að upplýsa hvað hefur þar gerst.

Ég hef ekki trú á að neitt það hafi gerst sem hér var látið í veðri vaka og það eina sem í ljós muni koma séu réttar og eðlilegar forsendur fyrir þeirri ákvörðun sem tekin var og Íslendingar hafa ekki viljað breyta aftur frá þeim tíma.

Þm. vék að Þróunarsamvinnustofnun. Það gerði seinasti ræðumaður líka, hv. 11. þm. Reykv. Það liggur ljóst fyrir að skv. fjárlögum ársins 1987 og skv. fjárlögum ársins 1986 er ekki varið því fjármagni sem ályktun Alþingis, sem samþykkt var, gerir ráð fyrir. Þar er ekki við neinn að sakast annan en fjárveitingavaldið þegar fjárlagaafgreiðslan fer fram. Við getum að sjálfsögðu haft á því skiptar skoðanir hversu mikið og hversu hratt eigi í þessa hluti að fara, en ég get verið sammála mönnum um að slíkar samþykktir gerðar af Alþingi einvörðungu til að vera pappírsgagn eru betur ósamþykktar en Alþingi sé að samþykkja slíka hluti.

Spurningin er: Hvers vegna hefur ekki fé fengist til Þróunarstofnunar? Svarið er ósköp einfalt. Fjárlög gera ekki ráð fyrir meira fjármagni en 30 millj. á þessu ári. **(GHelg:** Svona af því bara.) Einfaldlega vegna þess. Ef það væri hærri upphæð í fjárlögum væri meira fjármagn til ráðstöfunar og það er ekki, eins og ég sagði áðan, við neinn að sakast nema þingið sjálft.

Hv. þm. Sigríður Dúna vék að því að ekki hefði verið haft samband við fjvn. fyrr en við 3. umr. Ég held að það hljóti að vera eitthvert misminni því að mér er kunnugt um að formaður stofnunarinnar átti viðræður við fjvn. um einstaka þætti og hvernig ætlunin væri að nýta það fjármagn sem farið var fram á.

Síðan spurði hún: Hvernig ætlar ráðherrann að láta vinna að framkvæmdum fyrir 50 millj. þegar ekki eru nema 30 fyrir hendi? Það er vissulega erfitt

að gera slíkt og verður þess vegna að vera til endurskoðunar hjá stofnuninni hvernig hægt verður að gera hlutina þó þannig að það sem búið er að skuldbinda geti staðist.

Páll Pétursson, hv. 2. þm. Norðurl. v., talaði og mér fannst einhvern veginn ég ekki þekkja þann tón sem var í hans ræðu í kvöld. Á þeim fundum sem hann hefur stöðu sinni samkvæmt setið í ríkisstjórn hef ég ekki heyrt þann tón. Í fyrsta lagi kom sú gagnrýni að það sé ekki nægjanlega frá norrænu samstarfi skýrt í skýrslu utanrrh. Ég vil aðeins geta þess að það er með sama hætti og verið hefur. Ég fór hér fram á skrifstofuna til að rýna í skýrslu frá 1982. Það var sýnu minna sagt frá í henni. Ég vek svo athygli þm. á því að málefni Norðurlandaráðs heyra ekki undir utanrrh. Það er sérstakur ráðherra sem er nefndur samstarfsráðherra. Ef þm. vill fá grg. um það sem þar hefur verið að gerast ber að snúa sér til hans. En ég veit ekki betur en sú skýrsla sem unnin er af Norðurlandaráðsdeildinni, og í henni á þm. sæti, sé unnin í samráði við samstarfsráðherrann, a.m.k. var það gert þegar ég gegndi því starfi, og þar komi því fram það sem er að gerast á vettvangi Norðurlandasamstarfsins.

Þm. vildi gagnrýna orðalag í skýrslunni á bls. 16 þar sem verið er að tala um kjarnavopnalaust svæði og þar sem stendur: „sem aðrir hafa rætt á vettvangi Norðurlandaráðs". Ég get vel viðurkennt að þarna hefði mátt standa: á vettvangi Norðurlanda og sleppa „ráðs" því að formlega hefur þetta ekki verið á dagskrá þess. Það er rétt að ég hef gluggað í ræður þeirra sem töluðu á fundinum í Helsingfors og ég get ekki betur séð en þetta sé þar nefnt þannig að í Norðurlandaráði hefur kjarnorkuvopnalaust svæði verið nefnt þó svo það hafi ekki verið formlega til umræðu í ráðinu.

Þm. vildi halda því fram að ég væri að snúa út úr ályktun Alþingis og kom svo með uppgötvun um að það sem Eyjólfur Konráð Jónsson segði gilti ekki sem lög á Íslandi. Hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur svarað því, en það lærði ég í Háskólanum að þegar lagatexti væri ekki svo skýr að það mætti af honum ráða hvernig dæma skyldi skyldu menn virða fyrir sér og skoða greinargerð og þær ræður sem haldnar hefðu verið þegar frv., sem hafði orðið að lögum og dæma skyldi eftir, var til umræðu. Það sem sagt er hér í ræðustól hefur því þá þýðingu sem þar er gerð grein fyrir. Formaður utanrmn. vék að því að hér ræddi hann fyrir hönd nefndarinnar og gerði grein fyrir skilningi hennar á þeirri till. sem þá var samþykkt.

Ég vísa því alfarið á bug að ég hafi nokkurn tíma snúið út úr í sambandi við þessa ályktun. Ég tók þátt í að samþykkja hana á sínum tíma og tel að ég sé ekki að gera neitt annað en skýra það sem ég tel sjálfan mig hafa samþykkt þegar till. var samþykkt.

Hv. þm. var eitthvað að hnýta í hermangið að mig minnir og vildi einhvern veginn kenna mér um meira hermang en öðrum sem á undan hefðu verið. (**HG:** Er ekki allt til helminga?) Allt til helminga, sagði þm., þ.e. að formaður þingflokks Framsfl. beri helmingsábyrgð á málinu. Þannig skil ég það. En ef við lítum á tölur í þessu allt frá 1981 kemur í ljós að það ár voru framkvæmdir á vegum Íslenskra aðalverktaka upp á 669 millj. kr. á verðlagi ársins 1986. Og 1982, og nú skulu menn halda vel í stólana sem þeir standa við, er hvorki meira né minna en 1 milljarður 517 millj. kr. í framkvæmdir hjá aðalverktökum. Það er meira en tvöföldun. Ekki trúi ég því að menn haldi því fram að ég beri ábyrgð á þessu. Það gera einhverjir aðrir frekar. Og enn eykst þetta árið 1983 upp í 2 milljarða 99 kr. 1984 stendur þetta bara í stað. Það er eftir að forveri minn Geir Hallgrímsson tekur við. 2 milljarðar 83 millj. Það er aðeins minnkun. Á árinu 1985 fer það niður í 1 milljarð 322 millj. kr. Það er meira að segja lægri tala en árið 1982. Það fer hins vegar árið 1986 upp aftur í 2 milljarða og 220 millj. og er talið munu verða svipað árið 1987.

Af þessu má sjá að það er í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem vöxtur er í, eins og ég skrifaði niður eftir hv. þm., hermanginu sem hann orðaði að væri með meiri blóma nú en nokkru sinni fyrr. Þá sjá menn af hverju það stafar vegna þess að í tíð ríkisstjórnarinnar 1980–1983 er svo röskleg staðið að verki að það er þreföldun frá árinu 1981 til ársins 1983 og rúmlega það.

Hér kom hv. þm. Kjartan Jóhannsson og gerði ítarlega grein fyrir sjónarmiðum Alþfl. varðandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem hefur verið í umræðu og ég gerði að umræðuefni í dag þegar ég flutti framsöguræðu mína. Ég er þeirrar skoðunar að þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. séu með þeim hætti að þar sé nokkur samstaða með þeim rökum sem ég hef viljað færa fram í sambandi við þetta mál. Það liggur ljóst fyrir að af hálfu hans og hans flokks er ekki tekið undir einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þannig að þeirri fullyrðingu, sem haldið hefur verið fram, að þau sjónarmið sem ég hef lagt til grundvallar í umræðum við utanríkisráðherra Norðurlanda hefðu ekki meiri hluta á Alþingi, er svarað m.a. með þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið af hálfu þeirra sem töluðu fyrir hönd Alþfl., hvort heldur það var Kjartan Jóhannsson eða Eiður Guðnason.

Kjartan Jóhannsson vék sérstaklega að Evrópubandalaginu og okkar veru í Fríverslunarsamtökum Evrópu. Ég vil taka undir þá áherslu sem hann lagði á tollfrjálsan innflutning okkar á fiskafurðum til Fríverslunarbandalagsins því að ég er sannfærður um að takist okkur að ná því fram stöndum við sýnu betur að vígi í sambandi við samninga við Evrópubandalagið.

Hér kom hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir og var með nokkuð margar spurningar í sambandi við þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Hún er að vísu ekki viðstödd og því sýnist mér ekki ástæða til að eyða tíma þm. í kvöld til að svara, en mér fannst líka sumar þessara spurninga vera með þeim hætti að

þær hefðu nánast ekki átt að koma fram, varðandi starfsmenn varnarmálaskrifstofunnar, spurning um ráðningu, spurning um starfssvið. Ég er hér með fréttatilkynningu frá utanrrn. 28. ágúst 1985 þar sem m.a. er gerð grein fyrir ráðningu annars þess manns sem þar kom til starfa, annars af þessum tveimur. Þar kemur allt fram sem um var spurt.

Það var spurt m.a. um innflutning hjá Landsvirkjun. Þar er um að ræða innflutning tækja til Blönduvirkjunar og það er ljóst mál að í þá virkjun þarf að ráðast vegna þess að rafmagnsskortur yrði ella. Hér eru spurningar af hálfu þm. með þeim hætti að mér sýnist ekki ástæða til að víkja frekar að þeim, en hvenær sem henni þætti ástæða til er ég reiðubúinn að svara þeim spurningum.

Hér kom svo Svavar Gestsson hv. 3. þm. Reykv. Hann bað um að ég svaraði þeirri spurningu hvort Framsfl. hefði gert athugasemdir við utanríkisstefnuna. Ég hef ekki orðið var við slíka athugasemd á ríkisstjórnarfundum. Hitt er ljóst mál að það er ekki, eftir því sem fram hefur komið hér í þinginu, samstaða í Framsfl. í öllum málum sem snerta utanrrn. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að einstaka þm. hafa verið meðflm. að tillögum sem hér hafa verið fluttar þannig að það sem kom fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni í kvöld er ekki annað en það sem áður hefur heyrst, eða a.m.k. eitthvað í svipaðri tóntegund.

Hv. þm. ræddi mjög ítarlega frá sínu sjónarmiði um kjarnorkuvopnalaust svæði. Hann vildi gera því skóna að menn teldu að uppfinningin væri frá vondum mönnum, kommum eða rauðliðum eins og hann orðaði það. Ég held að ég hafi vikið að því í minni ræðu hvaðan hugmyndin er sprottin. Það sem við ræðum um þessa dagana er með hvaða hætti staðið væri að slíku og um það er mikill ágreiningur, því að það er ekki aðeins að um sé að ræða að Norðurlöndin eru kjarnavopnalaus heldur er í ályktun Alþingis, og það er skoðun a.m.k. sjálfstæðismanna, það er skoðun Alþýðuflokksmanna, það hefur komið hér fram í kvöld, að til slíks komi ekki öðruvísi en um sé að ræða þátt í samningum milli stórveldanna og um sé að ræða fækkun kjarnavopna í milliríkjasamningum á milli stórveldanna.

Þegar rætt er um að Ísland kljúfi sig frá öðrum Norðurlöndum í þessum efnum leyfi ég mér að minna á að það hefur áður verið umræða um varnarbandalag á Norðurlöndum. Ég minni á hverjir það voru sem ekki voru reiðubúnir að taka þátt í slíku bandalagi.

Ég minni líka á að það eru 40 ár síðan þeir hlutir gerðust. Ég minni enn fremur á, þegar við erum að ræða þessa hluti, að þrjú Norðurlandanna eru í varnarbandalagi, Atlantshafsbandalaginu, en Finnland og Svíþjóð hafa rekið sína eigin öryggismálastefnu, sína varnarstefnu og þar af leiðandi hafa Norðurlöndin ekki verið samferða í þessum málum. Það út af fyrir sig útilokar ekki að það geti átt sér stað viðræður milli Norðurlandanna um slík málefni, enda þótt Norðurlandasamstarfið eins og það er skipulagt geri ekki ráð fyrir því. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að Íslendingar hljóta að hafa skoðanir á því með hvaða hætti þeir telja sínum öryggishagsmunum best fyrir komið. Út frá því hljóta þeir að taka þátt í þeim viðræðum sem fram fara. Það kemur skýrt fram í skýrslunni á hvaða forsendum og á hvaða grundvelli ég hef tekið þátt í fundum utanríkisráðherranna og grundvallað mitt sjónarmið á yfirlýsingu Alþingis í þessum efnum frá því í maí 1985.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma hér og nú, en ég get mjög vel tekið undir þá athugasemd og þá gagnrýni að með einum eða öðrum hætti ætti að breyta umræðum um utanríkismálin, skýrslunni um utanríkismál. Ég held hins vegar að það sé naumast hægt að leggja hana fram á Alþingi miklu fyrr, kannske viku fyrr, en ég held að umræða eins og hér fer fram sé ekki með þeim hætti sem skynsamlegast væri að hafa umræðu um utanríkismál og þess vegna komi mjög vel til greina að því verði breytt. Það gerist best með góðu samstarfi þingforseta og formanna þingflokka þegar næst verður efnt til umræðna um utanríkismál, þegar skýrsla um utanríkismál verður næst lögð fyrir Alþingi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mikið er ég feginn að þekkja aftur vin minn utanrrh. fyrir sama mann. Nú er hann kominn með sinn gamla tón sem hann hafði þegar hann var viðskrh., þennan friðsama og skynsamlega tón.

Ég vil þó gera nokkrar athugasemdir við mál hans. Ég lagði sérstaklega áherslu á það í ræðu minni fyrr í dag að ég teldi að fullt tilefni væri til þess að samstarfsráðherra skilaði sérstakri skýrslu um norrænt samstarf og um hana færi jafnframt fram umræða. En utanríkissamskipti á vegum ríkisstjórnarinnar hljóta náttúrlega að fara fram á milli Norðurlanda og það er eðlilegt að það sé sagt frá því í skýrslu ríkisstjórnarinnar og ítarlegar sagt frá því í skýrslu utanrrh., a.m.k. þangað til samstarfsráðherra fer að skila skýrslu um málefnið.

Skýrsla um starfsemi Norðurlandaráðs á þskj. 801 er fullkomlega á ábyrgð Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og samstarfsráðherra átti engan þátt í þeirri skýrslugerð. Ég minnist þess þegar hæstv. utanrrh. var samstarfsráðherra að hann hafði við okkur samstarf um þessa skýrslugerð, en það mun ekki hafa verið að þessu sinni, enda er þar ekki greint frá málefnum á sviði ráðherranefndarinnar.

Hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni að ekki væri samstaða innan Framsfl. um utanríkismál að öllu leyti. Mér kom nú á óvart fullyrðing hans um að forsrh. hefði verið samþykkur öllum hans gerðum og málatilbúnaði í utanríkismálum. Það kom mér nokkuð á óvart. Ég get sagt ráðherranum það að um utanríkismálaályktun Framsfl. sem samþykkt var á síðasta flokksþingi er full samstaða, full samstaða innan Framsfl. um það sem stendur í því plaggi.

Þetta er skynsamleg og gagnorð ályktun um utanríkismál og ég er stoltur af henni og þess vegna notaði ég tækifærið til þess að kynna hana sérstaklega við þessa umræðu. Þetta er stefnumörkun sem bindur Framsfl. til næstu ára, stefnumörkun sem verður að vera leiðarsteinn við hugsanlegar stjórnarmyndunarviðræður að kosningum loknum, ef Framsfl. kemur til með að taka á annað borð þátt í stjórnarmyndunarviðræðum, sem ég get ekki sagt um á þessari stundu.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson vildi túlka ályktun Alþingis um afvopnunar- og öryggismál með sínum hætti. Mér er það hulin ráðgáta, ef þetta hefur verið skoðun nefndarinnar, af hverju þetta, sem formaður nefndarinnar sagði frá í ræðu sinni, var ekki sett í texta tillgr. Af hverju var þetta ekki sett í texta tillgr.? Mér finnst að það liggi í augum uppi að ef um þetta orðalag hefði verið samstaða í nefndinni þá hefði það verið sett í textann. (**Gripið fram í:** Það eru oft grg. með þál.) En nú langar mig til að leiða til vitnis sjálfan „hæstaréttinn", þ.e. ritstjóra Morgunblaðsins, Styrmi Gunnarsson, sem í blaði sínu laugardaginn 8. júní 1985 fjallaði nokkuð um þessa ályktun. Þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Í stuttu máli hefur það gerst að mínum dómi að þingflokkur Sjálfstfl. hefur gengið allt of langt til móts við vinstri flokkana um málamiðlun í mikilvægum utanríkismálum. Þessi afstaða á eftir að veikja Sjálfstfl. og vekja upp spurningar um það í sendiráði Sovétríkjanna við Túngötu og austur í Moskvu hvort sú staðfesta sem Sjálfstfl. hefur sýnt í utanríkismálum alla tíð sé að bresta."

Síðar í greininni segir:

„Í pólitískum umræðum á okkar dögum nær hugtakið Norður-Evrópa ekki nema til Norðurlanda og hluta Þýskalands og Bretlandseyja. Þetta er að mínum dómi sá skilningur sem leggja ber í orðin Norður-Evrópa í pólitískum umræðum þótt landfræðileg merking þessara orða kunni að vera víðtækari."

Síðar í greininni:

„Þetta orðalag er svo óljóst að Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður utanríkismálanefndar og framsögumaður fyrir tillögunni í sameinuðu þingi, sá sig knúinn til að skýra hvað átt væri við. Hann sagði í ræðu sinni: „Allmiklar umræður urðu í utanríkismálanefnd um fyrri lið 6. mgr. ályktunartillögunnar og skilning á honum. Ýmsum hugmyndum var varpað fram um orðalagsbreytingar en á það var fallist að halda orðalagi undirnefndar óbreyttu en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir tillögunni."„

Þá koma þessar skýringar sem hv. þm. flutti hér áðan, en síðan bætir greinarhöfundur, Styrmir Gunnarsson, við:

„Af orðum Eyjólfs Konráðs Jónssonar er ljóst að sett hefur verið fram í utanríkismálanefnd hugmynd þess efnis að skýrt kæmi fram í samþykkt Alþingis að átt væri við kjarnorkuvopnalaus svæði beggja vegna járntjalds en ekki einungis vestan megin þess. Þessari hugmynd hefur bersýnilega verið *hafnað* [með breyttu letri] en það hefur verið gert fyrir sjálfstæðismenn að samþykkja að formaður nefndarinnar flytti þessar skýringar. Hverjir eru það í utanrmn. Alþingis sem geta ekki fallist á að skýrt sé tekið fram við hvað er átt? Ég skal engum getum leiða að því eða hvað valdi andstöðu þeirra við hið afdráttarlausa orðalag um þetta efni. Hitt er alveg ljóst" — og nú breytir greinarhöfundur um letur til áherslu orðum sínum — „að Sjálfstfl., sem í hálfa öld hefur mótað og fylgt fram utanríkisstefnu þjóðarinnar, fyrst í baráttunni fyrir lýðveldinu, síðan í baráttunni fyrir afdráttarlausri þátttöku Íslendinga í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, getur ekki gengið til lágkúrulegrar málamiðlunar í þýðingarmiklu máli sem hér er um að ræða. Einhver kann að segja sem svo að þingflokkur Sjálfstfl. kalli ekki allt ömmu sína þegar um málamiðlanir er að ræða en eitt er að slaka á kröfum í pólitískri dægurbaráttu innanlands," — og svo aftur með svörtu letri — „annað að bjóða heim hættulegum hugmyndum upp í Túngötu og austur í Kreml um það að þingflokkur Sjálfstfl. sé að veikjast í varðstöðu sinni um þjóðarhagsmuni út á við."

Síðar segir í greininni, með leyfi forseta:

„Nú víkur sögunni til utanríkismálanefndar. Orðalag á tillögu hennar um kjarnorkuvopn á Íslandi er svohljóðandi: Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til o.s.frv.

Upphaf tillögu Páls Pétursssonar og félaga hans skal endurtekið hér. Það hljóðaði svo: „Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar."

Tillaga utanríkismálanefndar, sem þingflokkur Sjálfstfl. stendur að, er samhljóða tillögu Páls Péturssonar og fleiri nema að því leyti að orðið eldflaugar er tekið út." — Ja, guð minn almáttugur.

Síðar segir í greininni:

„Af þessum tilvitnunum er ljóst að skilningur þeirra flokka sem að þessari samþykkt Alþingis standa er gerólíkur að því er þetta orðalag varðar. En eftir stendur að um þetta viðkvæma mál hefur þingflokkur Sjálfstfl. fallist á orðalag í tillögu vinstri flokkanna. Mér er óskiljanlegt með öllu hvað það er sem hefur rekið alla þm. Sjálfstfl. til þess að ganga til málamiðlunar á nótum vinstri flokkanna og hvaða hag þeir sjá sér í samþykkt í tillögu Alþingis sem þm. skilja með svo mismunandi hætti."

Læt ég nú lokið að vitna í Styrmi en það er reyndar ýmislegt fleira í þessari grein sem væri vel þess virði að lesa þeim til upprifjunar því að ég sé ekki betur en að Styrmir leggi allt annan skilning í orðalag tillögunnar heldur en hv. formaður utanrmn. og eins og menn vita þá er nú eins og það sé tekið mark á Styrmi þessum í herbúðum Sjálfstfl.

Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv., flutti hér eina af sínum einkennilegu ræðum áðan. Honum

þótti það nýlunda að hlusta á ræðu mína hér fyrr í dag. Ég get skýrt honum frá því þó að minni hans sé kannske eitthvað farið að bila að svipaðar skoðanir hafa iðulega komið fram hjá mér hér í þessum ræðustól og í skrifum mínum og tillöguflutningi á Alþingi. Ég gagnrýndi t.d. ákveðið byggingu radarstöðva á Langanesi og hjá Bolungarvík. Ég gagnrýndi árásina á Líbýu. Það gekk nú svo langt haustið 1985 að Sjálfstfl. var með kjánalegar hótanir um stjórnarslit vegna ummæla minna sem þeir skildu sem vantraust á hæstv. þáv. utanrrh. Það var mikill misskilningur hjá þeim eins og margt annað sem þeir menn misskilja. En svo hljóp, ég vil nú ekki segja fjandinn í svínið, heldur rann berserksgangur á hv. ræðumann Svavar Gestsson. Það er svoleiðis með Svavar Gestsson, þó að þetta sé gæfur maður í umgengni daglega þá er það einstöku sinnum sem hann umhverfist í ræðustólnum og þá ætlar hann að láta fara að taka til sín og tekur þá heilmikil gönuskeið. Það eru til hestar sem verða svona vitlausir alveg upp úr þurru en það eru óeigandi skepnur og það er ómögulegt að treysta þeim til neins. Ég veit að hv. þm., sem er hestamaður góður, hefur einhvern tímann rekist á svona drógar og ég veit að hann getur ekki haft uppáhald á þeim. Núna fór hann að láta eins og farísei, hann gerir það stundum, og það er ekki von að þessi maður nái árangri í pólitík. Hann rauk upp með stórskammir þegar hann heyrði að ég var ekki sammála utanrrh. og sér er nú hver foringinn. Alltaf þarf hann að berja frá sér alla — ekki bara flokksmenn sína, ekki bara samherja sína, heldur alla þá sem hann heldur að hafi kannske eitthvað svipaðar skoðanir. Hann stendur orðið aleinn í flokki sínum, hann er búinn að lemja frá sér þetta lið og tvístra því öllu saman, m.a.s. rekið mikið af því inn undir Ólaf Ragnar og stendur svo einangraður í flokki sínum og lætur svo hér ... (**GHelg:** Ekki mig undir Ólaf Ragnar.) Nú, já hann hefur eitthvað rekið undir þig líka. Stendur hér svo einangraður í flokki sínum þessi leiðtogi og svo þarf hann að ráðast á mig þegar hann hefur engan Alþýðubandalagsmann til þess að andskotast á lengur því þeir eru allir búnir að flýja hann.

Illu heilli þá fékk Svavar Gestsson áhuga á kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. (**Gripið fram í:** Illu heilli?) Já, illu heilli. Ég er nefnilega dauðhræddur um að hann með ofstopa sínum og hroka geti eyðilagt möguleika okkar Íslendinga á því að taka þátt í þessu samstarfi, því það er nefnilega svoleiðis að það er afar margt sem klúðrast sem Svavar Gestsson snertir á. Sennilega hættir hann nú ekki fyrr en hann stendur einangraður og einsamall í því máli líka og berst fyrir hugmyndinni með því að lemja á öllum flokksbræðrum sínum og öllum öðrum sem kynnu að geta náð samstöðu um þessa hugmynd. Því þetta er nú verklagið hans.

Ég held að það sé nú tími til kominn að Guðrún fari að taka við Alþb. áður en Svavari tekst að bólusetja ekki bara félaga sína gegn samstarfi við sig heldur alla aðra stjórnmálamenn á Íslandi gegn samstarfi við Alþb. Það vinnur náttúrlega enginn með svona stjórnmálaforingja og allra síst til lengdar.

En varðandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hef ég ekki mótaða afstöðu, ég er ekki búinn að ákveða mig enn þá hvort ég er tilbúinn að standa að þessu kjarnorkuvopnalausa svæði. En ég held að það sé alveg lífsnauðsyn fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með þessari umræðu og reyna að móta hugmyndirnar þannig að Íslandi verði ekki að skaða. Það yrði til skaða ef svæði yrði myndað án þátttöku Íslands vegna þess að þrýstingur mundi aukast á svæðin í kringum kjarnorkuvopnalaus svæði.

En hugsanlegt er nú reyndar að hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum séu að verða að einhverju leyti úreltar. Seinasta frumkvæði Rússa gefur vonir um að samningar gætu tekist um langtum víðtækari afvopnun en talað er um í viðræðunum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, nýir húsbændur hljóta að taka við í Hvíta húsinu, húsbændur sem kannske létu af hinum fáránlegu stjörnustríðshugmyndum sem Reagangengið ber fyrir brjósti og þá kann vel að vera að við getum búist við friðvænlegri og betri heimi og víðtækari afvopnun en bara á tilteknu afmörkuðu svæði í Norður-Evrópu eða á Norðurlöndum þar sem eru enn ekki kjarnorkuvopn og reyndar ekki áform um að koma þeim fyrir.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Mig langaði að gera hér nokkur atriði að umræðuefni. Fyrst langar mig aðeins til að tala um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd sem hafa mikið verið rædd hér í kvöld.

Eins og tekið hefur verið fram hér var hugmyndin með kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum sú að þannig væri hægt að slaka á spennu þannig að kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd yrðu orsök þess að friðvænlegar horfði í heiminum, spenna slaknaði á milli stórveldanna og menn gætu farið að tala saman eins og menn. Nú sýnist mér hins vegar horfa þannig að ef af þessari hugmynd verður þá verði hún kannske frekar afleiðing þess að friðvænlegar horfi, afleiðing þess að hindrunum sé rutt úr vegi þannig að hún, eins og ég ætla að leitast við að skýra hérna á eftir, ef af henni verður, þá verði allt öðruvísi til hennar stofnað heldur en hugmyndin var í upphafi.

Þótt Norðurlandaþjóðir ræki frændsemi sína vel í alþjóðlegu samstarfi og hafi mikil og góð samskipti og hafi haft það bæði að fornu og nýju og eigi sameiginlegan arf, bæði í fólki og menningu, þá haga þau utanríkis-, varnar- og öryggismálum sínum á afar ólíkan hátt. Í Finnlandi er hlutleysisstefna og þar hefur legu landsins vegna verið sérstakt samband við Sovétríkin eftir vináttusamningi. Þar hefur verið lögð áhersla á sjálfstæða utanríkisstefnu við hlið þessa mikla stórveldis. Svíþjóð hefur rekið mjög

virka hlutleysisstefnu, hefur ekki neitt sérstakt samband við stórveldin, er reyndar tortryggin gagnvart báðum og leggur mikla áherslu á sjálfstæði og öflugar varnir. Noregur og Danmörk eru hins vegar allt öðruvísi sett. Þar eru bæði ríkin í NATO, þó með ákveðnum takmörkunum um staðsetningu erlendra herja og kjarnorkuvopna, og þessi ríki reka eigin heri og eigin varnir. Af þessum tveimur er Noregur reyndar með nokkuð sérstaka varnarhagsmuni á norðurslóðum þar sem landið á sameiginleg landamæri við Sovétríkin og er næsti nágranni við Kólaskagann og liggur að Noregshafi þar sem allar horfur eru á að verði eitthvert líflegasta eða virkasta hafsvæði varðandi umferð hertækja á næstu misserum. Að síðustu er Ísland sem hefur engar varnir sjálft en er í NATO og hefur varnarsamning við Bandaríkin.

Þannig er ljóst af þessari upptalningu að aðstaða Norðurlandanna er afar misjöfn. Tengsl Norðurlandanna við hin ýmsu stórveldi eru mjög ólík, allt frá hinum sterku tengslum Finnlands við Sovétríkin og til varnartengslanna sem Ísland hefur við Bandaríkin. Við höfum tvær þjóðir, Dani og Norðmenn, í NATO með eigin heri, síðan höfum við Svía sem reka öfluga hlutleysispólitík og hafa sterka varnarpólitík á eigin fótum. Þannig tel ég að þessi mikli mismunur sem er á afstöðu og aðstöðu Norðurlandaþjóðanna fimm í alþjóða varnar- og öryggismálum sé verulegur fjötur um fót þeirri hugmynd að þau geti sameinast sem kjarnorkuvopnalaust svæði.

Ef við lítum síðan nánar á ýmislegt sem ég tel að sé að gerast hjá þessum þjóðum innanlands samkvæmt blaðafregnum þá hefur í Finnlandi og Svíþjóð gætt nokkurs ótta við það að samkomulag af þessu tagi mundi veikja stöðu þessara þjóða á alþjóðavettvangi því að þá nytu þau ekki eins sterkt þeirrar sérstöðu sem hlutleysisstefnan hefur tryggt þeim á meðal þjóða heimsins. Þeirra sjónarmiða hefur einnig orðið vart í þessum löndum að samkomulag um kjarnorkuvopnalaus svæði mundi á vissan hátt veikja stöðu þeirra í Norðurlandapólitíkinni af sömu ástæðu, þ.e. að sérstaða þeirra minnkaði undir einhvers konar sameiginlegu eftirlitskerfi um sameiginlegt kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í Svíþjóð virðast verulegir bakþankar vera fyrir hendi um kjarnorkuvopnalaus svæði. Svíar beita sér ekki lengur fyrir tillögunni á þann hátt sem þeir gerðu. Þar eru uppi bakþankar eins og t.d. þeir að eftirlit með kjarnorkuvopnaleysinu mundi hleypa eftirlitsmönnum stórveldanna inn á gafl og ógna hlutleysisstefnu Svía. Svíar hafa líka á seinni misserum talið að þeim stafi í raun meiri hætta af SS-20 flaugum við Úralfjöll heldur en skammdrægari flaugum á Kólaskaga, við Leningrad eða í Eystrasaltslöndum, en kröfur hafa verið uppi um brottflutning þeirra í sambandi við þessar hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Einnig hefur meintur hroki Rússa við kvörtunum Svía vegna dvergkafbátaumferðar Rússa inni í skerjagarði haft þó nokkur áhrif. Þess hefur gætt í pólitík þar að menn efast um styrk hlutleysisstefnunnar, efast um að hún dugi Svíum þegar í harðbakkann slær.

Norðmenn eru einnig með ákaflega sérstaka hagsmuni. Þeir verja núna mjög miklu fé til eigin hervarna. Fjárveiting þeirra til hervarna fyrir þetta ár er 3% hærri en á s.l. ári, það er einhver mesti vöxtur á fjárveitingum til hervarna innan NATO. Þetta er einkum og sér í lagi vegna þess að Norðmenn hafa vaxandi áhyggjur af varnarstöðunni í Norður-Noregi þar sem þeir, eins og ég sagði áðan, eru næstu nágrannar við einhverja öflugustu herstöð í heimi sem er Kólaskagi. Norðmenn hafa sótt það nokkuð hart innan NATO að styrkja þessar norðurvarnir sínar eða norðurvænginn. Umsvif sovéska flotans út frá höfnunum á Kólaskaga fara mjög vaxandi þannig að bæði stöðvarnar á Kólaskaga og umferð sovéskra herskipa á Noregshafi hefur valdið Norðmönnum verulegum áhyggjum. Varnir Norðmanna þarna fyrir norðan byggjast á um 6000 manna sveit sem þar er staðsett og síðan möguleikum á umtalsverðum aðflutningi hermanna, bæði frá Suður-Noregi og öðrum NATO-ríkjum, t.d. Kanada, ef til átaka kemur.

Þetta varnarfyrirkomulag verður allt saman miklu veiklulegra í ljósi aukinna umsvifa sovéska flotans sem virðist hafa orðið getu til þess að ráðast inn á þessi svæði í Norður-Noregi og hindra aðflutning til þeirra. Þarna eru Norðmenn, að því að talið er, í talsverðum vanda. Þörf er aukinna fjárveitinga til þess að styrkja þennan norðurvæng varnanna. Sjálfir eiga þeir hins vegar við vaxandi efnahagsörðugleika að stríða vegna þess að olíuævintýrið er að bregðast þeim. Þannig standa Norðmenn frammi fyrir því að þeir eru í raun að reyna að sækja innan NATO á auknar hervarnir á norðursvæðinu og þess vegna mjög ólíklegt að þeir muni beita sér fyrir hugmyndinni um kjarnorkuvopnalaust svæði sem er óvinsæl innan NATO og brýtur á ýmsan hátt í bága við fælingarstefnu þess.

Ef ég lít á þessi tvö meginsjónarmið, sem ég hérna hef talað um, í fyrsta lagi hina gífurlega ólíku stöðu hinna ýmsu Norðurlanda og það hversu mikill munur er á sambandi ríkja á Norðurlöndum við stórveldin, og svo sérstakar hugmyndir og kröfur um aukna uppbyggingu á vegum Atlantshafsbandalagsins á norðurslóð, þá tel ég að hugmyndin um kjarnorkuvopnalaust svæði verði ekki að veruleika nema aðrir hlutir breytist, þ.e. að spenna minnki milli austurs og vesturs og að almennari skriður komist á afvopnun, t.d. vegna Úralfjallaflauganna, sem reyndar eru komnar í umræðu núna, og kjarnorkuvopnalaust svæði gæti þannig komist á sem þáttur í gagnkvæmum afvopnunaraðgerðum. En þetta er alls ekki það sem menn hugsuðu sér með kjarnorkuvopnalausu svæðunum í upphafi eða kjarnorkuvopnalausu svæði á norðurslóð. Upphaflega ætlunin var sú að kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum mundu leiða til slökunar. Mér sýnist hins vegar ýmislegt benda til að slökunin verði að vera til komin áður, til þess að kjarnorkuvopnalaust

svæði verði að veruleika. Og þá kemur að því sem menn hafa stundum sagt, að það sem skipti kannske mestu máli í þessum efnum sé hvernig hinum tveimur stóru herrum eða valdamönnum þessara tveggja stóru þjóða, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, komi saman á hverjum tíma.

Ef við víkjum þá aðeins að sambúð þeirra þá eru þar augljóslega tveir mjög mikilvægir þættir. Í fyrsta lagi ný stefna Gorbatsjoffs og í öðru lagi Íransklúður Reagans forseta.

Ef við tökum fyrst Gorbatsjoff-málið þá er það alveg klárt, hvort sem ástæðan fyrir tillögum Gorbatsjoffs að undanförnu er raunverulegur friðarvilji eða efnahagsleg nauðsyn Rússa að slaka á í vopnakapphlaupi, þá er það staðreynd að Gorbatsjoff hefur breytt ásýnd Sovétríkjanna í augum almennings í Evrópu og hann hefur náð þeirri stöðu að Sovétríkin virðast hafa frumkvæði að friðarumleitunum, og það er hlutskipti Reagans og Bandaríkjanna að leika haukinn.

Á sama tíma hafa erfiðleikar Reagans og klúður í Íransmálinu veikt stöðu Bandaríkjanna mjög meðal almennings, bæði austan hafs og vestan, og þannig hafa Bandaríkjamenn tapað í því stríðinu sem er kannske það mikilvægasta, sem er hið stöðuga stríð þeirra um almenningsálitið á Vesturlöndum.

Ég tel að þessar forsendur, þ.e. áróðursstaða Gorbatsjoffs og Reagans, muni hafa mjög margvísleg áhrif á alþjóðapólitík núna á næstu misserum.

Í fyrsta lagi þarf Reagan að beina kastljósi frá klaufaskapnum heima fyrir. Í öðru lagi eru uppi raddir um það að hann eða a.m.k. frúin vilji tryggja honum ákveðinn sess í ameríkskri sögu, og annan sess en hefur blasað við honum að undanförnu. Það er gömul saga og ný að þau hjón hafi haft á því nokkurn áhuga að hann yrði settur á stall sem sá bandaríkskra forseta sem hafi tekið afdrifaríkust skref í áttina til afvopnunar. Það er því nokkuð ljóst að sá skriður sem er á afvopnunarumræðunum núna, er að komast af stað, er vegna breyttra aðstæðna í Bandaríkjunum og Rússlandi og hefur ekkert með kjarnorkuvopnalaus svæði að gera.

Í öðru lagi hefur þessi breytta áróðursstaða að mínu mati mjög mikil áhrif á NATO á næstu misserum. Málið er einfaldlega þannig að það að minnkandi ógn virðist stafa af Sovétríkjunum í augum evrópsks almennings mun leiða til þess að það verður erfiðara pólitískt að afla fjár til varnarmála og til uppbyggingar venjulegra vopna, sem hefur verið mjög hörð krafa innan NATO á undanförnum misserum. Ég tel því að í hönd fari mjög afdrifaríkar pólitískar breytingar innan NATO vegna þess að „threat-persepsjónin" eða ógnunarskynjunin, sem almenningur í Evrópu hefur, mun fara minnkandi ef svo fer sem horfir.

Ég held að Íslendingar ættu að fylgjast mjög vel með þessu á næstu misserum vegna þess að Atlantshafsbandalagið, sem þeir eru og vilja vera mjög virkur hluti af, kemur að mínu mati til með að standa á þröskuldi núna á næstu mánuðum og misserum, ekki vegna einhverra breytinga í hernaðarlegum efnum eða hertækni, heldur vegna breytinga á almenningsáliti og pólitík í aðildarlöndunum.

Af því að ég er að tala um NATO vildi ég að lokum taka upp sérstakt mál sem ég tel að Íslendingar verði að kappkosta að fylgjast með innan NATO, en það er herbúnaður á Noregshafi.

Allt frá því 1980 eða 1981 þegar Lehman, sem var þáverandi flotamálaráðherra í Bandaríkjunum og var það þangað til fyrir örfáum vikum, lýsti áformum þeirra um 600 skipa flota, hefur verið í umræðu og verið að þróast hugmynd sem þeir hafa kallað Forward Maritime Strategy sem mætti eiginlega kalla framsóknarflotastefnu eða sóknarflotastefnu. Um þessa flotastefnu hafa orðið mjög miklar umræður bæði í bandaríska stjórnkerfinu og NATO og á Norðurlöndum vegna þess að framsóknarflotastefnan eða framsækna flotastefnan kemur beint inn á hernaðarumsvif á Noregshafi, hernaðarumsvif í kringum þennan norðurvæng, norðurflankann sem Norðmenn hafa nú svo miklar áhyggjur af.

Íslendingar verða að spyrja spurninga og fá svör við spurningum vegna þess að það eru breyttar áherslur á norðurslóðum. Það má kannske skipta þessum spurningum upp í tvennt. Það er í fyrsta lagi: Hver er hættan á stríði? Hefur breyst eitthvað hættan á stríði? Og hver er hættan í stríði? Hver er hættan á stríði og hver er hættan í stríði vegna þessara breytinga?

Það er mjög erfitt að svara þessum spurningum vegna þess að menn eru út og suður í þessu, en það eru ákveðnir hlutir sem við komumst ekki hjá að taka afstöðu til. Ég get tekið dæmi: Haustið 1985 skrifa tveir Bandaríkjamenn sem heita Robert Wood og John Hanley og þessi Robert Wood er prófessor í flotaskólanum í Newport á Rhode Island: „Sóknarflotastefnan er að breyta hlutverki flotans á Norður-Atlantshafi. Í stað setninga eins og „verjum samgönguleiðirnar milli Bandaríkjanna og Evrópu" eru komnar setningar eins og „sökkvum sovéska flotanum". Þetta veldur grundvallarbreytingum í flotahernaði", segja þessir menn. Þeir eru að tala um gjörbreytt viðhorf og breytta umræðu um hlutverk skipanna og hernaðarstefnuna, fælinguna og hernaðarátökin á þessu svæði. Frá sama tíma er hægt að taka dæmi úr orðræðum í ameríska þinginu milli Lehmans þáverandi flotamálaráðherra og Nunn öldungadeildarþingmanns. Í þeim orðaskiptum kemur fram að Nunn ásakar flotaráðherrann fyrir að hafa verið talsmaður þess að bandarískri flotinn færi með flugvélamóðurskip langt norður í Noregshaf til þess að ráðast gegn Sovétmönnum í höfnum þeirra á Kólaskaga, þ.e. við erum að tala um allt annars konar flotapólitík en menn hafa rætt um í sambandi við það að verja GIUK-hliðið til að geta haft stjórn á samgönguleiðum á sjó milli Evrópu og Bandaríkjanna. Það sem máli skiptir fyrir okkur Íslendinga er einmitt að í stað þess að tala um að verja GIUK-hliðið eða GIN-hliðið, allt eftir því hvort hliðið

menn vilja tala um, er umræðan orðin um miklu harðari flotaaðgerðir og miklu norðar en áður. Þá verða menn að spyrja: Hvert á að verða hlutverk Íslands? Ég rakst á bók sem heitir Northern Waters og er gefin út af konunglega alþjóðamála-"institútinu" í London. Þar er nýleg grein eftir mann sem heitir Nigel de Lea. Greinin fjallar um Ísland frá sjónarhóli varna- og öryggismála. Þar er raunar ýmislegt skondið, en þar er lýst hernaðarlegu mikilvægi landsins. Þar segir að landið sé nauðsynlegt fyrir NATO til að fylgjast með skipum og flugvélum Varsjárbandalagsins á norðurslóðum. Ef stríð brjótist út geti NATO treyst á stöðvar á Íslandi til að hamla för sovéska flotans suður á Atlantshaf og tryggja samgönguleiðir á sjó milli Ameríku og Evrópu og halda loftbrú opinni, t.d. til að styrkja Norður-Noreg.

Síðan segir: „If NATO were to adopt a more forward defense in the North-Atlantic, Iceland would be an exellent base from wich to mount attacks on soviet installations in the Kola peninsula." Ef NATO tæki upp framsæknari eða framsóknarlegri varnir á Norður-Atlantshafi gæti Ísland verið ágætis staður til að leggja upp í árásarleiðangra á virki Sovétmanna á Kólaskaga. Ég hugsa þetta ekki sem nein dæmi um stríðsæsingar. Þetta er einfaldlega dæmi um að aðstæður og hugmyndir eru mjög að breytast um varnir og vígbúnað á höfunum fyrir austan og norðan Ísland og ég held að við verðum að vera með í þessari umræðu. Ég held að mál eins og þessi eigi að takast upp í utanrmn. af hálfu ríkisstjórnarinnar sem hefur aðstöðu til að vinna svona hluti. Mál eins og þessi vinna þm. ekki á hnjánum á sér. Og ég spyr: Hvers vegna hefur ekki verið opin og virk umræða um þessi efni í íslenskri pólitík eins og hún hefur verið t.d. í norskri pólitík?

Á síðasta ári kom út bók sem heitir The Military Build-up in the High North, uppbygging hernaðar á norðurslóð, og hún ber undirtitilinn Amerísk og norræn sjónarmið. Í þessari bók eru ræður og greinar sem voru fluttar um þetta mál á málþingi í Harvard-háskóla haustið 1985. Þarna eru 16 þátttakendur og það eru þátttakendur frá öllum Norðurlöndum nema Íslandi. Og ég spyr: Af hverju eru engir frá Íslandi? Hafa Íslendingar engan áhuga á The Military Build-up in the High North? Í formála bókarinnar skrifar maður sem mig minnir að heiti Huntington og þar lýsir hann breytingum á hernaðarstöðunni í norðurhöfum á undanförnum árum og segir að 1985 hafi augljóslega verið kominn tími til að endurmeta hernaðarjafnvægið á norðurslóð og leiðir til að tryggja öryggi Norðurlandanna í ljósi breyttra aðstæðna. Til að tryggja öryggi Norðurlandanna. Við erum eitt af þeim. Og þá má spyrja: Höfum við enga skoðun á þessu? Ef allt í kringum okkur eru menn að rífast um breytta strategíu á þessu hersvæði. Menn boða til stórra málþinga vegna þess að þeim þykir tími til kominn að endurmeta hernaðarjafnvægið. Og ég spyr: Vi.li enginn fara á þetta þing frá Íslandi eða gleymdu þeir okkur kannske? Þeir hafa kannske litið svo á að við hefðum enga skoðun á þessu og að okkar skoðum væri NATO-skoðun eða einhver önnur viðtekin skoðun. Ég tel að við eigum að hafa á þessu skoðun. Við eigum að skilgreina öryggishagsmuni okkar og síðan eigum við að taka þátt í umræðum um vígbúnað af þessu tagi.

Nú hefur þessi framsóknarflotastefna verið til umræðu í fimm til sex ár og hún hefur verið tilefni til mjög mikilla umræðna bæði austan hafs og vestan. Menn eru enn þá að deila um hvað hún í raun og veru sé, hvort hún sé kannske dulbúningur til að gera auðveldara fyrir um að sækja til fjárveitingarvaldsins í Bandaríkjunum til að byggja upp sterkari flota. Menn hafa ýmsar skoðanir á því um hvað þessi stefna snýst. En við erum í NATO og við eigum að taka þátt í þessari umræðu. Leikurinn snýst um líf okkar og limi ekkert síður en hinna þjóðanna sem þarna eru. Við eigum að spyrja aftur um þessa hættu, um hættuna á stríði og hættuna í stríði. Það er e.t.v. miklu minni hætta á stríði ef gagnaðilinn veit að varnarviðbrögðin verða grimmileg og það verður reynt að grípa hann í bólinu á Kólaskaga og það er e.t.v. minni hætta í stríði á Íslandi ef víglínan færist langt norður í haf í stað þess að vera í kringum Ísland eins og gæti gerst við átök í GIUK-hliðinu. En hver veit. Þessara spurninga höfum við ekki spurt og þess vegna höfum við ekki svarað þeim. Ég tel að það hljóti að verða verkefni næsta Alþingis að fara mjög gaumgæfilega ofan í saumana á þessum hlutum vegna þess að eins og þeir segja „Where there is smoke there is fire." Allar þessar umræður um breyttar aðstæður á hafinu fyrir austan okkur og norðan hljóta að koma okkur við.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fluttar býsna merkilegar ræður hér þó komið sé fram um lágnættið. Ég verð að segja eins og er að ég hafði gaman af að hlýða á margar vangaveltur hv. síðasta ræðumanns. Hann vék þar að hlutum sem ég reyndi reyndar að fitja upp á á hv. Alþingi fyrir einum þrem fjórum árum og hef stundum minnt á síðan. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Guðmundi Einarssyni að það er til skammar hversu lítið við Íslendingar höfum reynt að ræða þessa hluti. Ástæðan hefur mér virst vera sú að það er mjög lítill áhugi á því hjá ýmsum aðilum í þessu þjóðfélagi, flestöllum fjölmiðlunum og heilum stjórnmálaflokkum að opna umræðu um þessi mál.

Ég var búinn að rekast á það í ýmsum erlendum ritum, eins og síðasti hv. ræðumaður hefur greinilega gert upp á síðkastið, að það væru ýmsir merkilegir og mikilvægir hlutir að gerast í kringum okkur. Áherslur stórveldanna beggja væru að breytast þannig, hernaðarstrategía þeirra að breytast þannig að við Íslendingar þyrftum að endurmeta ýmislegt í okkar málum. En það virðist henta ýmsum betur að hafa þetta í gamla góða farinu, höfða til þess hvernig þetta var í seinna stríðinu og jafnvel fyrra stríðinu og vegna þess að

svona hafi þetta gengið til þá og við höfum verið herteknir og allt hljóti þetta að vera alveg eins í dag.

Það er alveg ljóst að norðursvæðin eru miklu þýðingarmeiri í hernaðaruppbyggingu stórveldanna. Þau eru líkleg til að verða miklu meiri átakaflötur og Ísland og staðan hér kemur þar sterklega inn í myndina. Ég þóttist merkja að ýmsar breytingar sem voru að verða á búnaði og uppbyggingu herstöðvarinnar á Íslandi tengdust slíkum áformum, t.a.m. koma F15 orustuflugsveitarinnar, sem er tæknilega miklu fullkomnari með meira flugdrægi og meiri möguleika en fyrri flugvélar, og spurði spurninga eins og þeirra: Á hvern hátt hugsanlega tengist þessi nýja flugsveit áformum Bandaríkjamanna um að mæta Sovétmönnum í átökum miklu norðar og nær þeirra heimaslóðum en áður hafði verið talað um? Þessi aðferð eða strategía hefur gengið undir ýmsum nöfnum, stundum er talað um flöskuhálsinn eða bottle-up eða defense in depth og ýmislegt fleira hefur maður séð nefnt, en allt lýtur þetta að því að færa varnarlínuna eða átakalínuna norðar en áður hefur verið talað um.

En án þess að ætla að fara mikið ítarlegar út í þetta þótti mér gaman að heyra vangaveltur hv. síðasta ræðumanns og vona að hann fylgi því eftir, sem hann talaði um, að opna um þetta umræður á réttum vettvangi. Þeir hv. ræðumenn Alþb. sem hér hafa talað á undan mér, 3. þm. Reykv. og 5. þm. Austurl., hafa vikið að fjölmörgum þáttum utanríkismálanna og ég ætla einungis að bæta þar lítillega við um tvö eða þrjú atriði.

Í fyrsta lagi ætla ég eins og venjulega og eins og reyndar nokkrir hv. ræðumenn hafa gert á undan mér að víkja örlítið að framlögum okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu. Það blæs ekki byrlega fyrir þessum lið á íslensku fjárlögunum. Hlutfall þróunarframlaganna af þjóðarframleiðslu lækkar ár frá ári og hefur gert á hverju einasta heilu ári sem þessi ríkisstjórn hefur sett saman fjárlög. Þetta hefur gerst þrátt fyrir vaxandi þjóðarframleiðslu á hverju ári. Þessi frammistaða er íslensku þjóðinni til skammar og þó fyrst og fremst þeim ráðamönnum sem setja saman fjárlögin og gleyma sínum eigin samþykktum áður en blekið er þornað á þeim. Ýmsar þjóðir í kringum okkur hafa hægt og bítandi verið að auka sín framlög. Það eru þjóðir sem hafa mun minni þjóðartekjur en við Íslandingar, þjóðir sem glíma við mikið atvinnuleysi og ýmiss konar erfiðleika heima fyrir, en engu að síður hafa þær markvisst og jafnt og þétt aukið framlög sín á þessu sviði. Við erum komnir í algeran sérflokk hvað varðar vestrænar velmegunarþjóðir með okkar skammarlega bágu aðstöðu á þessu sviði.

Ég sé ekki annað ráð, virðulegur forseti, í þessu efni en að sett verði sérstök lög um þróunaraðstoð á Íslandi þar sem byggt verði á áætlun um að auka þessi framlög í áföngum upp í eðlilegt horf. Í slíkum lögum þurfa að vera sérstakir og markaðir tekjustofnar lagðir á almenning í landinu þannig að menn viti og skilji til hvers þær tekjur renna. Þá efast ég ekki um vilja og áhuga íslensku þjóðarinnar til að leggja sitt af mörkum í þessum efnum. Það hafa menn margoft sýnt í söfnunum, en það hefur hins vegar virst vanta kjark eða dug ráðamanna til að skila sínum hlut að þessu leyti.

Ég lýsi mig reiðubúinn að standa að gerð slíkrar áætlunar og setja sérstök lög um tekjuöflun til þróunaraðstoðar. Þetta gæti verið áætlun í líkingu við þá sem verið er að afgreiða á hv. Alþingi um uppbyggingu í flugmálum þar sem hvort tveggja er gert í senn, að undirbúa þáltill. um aukningu framlaga og að setja í lög ákvæði um tekjustofna til þessa verkefnis. Ég mun beita mér fyrir því að þessi hugmynd eða önnur af þessu tagi verði tekin upp þegar tóm gefst til á Alþingi í framtíðinni.

Þá ætla ég lítillega að víkja að veru bandaríska hersins hér og framkvæmdum og skipulagsbreytingum sem veru hans hafa tengst. Það er lítið fjallað um þessar skipulagsbreytingar eða breytingar á samskiptum við herinn í skýrslu utanrrh., en þar hefur verið ítarlegar að þessu vikið oft áður á undanförnum árum. Það má lýsa þessum breytingum í hnotskurn með því að þær geri okkur í fyrsta lagi efnahagslega mun háðari veru hersins hér en hingað til hefur verið og er þá sama hvort átt er við starfsemi opinberra aðila eins og Pósts og síma, skipafélögin, íslenska bændur eða aðra slíka. Margs konar samtvinnun efnahagslífs og atvinnulífs þjóðarinnar við veru hersins hér og stóraukin umsvif hans í efnahagslífinu leiðir öll að þessu marki. Í öðru lagi hafa þessar skipulagsbreytingar miðað að því leynt og ljóst að Ísland hefur tengst hinum hernaðarlegu stofnunum NATO og Bandaríkjanna m.a. með því að við tókum sæti í hermálanefndinni í Brussel með ráðningu ýmissa herspekinga í utanríkisráðuneytið og sérstakrar skrifstofustofnunar þar og með meiri þátttöku hersins eða herliðsins í heræfingum á vegum Atlantshafsbandalagsins og meiri tengingu við herafla einstakra bandalagsþjóða. Síðan koma hugmyndir um að við gerumst formlegir aðilar að mannvirkjasjóði NATO.

Í því sambandi hefði verið fróðlegt að fá ofurlítið ítarlegri umfjöllun um það tiltekna atriði en gefur að lesa í skýrslu hæstv. utanrrh. Satt best að segja er þar furðulega stuttaralega um hlutina fjallað. Mér er spurn: Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera með þá niðurstöðu sem að sögn er fengin í því máli og er nú til athugunar í ráðuneyti hans? Telur hann ekki rétt að kynna hana fyrir Alþingi eða utanrmn. Alþingis áður en þetta þing lýkur störfum, eða er þess e.t.v. að vænta að hann taki upp á sitt eindæmi einhverjar ákvarðanir í þessum efnum þegar Alþingi hefur verið sent heim í frí? Skýrslan er á bls. 51 furðulega stuttorð. Þar eru tæpar þrjár línur sem víkja að þessu tiltekna atriði og hefði ég þó ekki talið það smámál í íslenskum stjórnmálum ef sú ákvörðun er á döfinni að Íslendingar gangi formlega inn í mannvirkjasjóð NATO, þann sjóð sem hefur það í starfsreglum sínum að fjármagna einungis framkvæmdir á sviði hermála. Það kynnu að vakna ýmsar spurningar um

hvað Íslendingar þyrftu t.d. að greiða í þennan sjóð ef þeir gerðust formlegir aðilar að sjóðnum. Ég veit t.d. að Lúxemborg sem þarna er aðili, ríki á stærð við Ísland, greiðir allverulega fjárhæð á hverju ári í þennan sjóð. Ætti þá að hugsa dæmið þannig upp að Ísland hagnaðist á þessu með einhverju móti, fengi meiri framkvæmdir úr sjóðnum en það legði í hann eða hvernig hefur hæstv. utanrrh. hugsað sér að leggja dæmið fyrir?

Ég held að það liggi fyrir í tölum að framkvæmdir á vegum bandaríska hersins hér eru meiri að jafnaði s.l. ár en nokkru sinni fyrr, nema ef vera skyldi þau ár þegar herinn var að koma sér hér fyrir. Og það lítur út fyrir vaxandi umsvif Íslenskra aðalverktaka, þeirra sem mest skipta við herinn, á næsta ári ef marka má skýrslu utanrrh. Þarf þá ekki að hafa fleiri orð um það í sjálfu sér.

Um þessi samskipti að öðru leyti vil ég aðeins segja að það hefur verið athyglisvert að fylgjast með þeim geðbrigðum sem orðið hafa í brjóstum ýmissa íslenskra stjórnmálamanna og fjölmiðla á síðasta ári þegar nokkrar snurður hlupu á þráðinn, ef svo má að orði komast, og allt í einu fylltust brjóst ótrúlegustu manna af yfirdrifinni þjóðerniskennd og stolti og þá var talað illa um kanann í nokkrar vikur, en síðan hefur allt fallið í ljúfa löð. Það veldur sem sagt engum truflunum á kærleikssambandinu við Bandaríkjamenn þó að þeir geri sprengjuárásir t.d. á óbreytta borgara í Trípólí að næturlagi, að því er virðist fyrst og fremst í þeim tilgangi að myrða án dóms og laga þjóðhöfðingja viðkomandi ríkis og fjölskyldu hans. Það varð ekki vart við neina erfiðleika í samskiptum íslenska utanrrh. og íslensku ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjamenn út af þessum atburði. Það varð heldur ekki vart við mikla samskiptaerfiðleika hjá þessum stuðningsmönnum Bandaríkjamanna hér þegar þeir lögðu tundurduflagirðingar í hafnir í Nicaragua og þverbrutu þannig alþjóðalög né heldur þegar þeir voru af Alþjóðadómstólnum í Haag fundnir sekir í því máli. Ekki hélt það andvöku fyrir stuðningsmönnum Bandaríkjamanna hér. En hitt olli miklu fjaðrafoki þegar þeim ávinningi sem nokkrar vel valdar íhaldsfjölskyldur og Samband ísl. samvinnufélaga hefur af veru Bandaríkjahers hér var stofnað í voða.

En þau mál leystust, þjóðernismetnaðurinn slokknaði eins og slökkt væri á kerti, stoltinu var stungið ofan í rassvasann og síðan segir hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni á bls. 8, ef ég man rétt, að nú sé ekkert því til fyrirstöðu að treysta áfram varnarsamstarfið við Bandaríkin, og gætir greinilegs feginleika í textanum. Nú eru öll þessi erfiðu mál úr sögunni. Þetta með flutningana og þetta með hvalinn og kjötið og öll þessi hroðalegu vandamál sem hlóðust upp eins og óveðursský við sjóndeildarhringinn og ógnuðu þessu nána bræðralagi. Nú er þetta leyst. Bandaríkjamenn geta farið sínu fram í heiminum, rekið sína heimsvaldastefnu í sínum hluta heimsins sem þeir hafa kjörið sér að skákborði. Það veldur íslenskum utanrrh. og ríkisstjórn engum áhyggjum. Svo fremi sem hernámsöflin fá að græða í friði er ekkert því til fyrirstöðu að efla og treysta varnarsamstarfið við bræðralagsþjóðina.

Það væri fróðlegt, herra forseti, að gera ofurlítið upp við þessa ríkisstjórn af því þetta er í síðasta sinn væntanlega sem við ræðum um utanríkismál með þessum hætti í tíð þessarar ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili. Ég hef gert mér til dundurs að taka saman það sem ég kalla annál hernaðaruppbyggingar í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og utanríkisráðherratíð þeirra Geirs Hallgrímssonar, heiðursforseta NATO, og Matthíasar Á. Mathiesen hæstv. núv. utanrrh. Þessi annáll er býsna langur og ég held að ég tímans vegna sleppi því að lesa hann upp. Ég hef tekið saman öll árin frá miðju ári 1983 og fram á fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Það er skemmst frá því að segja að á hverju einasta ári, í hverjum einum einasta mánuði næstum því að segja, liggja fyrir nýjar ákvarðanir og urðu einhver tíðindi í hernaðaruppbyggingunni hér á landi. Þetta er einhver dapurlegasti annáll sem ég hef nokkurn tíma tekið saman, nokkurn tíma lesið yfir liggur mér við að segja og hef ég þó lesið harðindaannála Espólíns og ýmislegt fleira sem ekki er nú beint gleðilestur. Þetta er þó miklum mun dapurlegra.

Það væri líka fróðlegt að víkja ofurlítið að Framsfl. og veru hans í þessari ríkisstjórn, sérstaklega vegna þess að nú er farið að styttast í kosningar og hin líflegu málgögn Framsfl. eru farin að skrifa í leiðurum sínum um hvað framsóknarmenn séu mikið á móti hermanginu og hvað þeir séu andstæðir stjörnustríðsáformum og þeir vilji nú helst stöðva alla hernaðaruppbyggingu. E.t.v. vilja þeir stöðva hana núna frá því um miðjan mars og fram til 26. apríl og það getur vel verið að það dugi þeim út af fyrir sig. En það er óneitanlega umhugsunarefni hvort það eiga að verða örlög okkar Íslendinga á þessu ári og e.t.v. áfram að hjól hernaðaruppbyggingarinnar snúist hraðar uppi á Íslandi á sama tíma og ýmislegt bendir til þess að þíðu og slökunar gæti úti í heimi. Tíðindi hafa stundum borist seint og illa upp á Ísland og það getur vel verið að það fari svo einnig nú, því miður, að hér haldi kalda stríðið áfram 20 árum eftir að því er lokið úti í heimi og hér haldi hernaðaruppbyggingin, sem valdataka Ronalds Reagans hefur tímasett að nokkru leyti, áfram í mörg ár enn þó að þíða og afvopnunarviðræður hefjist í alvöru úti í heimi. Mér hafa a.m.k. fundist þeir ráðamenn sem helst hafa leitt þessa þjóð í utanríkismálum furðu fastir í sama farinu og gjarnir á að skoða heiminn út um þrönga rifu beint fram undan sér og sjá ekkert til hliðanna.

Ég ætla svo að víkja að einu efni sem hér hefur verið verulega til umræðu í kvöld. Það er spurningin um kjarnorkufriðlýst svæði. M.a. vegna þess að nú liggur fyrir hv. Nd. frv. til laga frá þeim sem hér talar ásamt með fleiri flm., frv. til laga um að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þetta frv. hefur að sjálfsögðu ekki vakið neina óskapa athygli hér, enda virðast menn ekki hafa á

þeim málum óskaplega mikinn áhuga nema þá rétt í sunnudagsræðum og þegar þeir eru komnir austur til Moskvu getur verið ágætt að slá um sig með þessum hlutum, en tala sem minnst um þá hér heima við. Alla vega hefur hæstv. forsrh. þjóðarinnar lítið ómakað sig og litlu eytt af sínum dýrmæta tíma í að hlusta á þessa umræðu um utanríkismál.

En mér finnst satt best að segja, virðulegur forseti, harla furðulegt hvernig ýmsir tala hér um kjarnorkuafvopnun og kjarnorkuvopnalaus svæði. Það er talað um þetta í þeim tón af hæstv. utanrrh. og fleirum rétt eins og það séu einhverjir fámennir hópar sérvitringa sem láti sér detta þá firru í hug að friðlýsa ákveðin svæði, að lýsa yfir kjarnorkufriðlýsingu og tala um kjarnorkuafvopnun. Það sé í besta falli alveg óþarft þar sem sums staðar séu ekki kjarnorkuvopn og yfirleitt heldur til bölvunar og varasamt og hættulegt að vera að ræða það að lýsa yfir kjarnorkuvopnalausum svæðum.

Staða þessara mála er sú að kjarnorkuveldin sjálf og þeir sem fylgja þeim að málum eru minni hlutinn í heiminum. Ég hef sjálfur, þó ég hafi ekki verið í förumannaflokkum fríðum sem mest þeysa á erlenda grund, upplifað það að vera á alþjóðlegum ráðstefnum og alþjóðlegum vettvangi þar sem kjarnorkuveldin mynda algeran minni hluta og þeir aftaníossar sem þeim fylgja helst, þar sem ríki eins og Bandaríkin og Frakkland beita æ ofan í æ neitunarvaldi gegn kannske 120–150 þjóðum heimsins til að verja sína kjarnorkuvígbúnaðarhagsmuni. Hin almenna regla er sú í heiminum að kjarnorkuafvopnun, að kjarnorkuvopnalaus svæði og hliðstæðar aðgerðir nýtur yfirgnæfandi meirihlutastuðnings. Það er hin almenna regla. Undantekningin er sú, sem á sér hér uppi á Íslandi býsna marga talsmenn, að þetta sé allt saman varhugavert og af hinu illa. Og ég vil eins og hv. 3. þm. Reykv. vitna í lokaályktun lokaráðstefnu á aukaþingi Sameinuðu þjóðanna 1978 þar sem án atkvæðagreiðslu náðist niðurstaða um það að Sameinuðu þjóðirnar teldu myndun kjarnorkuvopnalausra svæða eitthvert mikilvægasta einstaka atriðið sem hægt væri að beita í viðleitni til að ná fram kjarnorkuafvopnun í heiminum. Mér finnst þess vegna satt best að segja harla furðulegt í ljósi þess hver staða þessara mála er á alþjóðavettvangi, í ljósi þeirrar áratugaþróunar sem verið hefur og er að baki þessum hugmyndum, hvernig menn tala um þessa hluti hér.

Það er eins og menn gleymi því líka að það eru fjölmörg svæði og fjölmargir samningar í gildi í heiminum um kjarnorkuafvopnun, um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar. Ég nefni kjarnorkufriðlýsingu Suður-Ameríku, Tlatelolco-samninginn. Ég nefni friðlýsingu Antarktíku. Ég nefni bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotninum. Ég nefni bann við staðsetningu kjarnorkuvopna úti í geimnum. Ég nefni takmarkað tilraunabann á kjarnorkuvopnum. Ég nefni hið nýja kjarnorkuvopnalausa svæði í Suður-Kyrrahafi, Rarotonga-samninginn. Ég nefni frv. Davids Langes um kjarnorkufriðlýsingu Nýja-Sjálands sem nú bíður þriðju umræðu á nýsjálenska þinginu og verður væntanlega afgreitt sem lög þaðan fyrir lok þinghaldsins þar. Ég nefni friðun Indlandshafs og fleira og fleira mætti telja. Ég nefni hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði í Norður-Evrópu, Mið-Evrópu, á Balkanskaga, á Miðjarðarhafi, í Miðausturlöndum, í Afríku og svo mætti áfram telja. Víða á þessum svæðum er verið að vinna að framgangi þessara hugmynda og almenningsálitið í heiminum er í þessa átt, styður þessar hugmyndir og þess vegna er ég bjartsýnn og sannfærður um að misvitrir stjórnmálamenn og talsmenn vígbúnaðaraflanna munu ekki tefja framgang þessara hugmynda mjög lengi úr þessu. Það getur vel verið að ógæfa Íslands verði svo mikil að við missum af lestinni hvað varðar kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, en engu að síður hlýtur maður að fagna þeim skriði sem er á þessum hugmyndum víða úti í heiminum.

Ég taldi þess vegna, herra forseti, ekki eftir neinu að bíða að leggja fram frv. til laga um hvernig standa mætti að friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, hvernig mætti koma í veg fyrir siglingu kjarnorkuknúinna skipa eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að Íslandi og þannig draga úr hættunni á óhöppum, kjarnorkuóhöppum eða eiturefnaóhöppum á og í grennd við Ísland.

Í þetta frv., sem liggur fyrir Nd. og er á þskj. 800, 413. mál, hefur farið umtalsverð vinna. Það byggir á frv. frá Nýja-Sjálandi. Það byggir einnig á öðrum friðlýstum svæðum. Það á að taka mið af fullveldis- og þjóðarrétti okkar Íslendinga samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Og ég vil gleðja hv. formann utanrmn., vegna þess að hann sýnir þó þann áhuga að sitja í þingsalnum, með því að ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að friðlýsing okkar Íslendinga mundi byggja á ýtrasta fullveldis- og þjóðarrétti okkar til að friða eftir því sem alþjóðalög heimila okkur alla sérefnahagslögsöguna og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt ýtrustu fullveldisréttindum. Það er auðvitað ljóst og er öllum ljóst að ákveðnar undanþágur verða að gilda um alþjóðlega umferð í friðsamlegum tilgangi, en ég geri þó ráð fyrir því í frv. og við flm. að aldrei mundi leyfð koma kjarnorkuvopnaðra skipa eða flugvéla inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi Íslands og aldrei leyfðar heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla. Ég held að við Íslendingar eigum að standa á því að það tilheyri fullveldisrétti okkar, þeim rétti sem við höfum samkvæmt ákvæðum hafréttarsáttmálans til að vernda og varðveita alla íslensku efnahagslögsöguna. Undir þann rétt fælist það að við gætum kjarnorkufriðlýst sama svæði og ótvíræður réttur til að friðlýsa án undantekninga 12 mílna landhelgi okkar og loftrými þar uppi yfir.

Það varðar býsna miklu í sambandi við möguleikana á því fyrir einstök ríki að stofna kjarnorkuvopnalaust svæði sem og fyrir hóp ríkja sem vill stofna stærra svæði hvernig ákvæði hafréttarsáttmál-

ans m.a. og önnur ákvæði þjóðaréttar eru túlkuð í þessum efnum. En það er mín skoðun, það er mín tilfinning eftir nokkra skoðun á þessum málum að Ísland, hvort sem það færi eitt saman eða ekki, eða öll Norðurlöndin ættu að leggja til þá túlkun að þau hafi ótvíræðan rétt til að friðlýsa alla efnahagslögsögu sína, allt áhrifasvæði sitt samkvæmt ýtrustu fullveldisréttindum, þó þannig að þau gerðu óhjákvæmilegar undantekningar vegna umferðar eða gegnumferðar á alþjóðlegum leiðum svo fremi sem farið færi í friðsamlegum tilgangi og án óþarfa viðdvalar, sbr. ákvæði hafréttarsáttmálans þar um, ákvæði alþjóðlegra siglingalaga og fleiri slík ákvæði.

Ég hef lagt þetta frv. fram, herra forseti, fyrst og fremst til að kynna hvernig mætti standa að þeirri yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd, ekki staðsett og ekki meðhöndluð kjarnorkuvopn. Mér þótti rétt að láta þar einnig fylgja með sambærilegt bann við eiturefnavopnum. Það er mín skoðun að með slíkum hætti gæti Ísland lagt mikið af mörkum til batnandi sambúðar og til friðar og slökunar í heiminum. Með því móti værum við einnig að tryggja okkur sjálf og draga úr líkunum á því að við yrðum fyrir barðinu á óhöppum sem eru fjöldamörg og allt of mörg þó fæst af þeim komist nokkurn tímann upp á yfirborðið. Ég veit ekki t.d. hversu margir hv. alþm. hér inni vita að ekki færri en átta kjarnorkukafbátar hafa sokkið með manni og mús, þar af þrír eða fjórir í Atlantshafinu, og liggja þar á hafsbotninum og grotna niður með 97% kjarnorkukleyft eldsneyti sem fyrr eða síðar hlýtur að komast út úr sínum umbúðum. Þar ganga, ef svo má að orði komast, á okkur eins og aðrar þjóðir sem byggja á auðlindum hafsins tímasprengjur sem í raun og veru enginn þorir að hugsa til enda hvað gerist ef springa.

Ég vil svo að lokum vegna þeirra ummæla sem hv. þm. Eiður Guðnason hafði um Vestnorræna þingmannaráðið og samþykkt sem þar var gerð á s.l. sumri víkja þar að nokkrum orðum.

Ég harma í fyrsta lagi þau ummæli sem hv. þm. hafði um fund ráðsins á Selfossi s.l. sumar og vinnubrögð þar að lútandi í sambandi við tillögugerð. Ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti að þar var í alla staði unnið eðlilega að hlutunum, fylgt fundarsköpum og lögum ráðsins og ekki unnið með gerræði eða ólýðræðislegum vinnubrögðum á nokkurn hátt að því að fá þar fram samþykktir. Það lá ósköp einfaldlega fyrir að yfirgnæfandi meiri hluti þingfulltrúa var á því að gera samþykkt um þetta tiltekna efni, þ.e. hvetja ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að beita sér fyrir útrýmingu kjarnorkuvopna úr þessum heimshluta, og þó að einn eða tveir ræðumenn legðust gegn slíkri samþykkt varð það niðurstaða þess mikla meiri hluta sem þar var á þinginu, 14 þm. af 17 sem þar eiga sæti, að gera þessa samþykkt og var hún enda samþykkt með 14 atkvæðum og 3 sátu hjá. Sambærileg tillaga hafði verið kynnt á fundi ráðsins í Nuuk á Grænlandi ári áður og það var því ekki hægt að segja að tillagan kæmi mönnum á óvart þegar hún var flutt í upphafi fundarins á Selfossi. Tillagan hljóðar svo í lauslegri þýðingu úr dönsku yfir á íslensku, með leyfi forseta:

„Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórnar Færeyja, landsstjórnar Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær hefjist óðara handa um að stuðla að því í þágu friðar og sambúðar þjóða heimsins að tryggja að kjarnorkuvopn eða farartæki sem bera slík vopn verði hvorki á stríðs- eða friðartímum á landi, í lofthelgi eða á hafsvæðum hins vestnorræna svæðis."

Ég tel það styrk fyrir okkur Íslendinga að vita af því að nábúar okkar bæði í austri og vestri eru þessa sinnis, að það liggur fyrir stjórnarstefna heimastjórnanna bæði í Grænlandi og á Færeyjum um að þær vilja gera sín lönd að kjarnorkuvopnalausum svæðum. Fyrir því liggur einróma samþykkt á grænlenska þinginu og að því er ég best veit samþykkt yfirgnæfandi meiri hluta færeyska lögþingsins án mótatkvæða. Þessi ályktun er í fullu samræmi við það og ætti að vera okkur Íslendingum hvatning til þess enn frekar að þoka þessum málum áleiðis í rétta átt hjá okkur.

Herra forseti. Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vona að mér gefist tóm til þess á fundum Nd. áður en Alþingi lýkur störfum í vor að mæla fyrir frv. sem ég hef lítillega leyft mér að kynna í þessum umræðum um utanríkismál þó að það sé að sjálfsögðu ekki á dagskrá þingskapanna vegna, m.a. vegna þess að mér þótti rétt að minna á það og vekja á því athygli að þetta frv. liggur nú fyrir þinginu vegna þeirrar miklu umræðu sem hér hefur farið fram um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og kjarnorkuafvopnun í heiminum.

Það er sannfæring mín, eins og ég hef reyndar þegar lýst, að almenningsálitið í heiminum er að snúast í vaxandi mæli gegn kjarnorkunni, gegn kjarnorkuvopnunum. Fólk er æ betur að gera sér grein fyrir þeirri geysilegu ógnun, þeirri vá sem hangir yfir öllu lífi á jörðinni eins og sverð sem felst í kjarnorkunni í raun og veru hvort sem heldur er beislað til friðsamlegra nota eða í þágu stríðsafla. Því fylgja slíkar umhverfishættur, slík ógn að við það verður ekki unað til frambúðar að hafa slíkt sverð hangandi yfir. Ég held að það sé sú brýnasta og mesta aðgerð sem grípa verður til og nánast forsenda þess að friðsamleg sambúð þjóða takist að losna við kjarnorkuvopnin út úr heiminum. Þá en fyrr ekki verður e.t.v. hægt að snúa sér að áframhaldandi og víðtækari afvopnun á öðrum sviðum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mjög mál mitt þar sem nú er svo liðið á kvöld og raunar runninn nýr dagur. Félagar mínir hafa hér sagt margt af því sem ég vildi sagt hafa svo ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, en það eru örfá atriði sem ég hlýt að gera hér að umræðuefni.

Ég vil fyrst víkja almennt að þeirri skýrslu um utanríkismál sem hér liggur fyrir. Ég efast ekki um að hæstv. utanrrh. og starfsmenn hans eru fjölfróðir um utanríkismál. Við skyldum halda að skýrsla sem þessi ætti að vera þingheimi til upplýsingar um þau hin sömu mál. Mér finnst hins vegar þessi skýrsla bera öll merki þess að utanrrn. telji ekki að þingheimi komi mikið við hver staðan er í utanríkismálum. Skýrslan er bæði stutt, yfirborðsleg og kaflar í henni nálgast að mínu viti að vera móðgun við þingheim, en það er kaflinn sem fjallar um almennt ástand í alþjóðamálum. Ég bendi hæstv. utanrrh. á að engin skylda er fyrir íslenskan þm. að vera læs á erlendar tungur. Skýrsla sem þessi gæti verið mjög upplýsandi væri hún vel og samviskusamlega unnin fyrir þá þm. sem eiga erfitt með að lesa sér til um alþjóðamál á erlendum tungum. Ég held að sú skýrsla sem hér liggur fyrir komi þar að litlu gagni og skal ég víkja að einstökum köflum seinna í máli mínu.

En svo ég minnist á þau örfáu atriði sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni vil ég geta þess að strax í inngangi er lögð aukin áhersla á þann þátt utanríkismála er lýtur að kynningu íslenskrar framleiðsluvöru og þjónustu á erlendri grund, eins og þar segir. Þetta finnst mér af hinu góða. Raunar mætti kaflinn um þann þátt utanríkismála vera ærið miklu ítarlegri en hann er.

Á bls. 6 er kafli um íslenskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum. Þar er ýmislegt skrýtið að finna. Í lið 6 stendur um íslenskt frumkvæði:

„Loks hefur öll aðstaða varnarliðsins, húsakostur og tækjabúnaður verið bætt til mikilla muna."

Ég leyfi mér að draga í efa að hér sé um að ræða íslenskt frumkvæði. Ég held heldur ekki að bygging nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sé íslenskt frumkvæði. En varðandi þann lið vil ég leggja mjög mikilvæga spurningu fyrir hæstv. utanrrh. — hlýðir hann mál mitt? (**Utanrrh.:** Hann er hér.) Hefur verið tekin um það ákvörðun — nú er mér ekki kunnugt um hvort einhver annar hefur spurt að því hér í kvöld því að ég varð að víkja mér frá vegna annars fundar — undir hvaða ráðuneyti hin nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli á að heyra? Það liggur í hlutarins eðli að samgöngutæki eins og flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er ætti eðlilega að heyra undir samgrn. Nú hef ég ákveðinn grun um að það standi ekki til, en sá grunur er einungis óstaðfestur og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. utanrrh. hvaða ákvörðun hefur verið tekin um þetta mál.

Ég held að það sé vísvitandi tilraun til að blekkja íslenskan þingheim að halda því fram að íslenskt frumkvæði ráði framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Svo miklir einfeldningar erum við ekki hér í salnum að við tökum slíkar yfirlýsingar alvarlega.

Síðan er á bls. 7 kafli sem heitir „Samskiptin við varnarliðið". Þar er því lýst hvað þau séu mikil og ágæt. Varnarliðið er ekki lítill þáttur þjóðmála. Það hljóta allir að vita. Samskipti Íslendinga við varnarliðið taka hér eina og hálfa blaðsíðu og tæplega þó. Hér eru engar upplýsingar um áhrif veru varnarliðsins á efnahagslíf þjóðarinnar. Því síður nokkuð um kjör og réttindi íslenskra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Við skulum gera okkur grein fyrir því að nú eru að fara á eftirlaun menn sem enga aðra starfsævi hafa átt en vinnu í þágu bandarísku hersins í Keflavík. Við erum ákaflega fáfróð um hver eru raunverulega kjör þessa fólks. Engar tölur er hér að finna um efnahagsleg áhrif varnarliðsins hér á landi. Þetta er auðvitað gjörsamlega fáránlegt í árlegri skýrslu hæstv. utanrrh. um þessi mál.

Þessi kafli endar á svofelldum orðum, með leyfi forseta: „Það hefur reynst heilladrýgst í samskiptum okkar við Bandaríkjamenn að skilja greinilega á milli varnarhagsmuna þjóðarinnar og fjárhagslegs ábata af veru varnarliðsins."

Það væri gaman að vita hvað þetta þýðir í raun og veru, hvað þessi setning þýðir. Ég held að hæstv. utanrrh. verði að viðurkenna, a.m.k. með sjálfum sér, að sú tíð er löngu, löngu liðin að um sé að ræða varnarhagsmuni íslensku þjóðarinnar sem orsök fyrir veru bandarísku herliðsins í Keflavík. Þetta er eins og tekið út úr Morgunblaðinu fyrir 30 árum eða svo.

En þá komum við að kaflanum um alþjóðamál. Þar er ýmislegt merkilegt að finna. Á bls. 11 stendur hér: „Með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu erum við Íslendingar beint og óbeint þátttakendur í ýmsum afvopnunarviðræðum."

Hér er talað eins og við séum nýlenduríki undir stjórn æðri máttarvalda. Undirlægjuhátturinn í öllum þessum kafla er svo yfirgengilegur að þegar maður hefur lesið nokkra stund fer maður að efast um að Íslendingar séu yfir höfuð sjálfstæð þjóð.

Á bls. 13, og ég tala í símskeytastíl vegna þess að ég skil mjög vel að þreyta sé farin að sækja að mönnum, er kafli um Sameinuðu þjóðirnar. Stundum er erfitt að sjá heila brú í íslenskri utanríkisstefnu. Ég er hér með í höndunum skýrslu um þátttöku Íslands í 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september til desember 1986. Þar segir á bls. 59 frá tillögu um efna- og sýklavopn og taldir upp flytjendur, fjölmörg ríki, og þar á meðal Ísland. Efni, segir hér í stuttu máli, með leyfi forseta:

„Áréttuð er nauðsyn þess að ríki virði til hins ýtrasta gildandi alþjóðasamninga um bann við efna- og sýklavopnum og fordæmd eru hvers kyns brot gegn þeim." — Fordæmd. — „Skorað er á afvopnunarnefndina að hraða samningum í átt til fjölþjóðasamnings um algjört bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun efnavopna og um útrýmingu núverandi birgða."

Þetta er ánægjuleg stefnubreyting frá því í maí í vor. Þá lýsti Matthías Mathiesen hæstv. utanrrh. því yfir með tilkynningu sem hann sendi frá sér að Íslendingar muni ekki mótmæla staðsetningu tvíþátta eiturvopna í Evrópulöndum sem Bandaríkjamenn hafa beðið NATO-ríkin að samþykkja, svo fremi þau verði ekki staðsett á Íslandi.

Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh.: Hefur orðið algjör

stefnubreyting frá því í maí í vor og þangað til í september til desember eða er þetta bara eitthvað sem menn taka þátt í án þess að meina nokkuð með því?

Ég átta mig ekki á samhengi þessara tveggja mála. Það verður að segjast eins og er að ég las það í dönskum blöðum í maí s.l. vor að fyrirhugaður væri fundur fastanefndar NATO innan tveggja daga sem átti að fjalla um staðsetningu tvíþátta eiturefnavopna í Evrópu sem Bandaríkjamenn höfðu beðið NATO að samþykkja. Ég hringdi í utanrrn. og spurðist fyrir um hver mundi verða afstaða Íslendinga. Einhver mannaskipti höfðu orðið í ráðuneytinu eða einhverjar slíkar skýringar fékk ég, nema mér var vísað frá manni til manns, en eftir stóð að augljóst var að það vissi enginn um að það átti að taka þetta mál fyrir. Það kom í ljós að fastafulltrúinn ætlaði ekki að sækja fundinn heldur einhver staðgengill hans og svo var að skilja að menn hefðu ekki mikinn áhuga á að hafa mótaða stefnu í þessu máli á þessum umræddu fundi. Að honum loknum gaf svo hæstv. utanrrh. út þá yfirlýsingu, að Íslendingum væri nokkuð sama þótt þetta væri sett niður í Evrópu, bara ef það væri ekki á Íslandi. Það hjákátlega í því máli var reyndar að þessi efni, þessi tvíþátta eiturefni, eru nefnilega hættuleg öllum öðrum en þeim þjóðum eða þeim löndum þar sem þau eru staðsett vegna þess að þau gera engan skaða fyrr en þau eru send af stað. Þannig er lítið hald í því og lítil hjálp fyrir Íslendinga þó þau væru ekki á Íslandi. Það hefði næstum því verið betra að hafa þau hér ef menn eru fyrst og fremst að hugsa um að verða öllum öðrum til skaða en sjálfum sér.

Þannig er stundum erfitt að átta sig á hvernig mótun utanríkisstefnu Íslendinga fer fram og hvernig hún er framkvæmd.

Í sambandi við skýrslu fastanefndar Sameinuðu þjóðanna vil ég líka gagnrýna að hér eru ávarp og ræður Péturs Thorsteinssonar og hæstv. utanrrh. á enskri tungu. Það getur ekki verið ofverkið utanrrn. að láta a.m.k. fylgja þýðingu með fyrir þær dauðlegar verur sem ekki eru mjög vel læsar á flóknar ræður á enskri tungu. Ég vil því mælast til þess að næst þegar þessi skýrsla kemur út verði hún á móðurmálinu.

Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Það hefur þegar verið gert á mjög viðunandi hátt í dag og ég ætla ekki að tefja menn á að endurtaka það.

Ég ætla að víkja síðast að Norðurlandasamvinnu, en vil gera aðeins að umræðuefni málefni fjarlægra heimshluta. Þessi kafli er satt að segja ekki boðlegur nokkru þjóðþingi. Það hvarflar ekki að mér að starfsmenn utanrrn. viti ekki meira um meginvandamál hinna ýmsu þjóða heimsins en hér kemur fram, því að af þessum sex eða átta síðum er ekki að sjá að þeir sem þennan kafla sömdu hafi lesið svo mikið sem Newsweek eða Time. Hér eru setningar sem minna mann á, ja, ég veit ekki hvað.

Svo ég vitni í einstakar setningar um Austurlönd fjær. Hér segir, með leyfi forseta: „Í styrjöld Írana og Íraka gengur á ýmsu.“ — Mig minnir að hún amma mín segði einhvern tímann um heimsstyrjöldina síðari: „Óskapleg læti eru þetta í mönnunum.“ Þetta er setning á borð við það. Þetta er ekki hægt að bjóða í alvarlegri skýrslu til Alþingis um utanríkismál.

Hér segir enn fremur á bls. 32: „Ekki bólar enn á stjórnmálalegri lausn þeirrar ömurlegu stöðu sem nú er í Líbanon og ræðast deiluaðilar varla við.“ — Þetta er ekki mikið upplýsandi skýrslugerð.

Það sem kannske verra er, það er mikill munur gerður á þjóðum. Öll umræða um þriðja heiminn er miklu stuttaralegri, lítið sem ekkert vikið að raunverulegri pólitískri stöðu þannig að mér finnst skína í gegn ákaflega óskemmtileg fyrirlitning og fordómar gagnvart þeim þjóðum sem eru ólíkastar okkur. En í stuttu máli: Það er ekkert gagn að þessum upplýsingum. Svona lítið vitum við ekki á Alþingi Íslendinga um gang heimsmála.

Ég má til að lesa eina setningu enn á bls. 33 um Kína þar sem býr milljarður manna:

„Aðalritari Kommúnistaflokksins, Hu Yaobang, sagði af sér og játaði ýmiss konar mistök. En hinn aldni leiðtogi Deng Xiaoping er enn valdamesti maður landsins, og hefur hann lýst yfir því, að „opnunarstefnan“ í efnahagsmálum verði óbreytt.“ — Frásögnin um ástandið í stjórnmálum Kína er hér í átta setningum.

Ég vil spyrja þá góðu menn í utanrrn.: Hvað haldið þið að við séum? Ég er næstum því viss um að það er jafnstór kafli um íslensk utanríkismál í sams konar skýrslu í Kína.

Herra forseti. Ég skal nú mjög reyna að stytta mál mitt. Ég ætla heldur ekki að gera að umræðuefni smánarlega frammistöðu Íslendinga varðandi þróunaraðstoð, það er óþarfi að endurtaka það. Ég ítreka hins vegar aðeins skoðanir mínar á hvalveiðimálum Íslendinga sem ég tel að hafi orðið okkur til lítils sóma. Við, sem höfum dregið í efa gildi hinna vísindalegu hvalarannsókna og sannsögli hæstv. sjútvrh. varðandi sölu hvalafurða sem enginn hefur fengið að vita hverjar eru, hvert þær eiga að fara eða hvenær, bíðum auðvitað eftir að fá upplýsingar um það. En mikilvægt er fyrir Íslendinga að halda þá alþjóðlegu samninga sem við erum að gera. Við höfum öll haft mikið traust á hafréttarsáttmálanum og reynum að fara að honum nema í þessum málum þar sem ég tel að viss ákvæði í honum hafi verið brotin. En það er enginn tími til að ræða það mál hér, enda ævinlega erfitt vegna þess að þetta hvalveiðimál og hvalveiðibann virðist vera meira tilfinningalegs eðlis heldur en vitsmunalegs og hefur þess vegna verið nokkuð erfitt að ræða það af einhverju viti.

Varðandi samskipti annarra þjóða við Ísland um fiskveiðiréttindi vil ég leggja áherslu á, sem ég og gerði á þingi Norðurlandaráðs sem nýlega var haldið í Helsinki, að Íslendingar verða að krefjast þess að norrænar þjóðir hafi raunverulegt samstarf við Ís-

lendinga um nýtingu sameiginlegra fiskistofna. Við höfum gagnrýnt hér á Alþingi nokkur veiðiheimildir Norðmanna til Sovétríkjanna í lögsögu sinni fyrir norðan Noreg án þess að Íslendingar væru þar hið minnsta hafðir með í ráðum, þó að enginn deili um að þarna séu sameiginlegir fiskstofnar, og við eigum heldur ekki að taka á Grænlendingum með neinum silkihönskum varðandi veiðiheimildir þeirra til Efnahagsbandalagsins. Þarna verður að ríkja gagnkvæmur heiðarleiki. Ég er ekki að segja að neitt ólöglegt hafi farið fram, en ef norræn samvinna á að vera einhvers virði þá er ekki síst ástæða til þeirrar samvinnu varðandi nýtingu auðlinda hafsins og verndun stofna.

Ég ætla þá að lokum, herra forseti, aðeins að víkja að skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Ég vil taka undir það sem hér hefur fram komið áður í dag að ég tel skýrslugerð um norrænt samstarf afar ófullkomna. Hér liggur fyrir skýrsla okkar þm. Norðurlandaráðs. Frá ráðherranefndinni er hins vegar svo til ekkert að finna, örstuttur kafli í skýrslu hæstv. utanrrh. og það sem mér finnst nú kannske enn þá verra er að hæstv. samstarfsráðherra, Halldór Ásgrímsson, hefur ekki svo ég viti haft tíma til að vera hér í dag til að hlýða á umræður um norræna samvinnu. Ég tel þetta gjörsamlega óviðunandi og vil fara fram á það að á næsta þingi fái skýrsla um norrænt samstarf, bæði um þingmannasamstarfið og ekki síður um það sem snýr að norrænum ríkisstjórnum, og þá ekki síst hinni íslensku, að vera sérstakt mál hér á þingi svo að fram geti farið alvarlegar umræður um norræna samvinnu.

Sannleikurinn er sá að sú starfsemi þingsins, þ.e. norræn samvinna, hefur í raun og veru verið einkamál okkar sem erum fulltrúar á þingi Norðurlandaráðs. Ég vil hins vegar taka fram að hún er ekkert illa komin í okkar höndum. En það er fráleitt að alþm. aðrir geti þar með nokkurn veginn tekið sér frí frá því að hugsa um norræna samvinnu og treysti okkur sjömenningunum til þess að sjá um hana alfarið. Þessi starfsemi er miklu merkari en svo að Alþingi eigi ekki að vita hvað þar fer fram.

Ég vil taka undir orð hv. 3. þm. Reykn. Kjartans Jóhannssonar sem orðaði gildi norrænnar samvinnu betur en ég geri á þessum tíma sólarhrings. Ég held hins vegar að norræn samvinna standi á nokkrum tímamótum og ég vék að því í ræðu minni í almennu umræðunum á þinginu í Helsinki. Við getum litið nokkuð ánægð yfir farinn veg varðandi samstarf Norðurlandaþjóða. En heimurinn breytist og þess vegna held ég að Norðurlandasamvinna verði líka að breytast.

Ég lagði á það áherslu í ræðu minni að í æ meira mæli eru alþjóðasamtök að taka ákvarðanir sem snerta líf norrænna þjóða ekki síður en annarra, innan Efnahagsbandalagsins, innan EFTA, innan Evrópuráðsins, hvar sem er. Danir eru eins og kunnugt er þegar aðilar að Efnahagsbandalaginu, stór spurning hvort Noregur er ekki á leiðinni þangað líka, og það er auðvitað tómt mál að ímynda sér að við getum haft nokkur minnstu áhrif á þróun mála nema við styrkjum norrænt samstarf, komum okkur upp skrifstofu eða ráði, þar sem Norðurlandaráð hefði á sínum snærum færustu menn í alþjóðapólitík, í alþjóðlegum efnahagsmálum, sem bókstaflega hefðu það embætti að fylgjast með þróun alþjóðamála. Ef Norðurlandaráð breytir ekki starfsemi sinni að þessu leyti en vill samt vera afl sem hefur einhver áhrif á gang alþjóðamála, þá held ég, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að við verðum gjörsamlega máttvana og allt aðrar þjóðir taki fyrir okkur ákvarðanir.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að norrænar þjóðir geri sér ljóst hvaða hlutverk þær geta haft. Það er vitað að í dag eru Bandaríkin miklu lengra komin en Evrópa og Japan í tæknilegum efnum. Mikill kraftur hefur farið í landbúnaðarmál innan Efnahagsbandalagsins. Þar hefur ⅔ af þessum 2%, sem rannsóknarhliðin hefur fengið, verið eytt í þann málaflokk. Ég velti upp þeirri spurningu hvort Norðurlöndin gætu ekki einmitt einbeitt sér að því sem vantar í tæknirannsóknir í Evrópu og lagt á það höfuðáherslu. En til þess þarf mótaða stefnu.

Sjálf tel ég norræna samvinnu mjög mikilvæga og hafa sýnt það hvert gagn er að henni. En við getum ekki haldið áfram eins og við höfum gert hingað til. Það hefur sýnt sig að þrátt fyrir sáttmála um að utanríkismál skuli ekki rædd innan ráðsins, þá hafa þau náttúrlega beint og óbeint bókstaflega orðið umræðuefni ef ekki í ráðinu þá til hliðar við það og raunar innan ráðsins sjálfs.

Eitt er það atriði sem mér þykir mikilvægt ef við eigum að taka norræna samvinnu alvarlega. Það er að öll löndin hafi sendiráð hvert hjá öðru. Þau hafa það með einni undantekningu. Það er ekkert íslenskt sendiráð í Helsinki. Þetta þykir mér gjörsamlega óhæft. Vissulega hef ég séð þau rök að vegna mikilla viðskipta væri Íslandi nauðsynlegra að setja ný sendiráð niður annars staðar. Ég held þó að rekstur eins sendiráðs geti varla sett íslenskan efnahag úr skorðum. Það er með öllu ósæmandi að Íslendingar hafi ekki sendiráð í löndunum innan Norðurlandaráðs og ég skora á hæstv. utanrrh. að taka það mál til rækilegrar endurskoðunar.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég geri ráð fyrir að þeir félagar mínir í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, hv. þm. Eiður Guðnason og Páll Pétursson, hafi gert grein fyrir flestum þeim málum sem við höfum verið að fást við á liðnu ári og ætla þess vegna ekki að fara út í þá sálma, en legg áherslu á að Íslendingar sýni þann kjark og þor að geta staðið við hliðina á öðrum Norðurlandaþjóðum í þeim málum sem skipta nú hvað mestu máli, sem eru afvopnunarmálin, og hugi vendilega að því á hvern hátt Íslendingar geta verið hvatar að því að efla norræna samvinnu og breyta stefnu norrænna þjóða varðandi samskipti við umheiminn, bæði pólitískt og efnahagslega.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þau félagar mínir, sem hér hafa talað næst á undan mér, hafa farið rækilega yfir mörg mál þannig að ég hef í sjálfu sér ekki miklu þar við að bæta og verð að hryggja þingheim með því að ég tala sennilega ekki langt mál í þetta skiptið, sem ég sé hér strax út undan mér að einhverjir þm. sakna og leiðist þessi yfirlýsing, en ég verð að hryggja þá með því.

Í ræðu minni hér í kvöld spurði ég hæstv. utanrrh. að því hvort Framsfl. eða formaður hans hefði gert athugasemdir á ríkisstjórnarfundum um framkvæmd utanríkisstefnunnar. Og hæstv. utanrrh. svaraði þessu orðrétt á þessa leið: „Ég hef ekki orðið var við slíkar athugasemdir á ríkisstjórnarfundum."

Þetta kom hv. þm. Páli Pétursyni bersýnilega á óvart. Hann var hissa, eins og formaður hans verður oft, undrandi á þessum firnum. Og ég get ekki neitað því að það kom mér líka á óvart vegna þess að ályktun flokksþings Framsfl. frá í nóvember 1986 var með þeim hætti að það hefði verið eðlilegt að formaður Framsfl., sem samkvæmt orðum hv. þm. Páls Pétursson samþykkti tillöguna, hefði komið henni á framfæri í ríkisstjórninni vegna þess að í ályktuninni felst veigamikil gagnrýni á framkvæmd stjórnarstefnunnar í utanríkismálum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Páli Pétursyni að hann hefur iðulega haft uppi aðrar skoðanir á utanríkismálum en ýmsir aðrir framsóknarmenn og er það vissulega þakkarvert. Hins vegar hefur hann verið býsna hógvær í þessum efnum á þessu kjörtímabili, enda sagði hæstv. utanrrh. orðrétt líka: „Ég þekkti ekki þennan tón hjá hv. þm. Páli Péturssyni," þannig að hér er bersýnilega um það að ræða að þetta kemur okkur nokkuð á óvart, bæði mér og hæstv. utanrrh., að Framsfl. skuli ætla að hrista af sér slyðruorðið í þessu máli nú í lok kjörtímabilsins og sérkennilegast er að frétta af því fyrst núna. Það hefur farið ákaflega hljótt. Það hefur ekki verið tekið upp í ríkisstjórninni og ekki verið gert mikið úr því á öðrum vettvangi.

Ég tel rétt að það komi hér fram að mér fannst athugasemdir hv. þm. Páls Pétursson einkennast af dálitlum sárindum og mér þykir leitt að hafa valdið þeim. Hv. þm. Páll Pétursson er mjög oft fyndinn og skemmtilegur og í þetta skiptið var þetta nú ekki gæðingaspor sem hann steig. Þetta var ekki Eiríksstaðatöltið, sem við sáum til hv. þm. Páls Péturssonar, sem er einhver fegursti töltgangur sem er til í íslenskum hestum eins og hv. þm. Páll Pétursson veit og þekkir af eigin raun. Þetta var vixlað hjá honum. En það skýrist af því að honum sárnaði. Ég skildi hann svo að ég hafi valdið honum vonbrigðum fyrst og fremst vegna þess að hann vildi gjarnan vera samherji minn í þessu máli og ég væri að berja frá mér liðsmann. Það þykir mér leitt að heyra ef svo er og býð hann velkominn til liðs við Alþb. við fyrsta tækifæri. Það eru margir góðir framsóknarmenn sem hafa gengið til liðs við Alþb. (Gripið fram í.) Fyrst nefni ég að sjálfsögðu þann sem hér stendur. Síðan nefni ég Ólaf Ragnar Grímsson og það er bersýnilegt að nýr liðsmaður er á leiðinni og ég vil síst verða til þess að víkja honum úr okkar húsum og er hann boðinn hjartanlega velkominn við fyrsta tækifæri.

Mér fannst hins vegar í athugasemdum hans um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd gæta sjónarmiðs sem ég vil vara sérstaklega við í sambandi við það mál. Og það er að hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd séu úreltar að verða vegna þess að hugmyndir Rússa í afvopnunarmálum séu með þeim hætti að þær gefi vonir um betri tíð og að hugmyndirnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd verði þess vegna óþarfar. Ég tel að þær tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið frá ráðamönnum í Sovétríkjunum séu jákvæðar, skipti miklu máli. Ég er hins vegar ekki svo trúaður á þá eða aðra leiðtoga stórveldanna, ekki hins stórveldisins heldur, að ég telji rétt að við bíðum, höldum að okkur höndum og aðhöfumst ekkert í máli af þessu tagi. Ég held þvert á móti að það sé nauðsynlegt einmitt til þess að stórveldaleiðtogarnir og aðrir taki á þessum málum af fullri alvöru að þeir finni hreyfingu og áhuga alls staðar, einnig hér á Norðurlöndum, einnig í kröfunum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Ég lít svo á að hér sé um að ræða hugmyndir sem ekki bara skipta máli fyrir okkur, heldur sé hér um að ræða hugmyndir sem geti haft víðtækari alþjóðleg áhrif og ég tel að það eigi að halda þeim til streitu hvað svo sem menn eru að gera í höfuðstöðvum stórveldanna. Þess vegna vara ég mjög við því að vera með hugmyndir um það að stórveldaleiðtogarnir leysi þetta. Við verðum sjálf að hafa sjálfstætt frumkvæði í utanríkismálum, þessum þætti þeirra eins og öðrum.

Hæstv. utanrrh. nefndi hér fyrr í kvöld hugmyndirnar um varnarbandalag Norðurlanda sem komu hér upp fyrir fjórum áratugum og því miður urðu ekki að veruleika. Því miður tókst að kljúfa Norðurlöndin í það skiptið. Kannske tekst það nú í sambandi við kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að ná samstöðu um utanríkismál á Norðurlöndum og alþjóðamál sem hafi alþjóðleg áhrif.

Það er ljóst að á næstu vikum reynir á í þessu efni. Í fyrsta lagi á ríkisstjórnina hvort hún fellst á hugmyndirnar um embættismannanefnd til að athuga kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og í annan stað mun það koma fram hvaða afstöðu flokkarnir hafa til þessara tillagna fyrir 21. apríl þegar næsti fundur þingmannanefndarinnar verður haldinn í Helsinki. Við munum fyrir okkar leyti í Alþb. ganga mjög ákveðið eftir því á næstu vikum að afstaða flokkanna liggi fyrir. Ég tel að þetta mál muni ráðast á næsta kjörtímabili og þess vegna sé nauðsynlegt að flokkarnir geri skýra grein fyrir þessum málum í kosningabaráttunni sjálfri.

Varðandi ummæli hv. 5. landsk. þm. um ræðu mína hér fyrr í kvöld vil ég segja: Það sem fram kom í ræðu minni hér fyrr í kvöld var einungis það sem hafði komið fram í blöðum á Norðurlöndum og á

blaðamannafundi sem ég sat á sjálfur ásamt Anker Jörgensen, fyrrverandi forsætisráðherra Dana. Það sem hins vegar gerist á morgun eða öllu heldur í dag í Danmörku er það að þessi niðurstaða þingmannanefndarinnar verður birt í heild og þá verður unnt að taka hana til nákvæmari umræðu hér í íslenskum stjórnmálum sem annars staðar. Ég vona að hún verði til þess að skapa nýjan flöt í utanríkismálum á Íslandi og menn nálgist þessa hugmynd og þessar tillögur með opnum huga. Læsi sig ekki fasta, heldur umgangist þetta eins og viti bornar verur. Og það sakaði ekki þó menn brygðu fyrir sig Eiríksstaðatöltinu þegar þeir nálgast verkefnið.

Utanríkisráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í það hvort menn eru hér brokkgengir eða þeir fara á Eiríksstaðatölti. Ég svaraði þeirri spurningu sem ég var spurður að hér í kvöld. Ég hefði kannske átt að bæta því við varðandi athugasemdir um utanríkisstefnu að ég sat ekki í ríkisstjórninni um þriggja mánaða skeið þannig að ég veit ekki hvað hefur gerst á þeim fundum annað en það að ég hef ekki lesið það í fundargerðum á því tímabili.

En ég kom hér í ræðustólinn til þess að svara fsp. hv. 10. landsk. þm. um leið og ég vil lýsa furðu minni á málflutningi þingmannsins hér áðan, furðu minni á útlistun þingmannsins á þeirri skýrslu sem hér er til umræðu og þeirri vinnu sem þar liggur á bak við.

Skýrslan er stutt og og yfirborðsleg. — Þá spyr ég: Hvað um allar hinar skýrslurnar sem lagðar hafa verið fram á Alþingi og eru allar styttri? Allar. Þetta er sú lengsta og í þessari skýrslu er m.a.s. vísað til ákveðins kafla í skýrslu frá s.l. ári til þess að vera ekki með of langt mál, vera ekki með endurtekningu og ég trúi því varla að þm. hafi ekki þá skýrslu við hendina þegar verið er að gera samanburð og skoða það sem skýrslan hefur fram að færa.

Ég er hér með skýrslu frá því fyrir fimm árum síðan. Skýrslu sem er upp á 25 bls. Skyldi hún hafa verið stutt og yfirborðsleg? (**GHelg:** Já.) Við getum gagnrýnt sjónarmið og stefnur, en ég segi það alveg eins og er að ég var mjög hissa á því sem hv. þm. sagði varðandi það sem hér hefur verið unnið og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Í sambandi við það undir hvaða ráðuneyti flugstöðin kemur til með að heyra. Þm. á ekki að þurfa að spyrja að þessu. Það gilda lög í þessu landi, lög sem segja að varnarsvæðið allt heyrir undir utanrrn., flugstöðin eins og allt annað sem á varnarsvæðinu er. Radarstöðin austur á Gunnólfsvíkurfjalli heyrir undir utanrrn. af því að hún er á varnarsvæði. Þetta stendur í lögunum frá 1954. (**GHelg:** Er samkomulag í ríkisstjórninni um þetta?) Það gilda lög í þessu landi sem segja að varnarsvæðið og þær byggingar sem þar eru heyra undir utanrrn. Og á meðan Alþingi breytir ekki lögunum skiptir engu máli hvort um það er samkomulag í ríkisstjórninni. Það eru lögin sem segja til um þetta. Hvaða skoðanir einstaka menn hafa á því hvort flugstöðin á að heyra undir einn eða annan, það er svo aftur allt annað mál. Flugstöðin er með tollgæslu, löggæslu. Nú auðvitað er flugstjórn þar. En lögin frá 1954 segja þetta og það á ekki að þurfa að spyrja að þessu.

Að varnarhagsmunirnir séu ekki lengur hér hjá okkur og þetta sé ef til vill af gömlum vana að hafa varnarlið hér og vera í Atlantshafsbandalaginu. Ég veit að hv. þm. man eftir því hvenær við gengum í Sameinuðu þjóðirnar. Er það ekki rétt? (**GHelg:** Ætli ég fari ekki nærri um það.) Já. Veit þm. hvenær Afganistan gekk í Sameinuðu þjóðirnar? Man þm. hvað gerðist í Afganistan 1979? Og skyldu þeir halda í dag að það hefði ekki þurft að gera einhverja aðra hluti til þess að tryggja frelsi þeirrar þjóðar? Við skulum gera okkur grein fyrir því að eins og við gerðumst aðilar að varnarbandalaginu 1949 til þess að tryggja okkar eigið öryggi, þá erum við í varnarbandalaginu í dag til þess að tryggja okkar eigið öryggi.

Varðandi efnahagsleg tengsl við varnarliðið, þá er í þessum tveimur skýrslum, í ár og í fyrra, gerð grein fyrir því — ef þm. hafa þá tíma til þess að lesa — þá er gerð grein fyrir því hvaða fjármuni er um að ræða í því sambandi.

Það hefur verið gagnrýnt hér á þingi að alþm. hafi ekki fengið að vita og fái ekki að vita um þær framkvæmdir sem á varnarsvæðinu er unnið að. Það var í tíð forvera míns sem var byrjað á því að láta utanrmn. fá upplýsingar um þessa hluti. Því hefur verið haldið áfram síðan. Þegar flokkur þm., sem hér var að gagnrýna, átti sæti í ríkisstjórn, þá var þetta ekki gert. Þá var ekkert verið að spyrja um þetta. Það var ekkert verið að biðja um þessar upplýsingar þá. Þetta hefur allt verið gert síðan. Það hvarflar ekki að mér að að einni slíkri skýrslu megi ekki eitthvað finna. En eftir því sem búið er að vinna þessa skýrslu fyrir þingið, þá segi ég: Það er óréttlátt að gagnrýna eins og þm. gerði hér áðan.

Þá vék þm. að því að í ársskýrslu fastanefndarinnar væru ræðurnar á ensku sem fluttar hefðu verið þar vestra. Ég get vel verið sammála því að ræðurnar hefðu auðvitað átt að vera á íslensku, enda eru þær til þýddar og sjálfsagt að senda þm. þær þó ég viti hins vegar að þm. skilur það mál sem ræðurnar eru fluttar á og þarf þær ekki þess vegna. En ég get vel fallist á það að það ætti að vera því að hér er um íslenska útgáfu að ræða og þá þess vegna.

Þingmaðurinn spurði um afstöðu til efnavopna og rakti viðtöl við embættismenn í utanrrn. og skipti þar og síðan afstöðu. Sú afstaða sem tekin var í sambandi við þær breytingar sem þá var verið að gera var í samræmi við fyrri afstöðu Íslands sem er einföld: Að Ísland hefur ekki afskipti af staðsetningu ólíkra vopnakerfa bandalagsríkjanna þar sem þau eru að ákvarða um staðsetningu vopna sér til varnar. Þetta gilti nákvæmlega eins í þessu tilfelli og í öðrum tilfellum áður.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umræður.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Fyrst þá með lengdina á skýrslu hæstv. utanrrh. Mér finnst þessi skýrsla vera alveg nógu löng. Magn og gæði fara hins vegar ekki alltaf saman og mín gagnrýni á þessa skýrslu byggist ekki á því að mér hafi ekki þótt hún nógu löng. Auðvitað á hin nýja flugstöð ekki að heyra undir utanrrn. Þetta er rangt fyrirkomulag að ætla henni að gera það og það er gjörbreytt viðhorf þegar hún er komin út fyrir vallargirðinguna eða vallargirðingin liggur um eða í húsið.

Tollgæsla í flugstöðinni á auðvitað að heyra undir fjmrn. og það mundi hæstv. utanrrh. samþykkja með mér ef hann væri enn þá fjmrh. Það er ljóður á því frv. sem við samþykktum hér í deildinni um tollalög í fyrradag að þar er ekki tekið af skarið um þetta atriði.

Hæstv. utanrrh. svaraði hv. 3. þm. Reykv. klóklega þegar hann sagðist ekki hafa orðið var við það á ríkisstjórnarfundum að framsóknarráðherrarnir væru að finna að utanríkisstefnu sinni, en hugsanlega hefur hann orðið var við það utan funda þó það sé ekki bókað í gerðabók í ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** Hann sat ekki í ríkisstjórninni í þrjá mánuði utanríkisráðherrann.)

Hv. 3. þm. Reykv. telur að um einhverja stefnubreytingu sé að ræða hjá mér. Ég vil benda honum á að lesa ræður mínar um utanríkismál sem ég hef flutt á þessu kjörtímabili. Hann verður betri og víðsýnni og skynsamari maður af þeim lestri. Honum hefur batnað töluvert frá því áðan því það er af honum berserksgangurinn og það er gott. Því hann er leiðinlegur í geðvonskuköstum sínum og þó er hann þá sjálfum sér verstur. Nú tel ég að hann ætti að fara heim og sofna svolítið og vakna eins og eðlilegur maður í fyrramálið en ekki eins og umskiptingur. Ég þarf nefnilega að hitta hann á nefndarfundi strax árla morguns.

Ég vil ekki vera liðsmaður Svavars Gestssonar og það hvarflar ekki að mér að ganga í Alþb. Sjálfsagt færi fyrir mér eins og Möðruvellingunum og þeim öðrum liðsmönnum Alþýðubandalagsins að Svavar mundi fljótlega fara að lumbra á mér. Það er hins vegar rétt hjá Svavari Gestssyni að framsóknarmenn hafa margir farið í Alþb. Raunar eru allir málsmetandi forustumenn Alþb. fyrrverandi framsóknarmenn. Ég er ekki einasta hestamaður, ég er líka búfjárræktarmaður og ég kann á þessu skýringu. Alþýðubandalagsmenn eru nefnilega bara alls ekki til kynbóta og sannar það að þeir verða að sækja sína forustumenn í aðra flokka. (Gripið fram í.) Ég ætla hins vegar ekki að fara að kynbæta Alþb. Það fer ágætlega um mig í Framsókn og þar ætla ég að vera áfram.

SAMEINAÐ ÞING

63. fundur, fimmtudaginn 12. mars, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða. Umferðir verða þrjár, tíu mínútur í hverri.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Framsfl., Alþfl., Sjálfstfl., Alþb. og Samtök um kvennalista. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. Alexander Stefánsson félmrh. í fyrstu umferð, Jón Helgason landbrh. í annarri en Steingrímur Hermannsson forsrh. í þeirri þriðju. Fyrir Alþfl. talar Jón Baldvin Hannibalsson 5. þm. Reykv. í fyrstu umferð, Guðmundur Einarsson 4. landsk. þm. í annarri og Kjartan Jóhannsson 3. þm. Reykn. í þeirri þriðju. Af hálfu Sjálfstfl. talar í fyrstu umferð Þorsteinn Pálsson fjmrh., Ólafur G. Einarsson 9. landsk. þm. í annarri og Friðrik Sophusson 2. þm. Reykv. í þriðju. Ræðumenn Alþb. verða í fyrstu umferð Ragnar Arnalds 3. þm. Norðurl. v., Guðrún Helgadóttir 10. landsk. þm. í annarri umferð og Steingrímur J. Sigfússon 4. þm. Norðurl. e. í þeirri þriðju. Fyrir Samtök um kvennalista talar Sigríður Dúna Kristmundstóttir 11. þm. Reykv. í fyrstu umferð, Guðrún Agnarsdóttir 3. landsk. þm. í annarri en í þeirri þriðju talar Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.

Hefst nú umræðan.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þegar gengið var til kosninga fyrir réttum fjórum árum var við mikla erfiðleika að glíma í íslensku þjóðlífi. Aflasamdráttur og verðfall á erlendum mörkuðum á árinu 1982 mögnuðu verðbólguna. Samstaða náðist ekki í þeirri ríkisstjórn sem þá sat um nauðsynlegar aðgerðir. Hraði verðbólgunnar mældist rúmlega 130% á tímabilinu febrúar til apríl 1983. Úrslit kosninganna voru þau að Framsfl. tapaði nokkru fylgi. Forustumenn flokksins drógu þá ályktun af úrslitunum að flokkurinn ætti að halda sig utan ríkisstjórnar. Þegar stjórnarmyndunarviðræður höfðu staðið í nær tvo mánuði varð öllum ljóst að Alþb. og Alþfl. höfðu ekki þann pólitíska kjark sem þurfti til að takast á við og leysa þau vandamál sem þjóðin glímdi við.

Þótt samstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. hafi ekki verið óskastaða Framsfl. voru hagsmunir þjóðarheildarinnar settir ofar. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við valdataumum og setti sér það markmið að kveða verðbólguna í kútinn án þess að stofna atvinnuöryggi í hættu eða draga úr félagslegu öryggi í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin einsetti sér að ná tökum á efnahagsmálum í góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og bæta kjörin án þess að allt færi

úr böndum að nýju. Ábyrgir kjarasamningar hafa skilað okkur fram á veginn, verðbólgan á síðasta ári reyndist 13% og atvinnuleysi nær óþekkt.

Á árinu 1986 var mikil aukning á þjóðarframleiðslunni á Íslandi og meiri en í nokkru öðru vestrænu ríki. Ráðstöfunartekjur launafólks hafa aukist verulega s.l. tvö ár. Framsfl. biður um umboð kjósenda til að halda þessari traustu uppbyggingu áfram.

Einn þeirra málaflokka sem mikið hafa verið til umræðu á kjörtímabilinu eru húsnæðismálin. Á því hefur verið klifað að ekkert hafi verið gert og ríkisstjórnin látið reka á reiðanum. Þess vegna er ekki úr vegi við lok kjörtímabilsins að rifja upp hvaða bylting hafi átt sér stað í þessum málaflokki, en ástand húsnæðismála eftir stjórn Alþb. og Alþfl. var vægast sagt hörmuleg. Í september 1983 ákvað ríkisstjórnin 50% hækkun á lánum byggingarsjóðs frá og með janúar 1984. Lánshlutfallið var hækkað úr 15% í 30% af verði staðalíbúðar. Frá nóvember 1983 og fram í janúar 1984 voru veitt tæplega 5000 sérstök viðbótarlán til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda. Í maí 1984 voru samþykkt ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Með þessum nýju lögum var lánstími lengdur úr 26 í 31 ár, og lán til kaupa á eldra húsnæði úr 16 í 21 ár. Margar aðrar mikilvægar breytingar voru gerðar ekki síst til að auðvelda byggingu á húsnæði fyrir aldraða og öryrkja. Á árinu 1984 jukust heildarútlán Húsnæðisstofnunar ríkisins um 46% að raungildi miðað við árið 1983. Í júní 1985 afgreiddi Alþingi svo lög um greiðslujöfnun fasteignalána.

Mikilvægasta aðgerðin í húsnæðismálum er tvímælalaust samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í sambandi við kjarasamningana í febrúar 1986. Í kjölfar þeirra voru sett lög um nýtt húsnæðislánakerfi sem tók gildi 1. sept. s.l. Þetta nýja kerfi byggir á samræmdri þátttöku lífeyrissjóðanna. Með nýja kerfinu tvöfaldaðist fjárhæð almennra byggingarlána. Lánstíminn lengdist úr 31 í 40 ár og greiðslubyrði lána lækkar. Lán til kaupa á notuðu íbúðarhúsnæði þrefaldaðist miðað við það sem áður var. Í fyrirkomulaginu felst verulegt hagræði því nú fæst um 70% af verði staðalíbúðar lánað á einum stað og unga fólkið sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn hefur nú meiri möguleika á að eignast eigið húsnæði.

Staðreyndirnar í húsnæðismálum eru þessar:

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa útlán Húsnæðisstofnunar ríkisins hækkað að raunvirði úr 2 milljörðum kr. 1982 í 5,5 milljarða kr. 1987. Hæstu nýbyggingarlán hafa hækkað úr 15% í 70% af verði staðalíbúðar. Lán til kaupa á notaðri íbúð hafa hækkað úr rúmlega 500 þús. kr. í um 1700 þús. kr., eða þrefaldast til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn.

Við upphaf kjörtímabilsins átti fjöldi íbúðareigenda í greiðsluvandræðum vegna misgengis launa og lánskjara. Ríkisstjórnin greip til margvíslegra aðgerða til að koma til móts við þennan hóp. Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar hefur afgreitt um 7000 lánsumsóknir og samkvæmt upplýsingum hennar hefur u.þ.b. 2 milljörðum kr. á núverandi verðlagi verið varið með einum eða öðrum hætti til aðstoðar þessum hópi húseigenda. Ekki til að auka við greiðslubyrðina heldur til að létta hana eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Það er óhætt að fullyrða að aldrei áður hefur verið gert jafnstórt átak í eflingu upplýsingamiðlunar um húsnæðis- og byggingamál og í tíð núverandi ríkisstjórnar. Því starfi er haldið áfram og verður aukið. Mikilvæg breyting á húsnæðiskerfinu felst þó í gjörbreyttri aðstöðu lántakenda. Nýja fyrirkomulagið felur í sér að fólk á fyrst að sækja um lán og gera grein fyrir áformum sínum og greiðslugetu, áður en það hefst handa að öðru leyti. Þegar það hefur fengið skriflegt lánsloforð frá Húsnæðisstofnun þar sem tekið er fram hver sé upphæð lánsins og hvenær það komi til útborgunar er hægt að hefja framkvæmdir. Með þessum hætti á fólk að geta stillt saman útborganir lána og innborganir samkvæmt kaup- og sölusamningum og gert samning við viðskiptabanka.

Ég hef orðið þess áskynja að þessi breyting fellur flestum vel í geð, ekki síst unga fólkinu. Það vill geta gert áætlanir fram í tímann og treyst því að þær standist, en lánsloforðin eru verðtryggð. Stjórnarandstaðan, sérstaklega Alþfl., hefur haft allt á hornum sér varðandi nýja húsnæðiskerfið. Hlutdeild aðila vinnumarkaðarins er gagnrýnd og gerð tortryggileg. Látið er í það skína að umsóknir séu það margar að lánakerfið sé sprungið vegna þess að byggingarsjóðirnir hafi ekki fjármagn til að sinna öllum umsóknum og biðtími eftir láni sé óeðlilega langur. Flumbrugangurinn í málflutningi og skilningsleysið á nýja lánakerfinu og niðurrifsaðgerðir eru sérstaklega áberandi hjá forustumönnum Alþfl. Þeir telja að auka verði lánveitingar byggingarsjóðanna t.d. í 8 milljarða kr. á ári. Hver skyldi þróun fasteignaverðs verða ef 8 milljörðum kr. verður dælt inn á fasteignamarkaðinn á ári? Og hvernig ætli ástandið í byggingariðnaðinum verði sem nú þegar annar ekki eftirspurn vegna nýbygginga? Hvaðan ætla þeir Alþýðuflokksmenn að taka fjármagnið? Það koma engin svör. Og hvernig á að koma í veg fyrir allt of mikla þenslu? Engin svör.

Nei, góðir áheyrendur. Málflutningur af þessu tagi er ómerkilegur og óábyrgur kosningaáróður. Kjarni málsins er sá að núverandi ríkisstjórn hefur gjörbylt húsnæðislánakerfinu í samvinnu við og fyrir fólkið í landinu. Það er ljóst að með því samkomulagi sem gert hefur verið við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðina hefur fjárhagsaðstaða byggingarsjóðanna verið tryggð. Tal um annað er út í hött. Unnið er að því að tengja banka og sparisjóði húsnæðislánakerfinu. Þær breytingar, sem við erum að gera á þessum málum þjóðarinnar, eru mjög róttækar. Þegar þær eru um garð gengnar með nauðsynlegum reynslutíma og lagfæringum getur Ísland talist til þeirra þjóða þar sem þegnum er gert

það fært að eignast þak yfir höfuðið án þess að leggja lífshamingjuna að veði.

Næsta verkefni í húsnæðismálum verður heildarendurskoðun félagslega hluta íbúðarlánakerfisins í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, eins og samkomulagið frá 1986 gerði ráð fyrir.

Góðir tilheyrendur. Ég hef af augljósum ástæðum helgað húsnæðismálum verulegan hluta af ræðutíma mínum hér í kvöld. Fulltrúar Framsfl. á Alþingi og í ríkisstjórn hafa að sjálfsögðu látið sig skipta alla þætti félagsmála á því kjörtímabili sem senn er á enda. Á kjörtímabilinu hefur verið gert sérstakt átak í málefnum fatlaðra. Fylgt hefur verið þeirri stefnu að byggja upp svæðisbundna þjónustu fyrir fatlaða og hefur það gjörbreytt aðstöðu þeirra og öryggi. Nýtt heimili fyrir fjölfötluð börn tekur til starfa í Reykjavík á miðju árinu. Greiningarstöð ríkisins er tekin til starfa. Réttur öryrkja og fatlaðra að húsnæðislánakerfinu hefur verið stóraukinn.

Á kjörtímabilinu voru sett ný sveitarstjórnarlög sem fela í sér aukið vald og ábyrgð sveitarfélaga. Mikilvægt er að frjálslynd umbótaöfl taki þátt í mótun framkvæmdar þessara nýju laga sem geta haft mikil og heillavænleg áhrif til raunhæfrar byggðaþróunar í landi okkar. Undirbúningur er þegar hafinn við það að koma upp fyrstu stjórnsýslumiðstöðinni úti á landi sem verður staðsett á Akureyri. Áherslu ber að leggja á að slíkar miðstöðvar rísi í öllum landshlutum.

Góðir áheyrendur. Framsfl. var í öndverðu vaxinn upp af þjóðlegri rót og stofnsettur sem umbótaflokkur til stuðnings lífsbaráttu fjöldans. Honum var strax í upphafi ætlað að vera í fararbroddi framfaranna á pólitíska sviðinu og vera vernd og skjól sjálfsbjargarfélagsskapar fólksins í baráttu þess fyrir framförum, efnalegu sjálfstæði og aukinni menntun. Í dag vill þjóðin umfram allt annað trausta stjórn efnahagsmála. Það er forsenda þeirra félagslegu umbóta sem við framsóknarmenn stefnum að. Við göngum til komandi kosninga undir kjörorðinu: Festa, ábyrgð og framfarir.

Ég þakka áheyrnina og óska landsmönnum allra heilla.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Árangur stjórnarstefnunnar í miðju góðærinu má draga saman í eftirfarandi niðurstöður:

1. Vaxandi hallarekstur og skuldasöfnun í ríkisbúskapnum þrátt fyrir hagstæð ytri skilyrði. Ástæðurnar eru aðallega tvær: Tekjujöfnunarkerfi ríkissjóðs er hrunið. Launþegum einum er ætlað að bera þær byrðar. Og í annan stað: Útgjöld ríkisins aukast ár frá ári samkvæmt lögmálum sjálfvirkni og síþenslu.

2. Félagslegt misrétti birtist okkur t.d. í ranglátu skattakerfi, í misrétti í lífeyrismálum, í harmkvælum í húsnæðismálum þar sem lánsloforðum hæstv. félmrh. verður vísað innistæðulausum til nýrrar ríkisstjórnar.

3. Úrelt stjórnkerfi. Það birtist okkur með ýmsu móti, í pólitískri ríkisforsjá í fjármálalífi sem ekki veldur verkefnum sínum, sbr. hrun Útvegsbankans, í úreltri sveitarstjórnarskipan sem gerir sveitarfélögin að niðursetningi í stjórnkerfinu, í seinvirku réttarfarskerfi sem glatað hefur trausti almennings.

4. Í úreltri atvinnustefnu. Undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar er haldið í bóndabeygju pólitísks skömmtunar- og kvótakerfis í sovéskum stíl. Óeðlileg hagsmunavensl tryggja sérhagsmuni og einokunaraðstöðu í stjórnkerfi, fjármálalífi og viðskiptum. Frjálsræði ríkir í gjaldeyrissóun en strönga höft á gjaldeyrisöflun.

Stjórnmálamenn dreifa kröftum sínum í allar áttir. Þeir bregðast venjulega við vandanum í stað þess að sjá hann fyrir. Viðbrögðin ráðast einatt af skammtímasjónarmiðum og gera oft illt verra. Niðurstaðan af slíku háttalagi er ævinlega á sömu lund. Hún endar í fúski. Fúskið er orðið einkenni opinberrar stjórnsýslu á Íslandi.

Þetta birtist okkur í misvægi milli vaxandi einkaneyslu og hnignandi opinberrar þjónustu. Kannist þið ekki við dæmin? Heimilin eru vídeó- og tölvuvædd en skólarnir eru vanbúnir. Einkabíllinn er fínn og gljábónaður en vegakerfið minnir víða á Ódáðahraun. Hafnirnar grotna niður þótt þessi þjóð lifi á fiskveiðum og útflutningi. Flugið á framtíðina, segja menn, en flugvellirnir eru eintómt forað.

Afleiðingin er m.a. atgervisflótti úr opinberri þjónustu yfir í einkageira. Hann stafar af því að ríkið sem vinnuveitandi vanmetur starfið og misbýður sjálfsvirðingu starfsmanna sinna.

Þetta kalla þeir góðu menn að vera á réttri leið og boða meira af svo góðu. Góðærið á að vera þeim eins konar fjarvistarsönnun fyrir góðri stjórnun. En ætli sjálfhælnin sé ekki hér sem oftar til þess að fylla upp í eyður verðleikanna?

Herra forseti. Í íslenskri stjórnmálaumræðu er mikið flaggað orðaleppum eins og frjálshyggja, félagshyggja. Reynt er að stilla þessum hugtökum upp sem ósættanlegum andstæðum.

Ræður félagshyggjumanna einkennast oft af frösum eins og þessum: Það vantar meiri peninga, það vantar meira af þessu eða hinu, það vantar fleiri stofnanir, það vantar hærri styrki eða eitthvað á þeim nótum. Frjálshyggjutrúboðið talar á öðrum nótum: Ríkið á að gera minna, segja þeir, af hinu og þessu, minni ríkisafskipti, minni opinbera þjónustu. Smám saman er fólk farið að trúa því að þetta séu ósættanlegar andstæður. Samt er það á misskilningi byggt. Hér er um að ræða tvær hliðar á sama máli. Mér finnst því umræðan einkennast oft af fordómum og frösum í stað hugsunar.

Það er sérstaða okkar jafnaðarmanna í íslenskum stjórnmálum að við viljum takmarka afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu, binda þar endi á sólund og bruðl einmitt af því að við viljum að ríkisvaldið einbeiti starfskröftum sínum og fjármunum að velferðarmálum fólks. Og þetta finnst okkur vera kjarni máls.

Við viljum skilgreina hlutverk ríkisvaldsins upp á

nýtt. Við viljum að ríkið takmarki afskipti sín af atvinnulífinu við það að móta stefnu, setja almennar leikreglur, skapa atvinnulífinu stöðugleika og vaxtarskilyrði til framtíðar. Félagsleg þjónusta, sem við viljum bæta, verður ekki bætt á næstu árum nema á grundvelli öflugra atvinnuvega, atvinnuvega sem halda uppi hagvexti en greiða líka sinn hlut til sameiginlegra þarfa, og þar er mikill misbrestur á. Þess vegna þurfum við öflugra markaðskerfi, meiri samkeppni, minni ríkisíhlutun, minni einokun í atvinnulífinu. Af því að aukin samkeppni örvar framleiðslu og lækkar verð og er forsenda bættra lífskjara.

Þetta á ekkert skylt við gelda hugmyndafræði eða orðaleppa eins og frjálshyggju. Þetta er þvert á móti kjarninn í nútímalegri jafnaðarstefnu. Öflugt markaðskerfi, sem lýtur félagslegri stjórn, er forsenda velferðar, tvær hliðar á sama máli.

Allir menn, sem kenna sig við vinstrið, eru sammála um markmiðin, það góða sem við viljum gera. Það er uppi ágreiningur um leiðirnar, einkum milli Alþýðubandalagsmanna annars vegar og okkar jafnaðarmanna hins vegar. Hægri menn leggja höfuðáherslu á frjálst framtak í atvinnulífinu í orði kveðnu. En við segjum: Það frjálsa framtak má aldrei verða að forréttindum í skjóli ríkisvalds, eða snúast upp í einokun. Og atvinnulífið verður að skila sínum hlut til samneyslunnar. Það er grundvallaratriði.

Ríkisstjórn sem Alþfl. á aðild að mun taka upp gerbreytta stefnu í anda þessara viðhorfa, í hagstjórn, í atvinnulífi og í félagsmálum. Það verður ábyrg stjórn en í anda jafnréttis. Hvernig viljum við leysa okkar helstu vandamál?

Lítum í fyrsta lagi á ríkisbúskapinn. Við leggjum fram tillögur um heildarendurskoðun á ónýtu skattakerfi. Tillögur um staðgreiðslu skatta varða aðeins innheimtufyrirkomulag á sköttum launafólks. Þær eru til bóta svo langt sem þær ná. En launamenn hafa alltaf staðgreitt sína skatta. Aðalatriðið í skattamálum er heildarendurskoðun með það að markmiði að uppræta meinsemd skattsvikanna. Það er grundvallaratriði að menn eiga að vera jafnir fyrir lögum.

En hvað með ríkisútgjöldin, spyrja menn. Við segjum: Við viljum fækka útgjaldaliðum fjárlaga. Við munum bregða skurðarhnífnum á velferðarkerfi fyrirtækjanna, sem tekur í sinn hlut allt að ⅓ af útgjöldum ríkisins, en það þýðir í reynd að fyrir milligöngu ríkisvaldsins eru færðar til tekjur frá launþegum til hinna efnameiri í þjóðfélaginu. Á það munum við binda endi. Við viljum gera þetta vegna þess að við viljum verja þessum fjármunum betur í þau forgangsverkefni að byggja upp traust velferðarríki.

Þessum róttæku kerfisbreytingum á ríkisbúskapnum viljum við koma fram í áföngum á næsta kjörtímabili.

Við boðum líka, herra forseti, nýja atvinnustefnu. Hlutverk ríkisins á að vera eins og ég sagði að tryggja atvinnulífinu stöðugleika og festu, koma í veg fyrir einokunarverðmyndun, örva samkeppni, stuðla að framförum. Þess vegna viljum við meiri markaðsbúskap og minni ríkisforsjá í atvinnulífinu. Dæmi:

Við viljum sveigjanlegt veiðileyfakerfi í útgerð í stað kvóta á hvert skip.

Við viljum frjálst fiskverð og fiskmarkaði, staðbundna eða fjarskiptamarkaði.

Með viðskiptasamningum við önnur ríki á að tryggja háþróaðri fiskréttaframleiðslu á Íslandi greiðan aðgang að mörkuðum og leysa þannig kreppu frystiiðnaðarins.

Við viljum svæðaskipulag í landbúnaðaði í stað kvóta á hvert býli.

Við viljum fjárstuðning við vöruþróun á sölu afurða en ekki við framleiðsluaukningu.

Við viljum beita okkur fyrir langtímaætlun um gróðurvernd og landgræðslu og skapa þar ný störf.

Við viljum afnám ríkistryggðrar einokunar á vinnslu og sölu landbúnaðarafurða.

Við viljum frjálsan útflutning.

Við viljum rannsóknir í þágu nýrra hátæknigreina og stuðning við smáfyrirtækin.

Þetta eru allt saman róttækar kerfisbreytingar, ekki nöldur um meira af þessu eða hinu í óbreyttu kerfi. Þetta viljum við gera fyrst og fremst til þess að treysta undirstöður velferðarríkisins sem er meginmarkmiðið með okkar pólitíska starfi.

Herra forseti. Menn tala stundum um þjóðarsátt. Meiri hluti þjóðarinnar er sammála um þessi markmið, um það góða sem við viljum gera í félagslegum umbótum. Hingað til hefur verið ágreiningur um leiðir. Það er sannfæring okkar jafnaðarmanna að skapa megi þjóðarsátt um nýjar leiðir að sameiginlegum markmiðum á grundvelli jafnaðarstefnunnar.

Við viljum bæta gæði skólastarfs. Það kallar á hærri laun kennara.

Við viljum tryggja jafnrétti til náms, án tillits til efnahags foreldra en við munum standa við það með fjármunum.

Við viljum tryggja hinum öldruðu mannsæmandi lífeyri.

Við viljum leggja fram opinbert fé til að leysa fólk úr skuldafangelsi húsnæðismálanna, auka valfrelsi milli kaupa og leigu og þar skiptir sköpum að koma í framkvæmd tillögum okkar um nýtt kerfi kaupleiguíbúða sem mun leysa vanda hinna ungu og hinna öldruðu út frá þeirri forsendu að húsnæðiskostnaðurinn verði viðráðanlegt hlutfall launa.

Við viljum líka auknar fjárveitingar til skapandi menningar og lista.

Hver út af fyrir sig er andvígur þessum góðu markmiðum? Kjarni málsins er þessi: Ekkert af þessu verður vel gert nema á grundvelli öflugs atvinnulífs og með ráðdeild og endurskipulagningu á ríkisbúskapnum.

Herra forseti. Við jafnaðarmenn leggjum þunga áherslu á sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og samræmd lífeyrisréttindi. Við viljum að

lífeyrissjóðurinn verði deildaskiptur eftir landshlutum, að stjórn fjármagns og ávöxtun verði heima í héraði. Takist ekki pólitísk samstaða um þetta milli stjórnmálamanna þá viljum við þjóðaratkvæði um lífeyrisréttindin. Við viljum að fólkið ráði en ekki forstjórarnir.

Pólitík er að vilja, sagði Olof Palme í sinni frægustu ræðu. Það er rétt. Ef við viljum breytingar á þjóðfélaginu þá getum við komið þeim fram. En pólitík er líka að velja, að velja réttu leiðirnar og mennina sem við treystum best til verka.

Hin pólitíska flóra á Íslandi er orðin skrautleg. Það lýsir miklum pólitískum áhuga, en lítilli samstöðu um leiðirnar. Samt vitum við öll af fenginni reynslu að fjölgun flokka er síst af öllu það sem þessa þjóð vanhagar um þessa stundina.

List er það líka og vinna
lítið að tæta upp í minna,
sífellt í þynnra að þynna
þynnkuna allra hinna.

eins og Stephan G. kvað.

Við þau ykkar, sem kennið ykkur við vinstrið og hafið fyrst og fremst áhuga á félagslegum umbótum, vil ég segja þetta: Flokkarnir sem kenna sig mest við félagshyggjuna, hvort heldur eru Alþb. eða Framsfl., hafa brugðist. Framsfl. er dæmdur af verkum sínum í s.l. 16 ár í ríkisstjórn. Hann er bundinn á klafa þröngra sérhagsmuna. Reynslan af Alþb. í þremur ríkisstjórnum var slæm. Þau spor hræða. Það er vegna þess að Alþb. er enn um sinn fangi fortíðarinnar á valdi úreltra hugmynda ríkisforsjár og miðstýringar. Það þarf að skipta um forrit á forustunni. Í raun og veru er Alþb. eins og önnur útgáfa af háværum Framsfl. Þetta eru flokkar fortíðarinnar.

Við ykkur, sem hingað til hafið staðið hægra megin við miðju, vil ég segja þetta: Sjálfstfl. er ekki í reynd það sem hann segist vera. Hann er bandalag ólíkra hópa. Valdamiklir aðilar í þeim flokki nýta sér ríkisstjórnarstöðu Sjálfstfl. til að tryggja sérhagsmuni í skjóli ríkisvaldsins eftir hefðbundnum leiðum pilsfaldakapítalismans á kostnað almennings. Hrun Útvegsbankans og Hafskipsskatturinn er nýjasta dæmið um þetta. Haldi Sjálfstfl. styrk sínum óbreyttum er það ávísun upp á áframhaldandi framsóknarvist. Samtryggingarkerfi þessara gömlu hagsmunaafla mun þá viðhalda áfram úreltri atvinnustefnu, úreltri landbúnaðarstefnu, úreltri pólitískri miðstýringu í bankakerfi og sjóðakerfi.

Herra forseti. Sérstaða okkar jafnaðarmanna í íslenskum stjórnmálum er skýr. Ólíkt Alþb. og Framsókn og smáflokkum ýmsum til vinstri viljum við draga úr ríkisforsjá og efla markaðskerfi í atvinnulífinu. Ólíkt Sjálfstfl. erum við ekki bundnir á klafa neinna sérhagsmuna. Að því er varðar minnkun ríkisafskipta, þá er sá munurinn á þessum tveimur flokkum að við segjum það sem við meinum og meinum það sem við segjum.

Alþfl. er þess vegna sameiningar- og endurnýjunarafl í íslenskum stjórnmálum. Von framsýnna manna um róttækar breytingar á hagstjórn og félagsmálum á næsta kjörtímabili er tengt því að Alþfl. vinni myndarlegan kosningasigur í næstu kosningum. Það gæti orðið upphafið að nýju flokkakerfi, fyrsta skrefið til að brjóta niður múra úreltrar flokkaskipunar og sameina þá sem saman eiga að standa gegn öflum hagsmuna og forréttinda. Okkar verkefni er að leggja ykkur í hendur nýtt tæki til að smíða með nýtt og réttlátara þjóðfélag. Þessar nýju hugmyndir verða gott vegarnesti fyrir okkar þjóð á þeirri leið sem fram undan bíður inn í 21. öldina.

Þakka ykkur fyrir.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þetta er síðasti eldhúsdagur á þessu kjörtímabili. Þjóðin gengur til kosninga nú í vor. Við þessar kosningar stendur þjóðin frammi fyrir einföldum og skýrum kostum. Sennilega hefur þjóðin sjaldan staðið frammi fyrir jafnskýrum kostum. Það er hægt að velja tvenns konar ríkisstjórn. Það er hægt að velja ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. er í lykilhlutverki og það er hægt að velja ríkisstjórn þar sem vinstri flokkarnir taka höndum saman. Það er hægt að velja um tvær leiðir í þessum kosningum. Það er hægt að velja um leið festu og lágrar verðbólgu og það er hægt að velja leið vinstri stjórnar, verðbólgu og kjaraskerðingar. Þetta eru þeir tveir skýru kostir sem fólkið í landinu fær að velja á milli í þeim kosningum sem í hönd fara.

Við höfum haft nokkrar vinstri stjórnir í þessu landi þar sem Alþfl., Alþb. og Framsfl. hafa starfað saman. Um nokkurra ára skeið störfuðu Hannibalistar í vinstri stjórn, en þeir eru nú í forustu Alþfl. Það er ekki tilviljun að vinstri stjórnin 1956–1958 kom þjóðinni fram af bjargbrún óðaverðbólgunnar. Það er ekki tilviljun að viðreisnarstjórnin rétti efnahag þjóðarinnar við og kom efnahagslífi þjóðarinnar í jafnvægi. Það er ekki tilviljun að vinstri stjórnin 1971 kom verðbólgunni yfir 50%. Það er ekki tilviljun að stjórnin undir forustu Geirs Hallgrímssonar sem þá tók við náði aftur tökum á verðbólgunni. Það er ekki tilviljun að þrjár ríkisstjórnir á árunum 1978–1983 komu verðbólgunni upp í 130 stig. Og það er ekki tilviljun að ríkisstjórnin sem starfað hefur undanfarið kjörtímabil þar sem Sjálfstfl. hefur verið í lykilhlutverki kom verðbólgunni aftur niður á það stig sem var á viðreisnartímanum. Þetta eru staðreyndirnar sem við blasa.

Það var út af fyrir sig ekki langur loforðalisti sem þessi ríkisstjórn samdi um fyrir hartnær fjórum árum. Hún samdi um það fyrst og fremst að ná verðbólgunni niður og nú við lok kjörtímabilsins skilar hún þeim árangri að hafa komið verðbólgunni úr 130% niður á sama stig og á viðreisnartímanum. Hún skilar þeim árangri að hafa komið dúndrandi viðskiptahalla í jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Hún skilar þeim árangri að kaupmáttur er nú meiri en nokkru sinni fyrr, að kaupmáttur elli- og örorkulífeyrisbóta er hærri en nokkru sinni áður. Hún skilar

þeim árangri að hafa búið til aðstæður þjóðarsáttar á vinnumarkaðnum.

Andstæðingar okkar segja stundum: Þjóðarsáttin, þetta er ekkert að marka. Verkalýðshreyfingin gaf ríkisstjórninni þjóðarsáttina. Auðvitað er það svo að hún hefði ekki tekist nema vegna víðtæks samstarfs í þjóðfélaginu, nema vegna þess að aðilar á vinnumarkaðnum tóku frumkvæði í þeim efnum eftir að ríkisstjórnin gaf tilboð um slíka þjóðarsátt með skattalækkunum 1984. En ég spyr: Ef það er satt að þjóðarsáttin sé einhliða gjöf nokkurra verkalýðsforingja til ríkisstjórnarinnar, hvers vegna gáfu þeir ekki Svavari Gestssyni slíka þjóðarsátt þegar hann sat í ríkisstjórn?

Þessi ríkisstjórn skilar þeim árangri að sparnaður hefur vaxið á hverju ári. Áður fór hann minnkandi. Þessi ríkisstjórn skilar af sér nýju staðgreiðslukerfi tekjuskatta með lægri skattálagningu og hærri skattleysismörkum. Þannig hefur náðst árangur á flestum sviðum efnahags- og fjármálastjórnar í þjóðfélaginu.

En auðvitað er það svo að við höfum ekki náð öllum markmiðum okkar. Það væri rangt að halda því fram og hrein blekking. Ég nefni hér eitt stórt dæmi, ríkisfjármálin. Þar er enn halli. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að færa fórn til þess að ná þjóðarsátt, að lækka skatta og tolla til þess að auka kaupmátt án verðbólgu. Hún færði þessa fórn til að ná þessu mikilvæga efnahagslega markmiði. Ég tel að það hafi verið rétt og skynsamleg ákvörðun. En afleiðingin er sú að við glímum um nokkurra ára skeið við ríkissjóðshalla. Honum er hægt að ná niður án skattahækkana ef við höldum þannig á málum á næsta kjörtímabili að auka ríkisútgjöldin minna en heildaraukningu útgjalda þjóðarbúsins nemur. Á þennan veg getum við náð þessum markmiðum.

Við búum nú við góðæri. Þessi ríkisstjórn gekk í gegnum á fyrri hluta kjörtímabilsins dýpstu efnahagslægð sem þjóðin hefur gengið í gegnum í þrjá áratugi. Hún hefur á tveimur síðustu árum búið við mikið góðæri. Við verðum að treysta árangurinn og við megum ekki glutra þeim árangri niður sem við höfum nú náð.

Við höfum áður búið við góðæri. Við höfum áður búið við góðæri sem vinstri stjórnir glutruðu. Árið 1971 gekk yfir mikið góðæri. Þá fengum við vinstri stjórn sem misnotaði þetta góðæri sem endaði í óðaverðbólgu. Það var mikið góðæri á árunum kringum 1980 og það var notað á þann veg að erlendar skuldir jukust stórlega og stjórnin skilaði af sér 130% verðbólgu. Það skiptir þess vegna meginmáli hvernig á málum er haldið, hver árangurinn verður að lokum. Við viljum ekki glutra þessu tækifæri niður. Við viljum varðveita þann árangur sem náðst hefur. Þess vegna verður að koma í veg fyrir að ný vinstri stjórn taki hér við völdum að loknum kosningum.

Við höfum á þessu kjörtímabili gert grundvallarbreytingar á þjóðfélaginu, grundvallarbreytingar sem snerta peningakerfið, snerta atvinnufyrirtækin og snerta heimilin í landinu. Við hurfum frá daglegri gengisfellingarstefnu og tókum í þess stað upp fastgengisstefnu. Við hurfum frá gamla haftakerfinu í bankakerfinu og á peningamarkaðnum, færðum það til þess frjálsræðis sem ríkir á öðrum Norðurlöndum. Við heyrum nú forustumenn í bankakerfinu tala um að það komi að því senn að þeir fari að bjóða lán. Bankakerfið er að hætta að verða skömmtunarkerfi. Það er að verða þjónustukerfi fyrir atvinnufyrirtæki og heimilin í landinu.

Við afléttum ríkiseinokun á útvarpsrekstri, gerðum útvarpsreksturinn frjálsan. Við breyttum þeirri ákvörðun Svavars Gestssonar að greiðslukort mættu einungis forstjórar og æðstu embættismenn ríkisins nota. Við leyfðum líka heimilunum í landinu, fjölskyldunum í landinu að hagnýta sér greiðslukortin. Þannig hafa verið gerðar grundvallarbreytingar. Vildi einhver búa í þessu þjóðfélagi í dag á þann veg að það væri ekki hægt að spara? Vildi einhver búa í þessu þjóðfélagi í dag án útvarpsfrelsis? Vildi einhver búa í þessu þjóðfélagi í dag þar sem bara forstjórarnir hans Svavars Gestssonar fengju að nota greiðslukort en ekki fjölskyldurnar og heimilin í landinu? Á þann veg hafa verið gerðar grundvallarbreytingar. Það hafa verið færð völd og ábyrgð yfir til fólksins í landinu.

Stjórnarandstaðan talar gjarnan um frjálshyggju. Þeir notuðu stór orð þegar við vorum að þvinga fram útvarpsfrelsið og sögðu: Þarna er dæmið um frjálshyggjuna. Aldrei hefur hún náð jafnlangt. Þeir voru á móti greiðslukortum til heimilanna af því að það var frjálshyggja. Nú koma þeir fram fyrir fólkið í landinu og segja: Við sáum eftir því að vera á móti útvarpsfrelsinu. Þeir syngja iðrandi stef og segja: Við vildum hafa verið með. Og þeir sjá eftir því að hafa verið á móti greiðslukortunum. Þannig er málflutningur þeirra og skyldu ekki stóru orðin eiga við fleiri umbætur í þessu þjóðfélagi sem orðið hafa?

Við stöndum frammi fyrir stórum verkefnum, Íslendingar. Við viljum ekki byggja þetta land á þann veg að byggðin verði við Faxaflóa. Nei, við ætlum að byggja Ísland allt. Við þurfum að byggja upp alhliða atvinnulíf í þessu landi. Við þurfum að halda áfram framgangi í samgöngumálum. Við þurfum að byggja upp skólakerfið um land allt og trausta heilsugæslu. Við viljum búa í þjóðfélagi mannúðar og markaðsbúskapar. Við viljum búa svo um að frjálst atvinnulíf, kraftur frjáls atvinnulífs geti skapað verðmæti til þess að takast á við félagsleg verkefni, þá þjónustu sem ríkið á að veita.

Við heyrðum málflutning formanns Alþfl. Það voru stór orð og mikið af lýsingarorðum. En berum saman orð og efndir. Hann talaði mikið um ríkisfjármál og hélt því fram að í því efni mundi ekkert gerast til batnaðar fyrr en Alþfl. kæmi til valda. En stjórnarandstaðan verður að sæta því að það séu borin saman orð og athafnir á nákvæmlega sama hátt og stjórnarflokkarnir verða að sæta ábyrgð fyrir það sem þeir hafa gert.

Tökum tillögur Alþfl. Þeir fluttu 80 tillögur um kerfisbreytingar í ríkisfjármálum útfærðar í krónum

og aurum, en þeir gleymdu að leggja saman og draga frá og þegar það hafði verið gert í Fjárlaga- og hagsýslustofnun kom í ljós að fjárlagahallinn væri 500 millj. kr. meiri ef tillögur Alþfl. hefðu verið samþykktar.

Og eitt lítið dæmi um það hvernig Alþfl. ætlar að skera upp hið félagslega kerfi atvinnulífsins. Talsmaður Alþfl. í fjárlagaumræðunni í vetur flutti harða ádeilu á ríkisstjórnina fyrir að setja ekki nógu mikið af fjármunum til Ferðamálaráðs og í sömu ræðu mælti hann fyrir till. Alþfl. um að leggja Ferðamálaráð niður.

Alþfl. hefur flutt tillögur um það við fjárlagagerðina að afnema niðurgreiðslur, hækka búvöruverð um 15–20%. Þeir hafa farið á fundi hjá bændum og sagt: Við viljum halda áfram niðurgreiðslum tímabundið.

Formaður Alþfl. hefur flutt tillögur um að flytja stóran hluta af kvóta fiskiskipa við Faxaflóa og á Suðurnesjum og við Eyjafjörð eitthvað annað og þannig leggja niður eða leggja meira og minna í rúst sjávarútveg á þessum svæðum.

Þeir tala um skattamálin, Alþýðuflokksmenn. Hver er reynslan af Alþfl. í skattamálum? Þeir fóru í ríkisstjórn 1978. Fyrsta verk Alþfl. í þeirri ríkisstjórn var að leggja á afturvirkan tekjuskatt. Þó höfðu þeir í kosningabaráttunni flutt sömu ræðurnar og þeir flytja núna um lækkun tekjuskatta á almenning. Þetta eru orð og efndir og það skulum við hafa í huga þegar við gerum upp hug okkar um það hverjum á að treysta.

Ég er sammála ýmsu sem Alþfl. hefur fram að færa, en meðan málflutningurinn byggist á svona hverfullyndi þarf Alþfl. örugglega að lúta mjög sterkri forustu ef hann á að vera hæfur til setu í ríkisstjórn.

Aðalatriðið er þetta: Við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum. Við verðum að varðveita þennan árangur og byggja upp nýtt og betra þjóðfélag á Íslandi á þessum grundvelli. Við megum ekki glutra því niður.

Það er gott að vera Íslendingur í dag. Það er bjart fram undan og þess vegna höfum við ástæðu til að segja nei takk við vinstri stjórn og þess vegna höfum við ástæðu til þess að halda áfram á réttri leið. — Góðar stundir.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við Íslendingar erum lánsamir þessa stundina. Við búum við mikið góðæri, eitt hið mesta á þessari öld. Aflaverðmæti úr sjó hefur aldrei verið meira, hefur aukist um rúm 40% á fjórum árum. Olía hefur hrunið í verði, fiskverð hækkað og viðskiptakjör eru í hámarki.

Góðærið lýsir sér í meiri tekjum þjóðarbúsins en nokkru sinni fyrr. En hefur það lýst sér í verulega bættum lífskjörum? Hafa launin hækkað að sama skapi? Líti nú hver í eigin barm. Finnst fólki að launakjör þess séu áberandi betri en nokkru sinni áður? Þessari spurningu munu flestir svara neitandi. Það er einmitt meginboðskapur Alþb. í komandi kosningum að góðærið nái út til fólksins í landinu.

Þið heyrðuð áðan að talsmenn stjórnarflokkanna, þar á meðal Þorsteinn Pálsson, virtust harla ánægðir með ríkjandi ástand og töldu litla þörf á að bæta lífskjör fólks. Krítarkortin eiga víst að bjarga málunum. Og svo segja þeir að kaupmáttur tekna heimilanna hafi aukist að meðaltali undanfarið ár. Að meðaltali heitir það. En bak við meðaltölin felast mismunandi staðreyndir.

Maður gekk út í vatn. Hann hafði heyrt að dýpi vatnsins væri rúmur metri að meðaltali. Á það treysti hann þó hann væri ekki syndur — og drukknaði. Tekjur heimilanna hafa kannske vaxið eitthvað að meðaltali, en mjög mismunandi. Sums staðar verulega, annars staðar sáralítið. Í því meðaltali liggur mörgum við drukknun. Góðærið hefur ekki skilað sér til fólksins í landinu.

Við verðum að jafna lífskjör, bæði með launahækkun og aukinni samneyslu, hækka lágmarkslaun í 35–45 þús. kr. á mánuði, greiða öryrkjum og öldruðum mannsæmandi lífeyri, veita fjölskyldumálum forgang með úrbótum í skóla- og dagvistarmálum, lengja fæðingarorlof. Við eigum einnig að létta skattbyrði launafólks.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum sýnt fram á með ítarlegum tillögum hér á Alþingi undanfarna daga hvernig afla má tekna til að gera 50 þús. kr. launagreiðslur á mánuði tekjuskattsfríar. En Þorsteinn Pálsson er á annarri skoðun þó hann hafi reyndar löngu lofað að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum og ekki staðið við það. Hann var endurkosinn formaður flokksins með rússneskri kosningu um seinustu helgi og getur verið ánægður með sig. Auk þess vakti hann þjóðarathygli þegar hann lýsti því yfir við fjölmiðla að Alþb. teldist ekki lengur andstæðingur Sjálfstfl. Margir urðu að vísu nokkuð hissa við þessa yfirlýsingu og skildu ekki strax hvað maðurinn var að fara. En Þorsteinn bætti við til skýringar að nú væri orðin þjóðarsátt um stefnu sína og héðan í frá mundi Sjálfstfl. ákveða sjálfur hvaða flokkar yrðu titlaðir helstu andstæðingar hans. Síðan fór útnefningin fram og kom í ljós að Þorsteinn valdi Alþfl. sem óskaandstæðing sinn. Þá urðu ekki margir hissa. Auðvitað er það alveg tilvalið fyrir Sjálfstfl. að velja sér andstæðing sem hann ætlar hvort eð er að vinna með eftir kosningar. Það skiptir þá ekki máli hvoru megin atkvæðin lenda.

En utan við hring þeirra sem formaðurinn velur sér til samneytis stendur stór hluti þjóðarinnar, býsna stór hluti, og skrifar ekki upp á þjóðarsátt Þorsteins Pálssonar. Það gera ekki launamenn og síst þeir með lægri launin. Það gera ekki bændur sem ríkisstjórnin reynir að hýrudraga einmitt þessa dagana. Það gerir ekki fólkið á landsbyggðinni sem horft hefur upp á meiri öfugþróun í byggðamálum í tíð þessarar ríkisstjórnar en verið hefur um mjög langt skeið. Það gera ekki námsmenn sem fengið hafa lán sín stórlega skert og vita að enn frekari

skerðing á högum þeirra vofir yfir þó hún sé látin bíða fram yfir kosningar. Það gerir ekki húsnæðishópurinn sem verst varð úti í misgengi lána og launa fyrir þremur árum, fékk aldrei leiðréttingu og fær nú annað kjaftshögg með skattkerfisbreytingunni. Það gera ekki þeir sem eru leigjendur og hafa haft skattfrádrátt en er nú neitað um húsnæðisbætur eins og aðrir eiga að fá þótt fáir séu í meiri þörf. Það gera ekki þúsundir starfsmanna í skólakerfinu öllu, allt frá leikskólum og grunnskólum upp í framhalds- og háskóla, sem hafa þungar áhyggjur af ástandi menntamála undir forustu Sjálfstfl., almennri stöðnun og vaxandi flótta hæfileikafólks yfir í önnur störf. Og þannig má lengi telja.

Hins vegar eru þeir auðvitað til sem hrópa húrra fyrir Þorsteini Pálssyni og þjóðarsátt hans. Til dæmis stórfyrirtækin sem áfram borga lítinn sem engan tekjuskatt, halda öllum heimildum til lækkunar á skatti meðan flestallir frádráttarliðir eru afnumdir hjá almennu launafólki. Eins er með þá sem eiga mikið fé á vöxtum og njóta stórfelldra vaxtahækkana í tíð þessarar stjórnar. Þeir geta líka reyndar hrópað húrra fyrir Steingrími Hermannssyni sem hjálpaði Þorsteini að keyra upp vaxtastigið. Margir sem eiga 5–10 milljónir í skuldabréfum geta lifað góðu lífi á fjármagnstekjunum einum og þurfa ekki að borga krónu af tekjum sínum í skatt, vaxtatekjur verða áfram skattfrjálsar og breytir engu hversu miklar þær eru.

En það verður aldrei þjóðarsátt um ójöfnuð og misrétti. Það verður heldur engin þjóðarsátt um afstöðu Sjálfstfl. og krata til kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum. Í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi virðist meiri hluti fyrir hendi á þjóðþingum landanna að lýsa Norðurlönd svæði án kjarnorkuvopna um alla framtíð. En í svipinn strandar undirbúningur á því, eins og við höfum heyrt í fréttum, að ríkisstjórn Íslands streitist á móti. Auðvitað er þetta meiri háttar hneyksli. Og það dapurlegasta af öllu er að Alþfl. er öfugur og snúinn í þessu máli, eini flokkur jafnaðarmanna á Norðurlöndum sem það er. Á hinum Norðurlöndunum öllum eru það einmitt jafnaðarmenn sem hafa haft forustu í þessu máli. En hér er það Jón Baldvin sem segist vera vinstra megin við miðju en reynist yst á hægri kanti í þessu máli sem flestum öðrum.

Kaldastríðsstefna Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks í þessu máli á sér áreiðanlega lítinn hljómgrunn hér á landi. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar óskar sér utanríkisstefnu í anda friðar og afvopnunar. En hér er enn eitt dæmið um hvernig Sjálfstfl. tekst að deila og drottna með því að beita miðjuflokkunum fyrir sig til skiptis.

Óheft markaðshyggjan veður hér hömlulaust yfir á flestum sviðum og veldur vaxandi misrétti þegnanna. Á fínu máli er þessi stefna kölluð frjálshyggja. Hún miðar að því að gefa fjármagninu sem frjálsastar hendur. Um frelsi þeirra sem minnsta fjármuni eiga er minna spurt. Þess vegna eru lífskjörin lakari en áður. Þess vegna hafa vextir hækkað. Þess vegna hækkuðu lánin í hlutfalli við vísitölu meðan launin voru fryst.

Hagsmunir fjármagnseigenda ganga fyrir öllu öðru. Við sjáum það í skattamálum eins og ég hef lýst. Við sjáum það í fleiri gjaldþrotum og nauðungaruppboðum en nokkru sinni fyrr á skömmum tíma. Við sjáum það í menntamálum, bankamálum, byggðamálum. Byggðastefna er eitur í beinum svonefndra frjálshyggjumanna. Og það er ósköp skiljanlegt. Byggðastefna er hugsuð út frá hagsmunum fólks en ekki fjármagns. Hún gengur þvert á eðli óheftrar markaðshyggju sem óspart ýtir undir fólksflutninga inn á fjársterkustu svæði landsins.

Undir forustu frjálshyggjumanna er bruðlað með fé almennings og stóreignamönnum veitt mikil skattfríðindi með þeim afleiðingum að ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla. Þeir vilja reyndar hafa það þannig. Þá finnst þeim auðveldara að réttlæta að framlög til velferðarmála og sveitarfélaga séu skorin niður við trog. En sjáið þið hvað kom út úr Hafskipshneykslinu og fjárþrotum Útvegsbankans. Í stað þess að stokka upp bankakerfið og gera það einfaldara og ódýrara var ákveðið að gefa einkafjármagninu bankann. Og meðgjöfin er 1000 millj. kr. úr sjóðum ríkisins, 1000 millj. kr. úr vösum ykkar sem greiðið skattana. Það er 20 þús. kr. gjöf frá hverju fimm manna heimili í landinu.

Þetta eru mennirnir sem tala um það í alvöru að selja Ríkisútvarpið til einkaaðila, barnaheimilin, jafnvel Áfengisverslunina og leyfa innflutning á búvörum til höfuðs íslenskum landbúnaði. Er ekki kominn tími til að stinga við fótum?

Alþb. er eina aflið sem er nægilega sterkt til að fylkja liði fyrir nýrri og gæfulegri stjórnarstefnu. Við leggjum áherslu á frelsi fjölskyldunnar til að lifa mannsæmandi lífi frekar en frelsi fjármagnsins. Í menntamálum er meginkrafan: fjárhagslegt jafnrétti til náms. Við viljum dreifa valdi og ábyrgð til starfsmanna, til byggðarlaga, auka sjálfstjórn héraða og færa frumkvæði að nýsköpun sem mest í hendur heimamanna. Við viljum jafna símkostnað og orkukostnað og stöðva sívaxandi skerðingu Jöfnunarsjóðs. Við viðurkennum sannarlega að blómlegt atvinnulíf er undirstaða velmegunar. Þegar fyrirtæki eru stofnuð er sjálfsagt að hjálpa þeim yfir erfiðasta hjallann, en síðan eiga þau auðvitað að greiða skatta og standa undir sameiginlegum útgjöldum landsmanna með eðlilegum hætti. Annars eru þau á framfæri skattgreiðenda og það kann aldrei góðri lukku að stýra.

Stjórnarflokkarnir settu allt sitt traust á erlenda stóriðju, þegar stjórnin var mynduð, en vanræktu flest annað. Afleiðingarnar eru dapurlegar. Við höfnum erlendri stóriðju. Hins vegar höfum við mikla trú á uppbyggingu smáfyrirtækja, vexti þeirra og viðgangi. Við viljum nýja atvinnustefnu, nýja sókn í atvinnulífi og höfum sett fram ítarlegar tillögur um það efni.

Við vörum eindregið við ábyrgðarlausum hallarekstri ríkissjóðs og teljum verulega hættu á verð-

bólgusprengingu á næstu mánuðum ef ekkert er að gert og óstjórnin á fjármálum ríkisins heldur áfram.

Við vörum sérstaklega við virðisaukaskattinum. Honum fylgir margföld skriffinnska og skatturinn leggst með fullum þunga á hvers konar matvæli, m.a. landbúnaðarvörur og á alla menningarstarfsemi í landinu. Ólafur Einarsson sagði um daginn að skattinum hefði verið frestað „í bili". Með öðrum orðum: hann kemur eftir kosningar ef þeir fá að ráða.

En kjósendur eiga úrslitaorðið. Óbreytt fylgi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í næstu kosningum þýðir óbreytta stefnu, áframhald á óheftri markaðshyggju. Sigur Alþfl. breytir þar litlu. En sigur Alþb. er aftur á móti ávísun á jafnrétti, félagshyggju og friðarstefnu.

Ég þakka áheyrnina.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú er fjögurra ára starfstíma ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. senn lokið og þá spyrja menn: Hvernig hefur til tekist með landsstjórnina á þessum fjórum árum, hverju hefur miðað í framfara- og réttlætisátt?

Ríkisstjórnin byrjaði á því í upphafi ferils síns að skerða laun landsmanna um fjórðung og þrátt fyrir bullandi góðæri hefur hún ekki skilað vinnandi fólki þessum launahlut sínum til baka. Og þrátt fyrir góðæri sem þessi ríkisstjórn hefur notið á starfsferli sínum hefur henni ekki tekist að reka ríkissjóð hallalausan. Hallinn á ríkissjóði nú er a.m.k. 6 milljarðar og víst er að ekki hafa þessar skuldir orðið til vegna stórtækra félagslegra framkvæmda. Það er nú öðru nær. Trú hinum hörðu gildum hefur ríkisstjórnin skammtað naumt framlög til margvíslegra félagslegra og menningarlegra mála. Þar má nefna framlög til dagvistarmála barna sem farið hafa hríðlækkandi frá ári til árs, framlög til framkvæmda við skóla, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, framlög til þróunaraðstoðar, framlög til listrænnar starfsemi og þannig mætti áfram telja. Það er ekki vegna þess að fé hafi farið til þessara hluta að ríkissjóður er lítið annað en botnlaus skuldahít. Það er ekki þess vegna. Það er vegna þess að ríkisstjórnin og þær ríkisstjórnir sem á undan henni komu hafa veitt fé landsmanna til óarðbærra framkvæmda. Ég nefni Blönduvirkjun sem dæmi, virkjun sem við höfum engin not fyrir eins og sakir standa, en vaxtakostnaðurinn einn af þeim lánum sem við höfum þegar tekið vegna hennar nemur í ár 162 millj. kr. Það er vegna fjármunameðferðar af þessu tagi sem innlenda og erlenda skuldasúpan er tilkomin og það verður svo sannarlega ekki heiglum hent að taka við stjórn ríkissjóðs úr höndum þessarar ríkisstjórnar.

En það kemur fleira til. Þessi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur á starfsferli sínum markvisst rétt fjármagnseigendum og fyrirtækjum hér á landi hjálpandi hönd með margvíslegum frádráttarliðum og ívilnunum og þar með skert tekjur ríkissjóðs. Nú er það fjarri mér að halda því fram að ekki þurfi að hlúa að atvinnulífi hér á landi. Blómlegt atvinnulíf er vitaskuld ein undirstaða hagsældar. En í þessum efnum hefur ríkisstjórnin borið í bakkafullan lækinn og niðurstaðan er stórfelldur flutningur fjármagns frá almennum velferðarmálum til fyrirtækja og fjármagnseigenda.

Hið sama er uppi á teningnum í þeim frumvörpum til nýrra skattalaga, illa unnum og meingölluðum, sem ríkisstjórnin hefur skellt inn á hv. Alþingi á síðustu starfsdögum þess. Staðgreiðsla skatta hefur frá upphafi verið eitt af stefnumiðum Kvennalistans og höfum við í tvígang á þessu kjörtímabili flutt tillögur þar um. Kostir staðgreiðslukerfisins eru margir og þá ekki síst að öllu erfiðara er að svíkja undan skatti en annars. En hvað gerist? Frumvörp ríkisstjórnarinnar ná aðeins til launamanna. Þau ná ekki til fyrirtækja og fjármagnseigenda. Og þá má spyrja: Eru það fyrst og fremst launamenn sem hafa færi á að stunda skattsvik hér á landi? Nei, það eru ekki launamenn. Samkvæmt opinberum skýrslum eru það fyrirtæki og þeir sem geta millifært eigna- og fjármagnstekjur og það eru einmitt þessir aðilar sem skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar ná ekki til. Hvers vegna byrjaði ríkisstjórnin ekki á skattlagningu þeirra? Hvers vegna byrjaði hún á launamönnum? Ætli ástæðan sé ekki sú að hagur fyrirtækja og fjármagnseigenda er nær hjarta þessarar ríkisstjórnar en hagur ríkissjóðs því það er ríkissjóður og þar með landsmenn allir sem bera skarðan hlut frá borði hvað þetta varðar.

En það er ekki nóg með að ríkisstjórnin hafi byrjað á öfugum enda í skattamálunum. Skattafrumvörpin hennar fela í sé að skattbyrðin flyst frá hátekjuhópum til þeirra sem meðaltekjur hafa og frá barnlausum hjónum og einhleypingum til þeirra sem börn eiga. Það eru barnafjölskyldur með meðaltekjur sem hlutfallslega mesta skatta eiga að greiða. Ef einhver hefur farið í grafgötur um fjölskyldupólitík núverandi stjórnarflokka þarf þess ekki lengur. Hún stendur svört á hvítu í þessum skattafrumvörpum.

Og með hverju á svo fólk að borga skattana sína? Hvernig skilar þessi ríkisstjórn af sér í launa- og kjaramálunum? Svo dæmi sé tekið munu skólar og sjúkrahús landsins lamast innan fárra daga ef ekkert verður að gert vegna uppsagna starfsfólks sem ekki getur lifað af launum sínum. Hér er um fjölmennar kvennastéttir að ræða og staðreyndin er sú að launamisréttið á milli kvenna og karla hér á landi hefur farið vaxandi í tíð þessarar ríkisstjórnar. Samkvæmt nýjustu opinberum upplýsingum jókst launamunur kvenna og karla frá árinu 1982 að telja um 6% körlum í hag. Karlar hafa nú um 60% hærri meðallaun á ársverk en konur. Vitaskuld er þetta ekkert annað en himinhrópandi virðingarleysi við og vanmat á störfum kvenna.

Víst er að ekki hefur góðæri góða skilað sér í léttar pyngjur vinnandi kvenna. Það eru konur sem þræla á skammarlega lágum kauptöxtum. Það eru fyrst og fremst konur sem fá 26 500 kr. lágmarks-

launin sem samið var um í síðustu kjarasamningum og sem við vitum að ekki er hægt að lifa af. Það eru konur sem ekki njóta launaskriðs, hlunninda eða yfirborgana undir borðið. Þær vinna á lágum töxtum, í vanmetnum kvennastörfum og heimilisstörfin, sem þær hafa sinnt svo lengi sem nokkur man, komast varla á blað í efnahagsreikningi þjóðfélagsins. Þetta eru staðreyndir málsins og því vill Kvennalistinn að fram fari gagngert endurmat á störfum kvenna þar sem uppeldis-, þjónustu- og umönnunarþættir hefðbundinna kvennastarfa eru metnir til jafns við frumkvæðis- og ábyrgðarþætti hefðbundinna karlastarfa, hækka sérstaklega lægstu laun með það að markmiði að ein dagvinnulaun nægi til heimilisframfærslu; meta starfsreynslu við heimilisstörf til jafns við starfsreynslu á vinnumarkaðinum, stytta vinnuvikuna án launaskerðingar og koma á sveigjanlegum vinnutíma, afnema afkastahvetjandi og heilsuspillandi launakerfi og tryggja atvinnuöryggi foreldra sem vilja vera heima til að sinna þörfum ungra barna.

Á þessu þingi hefur Kvennalistinn þegar lagt fram tillögur um gagngert endurmat á störfum kvenna, um lágmarkslaun sem dugi a.m.k. einstaklingi til framfærslu og um atvinnuöryggi foreldra ungra barna. Ekkert af þessum málum hefur fengist samþykkt. Virðingarleysið við störf og framlag kvenna til þjóðfélagsins stendur með blóma hér innan veggja Alþingis rétt eins og annars staðar í þjóðfélaginu. — Eða hvað? Var ekki heilbrmrh. að leggja fram frv. um fæðingarorlof, kynni einhver að spyrja. Mikið rétt. Frv. heilbrmrh. um fæðingarorlof sá dagsins ljós fyrir nokkrum dögum hér á hæstv. Alþingi. Eftir því hefur verið beðið síðan í haust þegar framlagning þess var boðuð en það kemur ekki fyrr fram en nú og Alþingi er gert að afgreiða það í snarhasti og án viðunandi umfjöllunar. Á hverju þingi fram til þessa hefur Kvennalistinn lagt fram frv. til laga um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex og full laun kvenna í fæðingarorlofi. Það frv. hefur aldrei fengist svo mikið sem afgreitt úr heilbr.- og trn. Ed. þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um og þrátt fyrir að nefndinni hafi á sínum tíma verið afhentar hátt á fimmta þúsund undirskriftir þess efnis að afgreiða frv. Þannig starfar meiri hlutinn hér á Alþingi.

Þetta hefur þó e.t.v. orðið til þess að stjfrv. um lengingu fæðingarorlofs liggur nú fyrir Alþingi og er það vel. En gallinn á gjöf Njarðar er sá að ætlunin er að lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex taki þrjú ár. Þessi skref hefði hæglega mátt taka í einu stökki eins og við Kvennalistakonur lögðum til með því að hækka framlag atvinnurekenda til lífeyristrygginga um tæplega 1%. Slíkt vill ríkisstjórnin hins vegar greinilega ekki heyra. Og gallinn er einnig sá að í frv. heilbrmrh. er konum stórlega mismunað í fæðingarorlofsgreiðslum. Opinberir starfsmenn og bankamenn njóta þegar fullra launagreiðslna í fæðingarorlofi og kona sem tilheyrir þessum hópi og er t.d. með 45 000 kr. í mánaðarlaun fær sín 45 000 í fæðingarorlofi. Kona sem vinnur fulla vinnu annars staðar á vinnumarkaðinum fær hins vegar rúmlega 33 000 kr. Kona í hálfu starfi fær 24 000 kr. og minnst fá heimavinnandi konur eða aðeins 15 000 kr. á mánuði. Þetta er réttlætið í garð kvenna í frv. heilbrmrh.

Herra forseti. Ég vil að lokum víkja fáeinum orðum að þeim makalausu staðhæfingum sem forustumenn bæði á hægri og vinstri væng stjórnmálanna hafa að undanförnu haft uppi um Kvennalistann.

Formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., og einn höfuðandstæðingur hans, Morgunblaðið, hafa keppst við að halda því fram að Kvennalistinn skipi sér við hlið Alþb. í þjóðmálum, svo að notuð séu þeirra eigin orð, og kemst ekki hnífurinn á milli þeirra.

Hér er um rakalausan áróður að ræða. Það sem hvorugur vill kannast við er að Kvennalistinn byggir á forsendum sem eru gerólíkar þeim sem íslensk karlapólitík byggir á. Kvennalistinn byggir hugmyndir sínar og stefnu á þeirri reynslu sem öllum konum er sameiginleg og sú reynsla verður hvergi skilgreind innan hægri–vinstri forsendna íslenskra karlastjórnmála. Það er vegna þess að reynsla kvenna er af öðrum toga en sú reynsla sem hingað til hefur legið til grundvallar í íslenskum stjórnmálum og þess vegna er Kvennalistinn hvorki til hægri né vinstri í stjórnmálum, heldur önnur stjórnmálavídd, og kvennapólitík annars konar pólitík en sú flokkspólitík sem stjórnmálaflokkarnir reka.

Formaður Alþb. og talsmenn Sjálfstfl. afneita þessari sérstöðu Kvennalistans og reyna báðir að þröngva Kvennalistanum inn í það hugmyndakerfi sem skilgreinir þá sjálfa. Með þessu reyna þeir að skapa konur í sinni mynd, skilgreina þær eftir sínum karlaforsendum en ekki forsendum kvenna sjálfra. Þetta er nokkuð sem flestar konur þekkja gjörla og af þessu voru konur búnar að fá nóg fyrir margt löngu. Þess vegna varð Kvennalistinn til og á meðan réttur kvenna til að vera til á sínum eigin forsendum er ekki viðurkenndur, á meðan kjör kvenna og aðstæður eru eins og raun ber vitni í íslensku þjóðfélagi, mun Kvennalistinn áfram starfa.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar Framsfl. hafði forustu um myndun núverandi ríkisstjórnar var það til að takast á við og leysa þau vandamál sem þá blöstu við um leið og unnið yrði að því með varanlegum úrræðum að treysta undirstöðu þjóðarbúsins og efla velferðarþjónustu þjóðfélagsins.

Viðureignin við verðbólguna var þar efst á blaði. Árangurinn þar hefur skipt sköpum fyrir einstaklinga, atvinnuvegi og þjóðina alla. Enginn atvinnuvegur varð jafnhart úti af völdum verðbólgunnar og landbúnaðurinn. Hjá honum bættist þá einnig við verðhrun á erlendum markaði fyrir búvörur og ýmsar fleiri erfiðar aðstæður. Við öllu þessu þurfti

að bregðast skjótt og það hefur verið gert með margvíslegum aðgerðum.

Þó að slíkt sé rifjað upp þegar staðan er metin í lok kjörtímabils er það að sjálfsögðu framtíðin og stefnumörkun flokkanna um hana sem kjósendur spyrja um. Framsfl. hefur ítrekað stefnu sína í landbúnaðarmálum með samþykkt á flokksþingi á s.l. hausti. Óruggasti leiðarvísir kjósenda er þó aðgerðir flokksins á þessu sviði og samningsbundin áform um framhald þeirra.

Lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum marka þáttaskil. Þar er mörkuð stefnan um að veita margfalt meira fjármagni en áður til uppbyggingar í nýjum atvinnuvegum í sveitum, jafnframt því sem lögð er áhersla á að stuðla að sem bestum kjörum bænda á meðan unnið er að þeirri uppbyggingu. Til þess að draga úr rekstrarkostnaði hefur söluskattur verið afnuminn af vélum og tækjum, framlög veitt til lækkunar á áburðarverði þannig að raunverð áburðar hefur farið lækkandi, jafnframt því sem rekstur áburðarverksmiðjunnar stefnir til frambúðar í betra horf. Lausaskuldalán voru færð frá veðdeild Búnaðarbankans til Stofnlánadeildar, vextir lækkaðir og lánstími lengdur. Hagræðingarlán voru veitt þeim bændum sem staðið hafa í framkvæmdum síðustu árin og miðuðu þær framkvæmdir við meiri framleiðslu en núverandi markaðsaðstæður leyfa. Þyngst vegur að sjálfsögðu staðgreiðsla afurðanna sem flýtti greiðslum til bænda að upphæð 700 millj. kr. á s.l. hausti sem þannig komu strax í vasa bænda í stað þess að þeir þurftu að bíða mánuðum og árum saman eftir lokauppgjöri. Og um næstu helgi munu bændur fá inn í verðlagsgrundvöll þá hækkun á launaliðum sem leiðir af hækkun lægstu launa eftir kjarasamningana í desember í samræmi við samkomulag sexmannanefndar. Ríkisstjórnin mun gera ráðstafanir til að þetta valdi ekki hækkun á útsöluverði. Allt þetta miðar að því að sem mestur hluti afurðaverðsins verði eftir sem hreinar tekjur hjá bændum og er óhætt að fullyrða að aldrei hafa verið gerðar jafnvíðtækar ráðstafanir til að stuðla að því.

Fjárveitingar til Framleiðnisjóðs hafa stutt að uppbyggingu nýrra atvinnugreina á margvíslegan hátt. Það hefur verið gert með lánum og framlögum til loðdýraræktar, fiskeldis, ferðaþjónustu og margs fleira. Jafnframt hefur undirstaða þessara atvinnugreina verið styrkt með kennslu í nýjum greinum við bændaskólana og margvíslegri leiðbeiningarþjónustu. Dæmi um það hvernig þar hefur til tekist eru: Á sviði sjúkdómavarna fyrir fiskeldi er þjónusta hérlendis nú orðin betri en gerist í Noregi og í Kollafirði er nú hafinn undirbúningur að samnorrænu rannsóknaverkefni í laxakynbótum. En þessar atvinnugreinar eru þær sem menn trúa að hafi mesta vaxtarmöguleika á næstu árum og áhugi er mikill fyrir framförum og framkvæmdum. Fleiri en nokkru sinni fyrr óska eftir að hefja minkarækt enda afkomuhorfur þar vænlegar.

Á síðustu vikum og mánuðum hefur verið unnið að mörgum þáttum landbúnaðarmála. Lokið er útreikningi á endurgreiðslu á meiri hluta þeirrar verðskerðingar á innleggi kindakjöts sem var innan búmarks á s.l. hausti og er verið að vinna að því að senda þær greiðslur til bænda. Lokauppgjör fyrir innlegg umfram búmark getur ekki farið fram fyrr en að loknu verðlagsári.

Þá er lokið við að ganga frá viðbót við reglugerð um fullvirðisrétt sauðfjárafurða fyrir næsta haust þar sem sérstaklega verður tekið tillit til þeirra bænda sem verið hafa að byggja upp bústofn sinn síðustu árin. Ákvörðun hefur verið tekin um að gera og framkvæma áætlun um útrýmingu riðuveiki á næstu tveimur árum en á miklu veltur fyrir framtíð sauðfjárræktarinnar í landinu að slíkt megi takast.

Ákveðið hefur verið að veita Framleiðnisjóði lán til þess að hann geti haldið áfram jafnöflugum stuðningi við búháttabreytinguna í landinu og áformað var þrátt fyrir þær skuldbindingar sem hann tók á sig á s.l. hausti til að hraða búháttabreytingunni og koma í veg fyrir frekari samdrátt í bústærð.

Jafnframt hafa stjórnarflokkarnir ákveðið með samþykkt ríkisstjórnarinnar að áfram verði haldið framlögum til Framleiðnisjóðs eftir 1990 svo að unnt sé að lengja aðlögunartímann. Þannig getur Framleiðnisjóður nú tekið að sér umfangsmeiri verkefni en upphaflega var ráðgert.

Nú er verið að ganga frá samningum um afurðamagn milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda fyrir verðlagsárin 1988–1990 þar sem sama magn sauðfjárafurða er lagt til grundvallar svo að fullvirðisréttur einstakra framleiðenda breytist sem minnst. Hins vegar verður mjólkurmagnið aftur aukið á samningstímanum þar sem sala mjólkurvara hefur farið vaxandi að undanförnu. Fari salan fram úr þeirri áætlun sem samningurinn miðar við munu bændur líka að mestu leyti njóta þess í auknum fullvirðisrétti. Þarna er ávinningur búvörulaganna þegar að koma í ljós. Þessi staða er m.a. árangur af öflugu sölustarfi á s.l. ári sem áfram þarf að halda. Að því var einnig unnið varðandi kindakjötssölu en þar þarf að taka betur á og hefur nú verið undirbúið að halda slíku starfi áfram.

Nefnd er nú að ljúka athugun og tillögum um hagræðingu hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins með tilliti til breyttra aðstæðna svo að kostir skipulagsins, sem þar hefur verið byggt upp, nýtist neytendum og framleiðendum sem best og er mikið í húfi að það verði ekki brotið niður. Það er nauðsynlegt að allir skilji hve mikils virði það er fyrir okkur að eiga aðgang að afurðum íslensks landbúnaðar sem framleiddar eru af grasi sem vaxið er í ómenguðum jarðvegi.

Það er ekki aðeins af þeim sökum að hagur landbúnaðarins varðar þjóðina alla heldur einnig vegna þeirrar undirstöðu sem hann er fyrir byggðina í landinu. Nefnd sem nú vinnur að tillögum að skipulagi sauðfjárræktarinnar hlýtur því í niðurstöðum sínum að taka tillit til byggðasjónarmiða og annarra slíkra aðstæðna. Í þeirri nefnd sitja fulltrúar

landbúnaðarins og Byggðastofnunar en lögð hefur verið áhersla á að hafa náið samstarf við hana við framtíðarskipulagningu.

Byggðastofnun hefur nýlega skilað skýrslu sem unnin var að beiðni landbrn. og í nánu samstarfi við það um loðdýrarækt á Íslandi. Leggur sú skýrsla grundvöll að ákveðnari stefnumörkun. Byggðastofnun vinnur nú að fleiri verkefnum sem geta haft grundvallarþýðingu fyrir byggðaþróun í landinu.

Á s.l. ári var gefin út skýrsla um drög að landnýtingaráætlun með margvíslegum gagnlegum ábendingum og upplýsingum og fyrir fáum dögum samþykkti Alþingi nýja landgræðsluáætlun.

Herra forseti. Ég vil að lokum minnast á örfá mál er snerta dómsmrn.

Verið er nú að ljúka við afgreiðslu nýrra umferðarlaga hér á Alþingi. Eru í þeim margvísleg nýmæli sem eiga að stuðla að auknu umferðaröryggi en það er mál sem snertir hvern einasta íbúa í landinu.

Nýlega hafa verið afgreidd lög um breytingu á nauðungaruppboðum sem eru til mikilla hagsbóta fyrir þá sem í slíkum erfiðleikum lenda. En bætt réttarstaða er markmiðið í mörgum lögum sem sett hafa verið á þessu sviði á liðnu kjörtímabili. Auk lagasetningar hefur verið reynt að koma á margvíslegum umbótum í réttarfarskerfinu, sérstaklega með tilliti til þess að hraða afgreiðslu mála. Dæmi um þann árangur sem náðst hefur er nýlegur dómur Hæstaréttar sem kveðinn var upp í alvarlegu brotamáli sem framið var aðeins nokkrum mánuðum fyrr.

Herra forseti. Ég hef bent hér á nokkrar mikilvægar staðreyndir sem varða þann veg er Framsfl. vill fara í þessum málaflokkum. Þær eru í samræmi við önnur störf hans og stefnu í ríkisstjórninni. Þjóðin þarf á þeirri stefnu og forustu Framsfl. að halda. Það munu menn verða sannfærðir um þegar að kjördegi kemur.

Ég þakka áheyrnina.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Fyrst ætla ég að víkja hér nokkrum orðum að dæmalausri ræðu hæstv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar. Hann sagði að það hefði ekki verið tilviljun að ringulreiðarverðbólgan hefði geisað í ríkisstjórninni 1979–1983. Þetta veit hann líklega vel. Hann hefur nefnilega ýmsa fréttaritara um það hvernig mál gengu þar fyrir sig. Hann hefur líklega fræðst um það af Albert Guðmundssyni, efsta manni flokksins í Reykjavík, sem var guðfaðir þessarar ríkisstjórnar. Hann hefur kannske snúið sér við á listanum á Suðurlandi og spurt Eggert Haukdal sem var stuðningsmaður þessarar stjórnar. Hann hefur kannske spurt annan hvorn ráðherrann úr Sjálfstfl. sem var í þessari sömu ríkisstjórn. Þessi ríkisstjórn var undir forustu Sjálfstfl., hvorki meira né minna. Það var Alþfl. sem var einn og óskiptur í þeirri stjórnarandstöðu.

Þorsteinn Pálsson gerði sér tíðrætt um Alþfl. og ekki að ástæðulausu. Hann lýsti því að fjárlagatillögur Alþfl. hefðu aukið halla ríkissjóðs um 500 millj. Samkvæmt þingskjölum, sem ráðherranum er velkomið að lesa og hann ætti reyndar að kynna sér betur, kemur fram að tillögurnar hefðu bætt stöðu ríkissjóðs um 1000 millj. kr. og lækkað erlendar skuldir um 1700 millj. kr.

Þorsteinn Pálsson lýsti því að Alþfl. hefði flutt tillögur um afnám niðurgreiðslna — um afnám niðurgreiðslna. Aftur ætti ráðherrann að líta í þingskjöl. Þar sést að tillögur Alþfl. hefðu lækkað niðurgreiðslur úr 760 millj. kr. í 600 millj. kr. Þetta er lækkun um 160 millj. niður í 600 millj. og minnkun á þessum lið er í samræmi við þá stefnu okkar að draga úr framleiðsluhvetjandi stuðningi en beina fénu í staðinn að vöruþróun, sölu og markaðssetningu. Þetta eru nokkur dæmi um talnameðferð fjmrh. Hér hefur talað hinn tölvísi fjmrh. Endurteknar falsanir og bull og svo talar maðurinn um traust.

Við höfum heyrt ræðu hæstv. landbrh. Það vill nú þannig til að íslenskir bændur rísa út um allt land upp til byltingar. Þeir halda stórfundi svo klukkutímum skiptir og krefjast afdráttarlausra svara um pólitík.

Við höfum líka lesið grein þingflokksformannsins í Framsfl. Það var grein sem kom í Tímanum síðsumars og hún hét, ef ég man rétt: „Landbúnaður, aðferð til að lifa.“ Aðferð til að lifa. Svo líklega sem það hljómar í dag. Hann var ekki aldeilis sammála þessu ungi maðurinn á Austurlandi sem skrifaði grein um landbúnaðarstefnuna í framsóknarblaðið Austra í janúar s.l. Greinin hans hét nefnilega: „Jarðarförin auglýst síðar.“

En hvernig er dagur í lífi bóndans núna? Eigum við að taka dæmi af ungum bónda. Hann var hvattur af kerfinu til að fjárfesta. Hann var styrktur til að byggja 60 kúa fjós. Nú er hann búinn að fá tölvustrimil í gluggaumslagi frá skrifborðsbændum við Hagatorg. Þar er honum sagt að hann fái greitt fyrir afurðir 30 kúa. Dagur í lífi þessa bónda snýst ekki um að bústofninn lifi af baráttuna við duttlunga moldar eða náttúruafla. Nei. Hver dagur í lífi þessa unga bónda snýst um það hvort fjölskyldan lifir af baráttuna við kerfið, baráttuna við tölvustrimlana og skuldbreytingavafstrið. Kerfið, sem segist vera honum til varnar, er vaxið honum yfir höfuð, það drepur kjark hans og kæfir sjálfsbjargarviðleitni. Svo mikil er landbúnaðarstefna þessarar ríkisstjórnar: Jarðarförin auglýst síðar.

En lítum á hagi fleira fólks. Hvernig er þessi dagur í lífi fiskverkakonunnar? — í tilefni af þjóðarsáttartali Þorsteins Pálssonar. Hún mætti kl. 7 í morgun og vann til kl. 7 í kvöld. Þetta gerir hún sex daga vikunnar. Hún er rekin í kaffi og úr kaffi og hún er rekin í pásu og úr pásu með glymjandi bjölluhringingum. Afköst hennar eru vegin og skráð á tölvurnar. Handbragð hennar er metið af eftirlitsmönnunum. Hún er vegin og metin og lífsstarf hennar er fest upp á töflu á kaffistofunni.

Prívat og persónulega stendur hún þannig frammi fyrir dómurum sínum, dag eftir dag, viku eftir viku

og ár eftir ár allt þar til hún getur ekki meir. Hvað leitar á huga þessarar konu eftir langan vinnudag? Hún hugsar e.t.v. eins og svo margir aðrir, ekki síst á landsbyggðinni: Af hverju er þessi vinnuþrælkun í landi háu þjóðarteknanna? Sagði ekki Steingrímur um áramótin að við hefðum aldrei haft það svona gott? Aldrei. Og hún kannske spyr sig: Hvernig skyldu þeir reikna bónusinn á kaupfélagskontórnum eða í bankanum? Aldrei heyri ég bjöllurnar glymja þar. Hún kannske hugsar: Ja, kannske maður ætti að reyna að leigja eða selja húsið og flytja bara suður og breyta til? Það er líklega engin framtíð í þessu.

Svo mikið um byggðastefnu þessarar ríkisstjórnar, svo mikið um þjóðarsáttina.

Hvernig skyldi dagur í lífi sveitarstjórans í þessu plássi vera? Hvað ætli hann hafi gert í dag? Hvað ætli hafi staðið í minnisbókinni hjá honum í morgun?

1. Hringja í þingmennina út af höfninni. Pressa þá til að setja smá-pening í þilið.
2. Hringja í menntamálaráðuneytið. Pína þá til að gera upp þessa tveggja ára skuld í skólabyggingunni.
3. Hringja í þingmanninn og láta hann hringja í bankastjórann í Reykjavík og láta hann hringja í útibússtjórann hér til að lána frystihúsinu til að frystihúsið geti borgað fólkinu.

Hvað skyldi leita á huga þessa sveitarstjóra að loknum vinnudegi? Skyldi hann ekki velta fyrir sér hlutverki Alþingis, sjálfsbjargarleysi heimafólks? Skyldi hann ekki velta því fyrir sér hvort hægt sé að flytja vald á heimaslóð? Kannske spekúlerar hann: Af hverju þarf sífellt að hanga í símanum og hringja suður? Af hverju fæ ég ekki að ráða neinu?

Svo er nú komið að það er þörf stórra byltinga í íslenskum stjórnmálum. Það þarf í fyrsta lagi að bylta stjórnkerfinu til að færa völd heim í héruð, stöðva fjármagnsflóttann og brjóta betlistafinn. Þessi völd eiga að færast til héraða og sveitarfélaga frá stöðnuðu flokka- og embættismannavaldi í Reykjavík.

Í öðru lagi þarf atvinnulífsbyltingu, gjörbreytingu á hugsunarhætti, þannig að ríkisvaldið hætti að stjórna atvinnurekstri af borðum ráðuneytanna og hagsmunasamtakanna með stjórnmála- og embættismönnum. Í staðinn á ríkisvaldið að stuðla að, það á að styðja og það á að láta fólkið um að skapa.

Til þess að koma þessum áformum í framkvæmd þarf byltingu á hugarfari, stjórnkerfi og atvinnulífi. Þetta eru háleit markmið. Ég treysti Alþýðuflokknum, sterkum og stórum flokki jafnaðarmanna, til þess að innleiða þessi nýju sjónarmið.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Á tímamótum er gagnlegt að horfa yfir farinn veg, taka mið af því sem gerst hefur um leið og horft er til framtíðar. Fjögurra ára kjörtímabili Alþingis er senn lokið. Nær því jafnlengi hefur ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. farið með völd í landinu. Þegar ríkisstjórnin tók við var ástandið í þjóðmálum eins og hér er lýst: „Það sem blasir við í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir er upplausn. Ríkisstjórnin hefur þingmeirihluta en kemur ekki málum fram á Alþingi. Verðbólgan æðir áfram, verðhækkanir eru hrikalegar, verðlagsstjórn úr böndum, peningamálastjórn í landinu er ekki sem skyldi, viðskiptahallinn hefur aukið erlendar skuldir gífurlega og þannig mætti lengi telja."

Þessi klausa sem ég las er ekki samin af mér. Hún birtist í Þjóðviljanum í lok nóvember 1982. Höfundur er Svavar Gestsson, þáverandi ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem svo grátt hafði leikið landið. Hann var þá og er enn formaður Alþb. og hafði verið ráðherra í tveimur vinstri stjórnum á fimmta ár. Á þessu vinstristjórnatímabili og fram undir mitt ár 1983 er stjórnin hrökklaðist frá völdum hafði tekist að koma efnahagslífi Íslendinga á vonarvöl og það þrátt fyrir eitt mesta góðæristímabil sem sagan greinir. Með þessar staðreyndir á borðinu taldi þó formaður Alþb. það nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að Alþýðubandalagsmenn sameinuðust um að vísa leið út úr þeim frumskógi sem þeir höfðu leitt þjóðina inn í. Og hver var sú leiðin sem Alþb. vildi fara?

Jú, það var hin fræga leið fjögurra ára neyðaráætlunar gegn kreppu og atvinnuleysi þar sem „flokkslegur útúrboruháttur, stofnanatrú og þröngsýni mega ekki verða ofan á", eins og formaðurinn orðaði það.

Dregið skyldi úr innflutningi með skattlagningu, innborgunargjöldum og lokun á lánafyrirgreiðslu. Menn kannast við leiðirnar. Margt fleira fylgdi í neyðaráætluninni sem ég þó tel ekki fram frekar nema hvað haft skyldi sérstakt samráð við verkalýðshreyfinguna enda ekki hægt að hækka öll grunnlaun í landinu þegar svona var komið.

Þegar minnst er á verkalýðshreyfinguna kemur upp í hugann sjónvarpsviðtal fyrir fáum vikum þar sem þau körpuðu um Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfinguna félagarnir Ragnar Stefánsson og Guðrún Helgadóttir. Aðspurð hvers vegna eða hvernig tennurnar hefðu verið svo dregnar úr verkalýðshreyfingunni gaf Guðrún þá skýringu að eftir að peningar hefðu oltið inn í landið og báðir foreldrar farið að vinna fyrir tekjum heimilis hefði það haft varanleg áhrif á alla verkalýðsbaráttu í landinu. Þegar það svo var skipulagt að hver einasta fjölskylda í landinu ætti að eiga sitt eigið húsnæði væri það fólk ekki sterkt afl í verkalýðsbaráttunni. Þetta hefði allt verið skipulagt og þeir flokkar sem vildu vinna verkalýðnum vel uggðu ekki að sér.

Þetta er óvenju hreinskilin játning frá vinstri sósíalista eins og Guðrún Helgadóttir vill kalla sig. (**GHelg:** Mikil einföldun hjá ræðumanni.) Líður þm. eitthvað illa undir þessum lestri? (**GHelg:** Nei.)

Þegar slaufurnar hafa verið leystar af þessum athyglisverðu yfirlýsingum þýðir þetta á venjulegu máli: Ef verkalýðurinn fær það mikil laun að hann getur eignast eigin íbúð er hann einskis virði í verkalýðsbaráttunni. Alþýðubandalagið sem verkalýðsflokkur verður að vera vakandi gegn þessu en

má ekki sofa svona áfram á verðinum. Það gæti orðið til þess að allir eignuðust sínar eigin íbúðir vegna þess að kaupið væri orðið svo hátt.

Með þessum orðum er fátæktarstefnu Alþb. rétt lýst.

Leiðsögn Alþb. var hafnað 1983. Því er það að hið íslenska þjóðfélag hefur tekið meiri breytingum en nokkru sinni fyrr á fjögurra ára tímabili.

Ríkisstjórnin setti sér í upphafi þessi markmið í efnahagsmálum: Atvinnuöryggi, hjöðnun verðbólgu, viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd, verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra sem þyngst framfæri hafa.

Allt þetta hefur gengið eftir og miklu meira. Við höfum verið á réttri leið. Ég nefni nokkur atriði og ítreka það sem formaður Sjálfstfl. sagði hér áðan: Atvinnuöryggi er hér meira en í nokkru öðru nálægu landi. Verðbólgan hefur hjaðnað og það á þeim tíma sem við vorum í hinum mesta öldudal efnahagsmála en ekki vegna góðærisins, eins og Jón Baldvin Hannibalsson hélt fram áðan. Viðskiptajöfnuði er náð. Árið 1982 var hann óhagstæður sem nam tíu af hundraði af framleiðslu þjóðarinnar.

Sparnaður hefur aukist til muna. Það þýðir minni erlendar lántökur. Frá 1985 hefur verið dregið úr erlendum lántökum. Það var ekki unnt fyrr vegna efnahagslægðarinnar. Nú geta menn lagt fé sitt í banka og fengið sömu krónur til baka með vöxtum. Hinum lögverndaða þjófnaði á sparifé landsmanna er lokið. Kaupmáttur launa hefur aukist meira en áður hvað sem Ragnar Arnalds segir, mest hjá þeim sem lægst hafa launin og hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Gefin voru fyrirheit um skattalækkanir og við það hefur verið staðið. Skattar eru nú lægri um upphæð sem nemur 2700 millj. kr. miðað við það sem væri ef engu hefði verið breytt. Berið þetta saman við tillögur annarra flokka í skattamálum. Og nú erum við að stíga stærsta skrefið í skattamálum sem stigið hefur verið í áratugi þar sem er sú kerfisbreyting að taka upp staðgreiðslu skatta. Þar er raunar um miklu víðtækari breytingu en það eitt að ræða því jafnframt á sér stað mikil einföldun en þó sérstaklega skattalækkun.

Athugið, góðir hlustendur, viðbrögð hinna flokkanna við þessari réttarbót. Framsóknarmenn hafa verið með efasemdir, Alþfl. með skröksögur um að kerfið ráði ekki við þetta, Alþb. með yfirboð og Kvennalistinn auðvitað eins og Alþb. í þessu máli sem öðrum Sannleikurinn er sá að hér hefur þrekvirki verið unnið við undirbúning þessa máls. Það hefur komist áfram fyrir trausta forustu Þorsteins Pálssonar fjmrh. sem hefur svo haft sér við hlið sveit hinna bestu manna.

Gjaldeyrisreglur hafa verið rýmkaðar, verðlagshöft afnumin á vörum og þjónustu þar sem samkeppni er næg, verðgæsla tekin upp og verðkannanir framkvæmdar. Þetta hefur leitt til lækkandi vöruverðs. Ríkisfyrirtæki hafa verið seld, Siglósíld og Landssmiðjan, eignarhlutur ríkisins í Iðnaðarbanka Íslands, Flugleiðum og Eimskip seldur. Stórátak hefur verið gert í vegagerð, einkum í lagningu bundins slitlags. Ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli verður tekin í notkun í næsta mánuði. Þá verður skilið á milli farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins og þar með missa vinstri menn í ýmsum flokkum nöldrið sitt.

Þetta sem ég hér hef talið er hluti af þeim margháttuðu framfaramálum sem núverandi ríkisstjórn hefur hrundið í framkvæmd. Ég ætla ekki að gera lítið úr þætti Framsfl. í því að koma þessum málum áfram. Þau hafa hins vegar öll verið unnin undir forustu sjálfstæðismanna.

Herra forseti. Við höfum verið á réttri leið. Því aðeins göngum við þessa götu áfram að Sjálfstfl. fái það kjörfylgi í kosningunum að ekki verði mynduð ríkisstjórn án hans forustu. Það er eina tryggingin fyrir því að efnahagsbatinn verði treystur, dregið verði enn frekar úr verðbólgu, kaupmáttur tekna almennings aukist, jöfnuður verði í viðskiptum við útlönd og dregið verði úr erlendum skuldum hins opinbera. Atkvæði greidd öðrum flokkum eru hins vegar ávísun á nýja vinstri stjórn. Verði slík stjórn enn einu sinni mynduð þarf ekki að bíða í fjögur ár til þess að sú lýsing, sem ég greindi frá í upphafi ræðu minnar, eigi aftur við. Sjálfstæðismenn treysta á dómgreind kjósenda. Því er ekki ástæða til að ætla annað en kjósendur veiti Sjálfstfl. það brautargengi sem þarf.

Nýafstaðinn landsfundur Sjálfstfl. er ótvíræð sönnun fyrir þeirri einingu sem ríkir um stefnu flokksins og störf og ekki síður um forustu hans. Þar skilur á milli Sjálfstfl. og annarra flokka.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við hefjum nú lokasóknina. Sjálfstæðismenn leggja störf sín á liðnu kjörtímabili hiklaust í dóm kjósenda. Góðar stundir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að biðja hv. þm. Ólaf G. Einarsson, eigi hann myndbandstæki heima hjá sér, að taka það nú fram þegar hann kemur heim, (**ÓE:** Ég á það.) horfa aftur á þátt okkar félaga Ragnars Stefánssonar, en þar fóru fram heldur greindarlegri umræður en hér fara fram. (**ÓE:** Þetta er tekið orðrétt.)

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Um 1897 var það siður við framhald 1. umr. fjárlaga að „taka frammistöðu framkvæmdavaldsins yfirleitt til íhugunar“, eins og segir í gömlum þingtíðindum. Á þingmáli hétu umræðurnar „aðfinningar við stjórnina“ og sat landshöfðingi fyrir svörum. Var talað um að sópa eldhússtrompa stjórnarinnar og skyldi hún gera hreint fyrir sínum dyrum.

Í 4. rímu Alþingisrímna frá 1899 ortu þeir Valdimar Ásmundarson og Guðmundur skólaskáld svo um atburðinn:

> Heyrast ópin æði há
> upp í rót er þingið fer.
> Stjórnar sópa strompinn þá
> strýkur sótið hver af sér.

Og enn fara nú hér fram „aðfinningar við stjórnina“ og almenn tiltekt. En það sem frá stjórninni hefur komið hingað til nægir ekki til að strjúka af henni sótið. Sótsvört eru þau enn svo að ekki nægir að strjúka. Skal því reynt að grípa skrúbbinn.

Hér hefur því verið haldið fram að mikið góðæri sé nú í landinu. Frá Þjóðhagsstofnun er upplýst að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu hafi verið 6½% á síðasta ári og þjóðartekjur aukist um 8½%. Hvað eru þetta miklir peningar? Um það bil 11 milljarðar króna. 11 milljarðar króna. Hefði þetta fé farið til þeirra sem þess öfluðu væri ekki sú spenna og óánægja á vinnumarkaðnum sem raun er á. Ríkisstjórnin gefur yfirlýsingar um gífurlegar hækkanir meðallauna svo að ætla mætti að launþegar yndu glaðir við sitt. Hvert mannsbarn veit þó að launakjör í landinu eru á þann veg að fullvinnandi fólk vinnur ekki fyrir sér nema með vinnuálagi sem hvergi þekkist meðal siðaðra þjóða. Verkfall kennara er yfirvofandi, fóstrur hafa sagt upp störfum, byggingamenn eru í verkfalli og allur þorri launþega er sligaður af fjárhagsáhyggjum og þrældómi. Kjör námsmanna hafa verið skert um 15% svo að tekjur þeirra ná hvergi nærri lágmarkslaunum.

Hvar er þá arðurinn af góðærinu? Ekki er hann úti í byggðum landsins þar sem örðeyða blasir víðast við í atvinnulífinu, ekki á bændabýlum landsins þar sem laun eru ein hin lægstu í landinu. Þó að öll sýnileg horn þjóðfélagsins séu sópuð er þennan arð hvergi að finna. En væri leitað í skúmaskotum samfélagsins, í hagkerfi undirheimanna, á verðbréfamarkaðnum, í erlendum bönkum, hjá okrurum landsins, kæmi hann fljótlega í ljós lögverndaður af sjálfum Hæstarétti. Ríkisstjórnin hefur gefið sjálfri sér frelsi til að fara þannig með fé landsmanna.

Og á hverjum bitnar það frelsi harðast? Það bitnar á börnum þessa lands. Börnin á aldrinum 0–15 ára voru árið 1985 alls 67 500, 27,9% eða rúmur fjórðungur íbúanna.

Fáir deila víst um að við löggjöf þjóðarinnar skuli tekið tillit til þarfa allra þegna þjóðfélagsins svo að þeir megi allir þrífast sem best í landi okkar, ungir og aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi. Ljóst má þó vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru. Aðbúnaður þeirra er á okkar ábyrgð, hinna fullorðnu.

Ekkert barn verður alið upp nema einu sinni og glatað líf verður aldrei bætt. Aðbúnaður barna þessa lands er í ólestri hvert sem litið er. Óhóflegur vinnudagur foreldra, húsnæðiserfiðleikar, okurvextir og bein eignaupptaka og fjárhagsáhyggjur, skortur á dagvistarheimilum, óhentugur skólatími og öryggisleysi að skóla loknum er veruleiki íslenskra barna í þessu auðuga landi.

Það er ekki fýsilegur kostur ungum fjölskyldum, sem nú eru í námi erlendis, að flytjast heim við þessar aðstæður og vaxandi hætta er á atgervisflótta úr atvinnulífinu. Í þeim heimi sem við lifum í er þekking og menntun forsenda þess að þjóðlíf okkar dafni og við drögumst ekki aftur úr öðrum þjóðum og atvinnulífs okkar bíði hnignunin ein.

Gott uppeldi, góð menntun og blómleg menning þjóðarinnar er forsenda allrar framþróunar. Á nýafstöðnum fundi miðstjórnar Alþb. var stefna flokksins í fjölskyldumálum sett fram og samþykkt. Í ályktuninni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. leggur áherslu á að fjórðungur dagvinnutekna dugi til að tryggja öllum gott og heilsusamlegt húsnæði; að vinna að styttingu vinnudags og hækkun launa svo að fjölskyldunni gefist kostur á samveru á heimilunum, á útilífi og íþróttum og samveru ólíkra aldurshópa; að öllum börnum verði búið öryggi á dagvistarheimilum og í grunnskólanum og þeim verði tryggð þar þroskandi aðstaða til starfs og leiks í umsjón sérmenntaðs fólks; að lögum um grunnskóla verði framfylgt og efld verði tengsl milli foreldra, barna og skóla; að skóladagurinn verði samfelldur og börnin fái máltíðir í skólanum svo að vinnudagur foreldra og barna verði samræmdur; að konum verði tryggt raunverulegt val um starf utan heimilis og heima með endurmati á kvennastörfum, lengingu fæðingarorlofs í eitt ár og með bættum dagheimilum og skólum; að öll fjölskylduform verði jafnrétthá; að hiklaust verði staðið við ákvæði laga um jafnrétti kynjanna og alþjóðlegar skuldbindingar um að leiðrétta misrétti sem viðgengst gagnvart konum á öllum sviðum þjóðlífsins; að fatlaðir fái sem besta aðstöðu til lífs og starfs; að aldraðir hafi skilyrði til þátttöku í þjóðlífinu svo lengi sem unnt er og njóti umönnunar þegar krafta þrýtur; að efla fyrirbyggjandi starf í heilbrigðismálum og öryggi sjúkra- og sérþjónustu sem næst heimilum hinna sjúku; að foreldrar fái aukinn rétt til launa í veikindum barna.“

Á sama fundi var einnig samþykkt að framlög til menningarmála og listsköpunar skyldu tvöfölduð og annan sunnudag köllum við Alþýðubandalagsmenn til málþings um þann þátt þjóðlífsins. Næsta laugardag um skóla- og uppeldismál.

Íslenskir launþegar eru engir beiningamenn. Þeir eiga rétt — heilagan rétt — á að afrakstur vinnu þeirra skili sér í farsælu fjölskyldulífi þeirra sjálfra þar sem ungir sem aldnir, heilir og sjúkir fái að þrífast hlið við hlið. Það er hinn eini mælikvarði á gott efnahagsástand. Heildartölur breyta þar engu um.

Og íslenskir launþegar eru ekki heldur máttlaust afl. Þeir ráða kjörum sínum sjálfir. Eftir rúman mánuð ákveður þjóðin hvort hún vill áfram búa við sótsvart afturhaldið í þessu landi undir stjórn manna sem setja peningahyggjuna ofar manngildi og menningu, stríðsgróðabrask ofar baráttu fyrir friði við aðra menn, eyðingu jarðarinnar ofar umhverfisvernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda, manna sem gert hafa börn og gamalt fólk að utangarðsfólki í þjóðfélaginu og stóra hluti landsins að erlendu yfirráðasvæði, einnig það landsvæði sem hin nýja og glæsilega flugstöð í Keflavík stendur á.

Virðulegi forseti. Slíkri ríkisstjórn hafna menn þegar sótið hefur verið af henni sópað svo að í hana sést. Alþb. er enn þá til, hæstv. fjmrh., og hefur byr í seglunum nú og þegar hinir nýju kjósendur streyma um borð í þúsundatali verður siglingin létt og skemmtileg.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á morgun, 13. mars eru fjögur ár liðin frá því að konur komu saman og stofnuðu Kvennalista. Við þekktum gamla máltækið „Guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur" og vissum líka af langri reynslu að konur verða sjálfar að berjast fyrir rétti sínum, aðrir gera það ekki fyrir okkur. Hefðbundnar aðferðir höfðu ekki dugað til að skila konum til þeirra áhrifa að þær gætu fært sín eigin mál til betri vegar og jafnframt stuðlað að betri heimi. Þess vegna litum við hver á aðra og leituðum lausna á vanda kvenna. Þess vegna stofnuðum við Kvennalista.

Sú málamiðlun sem gert hefur það mögulegt fyrir konur að sameinast um sérframboð kvenna byggist fyrst og fremst á þeirri sannfæringu okkar að það sé svo miklu fleira og mikilvægara sem sameinar konur en sundrar þeim. Hún byggist jafnframt og ekki síður á því að fylkja sér um ákveðna sérstaka stjórnmálastefnu, kvennapólitík. Forsendur þessarar stjórnmálastefnu eiga rætur í lífreynslu kvenna sem er ólík lífsreynslu karla, ekki síst vegna ólíkra kynhlutverka og starfa. Þessar forsendur byggjast á því að leggja lífssýn og verðmætamat kvenna til grundvallar allri stefnumótun. Þetta gerir Kvennalistann frábrugðinn öðrum stjórnmálasamtökum hér á landi. Þar eru karlmenn í miklum meiri hluta og sjónarmið þeirra leiðandi í stefnumótun. Sjónarmið kvenna eiga hins vegar erfitt uppdráttar innan þeirra valdastofnana karla sem hefðbundnir stjórnmálaflokkar eru, hvað þá að þau fái að njóta sín.

Kanadískar rannsóknir á félagsstarfi og stjórnmálaþátttöku kvenna hafa sýnt að þær konur sem eru virkar í starfi kvennahreyfinga hefðbundinna stjórnmálaflokka geta nánast gleymt öllum væntingum sínum um að komast í framboð. Þær eru yfirleitt ekki valdar til frama heldur hinar sem láta sig kvennastörfin og kvennamálin minna varða. Þessar kanadísku niðurstöður eiga sér hliðstæður víða og þær vekja áhyggjur því að samkvæmt þeim eiga þær konur greiðasta braut til áhrifa í stjórnmálum sem eru ólíklegastar til að sinna málefnum kvenna sérstaklega eða vera málsvarar þeirra.

Markmið Kvennalistans er að gera viðhorf, reynslu og menningu kvenna að stefnumótandi afli í samfélaginu, ekki síður en reynslu, menningu og viðhorf karla. En því verður mér svo tíðrætt um stjórnmálaþátttöku kvenna að hún er nauðsynleg ásamt og með mörgum öðrum aðgerðum til þess að viðhorf, reynsla og menning kvenna geti í raun og veru orðið að stefnumótandi afli í samfélaginu.

Veist þú, hlustandi góður, að frá því að Alþingi var endurreist árið 1845 og til ársins 1982 munu um 500 karlar hafa verið kjörnir á þing, en einungis 12 konur? Þó hafa konur verið ríflega helmingur landsbúa allan þennan tíma eins og nú. Þessar tölur gefa óþyrmilega til kynna hve litlu viðhorf kvenna hafa ráðið í stefnumótun allt fram til vorra daga. En nú hafa konur gripið til sinna eigin ráða og bjóða nú fram sín stefnumið á eigin forsendum. Vaxandi fjölda kvenna og reyndar líka karla finnst boðskapur og starfshættir Kvennalistans höfða til sín og Kvennalistinn á hljómgrunn meðal kvenna, enda skjóta angar hans rótum hratt og víða um landið á þessu kosningavori. En frelsisbarátta kvenna hefur verið löng og ströng og er það enn.

Sagan af mótstöðu karla gegn þessari baráttu er ekki síður eftirtektarverð en sagan af frelsisbaráttunni sjálfri. Gömlu flokkunum og sumum körlum stendur nú nokkur stuggur af tilveru Kvennalistans. Það er eins og þeim finnist þetta bara ágæt hlutföll, 500 á móti 12, annað sé bara framhleypni. Þeir vilja ekki konur sem spila upp á eigin spýtur, en finna sæmileg vonarsæti handa konum í eigin flokki til að kaupa sér frið. Kvennalistakonum hefur svo verið núið því um nasir að framboð okkar geti hæglega leitt til þess að þingleiðir lokist dugmiklum og einörðum jafnréttiskonum á öðrum listum þar sem þær sitja í sæmilegum vonarsætum, eins og sagt var í leiðara Þjóðviljans í janúarlok.

En góðir áheyrendur. Það er nokkuð langt síðan orðið „sæmilegur" þýddi „sæmandi". Konum duga engin sæmileg vonarsæti lengur né heldur sætta þær sig við þau. Kvennalistakonur vildu fegnar sjá sem flestar dugmiklar og einarðar baráttukonur fyrir réttindum kvenna í öruggum sætum á öllum listum og óska þeim öllum velgengni. Hins vegar geta menn tæpast í lýðræðisþjóðfélagi með þessar óréttlætanlegu fjarvistir kvenna frá stefnumótun samfélagsins ætlast til þess að baráttukonur fyrir réttindum kvenna liggi þolinmóðar í hinum ljúfa kyrrþey og bíði með frumkvæði sitt eftir því að örugglega allir framboðslistar annarra séu nú komnir fram. Ef þá kæmi í ljós að engin, alls engin kona væri svo mikið sem í ylvolgu sæti á neinum lista, þá og aðeins þá mættu þær stökkva fram og óþekktast svolítið með sérframboð.

En hver er svo þessi réttur sem konum ber og þær þurfa að sækja eins og gull í greipar þeirra sem þjóðfélaginu ráða? Það er að sjálfsögðu réttur okkar til að ráða yfir eigin lífi og gerðum og vera metnar að verðleikum. Hins vegar hefur réttur annarra ávallt staðið konum nær. Réttur barna, aldraðra, fatlaðra, réttur fjölskyldunnar og svo er enn.

Stefna Kvennalistans byggir á verðmætamati sem setur mannleg gildi og félagslega samábyrgð í öndvegi. Áhersluatriði í nýsaminni stefnuskrá okkar fyrir þessar kosningar lýsa vel þeim grundvallarmun sem er á stefnu okkar og verkum þessarar stjórnar sem þrátt fyrir óvænt og ríkulegt góðæri hefur ekki tekist að skipta byrðum og býtum jafnt milli þegna

landsins, en skilur við fjárreiður ríkisins í miklum ólestri.

Það er engin tilviljun að nú eru yfirvofandi uppsagnir starfsfólks, bæði á sjúkrahúsum og í skólum og á dagvistarheimilum. Þarna eru fjölmennar kvennastéttir sem geta ekki lifað af launum sínum. Uppsagnir þeirra eru afleiðing stjórnarstefnunnar, þeirrar stefnu sem virt hefur að vettugi mannlegar þarfir, þarfir fjölskyldunnar, stefnu sem fylgt hefur mýrarljósi frjálshyggjunnar.

Kvennalistinn hefur stundum verið nefndur sértrúarflokkur og tímaskekkja, en það er undarlegur heiðindómur sem kennir sig við frjálshyggju, fullur mannfyrirlitningar og leiðir til mannfórna. Og það er undarleg þversögn í þeirri stefnu sem kennir sig við frelsi og eflingu einstaklingsins að hvenær sem þarf að sinna einstaklingnum, ala hann upp, mennta hann, hlúa að honum og styðja hann — í stuttu máli: *hvenær sem hann þarf mest á því að halda*, þá hlaupa stuðningsmenn þessarar stefnu undan og skilja einstaklinginn eftir einan og óstuddan. Það er augljóst að *þessir menn kunna ekki einföldustu grundvallaratriði í mannrækt*. Þeim væri hollt að lesa ítarlega stefnuskrá Kvennalistans fyrir þessar kosningar. *Þar er lögð áhersla á mannrækt og málefni* fjölskyldunnar.

Sú hugmynd hefur komið fram og er ágæt að Ísland sé að loknum leiðtogafundi vænlegur griðastaður fyrir mikilvæga fundi friðar og afvopnunar. En við skulum líta okkur nær. Meðan hópar Íslendinga geta illa brauðfætt sig vegna lágra launa, nauðungaruppboð gerð á heimilum manna og fjórða hver fjölskylda undir fátæktarmörkum er Ísland ekki einu sinni griðastaður fyrir þá sem hér búa. Við skulum rækta garðinn okkar fyrst af öllu. Þar vilja Kvennalistakonur leggja hönd að verki. Og Kvennalistinn er ekki tímaskekkja heldur samstillt aðgerð kvenna á eigin forsendum til að leiðrétta þá óþolandi tímaskekkju sem réttindaleysi kvenna er.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Með þessu þingi lýkur senn fjögurra ára mjög viðburðaríku kjörtímabili. Í kosningunum 25. apríl n.k. leggur ríkisstjórnin verk sín í dóm kjósenda. Það gerum við framsóknarmenn ánægðir með þann árangur sem náðst hefur á kjörtímabilinu.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð settum við okkur að hún skyldi leysa fá en mjög mikilvæg og stór verkefni og það hefur henni tekist. Fyrir fjórum árum ríkti hér á landi óðaverðbólga sem, ef óheft hefði verið, hefði tvímælalaust lagt atvinnulífið í rúst og skapað hér atvinnuleysi sem aldrei slíkt hefur þekkst áður. Nú á þessu ári getur verðbólga orðið, ef rétt er á málum haldið, 10–12% eða sú lægsta sem hún hefur verið í 15 ár.

Fyrir fjórum árum var viðskiptahalli hér á landi 8% af landsframleiðslu, en á s.l. ári varð hann enginn og þá var reyndar næstum fjögurra milljarða afgangur af vöruskiptum.

Fyrir fjórum árum streymdi fjármagnið út úr bönkunum og eigið fjármagn þjóðarinnar brann upp í eldi óðaverðbólgunnar. Nú í fyrsta sinn í 14 ár hafa innlán í bankana orðið töluvert meiri en verðbólgunni nemur.

Fyrir fjórum árum voru erlendar skuldir þjóðarinnar nálægt 60% af landsframleiðslu. Nú fjórum árum síðar verða þær um 47% landsframleiðslunnar. Greiðslubyrðin hefur á sama tíma lækkað úr rúmlega 20% af gjaldeyristekjum í um 16%.

Fyrir fjórum árum var kaupmátturinn fallandi hjá fjölskyldum þessa lands, en nú er kaupmátturinn meiri að meðaltali en hann hefur verið nokkru sinni fyrr og jafnframt hefur tekist að stíga fyrsta skrefið til að bæta kjör þeirra sem lægst hafa launin.

Fyrir fjórum árum stóðu atvinnuvegirnir á heljarþröm. Nú er rekstrargrundvöllur þeirra yfirleitt traustur.

Þegar þessi ríkisstjórn tók við og tilkynnti þær aðgerðir sem hún greip til í upphafi síns starfsferils sagði stjórnarandstaðan að slíkar aðgerðir mundu leiða til gífurlegs atvinnuleysis. Svo hefur ekki orðið. Atvinnuástand hefur verið betra á þessu *kjörtímabili en oftast fyrr*.

Stjórnarandstaðan segir að vísu að allt sé þetta gott og blessað, en það sé bara góðærinu að þakka. Sem betur fer höfum við Íslendingar fyrr notið góðæris. Við gerðum það t.d. á árunum 1971–1973 og 1976–1978 þegar þjóðartekjurnar uxu meira en á þessum síðustu tveimur árum, en verðbólgan fór þó vaxandi.

Staðreyndin er sú að þetta hefur tekist fyrst og fremst fyrir festu í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og vegna góðs samstarfs við launþega þessa lands og atvinnurekendur, vegna þess að þið, Íslendingar góðir, hafið tekið þátt í þessari herför gegn verðbólgunni. Þið hafið látið eggjunarorð stjórnarandstöðunnar eins og vind um eyru þjóða.

Þennan mikla árangur, sem náðst hefur, viljum við framsóknarmenn treysta og tryggja. Við viljum jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við viljum Ísland án verðbólgu. Við munum ekki taka þátt í neinu því samstarfi sem ógnar þeim mikla árangri sem hefur náðst. Okkur er ljóst að því aðeins verður unnt að leysa hin fjölmörgu verkefni í atvinnumálum og velferðarmálum sem fram undan eru að Ísland sé verðbólgulaust þjóðfélag.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það hér að svara þeim barlómi sem einkennt hefur málflutning stjórnarandstöðunnar. Það má reyna að draga þetta allt saman í fáein orð. Ég trúi því ekki að það séu fáeinir auðkýfingar sem kaupa þann mikla fjölda bifreiða sem við sjáum nú á götum þessa lands. Nei, það er fjöldinn sem gerir það. Ég trúi því heldur ekki að það séu örfáir auðkýfingar sem hafa bókað þær fjölmörgu ferðir sem allar eru nú uppseldar t.d. til sólarlanda. Og það einkennir engan barlóm að á sjöunda þúsund manns sækja nú um lán til að hefja byggingu eða kaup á fyrstu íbúð.

En þótt efnahagsmálin hafi að sjálfsögðu einkennt mjög störf þessarar ríkisstjórnar hefur hún vitanlega haft með mörg önnur ákaflega mikilvæg og erfið mál að gera. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum hér að landbúnaðarmálum og húsnæðismálum. Þau hafa verið rakin hér ítarlega af þeim ráðherrum sem með þau mál fara. En þó þykir mér rétt að benda á það að í mjólkurframleiðslunni er nú þegar að takast að snúa vörn í sókn. Það verður einnig að takast í sauðfjárræktinni, en það á lengri aðdraganda. Þar eru erfiðari félagsleg málefni við að eiga. Því hefur ríkisstjórnin þegar ákveðið að framlengja þann aðlögunartíma og það verður að gera eins og þörf er á.

Ég vek einnig athygli á því að mjög mikill fjöldi manna og meiri en nokkru sinni fyrr sækir um lán, eins og ég sagði áðan, til nýbyggingar. Þannig viljum við framsóknarmenn stuðla að því að sem flestir Íslendingar geti eignast sínar eigin íbúðir.

Í sjávarútvegi var vegna mikils samdráttar í afla við mikla erfiðleika að stríða í upphafi þessa kjörtímabils. Á þeim málum hefur verið haldið af mjög mikilli festu og nýtur sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, mikillar virðingar og trausts fyrir bragðið. Stjórnun sjávarútvegs þarf að sjálfsögðu að endurskoða því aðstæður allar breytast með aflabrögðum. Við framsóknarmenn munum áfram leggja á það höfuðáherslu að vinna með þeim mönnum sem í sjávarútvegi eru og móta þannig í samráði við þá stefnu sem hentar best á hverjum tíma.

Með þeirri hjöðnun sem hefur orðið á verðbólgu hefur grundvöllur atvinnulífsins gjörbreyst til batnaðar og möguleikar til nýrra atvinnugreina hafa mjög batnað. Á síðara hluta kjörtímabilsins höfum við framsóknarmenn því beitt áhrifum okkar til þess að skapa grundvöll fyrir nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Í lok ársins 1984 komum við því til leiðar að 500 millj. kr. lán var tekið og því ráðstafað til ýmissa fjárfestingasjóða til nýsköpunar á viðkomandi sviðum. Einna athyglisverðast og merkast á því sviði tel ég að 50 millj. kr. var varið til að koma á fót nýjum rannsóknasjóði sem styrkir rannsóknir á þessum sviðum. Það er sannfæring mín og reyndar geta margir um það borið að þessi sjóður hefur þegar skipt sköpum og komið rannsóknum til nýsköpunar íslensku atvinnulífi á nýtt stig.

Ég vek einnig athygli á að 190 millj. kr. var varið til að koma á fót nýju fyrirtæki, Þróunarfélagi Íslands. Aðalfundur þess var haldinn í gær og þá heyrðum við að það er þegar að láta mjög mikið gott af sér leiða. Það er orðið þátttakandi í ýmsum nýjum fyrirtækjum og mun hjálpa þeim yfir byrjunarörðugleika. Það er sannfæring mín að ef rétt er á þeim málum haldið mun það einnig skipta sköpum í nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Við framsóknarmenn beittum okkur einnig fyrir því að til fiskeldis voru heimilaðar miklu hærri lántökur erlendis frá en aðrir atvinnuvegir hafa fengið. Við töldum það nauðsynlegt fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg sem með tíð og tíma mun áreiðanlega verða ein meginstoð okkar Íslendinga. Ég setti jafnframt á fót fiskeldisnefnd og hef þegar fengið samþykkt á Alþingi tvö frv. frá henni, m.a. sem varðar fisksjúkdóma, og hefur þetta þegar komið þeim mikilvæga þætti fiskeldis á allt annað og betra stig en áður var.

Og ég verð að segja að ekki einkennir bölsýni þá fjölmörgu ungu menn og konur sem nú hasla sér völl á sviði hátækninnar. Enginn vafi er að þar er á ferðinni ný atvinnugrein sem getur varðað miklu fyrir íslenskt þjóðfélag.

En staðreyndin er sú að ef tekst að tryggja þann árangur sem hefur náðst er framtíðin björt. Hins vegar er það staðreynd líka að það er skammt fram af bjargbrúninni og fara verður varlega, annars mun allt unnið fyrir gýg sem ég hef nú nefnt. Því vil ég mjög hvetja þá sem við betri kjörin búa til þess að stilla kröfum sínum í hóf. Til mikils er að vinna.

Góðir Íslendingar. Á s.l. ári barst Ísland óvænt inn í hringiðu heimsmála. Leiðtogafundurinn varð til þess. Og tvímælalaust er þetta einhver merkasti fundur sem haldinn hefur verið á vegum leiðtoga stórveldanna. Þessi fundur tókst ákaflega vel af okkar hálfu. Fyrst og fremst er það að þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum og stofnunum sem lögðu sameiginlega hönd á plóginn. Þetta sannaði að við getum lyft grettistakinu þegar við stöndum saman. E.t.v. mun fundarins í Reykjavík verða minnst sem tímamótafundar. Þar fengust loksins ræddar róttækari tillögur en áður hefur verið um fækkun kjarnorkuvopna og jafnvel útrýmingu þeirra.

Þetta hefur mjög beint athyglinni að okkur Íslendingum og getur vafalaust, ef rétt er á málum haldið, haft mjög mikla þýðingu fyrir íslenskt land og íslenska þjóð. Ég hef því skipað nefnd manna til að skoða hvaða áhrif þetta kann að hafa og gera tillögu til stjórnvalda um stefnubreytingar eða stefnumörkun og aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera í þessu sambandi.

Við mig hafa einnig ýmsir rætt og vakið athygli á því að Ísland kynni, vegna þess álits sem það hefur nú, að verða góður staður fyrir stofnun sem ynni að því að bræða ísinn á milli austurs og vesturs, bræða ísinn á milli norðurs og suðurs, sem gæti orðið til þess að stefna mönnum saman til þess að ræða hin fjölmörgu vandamál sem á mannkyninu hvíla, þar sem halda mætti ráðstefnur manna af mismunandi þjóðerni, þar sem leita mætti leiða til að leysa þessi fjölmörgu vandamál, og þau eru ótalmörg.

Ég veit að sumum þykir að þessi hugmynd sé sem draumsýn fyrst og fremst. En þeir eru ýmsir sem ég hef við rætt sem hafa séð raunveruleikann í þessari hugsjón og hafa séð nauðsyn á því að hrinda henni í framkvæmd. Svo var t.d. nýlega þegar ég ræddi við leiðtoga Sovétríkjanna, Gorbatsjoff, og það kom einnig fram hjá sendiherra Bandaríkjanna sem ég hef rætt við um þetta mál. Og það hefur einnig komið fram hjá mörgum öðrum einstaklingum sem

ég hef haft tækifæri til að ræða við um þetta mikilvæga mál.

Við skulum ekki láta útölumenn draga úr okkur kjarkinn, við skulum hugsa stórt og við skulum hefja slíkt mál yfir flokkadrætti og yfir þá pólitík sem við höfum verið að deila um hér í kvöld.

Það er sannfæring mín að það er fyrst og fremst tortryggni á milli þjóða sem veldur því að meiri árangur næst ekki og það væri verðugt hlutverk fyrir þessa litlu þjóð að eyða þeirri tortryggni þótt ekki væri nema að hluta.

En enn á ný vil ég leggja áherslu á þá staðreynd að allt slíkt mun reynast óframkvæmanlegt ef okkar eigin mál eru ekki í góðu lagi. Við skulum því fyrst og fremst sameinast um að tryggja þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum, tryggja það að Ísland verði land án verðbólgu, land með jafnvægi í efnahagsmálum.

Góðir Íslendingar. Við framsóknarmenn erum stoltir af þeim árangri sem við höfum náð í þessari ríkisstjórn. Á þeim grundvelli erum við reiðubúnir til þess að vinna áfram. Við viljum Ísland frjálsra Íslendinga, án frumskógar frjálshyggjunnar eða ofstjórnar ríkisvaldsins. Hinn gullni meðalvegur mun reynast þjóðinni farsælastur. Það hefur reynslan sýnt.

Ég óska Íslendingum öllum góðs gengis.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er mörgum spjótum beint að Alþfl. hér í kvöld. Þorsteinn Pálsson og Ragnar Arnalds vörðu verulegum hluta af tíma sínum til þess að ráðast á Alþfl. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Það er verst hvað þetta var vitlaust hjá þeim.

Þorsteinn talaði sig eiginlega heitan. En það er hins vegar sorglegt með Þorstein hvað honum er lítið annt um sannleikann og fer rangt með tölur, eins og frægt er orðið, og þá ekki bara þegar hann fjallar um tillögur Alþfl. Líklega ætti hann að hætta að nota tölur. Mér líkar hins vegar vel þegar Þorsteinn varar við ríkisstjórninni 1979–1983. Þetta var ríkisstjórn þeirra félaga hans, Alberts Guðmundssonar og Eggerts Haukdals. Hann má gjarnan tala meira um þá ríkisstjórn og vara við henni.

Það var reyndar líka hraustlega mælt hjá hæstv. forsrh. þegar hann var að lýsa viðskilnaði þessarar ríkisstjórnar hér í ræðu sinni áðan og lýsti því þannig að hrun og atvinnuleysi hefði verið fram undan. Hann var nefnilega sjútvrh. í þeirri ríkisstjórn, Steingrímur Hermannsson.

Ragnar Arnalds réðst á Alþfl. með offorsi vegna hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og bar okkur Alþýðuflokksmönnum á brýn kaldastríðsstefnu. En ekkert er fjær sanni. Eins og allir vita er Ísland kjarnorkuvopnalaust og við viljum að það verði það áfram. Ef það á að staðfestast með sérstakri yfirlýsingu varðandi Norðurlöndin, þá viljum við að við fáum fullvissu fyrir því að það sé til gagns og að yfirlýsingin auki öryggi okkar en minnki það ekki. Þetta er kjarninn í okkar stefnu. Forsendan undir því að gagn sé að er að jafnvægi haldist. Þess vegna þarf gagnkvæmni af hálfu Varsjárbandalags og Sovétríkjanna og tryggingu fyrir því að öryggisnet Atlantshafsbandalagsins sé jafntraust eftir sem áður. Svo einfalt er nú það. Og þess vegna þarf svæðið að vera stærra en Norðurlöndin ein og þá til austurs. Þess vegna duga ekki einhliða yfirlýsingar eins og Ragnar Arnalds er að biðja um. Þess vegna er forsendan undir gagnsemi yfirlýsingarinnar víðtækt samkomulag um slökun og afvopnun og traust stórveldanna á milli í stað tortryggni. Þá getur yfirlýsingin aukið öryggi okkar og þá skulum við gefa hana. Allt tal þeirra Alþýðubandalagsmanna um að kratar á Norðurlöndum vilji einhliða yfirlýsingu, eins og þeir Alþýðubandalagsmenn boða hér, er helbert bull.

Annars var athyglisvert að heyra forsrh. hér rétt á undan mér státa sig af hinum mikla árangri stjórnarliðsins sem hann sagðist vera stoltur af. Flestum verður á að brosa þegar forsrh. vill að landslýður þakki honum sérstaklega landburð af afla, batnandi viðskiptakjör, lækkandi olíuverð og lækkandi vexti á þeirri skuldasúpu sem hann hefur sjálfur hlaðið upp. Það er svolítið sérstakt að menn skuli, eins og Steingrímur gerir, hrósa sér af árangri þegar ríkisbúskapurinn er rekinn með 6 milljarða halla í 10 milljarða góðæri. En þetta snertir Steingrím ekki baun eins og menn fengu að heyra hér áðan.

En spurningin er ekki síður þessi: Hvernig birtist góðærið og stjórnarstefnan fólkinu í landinu? Hvað segir útvegsmaðurinn og fiskverkandinn sem hefur verið að gefast upp? Hvað segir t.d. fólkið í fiskvinnslufyrirtækjunum suður með sjó, í kjördæminu sem Steingrímur er nú flúinn í, fiskvinnslufólkið sem er að missa atvinnuna af því fyrirtækin eru að loka og skipin eru seld í burtu? Og hvað segir sjómaðurinn sem eftir 25 ára strit er úthlutað 5000 kr. í lífeyri úr sjóðakerfinu? Hvað segir framhaldsskólaneminn sem stendur nú frammi fyrir því að enn eitt árið kannske tapist hjá honum vegna kennaraverkfalls? Já, hvernig hefur stjórnarstefnan birst fólkinu í landinu? Er þetta hin rétta leið? Ég bara spyr.

Við þekkjum reyndar mörg fólk sem er örvinglað af því að aldrað foreldri fær ekki þá aðhlynningu í ellinni sem það á skilið og sem það svo sárlega vantar. Það er ekkert pláss í þjóðfélaginu fyrir þetta aldraða fólk. Sjúkradeildir eru lokaðar af því að ekki fæst starfsfólk til að vinna þar á þeim launum sem í boði eru af hálfu atvinnurekandans, ríkisins sjálfs. Aðrar deildir eru ekki kláraðar af sömu ástæðu.

Við þekkjum líka öll ungt fólk sem hefur verið að kikna undan því að koma sér upp húsnæði á undanförnum árum þegar misgengi launa og lánskjara keyrði skuldasúpuna upp úr öllu valdi. Þetta var hluti af stjórnarstefnunni sem Steingrímur var að státa sig af hér áðan. En það kemur ekki við Steingrím eða Þorstein, vandræði þessa fólks. Og enn bíður þetta fólk eftir leiðréttingu.

Þetta er léleg útkoma úr góðærinu. Þetta er ekki til að státa sig af. Þetta er ekki hin rétta leið. Við viljum ekki hafa þetta svona, þetta þarf ekki að vera svona og þetta á ekki að vera svona.

En við skulum í staðinn líta til framtíðarinnar og átta okkur á hvernig við viljum að þjóðfélagið eigi að vera, ákveða hvað við viljum, setja okkur markmið og hrinda þeim í framkvæmd.

Það sem við ætlum okkur Íslendingar er að losna úr viðjum vinnuþrældóms. Við lifum nefnilega ekki bara til þess að vinna og við eigum þann rétt að þurfa ekki að slíta okkur út til þess eins að eignast húsnæði og sjá sjálfum okkur farborða. Við viljum eiga sameiginlegar stundir með fjölskyldunni og eðlilegan frítíma, eins og tíðkast í öðrum löndum. Og enginn á að þurfa að bera kvíðboga fyrir elli sinni eða elli foreldra sinna. Það á að vera pláss fyrir aldraða í þjóðfélaginu. Og þjóðfélagið, það á að svara kröfum tímans. Dagvistun barna sem þurfa á því að halda verður að vera fyrir hendi. Skólarnir eiga að aðlaga starf sitt að þörfum fjölskyldunnar þar sem báðir foreldar vinna eðlilegan vinnudag. Og þeir eiga að veita trausta menntun í tengslum við atvinnulífið og þannig að menntunin gagnist til að knýja á um framfarir í atvinnustarfsemi.

Þetta er það þjóðfélag sem við eigum að stefna að, sú framtíð sem við eigum að búa okkur og það er verkefni næstu ára. Og við getum það ef við viljum. En þá verður að láta af pexi um smáatriði og sameina kraftana um verkefnið. Auðvitað gerist ekki allt í einu, en skref fyrir skref eigum við að ná þessu marki. Hvernig, spyrja menn að sjálfsögðu, vanir því ráðleysi sem ríkt hefur. Ég skal svara því.

Ég þarf varla að taka fram að skilyrði allrar framvindu er stöðugleiki í efnahagsmálum. Aldrei aftur mega koma verðbólgugusur sem eyðileggja allt. Hitt er ljóst að forsendan undir velferð er traust og framsækið atvinnulíf sem stendur undir kröfum okkar. Þess vegna eigum við að tileinka okkur ný viðhorf í atvinnumálum, viðhorf sem byggjast á því að nýta sér það besta sem þróunin býður upp á.

Við skulum líta á hvað er að gerast, hver þróunin er, hverjir möguleikarnir eru:

Fjarskipta- og upplýsingabyltingin er að tengja allan heiminn saman. Veröldin öll er orðinn einn markaður jafnvel fyrir hið smáa atvinnufyrirtæki ef það kann að hagnýta sér hugvit og markaðsþekkingu. Hin smáu atvinnufyrirtæki okkar eiga hér ótæmda möguleika. Við eigum að kenna þeim að hagnýta þá, mennta unga fólkið og endurmennta fullorðna til þess að nýta þessi tækifæri.

Sjálfvirkni og tölvustýring er að leysa mannshöndina af hólmi. Það er þekkingin við að nýta þessa tækni en ekki mannmergðin sem skiptir máli og það opnar smáþjóð eins og okkur nýja möguleika. Við skulum hjálpast að við að nýta þá.

Líftæknin er að halda innreið sína. Hún getur skapað okkur nýjar framleiðsluvörur, m.a. úr fiskislógi og með nýjum aðferðum getur orðið bylting í úrvinnslu á fiskafla. Við skulum styðja þessa þróun og tileinka okkur hana.

Markaðsaðstæður fyrir fiskafurðir eru að breytast. Ríku þjóðirnar vilja meiri fisk og betri fisk og eru sífellt reiðubúnar að borga meira fyrir hann. Neytendur í þessum löndum óska eftir fiskréttum, tilreiddum að þeirra smekk. Sá sem býður gæði og þekkir smekk þessara neytenda, hann mun uppskera, og það skulum við gera.

Nýjar atvinnugreinar eru líka að skjóta stoðum undir atvinnulíf okkar, eins og fiskeldi og loðdýrarækt.

Með því að leggja rækt við hagnýtingu þeirra möguleika sem hér hafa verið nefndir munum við uppskera framsækið atvinnulíf. Það er kjarni málsins.

Jafnframt verðum við að gerbreyta stefnunni í landbúnaðarmálum, eins og hér hefur verið áður lýst af talsmönnum Alþfl., og sömuleiðis í sjávarútvegsmálum til þess að ná góðum langtímaafrakstri fiskistofnanna og nýtingu og tækifærum allra til þess að njóta sín. Atvinnulífið er undirstaðan, en ríkisbúskapurinn er líka mikilvægur og hann þarf að stokka upp. Við getum ekki bara fengið meira af öllu, það verður að velja. Það verður að skapa svigrúm til að ríkið geri betur á þeim sviðum sem það á og verður að sinna.

Við jafnaðarmenn viljum að ríkið sé rekið fyrir fólkið og í samræmi við kröfur hvers tíma. Ég veit að Alþb. skilur þetta ekki og situr fast í gömlum kerfishugmyndum. Ég veit líka að Sjálfstfl. og Framsfl. vilja helst engar breytingar af því að þeir eru í reynd gæslumenn sérhagsmuna í kerfinu. Vegna áhrifa þeirra höfum við Íslendingar hjakkað í sama farinu. En nú ætlum við upp úr þessu fari og burt frá hjakkinu.

Það er einmitt það sem Alþfl. stefnir að. Hann hefur nýja framtíðarsýn. Hann er tilbúinn til að gera það sem þarf að gera. Þess vegna flykkist fólkið til okkar í Alþfl. og með sigri hans göngum við nýjum tímum á hönd.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Kosningabarátttan snýst að sjálfsögðu um verk ríkisstjórnarinnar og þann árangur sem náðst hefur á kjörtímabilinu, en einnig um þær stefnur og þær leiðir sem þjóðinni er boðið upp á í kosningunum.

Auðvitað geta menn deilt um margt af því sem ríkisstjórnin hefur gert, en allir sanngjarnir og hugsandi menn hljóta þó að viðurkenna staðreyndir sem blasa við öllum sjáandi mönnum.

Fyrri ræðumenn Sjálfstfl. hér í kvöld, þeir Ólafur G. Einarsson og Þorsteinn Pálsson, hafa rakið ítarlega þessar staðreyndir og sýnt fram á árangurinn á kjörtímabilinu.

Þessi árangur: Að ná niður verðbólgunni, að bæta lífskjörin og auka frjálsræðið, kom ekki af sjálfu sér. Auðvitað hafa ytri skilyrði hjálpað til. En ytri skilyrði hafa áður verið hagstæð án þess að vera

hagnýtt í þágu þjóðarinnar eins og Þorsteinn Pálsson rakti rækilega í sinni ræðu hér fyrr í kvöld. Það kostaði baráttu að ná niður verðbólgunni. Það tókst og skilaði sér í betri lífskjörum. Það kostaði einnig baráttu að auka frjálsræðið. Það tókst þrátt fyrir hrakspár og fordóma vinstri flokkanna. Við sjálfstæðismenn munum halda áfram á þessari braut.

Í umræðunum hér í kvöld er það fátt sem hefur vakið mikla athygli áheyrenda hygg ég. En það er þó eitt sérstaklega og það er það hversu Alþfl. er viðkvæmur fyrir því að honum sé svarað, að tillögur hans hafi verið skoðaðar og þær reiknaðar út. Alþfl. er nefnilega vanur því að geta leikið lausum hala án þess að nokkur taki eftir því hvað hann aðhefst hér í þingsölum. Sá tími er liðinn. Þeir verða að venjast því Alþýðuflokksmenn að þeim sé svarað í umræðum eins og þessum.

Á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var um síðustu helgi, ríkti samstaða og eindrægni. Yfir 1000 fulltrúar hvaðanæva af landinu komu saman og mótuðu kosningastefnu flokksins. Við höfum valið okkur kjörorðið „Á réttri leið". Með því viljum við leggja áherslu á þann árangur sem hefur náðst undir forustu sjálfstæðismanna um leið og við óskum eftir umboði til að halda áfram á leið til bættra lífskjara og aukins frjálsræðis. Nú eins og ætíð áður var unga fólkið áberandi í starfinu á landsfundinum. Það er Sjálfstfl. mikil hvatning að finna þann hljómgrunn sem sjálfstæðisstefnan á meðal yngstu kjósendanna, ekki síst vegna þess að nú í vor ganga 26 þúsund nýir kjósendur að kjörborðinu.

Það er mér sérstakt ánægjuefni að mega segja frá því hér í þessum umræðum að í kosningum til stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem fram fóru í dag, sigraði Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta mjög glæsilega og tók einn mann af vinstri mönnum. Þetta sýnir m.a. hvert straumurinn liggur hjá unga fólkinu fyrir þessar kosningar.

Unga fólkið vill meira frelsi. Unga fólkið skilur betur en aðrir að frelsið færir okkur ný tækifæri og nýja möguleika. Unga fólkið hefur kjarkinn til að takast á við ný verkefni og kraftinn til að leysa þau. Unga fólkið er óhrætt við frelsið og ábyrgðina sem því fylgir.

Í nýlegri skoðanakönnun var spurt um það hver væri óskastjórnin eftir kosningar. Þrír af hverjum fjórum, eða 75% þeirra sem spurðir voru, vildu að Sjálfstfl. myndaði næstu ríkisstjórn. Þetta er auðvitað ánægjuleg viðurkenning á störfum og stefnu Sjálfstfl. og sýnir að þjóðin treystir sjálfstæðismönnum best fyrir stjórn landsins. Þessi niðurstaða er einnig til marks um það að kjósendur vilja ekki glundroðastjórn vinstri flokkanna. Þeir hafa aldrei verið sundraðri en nú og bjóða fram í sjö fylkingum og flokksbrotum. En hvernig er hægt að tryggja þann vilja þjóðarinnar að Sjálfstfl. verði í næstu ríkisstjórn?

Formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur oftar en einu sinni látið að því liggja að með því að kjósa Alþfl. þá sé næsta öruggt að mynduð verði stjórn með Sjálfstfl. Með þessum málflutningi reynir formaður Alþfl. að koma þeim áróðri inn hjá kjósendum að hann sé búinn að ákveða samstarf með Sjálfstfl. og hafna vinstra samstarfi.

En geta kjósendur treyst Alþfl.? Lítum aðeins til sögunnar. Árið 1978 var starfandi hér ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., rétt eins og nú. Alþfl. var í stjórnarandstöðu og í kosningabaráttunni hamaðist Alþfl. á Framsfl. og Alþb. og gaf það sterklega í skyn að hann mundi mynda stjórn með Sjálfstfl. að loknum þeim kosningum. En hvað gerðist? Alþfl. vann sinn glæsilegasta sigur fyrr og síðar. En það var ekki mynduð stjórn með Sjálfstfl., Alþfl. myndaði stjórn með Alþb. undir forustu Framsfl. Og hver var nú helsti hugmyndafræðingur þeirrar stjórnar? Enginn annar en Jón Baldvin Hannibalsson, núverandi formaður flokksins. Þetta kallar Jón Baldvin reyndar meiri háttar pólitískt umferðarslys nú á dögum. En hver treystir því að sagan endurtaki sig ekki? Og hver er tilbúinn til þess að taka á sig þá ábyrgð að tryggja það að Alþfl. lendi ekki á ný í pólitísku umferðarslysi? Síðast í fyrradag skoraði einn af frambjóðendum Alþfl. í Reykjavík á stuðningsmenn sína í Háskólanum að kjósa Alþb. í stúdentaráðskosningunum sem fram fóru í dag. Árangurinn varð enginn.

En hver treystir slíkum flokki? Jón Baldvin Hannibalsson sló sér á brjóst í ræðu sinni, orðskrúðsræðu sinni hér áðan og sagði: „Við í Alþfl. segjum það sem við meinum og meinum það sem við segjum." Hann hefði fremur getað lýst sínum eigin flokki með því að orða sína hugsun á þennan veg: Við döðrum til hægri en veljum vinina til vinstri.

Eina haldbæra tryggingin fyrir þá sem vilja Sjálfstfl. í ríkisstjórn er þess vegna að Sjálfstfl. sjálfur vinni sigur í kosningunum í næsta mánuði. Þetta verða kjósendur að hafa í huga þegar þeir ganga að kjörborðinu til að velja sér stjórn fyrir næsta kjörtímabil.

Í kosningabaráttunni, sem nú er að hefjast, þarf Sjálfstfl. ekki að eyða mörgum orðum í að lýsa hvað hann ætlar sér að gera eftir kosningar og gefa loforð á báðar hendur. Sjálfstfl. getur vitnað til eigin verka og látið verkin tala.

Á síðasta ári voru gerðir kjarasamningar sem mörkuðu tímamót vegna þess að launþegar og atvinnuveitendur í landinu höfðu skilnig á því að minni verðbólga er forsenda þess að bæta lífskjörin. Þetta gerðu þessar hreyfingar á grundvelli þess sem við sjálfstæðismenn köllum stundum að stétt vinni með stétt. Þessi þjóðarsátt, sem við hikum ekki við að kalla svo, tókst og var innsigluð í samvinnu við ríkisstjórnina, m.a. og kannske ekki síst vegna þess að í ríkisstjórninni situr Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., en hann nýtur óskoraðs trausts, bæði hjá launþegum og vinnuveitendum.

Einmitt þetta traust er í hrópandi ósamræmi við afstöðu verkalýðshreyfingarinnar á sínum tíma til Alþb., en það var oftar en tíu sinnum á síðasta kjörtímabili sem Alþb. stóð að því að skerða laun,

samningsbundin laun, með lagaboði.

Við óskum eftir stuðningi þjóðarinnar við Sjálfstfl. í komandi kosningum til að halda áfram á réttri leið. Á réttri leið frá upplausn til ábyrgðar. Á réttri leið frá höftum til frjálsræðis. Á réttri leið frá stéttasundrungu til stéttasamvinnu. Á réttri leið til bættra lífskjara og betra mannlífs.

Góðir áheyrendur. Í kosningunum stöndum við frammi fyrir tveimur skýrum kostum. Annar kosturinn er að kjósa Sjálfstfl. og fá þannig sterka stjórn sem tryggir stöðugleika í efnahagslífi, þorir að takast á við verðbólgu og berst fyrir auknu frjálsræði. Hinn kosturinn er að kjósa einhvern vinstri flokkanna og opna þannig dyrnar fyrir verðbólgudraugnum, en sá vágestur hefur verið og verður ætíð fastur fylgisveinn vinstri stjórna.

Spurningin er hvort við viljum vekja upp verðbólgudrauginn eða kveða hann niður fyrir fullt og allt. Ykkar er að velja. Það val er auðvelt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Er það virkilega rétt að máttur þeirra Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar sé slíkur að þeir ráði olíuverði í gervöllum heiminum? Er það tilfellið að Halldór Ásgrímsson hafi af eigin rammleik hækkað hitastig sjávar og aukið fiskigengd á Íslandsmiðum? Er það svo að Matthías Bjarnason hafi í krafti síns viðskiptaráðherraembættis lækkað vexti í heiminum öllum? Eða að Alexander Stefánsson hafi byggt einn og óstuddur ókeypis húsnæði yfir hálfa þjóðina? Er góðærið ráðherrum ríkisstjórnarinnar prívat og persónulega að þakka, en allt sem miður hefur farið öðrum að kenna?

Málflutningur talsmanna stjórnarflokkanna hér í kvöld og undanfarið hefur gengið út á þetta. Það er góðæri, kjósið íhaldið. Það fiskast, kjósið framsókn. En hvað er þetta góðæri? Hverjum er það að þakka og hvert hefur það farið? Góðærið er komið frá íslenskum sjávarútvegi, þessum atvinnuvegi sem íhaldsöflin höfðu afskrifað þegar augu þeirra mændu blóðrauð og þrútin á erlenda stóriðju. Það er aukinn afli, hagstæð ytri skilyrði, en þó fyrst og fremst vinna sjómanna og landverkafólks sem dregið hefur aflann úr sæ og unnið úr honum. Það er fólkið, verkþekking þess, tilvera þess í hinum dreifðu byggðum hringinn í kringum landið sem hefur skapað góðærið nú eins og áður.

En hvert fór þá góðærið? Fór það í uppbyggingu og endurnýjun, tæknivæðingu og nýsköpun í sjávarútveginum og í byggðarlögum landsbyggðarinnar? Fór það í að rétta hlut launafólks? Fór það í stórátak til að snúa vörn í sókn í byggðamálum? Fór það í félagslega uppbyggingu, í skóla og dagvistir? Svarið er nei við þessu öllu, því miður. Góðærið streymir í gróðahítina. Þar er milljónum troðið í verslunarhallir undir einu einasta þaki. Svarið er í raun einfalt: Góðærið fór og fer í gæðinga ríkisstjórnarinnar, þá alikálfa sem hún hefur velþóknun á.

Sjálfstfl. segist vera á réttri leið og veifar plastkortunum. Frelsi og hamingja hafa nú að sögn Þorsteins Pálssonar tyllt sér inn á íslensk heimili í formi krítarkorta. Slík er málefnaleg staða Sjálfstfl. og formanns hans í upphafi kosningabaráttunnar að hálfum ræðutíma sínum hér ver hann í lofgjörð um plastkort. Þjóðin á að lúta höfði og þakka og kjósa Þorstein og Sjálfstfl. út á plastspjöld. Út á hvað á hún að kjósa hann næst? Pappaspjöld eða gúmmíspjöld eða nælonspjöld? Hver veit það? Nei, Sjálfstfl. segist vera á réttri leið vegna þess að verslunin græðir, að hermangið blómstrar og vegna þess að þeir sem eiga mikla peninga eru að eignast enn þá meiri peninga. Og fyrir þessi öfl er Sjálfstfl. auðvitað á réttri leið. Fyrir þessi 3–5% þjóðarinnar sem eiga stóreignir, sem fleyta rjómann ofan af í verslun og þjónustu, sem fitna á hermanginu, og svo ekki sé nú minnst á okrarana. Auðvitað er Sjálfstfl. á réttri leið fyrir okrarana, sem eru nú orðin lögleyfð og að því manni skilst virðingarverð stétt í þessu þjóðfélagi. Þessi 3–5% eiga auðvitað að kjósa Sjálfstfl. Hann á það skilið. Hann hefur staðið sig vel í hagsmunagæslunni fyrir þessi öfl. En aðrir eiga ekki að gera það.

Hvergi er það jafnbrýnt og jafnaugljóst að knýja verður fram gerbreytta stjórnarstefnu og úti á landsbyggðinni. Það er óhjákvæmilegt að draga stjórnarflokkana og sjálfa stjórnarstefnuna til ábyrgðar vegna fólksflóttans og ófremdarástands í byggðamálum. Stórfelldur niðurskurður til félagslegra framkvæmda úti um landið, efnahagsstefna sem er andstæð framleiðslugreinunum en hyglar milliliðunum og fjármagnseigendum, niðurskurður og sveltistefna í landbúnaði, eyðibýlastefna Jóns Helgasonar ásamt með atlögu að fjárhag sveitarfélaganna, m.a. með stórfelldri skerðingu Jöfnunarsjóðs, allt hefur þetta ýtt undir og aukið á þá erfiðleika sem við er að glíma í atvinnu- og félagsmálum byggðarlaga á landsbyggðinni. Til þarf að koma gerbreytt og ný stefna, ný viðhorf.

Alþb. vill beita sér fyrir stórátaki til alhliða uppbyggingar á landsbyggðinni. Ekkert minna dugir til að snúa svartsýni í bjartsýni, til að skapa á ný það andrúmsloft uppbyggingar og vona, þau tækifæri og þann þrótt í atvinnulíf og félagsmál sem einn getur hrakið veturinn á brott af landsbyggðinni.

Í fyrsta lagi þarf landsbyggðin sjálf að halda eftir miklu stærri hlut af eigin verðmætasköpun til að hækka laun og bæta lífskjör til að byggja upp og þróa atvinnulíf sitt.

Í öðru lagi þarf að koma til stóraukinn stuðningur við nýsköpun í atvinnulífi þannig að háþróaðar atvinnugreinar jafnt sem þróun hinna hefðbundnu greina geti boðið ungu og menntuðu fólki tækifæri úti á landi.

Í þriðja lagi þarf að gera stórátak í að jafna aðstöðu til félagslegrar þjónustu þannig að engum Íslendingi sé mismunað á grundvelli búsetu hvað varðar möguleika á menntun barna, heilsugæslu og aðra opinbera þjónustu. Þetta verður fyrst og fremst að gera með því að færa þjónustuna út til fólksins.

Pappíra eins og grunnskólafrv. menntmrh. Sverris Hermannssonar, þar sem draga á aftur inn í miðstjórnarbatteríið verkefni og völd frá landsbyggðinni, slíkum pappírum á að vefja upp í vöndul til að flengja þannig afturhaldsstefnu með til föðurhúsanna.

Í fjórða og síðasta lagi en ekki síst þarf róttæka stefnubreytingu til að snúa við blaðinu. Ráðið gegn frostavetri íhalds og framsóknar, sem legið hefur yfir landsbyggðinni, getur ekki verið að kjósa þá flokka aftur. Markaðshyggjan, leiðarljós þessarar ríkisstjórnar með niðurskurði á sviði félagsmála og opinberra framkvæmda og með gróðasjónarmið í öndvegi, er í eðli sínu andstæð byggðastefnu og því þarf grundvallarstefnubreytingu til.

Sennilega verður ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar fyrst og fremst minnst fyrir tvennt á sviði utanríkismála. Það er í fyrsta lagi fyrir að vera mesta hermangs- og hernaðaruppbyggingarríkisstjórn í sögu íslenska lýðveldisins og í öðru lagi verður ríkisstjórnarinnar minnst fyrir ótrúlega fylgispekt við harðlínu vígbúnaðarsinna, hina hörðu hauka í kjallaraliði Ronalds Reagans í Hvíta húsinu. Sú fylgispekt hefur m.a. birst í stuðningi við tilraunasprengingar Bandaríkjamanna og í andstöðu við kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ef svo heldur fram sem horfir verður fylgispekt íhalds- og hermangsaflanna hér til þess að Ísland verður klofið frá hinum Norðurlöndunum á næsta kjörtímabili.

Ég hef lagt fram í Nd. Alþingis ásamt með fimm öðrum þingmönnum úr þremur flokkum frv. til laga um að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, banna tilraunir og hvers kyns meðhöndlun slíkra vopna og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja um íslenska lögsögu.

Við leggjum til að Ísland, landhelgi og lofthelgi, verði alfarið og án undantekninga friðlýst og öll sérefnahagslögsagan og landgrunnið eftir því sem ýtrasti íslenskur fullveldisréttur leyfir okkur.

Og ég hlýt að spyrja: Hvort vilja menn heldur utanrrh. sem fórnar samstöðu Norðurlanda á altari fylgispektar við bandarískra hernaðarhagsmuni eða þá stefnu sem við bjóðum fram í þessu frv., stefnu afvopnunar, friðar og hlutleysis, stefnu friðlýsingar, Ísland og íslenska lögsögu án kjarnorku- og eiturefnavopna.

Góðir áheyrendur. Eftir einn og hálfan mánuð eiga 26 þúsund manns á aldrinum 18–24 ára rétt á því að kjósa til Alþingis í fyrsta sinn. Aldrei fyrr hefur svo fjölmennur hópur ungs fólks átt kost á því að leggja lóð sitt á vogarskálar íslenskra stjórnmála. Mín skilaboð til ykkar, ungu kjósendur, eru þessi: Notið rétt ykkar, kynnið ykkur málin, takið þátt og reynið með atkvæði ykkar að hafa áhrif á mótun samfélagsins í þá átt sem þið viljið. Lýðræðið er dýrmæt eign, rétturinn til að móta umhverfi sitt er ekki sjálfgefinn. Í Bandaríkjunum neytir innan við helmingur ungs fólks atkvæðisréttar síns í almennum kosningum. Slíkt áhugaleysi er hættulegt.

Alþb. vill bjóða ungu fólki á Íslandi til samstarfs um að byggja hér þjóðfélag réttlætis og félagslegs jafnaðar, þjóðfélag sanngirni og mannúðar. Og Alþb. vill að Íslendingar framtíðarinnar búi í herlausu og hlutlausu landi, friðlýstu fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Meginlínur íslenskra stjórnmála nú, einum og hálfum mánuði fyrir kosningar, eru skýrar. Sjálfstfl. leggur kapp á og virðist reyndar ganga að því sem vísu að hann verði áfram í ríkisstjórn. Og hvað veldur þeirri vissu og þeirri sjálfumgleði Þorsteins Pálssonar með plastspjöldin? Jú, vissan um það að hvort sem heldur er framsókn eða Alþfl., eða báðir ef með þarf, séu reiðubúnir til að fara í ríkisstjórn. Þetta er því miður deginum ljósara. Framsókn og kratar eru ekki bara komnir með tal, eins og sagt var í sveitinni. Þessir flokkar eru hvor sem annar bálýxna í stjórnarsamstarf með íhaldinu.

Hafa menn heyrt Steingrím Hermannsson tala mikið um það nú að „allt sé betra en íhaldið"? Nú virðist þessi formaður frekar og þvert á móti starfa eftir reglunni: ekkert er eins gott og ekkert er mér eins kært og íhaldið. Eða Jón Baldvin? Hvað er efst á hans óskalista? Það að vera forsrh. í samstjórn með Sjálfstfl. og ef hann fær það ekki vill hann næsthelst vera utanrrh. í nákvæmlega eins ríkisstjórn. Það má í raun og veru einu gilda hvort menn kjósa höfuðbólið eða hjáleigurnar í þessu tilfelli, Sjálfstfl. eða framsókn eða krata. Eina mótvægið, eini valkosturinn sem knúið getur fram breytingar er Alþb. Nýir eða fleiri smáflokkar eða klofningsframboð munu ekki verða íhaldsandstöðunni til framdráttar. Kosningasigrar Alþb. hafa ætíð og réttilega verið lesnir af miðjuflokkunum sem krafa um vinstri stefnu. Krafa um breytingar kemur fram í kosningasigri Alþb.

Það er von mín og trú að sú rödd sem kallar til breytinga í íslenskum stjórnmálum í komandi kosningum á öndverðu sumri verði sterk. Ég óska tilheyrendum árs og friðar með hækkandi sól og býð góðar stundir.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrst ein lítil kveðja til félaga míns úr Reykjaneskjördæmi, Ólafs G. Einarssonar, sem ég hef átt ágætt samstarf við um málefni kjördæmisins eins og aðra Reykjanesþingmenn. Hann notaði tækifærið enn einu sinni til að reyna að spyrða saman Kvennalistann og Alþb. Þetta er nú orðið svolítið lasið, hv. þm., og sýnir það eitt að höggstaðinn er erfitt að finna. Við látum okkar slíkar sendingar í léttu rúmi liggja og treystum kjósendum til að kynna sér stefnumið og vinnubrögð. Þeir sjá muninn.

8. jan. s.l. komum við saman í útvarpssal fulltrúar þingflokkanna, þ.e. formenn gömlu flokkanna og sú sem hér talar. Umræðuefnið var staðan í stjórnmálunum við upphaf kosningabaráttu. Blessaðir formennirnir voru ábúðarmiklir og samkvæmt viðtekinni venju með efnahagsvandann á herðum sér

því það er nú svo með þennan efnahagsvanda, sem hefur haft forgang í stjórnmálum svo lengi sem elstu menn muna, að alltaf vantar mikið á að hann leysist þótt aldrei sé hörgull á lausnarorðum í munni stjórnmálamanna. Þeir skyldu þó ekki hugsa málin frá öfugum enda? Ætli það geti ekki verið að á því sviði sem öðru skorti ný tök, ný sjónarmið, nýja lífssýn. Kvenlega lífssýn.

Og á hvern hátt gæti kvenleg lífssýn bætt nýjum þætti í stjórnunarvefinn? Hvaða sjónarmið geta konur lagt til sem krydd í efnahagsgrautinn? Jú, konur spyrja annarra spurninga en karlar þegar móta þarf stefnu, hvort sem er í efnahagsmálum eða öðrum málum. Þær spyrja um áhrif á fjölskyldu og heimili. Fólk er þeim meira virði en snyrtilegar tölur á blaði. Samábyrgð er þeim rík í huga. Þær bera rétt hins veikari fyrir brjósti og þær eru ekki tilbúnar til að stefna afkomu heimilanna í voða fyrir stundarhagnað. Kvenlega kryddið gæti þess vegna heitið „Fjölskyldan í fyrirrúmi".

Í fyrrnefndum útvarpsþætti sagði ég að Kvennalistinn mundi áfram sem hingað til leggja höfuðáherslu á bættan hag kvenna og barna, hjá okkur yrði fjölskyldan í fyrirrúmi og ég lýsti því yfir að vegna stefnu ráðandi afla í þjóðfélaginu væri fjölskyldan í hættu. Formennirnir ábúðarmiklu ætluðu að leiða þetta hjá sér og halda áfram að kýta á gömlu nótunum. Stjórnandi þáttarins var sem betur fer á verði og knúði þá til að eyða nokkrum orðum um þetta efni. Því miður stóð það ekki lengi, en þetta er eitt dæmið um það hvernig Kvennalistanum hefur oft tekist að breyta umræðunni og þetta finnur fólk.

Ég var nýlega á fundi á Sauðárkróki þar sem verið var að kanna jarðveginn fyrir kvennalista. „Ég get ekki sagt það hér og nú að ég mundi kjósa Kvennalistann", sagði ein konan á fundinum, „en ég vil fá Kvennalista í þetta kjördæmi eins og annars staðar því það mundi breyta umræðunni."

En hvað á ég við með því að fjölskyldan sé í hættu? Hver er staða fjölskyldunnar nú í góðærinu mikla? Hvað blasir við ungu fólki sem er að koma úr löngu og erfiðu námi og vill stofna eigið heimili? Hvernig tekur þjóðfélagið á móti börnunum sem eiga að erfa landið og hvers konar þjóðfélag er það sem fóstrar ofbeldi, misrétti og kúgun hins smáa og hrekklausa? Ég hika ekki við að segja að spjótin beinast að fjölskyldunni úr öllum áttum. Stefna stjórnvalda í launamálum, húsnæðismálum og skattamálum hefur kippt stoðunum undan fjölmörgum heimilum og leitt af sér bæði upplausn og óhamingju og svipt unga fólkið trú á framtíðina.

Alexander Stefánsson félmrh. hóf þessa umræðu hér í kvöld og talaði af myndugleika um afrek sín í húsnæðismálum. Ekki getur Kvennalistinn tekið undir þann lofsöng, enda er mér til efs að ráðherrann sé jafnánægður með verk sín og hann lætur.

Ein aðalástæða vinnuþrælkunar hér á landi er einmitt hve fólki reynist erfitt að koma sér upp þaki yfir höfuðið og það hefur versnað í tíð ríkisstjórnar framsóknar- og sjálfstæðismanna. Lág laun og háir vextir valda því að almennt launafólk hefur tæpast lengur ráð á lágmarkshúsnæði. Húsnæðislöggjöfin tekur á engan hátt tillit til fjölskylduaðstæðna. Allir fá jafnhátt lán, hvort sem þeir eru með litla eða stóra fjölskyldu, hvort sem þeir þurfa að minnka við sig eða stækka. Og það er ekki bara í lánakerfinu sem fjölskyldan verður út undan. Framlög ríkisins í gegnum skattakerfið eru viðamikil til húsnæðismálanna. Samkvæmt frv. til nýrra skattalaga, sem nú er til meðferðar hér á þinginu, fá allir sama skattaafslátt, en aðeins þegar þeir kaupa í fyrsta sinn. Barnafjöldi og þar með þörf fyrir meira húsrými hefur engin áhrif. Þeir sem hvorki geta né vilja leggja á sig þá vinnuþrælkun sem húsnæðisbaslinu fylgir eða geta náð endum saman þrátt fyrir vinnu myrkranna á milli hafa ekki í neitt hús að venda. Aðeins lítill hluti þeirra sem sækja um verkamannabústaði fær þar úrlausn. Við mörgum fjölskyldum blasir ekkert nema upplausn og vergangur.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt megináherslu á aukið framboð leiguhúsnæðis. Á því sviði hefur félmrh. ekki komið öðru í verk en að láta kanna þörfina fyrir leiguhúsnæði, könnun sem auðvitað staðfesti það sem við höfum alltaf sagt. Víða á landsbyggðinni stendur skortur á leiguhúsnæði atvinnulífi fyrir þrifum og á það sinn stóra þátt í misvæginu í byggð landsins.

Lánsfé húsnæðiskerfisins kemur að stærstum hluta frá lífeyrissjóðunum. Framlag ríkisins til þess er í engu samræmi við það sem nauðsynlegt er til að fullnægja lágmarksþörf fyrir íbúðarhúsnæði í landinu. Framlög til félagslegra íbúðabygginga og leiguíbúða hafa farið stöðugt lækkandi. Vandanum er vísað til framtíðarinnar. Húsnæðismálin eru enn óleyst. Það er þörf nýrra viðhorfa.

Kvennalistinn vill að þarfir fjölskyldunnar verði hafðar að leiðarljósi við stefnumótun í húsnæðismálum. Við viljum hverfa frá þeirri eignaríbúðarstefnu sem ríkt hefur hér á landi svo fólk hafi frelsi til að velja hvort það býr í eigin húsnæði eða leigir. Við viljum leggja áherslu á félagslegt íbúðarhúsnæði og stórauka framboð á leiguhúsnæði, bæði á vegum hins opinbera og á vegum félagasamtaka. Við viljum breyta lánskjörum fyrir þá sem eignast vilja eigið húsnæði þannig að framlag ríkisvaldsins í formi vaxtaniðurgreiðslna eða skattaafsláttar komi þeim til góða sem þurfa þess helst með.

En fjölskyldan á víðar í vök að verjast en í húsnæðismálunum. Langur vinnutími og óhóflegt vinnuálag hefur eyðilagt eðlilegt fjölskyldulíf allt of margra. Sameiginlegar tómstundir eru fáar og truflaðar af glamri afþreyingariðnaðar sem engum verðmætum skilar þótt formaður Sjálfstfl. haldi að með honum fái almenningur sína æðstu drauma uppfyllta, að ógleymdum krítarkortunum.

Geysileg mótsögn er í viðhorfum til barneigna í þjóðfélaginu. Sjálfsagt þykir að fólk eignist börn, en þegar þau eru fædd er þjóðfélagið þeim fjandsamlegt. Fæðingarorlof er allt of stutt og illa þokkað af

atvinnurekendum. Barnabætur og meðlagsgreiðslur eru skornar við nögl, dagvistir svo til eingöngu fyrir forgangshópa, skóladagur sundurslitinn og sums staðar tíðkast jafnvel nútímafráfærur þar sem börn allt niður í sjö ára verða að dveljast í heimavistarskólum í lengri eða skemmri tíma. Fóstrum og kennurum er ætlað æ stærra hlutverk í uppeldi einstaklinganna án þess að hið opinbera fáist til að meta það til launa eða búa þeim sómasamlegar starfsaðstæður. Á undanförnum árum hefur verið sótt að skólakerfinu og það rifið niður í stað þess að byggja það upp. Fíkniefnaneysla fer vaxandi og ofbeldi verður æ grófara.

Þetta er ekki fögur mynd, en hún er því miður sönn. Við getum ekki leyft þeim sem ráða að loka augunum og eyrunum og stinga höfðinu í sandinn. En hvers vegna er ástandið svona? Vita menn ekki, skilja menn ekki, geta menn ekki eða vilja menn ekki — nema það sé sitt lítið af hverju? Íslenskir ráðamenn hafa tapað áttum í talnaglímunni. Þeir eru löngu komnir úr tengslum við veruleika þeirra sem þeir eiga að vinna fyrir. Verðmætamat þeirra er bundið við krónupeninga og seðla að ógleymdum krítarkortunum. Jöfnun lífsgæða hefur strokast út úr orðabók þeirra.

Við þurfum nýtt fólk með nýjar hugmyndir og ný vinnubrögð, fólk sem getur og vill móta og framfylgja stefnu sem hefur manneskjuna og fjölskylduna í fyrirrúmi.

Góðir áheyrendur. Sólin hækkar óðum á lofti og hagsýnar húsmæður fá hreingerningarfiðring þegar sólarljósið lýsir upp fingraförin á veggjunum og sporuð gólfin. Tími vorhreingerninga er fram undan. Konur hafa alltaf kunnað að gera hreint. Karlar geta líka verið ansi duglegir. En þegar þeir gera hreint heima hjá sér heitir það „að hjálpa konunni". Þegar þeir gera hreint í atvinnuskyni fá þeir sér mikilvirkar vélar og fara sem stormsveipur yfir loft, veggi og gólf. En þeir kunna ekki að fara vel út í hornin. Þeir hreinsa ekki á bak við ofnana og þeir laga ekki til í skápunum. Þeir skipta ekki um mold í blómapottunum og þeir viðra ekki bækurnar. Þeir geta verið ansans ári röskir, en þá skortir kvenlega natni. Þeir kunna ekki að nostra. Það verður alltaf eftir skúm í skotum.

Það þarf að gera hreint víða á þessu vori. Við skulum viðra almennilega út á stjórnarheimilinu, hleypa út vindlareyknum og leyfa nýrri lífssýn að blómstra þar í fersku andrúmslofti.

Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góðar stundir.

EFRI DEILD

60. fundur, föstudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Vísitala byggingarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál. — Þskj. 866.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar á þskj. 866. Þetta frv. er flutt að beiðni hagstofustjóra í tengslum við þá endurskoðun sem Hagstofan vinnur að á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar. Um vísitölu byggingarkostnaðar eru nú í gildi lög nr. 18/1983. Núgildandi grunnur vísitölunnar, sem tekinn var upp með þeim lögum, er frá 1982 og hefur grunntöluna 100 miðað við verðlag í desember á því ári. Í 5. gr. þeirra laga er kveðið á um að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort byggingarhættir hafi breyst svo að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölunnar. Í samræmi við þessi ákvæði hafði Hagstofan stefnt að því að endurskoða vísitöluna á þessu ári. Er nú reiknað með að taka megi upp nýjan vísitölugrunn 1. júlí miðað við verðlag í júní. Sú endurskoðun sem nú er unnið að er gerð í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins auk þess sem leitað hefur verið til ýmissa sérfróðra aðila á sviði byggingarmála um upplýsingar og ráðgjöf.

Við þessa endurskoðun er miðað við sömu gerð íbúðarhúsnæðis og í núgildandi grundvelli, en endurskoðunin nær til allra þátta vísitölunnar, jafnt til efnisliða sem launaliða.

Í frv. þessu felast í meginatriðum tvenn nýmæli og má segja að önnur séu formleg en hin efnisleg. Sé fyrst vikið að formhliðinni hefur reikningur opinberra verðvísitalna allt frá 1939 verið háður sérstökum lögum sem kveðið hafa á um grundvöll þeirra, útreikningstíma og um tengingu við eldri vísitölur eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Lögin um vísitölu byggingarkostnaðar, sem gilt hafa frá því á árinu 1983, fjalla að verulegu leyti um upptöku nýs grundvallar fyrir vísitöluna sem þá var í bígerð, um útreikningstíma hennar, gildistíma og tengingu við eldri vísitölur. Jafnframt eru ákvæði um reglubundna endurskoðun vísitölugrundvallarins á fimm ára fresti.

Í því frv. sem hér er mælt fyrir er hins vegar lagt til að í stað tiltölulega tímabundinna laga eins og þeirra sem nú gilda verði sett um vísitöluna ótímabundin löggjöf sem kveði á um meginreglur við gerð vísitölunnar og útreikning hennar. Þessar meginreglur eru svipaðar og beitt hefur verið til þessa og felast í gildandi lögum. Þannig er áfram gert ráð fyrir að grunnur vísitölunnar verði miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis og ákveðinn í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Í þessu felst engin breyting frá því sem verið hefur önnur en sú að ákvæðin eru hér almenn í stað þess að miðast við tiltekinn grunn eða tiltekna endurskoðun vísitölunnar. Á sama hátt og nú gildir er og lagt til að kveðið verði á um að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta endurskoða grundvöll vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og breytingum á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga.

Þá er enn fremur lagt til að sett verði almenn

ákvæði um að Hagstofan skuli ákveða og birta hvernig ný vísitala skuli tengd eldri vísitölum. Slíkar ákvarðanir eru óhjákvæmilegar, en jafnframt eru þær fyrst og fremst tæknilegar og því er ástæðulaust að um þær séu sett lagafyrirmæli í hvert skipti sem grunnur vísitölunnar er endurnýjaður.

Meginefnisbreytingin sem tillaga er gerð um í þessu frv. kemur fram í 2. gr. þess, en þar er lagt til að vísitalan skuli reiknuð mánaðarlega og gilda í einn mánuð í senn. Í gildandi lögum segir að vísitalan skuli reiknuð á þriggja mánaða fresti og gilda í þrjá mánuði í senn. Í reynd er vísitalan þó reiknuð mánaðarlega og er enginn munur á þeim útreikningum sem fram fara í hinum lögboðnu fjórum mánuðum og í öðrum mánuðum ársins. Hinn mánaðarlegi útreikningur byggist á tvennu, annars vegar á lagafyrirmælum um mánaðarlegan útreikning lánskjaravísitölu, en hún byggist að þriðjungi á vísitölu byggingarkostnaðar. Hins vegar er það orðin almenn skoðun að helstu verðvísitölurnar, vísitala framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar skuli reiknaðar mánaðarlega til þess að sem mest vitneskja fáist um breytingar verðlags í landinu. Í þessu sambandi má enn fremur hafa í huga að lagaákvæði um útreikninga á þriggja mánaða fresti hafa alls ekki komið í veg fyrir að beitt væri öðrum og tíðari verðbótaákvæðum í verksamningi. Þó er hinum mánaðarlegu vísitölum Hagstofunnar lítið beitt í þessu skyni, enda hafa þær ekki lagastoð og algengast er að beitt sé svonefndum línulegum útreikningum við ákvörðun mánaðarlegra verðbóta. Þessi aðferð er þó miklu síðri og ótryggari en að fylgt sé mánaðarlegum vísitölum. Því má ætla að hljóti tillagan í 2. gr. samþykki og vísitalan verði reiknuð út mánaðarlega samkvæmt fyrirmælum laga verði hinir línulegu útreikningar óþarfir og þeim hætt.

Tillagan um mánaðarlegan útreikning gerir að verkum að nauðsynlegt er að kveðið sé á um hvernig fara skuli með skuldabréf og samninga sem kveða á um verðbætur samkvæmt eldri lögum um vísitölu byggingarkostnaðar. Því er í ákvæðum til bráðabirgða lagt til að ákvæði frv. um mánaðarlegan útreikning á gildistíma breyti ekki gildi ákvæða um verðbætur sem miðast við eldri lög um vísitöluna. Sé ekki um annað samið skuli þess háttar verðbætur því miðast við þær vísitölur sem gilda í sömu mánuðum og hinar lögformlegu vísitölur samkvæmt eldri lögum og gilda í þrjá mánuði í senn.

Frú forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um efnisákvæði frv., og vísa að öðru leyti til skýringa sem fram koma í athugasemdum, en leyfi mér að óska þess að málið fái skjóta afgreiðslu hér í hv. deild þannig að það megi verða að lögum fyrir þinglok því að málið er að efnisinnihaldi tiltölulega einfalt. Meginbreytingin sem í því felst, eins og fram hefur komið, byggir á því að útreikningurinn verði lögformlega á mánaðar fresti en ekki á þriggja mánaða fresti.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 563, n. 855, brtt. 856.

Frsm. menntmn. (Haraldur Ólafsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál á sér alllangan aðdraganda. Það eru nú nær tíu ár liðin síðan þáverandi menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson skipaði nefnd til að endurskoða gildandi ákvæði um Rannsóknaráð ríkisins og samkvæmt skipunarbréfi var þeirri nefnd ætlað einnig að endurskoða lög um Vísindasjóð og hvort tiltækilegt mundi að fela stjórnum deilda Vísindasjóðs verkefni eða hlutverk Rannsóknaráðs hvors á sínu sviði.

Það voru reyndar tvær nefndir sem skipaðar voru og skilaði önnur nefndin áliti þegar 1981 en hin síðari 1982 og voru þær tillögur síðan grundvöllur að því frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur þegar í framsöguræðu hæstv. menntmrh. verið gerð grein fyrir starfi þessara nefnda þannig að ég fer ekki lengra út í það. Hins vegar vil ég undirstrika að það frv. sem hér liggur fyrir er vissulega málamiðlun og ber þess ýmis merki.

Menntmn. þessarar hv. deildar fjallaði allítarlega um þetta frv. og sendi það nokkrum aðilum til umsagnar, öllum deildum Háskólans, stjórn Vísindasjóðs, iðnrn. samkvæmt sérstakri ósk, Vinnuveitendasambandi Íslands og reyndar fleiri aðilum. Svör bárust frá öllum deildum Háskólans nema lagadeild. Einnig barst mjög jákvæð umsögn frá stjórn Vísindasjóðs og einnig frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Hins vegar hefur þrátt fyrir framlengingu á afgreiðslufresti ekki enn borist svar frá iðnrn.

Það þótti ekki ástæða til að kalla mjög marga til skrafs og ráðagerða á fundi nefndarinnar. Þó komu þangað þeir Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Valdimar K. Jónsson prófessor, forseti verkfræðideildar Háskólans. Gáfu þeir allglöggar upplýsingar um tilurð frv. og þær umræður og vangaveltur sem menn einkum höfðu uppi um það þegar mál þetta var í undirbúningi. Mæltu þeir allir eindregið með því að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, en forseti verkfræðideildar gerði þó nokkrar athugasemdir við frv., einkum þó þær að tæknivísindum, þ.e. rannsóknum í tækni og verkfræði, væri hugsanlega ekki gert nógu hátt undir höfði.

Það þarf varla að taka fram að í þeim álitsgjörðum

sem bárust frá deildum Háskólans var víðast hvar látið í ljós að styrkja þyrfti einmitt þær rannsóknir sem fram fara á sviði viðkomandi deildar og eru það að sjálfsögðu ekki nema eðlileg viðbrögð. Allir vilja sinn hlut sem mestan og ekki nema gott eitt um það að segja að menn bendi á kosti og galla slíkra mála.

Hins vegar virtist nefndinni að þrátt fyrir ýmsar ábendingar og athugasemdir væri viðurhlutamikið að tefja framgang þessa máls með því að hefja viðræður við allmarga aðila um hugsanlegar breytingar. Það hefði frestað málinu a.m.k. um eitt ár og vafasamt, eftir þá miklu vinnu sem þegar er búið að leggja í þetta frv., að það hefði borið jákvæðari árangur en það frv. sem hér liggur fyrir.

Það má segja að allir þeir aðilar sem til var leitað hafi skilað jákvæðri umsögn þó svo að athugasemdir væru gerðar við einstök atriði.

Í áliti heimspekideildar Háskóla Íslands kom fram talsvert af þeirri gagnrýni — eða eigum við að segja komu fram allmargar af þeim athugasemdum sem þegar höfðu komið fram við 1. umr. í þessari hv. deild, m.a. hafði ég látið í ljósi vissar efasemdir um það efni, þ.e. skiptinguna í hagnýt viðfangsefni og þau sem hugsanlega væru ekki hagnýt. Það er enginn vafi á að það er ekki með öllu til góðs að hafa slíka stranga skiptingu. Það er mjög erfitt að flokka rannsóknir þannig niður að óyggjandi sé að þær hafi einhvern hagnýtan árangur í för með sér og eins er það svo með margar rannsóknir að mjög erfitt er að segja til um hvað mun skila einhverju jákvæðu og hvað ekki.

Mín skoðun er sú að rannsóknastarfsemi hljóti eftir því sem mögulegt er að vera frjáls að því leyti að einstaklingar, deildir og rannsóknastofnanir verði að meta hvað æskilegast er að kanna hverju sinni án þess að unnt sé að benda á beinlínis hagnýtan árangur svo óyggjandi sé af slíkum rannsóknum.

Þá kom einnig fram í athugasemdum heimspekideildar að varhugavert væri að setja hér á stofn tvær stofnanir í stað einnar sem duga mundi. Leggur deildin til að Vísindaráð og Rannsóknaráð verði ein stofnun, en deildaskipting innan þess verði í meginatriðum sú sem Háskóli Íslands hefur á deildum sínum.

Ég held að það sé tómt mál að fara út í miklar umræður eða koma með brtt. um þetta efni þó svo að ýmsir hafi bent á þetta, einfaldlega vegna þess að það frv. sem hér liggur fyrir hefur þegar verið ítarlega rætt af þeim stofnunum sem það snertir og ég held að tíminn verði að leiða í ljós hvort sú skipan sem hér er lögð til sé ekki vel fær. Hins vegar, komi í ljós að það skapi vandkvæði, er hægurinn hjá að breyta því, en ég á ekki von á öðru en að sú skipan sem hér er lagt til að verði hafi líka ýmsa kosti, m.a. þá að það eru fleiri aðilar, sem hér eiga hlut að máli, sem koma til með að fjalla um þær rannsóknir og þau vísindastörf sem þessum stofnunum er ætlað að styrkja þannig að í stað mjög fjölmennrar stofnunar með þungri stjórnun ætti að koma virkari stjórnun á þessi mál.

Í athugasemdum verkfræðideildar segir fyrst að hún fagni þessu frv. og leggur eindregið til að það verði samþykkt, telur samt sem áður að það verði að styrkja stöðu verkfræðideildar og efla tæknirannsóknir. Það er hið sama og kom fram í máli prófessors Valdimars K. Jónssonar á fundi nefndarinnar. Einnig er bent á það, sem fleiri hafa gert, að í 18. gr. í tölul. 1 segir einungis að tekjur Rannsóknasjóðs skuli vera fjárveiting á fjárlögum ár hvert. Sumir hafa talað um að það þyrfti að hafa ákveðna prósenttölu, t.d. af fjárlögum eða einhverju slíku, en það er mjög erfitt að koma slíku við og ekki víst að við sætum uppi með betri Rannsóknasjóð ef á ári hverju væri samþykkt hin kunnu ákvæði um að þrátt fyrir ákvæði laganna o.s.frv. skal einungis þetta veitt til hinna ákveðnu verkefna.

Raunvísindadeild gerir einnig nokkrar athugasemdir, telur frv. þó til mikilla bóta. Athugasemdirnar eru einkum varðandi stjórnun og fyrirkomulag hinna einstöku deilda, en þó er í athugasemdum raunvísindadeildar mjög ákveðin tillaga sem ég held að sé ekki hægt að taka til greina varðandi þetta frv. Það er um að einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands falli niður.

Einkaleyfisgjaldið hefur verið notað til þess að byggja yfir rannsóknastofnanir atvinnuveganna og helgast af því að Happdrætti Háskólans var lengi vel eina peningahappdrættið í landinu, en nú eru önnur komin til og er þá vissulega til íhugunar hvort ekki eigi að fella þetta gjald niður. En það er í raun önnur saga.

Í mjög jákvæðri umsögn guðfræðideildar er eindregið óskað eftir því að deildin fái beina aðild að deildum Vísindaráðs til jafns við aðrar deildir. Jafnframt lýsir hún áhyggjum sínum vegna þess að hugsanlega sé þrengt að hugvísindum með þessu frv.

Háskólaráð hefur einnig gert samþykkt þar sem eindregið er hvatt til þess að sú breyting verði gerð á frv. að guðfræðideild fái aðild að deildum Vísindaráðs eins og aðrar deildir Háskólans og hefur það verið tekið upp í brtt. frá nefndinni.

Frá stjórn Vísindasjóðs barst mjög jákvæð umsögn og engar meiri háttar athugasemdir gerðar þar.

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands barst einnig umsögn. Þar segir að stýring fjármuna og öll stjórn stofnana þurfi að vera mun markvissari en frv. miðar að og hvetur það til þess að meiri tími gefist til að gaumgæfa frv. Því miður hefur mér ekki tekist að ná í framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins til að fá nánari skýringar á því hvað við er átt í umsögn hans, en athugasemdirnar eru það almennt orðaðar að nefndinni þótti ekki tækt að að taka þær til sérstakrar athugunar.

Lagadeild treystist ekki til að gefa umsögn og vísar til bréfs forseta lagadeildar frá 11. febr. 1983 til allra forseta Alþingis þess efnis að þeir beiti sér fyrir því að umsagnarbeiðnir þingnefnda um lagafrv. verði bornar fram við einstaka kennara lagadeildar sem kynnu að taka að sér verk með samkomulagi

hverju sinni. Síðan segir: „Lagadeild sem stofnun getur því miður ekki orðið við slíkum beiðnum.“ Og síðan heldur áfram: „Á hinn bóginn er um þetta mál og önnur hliðstæð erindi vakin athygli á nýstofnuðum gerðardómi og þjónustumiðstöð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Vafalítið mætti semja við þjónustumiðstöðina um verkefni af þessu tagi.“ Um þetta er ekki fleira að segja.

Frá tannlæknadeild barst einnig umsögn þar sem eindregið er hvatt til þess að frv. verði samþykkt, en jafnframt eru þar athugasemdir um fyrirkomulagsatriði sem eru varðandi valdsvið deildarstjórna og er ekki neitt sérstakt um það að segja. Það er til að styrkja frumkvæði í vísindastefnu í deildunum, taka skýrar fram um það. Hins vegar leggur tannlæknadeild til að málsgr. í 10. gr., þ.e. síðasti hlutinn, falli út, þar sem segir: „Hluta af árlegum peningatekjum Vísindasjóðs skal samkvæmt ákvörðun stjórnar Vísindasjóðs leggja í sérstakan sjóð er nefnist stofndeild Vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má ekki skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé til almennrar starfsemi sjóðsins.“ Tannlæknadeild segir um þetta atriði að æskilegra sé að verja tekjum Vísindasjóðs strax til rannsókna fremur en að nýta þær til sjóðsmyndunar. Við höfum ekki séð okkur heldur fært að taka þetta inn frekar en margar aðrar athugasemdir.

Ég held að það sé alveg augljóst mál, bæði af umsögnum háskóladeilda og Vísindasjóðs og eins viðtölum við þá sem hafa átt mikinn þátt í að móta þetta mál og eins af viðræðum við einstaka aðila innan Háskóla Íslands og í rannsóknastofnunum, að það sé einróma álit að þetta frv. sé til mikilla bóta þótt það sé með það eins og önnur manna verk að margt hefði þurft að athuga og menn séu ekki sammála um öll atriði og því beri að samþykkja þetta. Það sé svo stórt skref fram á við að ekki sé hættandi á að tefja málið meira en orðið er. Eftir að það hefur verið að velkjast, getum við sagt, um tíu ára skeið held ég að það sé mikilvægt að fá þetta frá. En til þess að unnt sé að taka málið upp í ljósi fenginnar reynslu hefur nefndin leyft sér að bera fram þá till. um ákvæði til bráðabirgða að frv. skuli endurskoða innan fimm ára.

Ég held að allar umræður og öll tortryggni eða hvað eigum við að segja, sá ótti við togstreitu milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna muni ekki skaða þetta frv. Það hlýtur alltaf að vera togstreita um fjármagn til rannsókna og yfirleitt til allrar æðri menntunar og vissulega til allra hluta. Gert er ráð fyrir að allmargir aðilar fái aðild að þessum sjóðum. Hinar þrjár deildir verði allsjálfstæðar og geti nýtt það fjármagn sem þær hafa til umráða á sem bestan hátt fyrir þau fræðasvið sem þeim er ætlað að annast. Einnig er ríк áhersla lögð á samstarf og þátttöku í alþjóðasamstarfi í rannsóknum og vísindum og einnig gert ráð fyrir að allt það sem þarna er unnið sé ekki bara opinberað þeim sem hlut eiga að máli, heldur séu þetta opnar stofnanir, þar sem þjóðin öll fær að fylgjast með því sem fram fer. Það geti verið til þess að auka áhuga manna og efla áhuga manna á rannsóknum á vísindastarfsemi og opna augu manna fyrir því að hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir svokallaðar séu í raun og veru óaðskiljanlegur hluti alls vísindastarfs.

Ég vil því eindregið mælast til þess að þetta frv. nái fram að ganga hér í hv. deild og að rannsóknastarf í landinu eflist við þetta frv. Vísindin efla alla dáð, orti Jónas og bætti við: orkuna styrkja, viljann hvessa. Við gætum kannske haft það að yfirskrift allrar slíkrar starfsemi.

Við höfum í nefndinni orðið sammála um að flytja brtt. Ég hef þegar nefnt eina, en við höfum leyft okkur að flytja brtt. við 5. gr. c-lið, en efni þeirrar brtt. er að guðfræðideild fái aðild að stjórn hug- og félagsvísindadeildar, en hins vegar verði aðeins einn aðili tilnefndur af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda, þ.e. að fækka um einn þar og fær guðfræðideild þá samkvæmt okkar tillögu annan þeirra.

Þá er smávægileg breyting gerð við 6. gr. Þriðja setningin hljóðar svo: „Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að fengnum tillögum ráðsins.“ Við leggjum til að orðin „að fengnum tillögum ráðsins“ verði felld niður, enda er það í samræmi við það sem segir í 15. gr. um Rannsóknaráð, þar sem segir: „Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.“

Þá gerum við brtt. við 18. gr. um að síðasti málsl. 2. mgr. falli brott. Þar segir að ráðið ákveði styrkveitingar og síðan falli út orðin „Þær skulu háðar samþykki menntmrh.“ Þetta er til þess að auka sjálfstæði rannsóknarsjóðsins.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Nefndin er sammála um afgreiðslu þessa máls með þeim brtt. sem ég hef hér lýst og kynntar hafa verið hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 856,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 856,2 (ný 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
7.–17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 856,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
19.–23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 856,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, 2. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 715 (sbr. 545), n. 879, brtt. 880.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. um frv. til jarðræktarlaga. Eins og deildarmönnum er væntanlega fullljóst hefur þegar verið fjallað um málið í Nd. og þar af leiðandi eru ekki miklar brtt. á kreiki við frv. af hendi landbn. Ed. Alþingis. Nefndarmenn hafa undirritað nál., Eiður Guðnason að vísu með fyrirvara og fjarstödd við afgreiðslu málsins var Kolbrún Jónsdóttir, en að öðru leyti var nefndin sammála um afgreiðslu þessa máls.

Það er að sjálfsögðu óþarfi að fara um þetta mál mörgum orðum hér, sérstaklega vegna þess að fyrir tveimur árum síðan var gerð breyting á jarðræktarlögunum, sem var nokkuð víðtæk, en með því að tími var þá naumur til að fjalla um málið ítarlega og búnaðarþing hafði ekki lokið afgreiðslu þess, þá var sú breyting einungis gerð til tveggja ára. Þannig að ef lögunum hefði ekki verið breytt núna, þá hefðu upphaflegu lögin, eins og þau voru frá árinu 1971 að því er mig minnir, tekið gildi. Af þessari ástæðu er mönnum væntanlega nokkuð ljóst hvernig þessum breytingum er háttað.

Það er kannske vert að minna aðeins á það hér að í sambandi við jarðræktarframkvæmdir hafa orðið gífurlega miklar breytingar á s.l. árum. Það hefur dregið mjög mikið úr framkvæmdum vegna verkefna sem tengjast hefðbundnum landbúnaði, í mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu, en aftur á móti hafa aukist framlög til þeirra þátta í jarðræktarlögunum, sem sérstaklega snerta hagræðingu og nýjar búgreinar. En þegar til heildarinnar er litið hafa jarðræktarframlög frá árinu 1984 gengið saman um 108 millj. kr. og er það að sjálfsögðu einvörðungu sparnaður gagnvart þessum fyrri hefðbundnu verkefnum.

Það er ástæða til þess að þetta komi fram, ekki síst vegna þess að þær raddir voru uppi að það bæri að afnema jarðræktarlögin og leggja niður þann stuðning sem landbúnaðurinn hefur fengið á grundvelli þeirrar löggjafar allt frá árinu 1923 og má reyndar víða sjá merki þess. Sú leið var hins vegar farin, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt um, að breyta heldur framleiðslustefnunni í landbúnaði, sem síðan hefur að sjálfsögðu leitt mjög til breyttra áherslna í starfi bændanna í landinu og kemur m.a. fram í því að mjög hefur dregið úr framkvæmdum í hefðbundnum landbúnaði.

Við umfjöllun á síðasta búnaðarþingi og í framhaldi af því við afgreiðslu landbn. á þessu máli komu fram ábendingar um nokkrar breytingar. Tvær þessara breytinga eru í raun og veru nýjung. Það er breyting í sambandi við gróðurhúsarækt, en eins og menn vita er grænmetisrækt mjög í vexti í okkar landbúnaði um þessar mundir og vissulega ástæða til þess að styðja þar frekar að umbótum en þegar hefur verið gert.

Af þessari ástæðu leggur nefndin fram brtt. á þskj. 880, sem er við VIII. lið 10. gr. frv. og eru þær breytingar bæði við a-lið og b-lið, þ.e. að stærðarmörk í uppeldishúsum færist úr 150 m^2 í 200 m^2 og síðan er b-lið einnig breytt, þannig að þar komi breytt orðalag og stærðarmörkin færist upp í 300 m^2. Síðan bætist við einn stafliður, sem er til að styrkja kolsýrugjöf í gróðurhúsum, en það er algjör nýjung.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að orðlengja þetta frekar en skal, ef óskað er, gefa hér frekari skýringar.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Þar sem ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara þykir mér rétt í örfáum setningum að gera grein fyrir því í hverju hann er fólginn. Hann er í sjálfu sér ekki fólginn í andstöðu við það sem hér er verið að gera, en minn fyrirvari varðar m.a. það sem segir í 5. gr.:

„Héraðsráðunautar skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbrh. tölu þeirra og starfssvæði." Ég held að þetta eigi að vera með öðrum hætti. Ég hef tilhneigingu til að líta á a.m.k. hluta af því sem Búnaðarfélag Íslands fjallar um og starfsemi þess sem tímaskekkju og kerfisskekkju og minn fyrirvari er fólginn í þessu.

Varðandi þær brtt. sem hv. 11. landsk. þm. mælti hér fyrir, þá lýsi ég stuðningi við þær, sérstaklega það sem varðar að auka eða lengja ræktunartíma grænmetis, sem ég held að sé mjög brýnt mál, en hins vegar hefur kannske á það skort að fyrir lægju upplýsingar um það hvort hér væri um svo viðamiklar fjárfestingar að ræða að það væri nauðsyn á opinberri aðstoð til þessa. En það má rétt vera að það sé eðlilegt að mönnum sé hjálpað af stað með þessa nýjung. Ég get út af fyrir sig fallist á það. En ef þetta er jafnlítið mál og jafnhagkvæmt, þá sýnist mér að hér sé um að ræða mjög hagkvæma fjárfestingu fyrir þá sem stunda ylrækt og framleiðslu grænmetis með þeim hætti, fjárfestingu sem mundi skila sér afar fljótt. Ég bendi bara á að þetta ákvæði gæti þá komið til endurskoðunar síðar en eins og málið er vaxið nú, þá er rétt að styðja við bakið á viðleitni af þessu tagi, einkum og sér í lagi þegar þess er gætt hversu mikla erfiðleika er við að etja í hefðbundnum búgreinum, þá er viðleitni í þessa átt af hinu góða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 880 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.–20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 625, n. 877.

Frsm. heilbr.- og trn. (Salome Þorkelsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem er á þskj. 877 frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fékk til viðræðu Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðing heilbr.- og trmrn., sem var formaður þeirrar nefndar sem samdi þetta frv., og einnig fékk hún til viðræðu Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóra, sem var tilnefndur í nefndina sem samdi frv. af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Það liggur fyrir að það hefur verið lögð mikil vinna í samningu þessa frv. Fjölmargir aðilar sem málið varðar hafa ýmist komið til fundar við nefndina eða sent inn umsagnir, eins og fram kemur í grg. með frv. þar sem þeir aðilar eru allir taldir upp. Það kom fram í máli þeirra Ingimars og Sigurgeirs að samstaða er milli hagsmunaaðila um þetta frv. og það kom m.a. fram hjá fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að þetta frv. mundi auka á sjálfstæði sveitarfélaganna varðandi þá þætti sem að þeim snúa.

Það eru nokkur nýmæli í þessu frv. Þau eru talin upp í grg. með frv. og tel ég ekki ástæðu til að fara að geta þeirra, það eru 11 þættir sem eru taldir þar upp, en það sem snýr að sveitarfélögunum er skipulagsbreyting, þ.e. skipting landsins í heilbrigðiseftirlitssvæði, sem þar er um að ræða og þar hafa verið gerðar tvær breytingar, annars vegar varðandi Akranes og hins vegar varðandi sveitarfélögin í Kjósarsýslu, þ.e. Mosfellssveit og Seltjarnarnes, sem munu sameinast um heilbrigðisfulltrúa ásamt Kjalarnes- og Kjósarhreppum. Þessar breytingar eru gerðar eftir beiðni þeirrra sveitarstjórna sem þar eiga hlut að máli.

Þá má benda á aðra mikilsverða breytingu sem er um eiturefnaeftirlitið, að það sé stofnuð sérstök deild varðandi þann þátt, sem allir eru sammála um að sé mjög brýnt með tilliti til aukinnar notkunar ýmissa eiturefna í nauðsynjavörum og einnig þeirra aukaefna sem farið er að setja í matvæli.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Nefndin mælir með að það verði samþykkt óbreytt, en fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kolbrún Jónsdóttir og Árni Johnsen.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Hér er um allverulegan lagabálk að ræða, eins og hv. frsm. kom hér inn á áðan, þar sem eru mörg nýmæli sem við höfum hreinlega ekki komist yfir að skoða nægilega vel. Lagabálkurinn sem slíkur er þarfur og við erum sjálfsagt öll sammála um að það sé nauðsynlegt að endurbæta hann á ýmsan hátt.

Ég held að það sé rétt að taka það fram að okkur hefur einfaldlega ekki gefist kostur á því að kanna þetta mál nógu rækilega til þess að við getum fjallað um það, eins og fleiri mál nú á þessum dögum, af nægri þekkingu. Ég viðurkenni að sum atriði, eins og hv. frsm. kom inn á alveg sérstaklega, t.d. varðandi skipan heilbrigðisfulltrúa, geta verið mjög brýn til staðfestingar og það hreinlega kalli á það að gera eitthvað í þeim efnum. En hitt er ég jafnsannfærður um að önnur mættu gjarnan bíða betri skoðunar og jafnvel sum orka í mínum huga nokkurs tvímælis.

Ég vil þó taka það fram að frv. er greinilega vel unnið af þeirri nefnd sem undirbýr það til okkar. Það hafa margir verið kallaðir til viðtals um málið og umsagnir margra fengnar. Hitt er svo staðreynd einnig, sem ég get ekki annað en látið koma hér fram, að um sumt er frv. borið fram vegna ákveðinna stjórnunarörðugleika og árekstra innan þessarar stofnunar og það er ævinlega spurning um það hversu löggjafinn skuli grípa þar inn í. Þar þurfa aðrir aðilar að koma og leysa þau mál sem þar eru á ferðinni.

Ég segi það hins vegar að þrátt fyrir ýmislegt sem ég vildi hafa fengið að skoða betur, þá sé ég heldur ekkert hættulegt við afgreiðslu frv. og greiði því þess vegna atkvæði, en vitanlega gerir maður það með hálfum huga þegar maður hefur ekki kynnt sér öll atriði þess betur en raun ber vitni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–33. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. HS, 79. mál (tryggingaráð). — Þskj. 79, n. 892.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar. Frv. gerir ráð fyrir því að fjölga fulltrúum í tryggingaráði. Heilbr.- og trn. flytur brtt. við þetta frv. Í frv. er reyndar gert ráð fyrir því að þeir fulltrúar, sem lagt er til að bætist við tryggingaráð frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp verði þar með fullum réttindum. En eins og ég ætlaði að skýra hér frá, þá flytur nefndin brtt. þess efnis að umræddir fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar tilnefni sinn fulltrúa hvor í tryggingaráð með málfrelsi og tillögurétti.

Það er skoðun innan heilbr.- og trn. að það sé fremur styrkur að því fyrir tryggingaráð að hafa fulltrúa þessara samtaka við umfjöllun mála í tryggingaráði.

Nefndin er einhuga í afstöðu sinni til málsins og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert grein fyrir.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég vil flytja hér þakkir til hv. samnefndarmanna minna fyrir það að hafa afgreitt þetta mál með þessum hætti. Að sjálfsögðu hefði ég gjarnan viljað sjá þessa fulltrúa inni í öllu jafnréttháa kjörnum fulltrúum Alþingis, en ég tel hér vera um mjög góðan áfanga að ræða og ég veit að þau samtök sem þarna koma að og fólkið sem í þessum samtökum er kann vel að meta þessa breytingu, þessa aðstöðu sem það hefur til þess að hafa áhrif á gang mála. Ég kann vel að meta það. Og til viðbótar held ég að Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráði verði verulegur styrkur að því að fá þessa fulltrúa þarna inn til þess að leggja til og koma fram með sín sjónarmið í hinum ýmsu viðkvæmu málum sem þarna eru á ferðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 892 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 178, n. 881, brtt. 882.

Frsm. heilbr.- og trn. (Björn Dagbjartsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti heilbr.- og trn. og er nál. að finna á þskj. 881 og brtt. á þskj. 882. Nefndin fjallaði um frv. á mörgum fundum og fékk skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum eins og um getur í nál., en nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem er að finna á þskj. 882.

Mál þetta er búið að vera nokkuð lengi í fæðingu þrátt fyrir að um það hafi farið margar læknishendur. Það mun hafa verið í september 1979 sem nefnd var skipuð til að endurskoða læknalög og er því alveg ljóst að meðgöngutíminn hefur verið erfiður. Líkast til hefur oft legið við andvana fæðingu og er raunar ekki útséð um að svo verði enn.

Meðferð heilbr.- og trn. var mest í því fólgin að fara yfir ítarlegar umsagnir og ræða við málsaðila. Það er svo sem skiljanlegt að um þetta séu nokkuð skiptar skoðanir. Þetta er erfitt og viðkvæmt mál og læknastéttin stór og ekki eru alltaf allir sammála þar fremur en meðal annarra stétta. Því er ekki að neita að okkur nm. virtist sjónarmiðin stundum nær því ósættanleg og virtist oft á tíðum ekki sjást nokkur leið til þess að koma mönnum saman. Þess varð þó ætíð vart að viljinn til að fá frv. samþykkt, að fá ný læknalög, var ætíð fyrir hendi og sterkur vilji vil ég segja, og metnaður viðmælenda nefndarinnar var mikill að vel væri gert. En það er nú svo stundum að það virðist ekki vera hægt að gera öllum til hæfis og þá er auðvitað að finna málamiðlunarleið og svo hefur verið í þessu tilfelli og brtt. bera þess nokkur merki. Það getur auðvitað verið að hv. Nd. treysti sér ekki til þess að standa að samþykkt málsins á þeim skamma tíma sem eftir er og er það út af fyrir sig synd þar sem svo mikil vinna hefur verið lögð í málið og það er ljóst að það mun tefjast eitthvað ef svo fer að það nær ekki fram að ganga nú. Ég vænti þess því að það fái brautargengi í hv. Nd.

Ég vík aðeins að þeim brtt. sem nefndin hefur gert. Þær eru margar hverjar hreinlega orðalagsbreytingar og tilfærslur til betri vegar. Þar má nefna að hvarvetna sem talað er um ávana- og fíknilyf í brtt. stóð áður í upphaflegu frv. ýmist eiturlyf eða önnur heiti en samkvæmt ábendingum fulltrúa Læknafélagsins og reyndar fleiri aðila er þetta heiti þessa lyfjaflokks nú orðið fast í málinu og í hinni sérfræðilegu umræðu.

Það eru ýmis skýrari ákvæði í brtt. en voru í frv. og auðvitað er nefndin sammála um að svo sé og orðalagið betra. Í brtt. við 2. gr. er gerð tillaga um breytingu á skipun nefndarinnar sem fjalla skal um leyfi til að stunda lækningar. Hefur skipan þeirrar nefndar verið færð til fyrra horfs en í frv. sem fyrir liggur var gerð tillaga um að breyta frá því sem er í gildandi lögum.

Það er víðar sem breytt er uppsetningu til bóta. Einnig er efnisbreyting eða í öllu falli skýrari ákvæði um ábyrgð lækna í 9. og 10. gr. og í 15. gr., um afhendingu sjúkragagna, eru nokkuð skýrari og afdráttarlausari ákvæði um það með hvaða hætti sjúkraskrár skulu afhentar og er því ekki að neita að það eru þó nokkuð afdráttarlausari ákvæði en er að finna í núgildandi lögum.

Að lokum er svo í 27. gr., sem kveður á um starfslok þessarar stéttar, ákvæði sem nefndin féllst á að væru til bóta í þessu efni. Nefndin var sammála um að rétt væri að þessu ábyrgðarmikla starfi fylgdu einhver ákvæði um starfslok. Hins vegar þótti sjálfsagt að þau ákvæði væru a.m.k. fyrst í stað ekki mjög afdráttarlaus og er því þetta orðalag valið sem er í brtt. Auk þess gerir nefndin tillögu um það að ákvæðum 27. gr., samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða, verði frestað að gildistöku til til 1. júlí 1988.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil aðeins endurtaka það að það væri synd ef þessi lög eða þetta frv. dagaði uppi hér í þinginu eftir alla þá vinnu sem fram hefur verið lögð og þær fæðingarhríðir sem staðið hafa allar götur síðan 1979.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest og í raun og veru allt sem fram kom í máli hv. frsm. nefndarinnar. Hér höfum við reynt að vinna vandasamt verk, bæði gagnvart stétt og gagnvart þolendum eða njótendum, hvort sem við viljum kalla þá, og það hefur verið unnið býsna vel í þessu máli og við höfum fengið góða aðstoð til að reyna að samræma hin ýmsu sjónarmið sem uppi hafa verið.

Í svona viðamiklum málaflokki koma auðvitað upp mörg álitamál og ég nefni það að þrátt fyrir þetta samkomulag eru auðvitað enn í huga okkar margra nm. efasemdir um sumt, t.d. um breytinguna frá upphaflega frv., í 2. gr., yfir í það sem við leggjum þó til hér vegna þess að samkomulag hefur fengist um það. Það er ábyggilega efi í okkar huga um það að sú skipan sé til bóta en um hana er samkomulag og þar af leiðandi höfum við fallist á það.

Ég vildi aðeins koma því að hér að við höfum fengið ýmsa til að fjalla um þessi mál á vegum nefndarinnar. Ég nefni það, vegna þess að ég fékk sérstakt bréf um það núna í morgun, að ein sú stofnun sem hefur kannske hvað allra mest samskipti og viðkvæmust við lækna, Tryggingastofnun ríkisins, hefur ekki verið kölluð til. Við höfum ekki leitað til hennar og okkur hefur sem sagt ekki hugkvæmst að leita til þeirrar stofnunar um ýmislegt sem þar kemur þó mjög inn á eins og varðandi vottorðagjöf og annað því um líkt. Lögfræðingur þeirrar stofnunar hefur einmitt verið að skoða þetta mál sérstaklega núna og máske ekki áttað sig á því að óska eftir því, því að það er auðvitað nákvæmlega eins að mínu viti með svona stofnanir, þær geta vitanlega óskað eftir viðtölum við nefndir alveg eins og nefndir óska eftir viðtölum við einstaka aðila, þannig að þarna er um beggja sök að ræða. Það sýnir bara hversu vandasamt þetta er að núna bara rétt á síðustu klukkutímunum er maður að fá tillögur um breytingar við þetta frv. í hendurnar frá stofnun sem kemur mjög nálægt öllum þessum málum.

Ég er ekki að leggja neitt mat á það hvernig þessar tillögur eru. Þær eru við 11. gr. frv. í sambandi við reglur um útgáfu og gerð læknisvottorða og rökstuðningur fyrir þeim er sá að flest þau vottorð sem rituð eru af læknum fara um hendur lækna Tryggingastofnunar ríkisins. Hér er nánast alfarið um að ræða vottorð sem með einum eða öðrum hætti hafa í för með sér útgjöld hins opinbera eða annarra aðila svo sem lífeyrissjóða. Segja má að lagt sé mat á nálega öll þessi vottorð af læknum Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga. Því er ekki óeðlilegt að lagt sé til að tryggingayfirlæknir geti haft hönd í bagga með gerð á reglum sem varða útgáfu læknisvottorða og ég tel að það væri einungis til að auðvelda þessi mál og einfalda ef það hefði verið gert.

Sama er að segja varðandi 19. gr. Það varðar sjúkraskrárnar. Þar komum við einnig að málum sem við höfum líka rætt mikið og um það þegar verið er að gera kröfur um greiðslur á hendur almannatrygginga, hvernig Tryggingastofnun ríkisins getur farið fram á að fá að skoða sjúkraskrár gagnvart því. Ég tel þarna um eðlilegan hlut að ræða líka sem við hefðum án efa skoðað í nefndinni hefðum við fengið þetta fyrr. Það er almennt viðurkennd regla, eins og segir í rökstuðningi frá stofnuninni, að hið opinbera skuli hafa rétt til eftirlits með greiðslum vegna læknisverka og útgáfu vottorða, lyfseðla og annarra gagna sem hafa í för með sér miklar greiðsluskuldbindingar. Með öðrum hætti er vandséð hvernig hægt er að tryggja hagsmuni hins opinbera og þar með hins almenna skattborgara.

Í samningum sem nýlega voru gerðir á milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur um sérfræðilæknishjálp er gert ráð fyrir að tryggingayfirlæknir hafi heimild til að fara á stofu sérfræðinga og skoða sjúkraskrár með tilliti til samanburðar við reikninga. Auðvitað er þar um mjög viðkvæmt mál að ræða í sambandi við þessa stétt eins og við vitum og deilumál og ágreiningsmál og jafnvel blaðamál út af því hafa komið upp varðandi reikningsskil til Tryggingastofnunar frá einstökum læknum og óeðlilegar upphæðir sem hafa þótt vera þar þó að þær kunni að hafa sínar skýringar. Einnig er í samningi við Tryggingastofnun ríkisins við heimilislækna samsvarandi ákvæði. Þannig virðist ríkja einhugur á milli læknasamtaka og Tryggingastofnunar ríkisins um það atriðið að eftirlit sé nauðsynlegt. Í þessu tilfelli hefðum við auðvitað þurft að breyta þessu frv. á þann veg og ég er auðvitað ekki búinn að sjá það að hefðum við ætlað að setja þetta inn í lagatextann þrátt fyrir samninga sem hér gilda um og er verið að geta um er ég ekkert viss um að læknastéttin sem slík hefði þá verið tilbúin að fallast á það. Ég er ekki búinn að sjá það. (Gripið fram í.) Nei, og þá hefðum við verið komin aftur í sama vítahringinn. Nei, ég er sammála hv. þm. enda höfum við ekki gert það að fara í öllu eftir þeirra tillögum í því efni eins og hann veit eins vel og ég. En þá hefðum við aftur verið komin í þann vítahring, að kanna það hvort við gætum náð samkomulagi um þessi mál og svo þá að skera á ágreiningsefni sem kynnu að vera.

Auðvitað höfum við gengið talsvert til móts við Læknafélagið í þessum brtt. okkar. Við höfum gengið talsvert til móts við þá. En við höfum líka hafnað mörgu. Við höfum líka, eins og kom fram í kynningu hv. frsm. á 2. gr., gengið býsna langt til móts við læknadeild Háskólans með því að samþykkja brtt. við 2. gr. Allt hefur þetta verið gert til þess, eins og hann tók fram, að reyna að koma málinu hér í gegn.

Ég veit ekki hvort tími gefst til þess milli umræðna að skjóta á nefndarfundum til að skoða þessar tillögur. Ég taldi hins vegar skylt, úr því að ég fékk þær í hendur frá þessari stofnun, að kynna þær hér. En tíminn er orðinn naumur og Nd. á alveg eftir að fá

málið þannig að auðvitað efast maður um það að málið fái framgang í þinginu, þrátt fyrir góða vinnu okkar, því að nú kemur að nm. í Nd. og þm. þar sem trúlega hafa ekki kynnt sér þetta mál neitt til hlítar. Enn þá eru þarna atriði sem við erum ekkert tiltakanlega hrifin af í nefndinni þó að við föllumst á þetta samkomulag.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það hefur farið fram drjúg vinna í heilbr.- og trn. við skoðun á þessu frv. til læknalaga. Það er einnig ljóst að nefndin hefur gegnt nokkurs konar sáttahlutverki á milli hinna ýmsu aðila sem hagsmuna hafa að gæta þarna. Hins vegar hafa nm. í góðu samkomulagi tekið af skarið þar sem þeim hefur þótt að svo þyrfti að vera.

Það kom til umræðu hér áðan að setja þyrfti nánari ákvæði hvað varðar vottorð og var vísað í tillögur sem hefðu komið frá Tryggingastofnun. Ég tel nauðsynlegt að það verði skoðað nú á milli umræðna og óska hér með eftir því að svo verði gert.

Ég tel rétt að það komi fram að kaflinn um vottorð er nýr í læknalögum. Þessi kafli var ekki í lögunum áður og ég hef spurt að því hvernig með skuli fara. Það var þá fullyrt að gefin yrði út reglugerð um meðferð og útskriftir vottorða. Ég tel þetta atriði heilmikið mál, og hef af því nokkra reynslu, bæði það að vottorð eru oft á tíðum mjög ónákvæm og líka það að þau séu verðlögð eftir því hver fær vottorðið, hvort það eru sjóðir eða einstaklingar sem vottorðin fá.

Í nefndinni var mjög rætt um afhendingu sjúkragagna. Sá texti sem kominn er fram í brtt. varð samkomulag eins og margt annað hér og ég vænti þess að betri skikkan komist á þau mál en verið hefur. Það hefur að vísu breyst nokkuð meðferð þessara mála á undanförnum 2–3 árum vegna mikillar gagnrýni sjúklinga sem ekki hafa getað togað út skýrslur frá læknum og veit ég persónulega um slík dæmi. Ég vænti þess að sú breyting sem verður og er að vísu takmörkuð verði þó ekki til þess að það sama gerist og gerst hefur í Svíþjóð þar sem fullyrt er að læknar hafi tvöfalt bókhald hvað varðar sjúkragögn, annað handa sjúklingum og hitt handa sjálfum sér.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er mjög nauðsynlegt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég hef samt nokkrar efasemdir um að það takist vegna þess að það eiga margir aðilar eftir að koma að því í Nd. og líklegt er að það samkomulag sem náðist í heilbr.- og trn. Ed. verði ekki flutt yfir í Nd. án einhverrar röskunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,1 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,3 (nýtt heiti 1. kafla) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,4 (6. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,5 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

8.–9. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,6 samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,7 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 882,8 samþ. með 15 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

12.–14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 882,9 (ný 15. gr., verður 16. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,10 (16. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,11 samþ. með 14 shlj. atkv.

17. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,12 (ný 18. gr., verður 17. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,13 samþ. með 14 shlj. atkv.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,14 samþ. með 15 shlj. atkv.

20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 882,15 samþ. með 15 shlj. atkv.

21. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

22.–24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 882,16 samþ. með 15 shlj. atkv.

25. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

26. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 882,17 (ný 27. gr., verður 26. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,18 samþ. með 14 shlj. atkv.

28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

29.–32. gr. (verða 28.–31. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,19 samþ. með 14 shlj. atkv.

33. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 882,20 samþ. með 14 shlj. atkv.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

61. fundur, föstudaginn 13. mars, kl. 5 síðdegis.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 908.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 352. mál. — Þskj. 625.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðræktarlög, 3. umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 909 (sbr. 545).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. HS, 79. mál (tryggingaráð). — Þskj. 910.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842, n. 894.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar, um skamman tíma reyndar. Nefndin er einhuga í afstöðu sinni til málsins og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fyrir þessu frv. var mælt fyrir skömmu og í sjálfu sér ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum, en hér er um að ræða heimildir til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga að víkja frá töku dráttarvaxta vegna vangoldinna meðlaga, sérstaklega ef um félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara.

Ég vil leggja áherslu á það fyrir hönd nefndarinnar að það er skilningur hennar að þeir dráttarvextir, sem nú þegar kunna að vera áfallnir í þessu sambandi, verði eftirgefanlegir samkvæmt þessu frv. allt eins og þeir vextir sem síðar kunna að falla á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Póst- og símamál, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 656, n. 899, brtt. 900.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, sem liggur fyrir á þskj. 899 og brtt. á þskj. 900.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og kallað til viðræðu Ólaf Tómasson póst- og símamálastjóra, Jennýju Jakobsdóttur, formann Póstmannafélagsins, Ragnhildi Guðmundsdóttur, formann Símamannafélagsins, og Ragnhildi Hjaltadóttur og Halldór Kristjánsson frá samgrn.

Þetta frv. var mjög einfalt í sniðum. Eins og kom fram þegar mælt var fyrir málinu hér í hv. deild var það lagt fram til þess að losa um þannig að hægara væri að hagræða starfsháttum Póst- og símamálastofnunar án þess að breytingar þyrftu að fara fyrir Alþingi í formi lagabreytinga. Það þótti of þungt í sniðum. Eigi að síður fannst nefndinni eftir skoðun á frv. ástæða til að kveða skýrar á um nokkur atriði eins og fram kemur í brtt. nefndarinnar á þskj. 900.

Breytingartillögurnar eru:

Í fyrsta lagi er í a-lið lagt til að á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo að 1. gr. laganna orðist þannig að samgrh. fari með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála; þar sé kveðið skýrt á um yfirstjórn hans.

Í b-lið að 2. gr. laganna orðist svo:

„Póst- og símamálastofnunin er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.“

Þarna er lögð áhersla á sjálfstæði stofnunarinnar.

Önnur brtt. er að 1. gr., sem verður 3. gr., orðist svo:

„5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunarinnar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.“

Þarna er kveðið skýrar á en frv. gerir ráð fyrir um umdæmisskiptingu Pósts og síma.

Þriðja brtt. er að 2. gr., sem verður 4. gr., orðist þannig að 6. gr. laganna orðist svo:

„Framkvæmdastjórar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.

Umdæmisstjórar annist rekstur póst- og símstöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar í umdæminu sem þeim er falinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum fyrirmælum er gilda um stofnunina.“

Hér er kveðið á um starfssvið umdæmisstjóranna.

Síðan er lagt til að 7. gr. laganna falli brott. Í 7. gr. er kveðið á um mörk umdæma, en með þessari lagasetningu er losað um umdæmamörkin og það er sett í vald stofnunarinnar að ákveða störf þeirra þannig að ef þurfa þykir þá má breyta umdæmamörkum en þau ekki skorðuð í lögum eins og nú er.

Fimmta brtt. kveður á um að 1. málsl. 8. gr. laganna orðist svo:

„Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.“

Sjötta brtt.: „1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.“

Og sjöunda brtt.: „Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 8. gr.) er orðist svo:

4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.“

Þetta er samhljóða núverandi lögum og er til þess að undirstrika fjárhagslegt sjálfstæði þessarar stofnunar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum brtt. sem hún fylgir á þskj. 900 og ég hef nú gert grein fyrir, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. ef fram koma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 900,1,a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 900,1,b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj.

Brtt. 900,2 (ný 1. gr., verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 900,3 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 900,4 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 900,5 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 900,6 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 900,7 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, 1. umr.

Frv. EgJ, 401. mál (stofnfjárreikningar). — Þskj. 729.

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þau lög voru sett árið 1962 og eins og þeir muna sem þá fylgdust með málum varð sú löggjöf tilefni til mikilla deilna, sérstaklega innan landbúnaðarins og reyndar líka á Alþingi.

Framsfl., sem þá var í stjórnarandstöðu, beitti sér mjög gegn þessari lagasetningu og þá sérstaklega vegna framleiðendagjaldsins sem þá var tekið upp og tekjur deildarinnar voru á vissan hátt grundvallaðar á.

Þetta frv. kveður á um, ef að lögum yrði, að framleiðendagjaldið, sem er 1% af verði allrar búvöru, yrði lagt niður. Það hefur verið viðleitni í þá átt, eins og fram kemur í grg., að afnema þetta gjald. Þannig var þegar lögin voru fyrst endurskoðuð árið 1971 kveðið á um að afnema gjaldið í áföngum og reyndar líka árið 1973, en þetta reyndist í þessum tilvikum óframkvæmanlegt vegna þess að hagur deildarinnar leyfði ekki slíkar breytingar. Ástæðan fyrir því var sú að deildin varð að taka fjármagn að láni sem var lánað út á betri kjörum en hið aðfengna fjármagn var miðað við. Síðan kom að því 1973 að heimildum var breytt til ákvörðunar á lánskjörum og upp úr því fór deildin að lána út verðtryggð lán, fyrst til vinnslustöðvanna og síðan til bænda. Sú skipan mála var tekin upp árið 1976 og síðasta breytingin var svo gerð árið 1979 þegar tekin var ákvörðun um að lána öll lán deildarinnar út verðtryggð. Þar með má segja að teningnum hafi verið kastað. Landbúnaðurinn hefur síðan greitt fyrir fjármagn frá Stofnlánadeild landbúnaðarins á kostnaðarverði og þar af leiðandi eru ekki sömu rök fyrir því að framleiðendagjaldið verði áfram markaður tekjustofn eins og áður var.

Það kemur líka fram í skýringum við þetta frv. að tekjur deildarinnar hafa aukist umtalsvert á síðustu árum og rekstrarhagnaður hefur verið fjögur ár í röð og ráðstöfunartekjur deildarinnar hafa aukist enn þá meira en þeim tekjuafgangi nemur. Af þessu tilefni er lagt til að þetta gjald verði afnumið sem mundi þýða um 3% launahækkun hjá bændum. Þetta gjald nemur trúlega á þessu ári einhvers staðar ekki mjög langt frá 100 millj. kr. og munar að sjálfsögðu um minna en losna við þá greiðslu.

Frv. gerir ráð fyrir öðrum og reyndar líka veigamiklum breytingum, en 2. gr. frv. fjallar einmitt um það, þess efnis að aftan við I. kafla laganna komi nýr kafli um stofnfjárreikninga. Þar er höfð til hliðsjónar sú skipan sem viðhöfð er í sjávarútveginum og mjög byggt á þeirri fyrirmynd sem þar er lögð til grundvallar við stofnfjárreikninga fiskiskipa. Með þeirri tilhögun sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að 2% af greiðslum afurðaverðs verði innt af hendi inn á þessa stofnfjárreikninga og verði sem greiðsla til að standa skil á viðskiptum við stofnlánadeildina frá hverjum og einum bónda. Í frv. og skýringum við það er kveðið nánar á um hvernig þetta uppgjör mundi fara fram.

Tafla 4 sýnir hvernig vanskil hafa aukist við stofnlánadeildina allt frá 1980–1985 af 37% áfallinna árgjalda og upp í 60% eins og verið hefur á síðustu árum. Með því að stofna til þeirra stofnfjárreikninga, sem hér er kveðið á um, á að vera mun auðveldara fyrir deildina að ná inn áföllnum afborgunum og vöxtum sem auðvitað á að verða til þess að bæta rekstrarstöðu deildarinnar. M.ö.o.: frv. gerir ráð fyrir að deildin muni tapa þeim tekjum sem framleiðendagjaldið hefur fengið henni, en aftur á móti kæmi þar á móti lögboðinn sparnaður af hendi framleiðenda sem gengi til greiðslu á afborgunum af lánum og mundi þannig styrkja rekstur deildarinnar.

Þetta er meginefni frv. og með því að hér er nú komið að þinglokum er augljóst mál að frv. verður ekki að lögum á þessu þingi. Hins vegar verður því dreift til umsagnar og þá fást viðbrögð við þessu frv. og hlýtur það að verða nokkur vísbending um í hvaða ljósi menn kunna að meta þessi mál.

Ég ætla svo ekki, virðulegi forseti, að tefja fundinn með frekari skýringum á þessu frv., en legg til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til landbn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að nú sé verið að dreifa þskj. varðandi þau mál sem ætlunin er að taka fyrir á kvöldfundi. Ég vil í fullri einlægni mælast til þess að forseti athugi hvort ekki er framkvæmanlegt að halda þann fund sem ætlunin var að halda kl. 21.00 í kvöld t.d. eftir 15 mínútur eða 20 mínútur og ljúka þessum verkum okkar af ef mögulegt er. Ég bendi á að það hafa verið kvöldfundir undanfarin tvö kvöld og allar líkur á því að það verði mikið um kvöldfundi eftir helgina. Þó að þm. séu fúsir til að vinna hér á kvöldin ber okkur líka skylda til að taka eðlilegt tillit til starfsfólks þingsins. Ég vil mælast til þess að forseti athugi þennan möguleika.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna athugasemda hv. 5. landsk. þm. skal upplýst að það er í samráði við starfsfólk þingsins að þessi tilhögun hefur verið ákveðin um fundarhöld í dag, þ.e. að það verði gert hlé á fundum kl. 18.00,

að vísu eru tíu mínútur enn til stefnu, og að starfsfólkið hafi hlé til að sinna störfum þangað til kl. 21.00 í kvöld. Þetta er einmitt gert með tilliti til starfsfólksins. Að vísu er það rétt, sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., að hér hafa verið tveir kvöldfundir í þessari viku, á miðvikudagskvöldi og svo aftur í gærkvöldi, en eins og kunnugt er voru fundarhöld í gær aðeins að kvöldinu en ekki í eftirmiðdaginn. Væntir forseti þess að hv. þingdeildarmenn geti sætt sig við þessa tilhögun sem hefur verið ákveðin með tilliti til þess að verið er að reyna að greiða fyrir þingstörfum til þess að hægt verði að ljúka þeim á fimmtudag í næstu viku eins og stefnt er að.

EFRI DEILD

62. fundur, föstudaginn 13. mars, að loknum 61. fundi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Póst- og símamál, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 918.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vísitala byggingarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál. — Þskj. 866, n. 914.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál og m.a. fengið til fundar við sig Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og aðstoðarmann hans Valdimar Ólafsson.

Þetta mál var ítarlega skýrt hér í dag í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar var sagt. Þetta er einfalt í sniðum, raunverulega um tvennt að ræða, að reikna byggingarvísitölu út mánaðarlega og eins að ekki þurfi sérstök lög í hvert sinn sem ný byggingarvísitala er útreiknuð. Það hljóta, held ég, allir að vera sammála þessu frv.

Tveir nefndarmanna voru fjarstaddir við afgreiðslu, þau Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá, 2. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 820, n. 915, brtt. 917.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað þetta mál og er sammála um að veita því stuðning sinn, enda er hér um nokkra tollalækkun að ræða á brýnar nauðsynjavörur.

Nefndin flytur eina brtt. Hún er um það að á tollnúmeri 70.15.00, sem nú er í 50% tolli, falli tollurinn niður. Hér er einkum um að ræða gler á úr og klukkur og varahluti sem eðlilegt er að fylgi með breytingunum á tollum á úrin. Tekjubreyting ríkissjóðs vegna samþykktar þeirrar tillögu er óveruleg.

Hér er um að ræða lítið mál en þó í rétta áttina og ég þarf víst ekki í þessari hv. deild að segja frá mínum skoðunum á hinum gífurlega háu tollum sem eru á ýmsum brýnustu lífsnauðsynjunum. Þeir verða að lækka, og hafa nú verið lækkaðir á s.l. ári nokkuð, en þar þarf auðvitað miklu meira til að koma. Þetta er þó lítið spor í rétta átt.

Eins og áður greinir er algjör stuðningur allra nefndarmanna við þetta mál. Að vísu var Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fjarverandi og ég náði ekki sambandi við hv. þm., en ég held að ég muni það rétt að hún hafi viljað styðja þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 917 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

63. fundur, föstudaginn 13. mars, að loknum 62. fundi.

Vísitala byggingarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál. — Þskj. 866.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá, 3. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 922.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 708, n. 919, brtt. 913.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er flutt í tengslum við fæðingarorlofsfrv.

Heilbr.- og trn. hefur rætt frv. og kallað til fundar Ingibjörgu Rafnar, formann þeirrar nefndar sem samdi þetta frv. Jafnframt hefur nefndin kallað til Ingimar Sigurðsson, frá heilbr.- og trmrn., og Birnu Björnsdóttur, lögfræðing Tryggingastofnunar ríkisins.

Eins og fram kemur leggur nefndin til breytingu á 2. gr., staflið d, þannig að miðað verði við sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e.: Í stað 1700 stunda komi 1032 til þess að njóta fullra fæðisdagpeninga og 516 til 1031 til þess að njóta hálfra dagpeninga.

Það er rétt að vekja athygli á því að nefnd sú sem vann að frv. lagði til þrjá möguleika og áðurnefnd brtt. er byggð á einum þeirra. Útreikningar um kostnað þann sem fylgir frv. taka reyndar mið af því fyrirkomulagi sem brtt. felur í sér, þannig að ekki kemur til kostnaðarauka umfram þann sem þar er greint frá, nái frv. fram að ganga svo breytt.

Heilbr.- og trn. leggur mikla áherslu á að þær reglur, sem settar voru í reglugerð nr. 261 frá 1983, um fæðingarorlof varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar varðandi mat á vinnuframlagi þótt það snerti ekki sjálft lagafrv. Þar sem lagaákvæði yrðu óbreytt hvað þennan þátt snertir þykir rétt að hnykkja á þessu því ekki er ætlunin að þessir aðilar missi nein réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum.

Eins telur heilbr.- og trn. rétt að vekja athygli á því, þótt ekki snerti það sjálft lagafrv., að tryggja þarf að lífeyrisréttindi foreldra skerðist ekki í fæðingarorlofi, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlög þann tíma. Þetta kallar á breytingar á ótilteknum lögum um lífeyrissjóði.

Varðandi lánarétt samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins væri á sama hátt eðlilegt að gera breytingar á þeim svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þótt vissulega séu þetta mikilvæg mál hvort tveggja telur nefndin ekki rétt að þau tefji fyrir framgangi aukins fæðingarorlofsréttar, en treystir því að hlutaðeigandi aðilar kanni málin og geri tillögur til breytinga á næsta þingi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Undir nál. rita hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, Kolbrún Jónsdóttir og Helgi Seljan hafa fyrirvara.

Vegna meðferðar þessa máls skal ég viðurkenna að tími hefur verið naumur til þess að fjalla um málið. Nefndin dró í sjálfu sér ekki í efa að þetta frv. er fremur vöndulega unnið og vel frá því gengið. Hins vegar er það svo að þrátt fyrir það að alþm. séu vanir að vinna hratt, þá þarf þó lágmarkstíma til þess að setja sig rækilega inn í mál.

Það náðist að mínum dómi gott samkomulag í nefndinni og vil ég sem formaður nefndarinnar þakka fyrir það samkomulag. Samstaða er um það að hraða þessu máli í gegnum þingið svo sem frekast er kostur, haga allri málsmeðferð á þá lund að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessa umræðu langa hvorki nú eða við 3. umr. þessa máls. Við höfum verið núna í nokkrum tímaskorti að fjalla um mikið réttindamál, réttindamál sem við erum öll sammála um hér inni að eigi að þoka til betri áttar og þurfum þess vegna að finna til þess bestu leiðirnar og réttlátustu um leið. Þar koma vitanlega upp ýmis álitamál og ekki nema von að nokkurn tíma þurfi til að átta sig á því hvort verið sé að fara bestu leiðina í hvívetna, sérstaklega þegar um er að ræða kerfisbreytingu. Hvort sem það er nú rétt að það sé til einföldunar að sumu leyti, þá er það alla vega svo mikil breyting að það er margt sem þarf að átta sig á, mörg atriði sem koma til greina. Ég minni bara á að stafliðirnir í 2. gr. frv. ná allt niður í p til skýringa varðandi undantekningarákvæði ýmiss konar. Við vorum einmitt að ræða það í nefndinni í morgun, okkur var bent á það einnig þar að sumt af því væri reyndar óbreytt miðað við það kerfi sem er í dag, annað hins vegar ekki.

Ég tók það fram við 1. umr. að ég vildi gera allt til þess að þessi frv. næðu fram að ganga þó að ég sæi það vitanlega að gildistaka þeirra eigi ekki að vera fyrr en 1. jan. 1988, þannig að þess vegna út af fyrir sig er ekki knýjandi að afgreiða þetta með hraða. Ég sagði líka þá og endurtek það nú að þrátt fyrir góðan vilja hæstv. ráðh. í þessu efni, þá ber þetta nokkur einkenni þess að kosningar eru í nánd og menn vilja hnykkja á þessu máli, en saga hæstv. ráðh. í þessu efni er með þeim hætti að ég er ekki að draga úr því að hæstv. ráðh. hafi viljað, þó fyrr hefði verið, koma þessu máli í einhvern áfangastað frekar en gerst hefur á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Og þó ýmislegt sé í þessum frv., sérstaklega þó frv. um almannatryggingar, hitt frv. hef ég nú ekki einu sinni kynnt mér út frá ýmsum réttindalegum sjónarmiðum, það hefur ekki gefist tími til þess, þó ýmislegt sé þar kannske öðruvísi en ég hefði endilega viljað, þá er hér um slíkt réttlætismál að ræða að okkur ber að fara í það vel og rækilega og eyða í það nokkrum tíma í öllum þessum hraða og erli síðustu þingdaga og koma því í höfn á þann veg sem okkur þykir best.

Hitt er svo alveg ljóst að þrátt fyrir ágæta vinnu þeirrar nefndar sem um þetta fjallaði, og ég dreg ekkert úr að um hafi verið að ræða vönduð og góð vinnubrögð, m.a. með tilliti til þeirra útreikninga sem fylgja með þessu og sýna bæði umfang þessa, breytingarnar og margt fleira, þá hefur umfjöllun okkar í nefndinni um þetta mál orðið til þess að við höfum rekið okkur á hnökra. Þrátt fyrir stuttan tíma höfum við rekið okkur á hnökra á þessu, sem ég fullyrði engan veginn að öllum sé búið að ná af þessu frv.

Ég veit það t.d. og hef fyrir mér orð formanns þeirrar nefndar sem að þessu vann ásamt orðum virðulegs forseta deildarinnar að það hafi aldrei verið ætlunin, síður en svo, að mánaðargreiðslur til nokkurs foreldris gætu lækkað. Við nánari athugun í nefndinni kom engu að síður í ljós að slíkt gat gerst vegna vinnustundaviðmiðunar sem var í frv. Þar af leiðandi er þessi brtt. komin fram frá heilbr.- og trn. um fulla fæðingardagpeninga til þeirra sem unnið hafa 1032–2064 vinnustundir, þ.e. þarna er það fólk sem vinnur hálfan daginn, þær konur sem vinna hálfan daginn — ég tala nú um konur í þessu tilfelli, þær taka þetta orlof auðvitað að yfirgnæfandi meiri hluta — það er a.m.k. engin hætta á því að þær missi neins miðað við það sem þær hafa nú varðandi mánaðargreiðslur.

Hins vegar fer maður strax að hugsa um það, og þyrfti nú kannske að athuga það milli 2. og 3. umr., að þegar við segjum svo aftur: „hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs," þá rekur maður sig aftur á það að miðað við það hvernig frv. var sett upp með viðmiðuninni 1700 og með þeirri viðmiðun að hlutfallslegir fæðingardagpeningar yrðu greiddir eftir vinnuframlagi upp að því, og ef maður deilir 1700 vinnustundum í 1031 til að finna það hlutfall út, einni stund minna en þarna er reiknað með, að samkvæmt frv. hefði sú kona getað verið með 60% en nú erum við að setja þetta niður í hálfa fæðingardagpeninga. Þetta er ósköp einfaldur líkindareikningur miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir. Formaður heilbr.- og trn. getur staðfest að það getur gerst í einstaka tilfellum að þessi breyting um hálfa fæðingardagpeninga nú, það getur breytt aftur því miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir, um þá viðmiðun sem þar var, 1700 vinnustundir, og svo aftur ákveðið hlutfall af því sem færði ákveðin réttindi.

Um þetta þarf sem sagt að fjalla betur. Ég set spurningarmerki a.m.k. við þetta vegna þess að minn prósentureikningur í þessu efni sýnir mér að þarna erum við gagnvart einstaka aðila kannske að fara aftur á bak. Það má auðvitað ekki gerast og það ætlum við okkur ekki að gera.

Ég skal hins vegar taka það fram varðandi þá miklu kerfisbreytingu sem um er að ræða að það er rétt að það eru ákveðin rök fyrir lögfestingu þessa frv. nú. Uppstokkun þessa kerfis þýðir það að sú stofnun sem þarf að fjalla um þetta þarf að taka allt til endurskoðunar að nýju, setja ákveðnar reglur um það o.s.frv. Auðvitað setur maður spurningarmerki við nauðsyn þessarar tvískiptingar í heild sinni, hvort hún er til einföldunar í raun og veru eða hvort við hefðum átt að halda okkur við gamla kerfið og bæta það á einhvern hátt í þá veru sem við erum reyndar að gera að hluta til með þeirri brtt. sem hér er fram komin.

Um það var talað í heilbr.- og trn., og ég átta mig nú ekki alveg á því hvernig það hefur svo aftur dottið upp fyrir hjá okkur, en það var talað um að það þætti kannske heldur óbragð af því, a.m.k. man ég eftir því að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir talaði um það hér, að það væri heldur óbragð af því að tala um fæðingarstyrk og heppilegra að finna annað orð. Ég hélt að við í nefndinni hefðum

kannske verið sammála um að það ætti að vera ákveðin fæðingargreiðsla eða eitthvað því um líkt í þess stað. En það mun nú bara vera hraðinn á afgreiðslu þessa máls sem veldur því að við höfum ekki breytt þessu svo að það út af fyrir sig þarf ekki að vera frekari ásteytingarsteinn í umræðu um þetta.

Hins vegar sýnir nál. einnig að það eru fjöldamörg atriði hér sem enn þá þarf að huga að. T.d. þetta varðandi reglugerðarákvæði, sem er kannske hæpið að vera að tala um vegna þess að reglugerð getur auðvitað aldrei tekið fram lögum, en hefur nú samt gert það í þessu tilfelli, við höfum verið upplýst um það, og til góðs í því tilfelli þannig að við vorum ekki að gera athugasemd við það, varðandi bændakonur, námsmenn og dagmæður, eins og þarna er talað um. Við reiknum með því að greiðslur til þessara aðila haldist óbreyttar „þó að það snerti ekki sjálft lagafrv.", eins og segir í nál. en auðvitað snertir það lagafrv. því að það hefði þurft að tryggja í lögum, því það er ekkert vit í því að ætla að treysta á að slíkt verði lagfært með reglugerð á eftir ef það á sér ekki stoð í lögum, í sambandi við bændakonur, námsmenn og dagmæður, að þetta fólk haldi hlutfallslega sömu réttindum og það hefur haft. Þetta þarf því líka að athuga en því er vísað yfir á framtíðina. Við reiknum með því að á þessum frv. verði gerðar þær lagfæringar sem leiðrétti þetta.

Eins er það, segir hér, að þó það snerti ekki sjálft lagafrv. — það er nú líka spurningarmerki um það — að tryggja að lífeyrisréttindi foreldra skerðist ekki í fæðingarorlofi. Það má segja að það geti komið inn í önnur lög, á það var okkur bent í dag, eins og t.d. lögin um Húsnæðisstofnun. Vissulega er það rétt. Það getur komið þar inn. En við þurfum þá að hafa einhverja tryggingu fyrir því að það verði. Ég ætla ekki að fjalla nánar um það því ég veit að hv. 6. landsk. þm., sem er mjög kunnugur þessum málum, mun á eftir einmitt fjalla um þá umfjöllun í nefndinni sem var varðandi þetta atriði og hefur reyndar áður verið fjallað um við lagasetningu af þessu tagi.

Ég vona sem sagt að við getum náð besta árangri í þessu og við skoðum þetta mál þá kannske eitthvað nánar milli 2. og 3. umræðu varðandi það atriði sem ég minnti sérstaklega á hér áðan.

Hér hefur verið lögð á borð þm. brtt. við frv. frá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur varðandi það ef móðir fæðir andvana barn, hvernig fæðingardagpeningar skulu þar greiddir í þrjá mánuði í stað þeirra tveggja mánaða sem gert er ráð fyrir í frv. Ég mundi gjarnan vilja að sú tillaga yrði skoðuð milli umræðna og tekin þannig aftur. Flm. er ekki hér inni nú, en það væri ábyggilega ástæða til þess frekar en að láta hana ganga til atkvæða nú þegar. Það væri rétt að skoða það þá. Við höfum að vísu rætt þetta í nefndinni, þennan möguleika að breyta þessu, spurninguna um það.

Það sem ég vildi svo í lokin segja um þetta mál í heild sinni er það sem umræðan hefur kannske snúist allra mest um hér á landi, þ.e. um rétt hinna heimavinnandi kvenna. Þar erum við auðvitað ekki bara að tala um réttindi þeirra í þessu efni heldur erum við að tala um almenn réttindi þeirra sem hafa mjög verið til umræðu, m.a. á Alþingi nú í vetur varðandi starfsreynslu, mat á starfsreynslu þeirra á heimili til starfa annars staðar. Þar hafa verið tekin nokkur skref, a.m.k. í sumu, en annars staðar er þessa ekki gætt sem skyldi og við þekkjum það.

Ég legg ekki dóm á það á hvern hátt með mál þeirra eigi að fara t.d. varðandi fæðingarorlof, þó að ég meti starf þeirra vissulega mikils, vegna þess að meginmálið hefur alltaf snert það að foreldri fengi bætur fyrir tekjumissi, sem það verður fyrir úti á vinnumarkaðinum. Það hefur alltaf verið sú viðmiðun sem menn hafa verið með. En hitt er svo annað mál varðandi konur sem af einhverjum ástæðum eru heimavinnandi, ja við skulum segja vegna ómegðar, vegna veikinda barna eða einhvers slíks, að okkur er skylt að taka fullt tillit til þeirra, ekki bara varðandi starfsreynsluna, ekki bara varðandi fæðingarorlofið heldur kannske fyrst og síðast varðandi lífeyrismálin, eins og Alþingi hefur reyndar gert samþykkt um en lítið orðið úr enn þá, enda kannske ekkert auðvelt um að véla hvernig eigi að koma því fyrir.

Við fengum í nefndinni greinargóða og ágæta skýrslu, sem ég þakka fyrir, um það hvernig málefnum heimavinnandi kvenna á Norðurlöndunum væri fyrir komið í þessu efni. Það var alveg ljóst að á Norðurlöndunum er réttur þeirra í sambandi við þessi mál mjög lítill. Það kom mér reyndar alveg á óvart hvað sá réttur var lítill því að oft hefur verið vitnað til þess að við værum eftirbátar annarra einmitt hvað þetta snertir.

Ég ætla ekki að fara að lengja þetta mál, en vitanlega mætti gera það að miklu umræðuefni hér, alveg sérstaklega við hv. frsm. nefndarinnar, hv. 5. þm. Vesturl., af því að ég veit að honum er málið hjartfólgið, af því að félmrh. hæstv. gerði þetta að kosningamáli í síðustu kosningum, að heimavinnandi húsmæður skyldu fá fullan rétt. Ég man eftir því að frambjóðendur þess flokks máttu vart vatni halda á öllum kosningafundum eystra af vandlætingu yfir því og samúð út af því að þetta skyldi ekki vera komið í framkvæmd og samúð með heimavinnandi konum. Þannig að ég átti reyndar von á því að Framsfl. mundi kannske manna sig upp í það að endurflytja þetta hjartans mál hæstv. félmrh. En kannske gerir hann það í Nd. Ég varð fyrir svolitlum vonbrigðum með hv. 5. þm. Vesturl., að hann skyldi ekki taka þetta hjartans mál hæstv. félmrh. upp með meiri krafti en hann gerði í nefndinni, þó hann impraði nú á því öðru hvoru, til þess að hann njóti alls sannmælis í þessu efni. En þar erum við hins vegar komin að öðrum atriðum sem þarf að skoða í heild sinni. Það er nú kannske ekki til mikils að vera að skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. nú þegar þessi ríkisstjórn fer bráðum að geispa golunni. (Gripið fram í). Já, ég tala nú ekki um ósköpin. En það er þá líka síðasta tækifærið til áskorana úr ræðustól hér, ég skal þó taka það fram. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir ríkisstjórn að reyna að taka málefni og

réttindamál heimavinnandi kvenna í heild sinni til athugunar og þar fléttaðist þetta inn í. Ég held að á þann eina hátt gætum við leyst það mál svo viðunandi væri, annars vegar gagnvart rétti þeirra og svo hins vegar gagnvart rétti þeirra, sem missa atvinnutekjur og er verið að bæta upp með þessum hætti sem gert er hér í þessu frv.

Ég hef alltaf sagt það, og skal láta það vera mín lokaorð, að þetta mál hljóti að vera áfangamál. Hér er gert ráð fyrir þremur áföngum. Það hefur ekkert gerst núna á þessu tímabili, síðasta kjörtímabili, en núna á næsta kjörtímabili eiga sem sagt að koma þarna þrír ákveðnir áfangar sem ég fagna og við stöndum svo 1990 með sex mánaða fæðingarorlof. Það eru engin lok á þessu máli og ég held að engum detti það í hug. Menn verða að halda áfram þessa braut til heilla fyrir samfélagið í heild sinni, til heilla fyrir börn og fyrir foreldri, þannig að það ber í lokin að fagna því að hæstv. ríkisstjórn hefur þó mannað sig upp í það að taka um það ákvörðun að taka þó þessa áfanga þegar hún hefur lokið sínu lífi.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að nú skuli stigið það skref að fæðingarorlof verði allt að sex mánuðir, jafnvel þótt þessi gjörð sé ávísun á næsta kjörtímabil. Við skulum ætla að það sé nokkurs virði, enda þótt það verði ekki framkvæmt af núverandi ríkisstjórn. Í máli þessu starfaði nefnd, sem lagði vissulega mikla vinnu í undirbúning málsins og velti fyrir sér nokkrum valkostum hvað varðar greiðslur til kvenna. Valið var það að fara sömu leið og Atvinnuleysistryggingasjóður fer í greiðslum atvinnuleysisbóta. Við nánari athugun kom í ljós að sú viðmiðun var hvergi nærri nógu góð og í yfirliti sem við fengum frá Tryggingastofnun kom í ljós að ef sú regla yrði notuð mundi greiðsla til námsmanna lækka um 6972 kr. á mánuði, lækkun til þeirra sem vinna 516 klst. á ári yrði 1245 kr. á mánuði og lækkun til hálfsdagskvenna, eins og við köllum það, sem hefðu vinnuframlag 1032 stundir, hefði orðið 653 kr. mánuði. Hækkun var til staðar að öðru leyti.

Ekki var það meiningin að standa þannig að málum. Hugsunin var sú, að allir nytu nokkurs góðs af. En ef þessi regla hefði verið samþykkt, þá hefðu t.d. konur, sem vinna í frystihúsi hálfan daginn, lækkað, og það er obbinn af vinnukrafti frystihúsanna í dag. Þegar þetta var ljóst var brugðist skjótt við og valin önnur leið, sem gerð hefur verið grein fyrir, þ.e. gamla leiðin, sem sumir hafa kallað hólfaleiðina, og tilgreind er á brtt. frá nefndinni. Sú leið er líka gölluð eins og reyndar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. En vissulega hefði þurft meiri tíma til að átta sig á því hvaða leið hefði verið best í þessu, hvernig þeirri hugsun væri best þjónað sem upp er lagt með af ráðherra og af nefndinni sem frv. samdi.

Það er alveg ljóst að við Íslendingar förum aðrar leiðir í þessum málum en aðrar þjóðir. Annars staðar er undantekningalítið miðað við vinnuframlag. Hér er það ekki nema að nokkru leyti og fæðingarstyrkur er sennilega hvergi í heiminum eins hár og hérna. Ég er ekki að lasta það, en þetta er nú svona. Það má velta því fyrir sér hvort þessar leiðir séu æskilegar. 82% giftra kvenna afla tekna, eru á vinnumarkaðinum. Það eru aðeins 18% kvenna sem ekki vinna fyrir tekjum utan heimilisins. Það má svo sem segja að þjóðfélagið hér sé lítið, afar smátt og við viljum hafa alla hluti sem jafnasta. Við vitum ekki hversu stór hluti af þessum 18% eru eldri konur sem komnar eru úr barneign, en við vitum að nokkur hluti af þeim konum eru þær sem ekki komast út á vinnumarkaðinn vegna ómegðar, eiga fötluð börn eða búa við óviðráðanlegar orsakir eða ástæður sem hamla því að þær geti komist út á vinnumarkaðinn. Því hljóta menn að spyrja: Er ekki rétt að þær njóti nokkurs líka? En ég vek athygli á því að þetta er ekki tíðkað annars staðar.

Ég tel það líka stóran galla á frv. að ekkert er gert til að leiðrétta það misræmi sem í dag er á milli réttinda ASÍ-fólks og opinberra starfsmanna, heldur þvert á móti er það misræmi fest í sessi. Annaðhvort bæri að hækka fæðingardagpeninga verulega þannig að heildarréttindi ASÍ-fólks yrðu hliðstæð réttindum opinberra starfsmanna eða taka ákvörðun um að bæta launatap þannig að fjárhæðir frv. yrðu lágmark.

Ég bendi líka á að á fjárhæðir frv. er ekki reiknað orlof og ekki heldur lífeyrisgjald. Því gefa tölurnar kannske ekki alveg rétta mynd af innihaldinu. Það má líka færa rök að því að í 7. gr. frv. um fæðingarorlof er ráðningartíma á óeðlilegan hátt blandað inn varðandi bótaskyldu atvinnurekanda, þannig að það er ýmislegt sem þarf að athuga í þessum efnum. Það kemur reyndar fram í nál. að skoða þurfi frekar nokkra þætti í frv., eða verðandi lögum, á þeim tíma sem líður fram að næsta þingi og vænti ég þess að svo verði gert.

Hvað varðar lífeyrissjóðinn, þá eru nýsamþykkt lög til sem gera ráð fyrir því að fólk þurfi að hafa greitt í lífeyrissjóð s.l. tvö ár til að fá húsnæðislán. Sú móðir, sem tekur sex mánaða fæðingarorlof, greiðir ekki í lífeyrissjóð þann tíma þannig að það er hugsanlegt að sú móðir, sem jafnframt væri að koma þaki yfir höfuð sér, mundi gjalda þess að hún væri að eiga barn. Ég tel þetta óljóst, það mætti gera það skýrara, en ég vænti þess að svo verði ekki á þessu tekið eða a.m.k. verði komið í veg fyrir að slíkt verði til þess að þessi kona missi réttindi til lána hjá Húsnæðisstofnun. Það er líka eðlilegt að þrátt fyrir að upphæðir séu nokkuð ríflegar miðað við það sem áður var að lífeyrisgreiðslur falli ekki út.

Þetta hefur áður verið deilumál í þinginu og ráðherra svarað því til að upphæðirnar séu svo og svo háar, en það dugir ekki til að mæta þessum vanda eða a.m.k. þarf það að koma þannig út að það verði ekki til að koma fólki í koll síðar.

Hér liggur fyrir brtt. frá Kolbrúnu Jónsdóttur. Hún hefur óskað eftir því að þessi till. komi ekki til afgreiðslu fyrr en við 3. umr. og þá mun hún tala

fyrir till., en hún átti óhægt með að koma nú í kvöld til þess.

Ég ætla að fara að ljúka máli mínu því ég hef gert ráð fyrir að menn yrðu stuttorðir hér, en ég endurtek það að við Alþýðuflokksmenn fögnum þessum áfanga og teljum vissulega réttarbót hér á ferðinni, mannréttindabætur, ef svo mætti kalla það. En ég árétta að það er margt eftir óskoðað í þessu og mér sviður það að konan í frystihúsinu, verkakonan, hefur hlutfallslega jafnlök kjör og áður í hlutfalli við það sem gerist hjá opinberum aðilum. Það þarf að taka á þessu síðar.

En áfangar eru vissulega af því góða og ég þakka heilbrmrh. það frumkvæði sem hún hefur sýnt með því að færa þetta hér inn í þing þó vissulega sé ástæða til að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að öðrum eða næstu ríkisstjórn er ætlað að framfylgja og efna það sem við hér samþykkjum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. nefnd fyrir afgreiðsluna á þessu máli og einkanlega þó ábendinguna um viðmiðunina. Ég er alveg fylgjandi þessari breytingu sem nefndin leggur til að gerð verði og ég vil skýra frá því hvernig stendur á því að viðmiðunin 1700 stundir er inni í frv. Eins og nefndin veit og hv. þm. sem lesið hafa grg. hafa áttað sig á, þá hafði nefndin sett fram þrjá valkosti þegar hún vann sitt verk og ég fékk málið í hendur, og við þá viðmiðunarupphæð sem núna er í lögum eru útreikningarnir sem fylgja frv. miðaðir. Hins vegar var það í vinnu ráðuneytisins sjálfs og minni að þegar þessar þrjár spurningar lágu fyrir sýndist mér í fljótu bragði vera rökrétt að hafa 1700 stunda viðmiðunina vegna þess að viðmiðunin 1032 stundir var miðuð í upphafi við þágildandi lagaákvæði um atvinnuleysisbæturnar, upphæðir sem voru í samræmi við atvinnuþátttöku viðkomandi tóku mið af þeim lögum um atvinnuleysistryggingar. Síðan var þeim lögum breytt 1981 og viðmiðunin færð upp í 1700 stundir. Þá var það auðvitað algjörlega ljóst að það var fjöldi manna sem missti réttindin þegar sú breyting var gerð, en ég veit ekki hvort hv. sömu þm. sögðu nokkurn hlut við því. Þarna var um verulegan hóp að ræða sem missti vissan rétt við lagabreytinguna, en á móti kom hitt að breytingin á réttinum tók algjörlega mið af hlutfallslegri þátttöku viðkomandi sem hún gerði ekki áður. Þá kom upp þessi staða, eins og hv. þm. benti á hér áðan, að sá sem tók 60% þátt í atvinnunni fékk 50% fullra bóta, þannig að þrepin voru stærri, í staðinn fyrir að hægt væri að breyta í 60%, 70% o.s.frv. og í smærri skrefum.

Að því er varðar þá athugasemd hv. þm. Helga Seljans sem þetta varðaði, þá er það misskilningur að það missi nokkur nokkurn rétt frá því sem nú er að því er þetta varðar. (**HS:** Frá frv. og yfir í þessa breytingu.) Já, frv., hv. þm. vildi ekki samþykkja frumvarpsgreinina. Frv. er ekki orðið að rétti, mikil ósköp. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. En eins og breytingin er þá missir enginn eina krónu í réttindum. Það er algjörlega ljóst. En eins og fyrir liggur þá stóð það ekki til að skerða réttindi manna og því er það af hinu góða að þessi brtt. nefndarinnar verði samþykkt.

Að því er varðar þá athugasemd hv. þm. Helga Seljans sem varðar orðið sjálft, fæðingarstyrk. Ég get að vísu skilið að menn velti því fyrir sér hvort það sé einhvers konar ölmusubragð af því. Þess er þó að geta að orðið styrkur hefur verið notað um margar bætur almannatrygginga allt frá upphafi þeirra laga og þar á meðal er fæðingarstyrkur. Það orð hefur verið í tryggingalögum alveg frá upphafi án þess að heyrst hafi stuna eða hósti um að það væri óviðeigandi. Það væri hálfskringilegt að fara að komast að þeirri niðurstöðu núna að þetta sé óviðeigandi. Þetta er að vísu að sjálfsögðu aðeins smekksatriði og það má vel vera að eitthvert annað orð væri betra. Fá mannanna verk eru víst fullkomin. En hitt er annað mál að ég held nú að það mundi kannske valda nokkrum ruglingi að fara að breyta slíkum nöfnum núna af því að það er alveg ljóst hvers eðlis þetta er. Fæðingarstyrkur er fjárhæð sem greidd er öllum fæðandi konum.

Ef ég kem aftur að þessu atriði með 60% vinnuþátttöku eða 65%. Það á að vera algjörlega ljóst að fæðingarstyrkurinn að viðbættum hinum hlutfallslegu dagpeningum, eftir þeim reglum sem gilda nú í dag, samsvarar ⅔ fæðingardagpeninganna fullra, þannig að ég held að þetta mál sem þm. Helgi Seljan hafði áhyggjur af sé algjörlega í höfn nú þegar í frv. einmitt vegna fæðingarstyrksins.

Ég vil nefna það atriði sem bent var á að nú væri í reglugerð um bændakonur og námsmenn. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það væri til bóta að festa nákvæmlega það fyrirkomulag í lög. Þarna er um takmörkuð réttindi að ræða sem ég get ekkert sagt um á þessu stigi hvort eiga einhvern tímann eftir að breytast. Þetta byggist á samkomulagi við þá sem að þessum hópum standa og er sett í reglugerð samkvæmt því samkomulagi. Það er ekkert sem hefur breytt þessu samkomulagi þannig að það er alveg ljóst að það gildir áfram. Í reglugerð, sem byggð verður á þessum lögum, þá verður þetta auðvitað látið halda sér. Það samkomulag er jafngilt núna eins og fyrir setningu þessara laga. Þetta fannst mér ástæða til að taka fram.

Að því er varðar lífeyrisréttindatap á fæðingarorlofstímanum, þá finnst mér nú ekki fullnægjandi að segja eins og hv. þm., og vitnaði hér í einn fyrirrennara minna, hv. núv. þm. Svavar Gestsson. Hann sagði jú á sínum tíma að þessa þyrfti ekki að gæta vegna þess að orlofsgreiðslurnar væru það háar að það í sjálfu sér dekkaði þennan rétt. En það er auðvitað hagsmunamál að þessi tími reiknist inn í önnur réttindi sem byggð eru á greiðslum í lífeyrissjóði og það er atriði sem verður að leysa í reglum og lögum hvers lífeyrissjóðs. Það getum við ekki leyst í svona frv. En ég er hins vegar fylgjandi því að það sé

gert. (Gripið fram í.) Þetta mundi koma til greina t.d. í sambandi við rétt vegna húsnæðismála.

Að því er varðar ábendingu um að samræma þyrfti réttindi samkvæmt þessu frv. þeim réttindum sem opinberir starfsmenn hafa, þá er í greinargerð frv. einmitt fjallað um það framtíðarmarkmið að gera þetta á grundvelli sérstaks sjóðs, fæðingarorlofssjóðs. Ég veit það að hv. þm. sem vakti athygli á þessu, Karl Steinar Guðnason, hefur takmarkaða trú á því að það gangi, en ég bið hann að hugleiða það að opinberir starfsmenn fá smátt og smátt samkvæmt þessu frv. helmingi lengri orlofstíma en þeir hafa nú. Og þá bið ég hv. þm. líka að hugleiða hvort það liggi ekki nokkuð í augum uppi að það hljóti að verða hagsmunamál fyrir þann hóp að ganga inn í þetta kerfi þegar þar að kemur. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé og hef rætt þetta töluvert við konur sem einnig telja að svo sé.

Ég veit að það hefði e.t.v. verið hægt að draga þær lengur á þessu, þ.e. þær konur sem eru opinberir starfsmenn, eins og einhver sagði við mig. En ég held að það sé hreinlegra að ganga frá málinu eins og hér er gert. Hv. þm. veit það auðvitað að við getum ekki að óbreyttum baksjóðum þessa fyrirkomulags gengið inn í það umsvifalaust og án samráðs við aðila vinnumarkaðarins að segja að allir skuli hljóta fæðingardagpeninga jafnháa óbreyttum launum en það hlýtur að hafa verið það sem þm. átti við þegar hann sagði að að öðrum kosti yrði að samræma þetta réttindum opinberra starfsmanna, nema hann hafi átt við styttri tíma en í frv.

Þess vegna tel ég að hér sé algjörlega ljóst að bæði þær konur sem ekki komast út á vinnumarkaðinn, eins og hv. þm. sagði, eða vilja ekki fara út á vinnumarkaðinn, þær fá stórlega aukinn rétt með þessu frv. þegar það verður að lögum og einnig verkakonur og aðrar konur á hinum almenna vinnumarkaði. Þær fá líka stóraukinn rétt. Bæði eru greiðslurnar sjálfar nokkru hærri en nú er og auk þess réttindatíminn lengri þannig að að því leyti til tel ég að þetta sé mjög mikið til bóta og snúi hlutum aftur í þá áttina að verða hærri greiðslur, eins og þær voru reyndar áður en þessi lög voru sett. Þegar núgildandi lög voru sett var stórlega dregið úr rétti fjölmargra kvenna sem áttu rétt eftir fyrri lögunum og byggðist á atvinnuleysisbótagreiðslum og reglum þar um. Þær greiðslur byggðust jú annars vegar á 90 virkum dögum og svo barnafjölda. Þannig var réttur fjölmargra kvenna að krónutölu til miklu betri áður en núgildandi lög voru sett. En við erum víst sammála um það, nefndarmenn og ég, að við ætlum með þessu frv. að bæta rétt manna en ekki að taka rétt frá neinum.

Ég þakka nefndinni fyrir ábendingarnar og afgreiðsluna á málinu.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess sem fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. um orðið „fæðingarstyrkur", þá er það rétt að þetta heiti bar á góma í heilbr.- og trn. og sýndist kannske fleirum en færri eðlilegt að breyta því. Það skal viðurkennt að ekki varð framhald á þeirri umfjöllun í nefndinni, um það mál. Ef t.d. ætti að breyta þessu orði og tala um „fæðingargreiðslur", eins og jafnvel hefur verið talað um, þá hygg ég að menn lendi í nokkrum vanda að nota það orð mjög víða í greininni. Þar er talað um greiðslu fæðingarstyrks, framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks o.s.frv. Að mörgu leyti er þægilegra að hafa um þetta heiti í líkingu við „fæðingarstyrkur". Ég sé hins vegar ekkert á móti að athuga þetta mál. Það tekur ekki langan tíma á milli umræðna ef mönnum skyldi detta í hug eitthvert snjallt orð sem skilaði sömu merkingu.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla um frv., en endurtek það sem ég sagði í minni framsögu að það er heildarsamstaða um málið og mikil áhersla lögð á það af hálfu nefndarinnar að málið nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 913 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 921 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. og ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707, n. 920.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta frv. til laga um fæðingarorlof til meðferðar. Þessi frumvörp fylgjast að, þ.e. þetta frv. sem hér er um að ræða, frv. til laga um fæðingarorlof, og hið fyrra sem nú þegar hefur verið fjallað um.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir frv. Í 1. gr. þess er skilgreint hugtakið „fæðingarorlof". Hefðbundin skilgreining á lagahugtakinu „orlof" er: leyfi frá launuðum störfum, sbr. 1. gr. laga um orlof, nr. 87 frá 1971, en þar segir:

„Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eigi rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum." — Eins og stendur hér um 1. gr. þessa frv.

Meginmál frv. er að sjálfsögðu 2. gr. frv., þar sem segir:

„Foreldri, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi samkvæmt lögum þessum. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarorlof vera fimm mánuðir og frá 1. jan. 1990 sex mánuðir."

Að öðru leyti fjallar frv. nokkuð um samskipti, ef ég má svo að orði komast, samskipti launþega og atvinnurekenda.

Í 8. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um umfram það sem í lögum þessum greinir."

Heilbr.- og trn. er einhuga í afstöðu sinni til þessa máls og kallaði til viðræðna Ingibjörgu Rafnar, formann nefndarinnar sem samdi frv., sömuleiðis Ingimar Sigurðsson frá heilbrrn. og Birnu Björnsdóttur, lögfræðing Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 802 (sbr. 207), n. 916.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til tollalaga. Þetta frv. hefur verið til ítarlegrar umræðu í Nd. og var samþykkt þar með nokkrum breytingum.

Fjh.- og viðskn. hefur nýtt þann skamma tíma sem hún hefur til umfjöllunar um frv. til þess að kynna sér efni þess eftir föngum, og hefur kallað til viðræðu Helga Hjálmsson, forstjóra Tollvörugeymslunnar, Árna Árnason hjá Verslunarráði Íslands og Bjarna Jónsson frá Félagi ísl. iðnrekenda. Sigurgeir Jónsson og Lárus Ögmundsson frá fjmrn. unnu með nefndinni og voru henni til ráðuneytis.

Það hefur orðið að samkomulagi að 2. umr. um frv. fari nú fram, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma milli 2. og 3. umr., en samkomulag hefur einnig orðið um það að 3. umr. um málið fari fram á mánudaginn kemur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins. Þess má geta að auk almenns fyrirvara sem er í nál. um afstöðu allra nefndarmanna skrifar Ragnar Arnalds undir frv. með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt við þessa umræðu með þeim fyrirvörum sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–150. gr., ásamt ákv. til brb., samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

63. fundur, föstudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Flugmálaáætlun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 698, n. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569, n. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–19. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 560, n. 829, brtt. 728, 787, 823.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 728,1 felld með 19:10 atkv.
Brtt. 823,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 787,1 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SJS, SvG, GSig, GeirG, GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ.

nei: StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS.

IG greiddi ekki atkvæði.
4 þm. (StG, EBS, GE, RH) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Í framsöguræðu minni fyrir nál. las ég bréf frá Alþýðusambandi Íslands þar sem minnst var á það mál sem hér er verið að gera tillögu um. Það er okkar skoðun í meiri hl. nefndarinnar að hægt sé með reglugerð að nota mismunandi vexti eftir því hverjum lánað sé og hægt að taka þannig tillit til þeirra efnisatriða sem þarna er minnst á. Hér er um að ræða nokkra grundvallarbreytingu frá því sem er í lögunum, en þar er gert ráð fyrir því að lífeyrisréttindi skapi rétt. Ég tel að þetta sé óþarft að hafa í lagagrein og segi nei.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Þau eru ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að þeir sem selja eldra húsnæði eða selja stórt húsnæði, við skulum segja gott einbýlishús, og kaupa sér þiggja herbergja íbúð t.d. geta fengið 1200 þús. kr. lán hjá Húsnæðisstofnun. Hv. þm. Friðrik Sophusson, og má ég ekki vera í orðkappræðum hér, telur að þetta sé hægt að lagfæra með vöxtum. Það er miklu einfaldara að hafa skýr og einföld lagaákvæði hér um. Meðan það er að komast í slétt form að liðsinna þeim sem eru að sækja um í fyrsta skipti og þeim sem eru í erfiðleikum með að bíða á ekki að vera að láta þá sem geta selt einbýlishús fyrir kannske 10 millj., keypt sér 3–4 herbergja íbúð fyrir 4 millj., vera á jöfnum rétti til 1200 þús. kr. láns. (**FrS:** Það má nota hærri vexti.) Það má nota hærri vexti, en það er mikið einfaldara en fara að setja skrið á vaxtakerfi húsnæðismálastjórnar að hafa einföld og skýr lagafyrirmæli um að húsnæðismálastjórn meti þetta. Ég vona að hv. þm. hafi þetta sjónarmið í huga og ég segi já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og þeir vita sem kunnugir eru úti á landsbyggðinni hefur það færst í vöxt og ýmsum foreldrum þótt hagkvæmt sem hafa orðið að senda börn sín til framhaldsnáms á aðra staði, hvort heldur sem er Akureyri eða Reykjavík eða aðra staði þar sem lítið er um heimavistarhúsnæði, að kaupa litla íbúð til að draga úr þeim kostnaði sem ella félli á dvölina á viðkomandi stað, ég tala ekki um þegar svo háttar til að fleiri en eitt barn getur nýtt sér íbúðina, vegna þess verðs sem er á leiguhúsnæði. Um þetta vitum við mörg dæmi sem þekkjum til úti á landsbyggðinni. Ég sé ástæðulaust að loka fyrir þennan möguleika. Ég hef áður lýst áhuga mínum á því að átak verði gert til að byggja upp stúdentagarða hraðar en gert hefur verið. Ég tel nauðsynlegt að þessi valkostur sé fyrir hendi. Á hinn bóginn liggur fyrir að ekki er arðvænlegt að byggja leiguíbúðir við þeim kjörum sem eru í Byggingarsjóði ríkisins þannig að menn þurfa ekki að óttast það að menn safni mörgum húsum þó þessi regla sé inni. Ég vil m.ö.o. láta kosti þeirrar reglu sem í lögum er ráða ferðinni en ekki hið gagnstæða. Þess vegna segi ég nei.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi till. felur í sér að veita Húsnæðisstofnun heimild til að skerða eða hafna láni til þeirra sem eiga fyrir skuldlausar eignir og eru að minnka við sig húsnæði. Lauslegt mat bendir til þess að þessi hópur sé um 15% af heildinni og geti tekið til sín 500 millj. af fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins. Þegar fyrir liggur að fjármagn er þrotið til greiðsluerfiðleikahópanna sem byggðu eða keyptu á árunum 1980–1985 og að félagslega húsnæðiskerfið er fjárhagslega svelt standa engin rök til þess að veita skilyrðislaust skuldlausum hópum, sem eru að minnka við sig húsnæði, 1200 þús. kr. lán með niðurgreiddum vöxtum sem þeir þurfa ekki á að halda til húsnæðiskaupa. Ég segi já.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vísa til þess sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði á undan varðandi rökstuðning fyrir þessari till. En ég er alveg gáttaður á málflutningi hv. talsmanns Sjálfstfl. og meiri hl. í þeirri nefnd sem hér um ræðir, Friðrik Sophussyni, sem segir efnislega: Ég tel að það eigi að gera þetta, eigi að takmarka þessi lán, en það er óþarfi að setja það í lagagreininni. Skaðar það einhvern að hafa það í lagagreininni.? Hvaða vopn hefur hann annað? Vexti. Hvaða vexti? Ég segi já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef staðið í þeirri meiningu að persónulegar orðahnippingar ættu ekki heima þegar menn gerðu grein fyrir atkvæði sínu og vil vekja athygli á því að forseta hefði borið að slá í bjölluna undir ræðu hv. 3. þm. Reykn. ef hann vildi halda uppi góðri fundarreglu.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti tekur til sín þessa mjög svo „réttmætu" athugasemd og reynt verður þá að halda fram atkvæðagreiðslunni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem það er einfalt mál að nema þetta ákvæði á brott úr lögum verði það samþykkt og vaxtahækkun framkvæmd óhóflega eins og hér hefur verið lagt til segi ég já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 823,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 823,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 728,2–3 teknar aftur.
Brtt. 728,4 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JBH, KP, KJóh, KH, SJS, SvG, GJG, GA,

GHelg.
nei: KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.
HG, SV greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (StG, EBS, GeirG, GE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Deildin hefur áður fellt tvær eða þrjár tillögur sem snúa að því að taka svokallaðar kaupleiguíbúðir inn í Byggingarsjóð ríkisins. Skilgreiningin á kaupleiguíbúðum eða því hugtaki er því miður mjög óljós vegna þess að það liggur ekki fyrir hverjir eiga að eiga íbúðirnar þann tíma sem þær eru í leigu. Það er mikilvæg forsenda þess að hægt sé í rauninni að afgreiða málið. Þar sem hins vegar er um almennt heimildarákvæði að ræða að því er varðar kaflann um Byggingarsjóð verkamanna í þessari brtt. tel ég eðlilegt að þessi stafliður bætist við sem nýr stafliður, verði d-liður á eftir liðnum um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir eins og þetta er nú í 34. gr. laganna. Ég tel því rétt að ákveða þetta nú, en mikið nánari útfærsla er eftir. Ég segi já.

4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 787,2 felld með 23:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSig, GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, SJS, SvG.
nei: EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SV, StH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, IG.
5 þm. (EBS, GeirG, GE, StG, SvH) fjarstaddir.
Brtt. 823,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Dráttarvextir, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál. — Þskj. 623 (sbr. 597), n. 827, brtt. 653, 819, 834, 885, 891.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram) (frh.):
Herra forseti. Ég hafði þegar hafið að mæla fyrir nál. sem allshn. Nd. flytur á þskj. 827 við frv. til umferðarlaga sem komið er til Nd. eftir afgreiðslu Ed. Í nál. þessu kemur fram að allshn. Nd. fékk þetta ítarlega stjfrv. til meðferðar þann 25. febr. s.l. þannig að ekki gafst ýkja mikið ráðrúm til að fjalla um málið. Engu að síður var talað við allmarga þá aðila sem láta sig þessi mál skipta og nefndin fór yfir mörg erindi sem henni bárust vegna efnis frv.

Ég vek athygli á því að í nál. koma fram tvö atriði sem nefndin vildi leggja sérstaka áherslu á en ekki er sérlega fjallað um í frv. Það fyrra er að nefndin telur nauðsyn á því að setja nýjar reglur hér á landi um ökukennslu og ökunám, annaðhvort í sérstökum lögum sem um þetta mundu fjalla eða þá í reglugerð þar sem ítarlegar verði fjallað um þessa tvo mikilvægu málaflokka en nú er um að ræða. Verði þar m.a. fjallað um menntun ökukennara og námsefni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs, en mun strangari ákvæði gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum en hér á landi.

Því hefur oft verið haldið fram að orsakir hinna tíðu umferðarslysa megi m.a. rekja til þess að skortur sé á nægilega mikilli ökukennslu, nægilega löngum aksturstíma þeirra sem eru að búa sig undir ökupróf, enda kemur m.a. fram að slysatíðni er langmest meðal yngstu ökumannanna. Því telur nefndin sérstaka ástæðu til að leggja áherslu á þetta atriði.

Í öðru lagi taldi nefndin brýna nauðsyn á að sett verði skýr ákvæði í reglugerð af hálfu dómsmrn. um kennslu sem veiti réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki, en slík ákvæði skortir nú að mestu leyti.

Hér er, herra forseti, um mjög viðamikla lagasetningu að ræða. Það frv. sem hér liggur fyrir Alþingi er nú flutt í þriðja sinn, á þriðja þingi, og hefur hlotið mjög ítarlega og mikla umfjöllun í Ed. og í milliþinganefnd þm. Ed. sem fór yfir frv. á s.l. sumri. Allshn. Nd. hefur gert allmargar brtt. við frv. eins og það er komið frá Ed. og þær er að finna á þskj. 819. Margar þessara brtt. lúta fremur að orðfæri og uppsetningu einstakra greina frv. en efnisatriðum, en þó lúta sumar þeirra að verulegum efnisatriðum sem eru áhorfsmál.

Ég hafði þegar þann 11. þ.m. gert grein fyrir flestum brtt. sem máli skipta, en vildi að þessu sinni, þar sem ég gat þá ekki lokið ræðu minni, halda áfram og gera grein fyrir þeim sem ég átti eftir að skýra, en ég mun alls ekki víkja að næstum öllum tillögunum því að margar þeirra skýra sig sjálfar.

Ég vil fyrst víkja að 63. gr. frv., en þar er fjallað um 22. brtt. nefndarinnar. Þar er orðið „vélsleði“ í 63. gr. frv. fellt niður. Vélsleði hefur í meðferð nefndarinnar verið flokkaður undir fyrirsögnina „torfærutæki“ þannig að það orð kemur ekki lengur fyrir sem slíkt heldur er fyrirsögnin á þessum kafla „Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.“

Ég vil síðan víkja að verulegri breytingu sem felst í 23. brtt. nefndarinnar. Þar er lagt til að við bætist ný mgr. í 64. gr. sem er svohljóðandi: Ökutæki skal skráð í umdæmi þar sem skrásetningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing.

Í frv. sjálfu var einfaldlega gert ráð fyrir því að dómsmrh. setji reglur um skráningu ökutækja og eigendur þeirra. Þar er ekki annað sagt en þetta er falið dómsmrh. á vald. Hins vegar segir í grg. með 64. gr. eftirfarandi:

„Tekið skal fram að gert er ráð fyrir því að umdæmaskráning ökutækja verði lögð niður og landið verði eitt skráningarumdæmi" og það er þetta sem felst í þessari heimild dómsmrh. til þess að setja reglur um skráningu bifreiða.

Þetta atriði var ítarlega rætt í nefndinni og niðurstaðan er sú að nefndin leggur til að hér verði sú breyting gerð að haldið verði núverandi skráningarnúmerakerfi, þ.e. að ökutæki skuli skráð í því umdæmi þar sem eigandi þess á lögheimili eða varnarþing. Til þess lágu ýmsar ástæður.

Eitt og annað mælir vitanlega með því að taka upp eitt skráningarkerfi fyrir landið allt, skrásetningarnúmerið fylgi bifreiðinni á öllum lífaldri hennar. Bifreiðaeftirlit ríkisins sendi nefndinni erindi þar sem fram kom að það telur að við slíka kerfisbreytingu sparist verulegt fé í starfsemi Bifreiðaeftirlitsins.

Nefndin hafði ekki ráðrúm til að gera efnislega könnun á þessu atriði vegna þess að hún þurfti að afgreiða málið sökum yfirvofandi þinglausna á tæpum hálfum mánuði, en taldi hins vegar að það væru svo mörg atriði sem mæltu gegn því að breyta um skráningarkerfi frá því sem nú er að ástæðulaust væri að taka undir tillögu í frv. um það mál. M.a. var ljóst að svo mikill ágreiningur er í því efni að sennilega hefði það tafið fyrir framgangi frv. á þessu þingi. Þannig er gert ráð fyrir að umdæmaskráningu ökutækjanna verði haldið áfram og ákvæðið er sett til að tryggja að svo verði.

Hins vegar er í næstu grein frv. gert ráð fyrir því að Bifreiðaeftirlit ríkisins skuli nú annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit. Skráningin hefur áður heyrt undir lögreglustjóraumdæmin, en nú er hún alfarið færð til Bifreiðaeftirlitsins og við það situr í meðferð nefndarinnar. Þó er hér bætt einni setningu við 3. mgr.: Bifreiðaeftirlitsmenn skulu við eftirlit og framkvæmd lögregluvalds starfa í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Þessi viðbót er sett í frv. skv. brtt. nefndarinnar til að undirstrika nauðsyn samstarfs lögreglu og Bifreiðaeftirlits í starfi. Bifreiðaeftirlitsmenn hafa í dag og munu hafa skv. frv. lögregluvald á sérsviði sínu, vitanlega þó undir yfirstjórn dómsmrh. En það þótti nauðsynlegt að setja hér skýrt ákvæði um samstarf þeirra og lögreglu á hlutaðeigandi stað, m.a. vegna þess að nú kemur skráning bifreiða til með að heyra alfarið undir Bifreiðaeftirlitið.

Þá kem ég næst að þeim kafla frv. sem mestar breytingar voru gerðar á, en það er kaflinn þar sem fjallað er um fébætur og vátryggingu bifreiða vegna slysa og tjóna sem af þeim hljótast, en þar er um að ræða XIII. kafla frv. Það er lagt til í tillögum nefndarinnar að ákvæðum þess kafla frv. sem varðar bótaábyrgð og vátryggingu verði breytt til samræmis við það sem var í fyrri gerð frv. og er í núgildandi umferðarlögum.

Í frv. eins og það liggur nú fyrir er þessi kafli mjög svipaðs efnis og ábyrgðakaflinn í dönsku umferðarlögunum og fyrirmyndin var sótt þangað. Nefndinni bárust ýmsar athugasemdir, m.a. frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, þar sem þessar nýju ábyrgðarreglur frv. voru gagnrýndar og ekki talið tímabært að taka slíkar ábyrgðarreglur upp hér á landi. Var nefndin sammála um að þessi efni þurfi að skoða betur og telur því rétt að frv. verði, eins og áður segir, að verulegu leyti fært í hið fyrra horf, þ.e. eins og það var borið fram á síðasta þingi, og svipað því sem ábyrgðarreglur laganna eru í dag. Á þetta við ýmsar breytingar sem fram koma í þessum kafla frv.

Þá er lagt til að tekið verði upp það nýmæli sem er slysatrygging ökumanns vegna tjóns sem hann kann að verða fyrir án þess að nokkur eigi í sjálfu sér sök á því nema þá hann sjálfur. Komi sú trygging til viðbótar slysatryggingum skv. almannatryggingalögum, en hins vegar er sú trygging mjög takmörkuð eins og margir vita. Það hefur þess vegna tíðkast að bíleigendur kaupi sérstaka tryggingu vegna slíkrar áhættu hjá tryggingafélögunum, svokallaða ökumannstryggingu, og einnig sérstaka farþegatryggingu. Þær tryggingar ættu því að hverfa þar sem þetta ákvæði kemur hér inn í lögin í staðinn.

Þá er einnig felld í þessum kafla niður sú takmörkun sem nú er skv. umferðarlögum á bótarétti farþega sem ekki eru fluttir gegn gjaldi. Þeir hafa mjög takmarkaðan og skertan bótarétt nú ef þeir eru fluttir gegn gjaldi og lenda í slysum, en því er breytt til betri vegar að dómi nefndarmanna.

Þá kem ég — og það er komið undir lokin á brtt. — að 36. brtt. sem fjallar um 99. gr. frv. Í 99. gr. er í frv. gert ráð fyrir að dómsmrh. skipi nefnd þriggja manna til að láta uppi álit um skiptingu bótaábyrgðar. Hér er um nýmæli að ræða í frv. Allshn. leggur til að þessi grein verði öll felld niður úr frv. Allshn. telur ekki efni til að lögskipa slíka nefnd, sem einungis á að vera ráðgefandi. Hún telur að ágreiningsefni þessi megi í ríkari mæli en nú er leysa á fullnægjandi hátt með álitsgerð lögfræðinganefndar tryggingafélaganna, en samkvæmt reglum hennar er niðurstaða þeirrar nefndar bindandi fyrir vátryggingafélögin. Þessi lögfræðinganefnd, sem starfar á grundvelli samkomulags vátryggingafélaganna, er ekki lögskipuð eða stjórnskipuð nefnd, en leysir úr mjög mörgum ágreiningsefnum sem koma upp varðandi bótaskyldu þegar um tjón er að ræða. Það sem er athyglisvert í því efni er að tryggingafélögin hafa skuldbundið sig til að hlíta úrskurði þessarar lögfræðinganefndar. Allshn. telur að starf nefndarinnar hafi gefist vel og ekki sé ástæða til að lögskipa nýja nefnd sem aðeins er ráðgefandi en ekki skuldbind-

andi fyrir vátryggingafélögin eins og sú nefnd sem þó starfar nú ólögskipuð.

Ég kem þá að lokum að gildistökuákvæðum laganna, þ.e. 39. brtt. Þar leggur nefndin til að gildistaka þessara laga verði ákveðin 1. mars á næsta ári. Nefndin telur ekki rétt að miða gildistöku við áramót eins og gert hafði verið ráð fyrir í frv. þar sem áramótin séu ekki hinn heppilegasti tími, hvorki til að framkvæma þær breytingar sem gera þarf á umferðarmerkjum víðs vegar um land né heldur til að koma nauðsynlegri fræðslu til skila á þeim árstíma og á þeim dögum sem á undan fara gildistöku þessa viðamikla frv.

Í síðustu brtt. nefndarinnar, sem lýtur að ákvæði til bráðabirgða, er lagt til að 2. mgr. þess ákvæðis, sem fjallar um stjórnendur léttra bifhjóla og vélsleða, falli niður, enda gerir nefndin ráð fyrir því í sinni till. að aldur manna til að stýra slíkum tækjum verði óbreyttur frá því sem hann nú er í lögum, þ.e. 15 ár til að stjórna léttu bifhjóli, torfærutæki og þar á meðal vélsleða. Ed. hafði hins vegar hækkað þetta aldursmark í 16 ár, en það er lækkað í 15 ár í till. nefndarinnar, þ.e. í sama aldur eins og nú er í lögum.

Ég hef, herra forseti, þá lokið við að gera grein fyrir brtt. nefndarinnar. Stærstu brtt. eru, eins og ég sagði, á kaflanum um fébætur og vátryggingar. Síðan eru nokkrar breytingar gerðar á aldursmörkum. Þau eru lækkuð frá því sem Ed. lagði til um eitt ár að því er varðar létt bifhjól og torfærutæki. Aldursmarkið til þess að aka dráttarvél við landbúnaðarstörf er lækkað úr 14 árum í 13, léttum bifhjólum úr 16 í 15 eins og nú er í lögum, torfærutækjum í 15 ár, en nú er ákvæði um að aldursmörk ökumanna vélsleða séu 16 ár.

Nefndin taldi einfaldlega miklu raunhæfara að hafa þessi lægri aldursmörk vegna þess að minni hætta er þá á að lagafyrirmæli séu brotin, en jafnframt fengju ökumenn sem vildu eignast og stjórna slíkum tækjum nauðsynlega fræðslu. Þess vegna væri það á allan hátt affarasælla og raunhæfara að miða við þau aldursmörk sem hér er gerð tillaga um. Þá er vitanlega einnig meginbreyting að númerakerfinu verði haldið óbreyttu.

Að lokum vil ég nefna að nokkrar umræður urðu í nefndinni um mál sem mikið hefur verið rætt, þ.e. spurninguna hvort undanþáguákvæði varðandi bílbelti skuli áfram standa í lögum þannig að ekki verði unnt að beita sektum ef menn fara ekki eftir þeim fyrirmælum. Um þetta hafa verið mjög skiptar skoðanir. Í meðferð allshn. var fallist á afgreiðslu Ed. í þessu efni þannig að undanþáguákvæðið er fellt niður og mundi þá almennt sektarákvæði, sem er að finna í frv., gilda hvað varðar bílbelti eins og öll önnur ákvæði væntanlegra umferðarlaga sem brotin kunna að verða. Hér er vitanlega þó um mikið áhorfsmál að ræða og svo er raunar um mörg önnur atriði í frv. Það er spurning um hvar á að draga mörkin í mörgum efnum. En nefndarmönnum þóttu svo þung rök hníga að því, tölur um tíðni slysa þar sem belti eru notuð og hins vegar þar sem ekki hafa verið notuð belti, að þetta var látið standa óbreytt í tillögum nefndarinnar.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka það fram að nefndarmenn voru sammála um þær ítarlegu brtt. sem ég hef nú hér skýrt og er að finna á þskj. 819. Þó áskildu nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við meðferð málsins og nokkrar hafa komið fram nú í dag og í gær frá einstökum nefndarmönnum og munu þeir skýra þær sérstaklega á eftir. Að öðru leyti varð samkomulag í nefndinni um þær brtt. sem fyrir liggja.

Undir þetta nál. skrifa auk mín Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Guðmundsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Þess skal getið að Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar.

Það er ástæða til að lokum, herra forseti, að leggja á það áherslu hve mikilvægt er að dómi nefndarmanna að frv. þetta fái loksins afgreiðslu hér á Alþingi. Það hefur þegar legið fyrir þremur þingum og væri ekki vansalaust að láta það enn daga uppi. Hér er um að ræða mikið þjóðþrifamál, mál sem varðar öryggi allra landsmanna í umferðinni, mál sem getur valdið því að slysum fækki og öryggi í umferðinni aukist.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þetta frv. er alltaf að batna og ég þakka hv. allshn. fyrir að fallast á að gera þá breytingu á frv. sem ég lagði til á þskj. 653 varðandi númerakerfið. Ég held að það sé miklu farsælla að taka ekki númerin af fólki. Ég er hins vegar óánægður yfir að ekki var fallist á till. mína um skyldu til að hafa ljós í akstri allan ársins hring og ég vona að sú brtt. hljóti stuðning í deildinni.

Það voru margar lagfæringar gerðar í frv. í Ed. Í síðari deild, Nd., eru 40 brtt. frá nefnd og ég tel að enn sé mikið verk að vinna við frv. áður en það er fullskoðað. Ég er meðflm. að brtt. á þskj. 885 þar sem 1. flm. er Pálmi Jónsson og vænti ég þess að hann geri grein fyrir brtt. Ég held að það séu ýmis atriði í frv. sem enn þurfi lagfæringar við. Þó er rétt að lögfesta það núna og síðan höfum við framtíðina til að lagfæra þessi lög enn frekar eftir því sem þurfa þykir.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. það til umferðarlaga sem er komið til 2. umr. hefur eins og lýst hefur verið hlotið allítarlega athugun á hinu háa Alþingi. Á undanförnum tveimur þingum hefur það legið fyrir hv. Ed. og hlaut þaðan afgreiðslu á þessu þingi eins og fram hefur komið hjá hv. frsm. allshn., Gunnari G. Schram. Eins og einnig kom fram í máli hv. frsm. hefur allshn. Nd. haft þetta mál til meðferðar í um það bil hálfan mánuð. Það er því ekki hægt að segja að nefndin hafi tafið málið heldur verður að líta svo á að hún hafi gengið mjög rösklega til verks. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanni nefndar-

innar, hv. þm. Gunnari G. Schram, fyrir afar ötult starf og röggsama forustu í því starfi sem nefndin hefur af hendi leyst.

Þrátt fyrir að frv. hafi tafist þann tíma sem lýst hefur verið í Ed. og nefndarmenn þar hafi fjallað um málið í allshn. og Ed. í heild hafi fjallað um málið á tveimur og hálfu þingi sér allshn. Nd. sig knúða til að flytja eigi færri en 40 brtt. við frv. Með þeim brtt. tel ég að leiðréttar séu ýmsar misfellur sem á frv. eru, bæði að því er snertir málfar og efnisatriði. Ég vil þó láta þá skoðun mína í ljós að frv. sé hvergi nærri fágað enn sem komið er og mætti þar í ýmsu bæta, bæði um efnisatriði og orðalag, frá því sem það er nú. Á þeim skamma tíma sem allshn. Nd. hefur haft til umráða hefur eigi verið unnt að koma því við að fága þetta frv. eins og ég hefði talið æskilegt þar sem um slíka lagasmíð er að tefla.

Ég mun ekki fara að vitna í einstök atriði hvað þetta snertir, en ég segi það sem mína skoðun að sums staðar sé lagatexti í frv. ákaflega ítarlegur, jafnvel hjákátlega ítarlegur í einstökum greinum, misjafnlega ítarlegur um sambærileg efnisatriði eftir því um hvaða ökutæki sé að ræða og málnotkun er eftir mínum málsmekk sums staðar þannig að hún gæti farið betur. Þrátt fyrir þessar misfellur sem á frv. eru enn að mínum dómi er nefndin sammála um það að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hún leggur til á þskj. 819. Rétt er að taka það skýrt fram, sem kom fram í lok ræðu hv. frsm., að nefndarmenn allir áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. sem fram kunna að koma í hv. deild.

Ég vil þó áður en ég hverf að því að víkja að brtt. nefna eitt dæmi sem hefur valdið mér nokkurri umhugsun, en er tiltölulega lítilfjörlegt dæmi. Það er í 28. gr. þar sem segir:

„Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því a) á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið.“

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé sjálfsögð almenn regla, en ég tek eftir því að þessi regla, sem við gerum ekki tillögur um að breyta, muni taka af allmörg bílastæði í miðbænum í Reykjavík sem mörg hver eru útbúin með útskotum á gangstéttum að þau bílastæði ættu ekki, miðað við þá hægu umferð sem er á þröngum götum hér, að hafa í för með sér aukna slysahættu. Við vitum allir hv. alþm. að það eru ákaflega mikil vandkvæði í miðborg Reykjavíkur með bílastæði og hefur valdið mér nokkurri umhugsun hvort það sé rétt að hafa slíkt lagaákvæði svo fortakslaust sem þarna er um að ræða. Ég nefni þetta aðeins sem eitt dæmi af mörgum sem vissulega er smáatriði. Það gæti verið ákjósanlegt að í lagasetningu eins og þessari væri um sveigjanleg ákvæði að ræða sem væri á færi lögregluyfirvalda á hverjum stað að hnika nokkuð til.

Enn fremur vil ég segja um frv. jafnítarlegt og það er að það gæti að mínum dómi sumpart farið betur að stytta það nokkuð og færa hluta af því yfir í reglugerðir eða lögreglusamþykktir í hverju lögregluumdæmi fyrir sig.

Þessar almennu athugasemdir geri ég við frv. eins og það er þrátt fyrir að það sé hárrétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðurl. v., að miðað við þær brtt. sem allshn. flytur batni frv. verulega frá þeim búningi sem það er í eftir að það kom frá hv. Ed.

Ég vil þá víkja að brtt. sem flutt er af okkur nokkrum þm. við frv. og er við 50. gr. þess. Þessi brtt. er á þskj. 885 og er flutt af þremur nefndarmönnum úr allshn., þeim Pálma Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, en auk þess af þm. Halldóri Blöndal, Páli Péturssyni, Karvel Pálmasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Eggert Haukdal og Stefáni Valgeirssyni. Þessi brtt. er við tvo af þeim stafliðum sem upp eru taldir í 50. gr. Sú gr. hefst á svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um kennslu og próf til að mega stjórna“.

Síðan kemur upptalning í stafliðum um tiltekin ökutæki. Frekari skilyrði um kennslu og próf á m.a. við það sem í daglegu tali hefur verið kallað meirapróf. Vel má hugsa sér að þar geti verið um eitthvert millistig að ræða frá hinu venjulega ökuprófi og til meiraprófs vegna þess að dómsmrh. hefði eftir greininni heimild til að setja um þetta reglur að eigin geðþótta.

En síðan segir í a-lið frv.: „Vörubifreið sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd.“

Við leggjum til í þeirri brtt. sem birtist á þskj. 885 að a-liður orðist svo: Vörubifreið sem skráð er fyrir meira en 5000 kg farm.

Þetta er það sem gildir í dag. Ef ákvæði frv. verða samþykkt og brtt. felld felur það í sér að þeim, og þeir eru allmargir, sem eiga tiltölulega léttan vörubíl, er ókleift að nota hann til að sækja sér efni til að mynda til búrekstrar, til að mynda til húsbygginga, margir húsbyggjendur sækja efni í sína grunna o.s.frv., byggingarefni og þess háttar eða til hvers konar annarra nota, nema hafa aukin prófréttindi, e.t.v. meirapróf. (**GJG:** Hve mörg hross mega vera?) Ég kem að því síðar, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

Nú vitum við að fjölmargir eiga bifreiðar af þessu tagi án þess að hafa meirapróf og nota í daglegum rekstri. Við höfum einnig fengið mjög sterkar athugasemdir varðandi þetta atriði frá Vinnuveitendasambandi Íslands sem telur að verði þessi ákvæði frv. lögfest og dómsmrh. notar þær heimildir sem lögin veita til að krefjast þegar aukinna prófréttinda mundi mjög mikill fjöldi manna missa atvinnu sína, m.a. þeir sem aka sendibifreiðum og hafa undir höndum bifreiðar af þessu tagi sem mundi verða útilokað að aka án aukinna prófréttinda miðað við þær kröfur um heildarþyngd sem hér eru settar fram. Þegar talað er um heildarþyngd er það bifreið með hlassi. Þess vegna leggjum við til, þeir hv. þm. sem ég nefndi hér fyrr, á þskj. 885 að þetta atriði verði fært í núgildandi horf.

Þá segir svo í c-lið sömu greinar: „Dómsmrh. getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um kennslu og próf til að mega stjórna bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd.“

Hér er til að mynda um að ræða kerrur sem margir ökumenn hengja aftan í jeppa og nota til minni háttar flutninga. Ég þekki það vel úr mínu umhverfi. Þar sækja menn byggingarefni, til að mynda sand, möl eða hvað eina ef um eitthvað lítils háttar er að ræða. Bændur sækja sér stuttar vegalengdir fóðurbæti, jafnvel áburð, byggingarefni, timbur o.s.frv. Bændur og hestamenn flytja hross. Jafnvel landsfrægir hestamenn þeytast með hross á milli landsfjórðunga á milli hestamannamóta. Væri þessi heildarþyngd ekki meira en 750 kg mundi verða tekið fyrir þetta að miklu leyti án þess að menn öfluðu sér aukinna prófréttinda, t.d. meiraprófs. Ekki væri t.d. hægt að fara með í kerru nema einn hest svo að ekki færi yfir 750 kg að heildarþyngd. Tveir hestar í kerru væru komnir yfir þessa þyngd. Þetta er aðeins dæmi. **(GJG:** Tveir hestar yrðu þá meiraprófi?) Tveir hestar mundu þýða meirapróf. (Gripið fram í.) Aukin réttindi, þau sem hæstv. dómsmrh. kann að ákveða og hann kann að ákveða að það sé meirapróf.

Ég fer eindregið fram á það að þær brtt. sem við hv. þm. flytjum við þessar greinar verði samþykktar. Við c-liðinn gerum við till. um að í stað 700 kg komi 1400 kg sem er þó vægilega í sakir farið. En ég fer eindregið fram á það að hv. þingdeildarmenn samþykki þessar brtt. sem mundu þýða að við gætum haldið áfram notkun vörubifreiða og bíla með minni háttar kerrur nokkurn veginn í því horfi sem er í dag.

Nú má vitaskuld segja sem svo að hæstv. dómsmrh. hefði þetta mjög svo í hendi sér þrátt fyrir að frv. væri samþykkt óbreytt. Hæstv. dómsmrh. gæti til að mynda ákveðið að allir þeir sem nú hafa venjulegt ökuskírteini héldu þeim réttindum áfram sem þeir hafa í dag. En það kemur bara alltaf nýtt fólk sem mundi þurfa að leggja í aukinn kostnað, aukna fyrirhöfn, aukið nám til að geta tekið þátt í þeim daglegu og venjulegu störfum sem alþýða í landinu annast á þessum tækjum eins og það er. Ég fer þess vegna fram á að þessar brtt. okkar verði samþykktar.

Sjálfsagt er að geta þess að þær skýringar voru gefnar af deildarstjóra úr dómsmrn. að þessi ákvæði væru sett inn í frv. til samræmis við alþjóðasamning um umferðarmál og það kynni að fara svo, ef brtt. mínar og annarra þm. sem hér flytjum till. á þskj. 885 yrðu samþykktar, að Íslendingum yrði synjað um að staðfesta þennan alþjóðasamning. Ég fyrir mína parta og við flm. þessarar brtt. viljum láta á þetta reyna. Við viljum láta á það reyna hvort við getum ekki verið nokkurn veginn fullgildir á alþjóðavettvangi þó að við höldum okkar atvinnuháttum í þessum efnum. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um brtt. á þskj. 885.

Ég vil einnig geta þess að ég er meðflm. að brtt. á þskj. 891, þar sem fyrri flm. er hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, er tekur til ákvæða um viðurlög og refsingar, en sú brtt. felur í sér að ekki verði svo sem frv. gerir ráð fyrir refsað fyrir að nota ekki bílbelti. Ég ætla ekki að orðlengja um þá till. vegna þess að fyrri flm. mun gera grein fyrir henni, en ég vil gjarnan taka það fram að hér er ekki um neitt sérviskulegt eða sérgæskulegt atriði að ræða af minni hálfu í þessum efnum þó að ég leggi þetta til vegna þess að alla jafna, nærri því alltaf nota ég bílbelti og þyrfti því ekki mjög eða a.m.k. ekki fremur en aðrir að óttast sektir þótt ég væri stöðvaður af lögregluyfirvöldum. Ég tel að í ýmsum atriðum geti svo hagað til að jafnvel gæti oltið á því hvernig fer hvort ökumaður er í belti eða ekki. Við vitum að stundum getur 1/10 úr sekúndu ráðið því hvernig fer ef slys verða og flestir munu vera lengur en 1/10 úr sekúndu að losa sig úr bílbelti. Þrátt fyrir að ég viðurkenni þá almennu staðreynd að í umferð, við skulum segja þar sem óhöpp eða slys verða flest fyrir árekstra, jafnvel útafkeyrslur við venjuleg skilyrði, séu ökumenn í flestum tilfellum betur komnir í beltum en ekki væru þó annars staðar slík tilvik. Er erfitt að átta sig á því hvernig eða hvenær hæstv. dómsmrh. þóknast að setja reglur, eins og er gert ráð fyrir, um að undanþiggja frá þessari lagaskyldu. Ég tel að þetta eigi að vinnast með áróðri, heilbrigðri skynsemi og frjálsum vilja borgaranna en setja ekki sektir við. Ég skal ekki hafa um það fleiri orð, herra forseti.

Um önnur atriði í frv. og aðrar brtt., þ.e. þær sem fluttar eru af nefndinni í heild, skal ég ekki fara mörgum orðum, enda hafa þær verið skýrðar allítarlega af frsm. nefndarinnar, hv. þm. Gunnari G. Schram. Ég vil þó segja um það efni sem ég nefndi síðast, þar sem frsm. sagði sem svo að nefndarmönnum hafi ekki þótt efni til að breyta sektarákvæðum sem ég gerði hér að umtalsefni og ég er meðflm. að till. um, að þar gilti hinn almenni fyrirvari okkar nefndarmanna við afgreiðslu málsins, en nefndin flytur ekki sameiginlega aðrar brtt. en þær sem við gátum orðið sammála um. Þetta er dálítið annað en það sem hv. þm. Gunnar G. Schram sagði, að nefndarmönnum hafi ekki þótt efni til að breyta þessum ákvæðum. Ég held að ég þurfi ekki að skýra það nánar.

En hér var sagt í máli frsm. að nefndinni hafi ekki getað unnist tóm til að kanna fullyrðingar eða skýrslur Bifreiðaeftirlitsins um að svokölluð númerabreyting hefði í för með sér 20 millj. kr. sparnað eins og þar var sagt. Ég hef auðvitað ekki heldur, fremur en nefndin í heild, kannað þetta á nokkurn máta náið. Ég rifja þó upp að þegar þessi atriði komu til umræðu og ákvörðunar Alþingis, að ég ætla á Alþingi 1981–1982, lagði sú allshn. sem þá fékk þetta mál til meðferðar undir forustu hv. þm. Ellerts B. Schram mikla vinnu í að kanna þessi fjárhagslegu atriði. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að fullyrðing um mikinn sparnað af þessari breytingu væri a.m.k. mjög umdeilanleg. Sú hv.

allshn. sem þá fjallaði um þetta mál skilaði einróma áliti í þá átt að leggja til að ekki væri horfið að þessari breytingu. Hið sama gerir hv. allshn. nú. Við leggum til að ekki verði horfið að þessari breytingu.

Ég vildi örlítið segja frá því hvernig þessi gjöld eru nú. Þá byrja ég á því að segja frá því að í fjárlögum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs af skráningu ökutækja, þ.e. bæði nýskráningu og umskráningum, séu 94 millj. kr. Ég hef ekki greint þessa tölu í sundur, en ég vil geta þess að sumt af þessum skráningargjöldum mun halda sér þótt breytt yrði um númerafyrirkomulag.

Þegar bifreið er skráð á bifreiðaskrá í fyrsta sinn, þ.e. þegar nýskráningargjald er greitt, er gjaldið 2200 kr. Þetta mun standa áfram hvernig sem væri um fyrirkomulag númera. Þegar eigendaskipti verða á bifreið er það skráð og kostar 1100 kr. Á hinn bóginn mundu falla niður skráningargjöld fyrir umskráningu á milli héraða, en þau eru nú 1100 kr. í hvert sinn. Enn fremur mundu falla niður skráningargjöld vegna umskráningar innan sama umdæmis, t.d. þegar eitt R-númer er tekið af og annað R-númer er sett í staðinn, en slík umskráningargjöld eru nú 3300 kr. og eru langhæst. Hver einasti bifreiðaeigandi hefur það gersamlega á valdi sínu eftir núverandi kerfi hvort hann leggur í þennan kostnað eða ekki því að það er öllum frjálst til að mynda sem eru með bifreið með R-númeri að hafa hvaða R-númer sem er ef hann kýs ekki sjálfur að breyta um. Þess vegna er á valdi eigenda bifreiðanna sjálfra hvort þeir leggja í þennan kostnað sem er langveigamestur af þessum skráningargjöldum, þ.e. umskráningu innan hvers umdæmis. Ég tel að löggjöfin eigi ekki að taka þennan rétt af mönnum ef þeir sjálfir vilja leggja í þennan kostnað sem eins og áður segir er þarna veigamestur.

Ég ætla ekki að öðru leyti að rekja röksemdir með eða móti þessum númeramálum. Nefndin flytur brtt. þess efnis að hið eldra kerfi haldi sér og miðað við þær tillögur sé ég ekki ástæðu til að fjalla nánar um það efni, en fagna því að nefndin skyldi komast að þessari niðurstöðu svo sem allshn. í hv. Nd. hefur gert áður þegar slík mál hafa verið til meðferðar.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál frekar. Ég legg enn áherslu á að brtt. okkar allmargra þm. á þskj. 885 verði samþykktar og að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin gerði tillögur um sem og við einstakir þm. úr allshn. höfum gert tillögur um.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Frv. það til nýrra umferðarlaga sem hér er fjallað um hefur nú legið fyrir þrem löggjafarþingum, þ.e. 107., 108. og 109. Auk þess sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. S.l. sumar vann að því milliþinganefnd alþm. Þannig má segja að það hafi gengið í gegnum margan hreinsunareldinn.

Rætur þess má rekja til nefndarskipunar 15. sept. 1980. Það er ekki úr vegi að rifja þetta örlítið upp þar sem nú eru tæp sjö ár frá því að sú nefnd var sett saman. Sú nefnd átti að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga. Í nefndina voru skipaðir á sínum tíma Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, formaður, Garðar Gíslason borgardómari, Haraldur Henrýsson sakadómari, Ólafur Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmrn. og Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri. Ritari nefndarinnar var Örn Sigurðsson lögfræðingur, þá starfandi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Ég get ekki stillt mig um það áður en lokaorðin verða sögð um þetta frv. að rifja upp hver var tilgangur með endurskoðun umferðarlaga á þeirri tíð. Hann var einkum tvíþættur. Annars vegar var orðið ljóst að umferðarlögin á þeim árum voru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar úrelt, og að sjálfsögðu verður slík löggjöf alltaf að vera í endurskoðun. Hins vegar var talið nauðsynlegt vegna aukinna samskipta á milli þjóða að samræma umferðarlöggjöf hér á landi, eftir því sem kostur var á, umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Það voru þessi tvö atriði sem voru meginástæðan fyrir því að 1980 var sett saman nefnd til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga.

Allir vita að umferð eykst stórlega bæði að því leyti að Ísland sækja heim margir erlendir gestir og fjölmargir Íslendingar aka út um lönd á ári hverju. Þetta frv. gerði ráð fyrir að Íslandi yrði kleift að gerast aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. des. 1968. Að sjálfsögðu var við samningu þessa frv. höfð hliðsjón af umferðarlöggjöf nágrannaþjóðanna, einkum Norðurlandaþjóða, en þær hafa jafnan haft samvinnu sín á milli um setningu laga, ekki síst af slíkri gerð sem hér um ræðir. Það má þó vera deginum ljósara að við samningu þessa frv. sem og fjölmargra annarra er ekki gott að þýða umferðarlöggjöf annarra þjóða frá orði til orðs heldur þarf að samræma ákvæði þeirra aðstæðum hér á landi.

Ég tel fulla þörf á því að þetta frv., eftir alla þá meðferð sem ég hef minnst á, nái samþykki á þessu þingi. Það er að vísu svo að enn eru mörg atriði sem hv. alþm. eru ósammála um. Nægir að benda á þær 40 brtt. sem allshn. Nd. flytur og um ræðir á þskj. 819. Þá má enn fremur geta þess að meginhluta þess tíma sem Alþingi hefur haft frv. þetta til meðferðar hefur það verið í Ed. þannig að þm. Nd. gætu sem best fært rök að því að þeir hefðu haft allt of skamman tíma til að ræða þessi mál.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan að frv. væri alltaf að batna. E.t.v. má bæta slík frv. með því að lesa þau nógu oft yfir og breyta þeim nógu oft. Þó ætla ég að fyrir því séu takmörk. Mér sýnist nefnilega að frv. sé að ýmsu leyti nú, eftir alla þessa hringferð, að færast í fyrra horf, þ.e. færast í það horf sem höfundarnir í upphaflegu nefndinni gengu frá því og mætti nefna mörg dæmi um það. En vonandi hefur það ekki versnað neitt að ráði við þessa miklu hringferð.

Ég held ég ræði ekki hverja einstaka brtt. Allir nefndarmenn í allshn. áskildu sér rétt til að hafa

frjálsar hendur um afgreiðslu málsins að öðru leyti en því að þeir standa allir saman að þeim tillögum sem um ræðir á þskj. 819.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hér grein fyrir brtt. sem hann stendur að og er 1. flm. að, till. á þskj. 885. Það hefur verið bent á að ef þær brtt. yrðu samþykktar, sem greinir á því þskj., kynni að fara svo að Íslendingar næðu ekki að gerast aðilar að alþjóðasamningi um umferð sem ég gat um áðan. Það þýðir að vegferð Íslendinga um útlönd er ekki eins greið og ella verður og kann að fara svo að íslensk ökuskírteini verði ekki tekin gild á erlendri grund, a.m.k. ekki af öllum aðilum sem hafa staðfest þennan samning. Þar sem hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða fyrir hæstv. dómsmrh. verð ég að segja það um þessa till. á þskj. 885 að ég tel hana ekki svo mikils virði að hún eigi að geta komið í veg fyrir aðild okkar að nefndum alþjóðasamningi.

Vitanlega er það svo að þetta frv. hefur að geyma fjölmargar heimildir til handa hæstv. dómsmrh. og verður að ætla að menn í því tignarsæti fari gætilega með þær heimildir og nýti þær af fullri skynsemi og gætni. Þess vegna verð ég að segja að ég tel ekki ástæðu til að vera svo ragur við að samþykkja víðtækar heimildir til handa hæstv. dómsmrh. um þessi mál.

Að lokum vil ég svo endurtaka að ég hef eins og aðrir nefndarmenn áskilið mér rétt til að hafa frjálsar hendur við atkvæðagreiðslu þá sem hér fer fram væntanlega einhvern tíma á eftir. En ég tel frv. sem heild hafa svo marga kosti til að bera að ég tel ekki áhorfsmál að við reynum að afgreiða það og samþykkja það sem lög á þessu þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til l. um umferðarmál sem er hér á dagskrá. Þessi brtt. fjallar um ágreiningsmál sem verið hefur nokkuð lengi hér á Alþingi og víkur að því atriði hvort það eigi að refsa mönnum fyrir að nota ekki bílbelti. Í umferðarlögunum er gert ráð fyrir að ekki skuli refsa fyrir vissa tegund af brotum í 1. mgr. 109. gr. Skv. þeirri brtt. sem ég legg til er lagt til að ekki verði þó refsað fyrir brot á 71. gr. Hér er um visst „prinsip"-mál að ræða. Meðan það er viðurkennt að ákveðnir þegnar þjóðfélagsins hafi heimildir til að sleppa við þá skyldu að vera með bílbelti er ákaflega hæpið að festa í lög að það gæti verið refsivert athæfi hjá öðrum. Ég tel að það sé alveg á mörkunum að slíkt standist stjórnarskrána, að það sé hægt að setja refsilög á vissa þegna þjóðfélagsins á sama tíma og öðrum er með lögunum veitt alger undanþága frá þessu.

Nú er það svo að jafnvel þó að satt væri að meiri hluti íslensku þjóðarinnar teldi að það ætti að vera lagaleg skylda að refsa mönnum fyrir að nota ekki alltaf bílbelti er vitað að það eru til þó nokkuð margir einstaklingar í landinu sem beinlínis hafa af því ótta að þurfa að nota bílbelti og telja að þeir séu verr komnir í akstri á hættulegum vegum með því fyrirkomulagi. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að refsa þessum mönnum fyrir að velja þann kost sem þeir telja að sé þeim öruggastur.

Til að fyrirbyggja allan misskilning er ég engu að síður þeirrar skoðunar að menn eigi að nota bílbelti og ég flutti sem formaður allshn. á sínum tíma það mál í þingsölum að það ætti að lögbinda að menn notuðu bílbelti. Ég treysti mér aftur á móti ekki að standa að því að gera það að refsiverðu athæfi þó að menn veldu þann kost að nota ekki bílbelti.

Það er meginregla í okkar lögum að mönnum er refsað fyrir það sem þeir gera á hlut náungans, ekki fyrir það sem þeir gera sjálfum sér. Það má lengi um það deila hvort þetta sé skynsamlegt eða réttlátt í alla staði. Menn geta vissulega sagt sem svo: Menn geta gert svo mikið gagnvart sjálfum sér að það þýði mikil útgjöld fyrir samfélagið og þess vegna sé það réttlætanlegt að refsa mönnum fyrir það sem þeir gera gagnvart sjálfum sér. Ég tel þó að það orki mjög tvímælis að gera svo sterka stefnubreytingu í þeim efnum, hvað sé refsivert athæfi.

Ég játa það og undirstrika að ég er sannfærður um að bílbeltin draga úr slysahættunni og eru af hinu góða. Ég get aftur á móti ekki neitað því að undir vissum kringumstæðum þar sem ég veit að það hafa orðið umferðarslys er ég sannfærður um að menn björguðust vegna þess að þeir voru ekki með beltið á sér. Svo snöggt geta atvikin borið að. Þar veit ég um dæmi þegar bifreið í hálku rann út af vegi og fram af og bifreiðarstjórinn kippti með sér farþega leiftursnöggt út um leið og hann yfirgaf bifreiðina. Þetta eru undantekningartilfelli. Það er aftur á móti með þetta eins og fleira að menn spyrja: Hvenær á stóri bróðir að hætta að hafa vit fyrir mönnum í þeim efnum að það sé hægt að flokka hlutina undir refsivert athæfi og hvenær er eðlilegt að hann gefi leiðbeinandi fordæmi, leiðbeinandi fyrirmæli sem þýði að það fari ekkert á milli mála hvað löggjafinn telur að menn eigi að gera jafnvel þó hann líti svo á að það séu ekki efni til að refsa mönnum fyrir það þó þeir fari ekki eftir fyrirmælunum?

Auðvitað gæti ég talað hér lengi. En það hvarflar ekki að mér, herra forseti. Ég vildi aðeins í örfáum orðum gera grein fyrir því að mér finnst að það sé eðlilegt að deildin taki afstöðu til þessa ágreiningsmáls, eins og henni gefst kostur á með þeirri brtt. sem hér er lögð fram, en þetta renni ekki í gegnum þingið án þess að menn nánast geri sér grein fyrir því að þessi breyting var í frv.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð í þessari umræðu, en ég fór fram á það við 1. umr. þegar ég talaði í þessu máli að ég fengi aðild að þeirri nefnd sem fjallaði um frv. og hafði ég áheyrnaraðild að nefndinni og fylgdist þar með umfjöllun frv. Þó komst ég ekki á alla fundi nefndarinnar vegna þess að ég þurfti að sækja aðra fundi á fundartímum hennar. En við umfjöllun í nefndinni

varð mér enn ljósara en áður hversu erfitt það er að hafa svo stuttan tíma til að fjalla um svo viðamikið mál eins og þetta frv. tekur á og mér varð líka ljóst að það vantar mikið á að frv. sé í raun fullunnið og nægilega vel úr garði gert til að yfirgefa þingið sem lög ef menn ættu að setja fyllstu kröfur. Hins vegar eru svo mörg atriði sem eru til bóta hvað breytni varðar í þessu frv. að það er mjög erfitt að standa gegn því að samþykkja það. Vel ég því þann kostinn og vonast til þess að lagfæringar verði gerðar á ýmsum atriðum frv. í síðari meðferð þingsins.

Ég ætla að víkja lítillega að nokkrum atriðum, en mun ekki tæpa á nærri öllum sem ég hefði þó viljað fjalla um. Það er þá í fyrsta lagi að ég vil gjarnan styðja þá brtt., sem flutt hefur verið, að bifreiðum skuli ekið með ljós allan sólarhringinn. Reyndar fór ég fram á það í nefndinni og vakti máls á því við 1. umr. að nauðsynlegt væri að leita umsagnar frá fötluðum og öldruðum hvað varðaði sérstök ákvæði frv. Það hafði ekki verið gert og hafði ég sjálf samband við fulltrúa Öryrkjabandalagsins og fulltrúa Þroskahjálpar sem tjáðu sig um málið. Ég bar erindið frá Þroskahjálp inn á nefndarfund og hafði reyndar verið tekið tillit til þeirra breytinga sem þeir höfðu farið fram á, en mér barst bréf frá Öryrkjabandalaginu ekki fyrr en í gærkvöld. Í athugasemdum þeirra er lagt til að 1. mgr. 32. gr. hefjist svo: „Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn árið um kring." Rökin fyrir þessari beiðni eru þessi: *Víða í íbúðahverfum myndast þannig birtuskilyrði vegna samspils ljóss og skugga að vegfarendur, einkum þeir sem eru sjóndaprir, eiga mjög erfitt með að sjá aðvífandi bifreiðar.* Ég tel fyllstu ástæðu til að taka tillit til þessa hóps í þjóðfélaginu því að það mun auka öryggi í umferðinnni. Því mun ég styðja þá brtt.

Varðandi ökuhraðann hafði ég lýst því yfir að mér þætti vafasamt að auka hann til muna. Tilhneiging manna er að fylgja löglegum hraða og jafnvel sífellt fara fram úr honum. Ég tel að það hefði verið nær að halda hraðanum lægri og beina síðan sérstökum samþykktum að því að hækka hraðann á ákveðnum svæðum eða vegarköflum. Enn fremur tel ég mjög mikilvægt að það sé hægt að beita reglugerðum og lögreglusamþykktum um að draga úr hraða þar sem vegir eru vondir eða vænta má slysahættu því að nóg er um slíkt á Íslandi.

Þriðja atriðið sem mig langar til að minnast á er varðandi hjólreiðar og þá sérstaklega varðandi börn á hjólum. Ég gerði athugasemdir um þetta í nefndinni og fann að því hversu ung þau börn væru sem mættu hjóla á akbraut án leiðsagnar, þ.e. ég gerði athugasemd við það að aldurstakmarkið hefði verið fært niður frá fyrra frv. en þar var það níu ára og var fært niður í sjö ára. Rökin fyrir því að færa aldurstakmarkið niður komu fram í nefndinni. Þau eru á þann veg að víða úti á landi þar sem lítil hætta stafar af umferð fyrir börn á reiðhjólum sé mjög erfitt að framfylgja þessum lögum. Þau yrðu þráfaldlega brotin. Þar eru kannske ein eða tvær götur í þorpinu eða bænum og mjög erfitt væri að hemja börn yngri en níu ára frá því að hjóla á þessum akbrautum. Ég vil leggja það til og af því að hæstv. dómsmrh. er hér í salnum eindregið benda honum á að það verði settar lögreglusamþykktir eða reglugerðir sem taka til þess að börn yngri en tólf ára megi ekki aka reiðhjólum eða hjóla á stofnbrautum. Það nær engri átt að í lögum skuli vera samþykkt fyrir því að sjö ára börn megi hjóla t.d. á Miklubrautinni þar sem við vitum öll að meðalhraði er væntanlega nálægt 60 km á klukkustund eða meir. Auðvitað má segja að þetta sé í raun uppeldisatriði og foreldrum í lófa lagið að reyna að halda börnum sínum frá slíkum akbrautum, en það er mjög vænlegt að veita foreldrum stuðning með lögum og lögreglusamþykktum eða reglugerðum og þess vegna auðveldara fyrir samfélagið að taka þátt í uppeldi barna á þennan hátt. Því vil ég beina því alveg sérstaklega til hæstv. ráðh. og starfsliðs hans að taka til greina að reglugerð eða lögreglusamþykkt verði samin um að takmarka umferð barna yngri en tólf ára á miklum umferðargötum.

Það hefur almennt verið valin sú leið að lækka aldurstakmörk í frv. við umfjöllun þess hér í þinginu. Ég styð það í raun ekki eða mér finnst það ekki ráðlegt. Ég tók sérstaklega til þess í máli mínu við 1. umr. að mér þætti t.d. óráðlegt að aldurstakmörk fyrir ökukennara skyldu lækkuð frá 25 og niður í 21 árs aldur. Rök mín fyrir því voru þau að akstursferill manna allt að 24 ára aldri sýnir að þetta eru hættulegustu bílstjórarnir. Langverstir eru þeir sem eru 17–19 ára, en þeir sem fylla hópinn allt að 24 ára aldri eru hættulegastir í umferðinni. Af þeim sökum taldi ég ráðlegast að hækka þessi aldursmörk. Á móti komu þau rök að það væri líklegra að fólk gerði þetta að atvinnu sinni og sinnti því þess vegna betur ef það réðist til þessara starfa yngra. Ég er ekki viss um að ég taki fullt mark á þeim röksemdum og vil benda á röksemdir um ökuferil sem ég áður gat um.

Mikið var rætt í nefndinni um kröfur sem þyrfti að gera til ökukennslu, til ökukennara og kennslu ökukennara, og fengum við einmitt upplýsingar um hvernig slíku er fyrir komið á Norðurlöndunum. Ég hygg að eftir framsögu formanns nefndarinnar og nál. hljóti hæstv. dómsmrh. að taka tillit til þess sem þar kemur fram.

Í 1. umr. um málið vék ég að því hversu ágætt væri að nú skyldu vera komin sektarákvæði varðandi notkun öryggisbelta í bifreið. Mér þykir því mjög miður að nú skuli vera komin fram tillaga um að afnema slíkt. Það er engin spurning í mínum huga, eftir að hafa kynnt mér tölur um bifreiðaslys og tegund slysa sem verða við árekstra af ýmsu tagi og jafnframt þá breytingu á hegðun manna sem verður eftir að sektarákvæði eru tekin upp um notkun öryggisbelta, að þetta er leið sem á að fara. Þess vegna þykir mér mjög miður að þessi till. skuli komin fram. Ég hef ekki í höndunum neinar tölur um þessi efni, en ég gæti flutt flm. brtt. þessar tölur og sýnt þeim, bæði frá nágrannalöndum okkar og

eins t.d. frá Bretlandi þar sem jafnvel nú er verið að hugleiða að beita sektarákvæðum ef menn nota ekki bílbelti í aftursæti vegna þess hve mjög notkun þeirra dregur úr dauðaslysum, alvarlegum slysum, innlögnum á sjúkrahús og fjölda veikindadaga eftir árekstur.

Ég kom með till. um að sérstaklega yrði kveðið á um það í 71. gr., sem varðar notkun öryggisbelta, að börn, sem væru í framsæti bifreiðar með foreldrum, skyldu ævinlega vera einnig í belti. Sú röksemd kom á móti í umræðu í nefndinni að auðvitað ætti bara einn farþegi að vera í framsæti. Það væri alls ekki ætlast til þess að þar væru tveir. Hins vegar er það samt svo að foreldrar halda oft á ungum börnum sínum sem ekki geta setið ein og hafa þau alls ekki alltaf í öryggisbelti eða þá að börnin standa við hlið foreldra sinna í rúmgóðum bílum. Því miður er þessi breytni ekki aflögð og mér fannst sérstök ástæða til þess að fyrirbyggja slíkt ef ákvæði væri þar um í lögum. Það þótti ekki ástæða til að taka tillit til þessarar till. og finnst mér það miður.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hafði þó fleiri uppástungur og till. en mun ekki flytja brtt. sérstaklega um þau atriði. Að lokum skora ég á hv. þm. að styðja þetta frv. og veita því brautargengi í gegnum þingið og vil biðja þá í öllum bænum að láta ekki leiðast til að fella ákvæði um sekt eða viðurlög við notkun öryggisbelta. Til þess er allt of mikið í húfi.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að fjalla um hér er búið að taka ærinn tíma hv. allshn. deildarinnar og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka bæði fulltrúa ráðuneytisins, Ólafi Walter Stefánssyni, og nefndinni fyrir mjög gagngera meðferð á þessum langa frumvarpsbálki.

Ein meginástæðan fyrir því að lögð hefur verið áhersla á að koma þessum bálki í gegnum þingið er að Íslendingar hafa ekki hingað til getað undirritað alþjóðasamning um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. des. 1968. Milli Norðurlandanna eru gefin út sameiginleg eða gagnkvæm ökuskírteini. Íslensk ökuskírteini hafa ekki getað gilt á sama hátt og ökuskírteini annarra norrænna þjóða erlendis vegna þess að ekki hefur verið um samræmd umferðarlög að ræða.

Ég fæ ekki séð að þetta frv. eins og það er nú leysi þann vanda, a.m.k. af tveim ástæðum. Annað eru ákvæði 38. gr. um hæsta leyfilegan ökuhraða sem er 90 km í þessu frv. Á öðrum Norðurlöndum er hann einungis 80, en það skal tekið fram að í þeim löndum ákveða menn með tilliti til skilyrða að hægt sé að aka hraðar og þá er það merkt á eðlilegan hátt. En hér, ef þetta frv. verður að lögum, mega menn aka á 90 km hraða alls staðar þar sem búið er að malbika þjóðvegi. Ég held að skynsamlegra hefði verið að þetta væri ekki sjálfkrafa þannig heldur væri, annaðhvort á vegum dómsmrh. eða á vegum vegagerðar, tekið tillit til aðstæðna hverju sinni og hámarkshraði þá hækkaður en að hafa algild ákvæði um 90 km.

Ég á sæti í samgöngunefnd Norðurlandaráðs og ég verð að segja að ég hlakka ekki mikið til að vera fulltrúi þess lands sem versta vegi hefur tvímælalaust á Norðurlöndum en jafnframt hæstan hámarkshraða á þeim sömu vegum. Þannig hefði ég mjög svo kosið að við hefðum haldið okkur við 80 km, en leyft hærri hámarkshraða við ákveðin skilyrði.

Á meðan á meðferð nefndarinnar stóð gerðum við nokkur athugasemdir við ákvæðin um ökukennslu. Ég held að það geti ekki verið ósanngjarnt gagnvart nokkrum manni þó að því sé haldið fram að ökukennsla hér á landi sé miklum mun lakari en hún er annars staðar. Ökukennarafélag Íslands er fyrsti aðili til að viðurkenna það. Ég tel t.d. fráleitt að maður þurfi ekki að vera nema 21 árs, eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir minntist á áðan, til þess að gerast ökukennari því að eins og hún sagði er hópurinn frá 17–22 ára stærsti áhættuhópurinn.

Hér liggur einnig fyrir brtt. á þskj. 885 frá hv. þm. Pálma Jónssyni o.fl. við breytingu á 50. gr., en þar var búið að færa niður þunga vörubifreiða, í a-lið niður í 3500 kg og í b-lið niður í 700 kg. Þetta er nú hækkað aftur vegna þess að það var talið valda mönnum miklum erfiðleikum að þurfa að fara að ganga undir próf og voru t.d. sendibílstjórar títt nefndir. Talað var um að ákvæði gæti verið um að þeir menn sem þegar hefðu réttindi mundu halda þeim, en þeim sem nýir kæmu gert að gangast undir námskeið. Ég harma þessa brtt. og mun ekki greiða henni atkvæði þó ekki væri nema fyrir það að þarna kemur aftur frávik frá þeim norrænu reglum sem ég hef áður minnst á og að ég hygg getur orðið þröskuldur í vegi þess að hægt sé að undirrita norrænan samning. Ég vil leggja áherslu á þessi tvö atriði, hámarkshraðann og þetta þyngdarákvæði.

Í umræðum í nefndinni lögðum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir megináherslu á, alla vega mikla áherslu á, að ákvæði yrðu sett um kennslu unglinga á bifhjól. Hvert mannsbarn veit að þau slys sem hafa orðið við akstur bifhjóla eru allt of mörg og kennsla til að aka slíkum tækjum nánast engin er óhætt að segja. Í nál. hv. formanns kemur þetta atriði fram og ég treysti því að ráðherra setji reglur um kennslu til að aka bifhjóli.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi minnast á, eitt enn þó. Í 107. gr. eru ákvæði um náðun. Ég gerði að umtalsefni í umræðum í nefndinni að e.t.v. væri óeðlilegt að refsiákvæði væru inni í þessum lagabálki. Mér sýnist að það hefði verið eðlilegra að þau væru einfaldlega inni í almennum hegningarlögum sem sérbálkur þar. Reglur um sviptingu ökuréttinda eru mjög ákveðnar og eru nánast lögbundnar og eftir því sem mér hefur skilist er ráðherra gert mjög erfitt um vik við að veita náðun. Nú geta aðstæður verið afskaplega misjafnar. Svo að tekið sé dæmi um ölvun við akstur getur verið mikill munur á því hvort maður er að hreyfa bíl nokkra metra þó að hann hafi kannske fengið sér í glas eða hvort menn eru ör-

drukknir að fara langa vegalengd. Ég geri mikinn mun á þessum tveim tilvikum. En ég fæ ekki betur séð en að ótrúlega lítill munur sé á refsingum. En vegna þess að þetta er í raun og veru ekki refsilagaákvæði heldur ákvæði í umferðarlögum hefur hæstv. ráðh. lítinn sem engan rétt til að meta sjálfur hvort ástæða væri til að veita manninum réttindi. Við vitum öll hvað mikilvægt það er í lífi hvers nútíma Íslendings að hafa sín ökuréttindi. Það má hugsa sér t.d. að menn sem hafa verið teknir fyrir akstur undir áhrifum áfengis fari í meðferð og hætti algjörlega að neyta áfengis. Þá getur maður spurt hvort það sé sanngjarnt að slíkt fólk sitji uppi með margra ára sviptingu ökuskírteinis. Ég held að þetta sé eins og aðrir mannanna dómar. Þeir þyrftu að taka tillit til aðstæðna allra. Ég beini því til hæstv. ráðh., hvort sem það verður hæstv. núv. ráðh. eða sá sem við tekur, að hann hugi að þessu og leggi þá fram frv. sem taka öðruvísi á þessum málum.

Ég hef hins vegar, herra forseti, reynt að greiða fyrir því að þetta frv. yrði að lögum, þrátt fyrir ýmsar athugasemdir sem ég gæti gert við það, í trausti þess að hér sé fyrsta umfjöllun málsins, meginfrv. verði að lögum nú á þessu þingi, en hæstv. ráðh. vinni síðan að því að fara ofan í lögin og gera þær breytingar sem á þeim eru augljóslega nauðsynlegar.

Fleira hef ég því ekki að segja um þetta að sinni og ég mun greiða frv. í heild atkvæði.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð að loknum þessum umræðum um frv. til nýrra umferðarlaga, 2. umr. hér í deildinni.

Ég þakka þeim þm. sem tekið hafa til máls og lýst skoðunum sínum á frv. og þá sér í lagi brtt. sem allshn. Nd. flytur.

Að því er varðar athugasemdir sem komu fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að ökuhraðinn væri ákveðinn of hár þar sem menn mættu utan þéttbýlis aka á 90 km hraða á vegum með bundnu slitlagi sem hún gagnrýndi, vil ég benda á það sem í sömu grein síðustu mgr. segir. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að aðalreglan er að á bundnu slitlagi er ökuhraðinn 90 km. Hann var hækkaður í Ed. En í síðustu mgr. segir: „Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum." Þannig er hér heimild til þess sem hv. þm. benti á og getur iðulega verið nauðsynlegt. Það fer vitanlega eftir aðstæðum öllum.

Brtt. er flutt á þskj. 885 um að ekki verði áskildar auknar kröfur til að aka bifreiðum sem bera 5 tonna farm né heldur bifreið sem dregur eftirvagn með meira en 1400 kg hlassi að leyfðri heildarþyngd. Eru þær till. fluttar af allmörgum þm. Mótbárurnar eru þær að vera kynni að slík samþykkt bryti að einhverju leyti í bága við alþjóðasamning um umferð og yrði erfiðara fyrir okkur að öðlast viðurkenningu ökuskírteina okkar erlendis.

Ég held hins vegar að hér sé um mál að ræða sem sé rétt að gangi fram. Í frv. eins og það er eru verulegar takmarkanir í þessu efni sem valda munu mörgum erfiðleikum og óþægindum, jafnvel þó svo að menn haldi þeim réttindum sem nú hafa þau, en strangari reglur taki aðeins til þeirra sem öðlast ökuskírteini frá þeim tíma sem lögin eru samþykkt. Ég hygg að þessar brtt. gangi í rétta átt. Hins vegar verð ég að lýsa vafa mínum varðandi þá brtt. sem borin er fram á þskj. 834 frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um að bannað verði að stöðva bifreiðar. Það er brtt. við 28. gr. Ég held einfaldlega að á þeirri brtt. sé varla þörf. Hún fjallar um það að í hlið bætist að ekki megi stöðva ökutæki eða leggja því á merktu stæði fyrir leigubifreið til mannflutninga. Hér bætist við einnig „eða bifreiðir fatlaðra". Það getur verið nauðsynlegt, og hér er aðeins talað um að stöðva til þess að láta út farþega, að stöðva bifreiðir jafnvel þó að það sé á stæði fyrir bifreiðir fatlaðra. Hér er ekki talað um það að leggja bifreiðum þar, heldur aðeins að stöðva til að láta út farþega. Stæði fyrir bifreiðir fatlaðra eru oft við íbúðarhús og annars staðar þar sem ekki er ástæða til að banna mönnum að koma að til að hleypa farþega út eða taka farþega í bifreið. Er ekki gengið á nokkurn hátt á rétt fatlaðra að ég hygg með því, þó þarna sem um augnablíksstöðvun að ræða.

Að því er varðar bílbeltin vil ég geta um könnun sem var framkvæmd á vegum Hagvangs í haust, en miklar umræður hafa orðið um þau. Þar kom í ljós að líðlega helmingur þátttakenda taldi rétt að beita sektarákvæðum, tæp 40% töldu það vera rangt, en 10% tóku ekki beina afstöðu. Þessi könnun er framkvæmd af Hagvangi 26. sept. til 4. okt. s.l. Það e vitað að þetta er mjög umdeilt mál og má færa mörg rök með og móti, en afstaða meiri hl. nefndarinnar er ljós í þessu máli. Hún leggur til að undanþágan sem er í núgildandi lögum að því er sektir varðar verði felld niður.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég minntist ekki á þá litlu brtt. um að bæta við bifreiðum fatlaðra einfaldlega vegna þess að mér fannst sú till. raunar svo sjálfsögð að ég taldi ekki ástæðu til umræðu. En vegna orða hv. formanns allshn. vil ég geta þess að brtt. var gerð að beiðni Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar. Ég gat fallist á rök þeirra. Sannleikurinn er sá að menn hafa ekki virt sem skyldi bifreiðastæði merkt bifreiðum fyrir fatlaða í trausti þess að þeir séu gjarnan lengur frá sínum merktu stæðum. Komi til að þeir komist ekki í stæði sín eiga þeir mun erfiðara um vik við að leita uppi þann sem þar hefur sest að eða stöðvað. Mér fannst ekki getað kostað okkur nokkurn skapaðan hlut að verða við þessari beiðni að þeir fengju að hafa sín bílastæði sem heilagt vé því að þeir hafa mismunandi reynslu af því hvernig réttur þeirra er virtur. Ég get ekki ímyndað mér að það geti skipt neinum sköpum hvort þetta litla ákvæði kæmi inn í frv., verði það að lögum, svo að ég mun berjast til

þrautar fyrir því. En ég get ekki ímyndað mér að neinn sjái ástæðu til að gera meiri háttar ágreining um það atriði. Annað hef ég ekki um það að segja, herra forseti.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Aðeins örstutt vegna ummæla síðasta hv. þm. Þar sem hann upplýsti að þessi till. væri komin frá Örykjabandalagi Íslands og rakti rök sem lágu að baki því sé ég ekki ástæðu til þess að leggjast gegn þeirri brtt. og tel þau rök sem þar voru borin fram vera fullgild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 564, n. 824 og 778, brtt. 818, 825.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 824. Nefndin hélt nokkra fundi um þetta mál og fjallaði ítarlega um það, klofnaði í afstöðu sinni og minni hl. mun skila séráliti. Undir nál. rita auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, reyndar með fyrirvara, Guðmundur Bjarnason, Ólafur G. Einarsson og Halldór Blöndal.

Á þskj. 825 flytjum við meirihlutamenn nokkrar brtt. Sú fyrsta gerir ráð fyrir því að alls staðar þar sem hugtakið „fjárkröfur" eða „fjárkrafa" kemur fyrir í frv. breytist það hugtak í „peningakrafa". Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, eins og sést á grg. með frv., en kröfuréttarsérfræðingar telja að hugtakið „peningakrafa" sé nákvæmara, enda bera peningakröfur vexti en ekki aðrar fjárkröfur.

Í 2. brtt. er gerð sú breyting og reyndar í þeirri 4. enn fremur að í stað þess að miðað sé við að vextir skuli vera jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum skuli viðmiðunin vera við ársávöxtun af nýjum almennum útlánum. Þessar brtt. eru fluttar m.a. af því að sparisjóðsreikningar eru nú færri en oft áður, enda hafa innlánsform breyst nokkuð á umliðnum misserum og árum.

Við 6. gr. frv. flytjum við brtt. sem er 3. brtt. á þskj. 825 þar sem um er að ræða ákvæði um breytilega vexti til viðbótar við verðbætur þar sem tekið er fram að breytilegu vextirnir skuli vera hæstu lögleyfðu vextir eða hæstu vextir á markaðnum á hverjum tíma. Við gerum ráð fyrir því í þessari brtt. okkar að vextir sem við er miðað séu af hliðstæðum lánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum sem eru í almennri notkun. Þetta er sett inn til þess að komast hjá því að auglýstir séu vextir sem ekki eru síðan notaðir en gætu verið notaðir eingöngu til viðmiðunar.

Þá er við 9. gr. gerð sú brtt. að kröfuhafi þarf ekki samkvæmt brtt. að áskilja sér rétt til dráttarvaxta. Sá réttur er ávallt til staðar ef brtt. nær fram að ganga.

Við 21. gr. frv. er enn fremur gerð till. til breytinga á þskj. 825 sem er 6. brtt. Þar er gert ráð fyrir að ákvæði II. kafla laganna, sem er kaflinn um almenna vexti, skuli taka til allra skulda sem stofnast eftir gildistöku laganna, en í frv. var gerður munur á II. og III. kafla laganna í því sambandi.

Að síðustu vil ég geta 7. brtt. á þskj. 825. Hún er til samræmis við aðrar greinar frv. að á eftir orðunum „hæstu lögleyfðu vextir á hverjum tíma" komi orðin: eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma. Þetta er til samræmis við aðrar greinar frv.

Það er ástæða til þess, herra forseti, þegar verið er að fjalla um þetta vaxtafrv., að geta þess sérstaklega að í frv. er gert ráð fyrir í greinum nr. 7 og 15 að ákvæði nái til skaðabótakrafna. Er það nýmæli í íslenskum rétti og ber að geta þess að skaðabótaréttur er að mestum hluta ólögmæltur og er það nýlunda að ákveðin ákvæði séu tekin upp í lög að þessu tagi.

Þá er enn fremur ástæða til að benda á að í 3. mgr. 17. gr., sem er í kaflanum um viðurlög og málsmeðferð, er gert ráð fyrir hlutrænni ábyrgð þeirra fyrirtækja sem standa fyrir lánum og ekki er þörf á því að sök finnist hjá einstökum fyrirsvarsmanni eða starfsmanni fyrirtækisins. Hér er um ákvæði að ræða sem ekki á margar hliðstæður í íslenskum rétti, en ástæða þótti til að hafa ábyrgðina hlutlæga þar sem ella gæti sú staða komið upp að ekki væri hægt að sanna sekt á einstakan starfsmann og þess vegna slyppi viðkomandi fyrirtæki við viðurlög samkvæmt þessum lögum.

Ég vil enn fremur taka það fram, herra forseti, að 2. gr. þessa frv. er orðuð með sama hætti og nú er ákvæði um í okurlögum. Það má ekki skilja þessa grein svo að hún taki til affalla fremur en núgildandi lög og er hér um óbreytt ákvæði að ræða.

Þá kem ég að því að ræða örfáum orðum um III. kafla frv. sem fjallar um dráttarvexti. Í nefndinni var miklum tíma varið í umræður um þennan kafla frv. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður sótti nefndarfundi ásamt aðalhöfundi frv., prófessor Jónatan Þórmundssyni. Jón Steinar Gunnlaugsson lagði fram á fundi nefndarinnar frumvarpsdrög sem er nýr III. kafli. Þessi frumvarpsdrög eru birt sem fskj. með minnihlutaáliti hv. 3. þm. Reykv. Það er ástæða til að taka það fram að sú regla sem kemur fram í hugmyndum Jóns Steinars er önnur og byggir á öðru meginsjónarmiði en þau ákvæði sem nú eru í III. kafla frv.

Það er enn fremur ástæða til að taka það fram að í dómarastétt og meðal lögmanna virðast hugmyndir Jóns Steinars hafa yfirgnæfandi fylgi, en í bankakerfinu eru flestir á þeirri skoðun að halda eigi í þau

ákvæði sem nú eru í III. kafla frv. Í raun er III. kaflinn aðeins staðfesting á núgildandi framkvæmd Seðlabankans og bankakerfisins varðandi dráttarvexti. Ef gerðar verða nokkrar breytingar á frumvarpsdrögum Jóns Steinars sýnist vera kominn sæmilegur grundvöllur fyrir því að ná saman tillögu sem byggir á báðum þessum sjónarmiðum. Það mundi gerast með þeim hætti að meginreglan í III. kafla frv. yrði notuð þegar um stutt tímabil vegna vanefnda væri að ræða, en þegar til lengri tíma er litið væri gripið til hugmyndar Jóns Steinars Gunnlaugssonar.

Þar sem ekki gafst nægilegt ráðrúm til að fjalla um þetta mál og málið er að efni til og í eðli sínu allflókið varð það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að benda á í nál. að ráðuneytið kannaði málið á næstu mánuðum og skoðaði það með tilliti til þess hvort ástæða væri til að flytja nýtt frv. í haust og breyta þá III. kafla þessa frv., sem þá væri orðið að lögum, og koma þannig til móts við þau sjónarmið sem eru ríkjandi í dómarastétt og lögmanna.

Meginmunurinn á þessum tveim hugmyndum er sá að í frv. eins og það nú liggur fyrir og meiri hl. mælir með því að það verði afgreitt er miðað við að dráttarvextir reiknist eins og segir í 10. og 11. gr. frv., en það er sú framkvæmd sem verið hefur á þessum málum að undanförnu. Í tillögum Jóns Steinars Gunnlaugssonar er gert ráð fyrir höfuðstólsbótum eða verðgildisbótum sem samsvara lánskjaravísitölu, þ.e. að gerður er skýr greinarmunur annars vegar á dráttarvöxtum og hins vegar á verðbótum. Hugmynd Jóns Steinars er sú að þegar vanefnd verður vegna greiðslufalls sé miðað við að sá höfuðstóll haldi sér, en síðan komi lögmæltir dráttarvextir ofan á verðbætta kröfuna. Til að skýra þetta betur má segja að höfuðstóllinn eigi að halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir verðbólguþróunina, en síðan séu dráttarvextirnir ákveðnir í lögum eða þá í reglugerð sem byggist á lagafyrirmælum.

Ég vek athygli á því að í umræðum í nefndinni voru menn ekki á eitt sáttir hvort nota skyldi 8% vexti eins og hún birtist í frumvarpsdrögum Jóns Steinars. Hugmynd nefndarinnar er sú þegar ráðuneytið skoðar þetta mál að hægt væri að orða þessa grein með þeim hætti að vaxtaupphæðin yrði ákveðin af Seðlabanka Íslands. Enn fremur töldu sumir nefndarmanna að ástæðulaust væri að kröfuhafar gætu valið á milli þessara tveggja sjónarmiða, sem birtast annars vegar í III. kaflanum og hins vegar í frumvarpsdrögum Jóns Steinars, heldur ættu hugmyndir sem nú eru í frumvarpsdrögunum við þegar um fyrstu þrjá eða fjóra mánuðina væri að ræða, en síðan ætti hin reglan að notast upp ef vanefndir tækju lengri tíma. Enn fremur væri ugglaust heppilegra að tala ekki um höfuðstólsbætur heldur nota hugtakið lánskjaravísitala, en það er þekkt hugtak. Mundu þá lögin ákveða nákvæmlega hvernig reikna skyldi þá vísitölu út, en þess skal getið að útreikningur á lánskjaravísitölu styðst í dag varla við ákveðin lög.

Þá vil ég taka fram, herra forseti, að með frv. birtust fskj. sem nefndarmeirihlutinn hefur gert að frv. og hefur verið samþykkt við 1. umr. og er til 2. umr. vonandi síðar í dag á fundum hv. deildar.

Að síðustu vil ég nefna eitt mál, herra forseti, sem ég held að skipti ákaflega miklu máli að rætt sé í þessum umræðum, en það er ákvæði til bráðabirgða nr. 1. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Refsiákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., skal halda gildi sínu um þau opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað til refsingar samkvæmt ákvæði þessu og ekki hafa hlotið fullnaðardóm við gildistöku laga þessara."

Hér er um ákaflega sérstakt fyrirbæri að ræða þar sem gert er ráð fyrir að þetta ákvæði sé afturvirkt, en það stríðir gegn meginhugmyndum íslensks réttar, ekki síst refsiréttar.

Í 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er skýrt tekið fram að refsilöggjöfin megi ekki og eigi ekki að vera afturvirk. Það er mín skoðun að þetta ákvæði, þótt að lögum verði, verði ekki nothæft fyrir dómstóla landsins. Ég sé ástæðu til að endurtaka að það er álit mitt og margra annarra að þetta ákvæði standist ekki íslensk lög. Að vísu hefur prófessor Jónatan Þórmundsson, sem er sérfræðingur og prófessor í refsirétti, haldið öðru fram, en mín skoðun er sú að hér sé verið að tiltaka ákveðna einstaklinga, sem nú þegar eru þekktir og það stríðir gegn meginhugmyndum réttarreglna í réttarríkjum að refsilöggjöf verði afturvirk gagnvart einstökum, tilteknum mönnum.

Ástæðan fyrir því að þetta er sett í frv. er sú að ýmsir stjórnmálamenn telja sér ekki stætt á því að flytja lagafrv. sem gæti orðið til að draga úr refsingum sem nú eru lögmæltar varðandi þá sem þegar hefur verið stefnt vegna þeirra okurmála sem hafa verið fyrir dómstólum að undanförnu. Ég tel að sú umræða öll hafi verið á miklum villigötum. Því miður virðast einstakir aðilar, þar á meðal ýmsir hæstráðendur á Íslandi, leyfa sér að ræða um þessi mál með þeim hætti að undrun sætir. (**KP:** Hverjir eru slíkir?) Ég kýs að nefna engin nöfn í þessu sambandi, en sjálfsagt vita flestir við hvern er átt.

Menn verða að átta sig á því að margt fólk hefur gengið inn á skrifstofu í Reykjavík og talið sig vera í fullum rétti að ávaxta sitt fé. Þetta fólk á nú að dæma fyrir okur. Flest af þessu fólki er venjulegt fólk, fólk sem er að leggja til hliðar ellilífeyri, þetta er fólk sem hefur unnið í happdrættum, þetta er fólk sem hefur selt íbúðir sínar og hefur verið hvatt til þess af ríkisstjórninni að sýna ráðdeild og leggja fé til hliðar. Síðan gerist það að þegar þetta fólk á að fá endurgreidda sína fjármuni fær það ekki peningana til baka heldur ávísanir sem hafa hækkað umfram það sem þá var leyft. Hérna er ekki um að ræða að þetta fólk hafi misnotað aðstöðu sína gagnvart þeim sem tekur þetta fé að láni. Þvert á móti er yfirburðaþekkingin hjá þeim sem tekur við fjármununum og ætlar að ávaxta þá áfram.

Ég leyfi mér að kalla það pólitískan heybrókarhátt

að þora ekki að fella þetta bráðabirgðaákvæði út úr frv. Ég hafði sjálfur hugsað mér að flytja um þetta brtt., en ákvað að gera það ekki vegna þess að ég tel að það sé nóg að gefa þessa yfirlýsingu hér. Þar með sé ljóst að Alþingi Íslendinga hafi áttað sig á því að þrátt fyrir ákvæði nr. 1 til bráðabirgða gerum við okkur grein fyrir því að það stenst ekki íslensk lög. Það sé betra að láta þetta ákvæði fara svona í gegn en að stefna í þá hættu að brtt. falli í þinginu á röngum forsendum.

Herra forseti. Ég hef séð sérstaka ástæðu til að taka þetta fram vegna þess að ég tel að umræður allar um svokölluð okurmál hafi verið á hreinum villigötum og það sem skipti í raun mestu máli í þessum málum öllum sé að herða refsiviðurlög eins og gert er í frv. gegn þeim sem misnota aðstöðu sína gagnvart þeim sem eru veikari á svellinu af einhverjum ástæðum. Það er megintilgangur þessara laga.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að mæla með því sérstaklega að þessi lög verði samþykkt vegna þess að þá gerist það í fyrsta skipti að sett eru heildstæð lög um vexti og dráttarvexti og verður að telja það til mikilla bóta fyrir íslenskan rétt á sviði kröfuréttarins.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef undirritað það nál. sem meiri hl. stendur að með fyrirvara. Skýringin er sú að ég tel að fáein atriði þurfi lagfæringar við. Auðvitað má það vera að þau séu fleiri en maður kemur auga á að svo komnu máli og enn fremur ákveðnir hlutar frv. sem gætu þarfnast nánari íhugunar eða endurskoðunar eins og kom fram hjá hv. seinasta ræðumanni, en staðreyndin er sú að það er ekki stætt á öðru en að setja ný lög um vexti, ný vaxtalög. Þeir atburðir hafa átt sér stað í þjóðfélaginu, þær sviptingar hafa átt sér stað, slík stefnubreyting hefur átt sér stað að hjá því verður ekki komist. Reyndar er það svo að lög af þessu tagi hefði átt að vera búið að setja fyrir alllöngu eins og ég held að öllum hér inni hljóti að vera ljóst.

Hitt er það að ég hef flutt brtt. við tvö atriði í þessu frv. til laga eins og það liggur hér fyrir sem ég vil gera stuttlega grein fyrir. Það er í fyrsta lagi að því er varðar 17. gr. frv. þar sem fjallað er um skilgreiningu á okri. Þetta er vandasöm grein og ekki skal ég fullyrða að menn hafi komist nákvæmlega að réttri niðurstöðu. Sannleikurinn er hins vegar sá að menn hafa ekki fundið neitt sem er betra en það sem hér er í meginatriðum séð.

Brtt. mín fjallar um það að strengja örlítið meira á að því er varðar skilgreiningu á okri. Það gerist með því að niður falli orðin „á óréttmætan hátt" í 1. málsl. 1. mgr. Eins og kemur fram í grg. með þessari grein er þessum orðum sérstaklega ætlað að tryggja að farið sé fram í mikilli varfærni við skilgreiningu og dómsuppkvaðningu varðandi okur. Ég tel að það sé óhætt, sérstaklega með tilliti til þess hvernig okur er skilgreint hér að öðru leyti, að strengja nokkuð á klónni og að þessi orð falli niður.

Hitt atriðið sem ég flyt brtt. við er varðandi 6. gr. frv. þar sem fjallað er um vexti sem séu breytilegir. Sú grein hefur nokkuð verið lagfærð í meðförum nefndarinnar, en þó ekki þannig að ég telji að það sé fullnægjandi. Það er fyrst á að líta að þegar menn semja um breytilega vexti er það fyrst og fremst til að verja sig gegn sveiflum í verðlagi, gegn verðbólgu. Þegar menn hins vegar semja um verðtryggingu er búið að sjá fyrir þeim þætti áhættunnar sem felst í verðbólgunni. Þess vegna tel ég eðlilegt og rétt að þegar menn semja um lán með verðtryggingu eigi að semja um fasta vexti. Hér er ekki verið að gera mönnum að semja um neina ákveðna vexti, þeir eru frjálsir að því hvaða vexti þeir semja um, en að þetta eigi að vera fastir vextir.

Ég vil geta þess að í samtölum við aðila frá Seðlabankanum hefur komið fram að þeir telji að það sé eðlilegast og réttast að þegar um verðtryggingu sé að ræða sé samið um fasta vexti. Þeir mæla með því í öllum tilvikum þó að þeir hafi ekki gert tillögu um að það yrði sett í lög. Ég held hins vegar að það sé hreinlegast að þetta standi þá í lögum. Hér er ekki verið að afnema vaxtafrelsi með neinum hætti heldur verið að skapa meira öryggi. Rökstuðningurinn er einmitt sá sem ég ræddi hér áðan um, að það er séð fyrir þeirri áhættu sem felst í verðbólgusveiflum með því að semja um verðtryggingu.

Seðlabankinn er ekki einn um þessa skoðun. Ég hef rætt þetta atriði við ýmsa þá sem koma nálægt fjármálum á Íslandi, m.a. ýmsa þá sem stunda viðskipti á verðbréfum og spariformum af ýmsu tagi sem hér eru farin að blómstra. Þetta er einnig þeirra afdráttarlausa skoðun sem ég hef rætt við. Ég skal viðurkenna að ég velti því fyrir mér hvort eitthvað annað kæmi til greina um takmörkun á vaxtasvigrúmi þegar um verðtryggð lán væri að ræða, en niðurstaða mín var sú að það væri langhreinlegast og einlægast að hafa þetta með þeim hætti sem ég hef hér gert tillögu um.

Herra forseti. Ég þarf ekki að fara öllum fleiri orðum um þessar brtt., þær eru mjög einfaldar, þær skýra sig að mestu leyti sjálfar, en mín skoðun er sú að að þessum breytingum gerðum sé það frv. sem hér um ræðir til verulegra bóta og að það eigi að samþykkja. Hnökra sem upp kunna að koma má leiðrétta síðar ef þeir reynast vera þess eðlis að þörf sé á því.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem vissulega snertir eitt heitasta deilumál íslenskra stjórnmála á þessu kjörtímabili, þ.e. aðferðina við ákvörðun vaxta, deilumál sem snýst um það grundvallaratriði hvernig eigi að verðleggja peninga, hvernig eigi að verðleggja fjármagn, snýst um það grundvallaratriði hversu mikið á þá að vera eftir til að greiða fyrir annað í þjóðfélaginu, m.a. fyrir vinnuafl. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar hefur orðið sú að það eigi að vera markaðsverð á peningum, en helst að lögbinda

verð á vinnuafli eins og gert var í upphafi þessa kjörtímabils. Hérna kemur fram í þessu máli sá grundvallarátakapunktur sem er á milli launavinnu og fjármagns í þjóðfélagi okkar með ákaflega skýrum hætti.

Ríkisstjórnin tók ákvörðun um að sprengja vaxtasprengjuna sumarið 1984. Við fluttum um það till. í þinginu þá um haustið, þm. Alþb., að raunvextir sem færu fram úr 3% eða svo, 3–4%, skyldu teljast okurvextir. Þetta frv. sem flutt var með tillögum okkar um ráðstafanir í efnahagsmálum sofnaði hér svefninum langa, eins og flest almennileg mál í tíð þessarar ríkisstjórnar, í nefndum þingsins og niðurstaðan birtist okkur svo rétt fyrir jólin þegar sá boðskapur gekk út frá æðsta dómstóli landsins að okur stæðist lög og væri í raun og veru heimilt.

Í framhaldi af því setti hæstv. viðskrh. af stað sérfræðing til að athuga vaxtamál, brást við skjótt má segja, kallaði til prófessor í refsirétti við Háskóla Íslands sem samdi lagafrv. Það hefur nú verið til meðferðar skamma stund í þinginu og niðurstaðan er sú að meiri hluti dómarastéttar í landinu varar við frv. Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. lýsir því yfir að hluti af frv. sé markleysa, jafnvel þó það yrði samþykkt. Meiri hl. nefndarinnar segir að hann telji eðlilegt að málið verði skoðað áfram í sumar ef eitthvað kemur í ljós sem þarf að athuga. Þetta er nú allur krafturinn í kringum afgreiðslu þessa máls. Engar upplýsingar liggja fyrir um það t.d. hvaða áhrif frv. hefði að því er varðar okurlánastarfsemi. T.d. liggja engar upplýsingar fyrir um það hvað í raun og veru telst okur vegna þess að niðurstaðan er sú samkvæmt þessu frv. að það er ekki til neitt sem heitir okur vegna þess að það er heimilt að semja um hvaða vexti sem er og það þarf að vera um mjög gróft brot að ræða, mjög grófa misneytingu til þess að það fari yfir það mark sem kalla má okurlánastarfsemi.

Ég tel þetta frv. ekki brúklegt frekar en t.d. Jón Steinar Gunnlaugsson og ég vara við því að það verði samþykkt svona. Ég fullyrði að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur ekki séð fyrir endann á þessu máli. Hann gerir sér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta mál getur haft fyrir þróun vaxta og peningamála á komandi mánuðum. Það er af þeirri ástæðu sem meiri hlutinn segir: Við skulum halda áfram að vinna í þessu máli í sumar.

Hér höfum við til meðferðar í þinginu skattalög, staðgreiðslukerfi skatta. Við ákváðum að samþykkja staðgreiðslukerfi skatta, einföldun skattakerfisins, en segjum jafnframt um leið og þetta grundvallaratriði er samþykkt: Við skulum athuga útfærsluna. Hér snýr málið á allt annan veg. Hér er verið að biðja ráðuneytið. Löggjafinn er að gefast upp og biður framkvæmdarvaldið allra náðarsamlegast um að taka kaleikinn frá sér í sumar og fara betur yfir grundvallaratriðin vegna þess að löggjafinn ræður ekki við það. Löggjafinn, meiri hl. fjh.- og viðskn. sendir bréf upp í viðskrn. og biður þá allra náðarsamlegast um að taka kaleikinn frá þeim. Þetta er hrikaleg brotlending fjh.- og viðskn. deildarinnar og Nd. ef hún samþykkir þessi vinnubrögð. Nær væri að nýta t.d. næstu tvo sólarhringa til þess að kasta sér almennilega yfir þetta mál og reyna að klóra sig betur fram úr því, reyna að leita lausnar á málinu. Ég tel að eins og málið lítur út núna geti það verið stórhættulegt. Það er mjög alvarlegt þegar talsmaður fjh.- og viðskn. fyrir hönd meiri hl. síns segir að mál eins og þetta sé þannig að það sé ekki tími til að fjalla um t.d. dráttarvaxtakaflann. Það geti verið nauðsynlegt að samþykkja nýtt frv. í haust. Þetta gengur auðvitað ekki, herra forseti.

Það má auðvitað segja um okkur í stjórnarandstöðunni og gagnrýna okkur fyrir það að þegar kemur að lokum þingsins láta menn sig hafa ýmislegt í sambandi við afgreiðslu mála því það er ljóst og við vitum það að stjórnarmeirihlutinn getur knúið þau mál fram sem hann vill. Okkar hlutverk í þeim efnum er nánast að fylgjast með. Það er ekki mikið hlustað á það sem við höfum fram að færa. En ég vil, herra forseti, vara mjög alvarlega við því að málið verði samþykkt eins og það hér liggur fyrir því að ég teldi að það væri affærasælla í þessari stöðu að skoða málið betur og að samþykkja einfaldlega lagfæringar á okurlögunum með tilliti til þeirra ákvarðana í vaxtamálum sem ríkisstjórnin hefur tekið. Ég tel sem sagt að þingið sé ekki undir það búið að ákveða ný vaxtalög vegna þess að ég held að menn viti ekki alveg hvað þeir eru að gera.

Ég bendi á í þessu sambandi að meiri hl. fjh.- og viðskn. segir í sínu nál. á þskj. 824:

„Nefndinni gafst ekki nægilegt ráðrúm til að fara í saumana á tillögum Jóns Steinars Gunnlaugssonar, en sumir nefndarmenn telja eðlilegt að ráðuneytið skoði þær gaumgæfilega á næstu mánuðum með það í huga að flytja frv. á næsta þingi ef það þykir henta.“

Hvað ætli það sé nú sem Jón Steinar Gunnlaugsson segir? Ég tók mér það bessaleyfi að birta með nál. mínu þá tillögu að frv. sem hann sýndi nefndinni. Til þess að gæta allrar sanngirni birti ég líka athugasemdir Seðlabankans við tillögu Jóns Steinars Gunnlaugssonar og síðan birti ég líka sem fskj. 3 í nál. mínu grein sem Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður skrifar í Morgunblaðið á dögunum um þetta mál og ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

Greinin ber yfirskriftina „Hundruð milljóna úr vasa skuldara samkvæmt frumvarpi til vaxtalaga“.

„Seðlabanki Íslands hefur undanfarna áratugi farið með ákvörðunarvald um vexti í landinu. M.a. hefur bankanum verið falið að taka ákvarðanir um dráttarvexti, þ.e. vexti sem skuldari þarf að greiða eftir að skuld er komin í vanskil.

Það er vægt til orða tekið að segja að ákvarðanir bankans um þessi þýðingarmiklu efni hafa í gegnum tíðina tekist hörmulega illa. Lengst af voru þær þannig að dráttarvextir voru ákveðnir allt of lágir. Nægðu þeir þá hvergi nærri til þess að bæta kröfuhafa verðrýrnun kröfu hans í verðbólgunni. Var

áratugum saman það „réttar"-ástand ríkjandi að sá sem braut rétt á öðrum með því að vanefna peningaskuld hagnaðist stórlega á vanefndinni.

Nú er öldin önnur. Eftir að verðbólga lækkaði og svonefndir raunvextir tóku að ríkja á lánamarkaði hafa ákvarðanir bankans um dráttarvextina hækkað upp úr öllu valdi. Voru þeir t.d. mestallt s.l. ár 27% ársvextir meðan verðbólga er talin hafa verið 12–14%. Í þessu hafa falist ósiðlegar álögur á skuldara þessara krafna.

Dæmi má taka: Krafa að fjárhæð 100 þús. kr. gjaldféll 1. apríl 1986 og var greidd 25. febr. 1987. Þá þurfti skuldarinn að greiða 124 þús. 375 kr. samkvæmt ákvörðunum Seðlabankans um dráttarvexti. Ef sama fjárhæð hefði þennan tíma verið verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu og borið í ofanálag t.d. 8% dráttarvexti hefði skuldarinn þurft að greiða 119 þús. 937 kr. eða 4438 kr. minna en samkvæmt ákvörðunum bankans. Hér er um mikinn mismun að ræða af ekki hærri fjárhæð.

Núna er verið að afgreiða á Alþingi frv. til vaxtalaga þar sem ríkjandi ástand á þessu sviði er sérstaklega löghelgað, þar með talið ákvörðunarvald Seðlabankans eftir sömu útreikningsaðferð og bankinn hefur notað að undanförnu. Við meðferð á því frv. hafa verið kynntar fyrir þingmönnum tillögur þess efnis að í lögunum yrði efnislega kveðið á um að kröfur í vanskilum skyldu annars vegar halda verðgildi sínu miðað við sérstaka vísitölu og hins vegar bera fasta vexti, t.d. 8%, sem yrðu lögákveðnir. Slíkur háttur í lögum mundi á einfaldan hátt tryggja sómasamlegt og traust réttarástand á hvaða tíma sem er, þ.e. hvort sem verðbólga er mikil eða lítil, vaxandi eða minnkandi. Þessar tillögur hafa hlotið stuðning víða, m.a. hjá fulltrúum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands. Rennur flestum félagsmönnum þessara félaga til rifja hversu efnisréttur á þessu sviði hefur gjörsamlega mislukkast, ýmist þannig að sá hefur hagnast sem brotið hefur rétt á öðrum eða þannig að á hann eru lagðar ósæmilegar álögur.

En valdamenn í Seðlabanka vilja ekkert hlusta á þetta. Þeir hafa lagt ofurþunga á að knýja mál sitt í gegn, þannig að nú sýnist það ætla að takast. Alþm. virðast ætla sér að viðhalda vitleysunni. Það mun þá a.m.k. á næstunni gerast á kostnað þeirra sem eru svo ógæfusamir að geta ekki greitt skuldir sínar á réttum gjalddögum. Og bankarnir verða sjálfsagt vel haldnir af dráttarvaxtatekjum sínum.

Ekki er gott að segja hve miklir hagsmunir eru hér í húfi. Á síðasta ári voru höfðuð rúmlega 17 000 skuldamál á bæjarþingi Reykjavíkur einu. Og flestar vanskilaskuldir eru greiddar án málshöfðunar. Ætli vaxtalagafrumvarpið leiði ekki til álaga á vanskilaskuldara næsta árið sem nema nokkrum hundruðum milljóna fram yfir það sem væri miðað við skaplegar reglur, svo sem þær sem um var getið? Kannske að þingmenn telji að þarna séu bökin breiðust?"

Ég satt að segja tel að það hafi sjaldan gerst á undanförnum árum að jafnvirtur lögmaður og Jón Steinar Gunnlaugsson er gangi fram með þeim hætti sem hér hefur gerst og vari jafneindregið við því að frv. verði samþykkt. Nú er það ekki svo að þessi lögmaður sé sérstakt fórnarlamb bolsévismans eða hinnar miðstýrðu vaxtaákvörðunarstefnu. Þvert á móti hefur hann verið þeirrar skoðunar að markaðurinn ætti að ráða nokkru um verð á peningum. Hann telur hins vegar að ef það kerfi verður ekki tekið upp að settar verði reglur um hámarksvexti og þær lögmæltar í lögum frá Alþingi muni hér skapast ástand sem hefur í för með sér „ósiðlegar álögur á fólk", eins og hann orðar það.

Ég tel að það sé mjög varasamt í þessu efni að hlusta einhliða á Seðlabankann. Ég segi þetta ekki af því að hv. þm. Haraldur Ólafsson stendur þarna í dyrunum heldur vegna þess að dráttarvextir eru drýgsta tekjulind viðskiptabankanna í landinu. Það er alveg ljóst. Þeir hafa beinlínis hagsmuni af því að hafa þá í efri kantinum án þess að ég sé að væna menn um það þar að vera með hugmyndir um að níðast á fólki út af fyrir sig. Ég held þess vegna að þarna hefði verið rétt, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson gat reyndar um í sinni framsöguræðu, að kanna hvort ekki mætti fara í þessu máli einhverja millileið því að ég tel a.m.k. að verðgildisviðmiðunin sé að allra sanngjarnra manna mati eðlilegasta forsendan á uppgjöri á fjármunakröfum af hvaða tagi sem þær eru.

Ég mun ekki, herra forseti, fara að setja á löng ræðuhöld um þetta mál, en ég bendi á að hér hafa fallið alvarleg aðvörunarorð til stjórnarmeirihlutans. Ég bendi á að forustumenn lögmanna, dómara og lögfræðinga taka undir þau aðvörunarorð sem koma fram hjá lögfræðingnum Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Ég bendi á að meiri hl. nefndarinnar gefst upp á því að afgreiða málið og biður framkvæmdarvaldið um að bjarga sér í málinu, skoða það gaumgæfilega næstu mánuði og ég bendi á að talsmaður nefndarinnar hefur lýst því yfir að hann telji að ekki hafi unnist tími til að fjalla um málið.

Ég skora þess vegna á meiri hl. að athuga þetta mál aðeins betur áður en hann tekur ákvörðun um að afgreiða það. Það er engin afsökun að stuttur tími sé til stefnu. Hér er um að ræða mál sem snertir tugi þúsunda Íslendinga, mér liggur við að segja nærri alla landsmenn meira og minna. Ég spyr meiri hl.: Ætlar hann að standa frammi fyrir því á komandi mánuðum að hann hafi tekið á sig þá ábyrgð að staðfesta dráttarvaxtaokur Seðlabankans eins og það hefur verið tíðkað á undanförnum misserum án þess að setja í rauninni neinar nákvæmar almennar reglur um hvað á að teljast okur og hvað ekki í þessu landi?

Ég mun af þessum ástæðum greiða atkvæði gegn 1. gr. frv. til að láta mína afstöðu koma í ljós. Ég tek fram að miðað við allar aðstæður eru brtt. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar til bóta, betri en ekki og ég mun greiða þeim atkvæði mitt. Að öðru leyti mun ég

láta frv. afskiptalaust, að öðru leyti en því að ég hef mælt hér mjög alvarleg aðvörunarorð studd rökum sem ég hef gert grein fyrir.

Ég mun þá að lokum, herra forseti, fara nokkrum orðum um ákvæði til bráðabirgða. Hv. 2. þm. Reykv. ræddi það mál nokkuð í sinni ræðu. Hann sagði það „pólitískan heybrókarhátt", eins og hann orðaði það sjálfur, að hafa þetta ákvæði inni í frv. Leggur þó ekki til að þetta verði fellt út, hvort sem það stafar af pólitískum heybrókarhætti eða einhverjum öðrum ástæðum. En rökin sem hv. þm. flutti voru reyndar þau að ákvæðið væri ónothæft fyrir dómstóla landsins þannig að það skipti engu máli þó að þetta ákvæði væri inni og í rauninni skipti það meira máli sem hann segði sem frsm. meiri hl. nefndarinnar í þessu máli en það sem hugsanlega yrði samþykkt. Er það vissulega athyglisverð nýlunda ef framsöguræður talsmanna nefnda hafa þyngra gildi en lög í landinu. Væri fróðlegt að heyra mat hæstv. viðskrh. á því máli síðar í umræðunum. (Gripið fram í.) Það er að vísu alveg hárrétt, hv. þm. Ég var ekki að slá því föstu að þetta væri útilokað heldur að vekja athygli á þessari nýlundu.

Ég held að ákvæði I til bráðabirgða sýni mjög vel hvað málið er á tæpu vaði. Ég held að það sýni mjög vel að það hefði verið auðveldara að leysa þetta mál, a.m.k. um sinn, einfaldlega með því að breyta og skerpa ákvæði okurlagana. Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. um að þetta er vafalaust ákvæði sem stríðir gegn öllum venjum í sambandi við okkar almenna refsirétt. Það væri a.m.k. fróðlegt að fá upplýsingar um hvort einhvers staðar annars staðar eru til í refsilögum ákvæði af þessum toga sem eru eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Refsiákvæðið um bann við okri, dráttarvexti o.fl. skal halda gildi sínu um þau opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað til refsingar samkvæmt ákvæði þessu og ekki hafa hlotið fullnaðardóm við gildistöku laga þessara."

Ég hygg að þetta sé mjög óvenjulegt ákvæði, að ekki sé meira sagt, og væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort menn geta nefnt einhver dæmi um ákvæði af þessum toga í lögum áður. En í grg. með frv. segir:

„Með þessu ákvæði er tryggt að þau okurmál, sem þegar hafa verið höfðuð til refsingar fyrir gildistöku laga þessara, geti gengið sinn gang og hlotið efnisdóm. Að öðrum kosti er hætt við að þessi mál séu alveg úr sögunni þótt e.t.v. megi deila um hversu mikið mat löggjafans á refsinæmi okurbrota breytist við frv. þetta, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga."

Hv. frsm. nefndarinnar taldi að það væri út af fyrir sig í lagi að samþykkja þetta vegna þess að þetta væri markleysa. Dómarar gætu ekki notað ákvæðið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fá það á hreint, úr því að hv. 2. þm. Reykv. og talsmaður meiri hl. nefndarinnar orðaði þetta svona, hver sé afstaða hæstv. viðskrh. Er hann að leggja það til við þingið að það sé farið að samþykkja hér ákvæði sem er óbrúklegt fyrir dómstólum? Ég hef engan áhuga á því að samþykkja slík ákvæði. En ég vil gjarnan hafa þetta ákvæði inni frekar en ekki neitt. Ég skal þannig taka þátt í því með þeim pólitísku heybrókum sem hv. þm. Friðrik Sophusson var að tala um áðan að halda þessu ákvæði inni. Það er betra en ekkert.

En það væri fróðlegt að vita hvert er mat hæstv. viðskrh. á málinu, hvort hann telur þetta ónothæft fyrir dómstóla landsins eða hvort hann telur framsöguræðu hv. 2. þm. Reykv. vera æðri lögum í þessu efni.

Það var svo mjög athyglisvert þegar hann var að skýra það, hv. 2. þm. Reykv., hverjir það væru sem væru að láta ávaxta fé sitt á vinsælan og hagstæðan hátt. Það voru ellilífeyrisþegar og þeir sem vinna í happdrættum sem aðallega hafa haft hag af því að okurlánastarfsemi hefur verið leyfð að dómi Hæstaréttar. Ég held að það sýni býsna mikla blindu á þróun íslensks þjóðfélags ef menn halda að ellilífeyrisþegar séu að veltast um með peninga á milli okurlánasjoppanna um þessar mundir eða þá happdrættisvinningana sína. Ætli það séu ekki einhverjir aðrir, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 911, sem var of seint fram komin, samþ. með 21 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég flyt brtt. við 15. gr. laganna. 15. gr. hljóðar svo í frv.:

„Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 10. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Við ákvörðun miskabóta og örorkubóta fyrir líkamstjón geta dómstólar þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta."

Nú er það svo um skaðabótakröfur að þeim er ætlað að svara til þess tjóns sem orðið hefur. Það er umdeilt hvort rétt sé að slíkar kröfur beri dráttarvexti með þeim hætti sem er gert ráð fyrir í frv. Hér er jafnframt gert ráð fyrir að dómstólar geti ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta en segir í 1. málsl. við ákvörðun miskabóta og örorkubóta fyrir líkamstjón sem ég ætla að séu þær einu bætur sem verðtryggðar eru við dómsuppkvaðningu þannig að ekki sé ástæða til að taka þær bætur sérstaklega út úr. Ég tel á hinn bóginn hæpið að hafa þessa reglu svo afdráttarlausa gagnvart öðrum kröfum sem gert er ráð fyrir í 1. málsl. og legg því til að orðin „við ákvörðun miskabóta og örorkubóta fyrir líkamstjón" falli niður en síðari hluti setningarinnar haldi sér þannig að í staðinn komi: Dómstólar geta þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

Þessi breyting felur ekki í sér breytingu varðandi miskabætur og örorkubætur fyrir líkamstjón, en mun veita dómstólum svigrúm varðandi skaðabótakröfur af öðrum toga sem vel má rökstyðja með því

að skaðabótakröfur geta verið ósanngjarnar úr hófi fram þannig að nauðsynlegt sé að leita dómsúrskurðar.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég læt í ljós að ég er samþykkur brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem eru fluttar við frv. Ég tel að menn hafi haft nokkuð góðan tíma til að fara yfir þetta frv. og athuga það nánar. Ég vil líka minna á að frv. er árangur starfs sem unnið var mjög rösklega, einkum af prófessor Jónatan Þórmundssyni. Það er unnið í samráði við viðskrn. og Seðlabanka og enn fremur var rætt um einstaka þætti þess við sérfróða menn á þessu sviði. III. kafli frv., um dráttarvexti, er í stórum dráttum byggður á frv. til sérstakra laga um dráttarvexti o.fl. sem Benedikt heitinn Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómari og Viðar Már Matthíasson hæstaréttarlögmaður sömdu og ég flutti á síðasta þingi. Þessi mál eru því ekkert ný. Að þessu dráttarvaxtafrv. var síðan unnið áfram í viðskrn. Það varð að ráði að fella dráttarvaxtaþáttinn inn í hið nýja vaxtalagafrv. með nokkrum breytingum og úrfellingum. Það hefur ótvíræða kosti að setja ein heildarlög um vaxtamál. Það fæst með því heildarsýn, reglurnar verða einfaldari og markvissari og um sum atriði má setja sameiginleg ákvæði án tillits til vaxtaforms.

Við samningu þessa dráttarvaxtakafla var höfð hliðsjón af umsögnum ýmissa aðila um það dráttarvaxtafrv. sem ég lagði fram á síðasta þingi svo og eldri frumvarpsdrög hæstaréttarlögmannanna Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Baldurs Guðlaugssonar um bætur vegna rýrnunar á verðgildi gjaldkræfra peningakrafna eða hinar svokölluðu verðgildisbætur og sömuleiðis um dráttarvexti frá 1980 ásamt grg. og umsögnum þó nokkuð margra aðila. Enn fremur var litið til erlends réttar á þessu sviði og sérstaklega voru höfð í huga dönsku vaxtalögin. Það má segja um ákvörðun um dráttarvexti að hún er hugsuð eftir tveimur mismunandi aðferðum þótt munurinn á þeim þurfi ekki að vera svo mikill í reynd. En lögfræðingar eru ekki á eitt sáttir í þessum efnum frekar en þeir eru yfirleitt, enda yrði þá alveg hrun í stéttinni ef þeir væru allir sammála alltaf, og meðal þeirra eru skiptar skoðanir á þessum aðferðum. Sú aðferð sem er lögð til grundvallar í þessu frv. er sú sama og hefur komið fram í umræðum og er notuð af Seðlabankanum. Hún er fólgin í því að dráttarvextir eru byggðir ofan á almennt gildandi vaxtakjör, þar sem þau kjör hljóta að vera til viðmiðunar um tjón er leiðir af vanskilum í almennri lánastarfsemi. Þessi leið tekur fyrst og fremst mið af öllum venjulegum lánum, af almennri lánastarfsemi. Seðlabankinn hefur byggt sínar ákvarðanir á tveimur þáttum, útreikningi á vegnu meðaltali ársávöxtunar annars vegar og ákvörðun reiknihlutfalls hins vegar. Hin aðferðin gerir ráð fyrir að fastir dráttarvextir, refsivextir séu byggðir ofan á verðgildisbætur, höfuðstólsvísitölu, og sérstaklega vexti hvers láns. Tekur þessi aðferð því fremur mið af skaðabótakröfum, ýmiss konar dómkröfum og lánum til langs tíma. Þetta kerfi getur reynst flókið þegar um er að ræða óverðtryggð lán með nafnvöxtum og er óleyst mál varðandi verðtryggð lán.

Ég tel það ekki vera neinn vafa að með þessu frv. er stigið mjög merkt skref og samræming þess er að mínum dómi mjög mikils virði því að frv. tekur mið af þeim forsendum að viðhalda því takmarkaða vaxtafrelsi sem þjóðin býr nú við eftir þróun síðustu ára. Í öðru lagi treystir það á samræmi lagaheimilda um ákvörðun vaxta, refsiábyrgð og viðurlög við okri. Og í þriðja lagi tryggir það upplýsingar um almenn vaxtakjör hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og reglulega birtingu þeirra t.d. í Lögbirtingablaði eða á annan aðgengilegan hátt og það gerir vaxtareglur þannig úr garði að þær verða einfaldari og meðfærilegri í framkvæmd en gildandi reglur. Það tryggir efnisleg málalok í þeim okurmálum sem enn eru til meðferðar fyrir dómstólum. Þá kem ég að því atriði sem hv. 3. þm. Reykv. spurði um og hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. gerði að umræðu.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það eftir viðræður við færustu sérfræðinga á þessu sviði að ef lögfest eru þessi ákvæði til bráðabirgða halda þau. Lögin eru eðlilega sterkari en skýring á skoðunum ágætra manna. Enginn efast um að frsm. meiri hl. er góður lögfræðingur, en þó ég sé ekki löglærður maður vil ég halda þessu fram. Ég tel að það hefði verið að mörgu leyti slæmt að fella niður þetta ákvæði I til bráðabirgða og grípa þannig beint og óbeint inn í málshöfðun sem þegar er hafin. Þess vegna var ég og er ég ófáanlegur til að taka þetta aftur. Ég hef enga sérþekkingu á þessum málum, verð því að fara eftir því sem sérfræðingar á þessu sviði halda fram, en eins og ég sagði áður eru skiptar skoðanir um þessi mál meðal lögfræðinga og þá er það dómstóla að skera úr í þeim efnum. Lög eru lög en túlkanir þeirra eru annað. Ég legg áherslu á að þessi ákvæði séu inni og ég legg líka mikla áherslu á að þetta lagafrv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi því á því er brýn nauðsyn. Ég tel ekkert athugavert við það, sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. sagði í sinni ræðu, að það væri eðlilegt að endurskoðun færi fram. Og það er margt athyglisvert í tillögum Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem hafa verið gerðar hér að umræðuefni. En þær þarfnast frekari skoðunar. Ég tel það sjálfsagðan hlut að viðskrn. feli færustu sérfræðingum á því sviði að fara yfir þennan þátt málsins með það í huga að flytja frv. til breytinga á þessum lögum á næsta þingi.

Ég vil svo að síðustu þakka nefndarmönnum fyrir afgreiðslu á þessu máli og endurtek það að ég legg á það mikla áherslu að það nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja framgang þessa máls, en það eru örfá atriði sem mig langar til að gera að umtalsefni þar sem þau hafa komið fram í

ræðum manna hér.

Í fyrsta lagi vil ég þakka þær ræður sem hér hafa verið fluttar og sérstaklega vil ég þakka hv. 3. þm. Reykv. að lesa upp grein Jóns Steinars sem var langsamlega besti hluti ræðu hv. þm.

Ég held að það sé ástæða til að benda rækilega á atriði sem hafa ekki komið fram í umræðunum og það er hver er munurinn á þessum tveimur aðferðum við ákvörðun dráttarvaxta. Annars vegar er aðferð Seðlabankans, sem er í lagafrv., en þar er gert ráð fyrir ákveðnu álagi á vexti. Þannig er dráttarvaxtaupphæðin fundin. Hin aðferðin er sú að dráttarvextir eigi að reiknast af höfuðstól sem þá hafi verið verðbættur.

Í grein Jóns Steinars er talið að skuldarar hafi tapað með ósanngjörnum hætti hundruðum milljóna. Það er ástæða til að gera athugasemd við þetta vegna þess að hann gefur sér að dráttarvextir yrðu lögmæltir 8%, eins og hann hefur lagt til. Það er enginn sem getur sagt til um það hvort það hefði orðið niðurstaða löggjafans ef mæla ætti fyrir í lögum um dráttarvaxtaupphæðir. Þessi málflutningur er því alveg út í hött því að hann byggir á gefnum vafasömum forsendum.

Ég gat þess í minni ræðu áðan að sumir nefndarmenn hefðu kosið að taka út úr hugmyndum Jóns Steinars það ákvæði sem segir að dráttarvaxtaupphæðin eigi að vera lögákveðin. Til að nefna dæmi um hvernig dráttarvextir eru fundnir og hafa verið á undanförnum mánuðum hefur álagið ofan á ávöxtun almennra útlána verið frá 1. apríl á s.l. ári frá 4,6 og upp í 9,1 og lengst af á þessu tímabili var álagið sem mótaði dráttarvaxtaupphæðina 9,1 eða í efri kanti þess bils sem nú er að finna í III. kafla lagafrv. Vanskilavextir hafa verið 27% mestan hluta tímans, en eru nú 30%. Til þess að sýna hvernig álagið er fundið er deilt með ávöxtun almennra útlána í vanskilavextina og þá kemur út álagið sem er í frv. á bilinu 1,05 og 1,1 og þýðir að frá 1. mars er álagið 1,074 og er þá miðað við að vanskilavextir séu 30% eins og þeir voru ákveðnir af Seðlabanka Íslands og að ávöxtun almennra útlána hafi verið hinn 21. febr. 21,05%. Nóg um þetta.

Mig langar til að fara örfáum orðum um það mál sem hefur verið hér nokkuð til umræðu og varðar ákvæði til bráðabirgða I. Í því sambandi vil ég, herra forseti, lesa 2. gr. almennra hegningarlaga, en þar segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur skal dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu."

Þetta er aðalreglan. Hins vegar kemur fram undantekning í 2. mgr. Þar segir:

„Aldrei má þó dæma refsingu nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum."

Nú undirstrika ég og les áfram: „Hafi refsiákvæði laga fallið úr gildi af ástæðum sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinæmi verknaðar skal dæma eftir lögum þeim sem í gildi voru þegar brot var framið."

Hér lýk ég lestrinum og hef þá lesið tvær fyrstu mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Það sem refsiréttarprófessorinn hengir hatt sinn á er að með þeirri lagabreytingu sem hér er verið að koma fram sé ekki verið að breyta mati löggjafans á refsinæmi verknaðar. Ég held að þetta sé rangt því að í raun og veru erum við að taka stórkostlegt skref. Við erum í fyrsta lagi að leyfa mönnum að ákveða vexti samkvæmt samningum, frjálsa vexti þar sem ekkert hindrar hver vaxtaupphæðin er nema afskiptaréttur Seðlabankans í því undantekningartilviki sem kemur fram í lögum um Seðlabanka Íslands. Við erum til viðbótar að ákveða að fella brott það sem hingað til hefur verið kallað okur, en taka upp misneytingu, þótt hún sé af einhverjum ástæðum kölluð okur í þessum lögum. Það er nákvæmlega sams konar ákvæði eins og nú eru til í lögum og kallast misneyting. Ég tel þetta vera verulega breytingu og því tel ég að þetta bráðabirgðaákvæði standist ekki gagnvart dómstólum.

En ekki nóg með það. Það er annað stórt atriði sem skiptir hér miklu máli og það er að í ákvæði til bráðabirgða í frv. er verið að tiltaka einstaklinga sem eru þekktir. M.ö.o.: Gömlu lögin, þar sem refsingin er þyngri, eiga aðeins að ná til þeirra sem þegar er búið að höfða mál gegn en ekki til manna sem á kannske eftir að höfða mál gegn en gátu hafa brotið af sér á sama tíma. Refsiréttarprófessorinn telur að í frv. sé tiltekinn málaflokkur undanskilinn, en það er rangt. Þetta eru tilteknir einstaklingar og ég held að í réttarríkinu Íslandi verðum við að átta okkur á því að slíkt gengur ekki upp.

Þess vegna, herra forseti, gaf ég svona sverar yfirlýsingar í framsöguræðu minni fyrr á fundinum og ég ætla að ítreka að þrátt fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram tel ég útilokað að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði til bráðabirgða nr. I sé nothæft. En á það verður að reyna. Jónatan Þórmundsson prófessor í refsirétti gat þess á nefndarfundi að hann hefði borið málið undir Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara og ég gat ekki skilið prófessorinn öðruvísi en svo að ríkissaksóknari mundi halda áfram með þau mál sem nú eru í gangi ef þetta bráðabirgðaákvæði væri numið brott úr lagafrv. og láta á það reyna hvern dóm viðkomandi einstaklingar fengju samkvæmt nýju lögunum. Það er ekki hundrað í hættunni fyrir þá sem vilja eindregið láta dómstólana fjalla um mál þessara tilteknu einstaklinga sem að mínu mati eru hins vegar einstaklingar sem er fremur verið að níðast á, vegna þess að þeir gengu að mínu mati inn á opna, auglýsta skrifstofu í Reykjavík alsaklausir og án þess að vita að þeir væru að fremja brot á okurlögunum. Enda tel ég að ef um eitthvert misferli hefur verið að ræða í þessu máli sé það kannske fremur hjá hinum sem tóku lánin hjá viðkomandi aðila sem ávaxtaði fé fyrir ýmsa einstaklinga í Reykjavík og nágrenni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 673 (sbr. 479), n. 830.

Frsm. sjútvn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta mál kemur frá Ed. og hefur verið fjallað um það í sjútvn. Nd. á nokkrum fundum og leitað álits ýmissa hagsmunaaðila. Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir frá Ed.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191, n. 836.

Frsm. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í Ed. Það hefur fengið skoðun í menntmn. Nd. og er nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess eftir að hafa athugað efni þess. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín S. Kvaran voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting prestakalla, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208), n. 837.

Frsm. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. um veitingu prestakalla var lagt fram í Ed. snemma á þessu þingi og hlaut þar vandlega yfirferð og voru gerðar á því nokkrar breytingar, sbr. þskj. 718. Nefndin ræddi frv. á tveim fundum og fékk til viðtals séra Bernharð Guðmundsson, fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar, og Þorleif Pálsson deildarstjóra sem m.a. gerði grein fyrir því hvernig veitingu prestakalla væri háttað í nálægum löndum, einkum Norðurlöndum. Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624, n. 872.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta mál var athugað í fjh.- og viðskn. og það var borið fram í Ed. Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listmunauppboð, 2. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 270, n. 875, brtt. 876.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. til l. um listmunauppboð hefur fengið ítarlega umfjöllun í fjh.- og viðskn. og varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess með brtt. sem eru á þskj. 876.

Það er í fyrsta lagi varðandi 1. mgr. 1. gr. þar sem talið er rétt að bæta við „og aðra muni sem söfnunargildi hafa“ þar sem upptalningin sem þar er er ekki talin tæmandi.

Varðandi 2. gr. er talið rétt að þegar listmunauppboð yrðu haldin til að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi eða menningu skyldi sú undantekning einungis taka til lokaðra uppboða, en á hinn bóginn gætu þau félög sem hér um ræðir leitað til löggilts uppboðshaldara ef haldin eru opin uppboð. Það þykir eðlilegt, enda hefur venja skapast fyrir því að slíkir menn hafa gert það við vægu gjaldi eða ókeypis til stuðnings við þá starfsemi sem hér er um að ræða.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. gr. að því fé sem kom inn vegna 10% gjaldsins verði varið til starfslauna handa myndlistarmönnum þar sem starfslaunasjóður myndlistarmanna hefur ekki verið löggiltur enn um hríð og gert ráð fyrir að menntmrh. setji nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins.

Önnur atriði eru tæknilegs eðlis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglumenn, 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699, n. 835.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 835 um frv. til laga um breytingar á lögum um lögreglumenn nr. 56 frá 1972, með síðari breytingum. Hér er um það að ræða að við 5. gr. þeirra laga bætist ný mgr.:

„Nú verður lögreglumaður skaðabótaskyldur fyrir tjón, sem verður við löggæslu og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann, og geta dómstólar þá fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti".

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson og Stefán Guðmundsson. Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573, n. 845.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 845 um frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 16 frá 13. apríl 1973.

Hér er um það að ræða að ákveða að ágóði happdrættisins skuli renna til bygginga fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt verði stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

Nefndin hefur kynnt sér ítarlega efni þessa frv., átt viðræður við ýmsa aðila sem því tengjast og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir, fundaskrifari, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661, n. 852.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 91 1982, um málefni aldraðra. Hér er um að ræða framlengingu, en eins og segir í athugasemdum við frv. er samkvæmt 28. gr. laga 91/1982, um málefni aldraðra, ráðgert að þau falli úr gildi um n.k. áramót. Ljóst er að meginatriði laganna verða að gilda til frambúðar eða verða hluti af öðrum lögum. Má þar nefna skipun öldrunarmála, fyrirkomulag dvalarstofnana, ákvæði um heimaþjónustu og Framkvæmdasjóð aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar. Þetta frv. er flutt af heilbr.- og trn. að beiðni hæstv. heilbr.- og trmrh. Þetta mál er flutt vegna þeirrar samþykktar sem hæstv. ríkisstjórn gerði á fundi sínum þann 12. febrúar um aðstoð við fatlaða vegna bifreiðakaupa þeirra. Samþykkt ríkisstjórnarinnar var svohljóðandi:

„Ríkisstjórnin ákveður að fyrirgreiðsla til fatlaðra við bifreiðakaup færist til Tryggingastofnunar ríkisins. Komi tryggingastyrkir í stað tollalækkunar. Miðað skal við að fyrirgreiðsla verði sama hlutfall af almennu söluverði bifreiða og var fyrir tollalækkun í febrúar 1986".

Með lögum nr. 4 1986 var tollur af bifreiðum lækkaður úr 70% í 10%. Þetta hafði í för með sér að tollaívilnun vegna bifreiðakaupa öryrkja, sbr. 27. lið 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 1976, lækkaði sem þessu nemur. Það var mat lögfræðinga fjmrn., heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins, sem falið var að gera tillögu í samræmi við þessa ríkisstjórnarsamþykkt, að nauðsynlegt væri að setja skýr og skorinorð ákvæði inn í lög um almannatryggingar eigi styrkir til bifreiðakaupa af þessu tagi að greiðast af almannatryggingum, þ.e. úr lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Þess vegna er lagt til að breytt verði 19. og 39. gr. almannatryggingalaga til þess að

lögin geti náð yfir þessi tilvik.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að skýra þetta frekar nema sérstakt tilefni gefist. Heilbr.- og trn. hefur rætt þetta mál og er skoðun nefndarinnar að það verði að tryggja í reglugerð að það hagræði, sem öryrkjar njóta skv. frv., haldist þótt verðbreytingar verði á bifreiðum eða breytingar á tollum.

Herra forseti. Málið hefur verið rætt í heilbr.- og trn. sem flytur frv. og þess vegna geri ég ekki tillögu um að málið fari til nefndar heldur verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var hér á dögunum rætt um þetta mál aðeins og þá stóð það upp úr stjórnarliðum að það ætti að leysa þetta með reglugerð. Nú hafa menn hætt við það og hér er flutt frv. Hér segir:

„Þá er og heimilt að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar."

Og síðan er 39. gr. breytt þannig að það er bætt við nýjum lið, b-lið, að það sé heimilt „að veita styrk til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta" og síðan er ákvæði til bráðabirgða um að þetta ákvæði sé afturvirkt.

Ég vil spyrja hv. formann heilbr.- og trn. eða talsmann nefndarinnar hvaða upphæðir eru á ferðinni, það verður ekki með góðu móti ráðið af texta frv., og hvaða deild það er í Tryggingastofnun ríkisins sem ætlað er að fari með þetta mál og hver það er í Tryggingastofnuninni sem á að úrskurða í þessu máli. Liggur það fyrir? Það væri nauðsynlegt að fá það fram. Er það kannske tryggingayfirlæknir? Hvað stendur til?

Frsm. heilbr.- og trn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er gert ráð fyrir að reglugerð verði sett sem kveður á um frekari framkvæmd þessa máls. Sú reglugerð hefur að sjálfsögðu ekki verið sett enn þá, en mér er kunnugt um að nokkur undirbúningur hefur þegar farið fram að setningu þessarar reglugerðar og ég get upplýst að þær upphæðir sem þarna er talað um eru tvenns konar. Það er í fyrsta lagi að ef um er að ræða almenna hreyfihömlun er um 80 þús. kr. greiðslu að ræða, en sé um að ræða mjög hreyfihamlað fólk er um 250 þús. kr. upphæð að ræða.

Það er gert ráð fyrir að sérstök afgreiðslunefnd muni fjalla um umsóknir og hún yrði væntanlega skipuð þremur fulltrúum þannig að menn þurfa ekki fyrir fram að fyllast neinni skelfingu eða ótta um að þetta verði alfarið í hendi tryggingayfirlæknis. Mér heyrðist vera einhver ótti í rödd síðasta ræðumanns. En eins og ég segi: Reglugerð hefur að sjálfsögðu ekki enn verið sett vegna þess að lögin hafa ekki verið samþykkt. En undirbúningsvinna hefur nokkur farið fram í heilbrmrn.

Ég veit ekki hvað hv. þm. átti við þegar hann spurði um upphæðir, hvort það var eingöngu spurt um hvaða upphæðir væri að ræða til umsækjenda. En heildarupphæð vegna þessa, sem um er að ræða, er áætluð 57 millj. vegna þeirra sem fengu úthlutun eftir að tollar lækkuðu á árinu 1986 og sem bráðabirgðaákvæðið á þá við, en vegna 1987 er gert ráð fyrir að þetta séu 115,5 millj. Ég get ekki á þessu stigi svarað þessu frekar. Ég vona að þessi svör dugi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að skýrt var frá því hér á dögunum að sett yrði reglugerð um þetta efni sem og verður gert, en eftir að nefnd manna úr heilbrmrn., fjmrn. og Tryggingastofnuninni hafði athugað það mál vandlega og unnið að undirbúningi reglugerðar varð það niðurstaða að nákvæmar og betur væri að málum staðið með því að setja lög um þetta atriði vegna þess að reglugerðin mundi þurfa að byggja á því að bifreiðar féllu undir hjálpartækjagreinina. Auðvitað er bifreið eitt af mikilvægum hjálpartækjum allra manna, hefur tekið við af þarfasta þjóninum, en það hefur ekki þótt fært að telja þær meðal þeirra tækja almennt sem eru á skrá yfir hjálpartæki öryrkja, svo algengt tæki sem hér er um að ræða. Þess vegna er það nú sem þetta atriði er sett í lög.

Að öðru leyti get ég vísað til þess sem hv. flm., 9. landsk. þm., sagði áðan að því er upphæðir varðar. Ég vil einungis bæta því við að ætlunin er að heildarupphæðin, sem ella hefði verið á vegum fjmrn. með hinu fyrra skipulagi, verði millifærð til Tryggingastofnunar, en framkvæmdin verður á hennar vegum.

Ef ég má bæta einu atriði enn við, herra forseti. Ljóst er að hluti af þessu er eðli sínu samkvæmt á vegum lífeyrisdeildar þar sem um er að ræða uppbót á elli- eða örorkulífeyri, en aftur á móti hluti vegna hreyfihömlunar. Sú grein frv. yrði auðvitað sjúkratryggingaparturinn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýringarnar og hv. 9. landsk. þm. sömuleiðis. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það er afar algengt að reglugerðir séu fyrst settar þegar búið er að setja lög. Það má heita alveg regla að ég best veit og er ánægjulegt að hann skuli taka sér fyrir hendur að upplýsa þingheim um það, nema hv. þm. hafi nýlega uppgötvað þetta, en þetta hefur verið svona mjög lengi, að reglugerðir eru jafnan settar eftir að búið er að setja lögin en aldrei öfugt. (**ÓE:** Ræðumaður hefur vitað það líka væntanlega.)

Varðandi þessar upplýsingar vildi ég gjarnan spyrja að því frekar hvaða hugmyndir eru uppi um hverjir eigi að skipa þessa þriggja manna nefnd og hver á að skipa hana. Ég mundi leggja til að það yrði ráðherra. Er ætlunin að svo verði eða ætlunin að það verði Tryggingastofnunin sem gengur frá nefndar-

skipuninni?

Ég hef orðið var við að fatlaðir hafa áhyggjur af að sjá á eftir þessu máli í Tryggingastofnun ríkisins. Það er dapurlegt að heyra það og verða vitni að því að menn vilji frekar sjá sínum málum fyrir komið í fjmrn. en Tryggingastofnun ríkisins. Það segir ekki fallega sögu um Tryggingastofnun ríkisins, því miður. Það er æskilegt að fá um það upplýsingar hvaða hugmyndir eru uppi um skipan þeirrar nefndar sem hv. 9. landsk. þm. gat um áðan.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil skýra frá því að ætlunin var að í reglugerðinni um þetta efni yrði kveðið svo á að ráðherra skipaði þessa nefnd og hugsunin var að í henni ættu sæti læknir, sem skipaður væri án tilnefningar og hann væri formaður, síðan væri einn fulltrúi tilefndur af Öryrkjabandalagi Íslands og deildarstjóri lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar. Þeir væru skipaðir til fjögurra ára í senn og varamenn skipaðir með sama hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisborgararéttur, 1. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 851.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannadagur, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 662, n. 831, brtt. 838.

Frsm. sjútvn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. til l. um sjómannadag var lagt fram í Ed. og voru þar gerðar nokkrar breytingar á frv. eins og kemur fram á þskj. 662, m.a. sú að beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skuli sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á undan en ekki eftir eins og stóð í frv. Sjómannadagurinn í Reykjavík hefur á hinn bóginn óskað eftir því að færa frv. til hins fyrra horfs og hefur það verið rætt á fundum nefndarinnar og jafnframt haft samband við formann Sjómannafélags Reykjavíkur. Urðu nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu að beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skuli sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

Garðar Sigurðsson:

Herra forseti. Á nál. á þskj. 831 um frv. til l. um sjómannadag segir að nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi breytingu sem er smávægileg. Þetta er nokkurn veginn alveg sannleikanum samkvæmt nema hvað ég gerði skriflegan fyrirvara sem var fólginn í því að ég mætti flytja eða fylgja brtt. Mín brtt. við frv. eins og það kemur frá hv. Ed. er fólgin í því að fella burtu 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr. og 6. gr. og láta duga að hafa eina efnislega grein, 1. gr., en taka að sjálfsögðu upp 7. gr. sem er um gildistökutíma eða dag.

Það er margt sérkennilegt í þessu frv. og ég held að menn hafi ekki vandað sig nægilega sem kannske von er. Það er verið að sópa út úr deildum lagafrumvörpum sem hafa fengið oft og tíðum afar litla skoðun og kannske enn minni umhugsun. Það er verið að gera þetta í tímaþröng og menn eru bara tilbúnir að afgreiða næstum því hvað sem er. En vegna þess að nefndin gerir eina breytingu þarf frv. að fara aftur til Ed. Hvort sem ég flyt þessa brtt., sem er stærri í sniðum, eða ekki þarf það að fara til Ed.

Ég vil nefna t.d. hvað sagt er í frv. í 5. gr.:

„Ákvæði 1. mgr. 5. gr. eru frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað".

Þetta þýðir að þetta skip eða þessi skip þurfa ekki að vera í höfn á sjómannadag ef þau ætla sér að sigla með afla til erlendrar hafnar. Þau skip hafa forgang sem ætla að selja erlendis, en ekki þau sem selja heima. Gott og vel. Ekki er ég að mæla með því að þau skip fari strax út aftur til veiða o.s.frv. En við skulum hugsa okkur að þrjú skip liggi t.d. í Vestmannaeyjahöfn. Ég man auðvitað fyrst eftir henni. Þrjú skip liggja í Vestmannaeyjahöfn. Öll eru þau með sama farm, ísaðan fisk. Tvö þeirra mega fara til útlanda daginn fyrir eða á sjómannadaginn og selja í erlendri höfn, en þriðja skipið má ekki fara þó að farmurinn sé alveg eins af því að það er flutningaskip, það er fragtskip. Þar er ekki um neina undantekningu að ræða. Hvernig getur staðið á því að menn gera þetta? Það verður eitt yfir alla að ganga.

Fyrir mína parta held ég að það sé alveg nóg að hafa 1. gr. Í henni felst aðalatriði þessa máls. Aðalatriðið í þessu máli er að sjómannadagurinn er lögskipaður frídagur eftir að þessi grein hefur verið samþykkt. En öll þessi upptalning og tímasetningar, á föstudegi, á laugardegi og mánudegi og allt þar fram eftir götunum, ég held að það sé alveg óhætt að sleppa því. Það er þannig með sjómannadaginn að hann er hátíðisdagur landsbyggðarinnar. Næstum hver maður í sjávarþorpunum kringum allt land heldur hátíð á milli vertíða þar sem oft er lítið að gera einmitt þegar menn eru nýbúnir að taka upp netin og eru að búa sig undir trollið á sumrin og krabbann o.s.frv. Þarna er einmitt tími til að halda þennan dag hátíðlegan. En það er ekki eins hér syðra þó að Reykjavík sé stærsti útgerðarstaður landsins. Það fer svo miklu minna fyrir þessu hér

vegna þess hversu lítill hluti íbúanna er í tengslum við þetta. Það skiptir auðvitað engu máli. Aðalatriðið er að sjómannadagurinn sé lögskipaður frídagur. Þá reyna allir að vera í höfn ef kostur er eins og þetta hefur alltaf verið. Ég legg þess vegna til að allar þessar upptalningar í þessum fimm greinum séu hreinlega felldar niður, það sé ekkert sérstaklega verið að tala um Landhelgisgæsluna eða Hafrannsóknastofnun eða þá sem hafa þau forréttindi að geta siglt til útlanda með fisk. Sleppum því og látum það duga að 1. gr. segir einfaldlega að sjómannadagurinn skuli vera lögskipaður frídagur.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að það væri aðeins um að ræða smávægilega breytingu sem við hefðum gert í hv. sjútvn., sem ég tel ekki vera, og hann orðaði það enn fremur að það sem kæmi fram í nál. okkar væri nokkurn veginn sannleikanum samkvæmt. Þetta er nokkuð merkilegt þegar haft er í huga að undir þetta skrifar hv. þm. Garðar Sigurðsson fundaskrifari. Það er skrýtið ef þeir sem ganga frá nál., sem hlýtur að vera frsm., hafi eitthvað farið fram hjá sannleikanum frá því sem fundaskrifari hafði orð á. Nóg um það.

En á margan hátt vil ég taka undir það hjá hv. þm. að það hefði kannske átt að athuga betur í byrjun hvort ekki hefði mátt ná samkomulagi milli aðila á grundvelli þess að við lögfestum fyrst og fremst þann frídag sjómanna sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar er þetta búið að ganga til hagsmunasamtaka og hefur verið rætt þar alveg frá því í október, en þá var að mig minnir þetta frv. kynnt af hæstv. sjútvrh. fyrir sjómannasambandsþingi. Um það var eiginlega ekki rætt hjá okkur í sjútvn., utan það sem hv. síðasti ræðumaður gat um, að hann vildi bókstaflega láta allar greinar falla niður, 2.–6. að báðum meðtöldum, en við gerðum hins vegar tillögu um breytingu á 1. gr., sem hann gerði nokkuð lítið úr, sem þó ekki er lítils virði þegar við höfum í huga að sjómannasambandsþing einmitt lagði til að ákvæðin yrðu á þann veg sem segir í brtt. okkar og eins og frv. var flutt, en þeir breyttu af einhverjum ástæðum í Ed. en það geri ég ráð fyrir að séu einhvers konar fiskverkenda- eða útgerðarmannasjónarmið sem ég kannast ekki við og eiga ekki heima í þessu. Ég á við það ef sjómannadaginn ber upp á hvítasunnudag fyrsta sunnudag í júní. Að vísu var aldrei leitað til okkar sem erum búnir að fást við það hér í Reykjavík að halda sjómannadag í nær 50 ár, en á næsta ári verður 50 ára afmæli sjómannadagsins í Reykjavík. Við höfum haft fulla samstöðu með þeim í Hafnarfirði allan þennan tíma og þótt ekki hafi verið leitað til okkar erum við sammála um að í stað þess að flytja þetta fram í maí beri okkur frekar að flytja það aftur um eina viku eða fram eins og við getum orðað það, að sjómannadagurinn verði í júní. Þó að svo vilji til nú að þetta nálgist eitthvað þjóðhátíðardaginn skiptir það ekki nokkru máli. Sjómannadagurinn er allt annað. Sjómannadagurinn er minningardagur um þá sem hafa látist frá því síðasti dagur var hátíðlegur haldinn. Hann er fjáröflunardagur fyrir þessi samtök sem safna peningum til að láta gott af sér leiða. Og hann er líka til að herða á um björgunar- og slysavarnir á þessu landi eins og dæmin sýna í gegnum þessa áratugi. Það er ekki sama hvort menn eru að efna til útihátíðahalda í maí eða í júní. Það getur munað miklu á hverri viku sem líður á þessum dögum. Ég þekki það sjálfur að við neyddumst til þess hér í Reykjavík og reyndar um allt land þegar síldveiðar voru stundaðar við Jan Mayen að flýta sjómannadeginum fram í maí til þess að þeir sem voru að fara norðaustur í höf gætu átt þátt í þessari hátíð með öðrum félögum sínum. Það reyndist nær óframkvæmanlegt að standa í slyddu og krapahríð við útihátíðahöld. Þetta gekk ekki upp að mínu mati. Þess vegna skil ég ekki enn og fæ ekki neinn rökstuðning frá þeim sem í Ed. hafa að þessu unnið af hverju þessi leið er valin.

Til viðbótar kemur að það er búið að ákveða í lögum fjórða hvert ár sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag í maí. Auðvitað getur komið upp á að svo verði sem er óhæfa þegar við höfum það í huga að á mörgum stöðum á landinu, þar á meðal í heimabyggð hv. þm. Garðars Sigurðssonar, eru tveggja daga hátíðahöld.

En þetta var brtt. okkar í sjútvn. þessarar hv. deildar. Hún er sú að í stað orðanna „á undan“, eins og segir í 1. gr. frv. eins og það kemur frá Ed., leggjum við til að komi: á eftir. Ég leyfi mér að hafa þessi orð um þetta vegna fjarveru frsm. hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645, n. 833 og 840.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Í forföllum formanns nefndarinnar og frsm. meiri hl. mæli ég fyrir nál. á þskj. 833. Nefndin hefur rætt frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt.

Frv. þetta, sem er verið að ræða, er flutt í tengslum við frv. til tollalaga sem nú er í seinni deild og gengur út á að hætt verði við að bankastimpla farmskírteini og aðflutningspappíra áður en hægt er að taka vörur úr tolli.

Undir þetta rita ásamt mér hv. þm. Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur Bjarnason. Minni hl., hv. 3. þm. Reykv. mun gera grein fyrir séráliti sínu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þetta er frjálshyggjufrumvarp. Það á að afnema bankastimplun svo það verði þægilegra fyrir heildsalana að vinna. Þetta er óþarfafrv. og minni hl. nefndarinnar leggur til að það verði fellt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningslánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 604, n. 873, brtt. 874.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 873 í forföllum formanns nefndarinnar. Nefndin hefur skoðað þetta frv. og rætt og kallað til viðræðu Tryggva Axelsson úr viðskrn. Mælir nefndin með að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem flutt er á sérstöku þskj., en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.“

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Undir þetta rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Svavar Gestsson og Halldór Blöndal.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur þegar þetta mál var til afgreiðslu, en ég er því sammála. Hins vegar hefði mátt velja aðra skammstöfun „takmörkuð ábyrgð ríkisins“ — TÁR.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 806, n. 867, 895 og 923, brtt. 817, 886, 924.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 867 um frv. til l. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin athugaði málið á mörgum fundum og kallaði fyrir sig fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandinu, fjmrn., ríkisskattstjóra, Sambandi ísl. sveitarfélaga, BSRB, Bandalagi háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins, Framkvæmdasjóði fatlaðra, Þjóðhagsstofnun og Stéttarsambandi bænda.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir þetta rita ásamt frsm. hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson.

Minni hl. mun væntanlega gera grein fyrir brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem er nú á dagskrá er hluti af því máli sem hér gengur venjulega undir nafninu „staðgreiðslumálið“ og birtist okkur í fjórum stjfrv. sem verið hafa til meðferðar í Ed. og hafa verið skamma stund í þessari hv. deild.

Það gafst út af fyrir sig ekki langur tími til að fara yfir málið í hv. fjh.- og viðskn. Nd., en hún gat þó fjallað um það með þeim hætti að hún ræddi við allmarga talsmenn þeirra aðila sem eiga eða hafa átt með einhverjum hætti hlut að máli. Þær yfirlýsingar sem fram komu við 1. umr. málsins frá hæstv. fjmrh. um skipan nefndar til að fjalla um þessi mál á næstu mánuðum greiddu vafalaust fyrir því að málið er þó komið þetta langt sem raun ber vitni um nú.

Ég sem skipa 1. minni hl. fjh.- og viðskn. flyt við frv. þrjár brtt. sem ég mun gera grein fyrir. Í nál. mínu á þskj. 895 segir m.a. á þessa leið:

„Alþb. hefur lagt fram á Alþingi frv. um staðgreiðslukerfi skatta; það náði ekki fram að ganga þar sem skiptar skoðanir voru þá um málið í röðum sveitarstjórnarmanna. Nú lagði Alþýðusamband Íslands fram tillögur um staðgreiðslu skatta og einföldun skattkerfisins í tengslum við gerð kjarasamninga. Ríkisstjórnin er með þessu frv. og öðrum skattafrumvörpum að verða að sínu leyti við kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Hér er því verið að hrinda í framkvæmd stefnu sem Alþb. hefur lengi barist fyrir, þ.e. einföldun skattkerfisins og staðgreiðslu skatta.

Þrátt fyrir þessa skattkerfisbreytingu er ljóst nú skömmu fyrir kosningar að skattkerfið er í uppnámi eftir fjögurra ára stjórn tveggja fjármálaráðherra Sjálfstfl.

1. Hallinn á ríkissjóði er 3000 millj. kr. í ár og alls 6000 millj. kr. í 10 þúsund millj. kr. góðæri.

2. Um leið og frádráttarliðir einstaklinga eru afnumdir að mestu og persónuskattar einfaldaðir standa fyrirtækin eftir og greiða litla sem enga skatta. Frádráttarfrumskógur fyrirtækjanna stendur óhreyfður. Hafa stjórnarliðar nú fellt tillögur Alþb. í báðum deildum þingsins um einföldun skattkerfis fyrirtækja sem hefðu getað skilað ríkissjóði 1000–1500 millj. kr. aukalega.

3. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnarflokkanna um að afnema eigi tekjuskatt af almennum launatekjum hafnaði meiri hl. í efri deild tillögum Alþb. um lækkun á sköttum einstaklinga um 1200 millj. kr. frá frv. Allar líkur benda reyndar til þess að frv. í núverandi mynd muni hafa í för með sér beina tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.“

Ég vil vekja athygli á þessum orðum sérstaklega vegna þess að ég mun rökstyðja þau aðeins nánar á eftir, en ég heyrði ekki betur en að í fréttum útvarpsins í kvöld væri verið að lýsa því yfir að þessi frv. eins og þau liggja hér fyrir þyddu í rauninni lækkun á tekjum ríkissjóðs frá því sem hér hefði verið að óbreyttu. Hér fer tvennum sögum af. Samkvæmt upplýsingum frá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands munu þessi frv. hafa í för með sér hækkun á sköttum ríkissjóðs frá því sem verið hefði að óbreyttu.

Ég mun koma að því nánar á eftir, herra forseti.

„4. Fjármagnstekjur eru enn ekki skattlagðar og engir tilburðir eru uppi til þess að leggja skatta á stóreignir.

5. Ekkert er gert til þess að koma í veg fyrir að forráðamenn fyrirtækja færi einkaneyslu sína á reikning fyrirtækjanna og hafa tillögur um það efni verið felldar í báðum deildum þingsins.

6. Ekkert hefur verið gert til þess að laga og bæta söluskattskerfið.

7. Í fjmrn. hefur legið tilbúið á annað ár frv. til nýrrar tollskrár, en ríkisstjórnin hefur ekki komið henni frá sér í hendur Alþingis til meðferðar.

8. Stjórnarflokkarnir og Alþfl. hafa bundist samtökum um að leggja virðisaukaskatt á matvörur og menningarstarfsemi — eftir kosningar.

Alþb. mun ekki endurflytja í Nd. þær tillögur allar sem Alþb. flutti í Ed. og voru felldar þar af stjórnarliðinu, enda hefur Nd. reyndar þegar hafnað nokkrum tillögum Alþb. að því er varðar fyrirtækjaskattana við meðferð frv. um tekju- og eignarskatt hér fyrr í vetur."

Í Nd. flytur Alþb. því aðeins eftirfarandi tillögur um breytingar á skattafrv. Í fyrsta lagi er það brtt. á þskj. 886 um Framkvæmdasjóð aldraðra. Eins og kunnugt er gera frv. ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður aldraðra eða gjald til hans falli inn í hina almennu ríkissjóðsskattaprósentu. Rétt áðan var verið að mæla fyrir nál. um að framlengja lögin um málefni aldraðra og þar með skatt í því skyni fyrir árið 1988. Í rauninni erum við því á þessu kvöldi að fjalla um tvö frv. sem bæði gera ráð fyrir tekjum í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég fagna því auðvitað ef það er ætlun ríkisstjórnarinnar að tvöfalda framlög í Framkvæmdasjóð aldraðra, en það mundi verða ef bæði frv. standa sem lög fram yfir næstu áramót.

Fyrst var það frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er búið að afgreiða það hér, verður afgreitt með atkvæðagrgeiðslu sjálfsagt samhljóða á mánudaginn. Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdasjóðurinn standi óhreyfður á árinu 1988 og aflað tekna í hann með sérstökum nefskatti, en auk þess á Framkvæmdasjóður aldraðra að fá hluta af þessari ríkissjóðsprósentu. Þetta er svo sem eftir öðru í því sem kemur frá þessum ráðherrum, þeir vita yfirleitt ekkert hvað hvor annar er að gera og jafnvel ekki hvað þeir eru sjálfir að gera. En það er nú annar hlutur.

En allt um það tel ég nauðsynlegt að festa það með einverjum hætti að Framkvæmdasjóður aldraðra fái sitt af þessri ríkissjóðsskattprósentu. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. kom á fundi í fjh.- og viðskn. og taldi nauðsynlegt að ákvæðin um Framkvæmdasjóð aldraðra fengju að standa áfram í tíu ár eða svo hygg ég að hann hafi nefnt. Verkefnin á þessu sviði eru æpandi. Ég vil segja alveg sérstaklega á þessu svæði, í Reykjavík og nágrenni. Það eru 1100 aldraðir á biðlistum í Reykjavík eftir þjónustu á stofnunum eða heimilum fyrir utan þá sem eru að bíða eftir heimilisþjónustu og af þessum 1100 öldruðu Reykvíkingum eru 340 sem búa við mjög bágar heimilisaðstæður.

Þm. þekkja kannske hvernig hefur verið staðið að framkvæmdum við B-álmu Borgarspítalans. Hún hefur staðið óhreyfð í 3–4 ár. Allan tímann sem íhaldið hefur farið með heilbrigðismálin og málefni aldraðra hefur þessi stóra bygging, sem var ætluð öldruðum hér og annars staðar reyndar, en einkum hér, hefur staðið óhreyfð, þrjár eða fjórar hæðir þar sem hefði verið hægt að vista tugi aldraðra sjúklinga, langlegusjúklinga. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að það sé tryggt að Framkvæmdasjóður aldraðra fái að halda tekjum sínum. Í frv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að skattprósentan til ríkisins sé 28,5%. Það sem ég legg til í fyrstu till. á þskj. 886 er ósköp einfaldlega að ríkissjóður greiði Framkvæmdasjóði aldraðra framlag er nema skal 2,75% af þeirri fjárhæð sem um ræðir í 2. mgr. frv., en það er sú málsgrein sem segir að prósentan eigi að vera 28,5%. Um skil á framlagi ríkissjóðs samkvæmt þessari mgr. skuli gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 91 1982 eftir því sem við getur átt. Hér er m.ö.o. verið að biðja Framkvæmdasjóði aldraðra griða, að hann fái þrátt fyrir alla einföldunina að halda sér, fái að vera í friði. Við þurfum á því að halda að ríkið sinni þessum málum. Það verður best gert með því að merkja þetta verkefni sérstaklega.

Það er mikið talað um nauðsyn þess að einfalda hlutina, mikið talað um nauðsyn þess að vera ekki að merkja skatta sérstaklega og vera ekki með nefskatta, en staðreyndin er sú að nefskattar hafa yfirleitt staðið undir flestum félagslegum framförum sem ákveðnar hafa verið hér í seinni tíð. Þannig er það með Framkvæmdasjóð aldraðra. En það að setja þetta allt í einni prósentu undir fjmrn. er stórhættulegt. Fjmrn. hefur tilhneigingu til þess að fara að valsa með þessa hluti jafnvel þó svo að upphaflega hafi verið ætlunin að þetta væru sérmerktir tekjustofnar.

Hér er ekki verið að flækja myndina nokkurn skapaðan hlut. Það er hægt að innheimta áfram 28,5% eins og gert er ráð fyrir í frv. og halda sig við það, en það er bara verið að segja: Af þeirri tölu skulu 2,75% renna í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Ég tel að það sé óbilgirni af fjhn. Nd. að hafna till. af þessu tagi vegna þess að hún er í rauninni ekki um neitt annað en að staðfesta það sem hinn ráðherrann var að leggja til fyrr í kvöld, að lögin um málefni aldraðra verði framlengd árið 1988. Ef menn í

þessum ráðherrastólum vilja fella það sem er lagt til í þessum ráðherrastólum er það orðin nokkuð sérkennileg staða hér í þinginu.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson var að mæla fyrir frv. í kvöld um það að Framkvæmdasjóður aldraðra yrði settur á og ég er að flytja brtt. sem gerir ráð fyrir að farið verði að vilja sameinaðrar heilbr.- og trmn. í þessu máli og að ákvæðin um Framkvæmdasjóð aldraðra verði sett hér inn og ríkissjóður skili Framkvæmdasjóði aldraðra undanbragðalaust þessum peningum. Ég vil að það komi hér fram að ef að svo ólíklega vill til að menn ætla sér að fara að fella þessa till. er það auðvitað ekki merki um neitt annað en að menn ætla sér að svíkjast um í þessum málaflokki. Ef ekki er hægt að fá menn til þess að taka á málum af þessu tagi fyrir kosningar, hvað gera þeir þá eftir kosningar?

Þetta er mál sem mikið er horft á í því byggðarlagi sem við erum stödd í og reyndar um allt land þar sem þarfirnar æpa á þjónustu fyrir aldraða. Það væri hrakleg frammistaða á þinginu ef Framkvæmdasjóður aldraðra yrði sleginn af með því að hafna brtt. af þessu tagi sem er mjög einföld, alveg nákvæmlega sömu skattar, engin breyting að því leyti. Till. segir ekkert annað en að ríkissjóður á að skila Framkvæmdasjóði aldraðra þessari upphæð.

Í öðru lagi flyt ég till. um að leigjendur fái húsnæðisbætur. Í frv. er gert ráð fyrir að húsnæðisbætur verði greiddar húseigendum og íbúðakaupendum, en frádráttur leigjenda sem núna geta dregið 50% af leigu frá tekjum á að falla niður. Mér finnst auðvitað afar furðuleg pólitík að ekki sé meira sagt að koma með þessum hætti fram við leigjendur, að fella niður húsnæðisbætur til leigjenda á sama tíma og verið er að tryggja húsnæðiseigendum húsnæðisbætur.

Hæstv. félmrh. hefur látið málefni leigjenda nokkuð til sín taka og hefur fjallað um þau í ræðustól aftur og aftur á hv. Alþingi. Ég trúi því ekki að hann sé andvígur því að það verði komið til móts við leigjendur sem borga níðþunga húsaleigu, t.d. með þeim hætti sem ég geri ráð fyrir. Hvers eiga leigjendur að gjalda, þeir sem búa við lakasta stöðu í húsnæðismálum og geta ekki með neinu móti komið sér inn í eignaríbúðakerfið, ekki einu sinni verkamannabústaðakerfið? Hér er um að ræða ungt fólk alveg sérstaklega. Það eru sérkennilegar kveðjur til ungs fólks sem býr í leiguhúsnæði í stórum stíl ef það á að fella till. eins og þá að leigjendur fái húsnæðisbætur eins og þeir sem eiga húsnæði.

Þess vegna flyt ég brtt., nr. 2 á þskj. 886, um að við 11. gr. frv. um tekju- og eignarskatt komi ný málsgr. sem verði 6. málsgr. b-liðar og orðist svo:

„Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.“

Í þriðja lagi flyt ég þá brtt. sem lýtur að ákvæði I til bráðabirgða í þessu frv. Ákvæði I til bráðabirgða fjallar um framlengingu vaxtafrádráttar. Ég geri ráð fyrir að sú tímatakmörkun sem frv. byggir á verði felld niður. Hér segir: „Maður sem við álagningu 1987 nýtur vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. e-liðs 1. málsgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988 vegna vaxta af þeim lánum sem tekin voru á árinu 1987 eða fyrr og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 1. tölul. e-liðs 1. mgr. 30. gr. eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara.“

Síðan er þetta útfært nánar í næstu málsgreinum og í plöggum sem Alþingi bárust var fullyrt af mönnum sem þekkja til að hér væri um að ræða stórkostlega skerðingu hjá þeim sem hafa fengið nokkurn vaxtafrádrátt að undanförnu frá sköttum og þetta væri atlaga að því fólki sem hér væri uppi.

Það var að mínu frumkvæði í fjh.- og viðskn. að farið var fram á það við Þjóðhagsstofnun að hún sýndi okkur í dæmum hvaða áhrif þessi vaxtabreyting hefði. Í fskj. I með nál. mínu birtast þessar töflur þar sem Þjóðhagsstofnun fullyrðir að þær reglur sem frv. gerir ráð fyrir séu ekki lakari en það sem gildandi kerfi býður þessu fólki upp á. Þessar töflur, sem birtast í fskj. I með nál. mínu, eru nokkuð athyglisverðar og mér sýnist reyndar að munurinn liggi fyrst og fremst í því að þegar menn eru komnir með tiltölulega háar brúttótekjur, komnir í milljón og þar fyrir ofan, fer það að hafa áhrif í þessu dæmi að hærri skattaþrepin eru farin og að í því liggi munurinn sem þarna er sýndur. Í töflunum sé ekki aðeins verið að tala um vaxtaafslátt eða skattaafslátt, þar sé verið að sýna heildaráhrifin af kerfisbreytingunni og þau séu talin koma svona út.

Ég hreyfði því í nefndinni hvort nefndin væri tilbúin að flytja einhverjar brtt. um þetta mál, hvort nefndin væri tilbúin að laga þetta. Það var enginn áhugi á því þannig að ég taldi, miðað við undirtektir málsins þar og í Ed., að engin ástæða væri til að flytja enn eina brtt. af þessu tagi nema þá að ég tel að það sé óþarfi að vera að setja inn í lögin þessi tímamörk, í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988. Ég legg þess vegna til að þessi orð verði felld út úr ákvæði til bráðabirgða I á eftir 21. gr. frv.

Auk þessara þriggja brtt. við frv. um tekju- og eignarskatt flyt ég tvær tillögur við staðgreiðslufrv. sem ég ætla að koma að síðar þegar það frv. verður hér til meðferðar í kvöld.

Í nál. mínu á þskj. 895 er farið yfir afstöðu ýmissa aðila til þessa máls. Þar er greint frá því að talsmenn BSRB á fundi nefndarinnar lögðu til að málinu yrði alfarið frestað þar sem það væri illa undirbúið og upplýsingar skorti. Ég man ekki hvort hv. frsm. nefndarinnar nefndi þetta hér í ræðu sinni áðan, en ég tel að mér sé einfaldlega skylt að halda þessu til haga.

Talsmenn BHM lögðu aftur á móti til að málið yrði afgreitt en betur undirbúið í haust og sumar, sögðu að þeir vildu að staðgreiðslukerfið tæki gildi frá og með næstu áramótum. Fulltrúar ASÍ lögðu fram bréf, sem ég birti sem fskj. II með nál. mínu.

Bréf ASÍ er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Miklu skiptir að staðið verði við þau fyrirheit sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefin um að staðgreiðslu skatta verði komið á um næstu áramót. Til þess að tryggja að svo verði er óhjákvæmilegt að Alþingi afgreiði þau frv., sem þar liggja fyrir, á yfirstandandi þingi.

Enn hafa ekki fengist nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að meta einstaka þætti skattabreytinganna og ýmsir annmarkar hafa komið fram. Því er nauðsynlegt að sumarið og haustið verði notað til endurskoðunar á lögunum svo á haustþingi megi sníða af þá ágalla sem fram kunna að koma um leið og skatthlutföll og fjárhæðir verða endurskoðaðar í ljósi nýjustu upplýsinga.

Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að sambandinu verði veitt bein aðild að því endurskoðunarstarfi sem fram undan er í þessu efni."

Rétt er að halda því og til haga að það kom fram mjög hörð gagnrýni á þessi mál frá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, en aðspurður sagði hann að sambandið óskaði ekki eftir því að málinu yrði frestað.

Á fundum nefndarinnar var lögð fram sérstök grg. um málefni sjómanna sem ég birti í heild með nál. mínu. Þar kemur það fram hvaða tala Sjómannasambandið telur að eigi að standa þarna inni fyrir sjómannaafsláttinn. Í frv. var þessu breytt í Ed. varðandi sjómannaafsláttinn þannig að hann er 200 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf eftir meðferð málsins í Ed., en Sjómannasambandið er á því að afslátturinn sé í dag 222 kr. Hækkunin í Ed. var úr 150 kr., trúi ég, í 200 kr. þannig að þar er um talsverða breytingu að ræða og það var ekki flötur á því að hreyfa þessa tölu enn frekar í nefndinni sem fjallaði um málið.

Þá kem ég að því plaggi í þessu nál. mínu sem ég tel að skipti kannske ekki síst máli og það er álit Þjóðhagsstofnunar á þessum breytingum og hvað þær þýða. Það er í fyrsta lagi það að í plaggi Þjóðhagsstofnunar, töflu 1, kemur fram samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi. Þar segir að tekjuskatturinn eigi eftir nýja kerfinu að gefa 29 þús. 205 millj. kr. og að það þýði lækkun upp á 300–500 millj. kr. frá því sem verið hefði að óbreyttu til ríkisins.

Hagfræðingur ASÍ fullyrti hins vegar að hér væri um verulega skekkju að ræða og taldi að tekjuskattur ríkisins væri þarna hjá Þjóðhagsstofnun vanáætlaður um 900 millj. kr., hvorki meira né minna en tæpan milljarð, þannig að í raun væri þetta ekki lækkun til ríkisins um 300–500 millj. kr., heldur væri þetta hækkun til ríkisins frá því sem yrði að óbreyttu um 400–600 millj. kr. Það væri sem sagt þannig að ef þessar tölur stæðu allar eftir, þá væri ríkið að ná til sín sköttum aukalega upp á ½ milljarð kr. eða svo.

Það hefur dálítið verið spurt um það að undanförnu: Ætlar ekki ríkið að nota þetta tækifæri sem staðgreiðslan er til þess að auka tekjurnar hjá sér? Hvernig getur maður treyst því, er sagt þar sem maður kemur á fundi víðs vegar í landinu. Svarið við þessari spurningu er auðvitað ósköp einfalt. Ríkið getur ráðið því sjálft og hinn pólitíski vilji hversu mikið á að taka til sín í sköttum. Þó er það nú svo að menn sem hafa fengist lengi við þjóðfélagsmál, eins og t.d. leiðarahöfundur DV, hefur aftur og aftur haft uppi þessa kenningu að það standi til að nota tækifærið við staðgreiðslukerfið og hækka skattana um leið.

Því er ekki að neita að sú breyting á skattstofninum sem felst í því að fella niður frádráttarliðina, bæði dagpeningana og hvað það nú heitir allt saman, það er óvíst hvað það þýðir fyrir ríkissjóð, sú breikkun á skattstofninum. En ég tel að það sé mjög alvarlegur hlutur þegar það kemur upp við lokameðferð málsins hér í þinginu að fulltrúar Alþýðusambandsins telja að það sé verið að leggja á aukaskatt upp á hálfan milljarð kr. Einn lítinn hálfan milljarð kr.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því af hverju hann er að pilla þarna í ríkissjóð aukalega hálfan milljarð kr. vegna þess að honum hlýtur að vera þetta ljóst. A.m.k. fengu embættismenn hans upplýsingar um þetta þegar málið var til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi hér fram líka að Þjóðhagsstofnun hafði engar alvarlegar, rökstuddar og efnislegar athugasemdir að gera við álit hagfræðings Alþýðusambands Íslands. Það kom ekkert slíkt fram þar. Þannig að ég held að það sé nauðsynlegt að þingheimur geri sér grein fyrir því: Að hér er verið að flytja frv. um staðgreiðslu skatta. Jú. Hér er verið að flytja frv. um einföldun skattakerfisins. Jú. En hér er líka verið að flytja frv. sem samkvæmt upplýsingum hagfræðings ASÍ hefur í för með sér hækkun á tekjusköttum um u.þ.b. hálfan milljarð kr. Hálfan milljarð króna. Það munar um minna. Reyndar er hækkunin aðeins frá því sem er í gildandi kerfi en miðað við upplýsingar frv., sem öll vinnan í Ed. byggðist á, þá er hérna verið að hækka skattana um 900 millj. kr. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að fjmrh. geri grein fyrir þessum þætti málsins.

Hitt er svo alveg ljóst að jafnvel þó að prósentur og álagningarhlutföll yrðu rétt af miðað við þessar upplýsingar, þá dygði það heldur ekki til vegna þess að það veit auðvitað enginn hvað kemur út úr álagningunni 1987. Það er best að segja þá sögu bara eins og hún er. Þess vegna er óhjákvæmilegt að þessi mál verði tekin upp eftir að álagningin liggur fyrir. Upplýsingarnar eru engu að síður mjög athyglisverðar núna á síðustu klukkutímum þingmeðferðarinnar, að það séu 900 millj. extra sem menn séu að næla sér í í ríkissjóð út úr þessari skattkerfisbreytingu.

Í raun og veru er það þannig að afgreiðsla þessara frv., sem við erum hér með á dagskránni í kvöld, er ekkert annað en afgreiðsla á rammanum, á grundvallaratriðunum. Það er eftir að ganga frá öllum

álagningarhlutföllunum og það verður að gera síðar á þessu ári.

Það kemur einnig fram hér í þessu nál. hjá mér að lokum að það er ljóst af meðferð málsins að tíminn til afgreiðslu er of skammur. Jafnljóst er hitt að verði ekki tekin ákvörðun um kerfisbreytinguna nú verður hún ekki tekin á þessu ári. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ákvörðun um breytingu skattakerfisins verði tekin nú. Ríkisstjórnin hefur síðan fallist á þá tillögu undirritaðs að þingflokkarnir fylgist með málinu áfram, enda útilokað að standa að afgreiðslu málsins án þess að það sé tryggt.

Ég tel þess vegna að þeir sem vilja stöðva málið núna væru í raun og veru að taka ákvörðun um að fresta þessari kerfisbreytingu, ekki til næstu áramóta, heldur til mikið lengri tíma. (**Gripið fram í:** Áratugs.) Áratugs eða hver veit hvað. Eða aldamóta. Þannig að grunnbreyting um ákvörðunina verður að taka nú.

Það er engu að síður nauðsynlegt að vekja hér athygli á því sem ég gerði áðan að samkvæmt upplýsingum Björns Björnssonar, hagfræðings Alþýðusambands Íslands, er í þessum frumvörpum um að ræða meiri skattlagningu en menn hafa viljað láta í veðri vaka. Skattlagningin samkvæmt upplýsingum Björns Björnssonar er 500 millj. kr. meiri en væri að óbreyttu á þessu ári og 900 millj. kr. meiri en fyrir liggur í talnagögnum þeim sem ríkisstjórnin hefur lagt hér fyrir þingið.

Þetta er auðvitað slæmt, að upplýsingar af þessu tagi skuli ekki fást fyrr en á lokastigi málsins og að engar marktækar úttektir séu til á þessum upplýsingum af hálfu Þjóðhagsstofnunar. Það er óhjákvæmilegt að þær liggi fyrir áður en málið fer héðan út, þ.e. mat á upplýsingunum. Ég dreg það hins vegar ekki í efa að þær séu réttar. En ég endurtek það sem ég sagði hér áðan, að hvað svo sem þeim upplýsingum líður er óhjákvæmilegt að taka álagningarhlutföllin, innri gerð þessa máls alls, til meðferðar síðar á árinu.

Þingflokki Alþb. hefur ekki borist bréf það sem hæstv. fjmrh. las hér úr ræðustólnum í fyrradag. (**Gripið fram í:** Það er orðið að lögum.) Þetta er ekki orðið að lögum, en ég man ekki betur en hæstv. ráðh. segði að hann hefði samið bréfið og það væri að fara. Það kann að vera að það eigi að bíða eftir því að þetta verði að lögum. Út af fyrir sig breytir það engu í mínum huga og það er ágætt að fá upplýsingar um það. En aðalatriðið er þá það að bæta því við, og það er það sem ég ætlaði að segja: Alþýðusamband Íslands óskar eftir aðild að þessu samráði. Og ég vil fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. um það hvernig hann hugsar sér áframhaldandi aðild Alþýðusambands Íslands að þessu samráði öllu um skattakerfið.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að upplýsingar um það komi fram hér þegar við þessa umræðu. Einnig vil ég að ráðherrann svari einhverju um þessar nýju upplýsingar hagfræðings ASÍ, hvort það er ætlunin hér að lauma því í gegn, án þess að þingið taki eftir því, að það eigi að hækka skatta um 900 millj. Og ég vil líka að það komi fram hvaða rök séu á móti því að gefa Framkvæmdasjóði aldraða líf. Hvaða rök eru á móti því að gefa Framkvæmdasjóði aldraða líf?

Með tilliti til þess, herra forseti, sem ég hef hér sagt mun ég greiða fyrir því að mál þessi komist í gegnum þingið. Ég flyt hér brtt., styð brtt. sem fram koma, m.a. frá hv. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. og styð fyrst og fremst aðalatriði málsins, sem er staðgreiðslukerfi skatta og einföldun skattakerfisins, þó að hitt hefði auðvitað þurft að sjást líka að menn hefðu þorað að taka á frádráttafrumskógi fyrirtækjanna, vaxtatekjunum sem menn hafa hér í verulegum mæli og fleiri þáttum skattakerfisins.

Heildarniðurstaðan af skattamálunum fyrir kosningarnar er svo sú að skattakerfið er í uppnámi sem slíkt. Virðisaukaskatt á að leggja á eftir kosningarnar. Fyrir liggja yfirlýsingar um það. Ríkissjóð vantar 3000 millj. kr. og það er þess vegna bersýnilegt að sú glansmynd, sem reynt er að mála af skattakerfinu núna fyrir kosningar, stenst ekki. Á bak við þá glansmynd er býsna ófrýnilegur veruleiki.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu á að fela í sér annars vegar einföldun á álagningu tekjuskatta og hins vegar er lagt til að allir tekjuskattar séu lagðir á í einu lagi og síðan skipt milli þeirra sem eiga að hafa af þeim tekjur, þ.e. milli ríkisins og sveitarfélaganna. Þessi hugmynd um einföldun skattkerfisins með þessum hætti og staðgreiðslu á sköttunum er ekki alveg ný af nálinni. Hún hefur verið rædd hér í hartnær 40 ár.

Í Sveitarstjórnarmálum, 3. tbl. 1951, er að finna grein um þetta efni sem er byggð á erindi sem hefur verið flutt árið áður. Þar er hugleiðing um það hversu margir þessir skattar séu sem á eru lagðir. Bent er á að beinir skattar til ríkisins árið 1948 hafi verið 15 talsins svo það er ekki nýtt að þeir séu margir. Það er kannske ekki úr vegi að líta aðeins á þessa grein og jafnvel að menn rifji upp hvaða skatta menn höfðu árið 1948.

Beinir skattar til ríkisins voru þá fasteignaskattur af landverði, fasteignaskattur af húsverði, tekjuskattur, tekjuskattsviðauki, stríðsgróðaskattur, eignarskattur, vegasjóðsgjald, námsbókagjald, tryggingagjald skv. 107. gr., tryggingagjald skv. 112. gr., tryggingagjald skv. 113. gr., skírteinisgjald, sjúkrasamlagsgjald, eignarkönnunarskattur, stóreignaskattur. — Til bæjarfélagsins runnu síðan átta mismunandi skattar.

Í þessari grein segir:

„Af þessari upptalningu er ljóst að víða er komið við og fjáröflunarleiðir hins opinbera eru allyfirgripsmiklar og víðfeðmar og má segja að þær mæti okkur svo að segja í hverju fótmáli, enda þarf mikils við.“ — Og kemur þar í ljós að höfundur hefur samúð með sköttum. — „Á sama hátt mætti segja að endurgjaldið mæti þegnunum hvarvetna og hvenær

sem er. Vissulega eru öll þessi gjöld mörgum þungur baggi og vafalaust vantar mikið á að þau komi svo réttlátlega niður sem segja mætti að til sé ætlast. En ég ætla ekki að ræða um það hvort öll þessi gjöld til samans eða hvert í sínu lagi séu of há eða ekki en varpa fram þeirri spurningu hvort álagningu þeirra og innheimtu sé svo haganlega fyrir komið sem æskilegt væri.

Allir ættu að geta verið sammála um það að nauðsynlegt og raunar sjálfsagt er að þessum framkvæmdum sé sem haganlegast fyrir komið þannig að beinn kostnaður við þær verði sem minnstur jafnframt því að vera þá sem best af hendi leystar og svo að gjaldþegnunum sé ekki gert erfiðara fyrir að inna gjöldin af hendi en óumflýjanlegt er."

Síðan segir:

„Það er þá í fyrsta lagi að tekjuskattur er lagður á einn og sama aðila í mörgu lagi: Tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur, auk eignakönnunarskatts og stóreignaskatts. Allt að fimm tegundir af tekjuskatti geta menn því fengið að greiða á sama tíma.

Öllum þessum sköttum verður að halda sundurgreindum í bókhaldi. Alls hefur mér talist til, eins og áður er greint, að beinir skattar til ríkisins séu í 15 liðum. Ætti að mega gera ráð fyrir að eitthvað af þessu mætti sameina að skaðlausu. Þessi mikla sundurliðun hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér mikla vinnu og kostnað bæði við álagningu, innheimtu og bókhald.

Sumar gjaldaupphæðirnar eru lágar en verður þó að sundurliða í enn smærri upphæðir. Þannig borga ég í fasteignaskatt til ríkisins 21 kr. en það er talið nauðsynlegt að sundurliða þessa upphæð í 4,35 kr. af landverði og 16,65 kr. af húsverði. Fleira er þessu líkt.

Þegar búið er að leggja á alla þessa skatta til ríkisins eftir öllum þeim kúnstum sem fyrir er mælt setjast aðrir aðilar á rökstóla og leggja aðra skatta á sömu aðila eftir sömu gögnum en eftir allt öðrum leiðum og eftir hreyfanlegum skattstiga sem saminn er árlega og getur verið mjög mismunandi milli ára og milli byggðarlaga á sama árinu, og á ég þar einkum við útsvörin.

Alls telst mér til að gjöld til bæjarins séu í átta liðum. Vera má þó að tvö þeirra, þ.e. kirkjugjald og kirkjugarðsgjald, beri fremur að telja til ríkisgjalda en bæjargjalda. Þessi gjöld eru innheimt í sex atrennum. Fyrst kemur reikningur yfir fasteignaskatt, sundurliðaður á skatt af húsverði og skatt af landverði, þá tilkynning um fyrirframgreiðslu upp í útsvar, síðan útsvarið, þá fasteignagjöld, þá kirkjugjald og loks kirkjugarðsgjald. Alls hafa þá verið skrifaðir sex reikningar á einn og sama gjaldandann á einu og sama árinu. Sex sinnum verður að renna um bæinn með þessa miða til að tilkynna gjaldendunum þennan sama boðskap ár eftir ár. Síðan koma rukkararnir hver á fætur öðrum.

Hvers vegna ekki að sameina öll þessi gjöld á einn og sama reikning og fara eina ferð með þá í staðinn fyrir sex ferðir og spara með því bæði yfirboðurum og undirgefnum bæði kostnað og fyrirhöfn?

Þá er það athugandi hvort ekki væri heppilegt að öll gjöldin væru lögð á sama aðila eftir einum ákveðnum reglum og innheimt af einni og sömu stofnun." — Þarna er sem sagt hugmyndin sem við erum að ræða núna reifuð árið 1951. Og áfram er haldið: — „Skipta síðan tekjunum milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli og þá fyrst og fremst milli ríkis og bæjar- og sveitarfélaga. Ýmsir annmarkar kunna að vera á þessu." Síðan er það rakið hvaða annmarkar kunna að vera, m.a. að tekjuþörf sveitarfélaganna kunni að vera breytileg og það könnumst við öll við.

Síðan víkur greinarhöfundur að því hvort innheimtunni sé svo haganlega fyrir komið sem verða má og bendir á að allt að tvö ár geti liðið frá því að unnið er fyrir þeirri upphæð sem goldið er af þar til skatturinn kemur til innheimtu, og segir að stundum vilji þá svo fara að lítið verði eftir af fénu til þessara þarfa, en það verður að takast af tekjum yfirstandandi árs.

Niðurstaða höfundar úr þeim hugleiðingum er sú að best væri að gjöldin væru álögð og greidd að sem mestu leyti jafnóðum og unnið er fyrir þeim tekjum sem þau eru lögð á. Gjaldendur vissu þá betur hvað þeir mættu bjóða sér í peningalegu tilliti. Síðan segir:

„Þetta fyrirkomulag, sem hér hefur verið vikið að um álagningu og innheimtu opinberra gjalda, þ.e. að leggja á í einu lagi gjöld bæði til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga og innheimta þau jafnóðum og unnið er fyrir þeim tekjum sem lagt er á, er ekki nýtt eða óþekkt. Það hefur verið gert t.d. í Svíþjóð síðan 1946 og sums staðar annars staðar lengur."

Síðan lýsir hann því hvernig þetta sé gert og telur að það sé til mikilla bóta ef unnt væri að taka upp þennan staðgreiðsluskatt, viðurkennir síðan að þetta kunni að vera vandasamt verk. — Og víst hefur það vafist fyrir íslenskri löggjafarsamkomu í nokkur ár að framkvæma þetta. — En sannfæring greinarhöfundar er sú að þetta væri til bóta.

Grein þessi birtist sem sagt í Sveitarstjórnarmálum árið 1951 og er eftir Jóhann Þorsteinsson, kennara í Hafnarfirði. Hún var samin á eldhúsborðinu heima hjá honum. Og það er einmitt af þeim sökum sem ég hef verið áhugasamur um staðgreiðslukerfi skatta kannske öðrum frekar um langa hríð.

Mér hefði þótt að menn hefðu átt að vera búnir að taka þetta upp fyrir margt löngu síðan og reyndar undrar mig þá í leiðinni að eftir alla þá umræðu sem hefur átt sér stað í hartnær fjóra áratugi og allar þær nefndir sem hafa starfað í þessu máli, þá skuli menn samt nú vera svo vanbúnir að í rauninni getur Alþingi ekki afgreitt þetta mál nú þótt ákvörðun hafi verið tekin um það fyrir allnokkrum mánuðum síðan að nú skyldi þetta gerast. Umfjöllunin hefur staðið í mörg ár. Ákvörðunin lá fyrir fyrir nokkrum mánuðum síðan og samt eru menn svo vanbúnir sem

raun ber vitni og því miður mun vanbúnari en ég hafði gert mér vonir um.

Menn eru svo vanbúnir að þegar meiri hl. fjh.- og viðskn. fjallar um þetta mál núna í Ed. þá telur hún upp í sex liðum atriði sem hún telur að þurfi að taka til gagngerrar skoðunar áður en þetta geti orðið að lögum. Ég þarf ekki að rekja það í smáatriðum, en nefndin telur að þrátt fyrir þær brtt. sem hún hafi flutt, þá þurfi að endurskoða álagningarkerfið, það þurfi að athuga áhrif þess að afnema skattfrelsi af fæðispeningagreiðslum, það þurfi að kanna ákvæði laganna um húsnæðisbætur og húsnæðissparnaðarreikninga og um stöðu námsmanna og hvort leiðrétta beri hlut þeirra sem flytja til landsins á árinu 1988. Og þetta er ekkert smáræði eins og menn sjá.

Í ljósi þessa og í ljósi stöðu málsins núna er náttúrlega ankannalegt að hæstv. fjmrh. skyldi ráðast á formann Alþfl. þegar hann innti eftir því hvort málið væri nægilega vel undirbúið og lét í ljós efasemdir um að svo væri. Það hefur nú sannast að áhyggjur hans voru á rökum reistar og ég var óþarflega bjartsýnn.

Herra forseti. Í nál. 2. minni hl. geri ég grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa frv. eins og það liggur hér fyrir. Jafnframt eru í þessu nál. reifaðar brtt. sem Alþfl. telur nauðsynlegt að afstaða sé tekin til á þessu stigi, brtt. sem varða ýmsa þætti, varða greiðslur til sjómanna vegna fæðispeninga, varða þá sem eru að láta af störfum og hafa notið sérstakrar ívilnunar fram að þessu, varða það hvernig eigi að taka á málefnum náms manna, og hér eru gerðar tillögur um það bæði að því er varðar þá sem eru í námi og hafa tekjur aðeins hluta af árinu og eins hina sem eru að koma frá námi og hafa hingað til notið þess að fyrsta árið sem þeir vinna eftir að þeir koma frá námi þurfi þeir ekki að standa í skattgreiðslu.

Hér er enn fremur brtt. varðandi húsnæðisbætur, en sú brtt. miðar að því að taka tillit til þess að fjölskyldur fæðast ekki fullskapaðar heldur þróast. Það fjölgar gjarnan í fjölskyldum eftir að til þeirra hefur verið stofnað og síðan fækkar aftur í þeim seinna. Þess vegna breytist húsnæðisþörfin og þess vegna er ástæða til þess að komið sé til móts við þessar þarfir.

Hér er líka gert ráð fyrir því að ár hvert skuli ákveðin skattvísitala með tilliti til þess að það getur verið mikið misgengi milli lánskjaravísitölu og launaþróunar og eðlilegt að Alþingi taki þess vegna sérstaka afstöðu til þess á hverju ári hvernig við því misgengi skuli brugðist og að ekki sé fastbundið í lögum að lánskjaravísitalan eigi að gilda um aldur og ævi og ætíð og ævinlega þannig að menn séu njörvaðir niður með þeim hætti, enda er uppbygging hennar ekki með þeim hætti að hún geti talist hafa áunnið sér sérstakan heilagleika í íslensku efnahagslífi.

Loks er tillaga um ákvæði til bráðabirgða sem varðar stefnumörkun. Stefnumörkun í tvennu tilliti. Annars vegar að því er varðar það að næsta skrefið í þessum málum verði að lækka tekjuskatt launafóks en ætla fyrirtækjunum og atvinnurekstrinum, þeim sem hagnað hafa, að bera meiri hluta af skattbyrðunum en nú er gert ráð fyrir. Og í annan stað að sett verði í gang breyting á skattalögum til þess að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, skattsvik og skattundandrátt og þá í samræmi við skýrslu sem skilað hefur verið til þingsins og unnin var fyrir fjmrh. um það efni.

Við Alþýðuflokksmenn teljum nauðsynlegt að fólkið í landinu fái að vita að þegar ákveðið er að taka upp staðgreiðslukerfi skatta til handa launafólki, þá standi það ekki eitt og óstutt, heldur að meiningin sé að fram fari heildarendurskoðun á skattkerfinu öllu og stefnumörkunin liggi fyrir um þau helstu atriði sem í þeirri endurskoðun eigi að vera fólgin, a.m.k. að því er varðar skattupphæðina, skattbyrðina og hvernig henni verði skipt milli fyrirtækja og einstaklinga og að meiningin sé að létta á launafólkinu, ætla fyrirtækjunum að bera meiri eða stærri hlut, og í annan stað að Alþingi vilji gera alvöru úr því að taka á skattsvikum í landinu og sé tilbúið til þess að láta vinna þá löggjöf sem talin er nauðsynleg í þeim efnum.

Herra forseti. Það væri ástæða til þess að tala í margar klukkustundir um það mál sem hér er til umræðu, en ég hef einungis tekið mér fáeinar mínútur, reynt að setja málið í sögulegt samhengi annars vegar og hins vegar að benda á þá vankanta sem því miður eru á þessu frv. og tala fyrir þeim brtt. sem við Alþýðuflokksmenn teljum nauðsynlegar að verði nú samþykktar áður en frá því verður gengið. En sorglegast af öllu er þó að niðurstaðan skuli í rauninni vera sú, eins og kom fram í nefndarstarfinu, að því miður sé eiginlega ekkert að marka. Það stóð upp úr allt of mörgum af þeim sem komu til nefndarinnar í yfirheyrslu að þetta yrði nú bara skoðað aftur í haust. Það er sorglegt að það skyldi ekki takast að ganga betur frá þessu, en við skulum vona að betur takist til næst.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég flutti brtt. við þetta frv. við 1. umr. og óskaði eftir því að nefndin sem átti að fá frv. til skoðunar mundi athuga þessa tillögu. Frsm. meiri hl., hv. þm. Friðrik Sophusson, minntist ekki einu orði á það að þessi till. hefði legið fyrir nefndinni. Ég skil það vel í raun og veru að nefndarmenn vilji ekki hafa hátt um þessa tillögu miðað við forsögu þessa máls, en ég hefði samt vart trúað því að hv. varaformaður Sjálfstfl., fyrst hann talar fyrir þessu á annað borð, skyldi ekki einu sinni á það minnast.

Það er dálítið sérkennilegt hvernig þetta staðgreiðslukerfi fer nú af stað og þær upplýsingar sem Þjóðhagsstofnun hefur komið fram með, að í staðinn fyrir að lækka skatta á einstaklingum, á launafólki, þá liggur það nú fyrir frá Þjóðhagsstofnun að skattar muni hækka verulega.

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort forsrh. sé

hér í húsinu. Ég hef spurningar fyrir hann að leggja út af þessu máli. (**Forseti:** Ég hef upplýsingar um það að forsrh. hefur fjarvistarleyfi. Hann getur ekki mætt hér á fundi í kvöld. Hann hefur tjáð mér það.) Ég mun ræða þetta við 3. umr. og mun láta máli mínu lokið nú, en óska eftir því að ég verði látinn vita með fyrirvara og eins forsrh. að ég muni beina til hans spurningum ásamt öðrum formönnum þeim sem gáfu fyrirheit um það að jafna aðstöðuna í þjóðfélaginu. (**FrS:** Er ekki hægt að gera það á tröppunum á Hótel KEA?) Ég get talað við hv. varaformann Sjálfstfl. ef hann vill á tröppunum á KEA. Ég skal bjóða honum þangað ef hann vill.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örfáar athugasemdir vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. um hugsanlegar tekjubreytingar í kjölfar þessara nýju skattalaga og áhrifa þeirra á tekjur ríkissjóðs. Við þessa kerfisbreytingu og undirbúning hennar var við það miðað að tekjur ríkissjóðs yrðu því sem næst óbreyttar, en til þess að ná eðlilegri álagningu á milli ákveðinna hópa í þjóðfélaginu var ákveðið að standa á þann veg að þessari breytingu að skattgreiðendur högnuðust frekar en ríkissjóður.

Við undirbúning frv. var miðað við álagningu skatta á árinu 1986, þ.e. tekjur ársins 1985, sem voru þá nýjustu upplýsingar sem tiltækar voru. Þegar frv. var fullsmíðað var ljóst að ríkissjóður mundi samkvæmt þeim tölum sem frv. byggði á, nýjustu reynslutölum, tapa rúmlega 300 millj. kr. Þjóðhagsstofnun hefur metið þessar upplýsingar miðað við væntanlega álagningu á árinu 1987 og er þá í raun og veru að framreikna tekjur frá árinu 1985 til ársins 1987. Auðvitað er hægt að fá mismunandi tölur út úr dæmum sem þessum eftir því hvað menn gefa sér miklar tekjubreytingar á milli ára. Ef við reiknum með meiri tekjubreytingum en Þjóðhagsstofnun gerir í sínu dæmi, þá fáum við auðvitað meiri tekjur. Og ef ég skil rétt þá var það einmitt slíkt dæmi sem hagfræðingur Alþýðusambandsins lagði fram sem hugsanlega útkomu úr þessu.

Kjarni málsins er sá að það hefur alltaf legið fyrir að meta yrði frv. eða álagningarreglurnar í frv. út frá nýjustu upplýsingum eftir álagningu 1987 áður en kerfisbreytingin tekur gildi. Það eru ekki nýjar upplýsingar og leiðir af eðli máls. Þess vegna held ég að það sé algjör óþarfi að gera mikið veður út af bollaleggingum af þessu tagi. Það er einfalt mál að fá miklu hærri tölur ef menn reikna með meiri launabreytingum á milli ára en Þjóðhagsstofnun gerir þarna ráð fyrir. En þetta kemur ekki í ljós fyrr en álagningin liggur fyrir á þessu ári og þá er ætlunin að meta þessar niðurstöður. Það hefur þegar verið óskað eftir tilnefningu þingflokka í ráðgjafarnefnd sem fjmrn. hefur ákveðið að setja á fót og hefur skipað Indriða H. Þorláksson formann fyrir. Jafnframt hefur verið óskað eftir því að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni einn mann hvort í þessa ráðgjafarnefnd.

Þó að aðstæður séu með þessum hætti að augljóst er að meta þurfi nýjustu upplýsingar þegar þær eru komnar fram og áður en kerfisbreytingin tekur gildi, þá segir það í sjálfu sér ekkert um undirbúning frv. að öðru leyti og þau stóru orð sem ýmsir hafa látið falla um óvandaðan undirbúning hafa sjaldnast verið studd rökum. En auðvitað gera allir sér grein fyrir því að þessi mikla kerfisbreyting er unnin á tiltölulega stuttum tíma og þeir sem að henni hafa unnið hafa leyst fjölmörg og flókin verkefni á mjög stuttum tíma.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um þessi atriði en vildi aðeins leggja áherslu á þetta vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. Ég vil svo nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum í hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjót og góð störf við athugun á þessum frv. og hv. þingdeildarmönnum fyrir að lýsa því yfir að þeir vilji greiða fyrir framgangi málsins nú fyrir þinglok.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Út af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. tel ég óhjákvæmilegt að það komi fram til ítrekunar að þær upplýsingar sem ég var með um breytingu á sköttunum voru hafðar eftir hagfræðingi Alþýðusambands Íslands. Það voru athugasemdir sem hann gerði við tölur Þjóðhagsstofnunar og þær athugasemdir ganga, eins og ég sagði, út á það að hér verði ekki um að ræða skattalækkun að óbreyttu þessu kerfi og þessum tillögum, heldur skattahækkun um hálfan milljarð króna og alls um 900 millj. kr. hækkun frá því sem talnagögnin hafa til þessa gert ráð fyrir.

Það er einnig viðurkennt af hæstv. fjmrh. að þegar tekjubreytingin og álagningin liggur fyrir í sumar, þá kunni það að vera svo, fjmrn. hafi ekki betri upplýsingar en það, að það kunni að vera svo að hérna verði um hækkun á sköttum að ræða upp á hálfan til heilan milljarð króna eftir því hvernig menn orða það. Og það sýnir auðvitað hina óhjákvæmilegu nauðsyn þess að þetta mál verði tekið upp áfram. Hér er verið að ákveða rammann, eins og ég sagði hér fyrr í kvöld, en hin einstöku atriði útfærslunnar verður sjálfsagt meira og minna öll að taka til meðferðar þegar álagningin liggur fyrir síðar á þessu ári.

Það er einnig jákvætt, og ég vil taka það sérstaklega fram að ég tel að það sé jákvætt, að fulltrúar þeir frá aðilum vinnumarkaðarins sem hafa unnið að þessum málum hljóta auðvitað og verða kallaðir til þess að sinna þessu verki áfram. Ég tel að það sé mjög í anda þess sem ég hef verið að tala hér um oft í vetur, að það þarf að skapa sem víðtækasta samstöðu um skattakerfið í landinu. Það þyrfti að nást sem víðtækust samstaða um kerfi beinna skatta, óbeinna skatta og aðra þætti í tekjuöflun ríkisins. Þetta er hornsteinn samneyslunnar, hinnar félagslegu þjónustu, og það er slæmt að það skuli vera uppi stríð um slík mál langtímum saman. Það skapar

líka óvissu í vinnubrögðum í skattakerfinu.

Það hefur reyndar verið þannig að þegar Sjálfstfl. hefur verið í stjórnarandstöðu hefur aldrei verið hægt að ræða við hann um skattamál. Þá hefur Sjálfstfl. alltaf látið eins og það þyrfti ekki að leggja á neina skatta. Menn hafa vaðið hér upp í ræðustólinn hver á fætur öðrum og skrifað langar greinar um að það ætti helst ekki að hafa neina skatta. Það hefur aldrei mátt lagfæra skatt einu sinni eftir vísitölum þegar Sjálfstfl. hefur verið í stjórnarandstöðu, þá hafa þeir hlaupið hér í ræðutólinn grenjandi og sagt skattpíning og annað eftir því. Þegar þeir eru í stjórn þá kynnast þeir veruleikanum, vita að það þarf skatta til að reka ríkissjóð þó svo að hæstv. fjmrh. hafi ekki að fullu gert sér grein fyrir því enn þá og sé að skila ríkissjóði með methalla í sögunni, að ég best veit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 807 (sbr. 594), n. 868, 870 og 887, brtt. 871, 888.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 868. Áður en ég vík frekar að því áliti vil ég staðfesta það sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem mættu á fund nefndarinnar óskuðu eftir því og sögðu það vera skoðun BSRB að fresta ætti þessu máli um eitt ár. (**Gripið fram í:** Til að byrja með.)

Þetta er eitt af fjórum frumvörpum sem kölluð eru einu nafni staðgreiðslufrumvörp. Eitt er ekki komið á dagskrá til 2. umr. en nál. er tilbúið frá félmn., það fjallar um breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga, en þetta frv. sem hér er um að ræða heitir „Um staðgreiðslu opinberra gjalda."

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Sú brtt. kemur fram á þskj. 871 og þar er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði sveitarfélögunum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda. Þetta þótti ýmsum sveitarstjórnarmönnum mjög mikilvægt ákvæði og þrátt fyrir yfirlýsingar um að þetta yrði framkvæmdin og yrði komið fyrir í reglugerð, þá þótti ástæða til þess að taka af skarið og flytja þessa brtt. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu sem flutt er á sérstöku þskj.

Þá vil ég enn fremur, herra forseti, vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e. geta þess að formaður hv. fjh.- og viðskn. Nd. er jafnframt formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson. Hann tók ekki brtt. 3. þm. Norðurl. e. sérstaklega fyrir í nefndarstarfinu og þess vegna taldi ég ekki ástæðu til að geta þessarar brtt. sérstaklega í minni framsöguræðu við það mál sem nú rétt áðan var lokið umræðu um.

Herra forseti. Minni hlutarnir munu skila sérstöku áliti og gera grein fyrir þeim, en undir meirihlutaálitið skrifa auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Blöndal og Ólafur G. Einarsson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 870 hef ég gefið út svofellt nál. sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn.:

„Undirritaður er því eindregið fylgjandi að staðgreiðslu skatta verði komið á og mælir því með samþykkt frv. en vísar að öðru leyti til brtt. við tekjuskattsfrumvarpið" sem var hér á dagskrá áðan „og nefndarálits um það."

Það er í rauninni ekkert frekar um þetta mál að segja. Þetta frv. gerir ráð fyrir hinni tæknilegu útfærslu á staðgreiðslu opinberra gjalda. Ég tel að sú brtt. sem flutt er af meiri hl. varðandi sveitarfélögin sé til bóta. Ég tel að með þessari ákvörðun um staðgreiðslu opinberra gjalda sé í raun og veru verið að taka ákvörðun um það að festa tekjuskattinn nokkuð í sessi. Ég veit ekki hvort menn líta svo á að það stríði gegn fyrri samþykktum Alþingis, en tillögur hafa verið uppi um það að afnema tekjuskatt með öllu. En ég hygg að eftir að staðgreiðslukerfi er komið á, þá fjarlægist sá möguleiki að unnt verði talið að afnema tekjuskatt. Það var af þeim ástæðum m.a. sem við fluttum tillögu í Ed. um það að lækka tekjuskatt á einstaklingum um 1200 millj. kr. til þess að nota þetta tækifæri til að létta skattbyrði einstaklinga. Því að ég hygg að eftir að staðgreiðslukerfið er komið á verði mun minni tilhneiging til þess en nú er að þrýsta tekjusköttum einstaklinga niður, líka vegna þess að hér er verið að einfalda kerfið og líka vegna þess að það er verið að færa niður prósenturnar frá því sem var sem teknar eru af síðustu krónunum sem menn vinna sér inn hverju sinni. En álit mitt og Alþb. til frv. kemur fram á þskj. 870.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og komið hefur fram áður hefur það lengi verið stefnumál Alþfl. að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda samhliða einföldun og álagningu allra skatta. Ég hef skilað nál. á þskj. 887 þar sem þessi afstaða kemur fram. Ég er eindregið fylgjandi því að sjálfsögðu, eins og hér hefur áður komið fram, að staðgreiðslunni verði komið á og mæli þess vegna með samþykkt frv., en vísa að öðru leyti til brtt. við tekjuskattsfrv. auk einnar lítillar brtt. sem ég hef flutt við þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 808 (sbr. 595), n. 869, 883 og 889, brtt. 884, 890.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Meiri hl. nefndarinnar og reyndar nefndin öll leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hlutarnir skila sérstökum nál.

Ég vil rétt aðeins geta þess að ég er ósammála því sem kom fram fyrr í kvöld við umræðu um síðasta mál sem hér er til umræðu hjá hv. 3. þm. Reykv. þess efnis að verði þessi frv. að lögum, þá gefi það til kynna að tekjuskattur festist í sessi fremur en ef núgildandi lög héldu áfram að vera í gildi. Það er, eins og hann orðaði svo ágætlega í umræðunni um 15. mál á dagskrá, pólitísk ákvörðun hve háir skattar eru á hverjum tíma. Ég tel þess vegna enga ástæðu til að óttast að þetta festi þessa skatta í sessi, eða vonast til fyrir þá sem vilja halda uppi tekjusköttum. Ég held að gildistaka þessara frumvarpa muni engin áhrif hafa á það mál.

Undir meirihlutaálitið skrifa auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Halldór Blöndal og Ólafur G. Einarsson.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 883 er nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn.:

„Fyrsti minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt en heimild til tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri lækki í 15%."

Tillaga hv. þm. Ragnars Arnalds í Ed. um að lækka þessa tölu í 10% var þar felld þannig að hér er gerð tilraun til þess að finna milliveg í þessu efni. Það er óþarfi að heimila þeim sem eru í eigin atvinnurekstri að bæta við sína frádráttarmöguleika eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Reyndar er ég sammála því, sem þeir Alþýðuflokksmenn hafa verið með, að fella þetta niður alveg, og væntanlega kemur sú tillaga þá fyrst til atkvæða og mun ég greiða henni atkvæði en síðan, ef hún fellur, sem gera má ráð fyrir, þá kemur þessi tillaga mín um 15% viðbót við tekjur í eigin atvinnurekstri til atkvæða.

Að öðru leyti flyt ég brtt. á þskj. 884 um að við 4. gr. bætist ný málsgrein sem er svohljóðandi:

„Nú hefur skattgreiðandi verið tekjulítill eða tekjulaus á árinu 1987 vegna veikinda, námsvistar eða atvinnuleysis og skal þá lækka álagðan tekjuskatt og útsvar í samræmi við viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri setur."

Ég held að hérna sé í raun og veru um mjög einfalda og sanngjarna tillögu að ræða og eðlilegt að flytja hana hér sem brtt. við þetta frv. til laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Einnig væri auðvitað hugsanlegur hlutur að nefna í þessu sambandi af því að hér er komið inn á námsmenn að í nefndinni var ræddur sá möguleiki að þeir, sem eru að koma frá löngu námi, eru skattlausir núna á fyrsta ári, þeir fengju frið frá skattyfirvöldum áfram á fyrsta ári og vissar brtt. í þeim efnum voru sýndar í nefndinni en ekki náðist samkomulag um þær, því miður. Það er vissulega vandasamt að afmarka þessi tilvik sem rétt er að taka inn í þessa mynd. Á að takmarka þetta við námsmenn eina eða á að miða við alla þá sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn í fyrsta sinni? Það kann að vera nokkuð snúið. Þær tillögur sem fram komu í nefndinni um þetta efni náðu ekki eyrum meiri hlutans og bersýnilega ekki ætlun hans að samþykkja neitt slíkt þó að það hefði auðvitað vel komið til greina við afgreiðslu þessa máls að mínu mati.

Ég veit ekki að hve miklu leyti við eigum að fara að eyða þessum kvöldfundi í almennt pólitískt pex, við hv. þm. Friðrik Sophusson, en ég hefði þó haldið hvað svo sem öðru líður að með ákvörðun um staðgreiðslu og einföldun persónuskattanna væri unnt, ef menn vildu, að skapa betri frið um það kerfi en verið hefur. Ég held að það sé skynsamlegt frá efnahagslegu sjónarmiði að reyna að skapa ákveðinn lágmarksstöðugleika í kringum skattamálin eins og aðra þætti efnahagsmála og vil gjarnan líta svo á að menn séu að reyna að finna þann lágmarkssamnefnara sem geti dugað þinginu og þar með þjóðinni í sambandi við álagningu á persónutekjusköttum í ríkissjóð. Hins vegar er allt hitt eftir, sem eru tekjuskattar fyrirtækjanna, og auðvitað er hneyksli að láta þau liggja eftir í friði. En það er svo sem ekki við öðru að búast af þessari stjórn.

En afstaða mín og Alþb. til frv. kemur fram á nál. á þskj. 883.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég legg til, og um það er brtt., að niður falli það 25% svigrúm til óskilgreindrar tekjuaukningar í eigin atvinnurekstri sem er í frv. og augljóslega ívilnar þeim aðilum sem njóta þess umfram aðra launþega, en að öðru leyti legg ég til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (79. mál, tryggingaráð) 4112, 4120.
Almannatryggingar (392. mál, fæðingarstyrkur og dagpeningar) 4127.
Almannatryggingar (410. mál, barnalífeyrir vegna skólanáms) 3856, 3857, 3871, 3978, 3979.
Almannatryggingar (422. mál, bifreiðakaup fatlaðra) 4182.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður) 4054.
Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna (364. mál) 3778, 3827, 3879.
Byggingarsjóður aldraðs fólks (399. mál, afnám laga) 3872, 3879, 3915.
Dráttarvextir (418. mál) 3988, 4143.
Eftirlit með skipum (405. mál) 3779.
Egilsstaðaflugvöllur (317. mál) 3964.
Erlent áhættufjármagn (369. mál) 3858.
Fangelsi og fangavist (397. mál, heildarlög) 3863.
Ferðamálaskóli (225. mál) 3966.
Fjármögnunarfyrirtæki (170. mál) 3964.
Flugmálaáætlun (316. mál) 3980, 4140.
Fæðingarorlof (391. mál, heildarlög) 4138.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (341. mál) 3824, 3829, 3911, 4207.
Hagkvæmni útboða (93. mál) 3965.
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna (330. mál, ráðstöfun ágóða) 3874, 3879, 3916, 4181.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (352. mál, heildarendurskoðun) 4111, 4119.
Húsnæðisstofnun ríkisins (318. mál, lánsréttur o.fl.) 3986, 4140.
Húsnæðisstofnun ríkisins (395. mál, stimpilgjald af veðskuldabréfum) 3871, 3878, 3915.
Húsnæðisstofnun ríkisins (399. mál, húsnæðissamvinnufélög) 3846, 3853.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (420. mál, dráttarvextir) 3978, 4120, 4125.
Jarðræktarlög (308. mál, heildarlög) 4108, 4119.
Kennaraháskóli Íslands (181. mál, Rannsóknarstofnun uppeldismála) 4179.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna (390. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3977, 3979.
Kosning í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra 3917.
Kosning í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra 3918.
Kosning í yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis 3917.
Kosning í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar 3918.
Kosning í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis 3917.
Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna (232. mál, afnám laga) 3838, 3839.
Listmunauppboð (249. mál) 4180.
Læknalög (168. mál, heildarlög) 4113, 4119.
Lögreglumenn (388. mál, skaðabætur) 3837, 3838, 3914, 4181.
Lögskráning sjómanna (326. mál, heildarlög) 3979, 4140.
Mannréttindamál (244. mál) 3918.
Málefni aldraðra (368. mál, gildistími) 3377, 3827, 3914, 4182.
Nauðungaruppboð (297. mál, þriðja uppboð á fasteign o.fl.) 3855, 3857.
Póst- og símamál (363. mál, stjórnskipulag) 4121, 4125.
Réttur norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi (407. mál) 3963.
Ríkisborgararéttur (19. mál) 3975, 3976, 4185.
Sjómannadagur (209. mál) 4185.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (360. mál, tollafgreiðsla) 4188.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (311. mál, skiptahlutfall) 3976, 3977.
Skýrsla um utanríkismál (396. mál) 3919, 3967, 3994.
Snjómokstur á Siglufjarðarvegi (383. mál) 3918.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (340. mál) 3818, 3828, 3908, 4205.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (401. mál, stofnfjárreikningar) 4123.
Tekjuskattur og eignarskattur (342. mál, skattstofn og álagningarreglur) 3780, 3828, 3881, 4189.
Tekjustofnar sveitarfélaga (346. mál, álagning útsvara og innheimta) 3830, 3837, 3912.
Tilhögun þingfunda 3777.
Tollalög (196. mál, heildarlög) 3839, 3850, 3853, 3875, 4139.
Tollskrá (416. mál, myndavélar o.fl.) 3973, 4126, 4127.
Um þingsköp 3962, 4124.
Umboðsmaður Alþingis (294. mál) 3778, 3827.
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 3988, 4143.
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (273. mál) 4179.
Útflutningslánasjóður (347. mál, takmörkuð ábyrgð) 4189.
Vatnasvæði við Markarfljót (400. mál) 3861.
Vaxtalög (321. mál) 4163.
Veiting prestakalla (197. mál, heildarlög) 4179.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (320. mál) 4104, 4119.
Vísitala byggingarkostnaðar (423. mál) 4101, 4125, 4127.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (351. mál, skattvísitala) 4180.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3962, 3963, 4054.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 4124.
Forseti Ed. Stefán Benediktsson 3777.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4142.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4085.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3915, 3916, 3978, 4054.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3816, 3854, 3875, 3881, 3908, 3911, 3912, 3973, 3975, 4062, 4102, 4203.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 4135, 4184, 4185.
Landbrh. Jón Helgason 3864, 3914, 4072.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3779, 3859, 3860, 3861, 3862, 3879, 4175.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3919, 3963, 4018, 4051.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3964, 3985.
Björn Dagbjartsson 4113.
Davíð Aðalsteinsson 3830, 3868, 3870, 3871, 3872, 3874, 4112, 4120, 4127, 4137, 4138.
Eggert Haukdal 3863.
Egill Jónsson 4109, 4123.
Eiður Guðnason 3869, 4008, 4110, 4124.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3781, 3818, 3822, 3824, 3977, 3994, 4126.
Friðjón Þórðarson 3985, 4153.
Friðrik Sophusson 3838, 3839, 3852, 3986, 3988, 4092, 4141, 4163, 4176, 4188, 4189, 4205, 4207.
Garðar Sigurðsson 4186.
Guðmundur Einarsson 4028, 4075.
Guðmundur J. Guðmundsson 4141.
Guðrún Agnarsdóttir 3880, 3903, 3953, 3967, 4083, 4156.
Guðrún Helgadóttir 4042, 4080, 4159, 4162.
Gunnar G. Schram 3855, 3856, 3858, 3860, 3966, 3988, 4144, 4161, 4163, 4181.
Halldór Blöndal 4141, 4142, 4174, 4179, 4180, 4185.
Haraldur Ólafsson 4104.
Helgi Seljan 3777, 3832, 3838, 3867, 3873, 4111, 4113, 4115, 4129.
Hjörleifur Guttormsson 3861, 3927, 3962.
Jóhanna Sigurðardóttir 4142.
Jón Kristjánsson 3778, 3814, 3837, 3838, 3874, 3975, 3978, 4121, 4139.
Jón Baldvin Hannibalsson 3893, 4057.
Karl Steinar Guðnason 4117, 4133.
Kjartan Jóhannsson 3844, 3945, 4089, 4142, 4167, 4189, 4198, 4206, 4208.
Kristín Halldórsdóttir 3963, 4098.
Ólafur G. Einarsson 4077, 4182, 4183.
Ólafur Þ. Þórðarson 3965, 3982, 4142, 4155.
Páll Pétursson 3941, 4024, 4053, 4148.
Pálmi Jónsson 4148.
Pétur Sigurðsson 4187.
Ragnar Arnalds 3795, 3817, 3826, 3828, 4065.
Salome Þorkelsdóttir 4111.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3786, 3817, 3818, 3826, 3831, 4013, 4069.
Stefán Benediktsson 3805, 3818, 3822, 3825, 3826, 3828, 3829, 3834, 3877, 3974.
Stefán Valgeirsson 3850, 3902, 3979, 3980, 4202.
Steingrímur J. Sigfússon 3846, 3984, 4034, 4095.
Svavar Gestsson 3841, 3852, 3853, 3855, 3860, 3880, 3887, 3912, 4000, 4049, 4143, 4168, 4183, 4184, 4189, 4190, 4204, 4206, 4207.
Valdimar Indriðason 3778, 3976.
Þórarinn Sigurjónsson 3861, 3863.

EFRI DEILD

64. fundur, mánudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 925, brtt. 921.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir að hafa geymt 3. umr. þessa máls þar til í dag og þar með gefið mér færi á að taka þátt í afgreiðslu málsins héðan úr hv. deild. Við 1. umr. ræddi ég þetta frv. allítarlega og mun því ekki hafa mjög mörg orð um það nú.

Afstaða mín til þess er í stuttu máli sú að á meðan ég fagna því að meirihlutafrumvarp um lengingu fæðingarorlofs skuli loksins hafa séð dagsins ljós hér á hæstv. Alþingi, þá harma ég hversu seint það er fram komið og hvílík fljótaskrift verður að vera á því hér í meðförum Alþingis sökum tímaleysis. Jafnframt harma ég að á þessu frv. eru allnokkrir ágallar sem einfalt hefði verið að leiðrétta hefði vilji staðið til.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að fæðingarorlof lengist úr þremur mánuðum í sex mánuði. Því er ég innilega samþykk, enda hef ég hér þrjú þing í röð flutt frv. þess efnis. Hins vegar hef ég það að athuga við þetta atriði frv. að lengingin gengur hægt fyrir sig. Það er áætlað að lengja fæðingarorlofið úr þremur mánuðum í sex á þremur árum héðan í frá að telja. Þetta hefði hins vegar mátt gera í einu stökki hefði öðruvísi verið á málum haldið. Ég tel ákaflega brýnt að svo sé gert vegna þess að þannig háttar til hér á landi að yfir 80% kvenna eru úti á vinnumarkaðnum og að sjálfsögðu enn þá hærra hlutfall kvenna á barneignaraldri, það er sennilega yfir 90%, og því er augljóst að lenging fæðingarorlofs í sex mánuði úr þeim þremur sem það er núna er mál sem enga bið þolir. Ég harma því að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að taka þetta skref í einu stökki, heldur leggur til að þessu marki, sex mánaða markinu, verði náð á nærri þremur árum.

Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex hefur töluverðan kostnað í för með sér og á umliðnum þingum hef ég ævinlega lagt fram hliðarfrv. með fæðingarorlofsfrv. sem gerir ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til að standa straum af þeim kostnaði sem þessi lenging hefur í för með sér. En það hefur farið fyrir því eins og fæðingarorlofsfrv. að það hefur aldrei fengist afgreitt.

Hitt meginatriðið í þeim frv. um fæðingarorlof og greiðslur í fæðingarorlofi sem hér liggja fyrir er sú tilhögun á greiðslunum sem frv. kveða á um. Samkvæmt greiðslufrv. bera heimavinnandi konur áfram skertan hlut frá borði hvað varðar fæðingarorlofsgreiðslur. Og þótt þær séu samkvæmt þessu frv. þó hærri hér á landi en annars staðar í nágrannalöndunum, þá tel ég engan veginn að þessar greiðslur séu þar með nógu háar. Samkvæmt frv. njóta heimavinnandi konur einungis fæðingarstyrks, sem kallað er, en ekki fæðingardagpeninga. Ég vil gera sérstaka athugasemd við þetta óskemmtilega orð, fæðingarstyrkur. Ég hefði frekar kosið að sjá orð eins og fæðingargreiðslur notaðar í frv. því mér finnst að með orðinu styrkur sé dálítið talað niður til kvenna sem ekki eru útivinnandi.

Ég hef verið og er þeirrar skoðunar að heimavinnandi konur ættu að njóta fullra viðmiðunargreiðslna og sitja að því leyti til við sama borð og aðrar konur hér á landi. Þær greiðslur eru nú um 32 þús. kr. á mánuði. Því hef ég ávallt lagt til að sú skerðing, sem frá upphafi hefur verið í gildi varðandi greiðslu fæðingarorlofs til heimavinnandi kvenna, yrði afnumin. Það er ekki gert í þessu frv. Heimavinnandi konur fá samkvæmt því helmingi lægri greiðslur en konur í fullu starfi úti á vinnumarkaðnum. Mér þætti reyndar ákaflega fróðlegt að heyra hvað þeir hv. þm. Framsfl., sem sæti eiga í þessari hv. deild, hafa um þetta atriði að segja. Því ef ég man rétt hefur það verið eitt af stefnumálum Framsfl. að heimavinnandi konur sætu við sama borð og aðrar konur hvað varðar greiðslur í fæðingarorlofi. En hér er nú komið fram og til 3. umr. stjfrv. sem kveður á um hið gagnstæða. Heimavinnandi konur munu áfram bera skertan hlut frá borði.

Hvað útivinnandi konur varðar kveður greiðslufrv. á um að þær fái auk fæðingarstyrks einnig fæðingardagpeninga. Og séu þær í fullri vinnu á vinnumarkaðnum þá nemur upphæðin rúmlega 33 þús. kr. á mánuði, sem er u.þ.b. 1000 kr. meira en þær fá nú miðað við núgildandi lög.

Ég hef haft þá skoðun á þessum málum og hef enn, og hún hefur komið fram í þeim frv. sem ég hef hér flutt um þetta mál, að réttast væri að greiða konum óskert laun í fæðingarorlofi, þeim konum sem eru úti á vinnumarkaðnum. Það er vegna þess að konur eru fyrirvinnur engu síður en karlar og við vitum það, og það er viðurkennt hér á hæstv. Alþingi, að í dag þarf hvert heimili tvær fyrirvinnur. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að útivinnandi kona haldi sínum launum óskertum í fæðingarorlofi, vegna þess að á launum hennar byggir afkoma heimilisins einnig.

Ég vil benda á að það mun ekki muna mjög miklu í fæðingarorlofsgreiðslum hvort konum eru borguð út sín laun óskert eða hvort þær njóta fullra viðmiðunargreiðslna því launabil á milli útivinnandi kvenna hér á landi er afskaplega lítið. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem við höfum um þessi mál, þá er launum kvenna þannig háttað að aðeins 5% kvenna á vinnumarkaðnum ná meðallaunum karla. 95% kvenna eru þar fyrir neðan. Enda kom það fram þegar Tryggingastofnun ríkisins reiknaði þetta út fyrir mig í fyrra að það skipti nánast engu máli hvort greiddar voru út fullar viðmiðunargreiðslur til kvenna í fæðingarorlofi eða hvort þeim voru greidd full laun. Niðurstöðutalan var nokkurn veginn sú sama. Upphæðin var nokkurn veginn sú sama.

Einnig er þess að geta að með því að konur haldi fullum launum þegar þær taka fæðingarorlof þá metum við þau störf sem felast í því að annast um nýfætt barn jafnmikils og hvert annað starf sem móðirin hefur með höndum úti á vinnumarkaðnum. Ég tel ákaflega mikilvægt að það sé viðurkennt af hendi löggjafans að slíkt sé engu ómerkilegra en hvert annað launað starf.

Með því að skerða laun kvenna með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að þær haldi ekki fullum launum í fæðingarorlofi, þá má segja að verið sé að refsa konum launalega fyrir það að eiga börn. Þær lækka í launum sumar hverjar við það að fara heim og sinna börnunum, og það get ég heldur ekki samþykkt. Jafnframt er á það að benda, eins og fram kemur í þessu frv., að sumar konur halda óskertum launum í fæðingarorlofi samkvæmt þeim kjarasamningum sem þær búa við. Það eru konur, og feður einnig, sem eru opinberir starfsmenn og sem eru í félagi bankamanna. Þarna er því mikið ósamræmi á ferðinni. Sumar konur halda fullum launum, aðrar konur gera það ekki og það fer eftir því hvar þær eru á vinnumarkaðnum, samkvæmt þessum frv., hvorn hópinn þær skipa.

Ég tel afar nauðsynlegt að samræma þetta, að hið sama gildi um allar útivinnandi konur að þessu leytinu til, en það er ekki gert í þessu frv. Það eru ASÍ-konurnar, konur sem ekki teljast til opinberra starfsmanna eða bankamanna heldur eru innan Alþýðusambands Íslands, það eru þær konur sem ekki halda óskertum launum í fæðingarorlofi. Og þetta eru einnig sömu konurnar sem lægst hafa launin hér á landi.

Hvað varðar greiðslurnar sjálfar þá getur dæmið litið þannig út að kona, sem er opinber starfsmaður og hefur t.d. 40 000 kr. í mánaðarlaun og fer í fæðingarorlof, hún heldur sínum 40 000 kr. Kona, sem er í fullri vinnu annars staðar á vinnumarkaðnum og fer í fæðingarorlof, hún fær 33 000 kr. á mánuði. Kona í hálfri vinnu fær 24 000 kr. á mánuði og kona sem er heimavinnandi fær minnst af öllum eða aðeins 15 000 kr. á mánuði samkvæmt þessu frv. Hér er um mismunun að ræða sem ég get ekki með nokkru móti samþykkt.

Ég ætla ekki að ræða öllu ítarlegar um þessi frv. Það er margt í þeim sem til bóta horfir hvað varðar réttindin, einkum og sér í lagi í réttindafrv. sjálfu, og ég hef áður hér tiltekið. Hins vegar þykir mér enn upp á skorta að nægilegt tillit sé tekið til foreldra sem ættleiða börn og til móður sem fæðir andvana barn. Af foreldrum sem ættleiða barn er klipinn einn mánuður. Fæðingarorlof þeirra getur lengst orðið fimm mánuðir í stað sex hjá öðrum þegar frv. er komið til fullra framkvæmda. Ég sé engin rök fyrir því að stytta fæðingarorlof þessa foreldrahóps um einn mánuð. Hvað varðar móður sem fæðir andvana barn er aðeins gert ráð fyrir að hún njóti tveggja mánaða fæðingarorlofs, sem ég tel allt of, allt of skammt. Hún þarf skilyrðislaust a.m.k. þrjá mánuði til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburðurinn er og þá ekki síst þá andlegu áreynslu sem felst í því að missa barn sitt í fæðingu. Þannig að ég er ekki sátt við það að henni séu aðeins skammtaðir tveir mánuðir.

Ég sé að hér liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur þess efnis að fæðingarorlofsgreiðslur til móður sem fæðir andvana barn skuli lengt um einn mánuð, í þrjá mánuði. Þessari tillögu er ég vitaskuld sammála og mun greiða henni atkvæði mitt, en ég held að hún sé ekki fullnægjandi eins og hún liggur hér fyrir vegna þess að það er ekki nóg að gera brtt. við 2. gr. frv. í þessu efni, heldur þarf brtt. einnig að ná til 1. gr. Fyrsta gr. kveður á um fæðingarstyrk og 2. gr. kveður á um fæðingardagpeninga og skv. brtt. nær þessi viðbótarmánuður einungis til greiðslu fæðingardagpeninga en ekki fæðingarstyrks, og þar af leiðandi er skv. þessari brtt. aðeins um að ræða hálfa greiðslu til móður sem andvana barn fæðir.

Einnig sé ég að meiri hl. heilbr.- og trn. hefur lagfært það atriði frv. sem kveður á um það hversu margar vinnustundir skuli liggja til grundvallar fullum fæðingarorlofsgreiðslum og fært það til samræmis við það sem nú er, þ.e. lækkað dagvinnustundafjöldann í stað þeirrar hækkunar á honum sem í frv. var að finna. Að óbreyttu hefði frv. því skert fæðingarorlofsgreiðslur til margra kvenna sem útivinnandi eru, en með þessari breytingu er það lagfært og er það tvímælalaust af hinu góða.

En meginþættir þessa máls og þær meginathugasemdir sem ég hef við það að gera eru þær að lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex tekur allt of langan tíma. Þessu hefði mátt ná með einu stökki. Og hitt atriðið er það hvernig konum er mismunað í greiðslum samkvæmt þessu frv. Mér þykir það bera til þó nokkurra tíðinda hér í hv. deild að hv. þm. samþykki greiðslufrv. vegna þess að það hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum þær umræður, sem á þremur umliðnum þingum hafa orðið um þetta mál hér í hv. deild, að þm. vildu að greiðslur til kvenna í fæðingarorlofi væru jafnar. Það eru þær ekki í þessu frv. En samt sem áður eru horfur á að það muni njóta hér meirihlutastuðnings.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt fram brtt. við þessi frv. Annars vegar vegna þess að framsetning þeirra er svo flókin að til þess að leggja fram brtt. á þann veg sem ég hefði viljað sjá þessum málum fyrir komið hefði þurft að taka þessi frv. bæði upp á saumunum og smíða ný. Til þess gefst ekki færi við þær vinnuaðstæður sem nú eru hér á hæstv. Alþingi og við þau vinnubrögð sem hér eru nú stunduð.

Ég mun greiða fæðingarorlofsfrv., þ.e. réttindafrv., atkvæði mitt. Þar er að vísu of hægt farið við að lengja fæðingarorlofið, en allt er betra en ekkert í þessum efnum og því mun ég greiða því atkvæði. Greiðslufrumvarpið, sem kveður á um greiðslutilhögunina, get ég hins vegar alls ekki samþykkt. Þá miklu mismunun sem þar er um að ræða gagnvart konum í fæðingarorlofi get ég ekki með nokkru móti samþykkt og mun ég því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um það frv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Það eru einkanlega tvö atriði í máli hv. 11. þm. Reykv. sem ég tel nauðsynlegt að fjalla aðeins um. Hið fyrra atriði var orðið fæðingarstyrkur. Ég held að það geti valdið nokkrum ruglingi í framkvæmd laganna að fara að breyta um þetta orð á þeim grundvelli að með því sé talað niður til kvenna eða einkanlega heimavinnandi kvenna, eins og hv. þm. sagði. Ég tel að það sé afar hæpið að leggja þennan skilning í orðið eða orðshlutann „-styrk" að þessu leyti í samsetningum ýmiss konar í tryggingalögunum, því þá værum við komin inn á þá braut að við teldum að svo væri einnig um aðrar bætur sem kallaðar væru einhvers konar styrkur. Þetta orð hefur verið í almannatryggingalögum frá því er þau voru fyrst sett. Enn fremur orð eins og örorkustyrkur, ferðastyrkur til bótaþega sem sérstaklega stendur á um o.s.frv. Og það skyti skökku við ef við teldum að það væri eitthvað niðrandi eða ölmusulegt við þær tegundir bóta. Sama má segja um fleiri orð þar sem við notum orðið styrk án þess að fara á nokkurn hátt feimulega með það, eins og t.d. námsstyrk, starfsstyrk o.fl. Ég held þess vegna að þetta sé á misskilningi byggt og því fari fjarri að þetta sé nokkuð meira niðrandi en alla tíð hefur verið um fæðingarstyrk. Munurinn er sá að í þessu tilfelli er fæðingarstyrkurinn betur skilgreindur og upphæð hans miklu hærri en áður hefur verið.

Að því er varðar það sem fram kom í máli hv. þm., og kom þó enn skýrar fram í máli þm. við eldhúsdagsumræðurnar, að í þessu frv. fælist ranglæti gagnvart heimavinnandi konum, þá vil ég eindregið mótmæla því. Það er engin ástæða til þess að halda slíku fram nema síður sé því að í þessu tilviki er um að ræða 50% hækkun á þeim greiðslum sem heimavinnandi konur fá og allar fæðandi konur, sama greiðsla til allra af hálfu hins opinbera. Fæðingardagpeningarnir eru hins vegar alfarið fjármagnaðir af atvinnurekendum. Þannig að þarna er með miklu gleggri hætti skýrgreint hvað um er að vera heldur en áður hefur verið. Og ég er ekki ein um þessa skoðun af þeim konum sem bera hag heimavinnandi kvenna fyrir brjósti og ég vil láta hv. þm. vita að það hefur verið gert hér í þingi áratugum saman.

Mér barst í dag fögur kveðja, sem reyndar fulltrúar frá Bandalagi kvenna komu með ofan í þing rétt fyrir upphaf fundar í dag, og þar voru skráð á blað þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík, 8. mars s.l., var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík lýsir eindreginni ánægju sinni með fram komið stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um fæðingarorlof. Í framhaldi af þessu sendir hagsmunanefnd heimavinnandi húsmæðra í Bandalagi kvenna í Reykjavík kærar kveðjur og þakkir fyrir þinn þátt" — eins og hér stendur — „sem ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála í undirbúningi og frágangi að þessu frumvarpi um breytingu á fæðingarorlofi sem við teljum að allar íslenskar konur hljóti að fagna.

F.h. hagsmunanefndar heimavinnandi húsmæðra,
Helga Guðmundsdóttir.
Ragna Jónsdóttir."

Ég vil auðvitað taka það fram að þótt ég hafi sem ráðherra haft mikinn áhuga á framgangi þessa máls og undirbúningi þess, þá var minn þáttur í undirbúningi þess í raun og veru ekki annar en sá að tilnefna fólk í nefnd til að undirbúa það og útvega þá starfsaðstöðu sem í mínu valdi stóð, svo að það eru kannske fremur aðrir sem eiga þakkirnar og þá kannske fyrst og fremst þeir þm. sem að lokum munu standa að því að afgreiða þetta frv.

Þetta vildi ég nú láta fram koma til þess að það færi ekki á milli mála að sá hluti þessa máls sem varðar hag heimavinnandi húsmæðra hefur sannarlega verið skoðaður og menn komust að þeirri niðurstöðu, flestir aðrir en hv. 11. þm. Reykv. kannske, að hér sé um mikið réttlætismál að ræða einmitt gagnvart heimavinnandi húsmæðrum og þá náttúrlega að sjálfsögðu einnig hinum sem við höfum áður rætt um.

Þetta voru þá tvö atriði sem ég hef sérstaklega rætt um, frú forseti. Ef ég má nefna aðeins þriðja atriðið sem hv. þm. vék hér að og varðaði fæðingardagpeninga til þeirra kvenna sem fæða andvana barn eða verða fyrir fósturláti, sem jafna má til andvana fæðingar, þá get ég út af fyrir sig skilið þær hugmyndir. Það hefur áður komið hér fram við umræðurnar að tilgangurinn með greiðslunum er tvenns konar. Annars vegar er tilgangurinn sem felst í uppeldis- og umönnunarsjónarmiðinu. Honum er auðvitað ekki til að dreifa þegar ekki er um að ræða lifandi barn sem umhyggju þarf. Hins vegar er svo heilsufar móður. Því atriði er vissulega til að dreifa í þessu tilfelli og ég get vel fallist á að það kunni í mörgum tilvikum að vera svo að þar kunni hinn andlegi þáttur í heilsu móðurinnar sem misst hefur barnið að valda því að þessi tími verði lengri, þannig að konum verði a.m.k. gert kleift að vera lengur heima en ella væri. Ég vildi taka þetta fram, þannig að ég er út af fyrir sig ekki andvíg þeim hugmyndum sem hér hafa komið fram í hv. deild og brtt. um þetta.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því frv. sem hér liggur fyrir, því það er vissulega ánægjulegt þegar verið er að rétta hlut kvenna og barna, þrátt fyrir að ég geti tekið undir það með hv.

11. þm. Reykv. að ganga hefði mátt stærra skref hér og nú, þ.e. það hefði mátt taka skrefið fyrr, en þetta er vissulega góð viljayfirlýsing hjá núverandi ríkisstjórn því meira er þetta ekki. Allt fjármagn sem til þarf kemur til með að þurfa að útvega á næstu árum.

Ég hef leyft mér að leggja hér fram brtt. við 2. gr. frv., en mun leggja fram skriflega brtt. við 1. gr., því vissulega er þarna nauðsyn á breytingu á báðum þessum greinum, og má það skrifast sem fljótfærni af minni hálfu að hafa ekki lagt fram brtt. við báðar þessar greinar. En eins og hv. þm. vita þá gerast málin mjög hratt núna og verða þm. að hafa sig alla við svo þeir geti haft undan að komast yfir að lesa þau mál sem til meðferðar eru.

Auk þess mun ég leggja fram brtt. við ákvæði til bráðabirgða þar sem ég tel að það sé mjög heppilegt að fram komi í þessum lögum ákvæði um að skipuð verði nefnd til þess að vinna að tillögum um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Því að í þessum lögum er verið að taka á fæðingarorlofi og ég tel að þar eigi þá einnig heima ákvæði um nefnd sem mundi kanna rétt til leyfis frá störfum vegna umönnunar ungra barna.

Virðulegur forseti. Þar sem verið er að prenta þær tillögur sem ég hef hér nefnt vonast ég til þess að ef ekki verður búið að dreifa þeim áður en umræðu lýkur að þá verði atkvæðagreiðslu frestað til þess að svo geti orðið. Ég efast reyndar ekki um að hv. forseti tekur tillit til þess að hér reyna þó allir að vinna sameiginlega að málum þannig að góð mál komist í gegn áður en þingi lýkur.

Það er ýmislegt fleira sem ég vildi gera athugasemdir við í þessu frv. en sem betur fer gefst tími fyrir næsta þing að gera breytingar komi í ljós einhverjir gallar. Við höfum reyndar fengið útreikninga á ýmsum þáttum og ýmsum ákvæðum í þessu frv. Og eins og kemur fram í nál. er verið að ítreka þann rétt sem bæði konur í sveitum og námsmenn hafa til fæðingarorlofs en er ekki tekið á í sjálfum lögunum heldur með reglugerð. Ég tel það galla að það sé ekki tekið skýrt fram um slík ákvæði í lögunum vegna þess að þrátt fyrir nál. þar sem skýrt er tekið fram í n-lið 2. gr., með leyfi forseta:

„Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra getur sett í reglugerð."

Hér er talað um vottorð læknis og sönnun um launagreiðslur og atvinnuþátttöku. Undan þessu verður að víkjast þegar um er að ræða konur bænda eða námsmenn, þá verður að víkjast undan þessari sönnunarbyrði til þess að þær fái ⅔ af dagpeningum. Ég hefði því talið að þarna hefði þurft að koma undanþáguatriði fyrir þá hópa sem þetta á að ná til.

Í öðru lagi má segja það sama um fæðingarstyrk og fæðingarorlof til þeirra mæðra sem missa börn eða verða fyrir fósturláti að það er verið að skerða þeirra rétt miðað við það sem nú gildir í reglugerð. Og ég tel það alvarlegt atriði þegar verið er að taka rétt sem er til staðar í dag og þar með ómerkja þá ráðstöfun sem ráðherra í þessari ríkisstjórn hefur leyft sér að gera, þ.e. að lengja fæðingarorlof í þrjá mánuði til konu sem hefur fætt andvana barn. Þetta ákvæði er sett í reglugerð án þess að til sé lagabókstafur fyrir slíku ákvæði.

Nú er tekið af skarið og hér er þetta fest í lagaákvæði að það skuli ekki vera framkvæmt eins og gerist í dag og eins og stendur í reglugerðinni nú. Ég tel það mjög slæmt fyrir þann ráðherra sem hefur, eins og ég sagði áðan, breytt þessu í reglugerð, auk þess sem ég sé ekki að þetta ákvæði geti staðist ef við lesum svo næstu grein, þ.e. 4. málsgr. 1. gr., þar sem segir að greiðslur fæðingarstyrks falli niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgr. skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiðast skemur en tvo mánuði eftir fæðingu.

Þetta þýðir í raun þriggja mánaða fæðingarorlof vegna þess að kona má taka einn mánuð í orlof áður en hún fæðir barn en það skal þó aldrei greiðast skemur en í tvo mánuði eftir að hún eignast barnið. Þetta gildir um þær konur sem ættleiða sín börn eða láta þau alfarið frá sér á stofnun og ég get ekki séð að það standist að við mismunum konum á þennan hátt. Ég get ekki séð að það standist og ég teldi það vera mjög mikla hneisu fyrir hæstv. ráðh. og fyrir hv. heilbr.- og trn., sem hefur fjallað um þetta mál, fari þetta svona í gegnum hv. Alþingi. En þetta eru ákvæði hlið við hlið sem geta alls ekki staðist sé verið að hugsa um alla sem einn, þ.e. að allir hafi sama rétt þrátt fyrir að um umönnun barns sé ekki að ræða eftir fæðingu, hvort sem það er vegna þess að barn fæðist andvana eða það er látið frá sér.

Sem betur fer er hér ekki um mörg tilfelli að ræða á ári en hér er um sama atriði að ræða, það er um það að ræða að kona nái sér eftir þá líkamlegu áreynslu sem það er að ganga með barn og fæða barn. Ekki á að koma til að kona þurfi endilega að sanna með læknisvottorði að hún sé það illa haldin andlega að hún þurfi einn mánuð í viðbót. En það kom fram á nefndarfundi að sé kona það illa farin andlega vegna þess að hún hefur fætt andvana barn þá ætti hún að fá sjúkradagpeninga eins og um önnur veikindi væri að ræða. En ég get ekki séð að þessi rök eigi neinn rétt á sér þegar við erum að tala um algjört lágmark, þ.e. þriggja mánaða fæðingarorlof fyrir þessar konur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda hér mjög langa tölu, en ítreka það að þrátt fyrir galla og þrátt fyrir að ég hefði viljað að hér væri tekið stærra skref í einu, þá mun ég fylgja þessu frv., en auðvitað með von um það að þær smávægilegu breytingar, sem ég hef lagt til við frv., nái fram að ganga.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 11. þm. Reykv. um afstöðu okkar framsóknarmanna til þessa frv. og

afstöðu okkar fyrr til fæðingarorlofs vil ég taka það fram að við höfum tekið heilshugar þátt í umfjöllun um þetta mál og teljum þrátt fyrir allt að frv. feli í sér gott skref í átt til þeirra viðhorfa sem við höfum haft til þessara mála. Það hefur margoft komið fram í umræðunni, enda lýsa ákvæði frv. sér skýrt um það, að hér er u.þ.b. 50% aukning á rétti að ræða til heimavinnandi kvenna, auk lengingar fæðingarorlofs í áföngum samkvæmt ákvæðum frv. Um þetta ætla ég ekki að hafa fleiri orð en taldi rétt að koma í ræðupúlt vegna orða 11. þm. Reykv., þar sem hún vék orðum sínum að okkur framsóknarmönnum og afstöðunni sem við hefðum haft til málsins.

Helgi Seljan:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að segja mikið við þessa umræðu. Ég kom inn á flest þau atriði sem ég vildi gera athugasemdir við þetta frv. við 2. umr. málsins. Ég ræddi þá rétt heimavinnandi kvenna alveg sérstaklega, ekki einungis rétt þeirra í þessu máli heldur rétt þeirra í fjölmörgum réttindamálum þeirra, og ég viðurkenndi að þó að hér væri ekki gengin gatan á enda gagnvart því sem margir hafa haft á orði um rétt þeirra til fæðingarorlofs, þá væri hér um áfangahækkun að ræða sem vissulega bæri að meta, hækkun á greiðslum til þeirra miðað við það sem er í dag.

Hitt er svo annað mál að svipað og hv. 11. þm. Reykv. gerði hér áðan, þá ég minnti á það sérstaklega hvernig þeir framsóknarmenn notuðu þetta í síðustu kosningum sem sérstakt kosningamál að þeir vildu skilyrðislaust og fyrirvaralaust sömu greiðslur til heimavinnandi kvenna og til útivinnandi kvenna í sambandi við fæðingarorlof og ekki hægt annað en að minna á það hér. Er greinilegt að þeir hafa þar skipt um skoðun eða þá að þeim þykir þessi áfangahækkun orðin nægileg.

Það er einnig rétt sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv., og ég kom hér inn á við 2. umr., að þetta frv. felur í sér ákveðna mismunun varðandi laun. Um fullt réttlæti í því efni eigum við langt í land og í raun og veru byggist þetta ákvæði á þeim samningum sem gilda í þjóðfélaginu hverju sinni. Það er þess vegna grunnurinn sem þetta byggir á, launajafnréttið úti í þjóðfélaginu, eða launamisréttið réttara sagt, sem ákvarðar það í þessu sem öðru, úr því að verið er að bæta fólki tekjumissi, sem ákvarðar það að fæðingarorlofsgreiðslur eru svo misjafnar sem raun ber vitni. Það eru vitanlega samningarnir á vinnumarkaðnum, launamisréttið sem þar viðgengst sem endurspeglast í þessu eins og öllum öðrum félagslegum réttindamálum sem hér er komið inn á.

Ég hefði einnig kosið það fremur að í sambandi við fæðingarstyrk stæðu fæðingarlaun, fæðingargreiðslur eða eitthvað ámóta. Ég hins vegar játa það að styrkur er notaður í fjölmörgum greinum, bæði tryggingalaga og annarra laga, sbr. lög um námslán og námsstyrki, örorkustyrki, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. kom hér inn á áðan, o.s.frv. En hins vegar er það rétt að þegar umræðan í nefndinni var um þetta þá var talað um það að breyta þessu orði einungis til þess að koma í veg fyrir allan útúrsnúning á því og það lét ég koma fram hér við 2. umr.

Ég vil hins vegar segja það svo í lokin að ég ætla ekki að fara að endurtaka og tefja umræður með því hér, eftir það samkomulag sem gert var s.l. föstudag, að endurtaka það sem ég kom inn á við 2. umr. málsins. Hér hefur verið lögð fram brtt. frá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur í þremur liðum. Ég mun að sjálfsögðu styðja alla þessa liði. Ég er í raun og veru búinn að rökstyðja af hverju ég styð 1. og 2. liðinn, það gerði ég við 2. umr. málsins, en 3. liðinn styð ég sem vissan áfanga. Það snertir annað mál sem hér er á dagskrá þessa fundar. Ég sé alveg hversu það muni fara þar sem meirihlutaálit liggur þar fyrir um frávísun þess máls eða vísun til ríkisstjórnar og þar af leiðandi mun ég greiða þessari brtt., um ákvæði til bráðabirgða varðandi þetta mál, atkvæði af þeirri einföldu ástæðu að það er þó í áttina við það sem við í minni hl. félmn., hv. 11. þm. Reykv. og ég, höfum lagt þar til með brtt. við það mál.

Hitt vil ég svo láta koma skýrt fram að þrátt fyrir athugasemdir ýmsar þá mun ég greiða þessu frv. atkvæði. Ég tel mig nefnilega ekki vera að greiða mismunun atkvæði í þessum efnum, ég tel mig vera að greiða atkvæði með áfangahækkun sem er jafnvel meiri en ég átti von á frá hálfu þessarar ríkisstjórnar þó vitanlega ætli hún ekki að efna neitt af því fyrr en hún hefur geispað golunni eins og ég sagði hér áður. (**Heilbrmrh.:** Ekki fyrr en hún á aura til þess.) Ja, hún hefur nú átt aura til ýmissa hluta, hæstv. ráðh., ef við ættum að fara að lengja umræðuna um það. Ríkisstjórnin hæstv. hefur nefnilega átt aura til ýmissa hluta en ekki til þessa þannig að ég held að við ættum að fara varlega í að lengja umræður hvað það snertir.

*En ég segi það að þegar eitt af fáum réttlætismál*um hæstv. ríkisstjórnar er þó hér til meðferðar og þó hún ætli vitanlega ekki að efna það á sínum líftíma heldur eigi aðrir að efna það, þá mun ég greiða þessari áfangahækkun atkvæði þó ég hafi, eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr., fjölmargar athugasemdir við þetta að gera. Vegna þess að ég tel að með því að greiða því atkvæði, þá sé ég þó að þoka máli til réttrar áttar þó mikið vanti á að þar sé fyllsta réttlæti náð.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í þetta sinn. Það kom ágætlega fram í máli hv. 8. landsk. þm. hversu ruglingslegt og flókið þetta mál er orðið í þeirri framsetningu sem er að finna í þeim frv. sem hér liggja nú fyrir, og ljóst að innbyrðis koma lagagreinar frv. ekki allar til með að standast.

En ég kem hér fyrst og fremst vegna orða hæstv. heilbrmrh. sem gerði að umtalsefni tvö atriði í ræðu minni. Annars vegar var það vegna orðalags í greiðslufrv. þar sem kveðið er á um fæðingarstyrk til kvenna í fæðingarorlofi. Hvað varðar orðaskilning

okkar þá er á ferðinni nokkur skilningsmunur á milli okkar um hvað séu fæðingarorlofsgreiðslur. Af máli hæstv. ráðh. mátti ráða að hún jafnaði fæðingarorlofsgreiðslum við bætur hvers konar, svo sem örorkubætur og aðrar bætur sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir út. Mér finnst fæðingarorlofsgreiðslur hins vegar ekki vera bætur heldur greiðslur sem eru sambærilegar við launagreiðslur vegna þess að það er svo sannarlega full vinna og mikil vinna að annast um nýfætt barn. Þar liggur sá skilningsmunur sem er á milli mín og hæstv. ráðh. um orðalag.

Hitt atriðið sem hæstv. ráðh. gerði að umræðuefni varðar heimavinnandi konur. Vissulega er það rétt sem hún benti á að hér er um nokkra hækkun á greiðslum til þeirra að ræða, og hvarflar ekki að mér að draga úr því, en staðreyndin er samt sem áður sú að heimavinnandi konur bera helmingi minna úr býtum í fæðingarorlofi en konur sem eru í fullu starfi úti á vinnumarkaðnum. Greiðslur til kvenna sem eru heimavinnandi verða aðeins 15 000 kr. á mánuði samkvæmt frv. á meðan útivinnandi konur í fullu starfi njóta 33 000 kr. á mánuði eða þar um bil. Þetta er staðreynd málsins sem ekki verður hjá vikist.

Ég vil þakka hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni fyrir að koma hér og svara þeirri fsp. sem ég beindi til þm. Framsfl. varðandi þetta atriði sérstaklega. Það kom fram í máli hans að að þeirra viti er þetta ekki fullnaðarsigur heldur aðeins áfangi og þar erum við hv. þm. reyndar samsinna því að mínu viti geta þau frv. sem hér liggja nú fyrir ekki talist vera meira en áfangasigur í þessum mikilvægu málum, því miður.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Vegna brtt. frá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur og þá sérstaklega vegna 3. brtt., um ákvæði til bráðabirgða, vil ég taka það fram að félmn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Flm. þessa frv. er hv. 11. þm. Reykv.

Meiri hl. félmn. hefur lagt það til að því frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar á ákveðnum forsendum þar sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót viðræðunefnd aðila vinnumarkaðarins. Það var rætt sérstaklega í heilbr.- og trn. hvort mögulegt væri að setja inn í fæðingarorlofsfrv. einhver ákvæði sem lytu að þessu. Niðurstaðan var nú hins vegar sú — og með í huga þá umfjöllun sem þá þegar hafði átt sér stað um langa tíð um hið fyrra frv. sem ég nefndi — að þetta þyrfti að fá meiri aðdraganda og að aðilar vinnumarkaðarins þyrftu um það að fjalla.

En ég kom hingað í ræðustól fyrst og fremst til að skýra frá því að meiri hl. félmn. ætlar sér að meðhöndla þetta mál hv. 11. þm. Reykv. með þeim hætti sem ég hef skýrt frá og við teljum að þannig fái frv. mjög jákvæða meðferð. Við lítum svo á því við teljum að það þurfi að skoða þetta mál en við viljum halda okkur við frv. hv. 11. þm. Reykv. vegna meðferðarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 921,1 felld með 10:8 atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt þessu mun 2. liður vera sjálffallinn og kemur þá til atkvæða 3. liður brtt. (Gripið fram í.) Ég held að forseti sé að fara með rétt mál, það verði að álíta svo.

Brtt. 921,3 felld með 10:7 atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa komið hér efasemdir fram um að forseti sé að gera rétt og mun hann nú gera hlé á fundinum í eins og tvær mínútur til þess að ... (Gripið fram í.) Forseti leyfir sér nú að taka til greina það sem fyrrverandi forseti hér staðfestir að hér sé rétt að farið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Þetta er þokkalegt athæfi að fara að skipta sér af þingsköpum í þessari virðulegu deild, en ég hefði talið að það væri heimilt við 3. umr. að koma með brtt. við einstakar greinar frv. eða fá þær bornar undir atkvæði og síðan er frv. borið upp í heild að því loknu. En brtt. geta verið bornar upp hver fyrir sig fyrir því. Mér skjöplast þá í meira lagi ef þetta er rangt. (**Gripið fram í:** Það er búið að því.) Fyrst var borin upp fyrsta brtt. og hún var felld, þar með er önnur brtt. ekki fallin. Hún er við (Gripið fram í.) nei, 1. brtt. er við 1. gr. frv., 2. brtt. er við 2. gr. frv. Auðvitað ræður hæstv. forseti þessu. En þetta er við sitt hvora greinina. Önnur brtt. er samhljóða því sem var á hinu fyrra þingskjali sem útbýtt var. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. — Tillaga tvö varðar fæðingardagpeninga, tillaga eitt varðar fæðingarstyrk.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefur málið væntanlega endanlega verið skýrt. Eins og fram kom í athugasemdum hæstv. ráðh., þá er þarna í raun og veru um annað efni að ræða við 2. gr. frv. og ekkert athugavert við það þó það sé borið upp.

Brtt. 921,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SkA, StB, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EG, EKJ, HÓ, HS, JHelg, JK, KSG, KolJ, RA, SalÞ.

SDK greiddi ekki atkvæði.

1 þm. (EgJ) fjarstaddur.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég greiddi frv. til laga um

lengingu fæðingarorlofs atkvæði mitt hér áðan og með því vildi ég styðja þann áfanga sem í því frv. felst. Þá greiðslutilhögun til kvenna í fæðingarorlofi sem það frv. sem nú er verið að greiða atkvæði um kveður á um og sem felur í sér áframhaldandi mismunun á fæðingarorlofsgreiðslum til kvenna get ég hins vegar ekki samþykkt. Ekki vil ég þó á neinn hátt bregða fæti fyrir þessi mál hér og mun því ekki greiða atkvæði um þetta frv.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um greiðslutilhögun að ræða sem kann að orka tvímælis að stokka upp á nýjan leik eftir þá skipan sem á málum hefur verið. Hér er einnig vissulega um ákveðna mismunun að ræða sem er í raunalegum takt við launamisréttið í þjóðfélaginu almennt. Hér er engu að síður um að ræða áfanga á leiðinni, áfanga sem við höfðum jafnvel ekki treyst núverandi ríkisstjórn til að taka, enda ætlar hún ekki að efna það sjálf, hún ætlar öðrum að gera það. Þess vegna, í trausti þess að ný ríkisstjórn komi, sem bæti úr þeim ágöllum sem hér eru á, segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Fæðingarorlof, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna, 2. umr.

Frv. SDK, 10. mál. — Þskj. 10, n. 893 og 940.

Frsm. meiri hl. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar lengst af vetri. Þetta er 10. mál þingsins og fjallar um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Það hafa allmargar umsagnir borist um þetta mál, m.a. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands, Jafnréttisráði og sendiráðum Íslands í Danmörku og Noregi. Í þessum umsögnum sem bárust, ekki síst frá Kvenréttindafélagi Íslands, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands og Jafnréttisráði, er viss samhljómur. Umsagnir eru í raun mjög jákvæðar fyrir frv. Þó er bent á atriði í því sem þyrfti að færa til betri vegar að dómi umsagnaraðila.

Ég vil skýra frá því að í nefndinni komu fram tillögur um breytingar á frv. Hv. flm. þessa frv., 11. þm. Reykv., hafði fyrst og fremst veg og vanda af því að útbúa þær tillögur. Þær voru ítrekað ræddar í nefndinni. Það náðist hins vegar ekki samstaða um það að veita frv. brautargengi, þ.e. til samþykktar, þrátt fyrir tillögur um breytingar á því, eins og ég hef skýrt frá, sem fram komu í nefndinni.

Ég talaði um það að athugasemdir og umsagnir hefðu verið jákvæðar. Þó tel ég, þrátt fyrir þær brtt. sem hér liggja fyrir frá minni hl. félmn. og þá þegar höfðu verið kynntar í nefndinni, að eitt standi út af, ef ég má svo að orði komast, þ.e. réttur þess sem hleypur í skarðið fyrir þann sem tæki sér leyfi frá störfum samkvæmt ákvæðum frv. og/eða brtt. Að vísu skal það viðurkennt að í umsögnum um frv. er að öllum líkindum sterkara að orði kveðið vegna þess að í frv. sjálfu er gert ráð fyrir allt að tveggja ára leyfi frá störfum vegna umönnunar barna. Þessi tími hefur verið styttur niður í eitt ár skv. brtt. En þrátt fyrir það þá er þarna um allnokkurn vanda að ræða vegna réttar þeirra sem hlaupa í skarðið eins og ég áður sagði.

Meirihlutaviðhorf í félmn. eru á þá lund að þessi mál verði að ræða milli aðila vinnumarkaðarins. Og meirihlutaviðhorf eru í raun á þá lund, hafi ég skilið meiri hl. nefndarinnar rétt, að þetta sé í meiri mæli samningamál og á því beri að taka sem slíku þótt ekkert banni það í sjálfu sér að löggjafinn hafi frumkvæði á þessu sviði.

Með vísan til þess að meiri hl. hefur áhuga fyrir því að þetta verði skoðað nánar, meiri hl. nefndarinnar er jákvæður fyrir málinu, en eins og segir í niðurlagi nál., með leyfi forseta:

„Meiri hl. nefndarinnar telur að frv. feli í sér réttindamál sem krefst vandaðs undirbúnings og samráðs við samtök á vinnumarkaði. Meiri hl. leggur því áherslu á að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að koma á fót viðræðunefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til þess að gera tillögur um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Í trausti þess að framanritað gangi eftir leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta álit rita eftirtaldir auk mín, hv. þm. Björn Dagbjartsson, Salome Þorkelsdóttir, Valdimar Indriðason og Stefán Benediktsson.

Frsm. minni hl. félmn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. félmn. sem er að finna á þskj. 940. Að því stendur auk mín hv. þm. Helgi Seljan. Frv., sem er 10. mál þessa þings, kveður á um rétt foreldra til að beiðast lausnar frá starfi sínu til að annast um nýfætt barn allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins, en ganga

aftur að sama starfi og sömu kjörum að þeim tíma liðnum.

Frumvarpið er flutt til að koma til móts við þá breytingu sem orðið hefur á vinnumarkaðnum á undanförnum árum með gífurlegri aukningu á atvinnuþátttöku kvenna. Þetta er réttindafrumvarp sem miðar að því að taka umönnun barna með sem eðlilegan þátt í skipulagi vinnumarkaðarins og tryggja atvinnuöryggi foreldra þannig að öryggisleysi þeirra á vinnumarkaðnum verði ekki til þess að koma í veg fyrir að foreldrar geti sinnt barni sínu óskipt fyrstu tvö æviárin eftir fæðingu þess eins og frv. kvað upphaflega á um. Jafnframt tekur frv. á einum þætti þess kynbundna launamisréttis sem hér er í þjóðfélaginu vegna þess að ein ástæða fyrir lágum launum kvenna á vinnumarkaðnum er sú að konur hverfa iðulega af vinnumarkaði tímabundið til þess að annast um bú og börn, og síðan þegar þær koma út á vinnumarkaðinn aftur þá eru þær oftar en ekki í störfum nýliða á vinnumarkaðnum og þurfa að byrja upp á nýtt og þetta skilar sér í lægri kauptöxtum, minni aldurshækkunum og minna launaskriði hjá konum en körlum. Ástæður mismunandi launa kvenna og karla eru margar, en þetta er ein. Frv. er því ætlað að taka á þessum tveimur þáttum: Að laga vinnumarkaðinn að þörfum foreldra ungra barna og einnig að taka á einum hluta hins kynbundna launamisréttis.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. félmn. var frv. ítarlega rætt á fundum nefndarinnar, enda verið þar til meðferðar frá því snemma á s.l. hausti. Umsagnir bárust frá Jafnréttisráði, Kvenréttindafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Bandalagi kvenna í Reykjavík, og töldu allir umsagnaraðilar nema Vinnuveitendasamband Íslands frv. taka á brýnu réttindamáli foreldra ungra barna, en jafnframt að ýmsar lagfæringar yrði að gera á frv. til þess að sá réttur, sem það kveður á um, yrði sem best tryggður.

Með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu í umsögnum um frv. flytur minni hl. brtt. við frv. á sérstöku þskj.

Brtt. þessar fela í sér í fyrsta lagi að í stað þess að foreldri beiðist lausnar frá starfi sínu, eins og frv. kveður á um, þá óski foreldri einungis leyfis frá starfi sínu. Þetta er mun auðveldara í framkvæmd heldur en að foreldri beiðist lausnar frá starfi. Það tryggir betur rétt bæði foreldra og vinnuveitenda og er meðfærilegra þar sem aðeins er um tímabundið leyfi að ræða.

Í öðru lagi er í 1. brtt. einnig gert ráð fyrir að leyfi frá starfi til þess að annast um barn gildi aðeins í eitt ár frá fæðingu barns en ekki í tvö ár, eins og frv. kveður á um. Kom fram í nefndinni að menn höfðu miklar áhyggjur af að þetta væri óhóflega langur tími þar sem erfitt væri fyrir vinnumarkaðinn að aðlaga sig jafnlöngum tíma í einu stökki. Þess vegna er hér lagt til að rétturinn styttist í eitt ár og skrefið verði tekið í áföngum, byrjað á þessu eina ári. Ég vil taka það skýrt fram, og vænti þess að allir hv. þingdeildarmenn sjái, að þegar fæðingarorlof er orðið sex mánuðir þá er hér eingöngu um sex mánuði til viðbótar að ræða við fæðingarorlofið. Þannig að foreldri hefur þá rétt á sex mánaða launuðu fæðingarorlofi og síðan sex mánaða launalausu leyfi til viðbótar samkvæmt þessu frv.

Önnur brtt. á þskj. 941, sem minni hl. félmn. flytur, er að í frv. komi ný grein sem verði 2. gr. Í þeirri grein er kveðið á um þau skilyrði sem foreldri þarf að uppfylla til þess að njóta þeirra réttinda sem frv. kveður á um. Upphaflega var engin slík grein í frv. og á það var bent í umsögnum að hún væri nauðsynleg og er það fyllilega réttmætt. Þar er lagt til að foreldri, sem hefur starfað samfleytt hjá sama vinnuveitanda í 18 mánuði, eða í eitt og hálft ár áður en að leyfistökunni kemur, hafi þessi réttindi. Einnig er lagt til að foreldri skuli tilkynna vinnuveitanda með góðum fyrirvara, eða þriggja mánaða fyrirvara, hvort óskað sé leyfis frá störfum skv. ákvæðum 1. gr. og þá jafnframt hvenær foreldri hyggist hefja störf að nýju. Með þessu móti er vinnuveitandi vel tryggður. Hann veit með góðum fyrirvara bæði hvenær foreldri hyggst taka leyfið og eins hvenær hann má vænta þess að foreldri hefji störf að nýju á tímabilinu.

Varðandi þær athugasemdir sem fram komu m.a. í máli hv. frsm. meiri hl. félmn. hér áðan vegna þessa frv., í fyrsta lagi vegna réttarstöðu afleysingafólks, þar sem sá sem leysir af foreldri sem nýtir sér ákvæði þessa frv. hefur samkvæmt frv. engan rétt, þá vil ég taka fram að það er ekki með nokkru móti hægt að tryggja afleysingafólki sams konar rétt og þeim sem gegna föstum störfum úti á vinnumarkaðnum, enda má segja að slíkt sé e.t.v. óeðlilegt. Ég vil einnig benda á að hvað varðar fæðingarorlofið, sem við vorum að ræða hér rétt á undan, þar sem gert er ráð fyrir sex mánaða orlofi, þá hefur þetta atriði greinilega ekki vafist fyrir nokkrum. Foreldri, sem fer í sex mánaða fæðingarorlof, þarf einnig á því að halda að vera leystur frá starfi. Þar er einnig um afleysingafólk að ræða og réttindi þess eru ekki með nokkrum hætti tryggð í fæðingarorlofsfrv., enda verður slíku ekki við komið, hvorki í því frv. né í frv. sem hér er til umræðu.

Einnig vil ég benda á að fólk sem ræður sig til afleysinga gerir það vitandi vits og það er vitaskuld öllum í sjálfsvald sett hvort þeir ráða sig til afleysinga eða ekki þannig að ég tel ekki að hér sé gengið á rétt nokkurs þótt þetta frv. kveði ekki á um rétt afleysingafólks. Spurningin snýst um það hvort við viljum tryggja einhverjum einhvern rétt eða öllum engan rétt.

Einnig komu þau sjónarmið fram í nefndinni að aukinn réttur af þessu tagi til foreldra ungra barna gæti gert það að verkum að konur yrðu að óæskilegu vinnuafli á vinnumarkaðnum þar sem líkur eru á að það yrðu einkum mæður sem myndu notfæra sér þessi réttindi. Sömu rök voru uppi höfð á sínum tíma um fæðingarorlofið og þegar það varð fyrst að lögum þá var það einmitt í trássi við þessi rök, að

með því að tryggja konum rétt til fæðingarorlofs, þá þrjá mánuði, yrðu þær þar með afskaplega ófýsilegur valkostur fyrir atvinnurekendur. Þau rök voru lögð til hliðar þá og af sömu ástæðum held ég að óhætt sé að leggja þessi rök til hliðar nú hvað varðar þetta mál. Ég vil einnig benda á að þau hafa ekki komið upp varðandi það fæðingarorlofsfrv. sem verið var að samþykkja hér áðan, heldur komu þau eingöngu upp varðandi þetta atriði.

Ef við tökum þá afstöðu að aukinn réttur vinnandi fólks, sama hvort um konur eða karla er að ræða og sama af hvaða ástæðu það er, sé þeim skaðlegur vegna þess að þá vilji vinnuveitendur ekki fá fólk í vinnu til sín, ef við tökum þá afstöðu þá erum við líka að segja: Það er ekki eðlilegt að tryggja vinnandi fólki neinn rétt á vinnumarkaðnum; við þurfum enga vinnulöggjöf. Þessari afstöðu mótmæli ég eindregið. Ég tel það vera eitt af hlutverkum Alþingis að tryggja vinnandi fólki ákveðinn lágmarksrétt á vinnumarkaðnum og í þá veru gengur þetta frv.

Spurningin sem er lögð fyrir hv. þm. í þessu frv. er þessi: Telja menn eðlilegt að vinnumarkaðurinn taki tillit til barnsfæðingahlutverks kvenna og að þeim verði tryggð réttindi á vinnumarkaðnum í samræmi við það? Ég vil minna hv. þm. á að þetta atriði er ein meginuppistaða í alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var einróma hér á hæstv. Alþingi fyrir tæpum tveimur árum síðan. Þar skuldbundum við okkur á alþjóðagrundvelli til að taka sérstakt tillit til barnsfæðingahlutverks kvenna, hvar sem borið er niður í þjóðfélaginu. Og það er einmitt það sem þetta frv. gerir.

Hv. frsm. meiri hl. félmn. vék að því hér áðan að e.t.v. væri þetta mál eðlilegt samningsmál, þ.e. um það ætti að fjalla í samningum aðila vinnumarkaðarins og til þess tekur sú tillaga sem meiri hl. nefndarinnar flytur hér.

Þetta mál snýst ekki um kaup og kjör og þess vegna tel ég að óhætt sé fyrir Alþingi að hafa skoðun á þessu máli og tryggja vinnandi fólki þau réttindi sem hér um ræðir. Ég vil enn vísa til umræðna um fæðingarorlofsfrv. Með sömu rökum og hv. frsm. félmn. hafði hér áðan má segja að fæðingarorlof sé samningsmál. Það eigi að ræða í samningum aðila vinnumarkaðarins, þar eigi það að ákvarðast og Alþingi eigi ekki að vera að skipta sér af þessum málum. Slík rök hafa ekki heyrst hér í hv. deild varðandi fæðingarorlofið og þau eiga jafnilla við hvað þetta mál varðar.

Ég harma það mjög að ekki skuli hafa náðst samstaða í hv. nefnd um þetta mál. Ég mun greiða atkvæði gegn þeirri frávísunartillögu sem meiri hl. ber hér fram. Og ég vil taka það fram að í mínum huga er þessi tillaga meiri hlutans fyrst og fremst tillaga um að vísa málinu frá vegna þess að ég hef reynslu af því á þessu kjörtímabili að málum hafi verið vísað til ríkisstjórnarinnar með því fororði að taka á því. Ég vil þar sérstaklega nefna frv. til laga um átak í dagvistarmálum barna sem ég flutti á 106. löggjafarþingi. Því frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar af meiri hl. fjh.- og viðskn., með þeim orðum að þetta mál þyrfti að skoða vel og átaks væri þörf, um það var ekki deilt, og því skorað á ríkisstjórnina að láta hendur standa fram úr ermum. Síðan þessu máli var vísað til ríkisstjórnarinnar hafa framlög til dagvistarmála barna farið hríðlækkandi á fjárlögum frá ári til árs. Þetta er sú reynsla sem ég hef af því að láta vísa þeim málum sem ég hef hér borið fram til ríkisstjórnar. Og ég geri ekki meira með þá frávísunartillögu sem hér liggur fyrir heldur en sú reynsla sem ég hef sannar.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð ekki öllu fleiri. Ég ítreka það að mér þykir mjög leitt að ekki skuli hafa náðst samstaða í nefndinni um þetta einfalda og ég vil segja litla réttindamál, og mér þykir mjög miður ef ástæðan er sú að málið strandar á pólitískum skerjum hér innan dyra. Ég vona að það verði ekki reyndin og legg til, ásamt hv. þm. Helga Seljan, að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem við flytjum á sérstöku þskj.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það væri ástæða til að samþykkja þetta litla mál. Ég lít á þetta sem nokkuð stórt mál, alls ekki lítið mál, mál sem er mikils virði fyrir þær konur sem koma til með að njóta þess í framtíðinni. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að þetta mál þurfi meiri skoðunar en fengist hefur nú, einmitt með tilliti til þess að þetta geti virkað eins og menn ætlast til.

Ég hef nokkra reynslu af samningagerð og samskiptum við þann aðila vinnumarkaðarins sem rekur fyrirtækin. Þess vegna er mér það ljóst að það verður að tryggja frið um þessa framkvæmd. Við verðum líka að tryggja það að þeir sem fást til afleysinga í þetta langan tíma fái sinn rétt líka. Við þurfum að tryggja að það myndist ekki stétt fólks, eða kvenna, sem er vísað úr einu starfinu í annað og njóti ekki neinna réttinda vegna þess að það er alltaf í afleysingum. Aðrir haldi störfunum fyrir þessu fólki og því öryggi sem fastráðningu fylgir. Þess vegna tel ég rétt að þetta mál verði skoðað frekar. Eina vitið hefði verið að samþykkja till. Kolbrúnar Jónsdóttur, en þar segir í ákvæði til bráðabirgða:

„Heilbr.- og trmrh. skal þegar í stað skipa nefnd með aðild samtaka vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að gera tillögu um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna."

Þetta var því miður fellt. En ég hygg að svona vinnubrögð eins og tillagan gerir ráð fyrir séu skynsamleg. Og ég vísa í það hvað sem hver segir að allt frumkvæði um rétt kvenna í þessum efnum hefur komið frá alþýðusamtökunum. Allt frumkvæði. Skrefin hafa öll verið stigin á þeim vettvangi, síðan flutt inn á Alþingi til frekari staðfestingar og af velviljuðum aðilum gert að lögum.

Ég óttast það að ef þessi tillaga sem hér liggur fyrir frá hv. 11. þm. Reykv. verður samþykkt, þá

geti hún orðið til þess að skapa öðrum konum erfiðleika sem erfitt verður við að fást ef ekki verður tekið á því strax. Þess vegna er ég inni á því að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki tekið þátt í því áður að vísa máli til ríkisstjórnar en við förum nú væntanlega að skipta um ríkisstjórn innan tíðar og við skulum vona að sú ríkisstjórn taki á þessu stórmáli föstum tökum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 941, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. félmn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason gerði að umræðuefni hér áðan. Hann taldi að málið þyrfti meiri skoðunar við og *má til sanns vegar færa að mörg* mál, sem verið er að afgreiða hér á hv. Alþingi nú, þyrftu meiri skoðunar við. En þetta mál hefur verið skoðað í fimm mánuði í nefnd þannig að ekki er það vegna þess að það hafi ekki verið skoðað nægilega vel í nefndinni að það þurfi meiri skoðunar við.

Hv. þm. nefndi einnig reynslu sína af kjarasamningum. Ég vil þá láta þess getið að lögfræðingur Alþýðusambands Íslands kom á fund nefndarinnar og sagði að þessar hugmyndir hefðu komið fram innan Alþýðusambandsins en hefðu aldrei náð svo langt að komast upp á samningaborð. Og það er sú reynsla sem konur hafa af mörgum hugmyndum sem til bóta horfa um þeirra hag hvað varðar samningamál. Þær komast yfirleitt ekki á borð í samningum aðila vinnumarkaðarins.

Hv. þm. hafði miklar áhyggjur af því að frv. leiddi af sér að hér myndaðist stétt afleysingakvenna sem hrektust réttindalausar starf úr starfi og væru alltaf að leysa af. Ég vil benda hv. þm. á að svona hugmyndir eru þvílík fásinna að vart er þm. samboðin. Fæðingar hér á landi eru það fáar að það er ekki nokkur möguleiki á því að slíkt geti gerst.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki þessi orð fleiri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 893 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 12:4 atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál (stjórn heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu). — Þskj. 754.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Frú forseti. Hér liggur fyrir eitt af þeim stjórnarfrv. sem flutt eru til kynningar hér í hv. Alþingi. Ég vil freista þess að mæla örlítið fyrir því ef það mætti e.t.v. komast til nefndar þannig að unnt yrði að senda málið til umsagnar. Ég geri mér grein fyrir því að það næst ekki að afgreiða þetta mál nú, enda er það þess eðlis að það er sjálfsagður hlutur að það fari til umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

Ástæðan fyrir tilurð þessa frv. er í stuttu máli sú, sem menn verða varir við hér á hv. Alþingi jafnan í desembermánuði, þegar ráðherrar heilbrigðismála mæla fyrir því að framlengt sé bráðabirgðaákvæði í núgildandi heilbrigðisþjónustulögum þess efnis að lögin eins og þau eru skuli ekki taka strax gildi á höfuðborgarsvæðinu.

Þannig er mál með vexti að það hefur betur og betur komið í ljós á þeim tíma sem liðinn er frá því að heilbrigðisþjónustulögin voru fyrst sett árið 1973 að nokkuð öðru máli gegnir um framkvæmd sumra ákvæða þeirra hér í þéttbýlinu heldur en úti um landið.

Nú er það mála sannast að uppbygging í heilsugæslunni út um allt land hefur verið með mjög miklum ágætum og það er svo sannarlega af sem áður var að þar eigi menn mjög erfitt með að ná til læknis eins og víða var. Heilsugæslustöðvarnar hafa að því er ég tel breytt lífi fólks úti um landið mjög til hins betra og sannarlega haft í raun og veru áhrif á kjör þeirra sem þar búa með þeim glæsilegu heilsugæslustöðvum sem upp hafa risið og þeirri þjónustu sem þar er veitt og það an er veitt. Hitt er svo annað mál að hin fjölbreytilega starfsemi, sem lögin gera ráð fyrir að fram fari í heilsugæslustöðvum, þarf e.t.v. ekki nauðsynlega að vera í hverri heilsugæslustöð á þéttbýlissvæði þar sem um margar stöðvar er að ræða. Meira hagræði væri að því að samnýta suma þættina og þannig gætu sveitarfélögin sparað sér allnokkurt fé án þess að skerða þjónustuna hið *minnsta*.

Einnig er á það að líta að hér í þéttbýlinu er aðstaða fólks nokkuð önnur eins og ekki er þörf á að fjölyrða um þegar litið er til alls þess fjölda lækna sem hér rekur sínar lækningastofur á þéttbýlissvæðinu og enn fremur að hér eru menn í nánd við hina sérhæfðustu sjúkrahúsaþjónustu. En heilsugæslustöðvarnar sjá fyrst og fremst um þjónustu utan sjúkrahúsa og heimilislæknaþjónustu.

Ég hef lýst því áður hér í hv. Alþingi að ég sé ekki mótfallin því að starfað geti hlið við hlið hið svonefnda númerakerfi í læknisþjónustunni, að menn velji sér hver sinn heimilislækni, og svo heilsugæslustöðvarnar. Á það hefur hins vegar verið knúið með vaxandi þunga að tekið verði af skarið um það hvenær heilbrigðisþjónustulögin taki alfarið gildi hér á þessu svæði og þá með hvaða hætti það skuli gerast.

Þess vegna var það að fyrirrennari minn, hæstv. núverandi samgrh., Matthías Bjarnason, skipaði á árinu 1984 nefnd til að endurskoða ákvæði þessara laga, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Til þessa nefndarstarfs var

stofnað í framhaldi af niðurstöðum fundar og samkvæmt óskum sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu.

Í nefndinni voru þeir Davíð Gunnarsson, þáv. aðstoðarmaður fyrirrennara míns, Eggert Jónsson borgarhagfræðingur, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, Kristján Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Ólafsson heilsugæslulæknir og Hilmar Björgvinsson, deildarstjóri í Tryggingastofnuninni. Og síðar á árinu 1984 tók síðan Katrín Fjeldsted heilsugæslulæknir við sæti Eggerts Jónssonar í nefndinni.

Þessi nefnd komst í stuttu máli að þeim meginniðurstöðum að á þessu svæði skuli bæði vald og fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélagsins að því er varðar heilsugæsluna efld til muna og heilsugæslan rekin mikið til sjálfstætt á vegum sveitarfélagsins samkvæmt þessu frv., ef að lögum yrði.

Í stuttu máli má segja að það sé á þann veg að fjármögnunin gerist með þeim hætti að fúlga sé fengin sveitarfélaginu til rekstrar heilsugæslu og það sé að stærstum hluta lagt í vald sveitarfélagsins með hvaða hætti það gerist. Þannig er opnuð heimild í þessu frv. til þess að semja við einkaaðila eða félög um heilsugæsluþjónustuna og enn fremur eru ákvæði um yfirstjórnina að sveitarstjórn geti, ef hún óskar, ákveðið að sérstök stjórn í umboði ráðherra og sveitarfélags annist alla stjórn heilbrigðisþjónustu utan spítala. Í þeirri stjórn skuli bæði vera fulltrúi ríkisins og að öðru leyti fjórir fulltrúar kosnir af sveitarstjórn. En hins vegar fylgir þessu frv. örlítið frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, þar sem gert er ráð fyrir að ef sveitarstjórn óski, þá sé unnt að sameina þessa stjórn heilsugæslu og stjórn sjúkrasamlags. Eins og orðalag þess frv. er, þá er það svo að það sé unnt að fela stjórn heilsugæslu stjórn sjúkrasamlags. En í raun og veru er hugsunin sú að hægt sé að framkvæma þetta með þeim hætti að fela stjórn sjúkrasamlagsins stjórn heilsugæslu. Og það má segja að það sé ekki spurning um efni heldur spurning um það í hvaða röð hlutirnir eru nefndir.

Þetta eru meginatriðin í þessu frv., valdið og ábyrgð hjá sveitarfélaginu, hið faglega eftirlit að sjálfsögðu eins og annars er gert ráð fyrir með skipan heilbrigðisstarfsliðsins, og megintilgangurinn er sá að fólkið á höfuðborgarsvæðinu njóti jafngóðrar heilsugæsluþjónustu og annars staðar er.

Ég vil benda hv. þingnefnd á þegar hún sendir þetta frv. til umsagnar að ég tel að e.t.v. þurfi að fjalla sérstaklega um það hvort kveða þurfi skýrar á um það hvernig sérfræðiþjónustu ætti að reka í samstarfi við heilsugæsluna. Það er alls ekki hugsunin, ekki frá mínu sjónarmiði séð, að draga úr þeirri þjónustu sem hin besta þekking, bæði almenn og sérþekking, getur veitt, heldur þvert á móti að gera þessi verkefni skýrari og greiðari.

Þetta er eitt af þeim frumvörpum sem varða hið mikla mál sem oft hefur verið rætt, og áratugum saman kannske, um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þar með kostnaðarskiptingu. Auðveldast þykir að koma breytingu á slíku við á þéttbýlissvæðinu, en ég geng út frá því ef til kæmi að fleiri sveitarfélög óskuðu eftir sams konar fyrirkomulagi þá væri það að sjálfsögðu rétt að greiða fyrir því og opna heimild til þess.

Ég hygg, frú forseti, að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu. Frv. er efnislega óbreytt eins og það kom frá nefndinni sem samdi það. En það er auðvitað ekki óeðlilegt að þegar fjallað er um grundvallaratriði eins og þetta að þá vilji Alþingi og umsagnaraðilar gefa sér góðan tíma og því fer ég fram á það að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. Ég þykist vita að það sé ekki unnt að vísa því til 2. umr. á þessu þingi, eða ég treysti mér ekki til að gera tillögu um það, þannig að ég geri mér grein fyrir því að til þess er ekki tími.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (stjórn sjúkrasamlags). — Þskj. 755.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

65. fundur, mánudaginn 16. mars, að loknum 64. fundi.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 749, n. 951, brtt. 952.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Samgn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. sem er um eftirlit með skipum og gerir við það nokkrar brtt. Ef ég geri grein fyrir þeim er það í fyrsta lagi við 7. gr. frv. 2. mgr. orðist á þann veg

sem sagt er á þingskjalinu: „Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart. Skal hann þegar hafa samband við viðkomandi umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar."

Það sem átt er við þarna og talað er um að það sé forstöðumaðurinn eða forstjórinn sem á að taka á móti slíkum aðfinnslum en hann er oft ekki við, og þá er það næsti yfirmaður sem skal taka við þessu, þannig að ekki fari á milli mála að það komist rétta boðleið.

Við 15. gr. Þar kemur ein breyting. Í stað orðsins „eða" í 2. mgr. komi: og. Þetta eina orð breytir þarna greininni þannig en 15. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni að skipið" o.s.frv. Þarna er sagt að það skuli tilkynna þetta bæði skipstjóra og útgerðarmanni þannig að það fari ekki á milli mála að þetta hafi komist rétta boðleið og báðum þessum ábyrgðaraðilum fyrir viðkomandi skipi sé kunnugt um það hvernig ástatt er.

Við 17. gr. er einnig gerð breyting, þ.e. við Fliðinn þar sem er talað um fjarskiptatæki. Orðin „samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð" falli niður og aðeins verður sagt þarna að öll skip skuli búin fullnægjandi fjarskiptabúnaði. Þetta er ótvíræðara og þarf ekkert að vitna í reglugerð um að þarna er ófrávíkjanleg regla sem skal farið eftir.

Við 29. gr. er einnig breyting. Það varðar siglingadóminn, þ.e. í 2. lið 29. gr. Þar er talað um dómarana við sjóprófin eða siglingadóminn: „Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á dísilskipi." Orðin „og annar þeirra á dísilskipi" eru felld niður. Þeir skulu aðeins vera tveir sem hafi verið starfandi yfirvélstjórar á skipi.

Nefndin leggur til að þessar breytingar verði gerðar á frv. sem eru ekki mjög veigamiklar en kveða þó skýrar á en ella.

Það vannst ekki mikill tími til að gaumgæfa þetta frv. af hendi nefndarinnar það skal tekið fram. Til viðtals komu á hennar fund Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgrn., og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri og einnig var haft samband við Ragnhildi Hjaltadóttur deildarstjóra í morgun vegna þessa máls, en hún vann að því að semja þetta frv.

Einnig hafði ég samband núna um hádegið við lögfræðing LÍÚ og hann sagði mér, það er rétt að það komi fram við þessa umræðu, að þeir væru ekki alls kostar ánægðir með frv. Þeir vildu fá á því frekari skoðun en þeir settu sig alls ekki á móti því — það var LÍÚ og Farmannasambandið, þeir eiga sæti í siglingaráði sem kallað er sem fjallar um þessi mál — sem hér væri í frv. en vildu benda á að það þyrfti að endurskoða ýmsar greinar, einkum er varðar það sem siglingaráðið fjallar um, þ.e. siglingadóm og annað, það yrði gert næsta haust. Hann vildi ekki leggja til að málið yrði tafið hér, vildi að það færi áfram, en þeir höfðu þetta fram að færa. Þetta kom fram af þeirra hálfu.

Ég þarf ekki að orðlengja um þetta frekar. Þetta er mál sem þurfti að koma til endurskoðunar og það er að mínu mati allgott sem hér er komið. Þetta var töluvert mikið rætt í öryggismálanefnd sjómanna sem starfaði mikið s.l. sumar og haust og voru þessi mál þar mjög á dagskrá og var fjallað um að þyrfti að hraða því sem mest að gera þar breytingu á.

Virðulegi forseti. Öll nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 952,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8.–14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 952,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 952,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
18.–28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 952,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
30.–43. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 802 (sbr. 207), brtt. 958.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Virðulegi forseti. Á milli umræðna hafa nefndarmenn í fjh.- og viðskn. haldið með sér óformlega fundi. Það hafa komið ýmsar ábendingar fram um orðalag sem betur gæti farið og minni háttar efnisbreytingar og við flytjum, sex af sjö nefndarmönnum, þessa till. en sá sjöundi, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hafði ekki aðstöðu til að vera á fundum þar sem þessi mál bar á góma vegna veikindafjarveru.

Tillögur þessar eru í fjórum liðum. Það hefði nú kannske mátt númera það. 1. liður er við 6. gr., 2. liður við 27. gr., 3. liður við 96. gr. og 4. liður við 103. gr. Efnisatriðin eru þau að í tölul. 1 sem ég var að nefna er bætt inn í heimild til að fella niður gjöld

af hráefni vegna iðnaðar. Þegar þetta frv. var í smíðum mun hafa verið höfð hliðsjón af því að virðisaukaskattur yrði e.t.v. tekinn upp á þessu þingi og orðalagi breytt en menn eru sammála um að eðlilegt sé að halda núgildandi orðalagi með hliðsjón af því að þessi breyting hefur ekki á orðið.

Við 2. lið hafði verið breytt örlítið til um tollumdæmi og einn hreppur færður til í umdæmi en þessu er breytt til fyrra horfs og skýrir sig sjálft.

Síðan eru tölul. 3 og 4. Þar er fjallað um tolleftirlit og aðflutningsskýrslur og efni þessara tillagna er í rauninni það að í frísvæði svokölluðu gildi sömu reglur og í tollgeymslunum en tollgeymslan er nú reyndar einungis ein til þessa. Þannig má vinna iðnaðarvöru á þessu frísvæði og ef hún er flutt t.d. til útlanda, fullunnin, kemur aldrei til neinnar tollgreiðslu og yfirleitt ekki fyrr en varan fer út af frísvæðinu. Einnig um þetta eru menn sammála og vænti ég þess að þessar brtt. verði samþykktar. Þess er að geta að það verður haft samráð að sjálfsögðu við neðrideildarnefndina eða formann hennar og ég hygg að hv. þm. Nd. muni einnig vera stuðningsmenn þessara breytinga. Þær eru allar til bóta, hygg ég, og þess vegna muni það ekki seinka neitt afgreiðslu málsins sem nemur þó að það þurfi að ganga aftur til hv. Nd.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. hv. fjh.- og viðskn. ritaði ég undir álitið með fyrirvara. Ástæðan er einfaldlega sú að frv. þetta hefur verið æðilengi í neðra, kemur ekki til okkar hér í þessari deild fyrr en á seinustu dögum þingsins, og um er að ræða mjög viðamikið og margbrotið mál og því nær útilokað fyrir menn jafnhliða því geysilega annríki sem er við lýði hér á Alþingi þessa dagana og hjá þm. vegna komandi kosninga að gera þá úttekt á málinu sem þörf væri á.

Þó get ég lýst því yfir að ég tel að meginstefna frv. sé rétt. Þarna er verið að endurskipuleggja yfirstjórn tollamála í landinu og ég tel að breytingarnar séu til bóta frá því sem nú er. Þess vegna er ég hlynntur meginefni frv. en ég hef hins vegar ekki verið í aðstöðu til að fara ofan í einstakar greinar til að átta mig á því hvort ekki væru þar verulegir hnökrar á.

Í þessu frv. er jafnhliða verið að koma fram geysimikilvægu máli sem er svonefnd tollkrít. Á sínum tíma var ég eindregið hlynntur því að tekin yrði upp tollkrít þegar ég gegndi embætti fjmrh. og flutti um það frv. hér í þinginu á seinustu mánuðum þess þings, árið 1983. Mér finnst að núverandi ríkisstjórn hafi legið nokkuð lengi á þessu máli og sé kannske nokkuð sein að koma með þetta inn í þingið núna, að við séum hér í Ed. að afgreiða þetta stóra mál á seinustu dögunum. Staðreyndin er auðvitað sú að þetta er mál sem kostar ríkissjóð býsna mikla fjármuni og það er eftirtektarvert þegar maður les grg. fyrir þessu frv. að það er ekki minnst á það einu einasta orði hvað þetta frv. kosti ríkissjóð mikla fjármuni en við umræðu í nefndinni var það upplýst af starfsmanni ráðuneytisins að í dag væri áætlað að kostnaður við framkvæmd frv. yrði um 300 millj. kr. sem stafar einfaldlega af því að tollatekjur innheimtast síðar eftir að frv. er orðið að lögum en áður hefur verið og það verður því tilflutningur í greiðslum inn í ríkissjóð sem verður varanlegur. Vissulega koma þessar greiðslur á endanum í ríkissjóð en vegna þess að þær koma þetta mikið seinna en áður tapast á fyrsta árinu sem þetta kemur til framkvæmda einar 300 millj. kr. og þær endurheimtast ekki heldur má segja að ríkissjóður sé síðan stöðugt þessum 300 millj. kr. á eftir að fá inn þessar tekjur. Ég sé nú að hæstv. iðnrh. hristir höfuðið og virðist ekki vera sammála mér en þetta er staðreynd og það er vissulega mikið kæruleysi hjá Alþingi að afgreiða þetta mál án þess að gera sér alveg fullkomlega grein fyrir þessari staðreynd, 300 millj. kr. eru nú engin smáupphæð. Vissulega ættu menn að horfast alveg í augu við að þarna er um geysilega mikið tekjutap ríkissjóðs að ræða á árinu 1988 þegar þetta kemur til framkvæmda í fyrsta sinn. Auðvitað verður að reyna að afla tekna á móti til þess að ekki komi út samsvarandi hallarekstur ríkissjóðs þar á móti en það verður ef ekkert er að gert.

Ég hefði því talið að eðlilegur undirbúningur þessa máls hefði líka verið fólginn í því að menn hefðu hugað að því með hvaða hætti þeir ætluðu að afla þessara tekna á móti, þessara 300 millj. kr. Mér finnst það satt að segja ansi mikið kæruleysi og svona í stíl við annað hjá þessari ríkisstjórn að gefa út ávísun á ríkissjóð upp á 300 millj. kr. án þess að nokkur tilraun sé gerð til að átta sig á því með hvaða hætti þetta skarð verði fyllt. Eins og ég hef þegar sagt er þetta bara í stíl við svo margt annað sem er að gerast hér í þinginu þessa dagana. Það er verið að gefa út ansi stóra gúmmítékka, loforð upp á æðimörg hundruð milljóna og jafnvel þúsundir milljóna án þess að við fáum nokkuð að vita um það hvað á að koma í staðinn, hvernig ríkisstjórnin ætlar að framkvæma þetta. Og meðan svo er óttast maður auðvitað að hér sé um tómt mál að tala. T.d. munu fæstir hafa ýkja mikla trú á ríkisstjórn sem hefur árum saman vanrækt að koma langtímaáætlun í vegamálum til framkvæmda og ævinlega skorið niður framlög til vegaframkvæmda á árinu en verið síðan með geysiháar tölur um framkvæmdir á árinu þar á eftir og þannig hefur þetta gengið núna ár frá ári og er enn svo að menn skera framkvæmdir í vegamálum svo niður að það er ekki varið til þeirra nema ⅔ hlutum af því fé sem á að vera samkvæmt vegáætlun. Svo setja menn sér fyrir að á næsta ári fáist svo og svo mörg hundruð til viðbótar til þessara mála, sem sagt: Lofa upp í ermina á sér án þess að gera nokkra grein fyrir því hvernig fjármunanna verði aflað.

Eins og ég hef þegar sagt er afgreiðslan á þessu máli, tollamálinu með tollkrít sem kostar ríkissjóð 300 millj. kr., í nákvæmlega sama stíl. Það er engin grein gerð fyrir því hvernig á að afla ríkissjóði þarna tekna á móti sem auðvitað verður óhjákvæmilegt og

það er ekki einu sinni vakin athygli á því í grg. frv. eða í umræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar og ráðherra hennar að þarna sé um svo fjárfrek áform að ræða. Með þessum fyrirvara sem ég hef nú gert grein fyrir lýsi ég því yfir að ég tel að frv. í heild horfi í sjálfu sér í rétta átt og ég mun því styðja það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 958 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

EFRI DEILD

66. fundur, mánudaginn 16. mars, að loknum 65. fundi.

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 968 (sbr. 749).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál. — Þskj. 947.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til fjarskiptalaga. Þetta frv. var samið af nefnd sem ég skipaði í maí í fyrra. Í þeirri nefnd voru Jón A. Skúlason, fyrrv. póst- og símamálastjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Helgi Pétursson blaðafulltrúi, Jón Birgir Jónsson yfirverkfræðingur, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Leifur Magnússon framkvæmdastjóri. Enn fremur starfaði Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, með nefndinni. Nefndin lauk störfum í byrjun þessa mánaðar og afhenti mér það frv. til fjarskiptalaga sem ég legg fram til kynningar á þessu þingi.

Áður en lengra er haldið vil ég geta þess að í umræðum á Alþingi um frv. til útvarpslaga í febrúar 1985 greindi ég frá því að ég teldi að ýmis ákvæði fjarskiptalaganna þyrftu endurskoðunar við. Í skipunarbréfi nefndarmanna lagði ég áherslu á ákveðin atriði sem ég óskaði eftir að nefndin fjallaði um að fenginni reynslu af framkvæmd gildandi laga og með hliðsjón af nýjum útvarpslögum. Ég nefni í þessu sambandi atriði eins og að mörkuð yrði í lögunum stefna varðandi útvarpssendistöðvar og lagningu strengja fyrir útvarpsdreifingu, að endurskoðuð yrði skilgreining 1. gr. á notendabúnaði, einkum með tilliti til þráðlauss búnaðar og hugsanlegrar staðsetningar hluta hins opinbera fjarskiptakerfis í húsakynnum notenda og að skilgreint yrði orðasambandið „í atvinnuskyni“ í 2. gr. gildandi laga.

Enn fremur vil ég nefna atriði sem lúta að stefnumörkun í fjarskiptamálum eins og hvort gefa ætti innflutning frjálsan á öllum fjarskiptabúnaði en ekki eingöngu á notendabúnaði eins og gildandi lög heimila og hvort rétt væri að veita fleiri aðilum en Póst- og símamálastofnun heimild til viðurkenningar á notendabúnaði.

Í síðasta lagi óskaði ég álits nefndarinnar á því hvort breyta ætti ákvæðum 3. mgr. 9. gr. um undanþágu frá greiðslu afnotagjalda fyrir síma til handa elli- og örorkulífeyrisþegum.

Hér á eftir mun ég fjalla um einstaka kafla frv. og geta þeirra helstu breytinga sem í frv. felast. Frv. er skipt í 10 flokka og 24 greinar og er þetta sama uppbygging og á gildandi lögum. Í I. kafla eru orðaskýringar og er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á skýringu orðsins „fjarskiptavirki“ og undir það látin heyra samkvæmt tillögu nefndarinnar tíu tilgreind kerfi. Bent er á að fyrstu fimm kerfin gætu á komandi árum runnið saman í svokallað fjölnotakerfi. Varðandi notendakerfi er skýrt tekið fram að lagnir notanda tengjast við þann hluta fjarskiptavirkis ríkisins sem staðsett er innan húsrýmis viðkomandi notanda. Hér er átt við „húskassa“, „fjölsímaendabúnað“ eða „notendastig í sjálfvirkri símstöð“ og fer eftir því hvað telst hentugast og árangursríkast frá hagræðingarsjónarmiði.

Áður en ég læt lokið umfjöllun minni um 1. gr. frv. vil ég geta um það álit nefndarinnar að fjarskiptavirki sem eingöngu er ætlað til viðtöku á útvarpsefni, þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsefni, og eingöngu til eigin nota eiganda fjarskiptavirkisins fellur sem slíkt undir skilgreiningu frv. á notendakerfi. Í þessu sambandi vil ég undirstrika að sams konar leyndarskylda skal vera um þetta og segir í VI. kafla frv. varðandi efni sem ætlað er almenningi.

II. kafli frv. fjallar um rétt til reksturs fjarskipta. Lagt er til að veigamiklar breytingar verði gerðar á þessum kafla. Í fyrsta lagi vil ég nefna að enda þótt talið sé rétt að ríkið hafi eftirleiðis sem hingað til einkarétt á að eiga og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskiptavirki til almenningsnota er lagt til að ráðherra fjarskiptamála fái rúma heimild til að veita einstökum innlendum mönnum, félögum eða stofnunum undanþágu frá þessum einkarétti.

Í skýringu nefndarinnar við 2. gr. frv. segir m.a. að í 3. mgr. felist meginbreytingin á núgildandi lögum og sú afdrifaríkasta. Nefndin leggur til að fellt verði niður skilyrðið „þó ekki í atvinnuskyni að því

er varðar fjarskiptin sem slík".

Í þessu sambandi er rétt að benda á að á löggjafarþingi 1983–1984 þegar frv. til núgildandi laga var til umfjöllunar var við afgreiðslu þess tekið inn þetta skilyrta ákvæði. Nefndin taldi að það bæri að gefa ráðherra miklu meira frjálsræði og svigrúm til að koma til móts við aukna samkeppni á sviði fjarskipta jafnt sem á öðrum sviðum samskipta.

Ég vil varðandi þetta atriði taka fram að með þessu er farið inn á nýja braut sem er að mínu mati vandrötuð og viðkvæm gagnvart gjaldtöku og þeim grundvelli sem gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu eru byggðar á í dag.

Önnur meginbreytingin á gildandi lögum felst í því að lagt er til að 1. mgr. 3. gr., um einkarétt ríkisins til að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra, verði felld niður. Með þessu er lagt til að allur innflutningur og sala á hvers konar fjarskiptavirkjum verði frjáls. Rétt er að vekja athygli á því til þess að komast hjá misskilningi að óheimilt er eftir sem áður að tengja viðkomandi fjarskiptabúnað eða tæki við fjarskiptakerfi ríkisins nema að fenginni viðurkenningu á búnaðinum samkvæmt 3. gr. frv.

Eins og fram kemur í grg. frv. er það skoðun nefndarinnar að gefa eigi ráðherra kost á því að veita öðrum aðila en Póst- og símamálastofnun umboð til þess að viðurkenna fjarskiptabúnað til tengingar við fjarskiptavirki ríkisins. Með því er komið til móts við óskir samtaka eins og Verslunarráðs Íslands. Ákvæðum 3. gr. er breytt í samræmi við þetta. Ég vil í þessu sambandi leggja á það ríka áherslu að með þessari tillögu er ekki á nokkurn hátt verið að kasta rýrð á starf Póst- og símamálastofnunar varðandi viðurkenningu á notendabúnaði á undanförnum árum. Ég tel að stofnunin hafi sinnt því starfi vel og af heilindum. Þegar þess er gætt að við höfum hér á landi gengið lengra á frjálsræðisbraut í sambandi við innflutning á fjarskiptabúnaði, leyfi ég mér að segja, en nokkur önnur þjóð, er það með ólíkindum hve lítið hefur þrátt fyrir allt verið um ágreining varðandi þessar prófanir og viðurkenningar á fjarskiptabúnaði. Hafi verið um ágreining að ræða virðist hann hafa dvínað fljótlega eftir því sem innflytjendur kynntu sér betur þær reglur og fyrirmæli sem samgrn. setti stofnuninni strax þegar innflutningur notendabúnaðar var gefinn frjáls á árinu 1981 og sem ég síðan áréttaði í reglugerð á árinu 1985 um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi. Nú virðist sem allar prófanir gangi auðveldlega fyrir sig og án árekstra. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að ekki hefur enn komið til málskots sem gildandi lög veita heimild til og óbreytt er í þessu frv.

III. kafli frv. fjallar um skyldu til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum og er hann óbreyttur frá gildandi lögum.

Í IV. kafla eru ákvæði er varða stjórn, rekstur og eftirlit með fjarskiptum. Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á þeim kafla.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp ákvæði um að ráðherra setji almennar reglur um verðlagningu söluvöru sem stofnunin lætur notendum í té og ákvæði um að stofnunin gefi út verðskrá sem liggi frammi á öllum afgreiðslustöðum hennar. Með þessu er komið til móts við þá aðila sem á undanförnum árum hafa gagnrýnt stofnunina fyrir að hafa ekki birt á aðgengilegan hátt verð á söluvöru sinni, vinnu við uppsetningu, flutning og viðgerðir á fjarskiptabúnaði.

Í öðru lagi er lagt til að í 3. mgr. 9. gr. gildandi laga verði fellt brott ákvæði þetta: veiti ráðherra heimild til að ákveða að felld skuli niður afnotagjöld af símum elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar. Nefndin sem samdi frv. komst að þeirri niðurstöðu að það samrýmdist ekki hlutverki og rekstri fjarskiptastofnunar að veita einstökum þjóðfélagsþegnum styrki eða greiða niður framfærslukostnað þeirra. Jafnframt var það mat nefndarinnar að óeðlilegt væri að hinn almenni símnotandi beri kostnað af slíkum niðurgreiðslum með greiðslu afnotagjalda. Nefndin telur réttara að allir skattþegnar landsins beri þennan kostnað og hann yrði greiddur í gegnum almannatryggingakerfið.

Áður en ég segi skilið við þennan kafla langar mig til þess að fara nokkrum orðum um ákvæði 7. gr. frv. Hún er óbreytt frá gildandi lögum. Í henni eru ákvæði um að Póst- og símamálastofnunin hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila sem með öðrum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum. Það var mat fjarskiptanefndarinnar að hin svokölluðu kaplakerfi falli undir þessa grein að því er varðar tæknilega eiginleika þegar öllum ákvæðum útvarpslaga hafi að öðru leyti verið framfylgt, m.a. heimildum útvarpsréttarnefndar. Mér skilst að ákveðið hafi verið að endurskoða útvarpslögin og sérstakri nefnd falið það verkefni. Með hliðsjón af því að þetta frv. til fjarskiptalaga verður að öllum líkindum ásamt nýju útvarpslagafrv. til umfjöllunar á næsta Alþingi tel ég mikilvægt að þessir lagabálkar verði samræmdir að því er þennan þátt fjarskiptamála varðar.

V. kafli fjallar um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja og eru ekki gerðar neinar efnisbreytingar á honum. Sama má segja um VI.–X. kafla að nefndin taldi ekki ástæðu til verulegra efnisbreytinga en þeir fjalla um leynd og vernd fjarskipta, stöðvun fjarskipta, fjarskiptavirki á hættutímum, milliríkjasamninga og viðurlög við brotum á lögunum.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég til áherslu draga fram nokkur atriði sem sum hver hafa að vísu komið fram áður í máli mínu en sem ég tel rétt og nauðsynlegt að undirstrika.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að framfarir á sviði fjarskiptatæknninnar eru nú afar örar. Við verðum vör við þessa þróun í daglegum störfum okkar, jafnt sem á heimilum okkar. Á upplýsingaöld gegna fjarskiptavirki verulega stóru hlutverki. Upplýsingum er dreift um gagnaflutningsnet og minni ég í því

sambandi á almenna gagnaflutningsnetið sem Póst- og símamálastofnun tók í notkun í byrjun síðasta árs. Varðandi þessa öru þróun nægir að líta til þeirrar fjölmiðlabyltingar sem nú gengur yfir þjóðina og enginn sér fyrir endann á.

Í öðru lagi nefni ég að þetta frv. er á margan hátt stefnumarkandi og er að mörgu leyti barn síns tíma. Með því er stigið stórt skref í frjálsræðisátt. Innflutningur og sala á hvers konar fjarskiptabúnaði verður gefinn frjáls ef þetta frv. verður að lögum og ráðherra, sem með fjarskiptamál fer, fær í hendur rúmar heimildir til að veita innlendum aðilum leyfi til að eiga og reka hvers konar fjarskiptavirki þrátt fyrir einkarétt ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til samgn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

64. fundur, mánudaginn 16. mars, kl. 11 árdegis.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 623 (sbr. 597), n. 827, brtt. 653, 819, 834, 885, 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 819,2 (ný 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 819,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
5.–13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
15.–17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,5 (ný 18. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
19.–27. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 834 samþ. með 23:7 atkv.
Brtt. 819,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
29.–31. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 653,1 samþ. með 18:11 atkv.
Brtt. 819,7.a kom ekki til atkv.
Brtt. 819,7.b (fyrri málsl.) kom ekki til atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Er hugmyndin sú að síðari málsl. sé borinn upp sérstaklega: „Ökutæki sem eigi skal búið ljósum skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur“ og ekkert annað? (**Forseti:** Það er óskað eftir því.) Mér finnst þessi setning ekki fela í sér fulla hugsun þar sem smáorðið „þá“ vísar til fyrri málsgr. og setningin verður merkingarlaus ef hún á að standa ein og sjálfstæð.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Þetta er að mörgu leyti rétt athugasemd hjá hv. þm. Ég skal viðurkenna það. En ég hygg að það væri hyggilegt að kalla brtt. aftur til 3. umr. vegna þessa litla orðs sem þarna stendur ef það vísar ekki til annars sem við höfum þegar afgreitt. Þá er þessi hluti brtt. tekinn aftur til 3. umr. (**ÓÞÞ:** Hefur þá verið úrskurðað að sá fyrri sé sjálffallinn?) Já, það hefur verið gert.

Brtt. 819,7.b (síðari málsl.) tekin aftur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hafi það verið úrskurður forseta að setning sé svo ófullkomin að hvorki sé hægt að samþykkja hana eða fella fær varla staðist að það sé hægt að kalla hana aftur eina sér til 3. umr. Hins vegar bendir ekkert til þess að óeðlilegt sé að kalla aftur liðinn eins og hann liggur fyrir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg það vandamál sem er upp risið. Ef við greiðun einfaldlega atkvæði um 2. málsl. 2. mgr. hljóða 1. og 2. mgr. svo:

„Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn“, eins og segir í brtt. Páls Péturssonar sem hér var samþykkt. Næsta mgr. hljóðar svo: „Ökutæki sem eigi skal búið ljósum skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmrh. setur.“

Hvað er athugavert við þetta? Hvers vegna greiðum við ekki um þetta atkvæði? Ég held að þessi frestun sé með öllu óþörf og vil benda á það.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég held að það væri mjög heppilegt, eins og við höfum þegar ákveðið, að þetta verði tekið aftur til 3. umr. og allshn. vinni þetta betur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Þessi umdeildi málsl. 2. mgr. stendur í frv. þannig að það þarf ekki að gera breytingu á frv. til að koma þessum málsl. að. Það var 1. mgr. 32. gr. sem við vorum að greiða atkvæði um og við breyttum orðalagi hans. Næst kemur 2. mgr. eins og hún er í frv. og hún endar á þessu umrædda og títt tilvitnaða orðalagi: „Ökutæki sem eigi skal búið ljósum skal þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmrh. setur.“

Forseti (Ingvar Gíslason):

Það eru deilur um hvort þetta falli inn í málið og

ég held að það geti varla orðið til neins ógagns þó við könnum þetta á milli umræðna og komum þessu fyrir með eðlilegum hætti. Slíkt hefur oft skeð hér áður.

Brtt. 819,7.c samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,7.d samþ. með 24:1 atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.
Brtt. 819,8 samþ. með 27 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 819,9 samþ. með 25 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 819,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 819,11 samþ. með 30 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,12 samþ. með 27 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
39.–40. gr. samþ. með 26:2 atkv.
Brtt. 819,13 samþ. með 27 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 819,14 (ný gr., verður 43. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
43. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,15 samþ. með 32 shlj. atkv.
44. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 819,16 (45. gr. falli niður) samþ. með 24 shlj. atkv.
46.–49. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 885.a samþ. með 18:7 atkv.
Brtt. 819,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 885.b samþ. með 23:1 atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
51.–54. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 819,18 samþ. með 23 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
56.–58. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 819,19 samþ. með 25 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 819,20 samþ. með 26 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 819,21 samþ. með 28 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 819,22 samþ. með 27:1 atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 653,2 tekin aftur.
Brtt. 819,23 samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, GSig, GHelg, GGS, HBl, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, SV, IG.

nei: SJS, SvG, ÞP, FrS, GJG, GA, HÁ, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, MB, PS, RH.

SvH greiddi ekki atkvæði.
4 þm. (GeirG, GB, GE, StH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
Alþt. 1986. B. (109. löggjafarþing).

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er um það að ræða hvort taka eigi upp eina samræmda skráningu bifreiða fyrir landið allt eða halda skráningu í einstökum umdæmum eins og verið hefur. Breytingar í þá átt sem frv. eins og það kom frá Ed. gerir ráð fyrir hafa verið lengi á dagskrá. Það er upplýst af Bifreiðaeftirliti ríkisins og fleiri aðilum sem koma nálægt skráningu á bifreiðum að hér væri um verulega einföldun og sparnað að ræða og tilfinningasemi af því tagi sem fylgir því að eiga gömul eða lág númer verður að mínu viti að víkja fyrir slíku hagræðingaratriði, enda færist það lengra og lengra aftur í fortíðina að einhverjir tilteknir menn fengu fyrstu númerin. Ég hygg að þetta erfiða mál mætti leysa á þann hátt að þegar settar verða reglur eða reglugerð um skráningu samkvæmt hinu nýja kerfi verði þeim sem eiga sérstaklega falleg og lág númer heimilað að hengja gömlu plöturnar ofan við nýju skráningarnúmerin og þar með væri þetta mál leyst og mikil einföldun og sparnaður hefði náðst fram. Ég segi því nei við þessari brtt.

64. gr., svo breytt, samþ. með 20:9 atkv.
Brtt. 819,24 samþ. með 23 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
66.–72. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,25 samþ. með 23 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
74.–75. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 819,26 samþ. með 24 shlj. atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 819,27 samþ. með 23 shlj. atkv.
77. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
78.–87. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,28 (ný 88. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 819,29 (89. gr. falli brott) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 819,30 (ný 90. gr., verður 89. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,31 (ný 91. gr., verður 90. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,32 samþ. með 31 shlj. atkv.
92. gr. (verður 91. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,33 (ný gr., verður 92. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 819,34 samþ. með 30 shlj. atkv.
93. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
94. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,35 (ný 95. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
96.–98. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 819,36 (99. gr. falli brott) samþ. með 23:2 atkv.
100. gr. (verður 99. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 891 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, KP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PS, ÞP, AS, BÍG, EBS, FrS, IG.

nei: GA, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, KJóh, KH, KSK, PP, StG, SV, SJS, SvG, SvH, ÞS, EH, FÞ, GSig.
RH greiddi ekki atkvæði.
5 þm. (JBH, StH, GeirG, GB, GE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:
Herra forseti. Rannsóknir á notkun bílbelta eða öryggisbelta hafa leitt í ljós að notkun þeirra dregur verulega úr dauðaslysum, alvarlegum slysum, innlögnum á sjúkrahús og veikindadögum svo að nemur allt að 25–40%. Þessar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að lögboðin notkun öryggisbelta eykst frá 30% og upp í 80–90% í nágrannalöndum okkar, í Bretlandi upp í 95% á örskömmum tíma þegar sektarákvæði eru tekin upp. Með tilliti til þeirra tíðu og alvarlegu umferðarslysa sem hér verða hlýt ég að vera á móti þessari brtt. Þm. segir nei, nei.

Guðrún Helgadóttir:
Herra forseti. Þegar notkun bílbelta var lögleidd taldi ég ekki nauðsynlegt að sektum yrði beitt, en ég er nokkuð viss um að reynslan hefur sýnt að menn fara ekki að þessum lögum. Heilsa manna og líf er meira virði en að svo megi við búa svo að ég segi nei.

101. gr. (verður 100. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 119,37 samþ. með 27 shlj. atkv.
102. gr. (verður 101. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 119,38 samþ. með 28 shlj. atkv.
103. gr. (verður 102. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
104.–118. gr. (verða 103.–117. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 119,39 samþ. með 28 shlj. atkv.
119. gr. (verður 118. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 119,40 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Vaxtalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 564, n. 824 og 778, brtt. 818, 825, 911.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 825,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 825,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 825,3 (ný 6. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 818,1 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG, GJG, GA, GHelg.
nei: HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GGS, HÁ, IG.
GSig greiddi ekki atkvæði.
5 þm. (StH, SvH, GeirG, GB, GE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Ég tel að það frv. sem hér er til meðferðar sé eitt versta frv. þessa þings og er þá langt til jafnað. Í fyrsta lagi eru engin ákvæði í þessu frv. sem draga úr þeirri okurlánastarfsemi sem hefur viðgengist á undanförnum misserum og Hæstiréttur hefur í raun og veru staðfest að sé heimil.
Í öðru lagi staðfestir frv., ef samþykkt verður, vaxtaokursstefnu Seðlabankans óbreytta sem þýddi 17–18% raunvexti á síðasta ári. Þrátt fyrir þetta tel ég að brtt., ef hún yrði samþykkt, sé illskárri en ekkert og segi þrátt fyrir þetta já við till.

Brtt. 825,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 825,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 17:4 atkv.
13.–14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 911 samþ. með 21:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 818,2 felld með 19:11 atkv.
17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
18.–20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 825,6 samþ. með 20:1 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 20:2 atkv.
Ákv. til brb. II samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 825,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 673 (sbr. 479), n. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.–9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191, n. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624, n. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Listmunauppboð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 270, n. 875, brtt. 876.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 876,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 876,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 876,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 876,4 (ný 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 876,5 (ný 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sjómannadagur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 662, n. 831, brtt. 838.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 838,1 felld með 18:9 atkv.
Brtt. 831 samþ. með 24:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 838,2 felld með 22:10 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.–7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645, n. 833 og 840.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:3 atkv.
2. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lögreglumenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699, n. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573, n. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661, n. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Útflutningslánasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 739, n. 873, brtt. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 874 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208), n. 837.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22:8 atkv.
2.–22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 806, n. 867, 895 og 923, brtt. 817, 886, 924.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 924,1 felld með 21:8 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 924,2 felld með 23:9 atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 886,1 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, KH, SJS, SvG, GSig, GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP.

nei: KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.

ÓÞÞ, PS, SV, EH greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (RH, GeirG, GE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða tillögu sem á engan hátt flækir staðgreiðslukerfið. Till. gerir einungis ráð fyrir því að ríkissjóði verði skylt að skila Framkvæmdasjóði aldraðra þeim peningum sem ríkissjóður innheimtir í þágu Framkvæmdasjóðsins. Ég segi því já, herra forseti.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Með því að frv. gerir ráð fyrir því að fjár sé aflað til Framkvæmdasjóðs aldraðra tel ég till. þessa óþarfa og segi nei.

9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 817 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 924,3 felld með 20:8 atkv.
10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 924,4 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 886,2 felld með 22:8 atkv.
11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
12.–18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 924,5 felld með 22:5 atkv.
19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 886,3 felld með 22:10 atkv.
Brtt. 924,6 kom ekki til atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 924,7 felld með 22:11 atkv.
Ákv. til brb. II samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. III samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 924,8 felld með 26:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, SJS, SvG.

nei: FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, IG.

3 þm. (GeirG, GE, StG) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 807 (sbr. 594), n. 868, 870 og 887, brtt. 871, 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 871 samþ. með 24 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
21.–31. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 888 felld með 19:7 atkv.
32. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
33.–42. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 808 (sbr. 595), n. 869, 833 og 889, brtt. 884, 890.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 890 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 884,a felld með 21:3 atkv.
Brtt. 884,b felld með 22:7 atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, ein umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 909 (sbr. 545).

Frsm. landbn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Þetta mál er rétt komið til deildarinnar og það hefur ekki verið haldinn fundur í nefndinni síðan. Þetta eru minni háttar breytingar sem landbn. Ed. gerði á frv. að beiðni búnaðarþings. Ég get ekkert um þetta mál sagt frekar, en fyrir mitt leyti mundi ég mælast til þess að þetta yrði samþykkt. Hins vegar verður fundur í landbn. á morgun um annað mál. Ef til vill er forseti fús að fresta málinu ef mótmæli kæmu frá einhverjum nefndarmönnum við að þetta sé tekið fyrir.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Það væri nú æskilegt ef hv. landbn. vildi koma saman formlega núna á meðan á þessum fundi stendur, það þarf ekki að vera langt, og við tökum þetta mál þá fyrir aðeins síðar. Það væri ágætt að geta lokið málinu, en málinu er frestað um sinn.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 904, brtt. 912.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. voru felldar nokkrar brtt. sem þm. Alþfl. lögðu fram. M.a. voru felldar tillögur um að opna fyrir heimild til lánveitinga til kaupleiguíbúða. Ég harma að svo skuli fara að ekki skuli vera meiri hl. fyrir því hér á hv. Alþingi að opna fyrir lagaheimild til byggingar eða kaupa á kaupleiguíbúðum.

Ég minni á að það liggur fyrir og hefur komið fram í skýrslu á hv. Alþingi að á næstu 2–3 árum er þörf fyrir 2500–3000 félagslegar íbúðir. Ég minni á að eftirspurn eftir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna er langt umfram þörf og ég minni einnig á að þeir sem verst eru settir geta ekki staðið undir útborgun til að mynda á íbúðum í verkamannabústöðum. Eins liggur fyrir að nokkur hópur fær ekki fyrirgreiðslu í almenna húsnæðiskerfinu af því að

það fólk stendur ekki undir greiðslubyrði lána. Ég tel að það sem ég hef hér sagt sýni ljóslega fram á að það standa engin rök til að fresta því að taka á félagslega hluta húsnæðiskerfisins eins og stjórnarflokkarnir leggja til.

Ég vil einnig minna á í þessu sambandi að hér var um það að ræða að opna fyrir heimild fyrir sveitarstjórnir sem sveitarstjórnir gætu nýtt sér ef þeim svo sýndist, en í samstarfssamningi ýmissa sveitarstjórna og verkefnalista er að finna tillögur um að sveitarstjórnir hefji byggingu eða kaup á húsnæði með kaupleigufyrirkomulagi. Hefðu þessar tillögur verið samþykktar við 2. umr. um frv. hefði sveitarstjórnunum ekkert verið að vanbúnaði, sem það vildu, að hefja byggingu eða kaup á húsnæði með kaupleigufyrirkomulagi.

Ég tel hæpið af stjórnarflokkunum að bera það fyrir sig að það að opna fyrir lagaheimild fyrir kaupleiguíbúðir sé í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Ég minni á brtt. sem flutt var við 2. umr. af mér ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og ég minni á það að ýmsir verkalýðsleiðtogar, m.a. forseti ASÍ, hafa lýst yfir stuðningi við kaupleiguíbúðir.

Í annan stað var við 2. umr. um þetta mál felld tillaga frá mér og Kjartani Jóhannssyni þess efnis að húsnæðismálastjórn hefði heimild til að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

Við höfum viljað freista þess núna við 3. umr. málsins að endurflytja þessa till. í nokkuð breyttri mynd ef vera kynni að um hana gæti náðst samkomulag. Þessa till. flytja Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur J. Guðmundsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Till. hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er félmrh. að höfðu samráði við ASÍ, VSÍ og VMSS að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Því verður varla trúað að það sé ekki meiri hl. fyrir því á hv. Alþingi að samþykkja slíka till.

Eins og húsnæðislöggjöfin er nú úr garði gerð heimilar hún lánveitingar til hópa sem eiga skuldlausar eignir og eru að minnka við sig húsnæði. Þessir hópar geta fengið 1200 þús. kr. lán með niðurgreiddum vöxtum úr húsnæðiskerfinu jafnvel þótt þeir þurfi ekki á því að halda til þess að eignast húsnæði. Það verður að segja að það er harla einkennilegt að þessir hópar skuli geta fengið lán og það sé til fjármagn í húsnæðiskerfinu til ráðstöfunar fyrir þessa hópa þegar fjármagn til þeirra sem byggðu á árunum 1980–1985 og eru að sligast undan greiðslubyrði lána, sérstakt fjármagn til þessara hópa, er þrotið.

Það liggur einnig fyrir að nokkur hópur fær ekki fyrirgreiðslu úr almenna húsnæðislánakerfinu af því að hann getur ekki staðið undir greiðslubyrði lána og draga verður í efa að þessir hópar fái fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna þar sem félagslegi hluti íbúðakerfisins er fjárhagslega sveltur. Því er harla einkennilegt að það skuli vera til ráðstöfunar fjármagn fyrir hópa sem ekki þurfa á því að halda til húsnæðisöflunar. Það er talið að þessi hópur, sem á þenna rétt, geti verið um 15% af heildinni og geti tekið til sín 500 millj. af fjármagni húsnæðiskerfisins. Því er þess nú freistað við lokaafgreiðslu frv. úr hv. Nd. að reyna að ná meirihlutafylgi fyrir því að veita húsnæðismálastjórn slíka heimild til að skerða eða hafna lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í þeim tilvikum sem ég hef hér nefnt.

Herra forseti. Ég vil í lokin beina tveimur spurningum til hæstv. félmrh. Í umræðum um stöðu húsnæðismála í tengslum við skýrslu félmrh. um störf milliþinganefndar kom fram hjá hæstv. félmrh. að mjög fljótlega yrði Alþingi gerð grein fyrir eftirfarandi:

1. Stöðu húsnæðismála út frá þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram um mikla vanáætlun á fjármagnsþörf og útlánaáætlun.

2. Fram kom hjá hæstv. ráðh. að skýrsla yrði lögð fram fljótlega þar sem gerð yrði grein fyrir ástæðum synjunar lána hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Nú er um þessi atriði spurt og spyr ég hæstv. félmrh.: Verða fyrir þinglok lagðar fram skýrslur um þetta efni eða Alþingi a.m.k. gerð grein fyrir stöðu mála? Ég tel að hér sé um mjög mikilvæg atriði að ræða. Það sé mjög brýnt að Alþingi geri sér grein fyrir stöðunni í húsnæðismálum og hvort þar sé um miklar vanáætlanir að ræða, bæði í fjármagns- og útlánaþörf. Ég trúi því ekki að það taki svo langan tíma að gera slíka úttekt að það geti ekki legið fyrir fyrir þinglok. Ég hygg að það séu 1–2 vikur síðan þessi skýrsla var hér til umræðu og hygg ég að það sé nægur tími til að gera þá úttekt sem hér hefur verið um beðið.

Ekki síður er nauðsynlegt og brýnt að Alþingi ljúki ekki svo störfum að fyrir liggi ástæður þess hvers vegna nokkrum hópi hefur verið synjað um lánafyrirgreiðslu hjá Byggingarsjóði ríkisins. Það er mikilvægt að Alþingi geri sér grein fyrir því til þess að hægt sé að bregðast við því og gera ráðstafanir í tíma. Vera má að það þurfi og sé þá nauðsynlegt að veita til að mynda meira fjármagni inn í Byggingarsjóð verkamanna ef fyrir liggur að um einhvern hóp sé að ræða, kannske stóran, sem ekki fær fyrirgreiðslu úr almenna kerfinu af því að það stendur ekki undir greiðslubyrði lána.

Ég trúi því ekki að verkalýðshreyfingin og kannske helst láglaunafélögin geti verið sátt við að þeirra félagsmenn fái ekki fyrirgreiðslu í almenna húsnæðislánakerfinu og ekki heldur hjá Byggingarsjóði verkamanna þó að þessi láglaunafélög láti stóran hlut af ráðstöfunarfé sínna lífeyrissjóða í húsnæðismálakerfið. Í mínum huga eru þessi tvö atriði sem ég nefndi, þ.e. að Alþingi fái skýrslu um stöðu húsnæðismála og það liggi fyrir ástæður synjunar hjá þessum hópum, svo stór að ég legg á það þunga

áherslu að ráðherra gefi Alþingi svör við því hvort slík skýrsla verði gefin hér á Alþingi því að ég verð að draga í efa að ég fái annað tækifæri hér í ræðustól, ef stefnt er að þinglausnum í vikunni, til að inna ráðherra eftir svörum við þeim spurningum sem ég lagði fram fyrir nær tveimur vikum um stöðu þessara mála. Þess vegna ítreka ég ósk mína um að ráðherra svari nú því sem ég hef spurt um.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er hressilegt rétt fyrir þinglokin að taka smásnerru um húsnæðismálin. Við höfum rétt einu sinni enn heyrt í þessum hv. þm., varaformanni Alþfl., frú Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. landsk. þm., þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni, sem marglýst hefur verið yfir, að það er eitur í hans beinum að almenn úrlausn fáist í húsnæðismálum og að menn fái að sitja við sama borð.

Síðast þegar við töluðum um þessi mál hér í deildinni var það skoðun þessa hv. þm. að það ætti að skera niður lánsfyrirgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem vildu kaupa notaðar íbúðir, talaði um að upp hefði komið í stjórn Húsnæðisstofnunar tillaga um það að skilyrða ætti að 50% lánsfyrirgreiðsla seljanda skyldi koma til ef menn fengju lán til kaupa á notaðri íbúð úr Byggingarsjóði ríkisins. Þetta var staðfest af formanni Alþfl. við þær umræður.

Þarna er um verulega lækkun að ræða. Eins og við vitum er það svo nú að þessi lánsfyrirgreiðsla getur að hámarki orðið allt að 70% af söluverði íbúðarinnar. Þetta átti að skera niður. Það átti að skerða hag þessa fólks til þess að hægt væri að koma fram sjónarmiðum eða hugsjónum Alþýðuflokksmanna, krata, víðs vegar um landið þegar þeir vilja seilast í vasa skattborgaranna til að standa við þau loforð sem þeir hafa gefið í hinum ýmsu sveitarfélögum, sem eru í því fólgin að það eigi ekki aðeins að rétta þessu fólki fé frá sveitarfélögunum sem svarar 15–20% eftir atvikum af kaupverði eða byggingarverði íbúðar. Það er ekki nóg með að það eigi að skattleggja sérstaklega þetta fólk í sveitarfélögunum heldur á að veita þessu fólki sérstaka fyrirgreiðslu í Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins, 80–85% úr Byggingarsjóði ríkisins. Meðan aðrir verða að láta sér nægja 70% eiga þessir að fá 80–85% úr Byggingarsjóði ríkisins plús 15 eða 20% frá sveitarfélögunum og þar að auki á svo að víkka út lánsfyrirgreiðslu Byggingarsjóðs verkamanna. Með þessum hætti á að auka á mismunun í þjóðfélaginu. Ég sá líka Alþýðublaðið sem maður fékk allt í einu inn um dyrnar hjá sér án þess að það væri í „konfelúttu". Það var mikið viðtal við efsta mann á lista Alþfl. í Reykjavík þar sem hann sagði að í félagslegum málefnum ætti hann samleið með Alþb., en auðvitað ekki Sjálfstfl. sem vill vinna að því að menn sitji við sama borð og reyni að spjara sig.

Ég vil fyrst segja: Þetta er auðvitað ágæt till. sem hv. þm. hafa borið fram, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, þess efnis að félmrh. sé heimilt að höfðu samráði við ASÍ, VSÍ og VMSS að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðisstjórnar. Nú á að láta húsnæðisstjórn meta það og ráða því hvaða íbúð er fullnægjandi. Ef þessir matsmenn, ef þessi yfirdómur þessara þm. metur það svo að einhver íbúð sé fullnægjandi á að svipta viðkomandi mann lánsrétti úr Byggingarsjóði ríkisins. Þetta eru þeirra hugsjónir. Svipta hann lánsréttinum.

Nú var það svo að við spurðum að því, sem vorum í húsnæðisnefndinni, fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem komu að hitta okkur, hvort þeir vildu fara þannig að að menn ættu ekki jafnan rétt til lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Þeir sögðu að það yrði að vera svo, að rétturinn yrði að vera jafn vegna þess að þetta fólk allt saman, félagar í lífeyrissjóðunum, greiddi til lífeyrissjóðanna og þetta fólk hefði rétt til lána úr lífeyrissjóðunum eins og þá var. Það var þess vegna hér verið að tala um að þrengja lánareglur lífeyrissjóðanna þannig að meira fé en áður færi til húsnæðismálanna, en á hinn bóginn talið nauðsynlegt bæði af verkalýðsfélögum og vinnuveitendum að um leið og lánsrétturinn yrði með þessum hætti þrengdur yrði fólkinu ekki bannað að fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til að kaupa sér íbúð. Sá réttur hefur raunar alltaf verið. Sá réttur var þegar Alþfl. fór síðast með embætti húsnæðisráðherra. Magnús Magnússon var þá húsnæðisráðherra og skildi að vísu eftir sig þann eftirmála að þá hafði verulega verið skert það fé sem ríkið lagði til húsnæðismálanna og var það upphafið á ógæfusögu Byggingarsjóðs ríkisins. Hún hófst með sæti Magnúsar Magnússonar uppi í félmrn. 1979. Þá var ekki spurt um það, ef menn vildu byggja hús, hvort þeir ættu íbúð fyrir. Það var ekki spurt um það. Þeir fengu lán til að byggja sér íbúð. Það var á hinn bóginn þannig að lánveitingar til þeirra sem voru að kaupa notaðar íbúðir voru mjög óverulegar, en þær voru líka mjög óverulegar til þeirra sem ekki áttu íbúð fyrir. En fyrir þá sem voru að byggja var þessi lánsréttur alveg tvímælalaus.

Á bak við þessa hugsun, að lánsrétturinn skuli vera jafn, er þessi skoðun aðila vinnumarkaðarins að þeir menn sem greiði fé í lífeyrissjóðina skuli allir sitja við sama borð. Þetta hefði einhvern tíma verið talin jafnaðarhugsun, en það er nú komið svo fyrir jafnaðarmannaflokknum að hann er að verða einhver mesti ójafnaðarmannaflokkur veraldarinnar með því ævinlega að koma hér inn á Alþingi með hvers kyns útgjaldatillögur sem eru til þess fallnar að misbjóða fólki og veita sumum sérréttindi á kostnað annarra. Þetta ern mergurinn málsins í því sambandi.

Ég get vel tekið undir það og hef oft sagt, og flutt þá ræðu margsinnis í þessum stól, að okkur hafi tekist með húsnæðislögunum fyrir einu ári, eða

þeirri samþykkt sem þá var gerð og staðfest á Alþingi á s.l. vori, að stórauka svo fé til húsnæðismála að gagnvart þeim sem ekki eiga íbúð fyrir erum við sennilega að margfalda fjárhæðirnar með 3–4 ef um nýbyggingu er að tefla og enn þá meira ef um notað húsnæði er að tefla. Og sömuleiðis gagnvart þeim sem íbúð áttu fyrir. Þar er líka um margföldun fjármuna að ræða. Þetta er auðvitað mjög stórt skref sem við stígum þarna og það hljóta allir að skilja að það hlýtur að taka á bæði ríkissjóð og lífeyrissjóðina að standa undir allri þessari auknu fjáröflun.

Alþfl. hefur kvartað undan því að vextir séu háir og ýmsir fleiri eru að kvarta undan því að vextir séu háir. Hvers vegna eru vextir háir nema vegna þess að eftirspurnin eftir innlendu fjármagni er meiri en framboðið? Það er m.a. skýringin á því hvers vegna vextir af lífeyrissjóðslánunum til húsnæðislánakerfisins eru jafnháir og raun ber vitni. Ef við á hinn bóginn vildum auka þessi framlög verulega, skattleggja þjóðina til að auka húsnæðislánin — Ég tók rétt eftir því að efsti maður á lista Alþfl. í Reykjavík hefur fundið það að þeirri ríkisstjórn sem nú situr að hún hafi hleypt kaupmættinum of hátt á s.l. ári og rétt hefði verið að auka skattheimtuna. — ef við hefðum aukið skattheimtuna með þeim hætti, aukið fé í húsnæðisgeiranum mundi eftirspurnin vaxa enn þá meira eftir húsnæðinu. Byggingar mundu þjóta upp. Það mundi koma þensla í byggingarmarkaði. Þetta mundi þýða að innan tíðar hlyti að koma til samdráttar eins og gerst hefur sums staðar úti á landi með allri þeirri ógæfu sem því fylgir.

Okkur hefur tekist að koma húsnæðislánunum upp í rétt um 2,5 millj. til þeirra sem eru að byggja í fyrsta skipti eða 70% af byggingarverði. Þetta er mjög mikill og merkur áfangi. Það hefur verið talað um að fá nokkra reynslu af því hvernig þetta nýja kerfi muni reynast og við vitum það, sem höfum kynnt okkur þessi mál, að yfirgnæfandi líkur benda til þess að sú fyrirgreiðsla sem nú er veitt muni duga til þess að fólk lendi ekki í samsvarandi greiðsluerfiðleikum og meðan gamla húsnæðislánakerfið var við lýði og það jafnvel þótt húsnæðislánin hafi verið hækkuð um 50% á árinu 1984 til þeirra sem voru að byggja sína fyrstu íbúð. Þá var samt komið í ljós að sú hækkun reyndist ekki nóg og ýmsir lentu í greiðsluerfiðleikum.

Nú er hér verið að tala um það að ef þessi dómstóll þingmanna, sem hér er lagt til að setja, telji íbúðina fullnægjandi eigi viðkomandi ekki að fá lánsfyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins ef hann vill selja þessa íbúð og kaupa aðra stærri. Þetta er í miklu ósamræmi við málflutning hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hann er að ræða um það fólk sem lenti í greiðsluerfiðleikunum, greiðsluvandanum. Margt af því fólki átti íbúð fyrir og mér hafa sagt bankastjórar að margir þeir sem í mestum erfiðleikunum stæðu hefði einmitt verið fólk sem hefði verið að stækka við sig, fara úr minni íbúð í stærri, en hefði síðan ekki getað selt íbúðina. Ef þessi dómstóll hefði dæmt fyrri íbúð fullnægjandi, nógu stóra að mati þingmanna hérna, áttu þeir ekki að fá lánsfyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins. Það er þeirra tillaga.

En mergurinn málsins er sá að nauðsynlegt hefur reynst að koma þessu fólki til hjálpar hvað eftir annað og vonir standa til að sú mikla fyrirgreiðsla sem þannig hefur verið veitt muni duga til þess að þetta fólk geti komið fótunum undir sig.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Við höfum oft tekið snerru um húsnæðismálin. Sú lausn sem ég hef lagt til er almenns eðlis. Við eigum að koma til móts við alla borgara þessa lands. Þeir menn sem hafa fulla heilsu og dugnað til að koma sér vel áfram eiga auðvitað að eiga kost á því að fá íbúð á frjálsum markaði og við eigum að efla Byggingarsjóð ríkisins til þess að sá kostur geti orðið betri en hann er nú. Á hinn bóginn eru ævinlega margir sem nauðsynlegt er að koma sérstaklega til móts við með félagslegum aðgerðum. Ástæðurnar geta verið margvíslegar. Það getur verið hjónaskilnaður, heilsubrestur, viðkomandi getur af ýmsum öðrum ástæðum lent í erfiðleikum. Til þess að mæta þessu er Byggingarsjóður verkamanna og hann veitir fé til verkamannabústaða. Það er mjög nýstárlegt að heyra nú að það skuli vera Alþfl. sem hefur sett fram mestar efasemdir um að þeir eigi lengur rétt á sér, að þeir svari kröfum tímans, eins og komið hefur fram í ræðum a.m.k. eins þm. Alþfl., og það er líka merkilegt að annar þm. Alþfl. skuli hafa haldið því fram hér í þessum stól að vart sé að treysta verkalýðshreyfingunni í sambandi við þá sem verst mega sín og úrlausn þeim til handa á félagslegum grundvelli í sambandi við íbúðir. Mjög er merkilegt að slík orð skuli hafa fallið frá þeim mönnum sem telja sig arftaka Héðins Valdimarssonar og Jóns Baldvinssonar.

En auðvitað viljum við sjálfstæðismenn byggja á sjálfseignarstefnunni. Við viljum að einnig þeir sem verr eru settir eigi kost á því að eignast íbúð í verkamannabústöðum og að sjálfsögðu er nauðsynlegt að leiguíbúðir sveitarfélaga séu við lýði áfram. Hitt væri svo fróðlegt að fá nánari útlistun um. Ég sé að hv. 3. þm. Reykn. hefur kvatt sér hljóðs. Hann hefur ekki svo að ég muni áður talað um kaupleiguíbúðirnar í sölum Alþingis, en ég veit að hann íhugar mjög vel sitt mál og væri fróðlegt að fá frá honum upplýsingar um hvað raunverulega felist í kaupleiguíbúðartilboði Alþfl. þannig að menn geti glöggvað sig á því hvað býr þar á bak við.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er 318. mál deildarinnar. Það er um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og flutt til að lagfæra ýmis tæknileg atriði fyrst og fremst og augljós atriði til að auðvelda Húsnæðisstofnun að afgreiða lánaumsóknir sem fyrir liggja. Þetta er frv. sem er búið að fara í gegnum Húsnæðisstofnun, búið að fara um hendur aðila vinnumarkaðarins, búið að fara í hendur þeirrar laganefndar sem samþykkti það

lagafrv. sem var samþykkt á síðasta þingi og eins og kom fram í athugasemdum með þessu frv. var aðeins um það allra brýnasta að ræða sem þurfti að lagfæra til að auðvelda afgreiðslu mála. Ég get nefnt sem dæmi, sem hv. þm. sjálfsagt allir hafa áttað sig á sem á annað borð vilja tala um þetta í rólegheitum, að það er fyrst og fremst verið að greiða fyrir fólki sem hefur unnið óreglulega á vinnumarkaði þannig að það hefur ekki haft fyllsta rétt sem lögin gera ráð fyrir, þ.e. 24 mánuði samfellt í lífeyrissjóð með lífeyrissjóðsréttindi. Fyrsta breytingin var sú að það þyrftu ekki að vera nema 20 mánuðir innan þessara 24 mánuða, og mundi það auðvelda afgreiðslu til fjölda fólks sem annars mundi sjálfkrafa falla út en þarf vissulega á þessum lánum að halda. Það er verið að gera leiðréttingu fyrir námsmenn sem höfðu enga möguleika til þess að leiðrétta sína lífeyrissjóðsstöðu afturvirkt. Það er verið að gera þeim auðvelt að komast inn í þetta kerfi sem á annað borð hafa stofnað til heimilis og þurfa á húsnæði að halda. Sömuleiðis er verið í þessu frv. að auka lánsrétt eða möguleika öryrkja, fatlaðra og aldraða til þess að nota sér fyllri lánsrétt en áður hefur verið. Svo eru nokkur önnur tæknileg atriði. Það var því reiknað með því að um þetta litla frv. yrði algjör samstaða hér á hæstv. Alþingi og Ed. þingsins sýndi það í verki. Hún afgreiddi þetta mál með miklum hraða og þannig var reiknað með því að það kæmist í gegnum þessa deild.

Eins og hv. alþm. er kunnugt og þeir eiga að vita voru lögin um Húsnæðisstofnunina, sem samþykkt voru á síðasta þingi, byggð á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar og eitt meginatriði laganna byggðist á samræmdri þátttöku allra lífeyrissjóða landsins, sem leggi til fjármagn sem nemi 55% af ráðstöfunarfé þeirra, en það er skilyrði til fulls lánsréttar einstaklinga sem sækja um lán. Aðilar vinnumarkaðarins og laganefndin hafa, eins og ég nefndi áðan, lagt á það ríka áherslu að þessi lög fái vissan aðlögunartíma í framkvæmd og hafa sumir þeirra, fulltrúar Alþýðusambandsins, talið að þessi aðlögunartími þyrfti að vera tvö ár. Það er e.t.v. of langur tími en a.m.k. verður hann að vera eitt ár.

Félmrn. og Húsnæðisstofnunin hafa alveg frá fyrsta degi eftir að lögin tóku gildi tekið saman ágalla sem koma fram við framkvæmd laganna og þessi endurskoðun heldur áfram. Það er þess vegna augljóst mál að það er engin ástæða til að opna þessi lög meira en lagt er til í þessu frv. Og það sem er lagt til á þskj. 912, sem er mjög á misskilningi byggt, fellur algjörlega undir þá endurskoðun sem e.t.v. er tímabært að taka upp á næsta haustþingi ef mönnum sýnist svo. En það verður algerlega að vera í samráði við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði landsins. Það vil ég leggja sérstaka áherslu á. Hvað haldið þið að mundi þýða ef ætti að fara að kippa rétti af félagsmönnum í stórum hluta af lífeyrissjóðakerfinu, en sumir lífeyrissjóðirnir eru búnir að gera samninga til tveggja ára, ef þeirra félagsmenn ættu ekki að fá rétt til lána úr húsnæðiskerfinu? Ég vil bara biðja menn að athuga það, ekki síst hv. þm. sem leyfa sér að fullyrða það að þeir sem er vísað frá af þessum sökum séu jafnvel 15% og þeir tala um 500 millj. kr. Hvað haldið þið að þeir lífeyrissjóðir sem hér um ræðir gætu kippt að sér hendi í sambandi við undirstöðuatriði í uppbyggingu þessa lánakerfis ef Alþingi tæki upp á því núna, áður en lögin eru búin að renna í gegnum sitt aðlögunartímabil, að kippa réttinum af þessu fólki með einni handauppréttingu hér? Ég er ansi hræddur um að það verði erfitt að svara fyrir það þegar svona stórt samkomulag er gert milli aðila vinnumarkaðarins. Ég endurtek: Ég tel enga ástæðu til þess að gera stórfelldar breytingar á þessu frv. þegar allir aðilar sem stóðu að því á vinnumarkaðinum leggja til að það fái vissan aðlögunartíma. Það getur vel verið að ástæðulaust sé að hafa það meira en eitt ár en aðilar vinnumarkaðarins, sérstaklega fulltrúar Alþýðusambands Íslands, óska eftir því að aðlögunartíminn verði a.m.k. tvö ár.

Ég vil segja það varðandi það að hv. 2. landsk. þm. var að þýfga mig um svör við öllum sköpuðum hlutum að ég sagði það við umræðurnar hér á hæstv. Alþingi fyrir skömmu að ekkert væri því til fyrirstöðu, þegar Húsnæðisstofnun er búin að gera þá könnun sem hún þarf að gera á kerfinu, að þær upplýsingar liggi fyrir og verði opinberaðar. Það er ekkert því til fyrirstöðu. Á þessu augnabliki get ég ekki svarað þessu öðruvísi.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Orð mín skulu vera fá. Mig undrar satt að segja á þeim ræðum sem hafa verið haldnar. Hér er alls ekki verið að tala um kaupleiguíbúðir. Hér er ekkert verið að tala um hve langur biðlisti, raunhæfur langur biðlisti, er eftir lánum. Þar erum við hv. 2. landsk. þm. t.d. ákaflega ósammála. Ég tel að það sé ákaflega orðum aukið sem þar er er sagt. Þó að ég sé hins vegar fylgjandi kaupleiguíbúðunum tel ég þær fallnar með síðustu atkvæðagreiðslum og orðlengi það ekki frekar.

Ræða hv. 2. þm. Norðurl. e. olli mér nokkurri furðu. Prýðilega greindur og hæfur þm. lætur út úr sér alveg endemis vitleysu, átakanlega vitleysu. Varðandi þessi ágætu lög, sem verið er að vitna í, liggur það fyrir að í fyrsta lagi verður fé til húsnæðismálastjórnar mun meira. Í öðru lagi verða möguleikar á að kaupa eldri íbúðir og aukin lán veitt til þess en þau hafa verið óeðlilega lág um árabil. Hins vegar er það staðreynd að meðan þetta kerfi er að jafna sig verður einhver bið og hjá sumum nokkuð erfið.

Í lögunum er meingallað ákvæði að mínu áliti. Og þó að ég álíti of stór orð hafa fallið um það hvað ástandið sé slæmt, ákaflega slæmt ástand að ekki skuli vera hægt að veita meira fé í félagslegar íbúðir, get ekki með nokkru móti fallist á það sjónarmið að óþarft sé að breyta því, og mér er alveg sama þó að

einn ágætur maður frá Alþýðusambandinu lýsi því yfir að hann vilji ekki breyta þessum lögum næstu tvö ár. Í þessum lögum er sá galli að maður sem á góða íbúð, á gott hús, getur fengið allt að 1200 þús. kr. lán þótt hann sé að minnka við sig, á undan þeim sem á í húsnæðiserfiðleikum.

Nú hefur verið bent á það hér að vera megi að það sé erfitt að selja viðkomandi íbúð og útborgun verði lítil. Þá eru möguleikar húsnæðismálastjórnar að meta það. Ég hef enga trú á því að þessir menn, sem eiga stórar íbúðir og eru að minnka við sig, séu 15% af umsækjendunum. En það eru nokkrar umsóknir, þær þurfa ekki að vera margar, þar sem menn eru að sækja um lán til þess að fá niðurgreitt fjármagn. Það er verið að misnota kerfið. Það er enginn að tala um að það geti ekki verið í einstaka tilfelli að það eigi að nota þetta. Ef maður, sem á 200–300m^2 einbýlishús, selur það á 10 millj. og kaupir fjögurra herbergja íbúð á 4 millj. og þetta er skuldlítið skulum við segja, af hverju á þá að veita honum 1200 þús. kr. niðurgreitt lán meðan aðrir bíða í erfiðleikum? Ég vil nú ekki vera að slá neitt um mig hér í þessum ræðustól. Sá gegnumvandaði og ágæti maður Ásmundur Hilmarsson hefur hins vegar engu meiri heimild til þess að lýsa því yfir en ég fyrir hönd Alþýðusambandsins að hann vilji ekki breyta þessu í tvö ár. Þetta er bara ekkert umsögn Alþýðusambandsins. Ég er sannfærður um að ég fengi þessa tillögu samþykkta í miðstjórn Alþýðusambandsins um leið og fundur er kvaddur saman.

Við eigum ekki að vera svo fastheldin að ef við sjáum galla á lögum, lögum sem hafa gjörbreytt ástandinu í húsnæðismálum, opnað möguleika sem fólk hefur ekki haft fyrr, en ef í þeim eru ákvæði sem einhverjir aðilar geta misnotað á kostnað þeirra sem verr eru settir eigum við ekki að hika við að breyta því. Það er nú ekki farið fram á meira en að félmrh. hafi samráð við ASÍ, VSÍ og Vinnumálasambandið um að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem getur talist fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar. Ég vil nú biðja þm. mjög að íhuga og tek þetta sem nokkurn prófstein: Er algjörlega útilokað að lagfæra svona galla á lagafrv. öðruvísi en að það sé bara flokkslegur, pólitískur meiri hluti? Ætla þm., þrátt fyrir þessa augljósu galla, að hafa þá galla að engu af því að flokkurinn segir eitthvað annað? Og hvaða flokkur segir það að þeir sem eru að selja íbúð, sem er viðunandi og er kannske firnastór, og fá lánað niðurgreitt fjármagn, skuli vera jafngildir hinum sem eiga í erfiðleikum? Það væri gaman að fá það upplýst.

Menn tala hér algjörlega í flokkslegum tón. Ég vil taka það fram að ég hef í sambandi við þessi mál gengið á móti bæði mínum flokksmönnum að nokkru leyti, að ég tali nú ekki um þau bulluskrif sem velta upp úr Þjóðviljanum. Náttúrlega er ekki minnst á afstöðu mína, enda geri ég ekki kröfu til þess og hef það að engu, hef það bara að engu. Ég hef í þessum húsnæðismálum að mörgu leyti verið nær félmrh. og hans málflutningi þó að ég sigli kannske þarna á milli.

Ég vil biðja þm. mjög um að athuga hvort þeir eigi að láta rígskorðast, hvort þeir eigi að láta negla sig algjörlega niður, og það sé óheft að sá sem selur lúxusíbúð og kaupir sér minni íbúð skuli eiga rétt á 1200 þús. kr. niðurgreiddu láni meðan ekki er hægt að fullnægja umsóknum annarra. Ég veit að réttlætiskennd þm. æpir á þetta og ég treysti því að þm. sýni það nú að það megi marra eitthvað í flokksböndunum, jafnvel þó að þeir fái einhverjar vítur fyrir frá leiðtoganum, og láti sig það litlu skipta. Hér er réttlætismál á ferðinni. Við eigum ekki að standa með meingölluðum ákvæðum í lögum. Við eigum að rétta þeim hjálparhönd sem verr eru staddir en ekki stuðla að spillingu.

Von mín er síðan að endingu sú að flokksböndin slitni nú í þessu máli og samviskan ráði. Þá held ég að þessi tillaga verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur komið sér upp mjög harðskeyttri ræðu um húsnæðismál. Hann flytur þessa ræðu yfirleitt alveg án tillits til þess hvaða umræða er annars í gangi á sviði húsnæðismála. Það er þess vegna ekkert skrýtið þó að hann hafi sett á fulla ferð með þessa ræðu sína áðan. Þar fengum við að heyra ýmsa hluti sem við erum flestir farnir að kunna nokkurn veginn utan að, m.a. um kaupleiguíbúðir.

Hæstv. félmrh. virðist aftur á móti hafa misskilið tvennt. Í fyrsta lagi verður aldrei hægt að afsala því valdi út um borg og bý hvort lögum er breytt eða ekki. Það verður Alþingi ávallt að taka ákvarðanir um. Í annan stað: Sé ráðherra veitt heimild, eins og hér er gert ráð fyrir, getur kerfið ekki hrunið vegna heimildarinnar nema ráðherrann misnoti heimildina. Eini möguleikinn til þess að heimildin verði skaðvænleg einum eða neinum er að ráðherra misnoti heimildina. Í þessu tilfelli hlýtur það að vera fyrsti valkostur ráðherra að nota ekki heimildina og í annan stað að nota þá heimildina á þann veg að hún sé, eins og hér er gert ráð fyrir, á þann hátt að aðilar vinnumarkaðarins geti við unað.

Hins vegar flutti hv. 7. þm. Reykv. áðan athyglisverða ræðu þar sem hann vakti athygli á því að það er gjörsamlega óverjandi að á meðan margir munu fá að bíða mánuðum saman, e.t.v. á annað ár, eftir úrlausn sinna mála, sé tekin ákvörðun um það að greiða út úr Húsnæðisstofnun ríkisins niðurgreitt fé til þeirra aðila sem að fullu gætu borið kostnað af sínum íbúðarkaupum. Það er ekki spurning um jafnrétti að leggja til að þetta sé á annan veg. Eins og kerfið er í dag býður þetta upp á glórulaus forréttindi handa þeim hópum sem búnir eru að koma sér fyrir í þjóðfélaginu, glórulaus forréttindi. Hví skyldi Alþingi Íslendinga fyrr huga að því að þeirra vandi sé leystur sem svo vel hafa komið sér fyrir á sama tíma og vandi hinna er látinn bíða?

Í annan stað er verið að fitja hér upp á einhverri

nýjung í lagasmíð sem ekki hefur verið áður í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Með leyfi forseta langar mig að lesa hér upp úr lögunum eins og þau voru samþykkt og hljóða í lagasafninu sem er frá 1973. Það eru ekki lögin sem eru í gildi núna en þar segir svo í 3. gr.:

„Umsækjandi byggir fleiri en eina íbúð. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Það er ekki verið að brjóta neitt blað í þingsögunni með því að leggja til þá brtt. sem hér hefur verið talað fyrir. Hér er aðeins verið að feta þá slóð að gera ráð fyrir því að þessi stofnun taki með félagslegum hætti á þessum málum. Ég hefði gaman af að sjá framan í þann alþm. sem vildi fá þann lestur af nöfnum yfir sig um einstaklinga sem búið væri að láta fá lán upp á 1200 þús. þegar þeir hefðu verið að minnka við sig húsnæði og fá svo yfir sig lesturinn af þeim sem eiga að bíða eftir því að fá úrlausn, kannske á annað ár. Mig undrar það satt best að segja að menn skuli hafa sig í það að tala gegn þessari tillögu eins og hér hefur verið gert. Hvaða voðalegu menn eru það sem menn gera ráð fyrir að verði félmrh. hjá þessari þjóð eftir kosningar? Ég óttast ekki nokkurn skapaðan hlut meðan Alexander Stefánsson, hæstv. félmrh., fer með þetta vald. Hvaða voðalegur maður er það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. telur að taki við og muni misbeita sínu valdi með einhverjum dómstóli? (**JBH:** Er það kannske sjálfsgagnrýni?) Með einhverjum dómstóli. (**GJG:** Ætli það sé ekki Jóhanna Sigurðardóttir?) Það er rétt að það fari að koma fram hver þessi voðalegi maður er þannig að menn geti áttað sig á þessu.

Ég held að það verði að líta svo á að heimildargrein eins og þessi geti ekki á nokkurn hátt verið hættuleg fyrir eitt eða neitt samkomulag. Hún er heimild til ráðherrans sem fer með þessi mál að leita samráðs við þessa aðila, sem hann samdi áður við, um eðlilegar reglur sem taka á því vandamáli að það er ekki eðlilegt að sumir fái niðurgreitt fé upp að 1200 þús. kr., peninga sem þeir hafa enga þörf fyrir í reynd en munu fyrst og fremst annaðhvort leggja þá inn í banka eða koma á framfæri hjá öðrum fjármálastofnunum þessa lands, á sama tíma og aðrir, sem nauðsynlega þurfa á þessum peningum að halda til að eignast íbúð, mega bíða.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég skal virða ósk forsetastólsins um að stytta mál mitt þó að hins vegar verði að segjast að ræða hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði gefið tilefni til þess að maður talaði hér langt og ítarlegt mál. Það var meira að segja svo langt gengið hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að hann talaði um þessa tillögu hér sem útgjaldatillögu. Hann sást ekki fyrir í neinu efni við umfjöllun um þetta mál.

Ég hélt að engum þm. væri ókunnugt um hvað hér væri á ferðinni, nefnilega það að staðan er þannig í Byggingarsjóði ríkisins að það er til minna fé heldur en þörf virðist vera fyrir og peningarnir fara m.a. til þess að lána fólki sem þarf raunverulega ekki á lánum að halda. Það hafa verið tekin dæmi um það í opinberum fjölmiðlum, m.a. sjónvarpi, að menn fái lán sem ekki þurfa á þeim að halda og geti lagt þau inn á banka og hirt af þessu fé vexti. Ég hélt að öllum hv. þm. væri ljóst að þetta væri staða málsins.

Hér er sem sagt tillaga um það að skapa aðeins aukið svigrúm, að gefa einhverja möguleika til þess að menn séu ekki skuldbundnir til að veita þeim lán sem ekki þurfa á þeim að halda. Það er það sem tillagan fjallar um. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem þetta er reifað hér í sölum Alþingis. Það var reifað hér líka við 2. umr. þessa máls. Mér hefur nú fundist að það væri í rauninni almennur skilningur hjá þm. úr öllum flokkum fyrir því að það fyrirkomulag sem við værum með væri alls ekki til fyrirmyndar, þegar verið væri að úthluta niðurgreiddum lánum til aðila sem sannanlega þyrftu ekki á þeim að halda.

Nú er það auðvitað líka upplýst að það hefur verið gert ákveðið samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um fyrirkomulag í þessum efnum. Það er einmitt þess vegna sem sú brtt. sem hér er um að ræða er orðuð eins og hér er gert, þar sem gert er ráð fyrir því að ekki verði til neinna aðgerða gripið í þessum efnum öðruvísi en að höfðu samráði við þá sömu aðila og samkomulag var gert við. Maður er í sjálfu sér ýmsu vanur af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. e. En ég hélt að hæstv. félmrh. mundi ekki gefa sjálfum sér jafnslæma einkunn og hann gerði í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan vegna þess að tillagan, eins og hún er, felur það vald í hendur hæstv. félmrh. hvernig hann fer fram í þessu máli. Og að segja að hún feli það í sér að kippt sé réttinum frá fólki er auðvitað fráleitt. Ef hæstv. ráðh. heldur að þarna hafi verið um réttmætan rétt að ræða beitir hann ekki þessu ákvæði. Mér hafði nú skilist af hans málflutningi að hann teldi þetta ákvæði, eins og það er í lögunum núna, ekki það skemmtilegasta eða sterkasta. Í hinu orðinu hélt hæstv. félmrh. því fram að þetta gæti falli undir þá endurskoðun sem þyrfti að gera. Hvað felst í því? Jú, það sem í því felst er viðurkenning hæstv. ráðh. á því að það sem hér er verið að fjalla um sé alls ekki eins fullkomið og rétt og gott og hann vildi þó láta í veðri vaka inn á milli.

Ég held að allir hv. þm. skilji hvernig málið er vaxið. Ég held að allir hv. þm. eigi að geta skilið að eins og frá þessari tillögu er gengið, þá er farið fram af mikilli varkárni. Það er gert ráð fyrir samráði við aðila vinnumarkaðarins. Valdið er falið hæstv. félmrh. til þess að hann geti farið fram af þeirri varkárni sem hann telur nauðsynlega. Það er engin fyrirskipun um að hann þurfi að gera eitt eða neitt í þessum efnum sem hann telur að samræmist ekki réttlætisvitund sinni. Hér er því opnuð leið til að

taka á þessu máli, sem hefur verið til umræðu hér innan þings og reyndar utan líka, og það er í rauninni verið að sýna hæstv. félmrh. þó nokkurt traust með því að ætla honum að fjalla um þessi mál og meta þau. Ég hélt að samþykkt tillögu af þessu tagi gæti engan skaðað en beiting ákvæðisins sem hér um ræðir gæti orðið til þess að skapa aukið svigrúm til að mæta þörfum þar sem þær eru brýnar og þá vitanlega á kostnað þeirra sem sannanlega þyrftu alls ekki á lánum að halda. Það er kjarni málsins.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er kannske eðlilegt að umræður verði nokkrar við þessa 3. umr. þar sem mjög fáir hv. þingdeildarmenn voru við þegar 2. umr. fór fram.

Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um fjögur atriði, þau atriði sem aðilar vinnumarkaðarins töldu sig geta náð samkomulagi um að breyta á þessu stigi málsins:

1. Að það beri að breyta ákvæði um tveggja ára lífeyrisgreiðslur þannig að það þurfi ekki 24 mánuði heldur 20.
2. Að breyta stærðarmörkum vegna erfiðleika sem hafa komið upp í því sambandi.
3. Að inn komi réttur fyrir fatlaða, öryrkja og stofnanir þeirra en það hefur fallið út úr lögunum.
4. Að setja bráðabirgðaákvæði um námsmenn.

Um þetta fjallar frv. Þegar fulltrúi Alþýðusambands Íslands var spurður um það á fundi nefndarinnar, hvort hann teldi ástæðu til þess að taka inn í frv. á þessu stigi kaupleiguíbúðir, svaraði hann því neitandi að áheyrandi öðrum sem voru mættir frá ASÍ á fundinum og sagði að það væri óheppilegt að það gerðist meðan reynslutími stæði. Aðspurður um reynslutíma sagði hann að reynslutími væri hæfilega ákveðinn tvö ár. Það mál er ekki til umræðu hér. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar.

Varðandi þá till. sem hér hefur komið fram vil ég segja þetta: Það var gerð grundvallarbreyting á lögunum fyrir rúmu ári síðan og það var horfið frá þeim reglum sem í gildi voru og sú regla sem kom inn var þessi: Þeir lífeyrissjóðir sem greiða frá 20% og upp í 55% skapa rétt fyrir alla þá sem í lífeyrissjóðunum eru. Svo einföld var þessi regla. Þetta var stighækkandi eftir því hve lífeyrissjóðirnir greiddu mikið til húsnæðisstjórnarinnar með kaupum á skuldabréfum. Þetta er grundvallarregla. Um þetta var samið og á þetta var fallist í samstarfi við alla aðila. Nú sjá menn að þessi regla gerir það að verkum að ýmsir þeir sem að einhverra dómi þurfa ekki á þessum fjármunum að halda af niðurgreiddu fé geta fengið lán út úr Byggingarsjóði ríkisins.

Ég segi: Sú aðferð sem best hentar til þess að koma í veg fyrir misnot er auðvitað að jafna vextina til þessa fólks til þeirra vaxtakjara sem nú fást hjá lífeyrissjóðunum. Ég sé ekki hvers vegna við hér á hv. Alþingi, sem þegar höfum afsalað okkur talsverðum rétti með því að láta lífeyrissjóðakerfið standa undir stórum hluta af þessum peningum sem renna til Byggingarsjóðsins, eigum ekki að láta á það reyna, hvort aðilarnir sem eiga sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar, en þar á meðal eru tveir menn kjörnir af Alþýðusambandi Íslands, eigi ekki að fá að finna út úr þessu máli með því að semja reglur um mismunandi vaxtakjör. Þetta þykir mér liggja í augum uppi.

Ég bendi á það að ef ráðherra færi að því sem hérna er verið að veita honum heimild til er hætta á því að lífeyrissjóðirnir neiti að semja við ríkið um kaup á skuldabréfum því að þetta eru undirstöðuatriði sem við erum að fjalla um. Og ég segi: Til hvers að vera að taka inn í frv. nýtt atriði þegar ljóst er að þetta er enn þá í mótun og talsmaður Alþýðusambands Íslands segir: Leyfið kerfinu að mótast á tveimur árum. Við skulum skafa af því skafankana sem hafa komið upp og að því loknu skulum við þá breyta kerfinu eins og eðlilegast er. Að taka þetta eina atriði út úr núna er óþarfi, því að það er hægt að beita öðrum aðferðum sem gera það að verkum að eftirspurn eftir þessu fjármagni hverfur eða þá að fólkið leitar til sinna lífeyrissjóða til þess að fá lán til að liðka fyrir húsnæðiskaupum sem geta verið í því fólgin að minnka við sig en þeir þurfi á fjármunum að halda um tímabundnar sakir, kannske ekki nema í 4–5 ár. (**JS:** Hver er þessi talsmaður ASÍ?) Hann heitir Ásmundur Hilmarsson og er sá maður sem hefur tekið mestan þátt í þessu og hefur sjálfsagt mest fengist við þessi mál af hálfu ASÍ. Þetta sagði hann svo að aðrir forustumenn Alþýðusambands Íslands hlýddu á á nefndarfundi um þessi mál. Þetta veit hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og getur staðfest. Og ég segi: Svona tillöguflutningur er auðvitað ekkert nema sýndarmennska. Reynum nú að koma þessu máli í gegn. Það er beðið eftir þessum atriðum. Námsmenn bíða, fatlaðir bíða og það bíða ýmsir þeir sem hafa borgað í lífeyrissjóði í 20 mánuði á síðustu 24 mánuðum. Látum nú þetta frestast á meðan endurskoðun fer fram. Sýnum nú manndóm og keyrum þetta mál í gegnum þingið eins og það er núna að ósk aðila vinnumarkaðarins.

Ég þakka fyrir, herra forseti.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Menn geta auðvitað haft hvaða skoðun sem er á þessu máli og haft á því mismunandi prinsip-skoðanir. En ég mótmæli því harðlega að því sé lýst yfir að sú tillaga sem ég er hér flm. að ásamt fjórum eða fimm öðrum. þm. sé sýndarmennska og hana megi hér ekki ræða.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég dreg ummæli mín til baka um að þessi brtt. sé sýndarmennska. Þessi tillaga er örugglega flutt af góðum hug en hún á ekki erindi eins og stendur.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sá misskilningur virðist vera uppi að það sé ekki Alþingis að fjalla um það hvað verði um þá peninga sem samþykktir eru á fjárlögum og fara inn í húsnæðismálakerfið. Einhver sérlegur sendimaður ASÍ, sem einn af áhrifamönnunum í ASÍ vill þó ekki skrifa upp á sem neinn sérstakan fulltrúa fyrir samtökin, hefur lýst því yfir að það eigi ekkert að gera í tvö ár í endurskoðun. Það er alveg makalaus yfirlýsing svo að ekki sé meira sagt.

Hér er verið að framkvæma leiðréttingu sem allir telja að sé nauðsynlegt að framkvæma en þessum sömu aðilum sást þó yfir á sínum tíma. Hver voru þá gæði þeirra vinnubragða? Þau hafa ekki verið merkileg. Nei, það hlýtur að vera Alþingis að taka ákvörðun um það hvað verði um þá fjármuni sem Alþingi samþykkir að fari inn í húsnæðismálakerfið. Það hlýtur að vera Alþingis og ég tel ekki rétt að verja þeim á þann hátt að þeir séu notaðir til þess að greiða út fjármuni til aðila sem ekki þurfa á þessum fjármunum að halda. Ég hygg að svo geti farið að fleirum en mér þyki að biðin eftir þessum lánum verði helst til löng þó að þessi hópur yrði tekinn út.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 912 felld með 23:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG, GeirG.

nei: GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RH, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, IG.

4 þm. (GE, KSK, StG, GSig) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðræktarlög, ein umr.

Stjfrv., 308. mál (heildarlög). — Þskj. 909 (sbr. 545).

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég hef haft samband við alla sem eiga sæti í landbn. og við erum sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 964).

Flugmálaáætlun, 3. umr.

Stjfrv., 316. mál. — Þskj. 698.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 965).

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 569.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 966).

Dráttarvextir, frh. 2. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 810, n. 897, 901 og 905, brtt. 906.

Frsm. meiri hl. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. hv. félmn., sem er að finna á þskj. 897, um frv. til l. um breytingar á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Nefndin fjallaði um frv. á nokkrum fundum og fékk til viðtals Húnboga Þorsteinsson. Nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni. Það eru tveir minni hl. Ég tek fram að hv. þm. Stefán Guðmundsson var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Ég vek athygli á því að minni hlutarnir eru ósammála um í hvora átt eigi að stefna með þann ramma sem sveitarstjórnum er úthlutað til að velja útsvarsprósentuna innan. Hv. þm. Stefán Valgeirs-

son skrifar undir nál. með fyrirvara, en aðrir þeir hv. þm. sem skipa meiri hl. nefndarinnar eru, auk mín, Eggert Haukdal og Kristín S. Kvaran.

Nefndarmeirihlutinn mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Á þskj. 901 hef ég lagt fram nál. vegna þessa máls. Það er, eins og þm. sjá, ekki langt. Það er mikið mál sem hér er verið um að ræða og hefði átt að vera með þeim hætti, sem fyrir löngu er búið að gera ráð fyrir og nánast lofa, að hér væri verið að gera raunverulega breytingu að því er varðar tekjuskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Slíkt er ekki. Þetta er fylgifrv. við annað sem hér er á ferðinni og verður afgreitt trúlega eins og meiri hl. hefur gert ráð fyrir.

Ég sé ekki, herra forseti, að ástæða sé til að fara mörgum orðum um þetta. Ég fagna því að vissu leyti að lækkuð var innheimtuprósentan, sem upphaflega var ætluð í frv., til ríkissjóðs. Ég er þeirrar skoðunar og hefði talið að það kæmi vel til greina að láta sveitarstjórnir ráða útsvarsprósentu, að þær beri ábyrgð á þeim gjöldum sem þær leggja á þegnana. Þó ég flytji ekki till. um slíkt held ég að það gæti vel komið til skoðunar í framhaldi af þessu að sveitarstjórnirnar bæru ábyrgð á því hver útsvarsprósentan er hverju sinni. Þetta getur verið mjög mismunandi milli sveitarfélaga eftir því hvernig þau eru sett og gæti þess vegna verið og er meira að segja þegar fyrir mjög breytilegt.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Guðmundur J. Guðmundsson):

Herra forseti. Ég skal verða við orðum forseta að lengja ekki mál mitt. Ég get þess, án þess að vera að munnhöggvast við hv. 3. þm. Vestf., að í hans áliti, sem er góðra gjalda vert, er spurningin sú, og er ég nú ekki aflögufær í lögum hvað snertir stjórnarskrá, að það verði að vera ákvæði í lögum um hver skattur sé til sveitarfélags. Hinu sýnist mér ekki nokkur minnsti vafi á að með þessu frv. er hækkaður hlutur sveitarfélaga. Ég geri ráð fyrir að ég verði einn manna við atkvæðagreiðslu sem styðji þetta frv. vegna þess að ég geri ráð fyrir að flestir aðrir hv. þm. verði ósammála, en aðrir nokkuð háðir sínum sveitarstjórnum.

En við getum deilt um tekjuskattslögin. Þar eru margir óvissuþættir og getur enginn sagt hvernig vissir þættir koma þar út. Þar verður reynslan ein að skera úr um. En mér sýnist enginn vafi leika á að það er hækkun til sveitarfélaga því að eins og segir í nál. hefði 6,25%, miðað við árin 1982–1986, verið hin eðlilega álagning miðað við staðgreiðslu. Með því að hækka þetta í 7,5% þýðir það 20% hækkun útsvarstekna miðað við árabilið 1982–1986.

Ég vil aðeins benda á að í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um staðgreiðslukerfi var ekki gert ráð fyrir beinni hækkun gjalda eins og nú virðist stefnt að. Hitt geta menn verið sammála um að óvissuþættir séu ýmsir í framkvæmd tekjuskattslaga, en að þessu leyti virðist ætlunin að nota kerfisbreytingu sem skjól til hækkunar á sköttum sveitarfélaga.

Nú veit ég að það verða feiknin öll af þm. sem munu koma með þau rök að sveitarfélögum veiti ekki af o.s.frv. Þeir gætu meira að segja sannað það hér að viðkomandi sveitarfélög vítt og breitt um landið þurfi 10% útsvarsálagningu og fært fyrir því mörg rök, en það er ekki gert ráð fyrir í kerfisbreytingunni sérstakri hækkun eða hugsunin var ekki sú. Þó hefur verið látið undan sveitarfélögum og hækkað úr 7% í 7,5%. Till. mín er sú að það verði haldið sig við 7% sem er veruleg hækkun frá því sem áður var.

Ég vil líka benda á að ýmsir hafa haldið því fram í sambandi við innheimtukerfið að þetta kæmi verr út fyrir sveitarfélögin. Það er alveg það gagnstæða. Ónýttur persónuafsláttur eykst vegna þess að persónuafsláttur hækkar og þá er það ríkissjóður sem greiðir það. Breytingin er svo hagstæð sveitarfélögum að ríkissjóður greiðir sveitarfélögum útsvar af ónýttum persónuafslætti mánaðarlega. Áður greiddi ríkissjóður þetta ekki fyrr en á bilinu ágúst–desember. Ég verð að segja að mér finnst þarna gengið ákaflega vel til móts við sveitarfélög og þessi ónýtti persónuafsláttur, sem ríkissjóður greiðir mánaðarlega til sveitarfélaga, koma þeim til góða. Og það er út af fyrir sig vel.

En ég bið hv. þm. að vera ekki með þau rök að sveitarfélögum veiti ekki af. Það er ekkert auðveldara en sanna að þau þurfi 10 eða 11%. En hugsunin var aldrei sú að í kerfisbreytingunni væri hækkun. Það má vel vera að einstaka þættir komi til hækkunar. Um það er ákaflega erfitt að fullyrða og menn ósammála um. Aðrir fullyrða að það sé lækkun. En hvað snertir sveitarfélögin um 7,5% er það tvímælalaust hækkun.

Eins og ég segi þýðir lítið að vera að lemja hér í borð og breiða úr sér. Ég býst við að ég einn greiði því atkvæði að sveitarfélögin hafi ekki 7,5% heldur 7%. (**Gripið fram í:** Er það ekki flokkssamþykkt?) Nei, það er ekki flokkssamþykkt og mér kemur hún hreinlega ekkert við. Þú gast þó botnað fyrir mig ræðuna.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er a.m.k. rétt til getið að því er mig varðar að ég mun ekki styðja till. hv. 7. þm. Reykv. En það var ekki þess vegna sem ég kom í stólinn heldur af hinni ástæðunni að ég hef fréttir af því að fyrir liggi hjá Þjóðhagsstofnun núna úttekt á áhrifum skattakerfisins í heild á einstaka tekjuhópa. Staðgreiðslufrumvörpin eru farin í gegnum 2. umr., 3. umr. er eftir, og hér erum við að fjalla um hluta af þessu staðgreiðslumáli sem er frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að óska eftir því hér og nú við hæstv. félmrh. og fjmrh., sem eru húsbændur þessara frv. sem við erum að afgreiða, að við fáum þær upplýsingar um

áhrif skattkerfisbreytinganna á mismunandi tekjuhópa sem þegar liggja fyrir af hálfu Þjóðhagsstofnunar.

Auðvitað er það svo, bæði varðandi tekjustofna sveitarfélaga og ríkisins, að menn eru að róa út í nokkra óvissu. Það er alveg augljóst mál að það verður að taka þessi mál til endurskoðunar og athugunar þegar álagningunni er lokið í sumar. Um það er samkomulag. Það er einnig samkomulag um að það verði til nefnd á vegum þingflokkanna sem fari yfir þessi mál. En allt um það er óhjákvæmilegt engu að síður að upplýsingar sem opinberar stofnanir hafa tekið saman um mál af þessum toga verði lagðar fram áður en málið fer út úr þessari deild. Ég óska eftir því við hæstv. forsrh. og félmrh. að þeir hlutist til um að við fáum þessi gögn í hendur.

Í annan stað varðandi sveitarfélögin vil ég segja að það er auðvitað hárrétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að ef það væri svo að sveitarfélögin mundu leggja á eftir þessu nýja kerfi 7% er það hækkun. Raunútsvar hjá sveitarfélögunum á síðasta ári var yfirleitt innan við 7%. Það er einnig ljóst að ef sveitarfélögin nýttu sér 7,5% væru þau að hækka. Það er alveg klárt mál. Hins vegar hafa verið í lögunum heimildir um hærri tölur en sveitarfélögin hafa notað. Mér finnst ekki óeðlilegt að hafa inni 7,5% sem þak í þessu efni og bendi reyndar á að menn hafa verið uppi með kröfur um það að hálfu sveitarfélaganna að sveitarfélögin hafi algert frelsi í þessu efni og geti farið upp í hvað sem er.

Ég hygg að það sé hins vegar kjarni þessa máls að þegar samið var um skattkerfisbreytinguna þá sögðu menn sem svo: Skattbyrðin á að vera óbreytt. Hún á ekki að hækka. Hún á ekki að þyngjast. Ég held að til þess að sjá það dæmi verðum við að fá útreikninga Þjóðhagsstofnunar, sem eru tilbúnir samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér, strax í dag og áður en málið fer út úr hv. deild.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram að ég hef ekki fengið í hendur þá útreikninga Þjóðhagsstofnunar sem hann gat um. Þjóðhagsstofnun hefur á hinn bóginn verið að vinna að útreikningum varðandi nýju skattalögin. Þeir byggja á framreikningi launa frá 1985 til ársins 1987, en eins og kunnugt er eru frv. þessi byggð á álagningu síðasta árs sem byggði á tekjum ársins 1985. Það voru nýjustu upplýsingar sem fyrir lágu þegar frv. voru samin. Það hefur áður komið fram, enda um það gott samkomulag, að eðlilegt sé að endurskoða fjárhæðir og skatthlutföll í þessum frv. eftir að álagning hefur farið fram á þessu ári.

Ég geri ekki ráð fyrir að upplýsingar sem byggja á framreikningi launa frá 1985 fram til ársins 1987 segi ýkjamikið á þessu stigi málsins. Fyrr fá menn ekki haldbær gögn í þessu efni en álagning hefur farið fram á þessu ári. En hvað sem því líður er eðlilegt að sú nefnd, sem ákveðið hefur verið að setja á fót til þess að fylgjast með framgangi staðgreiðslunnar og að öðru leyti að skoða væntanleg ný lög með hliðsjón af álagningu þessa árs, fái allar þær upplýsingar sem fyrir liggja og þar á meðal þær upplýsingar sem hv. þm. gat um í ræðu sinni.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari umræðu benda á að aðstæður sveitarfélaga í landinu í sambandi við tekjuöflun og tekjuöflunarmöguleika eru afar misjafnar. Ég hef verið hlynntur því að svigrúm og sjálfræði sveitarfélaganna til álagningar sé nokkuð rúmt. Ég lít talsvert öðrum augum á útsvarsálagningu en skattheimtu af ríkisins hálfu, þ. e. að möguleikar almennings til að hafa áhrif á kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum í sambandi við ákvörðun útsvars eru mun meiri eða hafa verið það eins og að þeim málum hefur verið staðið og mér finnst eðlilegt að viðhalda þarna ákveðnum sveigjanleika í sambandi við álagninguna. Ég teldi það fráleitt í sambandi við núverandi stöðu og þá miklu óvissu sem ríkir um það hvernig þessi álagning kemur út að fara að setja þak á útsvarsálagninguna eitthvað lægra en hér er verið að leggja til með 7,5% og það sé eðlilegt að skoða þau mál þá frekar eins og hér hefur verið sagt í framhaldi af álagningu í ljósi þess hvað út kemur. Ég vil sem sagt að það sé þarna ákveðið svigrúm sem sveitarfélögin hafi í sambandi við sína tekjuöflun og bendi á það að möguleikar almennings til aðhalds í þeim efnum eru meiri en þegar um skattheimtu af ríkisins hálfu er að ræða.

Í þessu samhengi verðum við að hafa í huga þá miklu skerðingu sem ríkið og núverandi ríkisstjórn og lið hennar hér á Alþingi hefur staðið fyrir í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem tekjur sveitarfélaganna hafa verið stórlega skertar aftur og aftur með skerðingu á Jöfnunarsjóði og munar það verulegum upphæðum eins og er að koma fram í sambandi við svör frá hæstv. félmrh. varðandi skerðingu gagnvart einstökum sveitarfélögum í einstökum kjördæmum. Er sannarlega eitt af verri verkum ríkisstjórnarinnar sú skerðing sem þar hefur gengið yfir í sambandi við Jöfnunarsjóðinn.

Það er svo önnur saga að það hefði verið ástæða til að endurskoða lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og gera hann virkara jöfnunartæki en hann nú er. Á því væri veruleg þörf því eins og ég hef vikið að er aðstaða sveitarfélaganna til tekjuöflunar afar ólík í landinu og því mjög eðlilegt að það sé virkt tæki til tekjuöflunar. Þar þyrfti að endurskoða reglur um Jöfnunarsjóðinn fyrir utan að hætta þeirri óhæfu, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir, að skerða þennan lögboðna tekjustofn sveitarfélaga með þeim hætti sem hún hefur gert.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég upplýsa að auðvitað eru skiptar skoðanir um það meðal sveitarstjórnarmanna hvað mikið frelsi þeir hafa til álagningar. Ég hef hins vegar haldið mig við

það að láta gera könnun á því sem liðið er og ég veit ekki betur en hv. þm. hafi haft fyrir framan sig álagninguna alveg frá 1982–1986, hvernig hún hefur verið í raun og hvernig hún mundi verða miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um hið nýja kerfi, þ.e. staðgreiðslukerfi skatta og hvernig sú breyting er áætluð þar. Við höfum látið gera úttekt á 54 mismunandi sveitarfélögum um hvernig það mundi koma niður. Niðurstaðan er sú í gegnum þessa nákvæmu könnun, sem þar hefur verið gerð og hefur verið í höndum nefndarmanna í báðum deildum, að álagning sveitarfélaga eins og hún var lögð til í frv. mundi alveg vera fullnægjandi.

Hins vegar er ljóst að sveitarfélögin hafa meiri áform. Það kemur fram í áætlunum þeirra fyrir árið 1987 að þau mundu þurfa að hafa rýmri tekjustofn. Þar af leiðandi varð það úr að hækka prósentuna úr 7% í 7½% og upplýsingar sem fyrir liggja á sömu forsendum og hitt sýna að það mundi verða mikill tekjuauki fyrir sveitarfélögin.

Ég tek undir að auðvitað þarf að fylgjast nákvæmlega með þessu og eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt í sambandi við þessi mál almennt er nauðsynlegt að alþm. fái að fylgjast með þessu máli eins og það kemur fram við hina raunverulegu álagningu fyrir árið 1987. Það gildir alveg sama um tekjuskattinn og með útsvarið að það þarf að átta sig vel á þessari stöðu. En alla vega get ég fullyrt, miðað við þær upplýsingar sem ég hef í höndum, að hlutur sveitarfélaganna er ekki fyrir borð borinn. Þau fá hærri tekjur, þau fá miklu betri innheimtu í gegnum þetta nýja kerfi og sérstaklega verður hlutur hinna minni sveitarfélaga miklu betri í gegnum þetta staðgreiðslukerfi en þau búa við í dag. Það er alveg 100% öruggt. Það þori ég að fullyrða í þessum ræðustól. En ég tel eðlilegt að það sé sem fyrst reynt að hafa til þær nákvæmu upplýsingar um þessi mál sem hv. 3. þm. Reykv. fór fram á að það liggi fyrir að menn geti fylgst með þróuninni og gripið inn í ef með þarf. En sem betur fer, ef heppnast að koma þessu nýja kerfi á, er hlutur sveitarfélaga betur tryggður en hann er í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 906 felld með 26:1 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.–9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591, n. 896.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. félmn. Nefndin hefur fjallað um þetta mál, en í frv. er gert ráð fyrir því að lög um Byggingarsjóð aldraðs fólks falli úr gildi. Eignirnar skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraða og Byggingarsjóðs hjúkrunarheimilisins Hrafnistu í Hafnarfirði. Skv. 2. gr. og skv. 3. gr. eiga lögin að öðlast gildi 30. apríl. Er það ákveðið í samræmi við það að happdrættisári Dvalarheimilis aldraða sjómanna lýkur í apríl, en 3. apríl n.k. verður dregið í síðasta sinn í Happdrætti DAS á yfirstandandi happdrættisári. Frv. þetta er flutt að beiðni sjómannasamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði og í athugasemdum með frv. er sagt frá því hvaða upphæðir eru í sjóðnum og hverjar tekjurnar voru á umliðnum árum.

Félmn. var öll sammála í afgreiðslu málsins, þó þannig að hv. þm. Karvel Pálmason skrifar undir með fyrirvara, en aðrir nefndarmenn, auk mín hv. þm. Eggert Haukdal, Kristín Kvaran, Stefán Valgeirsson og Guðmundur J. Guðmundsson, skrifa fyrirvaralaust undir frv. Hv. þm. Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

65. fundur, mánudaginn 16. mars, að loknum 64. fundi.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 942, brtt. 943, 954, 960.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á frv. svo sem það er komið frá Ed. til þessarar deildar fyrr á þessum degi og jafnframt vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á till. allshn. við 32. gr. frv., en hún lýtur að ljósatíma og ljósanotkun, þá hefur reynst nauðsynlegt að flytja brtt. á þskj. 943 sem allshn. flytur og skýrir sig raunar sjálf. 1. mgr. 32. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

Við akstur bifreiðar og bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.

Hér er bætt inn „bifhjóls“, en síðan er nauðsyn-

legt að skýrt komi fram að því er önnur ökutæki varðar hvernig málum er háttað og því er 2. mgr. svohljóðandi:

„Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki sem eigi skal búið ljósum skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur."

Meginákvæðið tekur aðeins til bifreiðar og bifhjóls og því er framhaldið, þ.e. 2. mgr., nauðsynlegt í þessu efni.

Í öðru lagi flytur allshn. brtt. á þskj. 960. Sú brtt. varðar það að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða í niðurlag frv., svohljóðandi: Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1991.

Fulltrúar allshn. Ed. og Nd. hafa ræðst við varðandi þær mjög mörgu brtt. sem samþykktar voru í þessari deild fyrr í dag. Það er ljóst að ef gerðar verða brtt. á þeim brtt. sem hér voru samþykktar, annaðhvort þeim breytt eða þær felldar í Ed., er framgangi þessa máls stefnt í nokkra tvísýnu. Í ljósi þess hefur sú ósk komið fram að inn í frv. komi bráðabirgðaákvæði um endurskoðun þessara laga eftir tiltekinn tíma, eftir þrjú ár. Mönnum sýnist að það sé eðlileg og sanngjörn ósk. Þá er hægt að líta á málin í ljósi fenginnar reynslu og koma fram þeim breytingum sem menn þá vilja þó svo ekki eigi sér stað frekari breytingar á frv. það sem eftir er þessa þingtíma.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér við 3. umr. ásamt hv. þm. Páli Péturssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur að bera fram brtt. við 114. gr. umferðarlaga 2. mgr. svohljóðandi, en þessa till. er að finna á þskj. 954:

„Við 114. gr. 2. mgr. bætist: Í hóp þeirra sem rétt eiga á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð bætist orðin: Náttúruverndarráð og landlæknir."

Það er sem sagt lagt til að inn í hóp þeirra sem hafa rétt á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð og annan til vara komi Náttúruverndarráð og landlæknir.

Ég taldi nauðsynlegt að hreyfa þessu máli og við flm. vegna þess að Náttúruverndarráði er ætlað að fylgjast með að umferð um landið valdi ekki spjöllum á náttúru þess og þá sérstaklega varðandi akstur utan vega, að koma í veg fyrir óæskilegan akstur utan vega eða merktra slóða. Það virðist nauðsynlegt að mati okkar að Náttúruverndarráð eigi aðild að Umferðarráði til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og fylgjast jafnframt með því sem er að gerast á þessum vettvangi varðandi umferðarlögin og þá hagsmuni sem Náttúruverndarráði er ætlað að sinna. Sama gildir um landlæknisembættið. Við teljum eðlilegt að landlæknir eigi þess kost að fylgjast með reynslunni af umferðarlögum og mótun stefnu varðandi umferðarlögin, sérstaklega með það í huga að koma í veg fyrir slys í umferðinni, og því eðlilegt að hann eigi kost á að eiga fulltrúa eða eiga sjálfur sæti í Umferðarráði og tilnefna einnig varamenn.

Mér finnst þetta svo sjálfsögð atriði að það þarf ekki langan rökstuðning fyrir þessari till. okkar. Auðvitað koma alltaf upp sjónarmið um að það sé álitamál hvað eigi að vera margir í ráðum af þessu tagi, en mér finnst alveg sérstaklega að þar eigi að kveðja til aðila sem hafa hlutverki að gegna varðandi framkvæmd viðkomandi laga.

Ég vil geta þess að mér barst um það vitneskja í dag að Náttúruverndarráð hefði sent sérstakt erindi til allshn. Nd. dags. í dag, 16. mars, þar sem ráðið sérstaklega fjallar um reglur um torfærutæki í frv. til l. um umferðarmál og varar mjög við till., sem raunar eru nú komnar til afgreiðslu hér eftir 2. umr., í sambandi við torfærutæki og torfæruakstur. Ég ætla ekki að fara að lesa þetta erindi Náttúruverndarráðs, enda hefur það ekki borist mér í hendur nema mér hefur verið léður aðgangur að þessu erindi, sem fór til formanna þingflokka auk allshn., en það er vissulega umhugsunarefni að við meðferð þessa máls skuli aðila eins og Náttúruverndarráði ekki gert kleift að koma athugasemdum sínum að á eðlilegum tíma við meðferð málsins, en það er seint og um síðir sem ráðið fékk í hendur þetta frv. og brtt. og var ekki umsagnaraðili eins og svo margir aðrir í sambandi við frv.

Ég óttast það og vakti athygli á því við 1. umr. þessa máls í deildinni að ákvæði varðandi torfærutæki í frv. væru óeðlileg og óæskileg og ekki nógu skynsamlega hugsuð að mér finnst. Nú hafa verið greidd atkvæði um þetta og fallið með þeim hætti sem gerðist í dag þar sem brtt. hafa verið samþykktar og það var ekki með mínum stuðningi sem tillögur voru afgreiddar varðandi þær greinar. Ég ætla ekki að fara að taka þau mál frekar upp, en tel að það sé verulega til bóta að Náttúruverndarráð eigi aðild að Umferðarráði og geti þar komið sínum sjónarmiðum á framfæri, eins og ráð er fyrir gert í frv. eins og það nú liggur fyrir svo og landlæknir, og við flm. væntum þess að þessi till. okkar fái brautargengi að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 943,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 943,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Á þskj. 954, sem dreift er hér á fundinum í ljósriti, er svohljóðandi tillaga:

Í hóp þeirra, sem rétt eiga á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð, bætist: Náttúruverndarráð og landlæknir.

Það hefur verið óskað eftir því að greidd yrðu atkvæði um till. í tvennu lagi, en á því eru nokkur

vandkvæði hvernig skipta skal tillögutextanum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég leyfi mér að stinga upp á að hæstv. forseti geri örlítið hlé á fundinum á meðan þskj. 954 er prentað upp því að till. getur ekki átt að vera nema þessi þrjú orð: Náttúruverndarráð og landlæknir. Það er það sem á að koma inn í lagatextann en ekki að þar standi: Í hóp þeirra sem rétt eiga á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð bætist. Það er eitthvað bogið við sjálfan texta brtt. (Gripið fram í.) Nei, einmitt vegna þess að það dettur engum manni í hug. Þess vegna er orðalag till. rangt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa verið greidd atkvæði aftur að „og landlæknir" og það er allt í lagi að hafa fellt þann hluta tillögunnar einfaldlega vegna þess að setningin sem var í upphafi, „Í hóp þeirra sem rétt eiga á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð bætist:", þurfti einfaldlega ekki að vera með í lagagreininni, á ekki þar heima. Það er búið að fella Náttúruverndarráð og þá er orðið tímabært að greiða atkvæði um seinni liðinn „og landlæknir".

Forseti (Ingvar Gíslason):

Í raun og veru er málið kannske ekki alveg svona einfalt. Þetta er 114. gr. og eigum við að reyna að átta okkur á hvað í henni stendur? Hún er svona:

„Dómsmrh. skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins, en hinn varaformaður."

Síðan kemur ný mgr.: „Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara: Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag ísl. bifreiðaeigenda, heilbr.- og trmrn., Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur", lögreglustjórinn í Reykjavík, menntmrn., Reykjavíkurborg, Samband ísl. sveitarfélaga, Samband ísl. tryggingarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalags Íslands. **(ÓÞÞ:** Og landlæknir.) Síðan kæmi þá: og landlæknir. Þannig væri mjög æskilegt ef hægt væri að orða þetta allt upp á nýtt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég skuli hafa flækt þingstörfin með þessum hætti, en mér sýnist að vandinn sé sá að það hefði átt að orða brtt. svona:

„Í upptalninguna í síðari mgr. 114. gr. bætist þessir aðilar: Náttúruverndarráð, landlæknir" og síðan á viðeigandi stöðum, þ.e. í stafrófsröð eins og þetta er í greininni.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég hygg að þetta sé laukrétt. Þetta er einmitt það sem við höfum verið að reyna að ná fram með þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið. Ég hygg að það sé ekki ástæða til að fresta þessu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er svolítið sérkennilegt ef einn þm. ber fram brtt. þegar umræðum er lokið og atkvæðagreiðsla er hafin. Einnig er það sérkennilegt, að þá geti í miðju kafi einn þm. komið og gert brtt. við brtt. annars þm. sem þegar er búið að greiða atkvæði um að hluta. Þetta eru orðin í meira lagi frjálsleg þingsköp þykir mér. Ég sé ekki að unnt sé að gera nokkuð í því máli að breyta þessu orðalagi nema ef það væri eindregin ósk flm. till. að fá skjalið prentað upp vegna einhverra mistaka í greinarmerkjasetningu, tvípunkturinn hefði kannske lent á vitlausum stað eða eitthvað svoleiðis. **(GJG:** Hann er búinn að játa á sig mistökin.)

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti á úrskurðarvald um þetta og hann telur að þessi till. sé ekki þannig að það sé hægt að greiða um hana atkvæði svo að úr verði heilleg setning. Þess vegna er það í rauninni efnislega rétt sem hv. 3. þm. Reykv. hefur bent á. En æskilegt væri ef tillögumenn vildu tjá sig um þetta og við reyndum að greiða úr þessu því að það er ljóst í rauninni hvert efnið er. En orðalagið er mjög slæmt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hélt að efnislega væri alveg ljóst hvað verið væri að leggja hér til. En formgalla á þessum tillöguflutningi ber að sjálfsögðu að leiðrétta og ég mun beita mér fyrir því að það verði gert og verði gert hlé á þessu á meðan.

Brtt. 954,a felld með 14:12 atkv.

Brtt. 954,b felld með 17:11 atkv.

Brtt. 960 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 944, brtt. 945.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Guðmundur J. Guðmundsson:

Herra forseti. Örfá orð. Ég hef flutt brtt. um að 12. gr. í frv. til vaxtalaga verði endurorðuð. Hún er svona í frv.:

„Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól

skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti."

Ég legg til að greinin verði þannig orðuð:

Óheimilt er að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar og mynda þannig nýjan höfuðstól sem vextir skulu reiknast af.

Ekki skal ég hafa um þetta mörg orð. En með tilskipan frá 1859, konunglegri sjálfsagt, var óheimilt að bæta vöxtum við höfuðstól og þar til Seðlabankinn ákvað annað 1979 og 1985 að breyta þessari reglu.

Það er óþarfi að hafa um þetta mörg orð.

Við höfum verið að ræða hér um húsnæðismál lengri vetrar. Við höfum verið að ræða um erfiðleika skuldara og ég ætla fyrir alla muni að biðja menn að fara ekki að brigsla mér um að ég ætli að fara að halda einhverri verndarhendi yfir þeim. En það sem ég hef í hyggju með þessari till. er að fjöldi fólks lendir í vanskilum og ef dráttarvextir koma ofan á dráttarvexti í allri þeirri skuldasúpu sem stór hluti almennings stendur í er með þessu verið að staðfesta hækkun vaxta. Mér finnst nóg af slíku. Þó Seðlabankinn hafi illu heilli tekið þetta upp eru mörkin ákaflega skýr um afstöðu til þessa máls. Bankar eru með því, en dómstólar og lögfræðingar eru almennt á móti því að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar og mynda þannig nýjan höfuðstól sem vextir skulu reiknast af. Ég er að reyna að draga úr vaxtafarganinu með þessari till. og ég vildi biðja hv. þm. að láta mig ekki verða einan á bát með þessa tillögu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Vegna þeirrar till. sem hér er til umræðu held ég að sé ástæða til að taka það fram að með dómi Hæstaréttar, sem gekk rétt fyrir síðustu jól, var það staðfest, það var 23. des. á Þorláksmessu á s.l. ári, að heimild Seðlabanka til ákvörðunar dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. lög frá 71/1965, tæki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Þessi 12. gr., sem brtt. gerir ráð fyrir að breyta, kemur þannig í stað 5. gr. gildandi vaxtalaga. Hér er á ferðinni gamalt deilumál og kann ýmsum að þykja það sérkennilegt að dráttarvöxtum skuli vera bætt við höfuðstól, en sú er meginreglan að vextir séu ársvextir og bætist við höfuðstólinn. Ég held að þessi regla sé eðlileg og það verði að taka tillit til þess þegar dráttarvextir eru ákveðnir skv. 10. og 11. gr. frv. hver upphæðin er. Eitt af því sem þarf að taka tillit til er einmitt að kröfur sem fallið hafa í gjalddaga og ekki verðið efndar beri vaxtavexti að loknum tólf mánuðum eins og um ársvexti væri að ræða.

Ég held að þetta ákvæði taki af skarið í þessum efnum og þess vegna sé eðlilegt að hafa ákvæðið eins og það er í 12. gr. frv., enda var sú grein samin eftir að hæstaréttardómurinn féll 23. des. s.l.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið við 1. umr. þessa máls er það skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna að hér sé um að ræða mjög alvarlegt mál sem geti haft háskalegar afleiðingar í efnahagslífinu á komandi mánuðum. Því hefur verið lýst yfir af talsmanni fjh.- og viðskn. að það þurfi að skoða frv. nánar í sumar, þetta sé þannig lagað klúður. Dómarafélagið hefur lýst skoðunum sínum í málinu. Jón Steinar Gunnlaugsson hefur skrifað blaðagrein og varað Alþingi við því að samþykkja þetta frv. Lögfræðingafélagið og Lögmannafélagið hafa einnig talað í þessu máli. Það er hins vegar ljóst að það er einn aðili sem kallar á afgreiðslu málsins. Það er Seðlabankinn. Allir aðrir sem eiga að fjalla um þessi mál, hvort sem eru sem lögmenn eða sem dómarar, óska eftir því að þessi kaleikur verði frá þeim tekinn.

Einnig er það ljóst að þetta frv., ef það verður samþykkt, er staðfesting á þeirri vaxtastefnu sem hér hefur verið fylgt á undanförnum árum frá 1984. Það er staðfesting á því að Seðlabankinn hafi haft rétt fyrir sér þegar hann hefur tekið 27% vexti í 13% verðbólgu. Það er staðfesting á því að okurlánastarfsemin hafi verið innan ramma laganna eins og Hæstiréttur kvað upp úrskurð um. Hér er m.ö.o. komið að kjarnanum í þeirri stjórnmáladeilu um vexti sem staðið hefur á undanförnum árum. Ég verð að lýsa því yfir að eftir þau varnaðarorð sem hér hafa verið flutt lýsi ég miklum vonbrigðum með að þm. skuli ekki staldra við og athuga þetta mál, hvort sem þar er um að ræða t.d. þm. Framsfl., sem hafa í orði kveðnu talið að þróunin í vaxtamálum væri hneyksli eða það er a.m.k. það sem hefur gengið frá formanni Framsfl., og ég verð að segja það líka að ég tel að afstaða Alþfl. í þessu máli sé ákaflega sérkennileg þegar hann kýs að skrifa upp á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

Allt um það. Þessi varnaðarorð vildi ég mæla við 3. umr. málsins og lýsa því auðvitað yfir að ég tel að sú till. sem hv. 7. þm. Reykv. hefur flutt sé til bóta, ef hún yrði samþykkt, vegna þess að hún dregur aðeins úr vaxtafarganinu, eins og hv. þm. orðaði það svo réttilega hér áðan, vaxtafargani sem er að drepa fólk hér fjárhagslega í stórum stíl þar sem liggur við örvinglan á heimilum í þessu landi. Nauðungaruppboð eru sjö sinnum fleiri en þau voru fyrir fjórum árum og þannig mætti lengi telja. Ef menn vilja skrifa upp á þetta svínarí tel ég að mér sé skylt að láta þm. vita af því hvað þeir eru að gera. Þeir eru að skrifa upp á þetta svínarí áfram, þennan vaxtaklafa um háls fjölskyldnanna í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 945 felld með 18:10 atkv.

Frv. samþ. með 24:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, IG.

nei: SJS, SvG, GJG, GHelg, HG, JS.
SV greiddi ekki atkvæði.
9 þm. (SvH, GSig, GeirG, GE, GA, JBH, KP, KJóh, KH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Með þessu frv. er verið að gera tilraun til að blessa vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, þá sem fylgt hefur verið frá 1984. Hún er staðfesting á okurstefnunni, staðfesting á þeirri starfsemi sem iðkuð hefur verið að undanförnu bæði á almennum peningamarkaði og eins af Seðlabankanum með óheyrilegri dráttarvaxtatöku. Auk þess hafa forustumenn dómara og lögfræðinga varað Alþingi við því að afgreiða frv. Ég segi nei, herra forseti.

Frv. afgr. til Ed.

Listmunauppboð, 3. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 270.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Ég vil bara skýra frá því að þessi brtt., sem við hv. þm. Halldór Blöndal flytjum um samráð við Samband ísl. myndlistarmanna við setningu reglugerðar um starfslaunasjóð myndlistarmanna, er samkomulagsmál sem fyrir okkar mistök féll út í brtt. þeim sem voru afgreiddar við 2. umr. málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 953 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sjómannadagur, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 662.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Útflutningslánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 950.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Dráttarvextir, 3. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 957 (sbr. 594).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):
Herra forseti. Ég óskaði eftir því fyrr í dag að afgreiðslu þessara mála, staðgreiðslumálanna, yrði frestað þar til nýjar upplýsingar, sem eru væntanlegar frá Þjóðhagsstofnun um áhrif skattkerfisbreytingarinnar á mismunandi tekjuhópa, liggja fyrir. Ég endurtek þá ósk mína, herra forseti, og fer þess á leit að málinu verði frestað. Ég er ekki að fara fram á það til að tefja málið á neinn hátt heldur til þess að upplýsingar þær sem til eru liggi fyrir deildinni áður en það fer héðan út.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur spurst fyrir um útreikninga Þjóðhagsstofnunar á efnisatriðum tekjustofnafrumvarpsins og áhrifum þeirra á einstaka tekjuhópa. Ég kannaði hvort fjmrn. hefði borist þeir útreikningar frá Þjóðhagsstofnun. Svo var ekki. Ég hafði nú laust fyrir kl. 9 samband við forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, Þórð Friðjónsson. Hann tjáði mér að Þjóðhagsstofnun hefði unnið að þessum útreikningum. Þeir væru á lokastigi en væru ekki tilbúnir enn, en gætu orðið það væntanlega á morgun. Ég hygg að að því er þessi mál varðar sé mjög eðlilegt að þessir útreikningar komi til skoðunar, ekki síst í þeirri nefnd sem falið hefur verið að fylgjast með framkvæmd staðgreiðslulaganna, og að þingflokkum verði sendir þessir útreikningar um leið og þeir eru tilbúnir af hálfu Þjóðhagsstofnunar. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir að niðurstöður þeirra muni hafa áhrif á þau efnisatriði þeirra frv. sem hér um ræðir því að af augljósum ástæðum, sem mér sýnist að menn séu nokkuð sammála um, er ekki hægt að endurmeta ákvæði frv. um skatthlutföll og fjárhæðir fyrr en álagning á þessu ári liggur fyrir, en eins og kunnugt er byggjast útreikningar Þjóðhagsstofnunar á framreikningi launa frá árinu 1985 til ársins 1987 og óyggjandi niðurstöður að þessu leyti fást ekki fyrr en álagning liggur fyrir. Ég vil fyrir mitt leyti greiða fyrir því að þingflokkarnir fái niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um leið og þær liggja fyrir, en eins og sakir stóðu fyrir tæpum 15 mínútum átti forstjóri Þjóðhagsstofnunar síður von á því að verkinu lyki í kvöld, en því gæti lokið á morgun. Ég vænti þess að þetta verði ekki til að trufla framgang þessara mála í þinginu í kvöld, enda augljóst að það er fyrst og fremst niðurstaðan af álagningunni á þessu ári sem getur leitt til raunhæfrar endurskoðunar á þeim þáttum sem hér um ræðir.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég verð að segja að þetta er nokkuð sérkennilegt mál allt. Þannig er að á föstudaginn var var gert ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands fengi í hendur útreikninga Þjóðhagsstofnunar á því hvernig skattkerfisbreytingin hitti mismunandi tekjuhópa. Það tókst hins vegar ekki þann dag að ná þessum upplýsingum í hús og var sagt að þær kæmu á mánudag. Síðan hef ég af því fregnir seinni partinn í dag að þetta sé tilbúið og ræddi það mál hér úr ræðustól og við hæstv. fjmrh. sam hafði þá ekki fengið gögnin í hendur. Ég óskaði þá eftir því seinni partinn í dag að atkvæðagreiðslu um það mál sem hér er á dagskrá yrði frestað vegna þess að upplýsingar væru væntanlegar. Það voru ekki mín orð þá né heldur eru það nú að þessar upplýsingar væru með þeim hætti að þær hlytu að hafa áhrif á afgreiðslu málsins heldur taldi ég og tel að það sé nauðsynlegt að upplýsingar komi hingað inn jafnharðan og þær liggja fyrir.

Ég gerði tilraun til þess sjálfur að hafa samband við forstjóra Þjóðhagsstofnunar og aðstoðarforstjóra Þjóðhagsstofnunar seinni partinn í dag. Þeir voru fjarri sínum vinnustað frá því kl. rúmlega þrjú í dag. Ég gerði þá tilraun til að ná þeim heima hjá þeim milli kl. 7 og 8 í kvöld og heyrði í forstjóra Þjóðhagsstofnunar kl. 7.30. Þá skýrði hann mér frá því að þær upplýsingar sem ég var að leita eftir lægju fyrir, þær væru tilbúnar. Honum hefði hins vegar ekki unnist tími til að koma þeim niður í fjmrn. Hann mundi sjá til þess að þessar upplýsingar væru hér þegar fundur byrjaði aftur um kl. 9. Síðan kemur hæstv. fjmrh. og segir upp úr kl. 9: Þessar upplýsingar eru ekki tilbúnar samkvæmt orðum forstjóra Þjóðhagsstofnunar fimm mínútum fyrir níu.

Þetta er satt að segja afar sérkennilegt. Spurningin er sú: Er verið að fela hér einhverja hluti? Þetta er afar tortryggilegt, verð ég að segja. Ég tel nokkurn veginn víst að þessar upplýsingar séu tilbúnar, a.m.k. í meginatriðum. Það sé kannske eftir að fara yfir einhverja texta, en töflurnar séu tilbúnar. En þetta vilja menn ekki koma með greinilega. Það er afar tortryggilegt, verð ég að segja. Það er afar skrýtið. Og það er afar sérkennilegt þegar þess er gætt að stjórn og stjórnarandstaða hafa í þinginu sameinast um það að reyna að greiða fyrir því að þessi mál fái sem hraðasta meðferð, þegar liggur fyrir að það er samkomulag um tvö af þremur þessara frv. eða fjórum má segja, þegar það liggur fyrir að stjórn og stjórnarandstaða og þm. í fjh.- og viðskn. þessarar deildar og í þessari hv. deild hafa lagt sig fram um að þoka málum fram. Menn hafa ekki verið með málæði eða löng ræðuhöld út af þessu. Þegar það liggur fyrir er ekki hægt að draga þessa pappíra út úr Þjóðhagsstofnun. Hvar er yfirmaður Þjóðhagsstofnunar? Er það ekki hæstv. forsrh.? Ég óska eftir því að hann verði kallaður út. Ég óska eftir því að hann sjái til þess að þau gögn sem þarna liggja fyrir samkvæmt orðum forstjóra Þjóðhagsstofnunar verði lögð hér fram. Þau verði lögð fram á þessum kvöldfundi áður en málin fara út úr þessari deild. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það væri nokkuð sérkennileg stofnun, þessi Þjóðhagsstofnun. Ég staðfestist satt að segja heldur í þeirri trú minni og skoðun við þá atburði sem hafa orið á þessu kvöldi.

Þjóðhagsstofnun er ekki bara vinnustofnun fyrir ríkisstjórnina. Hún er ráðgjafarstofnun fyrir Alþingi líka. Og ég kann því ekki ef ráðherrar eru að stöðva mál á leiðinni frá Þjóðhagsstofnun til Alþingis. Það eru mörg mál á dagskrá í kvöld og verulegur kostur á því að taka þau til rækilegrar umræðu og ég skora á hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að tryggja að þessar upplýsigar verði lagðar á borðið núna í kvöld. Það er væntanlega til ljósritari í þessari „sjoppu“ sem heitir Þjóðhagsstofnun. Það ætti að vera hægt að fjölga nokkrum eintökum af þessari speki þannig að menn fengju þetta. Eða hvað? Eru menn að fela eitthvað?

Hvað á þetta að þýða?

Ég tel enga ástæðu til þess, herra forseti, ef menn geta ekki komið upplýsingum á framfæri hér með eðlilegum hætti að Alþingi sé í einhverjum færibandastellingum fyrir þessa ríkisstjórn.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu, ég hef gætt að því, en áreiðanlega er hann á leiðinni hingað. Þannig talaðist til.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í umræður um Þjóðhagsstofnun eða þann ágreining sem uppi hefur verið á stundum um störf hennar. Ég þykist vita að starfsmenn hennar hafi kappkostað að vinna að þessum athugunum af eljusemi og nákvæmni. Þegar ég hafði samband við forstjóra Þjóðhagsstofnunar nú laust fyrir 9 var hann á vinnustað sínum að vinna að þessum málum. Ég ítreka að hér er ekkert á ferðinni, engar upplýsingar sem ástæða eða ætlan er að draga undan. Þvert á móti er ærin ástæða til að koma áfram öllum upplýsingum um þessi efni jafnharðan og þær berast og engin ástæða til annars. En það er auðvitað ekki hægt að dreifa slíkum upplýsingum fyrr en þeir aðilar sem að þeim eru að vinna hafa að fullu lokið þeim. Þó að hv. 3. þm. Reykv. geri lítið úr því að starfsmenn eigi eftir að yfirfara texta eða fullútreikna eða yfirfara töflur finnst mér ekkert óeðlilegt við að þessir starfsmenn, sem hér eiga hlut að máli, vandi sín vinnubrögð og skili sínum niðurstöðum á þann veg sem þeir eru sáttir við og skiptir vafalaust ekki sköpum hvort þær berast einhverjum klukkutímum fyrr eða síðar. Aðalatriðið í þessu er þetta: Um leið og þessar upplýsingar verða til verða þær afhentar þingflokkum og engin ástæða til annars og í öðru lagi að eins og fram kom hjá hv. þm. munu þær ekki hafa nein áhrif á efnisatriði þeirra frv. sem hér eru til meðferðar vegna þess að hér er um mat á framreiknuðum launatölum frá árinu 1985 að ræða og þá fyrst þegar menn hafa álagningu þessa árs geta menn endurmetið skatthlutföll og skattfjárhæðir í þessum frv. af einhverri nákvæmni. Ég ítreka því fyrri orð um að þessar upplýsingar verða afhentar um leið og þær liggja fyrir og verður ekki á neinn hátt reynt að tefja fyrir Þjóðhagsstofnun eða vinnu hennar í þessu efni. Ég treysti því að á sama máta þá fái málið greiðan framgang í hv. þingdeild.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég óska eftir því sem formaður þeirrar nefndar sem hafði þetta mál til meðferðar að það verði ekki afgreitt frá deildinni fyrr en umbeðnar upplýsingar liggja fyrir. Kvöldið er rétt að byrja og við eigum eftir að vera hér drjúga stund. Jafnvel þó að Þjóðhagsstofnun takist ekki að koma til okkar upplýsingum í kvöld er svo sem ekki verið að stöðva framgang málsins þó að það yrði látið bíða síðari funda.

Þjóðhagsstofnun hefur ekki enn verið lögð niður, eins og reyndar sumir þm. hafa gert tillögu um, heldur er hún í fullri starfsemi og ég ber hið besta traust til þeirra starfsmanna sem þar vinna að þeir vinni hratt og örugglega. Ég er tilbúinn til þess að hafa samband við yfirmann stofnunarinnar, forsrh., þannig að hann hvetji sína menn í Þjóðhagsstofnun að vera nú snarir að koma frá sér þessum upplýsingum.

Ég legg á það áherslu að upplýsingar Þjóðhagsstofnunar eru ekkert leyndarmál fyrir ríkisstjórn. Þær eiga að vera aðgengilegar alþm. öllum, hvort sem þeir eru stuðningsmenn ríkisstjórnar eða ekki. Ég fer sem sagt fram á að þessu máli verði frestað þangað til upplýsingarnar liggja fyrir.

Umræðu frestað.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 673.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 974).

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (Rannsóknarstofnun uppeldismála). — Þskj. 191.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 975).

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (skattvísitala). — Þskj. 624.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 976).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (tollafgreiðsla). — Þskj. 645.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 977).

Lögreglumenn, 3. umr.

Stjfrv., 388. mál (skaðabætur). — Þskj. 699.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 978).

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 330. mál (ráðstöfun ágóða). — Þskj. 573.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 979).

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 368. mál (gildistími). — Þskj. 661.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 980).

Veiting prestakalla, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208), brtt. 955, 956.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir mínum viðhorfum til þess efnisinnihalds sem þetta frv. hefur og þeirrar afstöðu sem ég hef til málsins. Um þetta hafa orðið nokkrar umræður. Þetta frv. hefur verið til umræðu á Alþingi í nokkuð mörg undangengin ár og hefur sem betur fer allt til þessa verið svæft. Mér sýnist hins vegar að nú sé bilbugur á mönnum í þessum efnum, hvort sem það er af ástæðum sem þeir sjálfir hafa eða hvort það eru utanaðkomandi aðstæður og ástæður sem eru þess valdandi að menn eru að guggna á lýðræðinu. Með frv. er verið að svipta fólk lýðræðislegum réttindum til að velja í kosningum með eðlilegum hætti presta.

Ég sé að hv. menntmn. Nd. mælir öll með slíku háttalagi og það kemur mér á óvart. Þetta mál er búið að vera í umfjöllun æðilengi og kannske þyrfti ekki lengri tíma en þetta mál hefur verið til umræðu hér á Alþingi en það að hv. þm. úr menntmn. færu að undirbúa grundvöllinn að því að það þyrfti ekki að kjósa á fleiri sviðum. Það þyrfti kannske ekki að kjósa til Alþingis ef mönnum tækist að undirbúa jarðveginn til að halda áfram í því að afnema kosningarrétt á Íslandi.

Mér finnst undrum sæta að menn skuli guggna fyrir utanaðkomandi áhrifum í þessum efnum. Mér er ljóst að ýmsir prestar hafa verið og eru þessarar skoðunar. Og það má hver hafa sína skoðun á því hvers eðlis það er. En ætli það kynni ekki að koma að því að þeir þm. sem fallast á þessa skoðun hjá prestum falli í sömu gryfju og verði til þess tilleiðanlegir að láta færri eða útvalda hópa ákveða hverjir eiga að vera þingmenn. Gæti það hugsast að tilvalin klíka úr ákveðnum flokkum gæti ákvarðað það án kosninga hverjir settust á löggjafarþingið?

Eru menn svo langt leiddir að þeir taki í mál í lýðræðisríki að svipta fólk þessum lýðræðislegu réttindum? Mér sýnist svo vera, því miður. Það er þó eigi að síður staðreynd að meiri hluti þeirra sem leitað var til innan sóknarnefnda, safnaðarfulltrúa og þeirra aðila sem starfa mest að því er varðar kirkjustarfið vilja hafa óbreytt fyrirkomulag, að geta valið sér presta sjálfir. Nú eru menn ekki að tala um eitt atkvæði fyrir einn mann. Nú er ekki sú lýðræðisregla í hávegum höfð að hver og einn einstaklingur geti með afstöðu sinni í kosningu valið sér sálusorgara í þessum efnum. Nú vilja menn, og kannske þeir sem hæst gala um „einn maður eitt atkvæði", að tiltölulega fámenn klíka innan safnaðanna ráði því hver verður valinn sálusorgari, í þessu tilfelli í langflestum tilvikum fimm einstaklingar úr söfnuði.

Þetta finnst mönnum við hæfi árið 1987. Mig undrar að slíkt sé komið upp hér á Alþingi, að meiri hl. þm. skuli fallast á rök af þessu tagi. Það hefur sem betur fer hingað til tekist að spyrna við fótum í þá átt sem hér er lagt til að gert verði. Mér finnst hrikalegt til þess að hugsa ef þetta á að vera, sem mér sýnist að geti komið til, fyrsta sporið í þá átt að Alþingi sjálft troði fótum þá lýðræðishugsjón að einstaklingurinn geti í þessu tilviki í almennum kosningum ákvarðað fyrir sig. Ég er nánast handviss um það, hvað sem skoðanakönnun DV líður um að meiri hlutinn sem leitað var til vilji afnema prestskosningar, að hefði verið spurt á eðlilegan hátt hefðu menn svarað á annan veg. Og ég er handviss um að ef yrði leitað til almennings, til sóknarbarnanna, sem eiga að ráða í þessum efnum, vildu þeir ekki fórna þeim lýðræðislegu hugsjónum að geta ákvarðað fyrir sig hver verður sálusorgari. Menn geta blásið upp alls konar ímynduð viðbrögð við hinum og þessum tilvikum. Í þessu tilviki hefur að mínu viti verið spurt á þann veg að það hefur afvegaleitt fólk til afstöðu í málinu.

Það er ekki amalegt fyrir almenning í þessu landi að trúlega mestu menntafrömuðir í þinginu, í þessari deild, leggja blessun sína yfir að afnema prestskosningar. Það er ekki slæleg framkoma að því er varðar menntafrömuðina hér. En við hverju má búast í áframhaldi af slíku? Ég hygg að þessir menntafrömuðir mundu ekki hika við að stíga næsta skrefið, undirbúa jarðveginn til að afnema almennar kosningar á fleiri sviðum en í þessu efni. Eru menn virkilega til þess tilleiðanlegir að stíga áframhaldandi skref í þessum efnum? Vilja menn fótum troða þær lýðræðislegu hugsjónir að fólk sjálft fái að ákvarða í þessum efnum?

Menn hafa borið hér við að það væri óhugnaður að standa í kosningum. Það má vel vera að menn geti fundið einhver dæmi þess að prestskosningar hafi ekki borið á sér hinn besta blæ. En eru menn vissari um að menn séu ekki að leiða inn í kannske tiltölulega fámennari hóp, eins og sóknarnefndirnar, þau hin hræðilegu áhrif sem hingað til hafa, að mönnum sýnist sumum hverjum, blasað við í þessum efnum? Menn eru hér að færa þann óhugnað sem þeir hafa verið að tala um hingað til inn í safnaðarnefndirnar. Er það betra? Ég heyri að hæstv. samgrh. hefur ekki mikla alvöru í huga þegar hann talar í þessum efnum, enda ekki kirkjurækinn maður. En eigi að síður á hann sína trú fyrir því, geri ég ráð fyrir. Ég held að menn séu að leika sér í þessum efnum. Menn eru að falla frá eigin hugsjónum undan utanaðkomandi þrýstingi sem menn eiga þó að standast.

Ég sé ekki að menn virði nema að vettugi afstöðu þeirra sem gleggst hafa þarna starfað, sem eru sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúar og þeir sem hafa starfað með klerkum í innsta hring kirkjustarfsins undangengin ár og áratugi. Þau viðhorf á að virða að vettugi, en falla í þá gryfju að taka mark á margra ára söng sumra úr klerkastétt. Ég segi sumra því ég er um það viss að þeir eru ekki allir á þeirri skoðun að það beri að fara þessa leið.

Ef menn vilja breyta þessu er miklu betra að stíga skrefið til fulls og láta þá biskup um að skipa presta ef menn eru hræddir við lýðræðið. Ef menn eru hræddir við áframhaldandi lýðræði innan kirkjunnar, að velja sér klerk, eiga þeir að stíga skrefið miklu lengra. En ég á ekki von á að menn hafi kjark til þess að halda sér við núverandi kerfi, sem ég teldi æskilegast, eða að stíga skrefið til fulls og láta biskup um að velja.

Ég heyrði á morgunvakt Ríkisútvarpsins ekki alls fyrir löngu, þar sem rætt var við séra Ólaf Skúlason, að hans lokaorð voru þau: „Ég vona að frv. um afnám prestskosninga nái fram að ganga á þessu þingi." Það voru lokaorðin hjá dómprófastinum. Auðvitað má hann, eins og aðrir einstaklingar, hafa sína skoðun í þessum efnum og ekkert við því að segja, en þm. eiga ekki að láta undan slíkum þrýstingi ef þeir á annað borð hafa einhverja skoðun sem ég vænti að sé um flesta þm. A.m.k. hefur það verið svo allt til þessa að menn hafa spyrnt við fótum í þessum efnum. Nú sýnist mér því miður að menn séu að lyppast niður, láta undan, ætli sér að sofa á verðinum. (**GJG:** Þeir segja að það sé orðið svo dýrt að standa í þessum kosningum.) Það má vel vera, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að það sé orðið dýrt, en ég held að það verði aldrei svo dýrt að það sé ekki borganlegt fyrir lýðræðið.

Lýðræðið hefur auðvitað sína galla og sína kosti, en hingað til hafa þó menn á Íslandi valið þá stefnu að leiðarljósi að veita brautargengi lýðræðislegum hugsjónum. Hér ætla menn að byrja á, að mér

sýnist, að fótumtroða slíkt. Hér ætla æðstu postular menntakerfis í hv. Nd. að stíga fyrsta skrefið í því sameiginlega að fótumtroða þetta. Menn eru orðnir afvegaleiddir sýnist mér í þessum efnum og ástæða til að hrista upp í þeim einstaklingum sem þannig hugsa.

Fari svo að menn ætli út á þessa glapstigu frjálshyggjunnar í þessu efni sem og fleirum er ástæða til fyrir almenning að vara betur við.

Ég skal ekkert um það segja hvort frv. fer í gegnum deildina eins og það liggur fyrir. Ég óttast það að vísu að slíkt gerist. En ef svo færi hef ég leyft mér, herra forseti, að leggja fram brtt. við frv. sem er svohljóðandi:

„Við 22. gr. bætist: Þó skulu ákvæði 2.–7. gr. um val á sóknarpresti og köllun ekki koma til framkvæmda fyrr en þær hafa hlotið samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu."

Ég vil ekki trúa því að nokkur þm. verði á móti því að sóknarbörnin í landinu fái að segja sitt orð um það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þau vilja afnema þau lýðræðislegu réttindi sem þau nú hafa til að velja sér prest. Það hvarflar heldur ekki að mér að í klerkastétt muni það hvarfla að einum eða neinum að vera í andstöðu við að sóknarbörnin fái í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu að segja til um hvort á að svipta þau þessum réttindum eða ekki.

Ef almenningur í landinu vill gera slíkt í þjóðaratkvæðagreiðslu á að sjálfsögðu að fara eftir því, en fyrr ekki. Og hversu mikið sem ég lít upp til þeirra menntafrömuða sem hér leggja sína blessun yfir þetta mál er ég ekki þeirrar skoðunar að þeir eigi í þessum efnum að ráða ferðinni. (**HBl:** Hverjir eru þessir menntafrömuðir?) Menntmn. t.d., þar á meðal hv. þm. Halldór Blöndal. (**Menntmrh.:** Það er allt of mikið sagt.) Þá tek ég það til baka, hæstv. menntmrh., ef of mikið er sagt um hv. þm. Halldór Blöndal. Það hryggir mig ekkert að vísu að draga í land í þeim efnum. Ég veit að þegar hæstv. menntmrh. mælir í þessum efnum talar þar maður sem vit hefur á. Ég vona að minnsta kosti að ef hv. þingdeildarmenn ætla að samþykkja þetta frv. í því formi sem það nú er, með afnámi prestskosninga, sviptingu lýðréttinda, fótumtroða lýðræðisleg hugsjónasjónarmið, fallist menn þó á að þeir lofi þjóðinni í heild að segja til um það. Ég trúi því ekki að þm. ætli almennt að sýna slíka forakt safnaðarfólkinu að fótumtroða þá lýðræðislegu hugsjón að fá að kjósa sér prest sjálft. Ég vil ekki trúa því, en kannske má svo fara að að því komi. En þá hefur í þessum efnum, eins og raunar víða og á öðrum sviðum, fólki farið aftur, Alþingi farið aftur sem á þó að gæta fyrst og fremst þeirra hugsjóna, sem lýðræðisskipulagið byggist fyrst og fremst á, að einstaklingurinn fái að ráða.

Ég vona enn, herra forseti, að hv. þingdeildarmenn séu ekki svo langt leiddir að þeir neiti almenningi í landinu um að segja sitt álit í þessum efnum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil fyrst gera mjög alvarlega athugasemd við málatilbúnað eða öllu heldur málaflutning varðandi þetta frv. Eins og menn þekkja njóta stjfrv. nokkurs forgangs í framkvæmd þingskapa, en hér vill svo til að ekki er um stjfrv. í venjulegum skilningi að tefla fyrir því að ýmsir ráðherrar gerðu fullkominn fyrirvara á um samþykki sitt eða fylgi við þetta frv. Þetta hefur ekki verið upplýst og reynt að laumast áfram með frv. eins og þetta væri venjulegt stjfrv. eðli sínu samkvæmt. Ég kann ekki að meta þessi vinnubrögð, það verð ég rétt að segja, og þykir miður, þegar svona mikilvægt frv. er á ferðinni til umræðu, að sjálfur dómsmrh., sem þessi vinnubrögð hefur haft í frammi, skuli ekki vera hér staddur. En ég verð að gefa mér nógan tíma til að ná tali af honum héðan úr stólnum. Menn ráða því náttúrlega, ef þeir hafa yfirdrifinn tíma, hvort menn vilja verja honum með þeim hætti.

Þetta mál er ekki nýr kunningi á dagskrá og með ólíkindum að hið háa Alþingi skuli láta bjóða sér slíkt framferði af hálfu prestastéttarinnar eins og hér eru dæmi um. Ég fékk þar aðeins dæmi af framsóknaráratugnum, ég verð víst að fara að snúa mér í þessa átt senn hvað líður með málflutning minn, til þess að menn átti sig á skorðunum að því leyti. Hér höfum við frv. þessa efnis flutt á þingi 1972–1973, hér er sams konar frv. 1973–1974, hér höfum við enn eitt 1975–1976, hér höfum við enn eitt 1976–1977 og hér er svo loks 1978–1979. Alltaf sami steinninn klappaður. En því fór fjarri í öll þessi skipti að Alþingi dytti í hug að leggja eyru við þessu eða ljá því nægjanlegt fylgi. En svo er það í andvaraleysi að þá á að lauma þessu máli í gegn á forsendum sem ég verð því miður að segja að séu meira en lítið vafasamar. Mér þykir fyrir því að þurfa að tala þannig til félaga míns, hæstv. dómsmrh., en ég kemst ekki hjá því vegna þess að hér var í besta falli leyft að þetta mál yrði kynnt fyrir þingi, en ekki flutt með þeim hætti og allan tímann kynnt með þeim hætti sem hér væri um venjulegt stjfrv. að tefla.

Ég ætla ekki í þessari ræðu minni að víkja sérstaklega að efnisinnihaldi þessa máls. Þetta hefur margsinnis verið rakið. En menn sjá til hvers leiðir. Það hlýtur að blasa við öllum mönnum. Það hlýtur að blasa við öllum mönnum til hvers það leiðir að taka upp þær reglur sem hér er lagt til að viðhafðar verði. Það á að svipta sóknarbörnin áhrifum á hvern þau velja sér sálusorgara sinn og með þeim dæmalausa hætti að ætla að stilla upp einhverjum fimm eða sjö mönnum til þess að setjast á rökstóla undir auðvitað ógnarþrýstingi biskupsvaldsins að velja sér sálusorgara. Þetta mun auðvitað leiða til þess að hver pokinn af öðrum verður fyrir sálarglugga manna dreginn og þeir sitja uppi með það ævilangt. Hv. þm. þurfa að ganga fyrir sína kjósendur (**Gripið fram í:** Hvernig pokar eru þetta?) í það minnsta á fjögurra ára fresti og þykjast ekkert of góðir til þess, en klerkum, sem aðeins þurfa að gera þetta einu

sinni e.t.v. á ævinni, er það mjög umhendis og bera ýmsu við.

Það kann vel að vera að þeir kunni sér lítt hóf, prestar, í kosningabaráttu fyrir góðu brauði og þó einkum meðreiðarsveinar þeirra. Um þetta eru mörg dæmi. En að lokinni kosningabaráttu, þegar einn hefur sigrað, er það slakur sálusorgari ef hann eyðir ekki þeim kurr eða óánægju sem til hefur verið sáð meðan á baráttunni hefur staðið. Þá er hann einskis nýtur, eins og klerkurinn hlýtur að hafa yfirburðaaðstöðu til að lækna þau sár sem opin kunna að vera, yfirburðaaðstöðu langt umfram það sem t.d. stjórnmálamenn hafa til að sætta menn við úrslit í venjulegum alþingiskosningum. Það þykir mér verst að Alþingi skuli láta misbjóða sér með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Hér er ráðherrann kominn.) Hann er kominn, já.

Ég var að finna að því, hæstv. dómsmrh., að það skuli ekki hafa verið skýrlega tekið fram með hvaða hætti menn brugðust við í ríkisstjórn þegar leyft var að þetta frv. væri flutt, að vísu afgreitt af ríkisstjórn með þeim hætti að kallast megi stjfrv., en með þeim sérstaka hætti að einstakir ráðherrar höfðu sterkan fyrirvara á um fylgi við það og var raunar vitað um andstöðu þeirra við það. (**Landbrh.:** Ég tók það fram við framsögu hér að stjórnarþingmenn hefðu óbundnar hendur.) Stjórnarþingmenn. Það var alveg nauðsynlegt að taka fram með hvaða hætti þetta var afgreitt í hæstv. ríkisstjórn.

Ég var svo að því kominn, sem mér er mest í mun og þyngst niðri fyrir út af, hvernig Alþingi lætur leika á sig og ég tók hér framsóknaráratuginn og flutning þessa máls á honum. Menn urðu að láta ýmislegt yfir sig ganga þann áratug. Ég hélt að það væri nóg komið m.a. af þessu, að lifa þann áratug af, þar sem þetta mál er sjö sinnum flutt og jafnoft lagt til hliðar.

Nú ætla ég, hæstv. forseti, ekki að þæfa þetta mál í þessari minni fyrstu ræðu við 3. umr., en fer fram á að umræðu þessari verði frestað. Þetta er hvort sem er til þriðju umræðu þannig að þess vegna þurfa menn ekki að óttast úrslit málsins. En ég hef í huga e.t.v. að reyna, þó í litlu kunni að vera, að lagfæra augljósa hnökra á þessu lagafrv. vegna þess að í þykjustunni eru menn hér með ákvæði um að sóknarbörn geti krafist kosninga ef ¼ þeirra krefst þess innan örskamms tíma frá því að niðurstöður í kjörmannavali hafa verið kynntar. Auðvitað er þetta í þykjustunni. Ég gæti því hugsað mér að leita lags um það og samninga hvort menn gætu hugsað sér lægri hundraðstölu þarna þannig að þetta væri mögulegt í framkvæmdinni. Ég tek það fram, úr því sem hv. 3. þm. Vestf. gengur fram hjá, að ég get ekki fallist á þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Ég get að vísu játað að í orði kveðnu má svo heita að það sé hið fullkomna lýðræði að beita því, en ég held að slíkum ráðum eigi ekki að beita nema í miklu stærri málum. Þó er þetta veigamikið mál. Það skal ég líka játa.

Ég fer þess vegna fram á, af því sem hér er málinu ekki hætt þess vegna, að hæstv. forseti fresti þessari umræðu þannig að manni gæfist kostur á aðeins að kynna sér möguleika á að lagfæra þetta þannig að viðhlítanlegra væri en í þeirri gerð sem það er hér. Til þess þyrfti ekki tíma nema fram eftir morgundeginum til að láta á þetta reyna. Ég er sannfærður um það, og hef sannfærst um eftir að mér varð ljóst að hér var svo komið málum sem mér datt bara aldrei í hug, að menn hafa meðvitundarlitlir afgreitt þetta í hv. nefnd. Það hef ég sannfærst um af þeim litlu njósnum sem ég hef haldið uppi um meðferð þessa máls frá því sem það kom í hv. deild.

Það er svo annað mál hvort menn telja eðlilegt, nú þegar við höfum sem mest að vinna í hinum þýðingarmestu málum rétt við lok Alþingis, að slík fljótaskrift á máli eins og þessu eigi rétt á sér. Það er svo annað mál. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir afskaplega miklum vonbrigðum með þá fljótaskrift og það andvaraleysi sem lýsir sér í málsmeðferð þessari hér í hv. deild.

En hæstv. forseti. Ekki meira að sinni. Það er ástæðulaust. En ég hlýt að biðja um eindregið að máli þessu verði frestað. Ekki svo að það sé nauðsynlegt við lok orða minna nú, því fleiri hafa kvatt hljóðs og nauðsynlegt að heyra fleiri viðhorf til þessa, en að svo búnu að veittur verði frestur um skamma hríð til þess að ráðgast um hvort ekki mætti ná einhverri bærilegri niðurstöðu, ef þetta þarf að fara fram er nú blasir við.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti tekur fram að við því kann að verða orðið að fresta þessu máli eitthvað. Ef það er meining hæstv. menntmrh. að flytja brtt. vill forseti verða liðsmaður þess að honum takist að koma henni saman.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér við þessa umræðu að gera í stuttu máli grein fyrir fyrirvara sem ég hafði í menntmn. þegar ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og vildi fara örfáum orðum um það hvaða viðhorf ég hef til þessa frv. og í hverju þessi fyrirvari minn er fólginn.

Ég hef ekki látið mig skipta miklu þau mál sem hér eru á dagskrá, en ég hef fylgst með kirkjulegu starfi og því sem þar ber við í sambandi við prestskosningar og ég tel að sú reynsla sem menn hafa fengið af þeim kosningum sé ekki sérstaklega hvetjandi til að halda við það kerfi sem hefur verið þar við lýði. Við búum við þjóðkirkju í landinu þar sem ríki og kirkja eru samtvinnuð með þeim hætti sem menn þekkja. Prestarnir eru starfsmenn þjóðkirkjunnar og nánast opinberir starfsmenn þar af leiðandi og ég skil ekki rökin fyrir því að það sé eðlilegt að setja presta sem opinbera starfsmenn, starfsmenn þjóðkirkjunnar, undir einhverja allt aðra reglu en aðra opinbera starfsmenn í landinu. Ég sé ekki út af fyrir sig að þeirra starf, svo þýðingarmikið sem það er, sé allt annars eðlis en

starf fjölmargra sem fá opinbera veitingu til starfa. Það eru margir annmarkar sem fylgja því kerfi sem hefur verið í gangi og ekki allir sérstaklega til að efla eindrægni og frið í sambandi við starf innan þjóðkirkjunnar. Það þekkja menn vafalaust af mjög mörgum dæmum. Ég tel líka að í sambandi við prestskosningar sé mönnum mismunað talsvert, annars vegar þeim sem í þéttbýlinu starfa og hinum sem starfa á landsbyggðinni. Menn þekkja það nú í seinni tíð að umsóknir um prestsembætti úti um land eru yfirleitt ekki margar. Oftast er það bara einn maður sem sækir um starf og það er frekar hygg ég sjaldnar en hitt að þeir nái lögmætri kosningu jafnvel þó einn sé í kjöri og eru þá skipaðir til starfa af biskupi.

Ég verð líka var við að það er ekkert auðvelt fyrir þá menn sem sinna prestsstörfum úti um landið að breyta til og taka þátt í kosningum í fjölmennari brauðum eins og t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þannig búa menn engan veginn innan prestastéttarinnar við sama hlut í þessum efnum. Mér fyndist eðlilegt að setja presta undir svipaða reglu og opinbera starfsmenn þar sem takmörk væru sett við skipunartímann. Ég hef verið fylgjandi því að skipa opinbera starfsmenn aðeins í skamman tíma, í nokkur ár. Sex ára tími hefur verið á blaði hjá mér og okkur í Alþb. sem höfum flutt um það tillögur að takmarka oft og tíðum veitingu opinberra embætta og hafa þau tímabundin þannig að menn þurfi þá að sækja um á ný og það sé hægt að endurskoða veitingu fyrir slíkum embættum. Mér finnst ekkert óeðlilegt að það gildi um presta jafnt sem aðra opinbera starfsmenn þó að það sé kannske ekki að öllu leyti saman að jafna. Þjóðkirkjan hefur vissulega þó nokkra sérstöðu, um hana gilda sérstakar reglur, en á meðan að menn búa við það kerfi að hafa hér ríki og kirkju sameinuð í formi þjóðkirkjunnar og meiri hluti manna kýs það finnst mér ekki sjálfsagt að fara að setja starfsmenn þjóðkirkjunnar undir einhverja allt aðra reglu en aðra menn sem gegna opinberum störfum.

Hér var verið að leggja til af hv. þm. Karvel Pálmasyni að setja þetta undir þjóðaratkvæði. Nú hygg ég að það sé svo að innan þjóðkirkjunnar sé um 95% manna. Það er dálítið sérstakt ef það á að fara að setja þau málefni undir þjóðaratkvæði. Ja, ég veit ekki hvernig menn ætla að haga slíkri kjörskrá sem þar væri á ferðinni. Hér er sennilega á ferðinni ein af þessum patentlausnum Alþfl. sem hefur verið að ýmsum málum í þjóðaratkvæði, eins og spurningin um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þá er því vísað í þjóðaratkvæði. Hér hefur hv. þm. svipað að orði í þeim efnum. (**KP:** Það hefur alltaf þvælst fyrir Alþb., lýðræðið.) Ég ætla ekki að fara að ræða mál hv. þm. hér áðan. Mér finnst tæpast að það þurfi að eyða mjög mörgum orðum að þeim ályktunum sem hann var að draga í sambandi við afstöðu manna til þessa og spurningarinnar um afstöðu til þingræðisins. Það þóttu mér heldur langsótt rök sem þar voru á ferðinni.

Ég hefði sem sagt verið reiðubúinn að ganga lengra en lagt er til í þessu frv., þ.e. í sambandi við veitingu prestsembætta, þó að ég geti út af fyrir sig hlustað á önnur rök og það sé skoðunarvert annað kerfi í þessum efnum eins og gengur. Það eru álitamál hér á ferðinni. Það skal ég fúslega viðurkenna. En ég vildi koma þessu á framfæri hér þar sem ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og hef gert grein fyrir honum hér.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni. Það er brtt. við 5. gr. þessa frv., en þar segir:

„Nú berst skrifleg ósk um það frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu innan sjö daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 4. gr., að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því."

Ég tel að þessi bókstafur sé markleysa ef hlutfallið er svona hátt, 25%. Að því er Reykjavík varðar er hann auðvitað gjörsamlega út í hött og snertir engan veruleika. Það er útilokað að ná slíku nema við alveg afbrigðilegar aðstæður á viku. Þess vegna höfum við, ég og hv. þm. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., flutt brtt. um að í staðinn fyrir 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu verði orðin: 10 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu.

Umræðu frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 957 (sbr. 594).

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vildi bara að það kæmi fram að eftir að við áttum orðræður um þetta mál úr þessum ræðustól fyrr í kvöld hefur komið á daginn að Þjóðhagsstofnun mun afhenda, að því er forstjóri hennar sagði mér núna áðan, fjh.- og viðskn. gögn um mál þetta á fundi nefndarinnar í fyrramálið, sem hefst klukkan tíu, og þess vegna tel ég fyrir mitt leyti eðlilegt að þau mál af þessum staðgreiðslupakka sem þurfa að fara til Ed. aftur fari þangað í kvöld ef það tekst að öðru leyti, en að önnur mál, sem hlytu ella lokaafgreiðslu í þessari hv. deild, fengju að bíða þannig að unnt væri að ræða þessar nýju upplýsingar Þjóðhagsstofnunar í deildinni á morgun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (álagning útsvara og innheimta). — Þskj. 810 (sbr. 603).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 981).

Byggingarsjóður aldraðs fólks, 3. umr.

Stjfrv., 339. mál (afnám laga). — Þskj. 591.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 982).

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657, n. 939.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Samgn. hefur rætt þetta frv. Á fund hennar kom Birgir Guðjónsson deildarstjóri í samgrn. Það var farið fram á að haft yrði samband við þá aðila sem helst hefði átt að kalla fyrir nefndina, þ.e. formann Skipstjórafélagsins, Vélstjórafélagsins, Sjómannafélags Reykjavíkur og útgerðaraðila. Birgir Guðjónsson tók að sér að hafa samband við þessa menn fyrir nefndina. Það náðist aldrei í aðila skipaútgerða þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sem Birgir gerði í tvo daga. Hins vegar hafði hann samband við hina þrjá, þ.e. Guðmund Hallvarðsson, Höskuld Skarphéðinsson og Helga Laxdal, og þeir lögðu mikla áherslu á að frv. yrði samþykkt og töldu að sérstaklega væri þetta áríðandi vegna áhafna á leiguskipum.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. HS, 79. mál (tryggingaráð). — Þskj. 910.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Hér eru flutt tvö frumvörp sem varða fæðingarorlof og ég vil leyfa mér til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála að biðja um að fá að mæla fyrir báðum frumvörpunum samtímis.

Í apríl s.l. ár skipaði ég nefnd til að endurskoða núgildandi ákvæði um fæðingarorlof og fæðingarstyrk í lögum um almannatryggingar með endurbætur á fyrirkomulagi fyrir augum. Þetta var í raun og veru framkvæmd yfirlýsingar sem gerð var í sambandi við myndun þessarar ríkisstjórnar, en ætlunin var að vinna að samræmingu ákvæða um þessi efni. Í þessari nefnd voru þau Ingibjörg Rafnar héraðsdómslögmaður, sem var formaður nefndarinnar, Salome Þorkelsdóttir alþingisforseti, Jón Ásbergsson forstjóri, Jóhanna Sigurðardóttir alþm. og Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir.

Nefnd þessi vann mjög mikilsvert starf, aflaði gagna bæði hérlendis og erlendis og skilaði samhljóða tillögum á þessu ári. Þær eru nú fluttar í formi þessara frumvarpa. Jóhanna Sigurðardóttir gerði þó nokkrar athugasemdir við afgreiðsluna sem hún vafalaust gerir grein fyrir hér á eftir, en þær voru þó ekki stórvægilegri en svo að nefndin skilaði samhljóða nál.

Meginniðurstöðurnar voru þær, og í þeim eru fólgnar verulegar breytingar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs eins og það er nú, að það er í fyrsta lagi skilið alfarið á milli reglnanna sem varða vinnurétt annars vegar og tryggingarétt hins vegar. Nefndinni þótti óeðlilegt að hafa ákvæði um vinnuréttinn í tryggingalögum og þess vegna er hér flutt frv. til l. um fæðingarorlof þar sem fæðingarorlofið er sjálft skilgreint. Það er í fyrsta sinn sem það er skilgreint í lögum og ekki vanþörf á, en fæðingarorlof merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar, m.ö.o.: leyfi til að vera fjarverandi frá þessum launuðu störfum.

Meginatriði frv. um fæðingarorlof eru þau að tekið er fram að konu sé heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og að fæðingarorlof lengist frá því sem nú er um einn mánuð um næstu áramót og síðan um einn mánuð á ári upp í sex mánuði eins og gert er ráð fyrir í þessum frumvörpum.

Enn fremur er hér mjög mikilsvert ákvæði um að skylt sé þegar því verður við komið að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum, en slík tilfærsla eigi þó ekki að hafa áhrif á launakjör konunnar.

Þetta eru aðalatriðin í því frv. sem varðar sjálfan réttinn til orlofsins, lengd orlofsins og skyldu til að vernda heilsu konu og fósturs í starfi hennar.

Ég vík þá að hinu frv. sem fjallar um greiðslurnar í orlofinu, en það er í frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Nefndin gerir grein fyrir því sem framtíðarmarkmiði að vissulega sé æskilegast að ekki sé ósamræmi í réttindum kvenna sem starfa hjá opinberum aðilum og hinna sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði að því er varðar þennan rétt. Hér er auðvitað um að ræða mismunun sem á sér langa sögu, allt frá því er opinberir starfsmenn fengu fæðingarorlofsrétt í þrjá mánuði með fullum launum, og það stóð í marga áratugi þangað til árið 1975. Þá bættust í þennan hóp einnig konur á hinum almenna vinnumarkaði.

Það má segja að það hafi verið fyrsta stóra skrefið í þá átt að jafna mun innbyrðis að þessu leyti milli kvenna sem vinna á hinum almenna vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Það hlýtur hins vegar að teljast æskilegt að allir launþegar njóti sömu réttinda með tilliti til opinberra greiðslna varðandi fæðingarorlof og þess vegna telja nefndarmenn að það beri í framtíðinni að stefna að því að það verði stofnaður sérstakur fæðingarorlofssjóður með svipuðu sniði og Atvinnuleysistryggingasjóður með stjórnarmönnum tilnefndum af Alþýðusambandi, Vinnuveitendasambandi, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, BHM og fulltrúum kjörnum af Alþingi. Hins vegar taldi nefndin og ég er þeirrar skoðunar að slíka breytingu sé ekki rétt að gera nema í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekendur.

Hins vegar voru menn sammála um að það þyldi ekki bið að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi annars vegar með tilliti til þess fyrst og fremst að lengja fæðingarorlofstímann og hins vegar með það fyrir augum að auka rétt heimavinnandi mæðra. Þess vegna gerir nefndin tillögur um í frumvörpunum að það sé alveg skýr greinarmunur annars vegar á þeim greiðslum sem allar mæður fá og verða fjármagnaðar af ríkinu og svo aftur á móti greiðslum til þeirra sem eru útivinnandi og fá fæðingardagpeninga sem eru fjármagnaðir alfarið af atvinnurekendum. Til þess að þetta megi gerast er það svo að óbreyttu fyrirkomulagi að sú fjármögnun verður af hluta atvinnurekenda í lífeyristryggingum.

Það var ekki ætlun mín að hafa langt mál til að mæla fyrir þessum frv. Þetta eru aðalatriðin. Festur er í lög rétturinn til að fá leyfi frá hinu launaða starfi í fjóra mánuði sem lengist í áföngum upp í sex mánuði, að færa til barnshafandi konu í starfi til þess að vernda heilsu hennar og fóstursins og hins vegar að fæðingarstyrkur að upphæð 15 þús. kr. verður greiddur öllum fæðandi konum og til viðbótar fæðingardagpeningar til þeirra sem vinna utan heimilis. Fjármögnun þessara tveggja greiðslna er ekki

með sama hætti þannig að það er ljóst að önnur bótategundin greiðist alfarið af ríkissjóði og hin alfarið af atvinnurekendum.

Ég vil geta þess að með frv. er stigið skref sem þýðir að greiðslur til heimavinnandi mæðra hækka um 50%. Niðurstaða þessa frv. er sú samkvæmt athugun sem gerð hefur verið alveg nýlega á stöðu þessara mála á öllum Norðurlöndum svo og á Bretlandi að samkvæmt frv. verður réttur heimavinnandi mæðra betri en í nokkru af þeim löndum sem við gjarnan höfum miðað okkur við. Alls staðar er í þessum löndum skilið með svipuðum hætti alveg greinilega á milli þessara tveggja tegunda greiðslna, annars vegar þeirra greiðslna sem fara til að „dekka" tekjutap úti á vinnumarkaðnum og hins vegar til að greiða fæðingarstyrk til heimavinnandi kvenna og þá sums staðar, eins og verður í okkar landi, til allra kvenna.

Ég held, herra forseti, að mér nægi að öðru leyti að vísa til framsöguræðu sem prentuð er í þingtíðindum og flutt var í Ed. og bendi á kostnaðarútreikninga sem fylgja frv. og eru mjög ítarlegir. Ég vil hins vegar taka fram að hv. Ed. gerði breytingu á viðmiðuninni í frv., þ.e. við hve mikla atvinnuþátttöku eigi að miða til þess að réttur skapist til greiðslna í fæðingarorlofi. Niðurstaða hv. Ed. var sú að viðmiðun eigi að vera óbreytt frá því sem nú er, þ.e. 1032 dagar, í stað 1700 eins og í frv. var í upphafi og miðaðist við núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Sú viðmiðun sem var niðurstaða hv. Ed. var í núgildandi lögum og úr lögum um atvinnuleysistryggingar eins og þau voru 1980.

Ég vil geta þess einnig að í dag komu fulltrúar frá Bandalagi kvenna í Reykjavík og afhentu mér bréf þar sem greint var frá eftirfarandi ályktun sem gerð var 8. mars og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík lýsir eindreginni ánægju sinni með fram komið stjfrv. um breytingu á lögum um fæðingarorlof."

Í framhaldi af þessu sendi hagsmunanefnd heimavinnandi húsmæðra í Bandalagi kvenna í Reykjavík kveðjur og þakkir fyrir undirbúning og frágang frv. um breytingu á fæðingarorlofi sem þær töldu að allar íslenskar konur hlytu að fagna.

Ég vil einnig geta þess að það var mikill stuðningur við málið í hv. Ed. Með því greiddu allir atkvæði í dag að viðhöfðu nafnakalli nema þm. Kvennalistans sem sat hjá og það gilti um greiðslurnar, en ég má segja að samhljóða hafi menn greitt atkvæði með frv. um fæðingarorlof. Og fulltrúar allra flokka í þeirri hv. deild lýstu því yfir fyrir sína hönd og flokka sinna að það væri eindreginn stuðningur við að koma þessu máli fram nú. Að vísu hafði einn hv. þm. fyrirvara sem leiddi til þess að hann sat hjá að lokum.

Ég þakka, herra forseti, fyrir að þetta mál var tekið svo skjótt fyrir á þessum fundi og leyfi mér að líta svo á að í því felist áhugi á að greiða fyrir þessu máli sem ég tel að sé afar skýrt og vel unnið og spari þess vegna hv. þingnefnd mikla vinnu. Ég tel að með því að samþykkja þetta nú gefist tími til að undirbúa gildistöku þess, sem verður um næstu áramót, og vænti þess að það eigi eftir að hafa mikla þýðingu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd sem samdi frv. sem hér liggur fyrir um fæðingarorlof og frv. til l. um breytingu á almannatryggingalögum vegna fæðingarorlofsins þarf ég í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Eins og hæstv. heilbrmrh. gat um hafði ég nokkrar athugasemdir við þetta frv. að gera í nefndinni og nokkur afbrigði sem ég hefði viljað sjá í þessum lagafrv. sem ekki náðist samstaða um og ég vil gjarnan gera grein fyrir hér.

Með frv. sem hér liggja fyrir eru vissulega stigin veigamikil skref til að ná fram meira réttlæti í fæðingarorlofi. Tvö atriði eru þar veigamest. Það er í fyrsta lagi að réttur heimavinnandi kvenna er aukinn og í annan stað er lenging fæðingarorlofsins mikilvæg og mikil réttarbót fyrir foreldra og börn þeirra. Þó vissulega hefði ég kosið að sex mánaða lenging á fæðingarorlofi tæki gildi fyrr en hér er lagt til ber því vissulega að fagna að ákvörðun hefur verið tekin í þessu efni og sex mánaða fæðingarorlof mun verða að veruleika í áföngum á þrem árum.

Ég vil að það komi hér skýrar fram en mér fannst í máli hæstv. heilbrmrh. að fæðingarorlofsnefndin sem samdi þetta frv. taldi mjög brýnt að reyna að samræma fæðingarorlof í stað þess að hér giltu mjög misjafnar greiðslur að því er varðar konur sem vinna hjá hinu opinbera og konur á almenna vinnumarkaðnum. Þar er verulegur munur á eins og við vitum, en hið opinbera greiðir sínum starfsmönnum full laun í fæðingarorlofi jafnframt sem tryggt er að enginn opinber starfsmaður njóti lægra fæðingarorlofs en greitt er hjá almannatryggingum. Fjöldi kvenna á almenna vinnumarkaðnum þarf hins vegar að sæta því að lækka verulega í tekjum í fæðingarorlofi meðan konur hjá hinu opinbera halda fullum sínum launum. Nefndin gerði sér hins vegar ljóst að slík kerfisbreyting, að koma á samræmdum fæðingarorlofsgeiðslum, yrði vart gerð nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Nefndin var um það sammála og það var einhugur um það í nefndinni að rétt og eðlilegt væri að koma á samræmdum fæðingarorlofsgreiðslum í tengslum við fyrirhugaða lengingu á fæðingarorlofi. Í niðurstöðu nefndarinnar til ráðherra voru lagðir fram nokkrir valkostir um hvernig slík kerfisbreyting gæti átt sér stað. Vil ég nefna þrjá kosti sem komu fram hjá nefndinni.

Í fyrsta lagi að greitt yrði ákveðið hlutfall launa upp að ákveðnu þaki sem sett yrði líkt og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Í öðru lagi að greidd yrðu

full laun til allra eins og nú tíðkast hjá hinu opinbera. Í þriðja lagi að atvinnurekendur greiddu hver og einn sínum starfsmanni, en ættu endurkröfurétt á greiðslum að ákveðnu marki. Í tengslum við þessa kerfisbreytingu yrði stofnaður fæðingarorlofssjóður, en sjóðurinn yrði fjármagnaður í fyrsta lagi með iðgjöldum atvinnurekenda sem væru ákveðið hlutfall greiddra launa, í öðru lagi með framlögum ríkisins. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í það sem fram kom í greinargerð nefndarinnar til ráðherra um slíka kerfisbreytingu.

Nefndarmenn eru einhuga um að leggja áherslu á nauðsyn þess að koma á þeirri breytingu á fyrirkomulagi fæðingarorlofsmála sem hér hefur verið lýst. Ljóst er hins vegar að slík breyting verður ekki gerð nema í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekendur. Nefndarmenn telja að kanna þurfi afstöðu þeirra til þess nú þegar. Samhliða slíkri kerfisbreytingu kæmi til lenging fæðingarorlofs í áföngum.

Það er því ljóst að vilji nefndarinnar stóð til þess að koma á alhliða kerfisbreytingu í tengslum við lengingu fæðingarorlofs, en samhliða því að upp yrði tekin lenging fæðingarorlofs sætu allar konur við sama borð að því er fæðingarorlof varðar.

Nú liggur fyrir að hæstv. heilbrmrh. hefur kosið að fara aðra leið í þessu efni, þ.e. að lögfesta lengingu fæðingarorlofs án þess að fyrir liggi hvernig og með hvaða hætti væri hægt að ná fram sama rétti til fæðingarorlofs til allra kvenna á vinnumarkaðnum. Ég óttast að þar sem þannig er staðið að málum muni reynast erfiðara að tryggja öllum konum sama rétt eftir að lenging á fæðingarorlofi hefur verið lögfest og ekki síst að tryggja samfara lengingunni að konur missi ekki svo mikils í launum sem þær margar gera nú vegna barneigna.

Þegar til þess er litið að þessi frv., verði þau að lögum, eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót er það mín skoðun að hyggilegra hefði verið að málum staðið að nýta þann tíma til að reyna að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um þá kerfisbreytingu sem hér hefur verið lýst og reyna að ná samstöðu um sama rétt allra kvenna á vinnumarkaðnum til fæðingarorlofs og lögfesta síðan lengingu á fæðingarorlofi sem ég undirstrika að ekki hefði þurft að seinka lengingunni þar sem þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Í því sambandi vil vísa ég aftur til þess, sem fram kom hjá nefndinni í greinargerð til ráðherra, að nefndarmenn töldu að kanna þyrfti nú þegar afstöðu aðila vinnumarkaðarins til þess að koma á þeirri kerfisbreytingu sem hér hefur verið lýst. Vil ég í þessu sambandi spyrja hæstv. heilbrmrh. hvort fyrirhugað sé að taka upp þessar viðræður við aðila vinnumarkaðarins eins og nefndin lagði til.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það sem fram kemur í öðru þessara frv., þ.e. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Þar kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði greinar þessarar tekur ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.“

Ég spyr ráðherra hvort hann telji að þrátt fyrir þetta ákvæði sé það tryggt í starfsgreinum eins og til að mynda hjá flugfreyjum, sem verða að leggja niður störf 3–4 mánuðum fyrir fæðingu, að þær haldi fullum rétti samkvæmt ákvæðum þessara laga. Ég spyr að gefnu tilefni þar sem í kjarasamningi flugfreyja eru ákvæði um að láti flugfreyja af störfum vegna þungunar skuli hún halda launum sínum í þrjá mánuði eftir að hún lætur af störfum. M.ö.o. eru flugfreyjum greidd full laun þótt þær láti af störfum síðustu þrjá mánuðina fyrir fæðingu. Þegar lögin um fæðingarorlof voru samþykkt 1980 þurftu flugfreyjur að standa í stappi til að fá greiðslur í sjálfu fæðingarorlofinu hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa ákvæðis sem er í þeirra samningum um full laun þótt þær láti af störfum síðustu þrjá mánuði fyrir fæðingu. Niðurstaðan varð þó sú að þær fengu greitt fæðingarorlof samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um að konur sem eru opinberir starfsmenn séu undanþegnar ákvæðum laganna. Það kemur einungis fram í reglugerð. Í þessu frv. á aftur á móti að binda þetta í sjálf lögin og í frv. er kveðið á um að ákvæði almannatryggingalaga varðandi fæðingarorlof taki ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, og það er nýtt, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma sem óskert laun eru greidd.

Í mínum huga eiga flugfreyjur þrátt fyrir þetta ákvæði tvímælalaust þann rétt að fá fæðingarorlof samkvæmt ákvæðum þessa frv. jafnvel þótt þær hafi full laun á hluta meðgöngutímans af því að þær verða að leggja niður störf eðli starfsins vegna. En vegna þess að nokkur ágreiningur var um þetta þegar núgildandi lög voru samþykkt tel ég rétt að hæstv. heilbrmrh. taki af allan vafa í þessu efni, hvaða skilningur býr að baki þessu ákvæði þegar um er að ræða stéttir eins og flugfreyjur sem verða eðli starfsins vegna að leggja niður vinnu nokkrum mánuðum fyrir fæðingu barns og halda þó fullum launum í þrjá mánuði fyrir fæðingu.

Annað atriði vil ég nefna. Það er ákvæði í frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem kveður á um að fæðist barn andvana eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur aðeins í tvo mánuði. Ég held að það sé brýnt að það komi fram í þessari hv. deild að hér er um skerðingu að ræða frá því sem gilt hefur. Í tíð Matthíasar Bjarnasonar sem heilbrmrh. var með reglugerð kveðið á um að réttur til fæðingarorlofs væri þrír mánuðir þegar barn fæðist andvana. Þessi reglugerð var gefin út 13. febr. 1985 og endurútgefin aftur 22. sept. 1986 og þá undirrituð af Ragnhildi Helgadóttur núv. heilbr.- og trmrh., en það stendur

í 5. gr. þessarar reglugerðar, með leyfi forseta:

„Greiða skal fæðingarorlof í þrjá mánuði ef um er að ræða andvana burð. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarorlof í tvo mánuði.“

Það er því ljóst að hér á að skerða rétt að því er varðar fæðingarorlof þegar um andvana fæðingar er að ræða frá því sem gilt hefur. Ég tel óeðlilegt að þessi réttur sé skertur frá því sem gilt hefur og lagði til í fæðingarorlofsnefndinni að þessi réttur héldist, en um það náðist ekki samkomulag.

Í hv. Ed. flutti Kolbrún Jónsdóttir brtt., en í þeim brtt. fólst að leiðrétta þetta þannig að sá réttur sem nú er, þ.e. þrír mánuðir, héldist. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig þessum brtt. reiddi af í Ed. vegna þess að ég tel að þar hafi ekki verið rétt að málum staðið og komi fram nokkurt misrétti í þessum málum ef þetta frv. verður að lögum með þeim hætti sem Ed. hefur afgreitt málið.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. frv. til l. um breytingu á almannatryggingalögum kveðið á um fæðingarstyrk sem allar konur fá, líka þær sem eru heimavinnandi. Í 2. gr. er kveðið á um fæðingardagpeninga sem þær konur einungis fá greidda sem eru á vinnumarkaðnum. Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir lagði til að þegar um væri að ræða að barn fæddist andvana yrðu greiddir þrír mánuðir, bæði til þeirra sem eru þá heimavinnandi og eins til þeirra sem eru á vinnumarkaðnum. Einungis sú tillaga sem lýtur að fæðingardagpeningunum var samþykkt, þ.e. að þeir skuli greiddir í þrjá mánuði, en eftir stendur samt í frv. að því er varðar fæðingarstyrkinn að fæðingarstyrkur þegar um er að ræða að barn fæðist andvana er einungis greiddur í tvo mánuði. Þetta þýðir m.ö.o. að konur sem eru á vinnumarkaðnum og fæða andvana börn fá fullt fæðingarorlof samkvæmt þessum lögum í tvo mánuði, en þriðja mánuðinn fá þær aðeins fæðingarorlof að hluta til, þ.e. bara fæðingardagpeningana en ekki fæðingarstyrkinn. Þær sem eru heimavinnandi fá einungis fæðingarorlof í tvo mánuði þegar um er að ræða að barn fæðist andvana, en alls ekki þriðja mánuðinn vegna þess að það var ekki samþykkt í Ed. sú till. að taka inn þriðja mánuðinn varðandi fæðingarstyrkinn í þeim tilfellum sem um ræðir. Þetta tel ég mjög óeðlilegt, ekki síst þegar í ákvæði 1. gr. þessa frv. er kveðið á um eins og hér segir, með leyfi forseta: „Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari mgr. skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.“

Þetta þýðir m.ö.o. að kona sem lætur barn frá sér strax eftir fæðingu getur fengið þriggja mánaða fæðingarorlof samkvæmt ákvæðum frv., þ.e. einn mánuð fyrir fæðinguna og tvo mánuði eftir fæðinguna eða samtals þrjá mánuði, en kona sem fæðir andvana barn fær aðeins tvo mánuði ef hún er heimavinnandi og ef hún er á vinnumarkaðnum fær hún fullt fæðingarorlof í tvo mánuði og að hluta til í einn mánuð, þ.e. aðeins fæðingardagpeningana en ekki fæðingarstyrkinn, samkvæmt þeirri breytingu sem gerð var í Ed. Ég tel að hér sé um stóran galla á frv. að ræða og tel brýnt að það verði reynt að ná samstöðu um leiðréttingu á þessu atriði. Hér er ekki um stórt fjárhagsspursmál að ræða en mikið réttlætismál fyrir þær konur sem verða fyrir því að fæða andvana börn. Ég tel fráleitt að konur sem eru heimavinnandi hafi í þessu sambandi eins mánaðar skemmra fæðingarorlof en þær sem eru á vinnumarkaðnum. Því vil ég beina því til þeirrar nefndar sem fær málið til meðferðar að hún leiðrétti þennan galla á frv. sem ég vil kalla svo. Ég tel að það ætti ekki að tefja að þessi frumvörp verði að lögum á þessu þingi ef um þetta getur náðst samstaða sem ég tel mjög brýnt. Að öðrum kosti, náist ekki samstaða um það í nefndinni, mun ég flytja brtt. til að reyna að ná fram leiðréttingu á þessum galla á frv. í hv. deild þegar málið kemur til atkvæðagreiðslu vegna þess að ég tel ófært að það sé afgreitt með þessum hætti frá Alþingi.

Í fæðingarorlofsnefndinni talaði ég fyrir því að með þessum nýju lögum væri rétt að koma inn ákvæði sem tryggði foreldrum rétt í fæðingarorlofi til að taka launalaust leyfi lengur en þann tíma sem fæðingarorlofsgreiðslur vara. Ég tel rétt að slíkt ákvæði sé fyrir hendi og að ekki sé skemmra gengið í því efni en að foreldrar eigi rétt til launalauss leyfis frá störfum þrjá mánuði umfram venjulegan fæðingarorlofstíma. Væri slíkt ákvæði til staðar í þessum lögum væri tryggt að frá næstu áramótum, þegar lög þessi taka gildi og fjórði mánuðurinn bætist við þriggja mánaða fæðingarorlof, eigi foreldrar einnig rétt á þriggja mánaða launalausu leyfi frá störfum, sem þá þegar frá næstu áramótum gæfi rétt til sjö mánaða fæðingarorlofs, þ.e. fjögurra mánaða greiðslu og þriggja mánaða launalauss leyfis. Um þetta náðist ekki samkomulag í fæðingarorlofsnefndinni og tel ég rétt að heilbr.- og trn., sem fær málið til meðferðar, athugi vel hvort ekki sé rétt að fella inn í fæðingarorlofsfrv. slíkt ákvæði um launalaust leyfi.

Til vara bendi ég á till. sem hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir flutti í Ed. um ákvæði til bráðabirgða þess efnis að heilbr.- og trmrh. skuli þegar í stað skipa nefnd með aðild samtaka vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að gera tillögur um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Vegna þeirra breytinga sem Ed. gerði á frv. varðandi það við hvað skuli miða fæðingardagpeninga vil ég að það komi fram að fæðingarorlofsnefndin hafði af því nokkrar áhyggjur að í sumum tilfellum mundu fæðingarorlofsgreiðslur skerðast frá því sem nú er ef sömu útreikningsreglur giltu um fæðingardagpeninga og um atvinnuleysistryggingar þó slík viðmiðun sé að mörgu leyti eðlilegri en þær útreikningsreglur sem gilt hafa. Á það var lögð áhersla í nefndinni að þetta yrði sérstaklega skoðað í meðferð Alþingis á málinu þar

sem ekki gafst tími til slíkra útreikninga meðan nefndin hafði málið til meðferðar. Það hefur nú komið í ljós að í einhverjum tilfellum er um skerðingu að ræða og því óhjákvæmilegt að breyta þessari viðmiðun eins og Ed. hefur lagt til og samþykkt við afgreiðslu málsins þar.

Ég get farið að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil að lokum benda á það sem fram kemur í frv. um fæðingarorlof, 7. gr., en um það atriði gerði ég einnig athugasemd í fæðingarorlofsnefndinni. Í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi."

Síðan kemur eftirfarandi: „Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæði 1. mgr. skal hann greiða bætur. Við ákvörðun bóta skal m.a. taka mið af ráðningartíma starfsmanns hjá viðkomandi atvinnurekanda."

Ég tel að hætta sé á að hér geti verið um skerðingu að ræða frá því sem er nú í framkvæmd. Í svona máli hefur einmitt fallið dómur. Um var að ræða stúlku sem verið hafði mjög skamman tíma í vinnu og hafði einungis áunnið sér eins mánaðar uppsagnarfrest. Dómur sem féll í þessu máli úrskurðaði að hún ætti að fá bætur út meðgöngutímann sem varð töluvert lengri en sem nam ráðningartíma viðkomandi. Þetta ákvæði gæti því þýtt skerðingu frá því sem er í framkvæmd og hefur verið og dómsúrskurður liggur fyrir um ef hérna á að taka mið af ráðningartíma starfsmanns eins og hér er lagt til. Ég vil alla vega að komi fram að hér geti hugsanlega verið um skerðingu að ræða frá því sem gilt hefur.

Að lokum, herra forseti, tel ég það mjög réttmætar ábendingar sem koma fram, en áður en ég vík að því vil ég vitna til þess sem ég var að segja um ákvæðið í 7. gr. að það koma einmitt fram í umsögn Alþýðusambands Íslands áhyggjur af því sem fram kemur varðandi viðmiðun við ráðningartímann, en þar segir:

„Þá er rétt að benda á að í 7. gr. frv. um fæðingarorlof er ráðningartíma á óeðlilegan hátt blandað inn varðandi bótaskyldu atvinnurekanda."

Sú setning ætti að falla út. Þetta er álit Alþýðusambands Íslands.

Í lokin vil ég benda á mjög réttmætar ábendingar sem koma fram í nál. frá heilbr.- og trn. Ed., en þar segir, með leyfi forseta:

„Eins telur nefndin rétt að vekja athygli á því, þótt ekki snerti það sjálft frv., að tryggja þarf að lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi skerðist ekki, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlög þann tíma. Þetta kallar á breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt væri eðlilegt að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánarétt svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi."

Hér er um mjög réttmætar ábendingar að ræða ef foreldri í fæðingarorlofi missir lífeyrisréttindi einhvern tíma. Ég spyr hæstv. ráðh. í lokin hvort eitthvað hafi verið hugað að þessu og hvort hún muni beita sér fyrir því að þessi mál verði sérstaklega athuguð.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja tíma deildarinnar lengur, en ég mun koma frekari athugasemdum mínum á framfæri í heilbr.- og trn. sem ég á sæti í. Ég vona að lokum að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þingið og verði að lögum á þessu þingi, þó með þeim breytingum sem ég hef lagt áherslu á og lýst í þessari umræðu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. Það hefur verið mikið baráttumál í gegnum tíðina að rýmka þau réttindi sem konur hafa haft og minnka það misrétti sem í lögunum hefur falist. Ég held að a.m.k. sjö sinnum hafi komið fram frv. á tíu ára tímabili til að reyna að stíga skref í þá átt að fá aukin réttindi konum til handa í þessu efni. Ef ég man rétt hefur það verið annað hvert ár frá 1976. Þórarinn Þórarinsson og ég fluttum tvívegis frv. sem var skref í áttina því að þetta hefur ekki tekist nema með skrefum. Ef ég man rétt flutti forsrh. í Ed. frv. um þetta líklega á þinginu 1979. Á 105. löggjafarþinginu var flutt um þetta frv., sem núv. hæstv. félmrh. var 1. flm. að og við fleiri framsóknarmenn stóðum að því frv., og á 107. löggjafarþinginu fluttum við, ég og hv. þm. Ólafur Þórðarson, frv. um skref í þessu, þ.e. fjórða mánuðinn, og ef ég man rétt hafa Kvennalistakonur a.m.k. tvívegis flutt frv. um þetta efni — eða þrisvar er nú hvíslað hér á bekk.

Hitt er annað mál að frv. sem hér liggur fyrir er alls ekki lokasigur í þessu efni. Það er enn þá misrétti sem í því felst. En þetta er mikilvægt og það er mikilvægt að það skuli t.d. nást meiri réttindi fyrir heimavinnandi húsmæður sem er þó hvergi nærri að mínu mati nægjanlegt, hvað sem má segja um þau réttindi sem eru á Norðurlöndum fyrir heimavinnandi konur. Ég skil vel að það sé erfitt og það hefur reynst erfitt áður að ná sex mánaða fæðingarorlofi í einu skrefi, en með þessu frv. er stefnt að því að konur fái það árið 1990.

Ég held að það hafi komið fram hjá síðasta ræðumanni ýmis atriði sem þyrfti að laga, en ef það tekst ekki tel ég þó að það sé mikill ávinningur í því að fá frv. samþykkt eins og það er, ef ekki næst samkomulag um breytingar, því að það er hægt á næsta þingi að reyna að sníða af því ýmsa hnökra sem virðast vera á því. En ég legg áherslu á að þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er sannarlega löngu tímabært að hér sé flutt af hálfu stjórnvalda frv. til l. um að lengja fæðingarorlof. Læknisfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt fyrir nokkuð löngu hversu geysilega mikilvægt fyrsta tímabilið eftir fæðingu, fyrstu dagar, vikur og mánuðir, er til þess að gott samband geti myndast milli barns og móður, eða þess sem annast barnið. Þetta getur verið

úrslitaatriði fyrir framtíðarvelferð barnsins svo að ekki sé minnst á þau gæði, líkamleg og andleg, fyrir barnið að njóta móðurmjólkurinnar óáreitt.

Eins og við vitum vinnur stór hluti íslenskra kvenna úti á vinnumarkaði, allt að 80% og trúlega af þeim sem eru á barneignaraldri jafnvel hærra hlutfall. Þetta er mun hærra en á hinum Norðurlöndunum og verða aðrir Norðurlandabúar aldrei dolfallnari en þegar maður segir þeim hversu stutt fæðingarorlof er á Íslandi, en þar er fæðingarorlof mun lengra, og allt að einu ári þar sem lengst er. Það er því löngu orðið tímabært að þessum málum yrði hreyft og ber að fagna því að hér skuli flutt frv. til l. til að leiðrétta þau mál.

Kvennalistinn hefur flutt á þremur umliðnum þingum frv. til l. um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í a.m.k. sex. Ef borin eru saman þau frumvörp sem hér er verið að flytja og það frumvarp sem Kvennalistinn flytur er mikill grundvallarmunur þar á. Í þessu frv. er ýmislegt til bóta, en hins vegar er líka ýmislegt þar sem má gagnrýna.

Ef ég vík fyrst að því sem vel er gert er það sannarlega til bóta að hægt er fyrir konu að láta flytja sig til í starfi ef heilsu hennar eða fósturs er hætta búin án þess að launakjör hennar skerðist á meðgöngutíma. Sama máli gegnir um það að sá atvinnurekandi sem brýtur á ákvæðum þessarar greinar, þ.e. 7. gr., með því að segja upp barnshafandi konu er bótaskyldur. En hv. 2. landsk. þm. vék reyndar að atriðum sem sjálfsagt er að athuga í þessu sambandi, þ.e. að blanda ekki saman ráðningartíma konunnar við bótaskyldu atvinnurekanda, og er sjálfsagt að huga betur að því í nefnd.

Einnig er til bóta að foreldrar ráði því sjálfir hvernig þeir skipta fæðingarorlofinu og geti þá jafnvel báðir tekið fæðingarorlof í einu og verið heima þann tíma eða skipt öðruvísi á milli sín. Það er allt til bóta.

Ef ég vík nú að því sem er athugavert við þessi frumvörp er það í fyrsta lagi að framsetning málsins er talsvert flókin og má segja óþarflega flókin. Í öðru lagi tekur sú lenging sem um er að ræða, þ.e. lenging frá þremur mánuðum og upp í sex, allt of langan tíma, miðað við þá knýjandi þörf sem fyrir þetta er, og hefði þurft að gera þetta mun hraðar. Og í þriðja lagi er konum mismunað í greiðslum eftir því hvort þær eru heimavinnandi eða útivinnandi.

Það er nýmæli að í þessum frumvörpum er búið að búta ákvæði um fæðingarorlof niður í tvö mismunandi frv. Fæðingarorlof er skilgreint sem leyfi frá launuðum störfum án greiðslna og síðan er í fylgifrv. kveðið á um greiðslur í fæðingarorlofi. Þeim er skipt annars vegar í fæðingarstyrk og hins vegar í fæðingardagpeninga. Þetta er einmitt það sem gerir málið talsvert flókið. Síðan koma fram vangaveltur um hvernig kostnaðarskipting getur verið milli ríkis og atvinnurekenda vegna fæðingarorlofsins og líka hugleiðingar um sérstakan fæðingarorlofssjóð en fram eru settar lauslegar hugmyndir um hann í grg. með greiðslufrv.

Í tekjuöflunarfrv. því sem fylgdi með fæðingarorlofsfrv. Kvennalistans, sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir flutti í Ed. og hefur flutt í þrjú ár í röð án þess að það næði fram að ganga þrátt fyrir mikinn stuðning kvenna víða að, var um að ræða hækkun á prósentuhlutfalli framlags atvinnurekenda til lífeyristrygginga og hefði hún getað aflað fjár til þessa málefnis þannig að tekist hefði að koma fæðingarorlofsgreiðslum á mun hraðar en hér er lagt til og hefði það verið til bóta.

Samkvæmt þessu frv. bera heimavinnandi konur áfram skertan hlut frá borði hvað varðar fæðingarorlofsgreiðslur. Greiðslur þeirra hækka að vísu úr 11 þús. og upp í 15 þús., en í raun njóta þær einungis fæðingarstyrks, en fá ekki fæðingardagpeninga sem svo nefnast en eiga að greiðast til þeirra kvenna sem eru útivinnandi. Útivinnandi konur fá fæðingardagpeninga sem nema rúmlega 35 þús. kr. á mánuði ef þær eru í fullri vinnu og er það um 1000 kr. meira en þær fá nú miðað við núgildandi lög. Hins vegar fá þær ekki óskert laun sín í fæðingarorlofi. En ég vil sérstaklega taka það fram að við verðum að huga að því að konur eru engu síður fyrirvinnur en karlar og það er að verða æ ljósara að hvert heimili nú til dags þarf a.m.k. tvær fyrirvinnur. Ef ég man rétt var það einmitt viðurkennt af hæstv. fjmrh. nú á dögunum í umræðum um frv. til skattalaga því að þar er einmitt gert ráð fyrir að hvert heimili þurfi tvær fyrirvinnur. M.a. þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að útivinnandi kona haldi sínum launum óskertum í fæðingarorlofi því að hún er fyrirvinna engu síður en faðirinn. Ég vil geta þess hér að þegar frv. Kvennalistans var til umfjöllunar kom fram, þegar Tryggingastofnun var beðin að reikna út hvernig færi ef þær konur sem eru úti á vinnumarkaði fengju í raun fulla greiðslu sinna launa þennan tíma, að það skipti stofnunina nánast engu máli hvort hún greiddi út fullar viðmiðunargreiðslur til kvenna í fæðingarorlofi eða hvort hún greiddi þeim full laun. Niðurstaðan er sú sama, upphæðin er sú sama. Það er vegna þess að konur hafa svo lág laun úti á vinnumarkaði. Það skiptir nánast engu máli. Það eru svo örfáar konur sem eru í mjög háum launaflokkum, enda sjáum við það á öllum þeim tölum sem reiknaðar eru út hjá hinum ýmsu stofnunum, t.d. eins og nýjar tölur frá Byggðastofnun sýndu að karlar hafa tæpum 60% hærri laun á ársverk en konur og einnig að það eru ekki nema tæp 5% kvenna á vinnumarkaði sem ná meðallaunum karla þannig að hér er ekki um geysilegar upphæðir að ræða.

Síðan er kannske sá þáttur, sem er grundvallaratriði eða prinsippáttur í málinu. Hann er sá að sé konum greitt á þann veg að þær fái full laun sín í fæðingarorlofi er löggjafinn í raun að segja að hann meti þau störf sem felast í því að annast um lítið barn jafnmikils og hvert annað það starf sem móðirin hefur með höndum úti á vinnumarkaðnum og það hefur fordæmisgildi. Það er mjög mikilvægt að viðurkennt sé að það að annast um nýfætt barn sé engu ómerkilegra en hvert annað starf í krónum

talið. Í raun mætti segja að það ætti að launa það meira en nokkuð annað vegna þess hversu mikilvægt það er að vel til takist. Alla vega ætti ekki að skerða laun kvenna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessum frumvörpum. Það ætti a.m.k. að láta þær halda sínum launum og ber að geta í því sambandi til samanburðar að þær konur sem vinna samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og einnig konur í Félagi bankamanna halda óskertum launum sínum í fæðingarorlofi. Þær konur sem þarna verða utangarðs eru fyrst og fremst konurnar í Alþýðusambandi Íslands. Það eru fyrst og fremst ASÍ-konurnar sem ekki fá full óskert laun sín samkvæmt þeim tillögum sem hér eru lagðar til.

Síðan hefur þegar verið minnst á þær brtt. sem voru fluttar í Ed. við umræðuna þar og ég vil taka undir þær. Þar er um að ræða brtt. við 3. mgr. 1. gr. laga um almannatryggingar þar sem greinir frá greiðslum til mæðra sem eiga andvana börn. Þar kemur í ljós, eins og kom fram í máli hv. 2. landsk. þm., að bæði útivinnandi og heimavinnandi konur fá skertar greiðslur ef þær fæða andvana börn. Heimavinnandi konurnar njóta fæðingarstyrks einungis í tvo mánuði, en útivinnandi konurnar fá skerðingu á fæðingardagpeningum þriðja mánuðinn þannig að þær njóta fullra greiðslna skv. frv. í tvo mánuði, en þriðja mánuðinn fá þær skertar greiðslur. Ég held að það hljóti að nást samstaða um breytingu á þessu ákvæði í nefndinni. Þetta er að sjálfsögðu sanngirnismál og ætti að geta náðst samstaða um slíkt við umfjöllun málsins í nefndinni.

Ég á því miður ekki lengur sæti í hv. heilbr.- og trn. Nd., en vegna þess að ég tel þetta mál afskaplega mikilvægt og vil mjög gjarnan fylgjast með umfjöllun þess í nefndinni vil ég fara fram á það við formann nefndarinnar, sem situr hér við umræðuna, að ég fái áheyrnaraðild í hv. heilbr.- og trn. þegar fjallað verður um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 961.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég get vísað til þess sem ég sagði um frv. sem ég mælti fyrir áðan. Ég mælti raunar fyrir þeim báðum í einu. En ég vil nota þetta tækifæri til að gefa upplýsingar sem ég lofaði að gefa hér og það varðar rétt þeirra sem hafa samkvæmt kjarasamningum heimild til að fá full laun á öðrum tíma en fæðingarorlofið gerði ráð fyrir. Það er algerlega ljóst eftir frv. um fæðingarorlof að sá réttur skerðist ekki. Sá tími sem er fram yfir þann tíma sem gert er ráð fyrir í frumvörpunum og þær upphæðir sem eru fram yfir þær upphæðir skerðast ekki. Það er alveg ljóst. Þannig gildir það um flugfreyjurnar að hafi þær heimild til að fá þriggja mánaða frí á fullum launum fyrir fæðingu breyta þessi lög, ef samþykkt verða, því ekki. Eins er það með þær konur sem eru opinberir starfsmenn og núna hafa þriggja mánaða orlof á fullum launum. Lögin mundu veita þeim fjórða mánuðinn með þeim greiðslum sem greinir í frv. Það þyrfti sérstaklega þá að semja um það sem þar væri fram yfir.

Það var einungis þetta. Ég held að það hafi ekki verið annað sem sérstaklega var spurt um í þessu sambandi. (**JS:** En andvana fæðingarnar?) Já, því var breytt í Ed. að því er varðar fæðingardagpeningana skv. till. sem Kolbrún Jónsdóttir bar fram, en síðan var útbýtt uppprentuðu skjali og á því voru tvær tillögur í viðbót og þær náðu ekki fram að ganga. Hin fyrri ekki vegna þess að menn töldu þetta tengjast allt saman af sjálfu sér, að ég tel, og hin síðari náði ekki fram að ganga vegna þess að dagskrártill. um þetta efni var samþykkt í sambandi við frv. sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hafði flutt um rétt foreldra til að fá leyfi frá störfum vegna umönnunar barna. Sú dagskrártillaga varðaði einmitt það að setja nefnd til að hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins um það atriði. Sú dagskrártillaga var samþykkt og þar með í raun og veru afgreiðsla á þeim efnisþætti tillagnanna.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði eins og frv. um fæðingarorlof vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og tel mig að öðru leyti hafa mælt fyrir þessu frv. í ræðunni um það mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Póst- og símamál, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 918.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að deildaskipting og mörkun verkefna einstakra deilda Póst- og símamálastofnunar verði numin úr lögum um stjórn og starfrækslu stofnunarinnar, en verði í þess stað ákveðin með reglugerð.

Með samþykkt frv. þessa verður skipulag Póst- og

símamálastofnunar ákvarðað með sama hætti og skipulag annarra stofnana ráðuneytisins og stuðlar það að auknum sveigjanleika og meiri virkni í störfum þeirra. Á þetta ekki síst við um Póst- og símamálastofnun þar sem tækninýjungar eru jafnmiklar og raun ber vitni. Það er því grundvallaratriði fyrir starfsemi og þróun stofnunarinnar að geta aðlagast breyttum viðhorfum hverju sinni.

Þetta frv. fékk afgreiðslu í Ed. og voru gerðar á því nokkrar breytingar að ósk stofnunarinnar sjálfrar. Þær breytingar voru allar gerðar í fullu samráði við samgrn. og með samhljóða áliti samgn. hv. Ed.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 27 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (heildarlög). — Þskj. 866.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar sem er 423. mál Ed. Meginefnisbreyting þessa frv. frá gildandi lögum er sú að frv. gerir ráð fyrir að byggingarvísitala verði nú reiknuð út mánaðarlega, en formlega hefur byggingarvísitala verið reiknuð á þriggja mánaða fresti. Í framkvæmd hefur vísitalan þó verið reiknuð út í hverjum mánuði og það er meginefnisbreyting þessa frv. að gera þá skipan mála lögformlega. Að auki er hér mælt fyrir um minni háttar breytingar sem miða að því að löggjöf um byggingarvísitöluna verði varanleg en ekki með tímabundnu sniði eins og verið hefur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni frv., en vísa að öðru leyti til athugasemda með því, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá, 1. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 922.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um tollskrá. Frv. þetta gerir ráð fyrir að fella niður eða lækka tolla á nokkrum vörutegundum þar sem svo stendur á að verslun hefur að mestu leyti flust úr landi. Hér er um að ræða úr, myndavélar, filmur, hljómplötur og nokkrar fleiri vörutegundir, svo sem eins og liti til listmálunar.

Það er ljóst að verslun með þessar vörur hefur að stórum hluta færst úr landi. Það er mat fjmrn. að með lækkun eða niðurfellingu tolla á þessum vörutegundum færist verslunin á ný inn í landið og ríkissjóður fái þá söluskattstekjur af þeirri verslun.

Frv. hefur þegar fengið afgreiðslu í Ed. og um það var gott samkomulag. Ég vænti þess að svo verði einnig í hv. Nd. og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 908 (sbr. 563).

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Þar sem nú er um að gera að hafa sem skemmstar signingar leyfi ég mér að vísa til framsögu minnar um þetta mál sem ég flutti hinn 9. febr. s.l. við 1. umr. í Ed. og er að finna í 15. hefti umræðukaflans.

Þetta er mikilsvert mál sem gott samkomulag varð um í Ed., smávægilegar breytingar og engar efnisbreytingar. Ég vænti þess og legg raunar höfuðáherslu á að þetta mál nái afgreiðslu í hv. deild.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það má sannarlega fagna því að þessu máli skuli hafa verið hreyft. Þetta hefur legið í nefndum um tíu ára skeið og ekki verið full sátt um hvernig málið skyldi lagt fram. Ég gerði fsp. til hæstv. ráðh. um miðjan desember s.l. um það hvort hann hygðist leggja fram frv. um Vísindaráð og Rannsóknaráð og hann lofaði því strax og þing kæmi saman að nýju og stóð við það.

Það kom fram í ræðu hans í Ed. og vita þeir sem vita vilja að það hefur verið talsverður ágreiningur um málið, hvort því væri betur komið í einu ráði sameiginlega eða í tveimur ráðum eins og hér er lagt til. Það hefur verið lengi ljóst að staða og skipulag rannsóknastarfsemi innan stjórnkerfisins hérlendis hefur þarfnast endurskoðunar og breytinga og þess-

um skorti á heildarskipulagi hefur fylgt alvarlegur skortur á fjármögnun til rannsókna hérlendis. Það er kannske það sem er alvarlegast af öllu, þ.e. skorturinn á fjármagni, og sverfur mun verr að en skipulagsskorturinn. Við leggjum ekki nema 0,8% af þjóðartekjum okkar til þessara mála þó það hafi aðeins verið hækkað á síðustu árum. En hækkunin byggist þó ekki á því að hið opinbera hafi aukið framlög sín. Þvert á móti. Hækkunin stafar fyrst og fremst frá auknum framlögum atvinnulífsins til rannsókna. Íslensk stjórnvöld hafa ekki kært sig um að hækka þessi framlög þó að nágrannalönd okkar hafi hækkað sín framlög svo um munar og séu nú komin með allt að 2% af sínum þjóðartekjum í framlög til rannsókna eða miði að því alla vega í nánustu framtíð.

Þessi auknu útgjöld hjá nágrannaþjóðum okkar eru tengd bjartsýni og skilningi á þeim möguleikum sem felast í nýrri þekkingu og tækninýjungum, en á þeim sviðum vænta menn helstra framfara og breytinga á atvinnuháttum komandi ára. Jafnframt er sífellt fleirum að verða ljóst að vísindaleg þekkingarsköpun er álíka mikilvæg fyrir sjálfstæði þjóða og listsköpun, viðhald sérstakrar þjóðtungu og vökul tengsl við menningarrætur og þjóðarsögu. Jafnframt fer þeim einnig fjölgandi sem bera hag Háskóla Íslands fyrir brjósti sem vísindastofnunar en ekki fyrst og fremst sem embættismannaskóla. Það er því vel og í samræmi við tíðarandann að hér skuli loksins hafa séð dagsins ljós frv. til laga um skipan vísindarannsókna hér á landi.

En ég vildi aðeins nefna örfá atriði í umfjöllun um þetta mál án þess að lengja tímann sem fer til umræðu. Það er kannske í fyrsta lagi það sem ég hef við þetta frv. að athuga, auk þess sem ég held að því væri betur komið í einu ráði en tveimur, en mikill þrýstingur er þó á að fá þetta mál í gegn til að tryggja þó einhverja fjármögnun til Vísindasjóðs umfram það sem verið hefur, hver er sú skipting á fjármagni og það hlutverk sem fjárveitingavaldinu hefur verið fengið í hendur. Fjárveitingavaldinu er fengið í hendur að skipta fjármagni til rannsókna og vísindastarfsemi á hverjum tíma milli svokallaðra grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Að mínu mati væri mun eðlilegra að þeir sem hafa með vísinda- og rannsóknastarfsemi að gera skipti þessu fjármagni sjálfir því að þeir eru mun betur í stakk búnir en fjárveitingavaldið til að meta hvor geirinn þarf á meira fjármagni að halda hverju sinni. Einnig má nefna að skipting í grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir annars vegar er hæpin því í raun eru bara til rannsóknir og afrakstur þeirra og stundum getur þessi afrakstur orðið hagnýtur. En það er ekki ávallt vitað fyrir fram hvort rannsóknir geta nýst á hagnýtan hátt eða ei. Þess vegna vil ég meina að það sé mun skynsamlegra að eitthvert heildarfjármagn sé ákveðið og því sé varið til rannsókna, en síðan verður það rannsóknamanna sjálfra að ákveða sín á milli hvernig á að skipta þessu fé.

Í öðru lagi mundi ég vilja gera athugasemd þar sem fjallar um verkefni Vísindaráðs og Rannsóknaráðs. Vísindaráð er frumkvæðislausara en Rannsóknaráð, eins og því er fyrir komið í þessu frv., og væri til bóta að auka frumkvæðishlutverk Vísindaráðs frá því sem nú er.

Ég held að það sé ekki ástæða til að tefja málið á neinn hátt. Ég vil þó að lokum geta þess sem kemur fram síðast í frv. Þar er talað um samstarfsnefnd þessara ráða beggja, Vísindaráðs og Rannsóknaráðs, og geri ég mér vonir um að þessi samstarfsnefnd verði efld þannig og gerð svo kröftug að hún geti verkað sem framkvæmdaraðili fyrir bæði þessi ráð og er því þá betur komið á þann veg og sameinar þessi tvö ráð meir en kannske gert er ráð fyrir í frumvarpsgreinunum sjálfum sem varða ráðin beint. Ég hygg að það væri langfarsælasta lausnin.

Við umfjöllun í Ed. hefur komið fram sú brtt., ef ég man rétt, að málið verði endurskoðað innan fimm ára. Ég held að það sé afar skynsamleg ráðstöfun vegna þess ágreinings sem hefur ríkt um málið þannig að það megi þá reyna hvernig fer með þessa skipulagsbreytingu og síðan breyta því ef mönnum líkar hún illa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

66. fundur, mánudaginn 16. mars, að loknum 65. fundi.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 657.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ.

með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 985).

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 968 (sbr. 749).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fram, leitast við að færa lagaákvæði um eftirlit með skipum til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau eru einfölduð. Í því skyni eru allmörg ákvæði felld niður sem betur eiga heima í reglugerðum og orðalagi og efnisskipan einstakra greina er breytt. Jafnframt er í frv. leitast við að skýra ýmis atriði með það fyrir augum að auðvelda framkvæmd þeirra og draga úr réttaróvissu.

Helstu efnisbreytingarnar eru þær að ákvæði frv. eru færð til samræmis við lög um Siglingamálastofnun ríkisins frá 1986 þar sem ýmsar breytingar voru gerðar á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar, ákvæðum um farbann er breytt og skýrar kveðið á hvenær skuli leggja farbann á skip. Hert eru ákvæði um ábyrgð skipasmíðastöðva, vélsmiðja og eigenda skipa vegna breytinga á skipum og skil á teikningum og stöðugleikaútreikningi til Siglingamálastofnunar.

Að tillögu nefndar, sem samdi frv. til siglinga- og sjómannalaga, er lagt til að ákvæði laganna um sjóferðapróf verði felld niður. Heimild til framlengingar á gildistíma haffærisskírteina er eingöngu bundin við frestun aðalskoðunar skips um tiltekinn tíma og í sérstöku tilviki. Nefnd í Ed. Alþingis gerði örfáar minni háttar efnisbreytingar á frv. og var full samstaða í nefndinni um afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég legg til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842, n. 972, brtt. 973.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 972 frá hv. félmn. Nefndin hefur skoðað þetta mál. Hér er um að ræða að heimila ráðherra að setja reglugerð sem getur veitt stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga möguleika á að fella niður dráttarvexti af barnsmeðlögum þegar við ákveðna félagslega erfiðleika er að stríða, t.d. ónógar tekjur, skerta starfsorku, mikla greiðslubyrði o.s.frv.

Eins og þm. rekur eflaust minni til voru á síðasta þingi samþykkt hert viðurlög ef greiðslufall varð hjá þeim sem meðlagsskyldir eru og var þeim gert skylt að greiða dráttarvexti og var byrjað að taka þá 1. júlí 1986. Í vissum tilvikum er um verulega erfiðleika að ræða. Þessu frv. er ætlað að gefa sveigjanleika til að falla frá dráttarvaxtatöku þegar það á við.

Undir nál. rita auk mín, hv. þm. Karvel Pálmason, Guðmundur J. Guðmundsson, Kristín Kvaran, Eggert Haukdal og Stefán Valgeirsson, en hv. þm. Stefán Guðmundsson var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Þau lög sem voru sett á síðasta þingi, lög nr. 41 frá 1986, eru kannske einmitt dæmigerð fyrir síðustu daga þingsins þar sem við sitjum, eins og við höfum gert síðan kl. 11 í morgun, og afgreitt aragrúa af málum um hina óskyldustu hluti, og fer ekki á milli mála að eitthvað fari úrskeiðis. Þessi lög, sem sett voru í fyrra, voru breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga þar sem meðlagsskuldurum, sem ekki greiddu meðlagskröfu innan mánaðar, var gert að greiða dráttarvexti. Áður hafði verið heimild til að taka 7% ársvexti, en sú heimild var nær aldrei notuð má ég segja. Vitaskuld hefur komið í ljós að meðlagsskuldir eru flestum nógu erfiðar þó ekki bætist við dráttarvextir. Hér segir síðan í grg., með leyfi forseta:

„Þessir dráttarvextir eru nú 2,25% á mánuði og byrjaði Innheimtustofnunin að reikna þá frá 1. júlí 1986. Frá þeim tíma hefur beiðnum um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda farið ört fjölgandi, enda hefur vanskilavaxtatakan gert meðlagsskuldurum miklu erfiðara fyrir en áður var með að standa í skilum. Erindum einstakra meðlagsskuldara um lækkun eða niðurfellingu meðlagsskulda hefur stjórn Innheimtustofnunarinnar synjað með vísan til heimildarskorts samkvæmt lögum um stofnunina."

Hér er verið að veita stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga þá heimild að meta í hverju tilviki hverjir skuli losna við dráttarvexti. Og hverjir sitja svo í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem nú

á að fara höndum um einkahagi fólks í þessu tilliti og félagslegar aðstæður? Það eru samkvæmt lögum sem nýlega hafa tekið gildi tveir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn sem ráðherra skipar. Nú tilkynnti ráðherra mér áðan að hann hefði ekki skipað samkvæmt nýjum lögum, en áður sat fulltrúi ráðuneytisins í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Hallgrímur Dalberg, starfsmaður ráðherra.

Eru það nýtísku vinnubrögð að fólk fari með slíkar heimildir sem hefur nákvæmlega enga menntun og enga kunnáttu til að fara með slík mál? Þeir sem eru menntaðir til að fara með mat á einkahögum og félagslegum aðstæðum fólks heita félagsráðgjafar í þessu þjóðfélagi, hefði ég haldið.

Ég hef því, herra forseti, leyft mér að bera fram þá tillögu að við björgum okkur út úr þessum vandræðum og hef flutt þá brtt. að lögin frá síðasta þingi verði einfaldlega felld úr gildi og öll dráttarvaxtaheimild afnumin. Nú hefur það færst nokkuð í vöxt með breyttum þjóðfélagsháttum að konur eru meðlagsskyldar og feður halda börnum sínum og reka með þeim heimili. Ég vil spyrja: Láglaunakonur í landinu eiga áreiðanlega nógu erfitt um vik með að borga meðlög með einu eða fleiri börnum þó ekki bætist dráttarvextir við eða hvað finnst hv. þm.?

Ég held að uppfinning eins og þetta sé öllum til háborinnar skammar og ég skora á þingheim, þó hann sé orðinn þreyttur og syfjaður, að hugsa þetta mál aðeins og ef menn treysta sér ekki til að taka ákvörðun um þetta núna verði málinu frestað til morguns. Þá koma þeir frískir til starfa og geta hugsað alvarlega um hvort ekki er nær að fella þetta ákvæði niður.

Ég þekki þessi rök fram og til baka, sem ég hef oft heyrt t.d. úr röðum kvenna, að það eigi að hækka meðlög. Karlmennirnir séu réttir til ef þeir eru ekki með börnin að borga há meðlög. Mín skoðun er sú að öll börn séu meira og minna á ábyrgð þjóðfélagsins og okkar allra. Ég þekki það allt of vel frá fyrri störfum mínum í Tryggingastofnun ríkisins að jafnvel þessum óskaplega kynstofni, karlmönnum, hversu há laun sem þeir hafa, er næstum ógerlegt að lifa nokkru fjölskyldulífi ef þeir eiga að standa skil á kannske fjórum, fimm meðlögum. Og þegar komnir eru við þetta dráttarvextir sem Seðlabankanum þóknast að ákveða hverju sinni er þetta satt að segja orðið fáránlegt. Við erum ekki hér til að gera fólki illt. Við eigum heldur að gera fólki kleift að lifa nokkurn veginn eðlilegu fjölskyldulífi hvort sem það býr saman eða sundur eða kýs að eiga aðra fjölskyldu. Aðalatriðið er að börnin fái sitt. Þess vegna vil ég leggja til að þessi brtt. mín verði samþykkt og þetta smánarákvæði frá því á síðasta þingi, lög nr. 41/1986, verði fellt niður. Þá er málið leyst.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég held að það sé rétt að rifja upp sögu þessa máls þó ég skuli ekki tefja tímann mikið með því. Ég vil aðeins segja að eins og allir hv. þm. vita var þessi vandi áður hjá sveitarfélögunum í landinu hverju fyrir sig. Þau urðu að sjá um þennan þátt í sambandi við framfærslumálin. Niðurstaðan varð sú að það hófust miklar deilur á milli sveitarfélaganna í landinu um barnsmeðlögin og greiðslu þeirra og þetta var orðið svo mikið vandamál að það lá við að í fjölda byggðarlaga vildu menn ekki taka þátt í að vera í sveitarstjórn vegna þessa máls. Niðurstaðan varð sú að það voru sett lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga sem tók þetta mál föstum tökum með Tryggingastofnun ríkisins. Síðan hefur orðið sú breyting á þessu máli í gegnum þessa stofnun og með hennar tilkomu að vandinn hefur verið tekinn af Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. ríkið hefur losnað við að standa undir ógreiddum barnsmeðlögum, sem hafa farið sívaxandi ár frá ári, og þessi vandi hefur verið færður yfir á sveitarfélögin í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hér rífast menn fund eftir fund um skerðingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en gá ekki að því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verður að greiða til Tryggingastofnunar ríkisins til þess að ríkið þurfi ekki að bera halla af þessari innheimtu, fleiri hundruð milljónir á hverju einasta ári. Það er hlutinn af vanda Jöfnunarsjóðs, hvað hann hefur rýrnað.

Ég ætla ekki að fara í umræður um þetta við hv. þm. sem þekkir svo vel Tryggingastofnun ríkisins. Hún er laus núna við þennan vanda vegna þess að það er komið yfir á sveitarfélögin eins og ég skýrði frá, en það sem var um að ræða á s.l. ári var að sveitarfélögin óskuðu eftir að þessi stofnun fengi heimild til að haga innheimtunni eins og aðrar stofnanir, þ.e. að meðlagsgreiðendur í stórum stíl, sem höfðu efni á að greiða meðlög, gætu ekki dregið það fram á gamlársdag að greiða meðlög sem þeir áttu að greiða mánaðarlega og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga varð að standa skil á til Tryggingastofnunar eða ríkisins jafnóðum mánaðarlega. Þeir urðu nú að gera svo vel og greiða dráttarvexti fyrir þessi meðlög ef þeir ekki vildu standa í skilum. Þetta hafði þær afleiðingar, frv. sem hv. þm. er að tala um, að innheimtan jókst alveg gífurlega þannig að það hefur þurft að taka minna af Jöfnunarsjóði mánaðarlega en annars hefði orðið.

Hins vegar hefur komið í ljós að margir greiðendur barnsmeðlaga eiga við þá félagslega erfiðleika að stríða og skulda stofnuninni stórfé að þessi dráttarvaxtataka íþyngdi þeim svo gífurlega að það var fullkomin ástæða til að líta á þann félagslega þátt. Þess vegna var þetta litla frv. um dráttarvextina sett í lög á síðasta þingi. Það má vel vera að það sé kannske of mikið veikleikamerki, en alla vega finnst mér það eðlilegt að þegar þessi félagslegi vandi er svo mikill hjá nokkuð stórum hóp manna sé a.m.k. byrjað á því að reyna að létta það aðeins með því að heimila stofnuninni að líta á þennan félagslega vanda og annaðhvort fella hann niður eða gera þá samninga við viðkomandi aðila um að það setji ekki fjárhag þeirra á hvolf. Ég get bætt því við að það er núna hafin endurskoðun á lögum um Innheimtustofnun

sveitarfélaga til að kanna hvort er ekki orðið breytt viðhorf í þjóðfélaginu, m.a. að konur greiði meðlög, og það er fullkomin ástæða til að taka þetta mál núna upp miðað við að laga það að nútíma aðstæðum og taka þá félagslega þáttinn meira til greina en áður hefur verið gert, því það er ekki sama hvort menn eru að greiða með einu eða tveimur börnum eða kannske allt upp í tíu börnum eins og mörg dæmi eru til. Þetta er stórt vandamál. Ef menn kíkja í tölurnar er engar smáupphæðir hér um að ræða.

En það sem ég vildi leggja áherslu á svo að það verði ekki misskilningur er að það er núna búið að losa ríkið, búið að losa Tryggingastofnunina undan þessum vanda sem áður var stórar upphæðir hjá Tryggingastofnun ríkisins, svo skipti hundruðum milljóna. Nú er búið að hleypa því öllu í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin verða að greiða þetta beint og óbeint. Það kemur niður á því framlagi sem þau fá úr Jöfnunarsjóði og er hluti af þeirri skerðingu sem margir hv. þm. eru að býsnast yfir að skuli vera lögð á sveitarfélögin.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Rétt einu sinni heyrir maður að það eigi að fara að endurskoða einhver lög. Við virðumst ekki setja nokkur lög hér lengur sem þola eitt, tvö ár. Að vísu eru lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga frá 1971 og ég veit ekki betur en það sé allt í lagi með þau. Innheimtustofnun sveitarfélaga er eins og nafnið bendir til engin félagsmálastofnun. Hún er einfaldlega innheimtustofnun. Það er engin ástæða til að fela henni að meta hag fólks. Til þess hefur hún ekkert starfsfólk og engan sem nokkurt vit hefur á slíkri vinnu. Ég skal viðurkenna að með því litla frv. sem hér liggur fyrir er verið að berja í brestina vegna þess fáránlega ákvæðis sem samþykkt var í fyrra. En skilyrðið væri þá að fagfólk væri sett í það að meta hvenær þessari heimild, sem hér er verið að veita, yrði beitt. Það eru einfaldlega ekki nokkur vinnubrögð að einhverjir lögfræðingar úr félmrn. og einhverjir bæjarfulltrúar eigi að fara að setjast í þriggja manna nefnd og ákveða þetta. Ég er ansi hrædd um að þjóðin frábiðji sér slíka þjónustu.

Það er stundum erfitt að vita hvað Alþingi ætlar sér. Hér voru fyrir fjórum árum samþykkt barnalög sem áttu að tryggja réttindi barna á allan hátt og hæstv. þáv. dómsmrh. talaði fjálglega fyrir. Og það var vel. Það studdum við auðvitað, allt vel hugsandi fólk á hinu háa Alþingi. Síðan koma lög sem varða ekki minna réttindi mæðra, feðra og barna og þá talar hæstv. félmrh. um þau mál í einhverju óræðu hugtaki sem heitir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og að innheimst hafi svo miklu meira vegna þessara laga frá því í fyrra. Ég efa það ekki því að á skrifstofu minni hefur verið stríður straumur af fólki sem þetta hefur verið að gera út af við vegna þess að fólk ræður ekkert við greiðslurnar.

Nú er það svo, eins og hæstv. félmrh. veit, að allflestir meðlagsgreiðendur greiða mánaðarlega af vinnutekjum sínum því að barnsmeðlag hefur forgang og má draga það af mánaðarlaunum manna. Hverjir eru það svo sem ekki standa í skilum? Það eru þeir sem erfiðast eiga, sem hafa kannske óstöðugar tekjur, standa í margfrægum húsnæðisvandræðum og eiga enga peninga. Alls konar fólk sem er heilsulaust, nýtur sjúkradagpeninga sem ég hef að vísu lagt fram frv. um að yrðu hækkaðir en enginn hefur hlustað á og enginn ætlar sér að afgreiða. Það er þetta fólk sem er að sligast undir þessu. Fangar sem koma úr afplánun með eins árs, tveggja ára meðlagsskuldir plús dráttarvexti. Þessir menn sjá aldrei sólina meir. Það er alveg sama hvað þeir gera. Þeir komast aldrei út úr þessu aftur og jafnvel þótt engir dráttarvextir kæmu til. Þess vegna hlýt ég að spyrja hið háa Alþingi: Í hvers þágu er þetta? Jú, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til hvers er þá Jöfnunarsjóður sveitarfélaga? Er hann alls ekki í þágu lifandi fólks? Það er ekki vit í þessu, hv. þm. Ég bið ykkur lengstra orða að fella þetta ákvæði niður með því að samþykkja brtt. mína og hætta að þrautpína fólk með þessum dráttarvaxtaákvæðum. Ég er alveg sannfærð um að það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það hefur innheimst meira. En frá hverjum, hv. þm.?

Frv. sem hér um ræðir, sem átti að vera til bóta, er svo illa unnið að það er ógerningur að samþykkja það. Þess vegna held ég að einfaldara væri að leggja þetta alveg af.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ræður hv. 10. landsk. þm. bera þess svo sannarlega vitni þegar menn vansvefta fara í stólinn og bera fram svo fáránlegar spurningar að mann setur hljóðan. Seinasta fsp. frá hv. þm. var sú hvort Jöfnunarsjóðurinn væri í þágu hinna dauðu. Og er ekki að undra þó að maður verði hissa. (*GHelg: Ekki sagði ég nú það.*) Hann spurði hvort það væri ekki í þágu hinna lifenda og sé það ekki í þágu hinna lifenda hlýtur það að vera í þágu hinna dauðu. Það þarf ekki mikla hugsun til að átta sig á því. En svo ruglaðir geta menn verið í eigin málflutningi að þeir skilji ekki einu sinni hvað þeir hafa sagt hér í salnum.

Hv. þm. talaði um að það væri spauglaust ef menn þyrftu að greiða með fjórum eða fimm börnum og það er hárrétt. En jafnframt tók hún það fram að þessi krafa hefði forgang, þ.e. hver einasti launamaður í landinu verður, þrátt fyrir allan bægslagang hv. þm., þó að allt væri samþykkt sem hún hefur lagt hér til, að greiða með fjórum eða fimm börnum ef hann væri launþegi í landinu. Niðurstaðan er sú að hún hefur ekkert leyst fyrir hinn almenna launamann í landinu, nákvæmlega ekkert.

Dráttarvextir verða engir hjá manninum sem staðgreiðir af sínum launum. Þetta hefur forgang. Það kom fram hjá ræðumanni. Og hverjir eru þá þar fyrir utan? Jú, það er upptalið að hennar mati að það séu fangarnir á Litla-Hrauni. Vafalaust er hægt að finna feður í þeirra hóp. Ekki skal gert lítið úr

því. En það er þó nokkuð stór hópur sem hefur aðstöðu til að greiða ekki. Hverjir skyldu það nú vera, hv. 10. landsk. þm.? Ætli það séu ekki atvinnurekendurnir í landinu, mennirnir með sjálfstæða starfsemi? Ætli það séu ekki þeir sem geti komið sér undan því að greiða og safna þarna upp skuld ef þeim sýnist svo? Og ætli það séu ekki þeir sem mundu græða mest á dráttarvöxtunum ef þeir yrðu felldir niður? Ætli það væri ekki rökréttara hjá hv. þm. að taka sig til og flytja till. um að það væri ákveðið hámark sem hver og einn einstakur maður yrði látinn greiða af launum sínum ef hugsunin væri á bak við þetta að það væri einhver félagslegur þáttur í málinu? Hv. þm. gerði sér enga grein fyrir því. (**GHelg:** Jú.) Hann sat fastur í dráttarvöxtunum, svo gersamlega fastur að hann áttaði sig ekkert á því hvaða hópar það væru sem slyppu samkvæmt kerfinu eins og það er.

Ég lýsi undrun minni, herra forseti, á því að ræður séu fluttar eins og hv. 10. landsk. þm. flutti og vissulega er það alvarlegt mál ef mönnum er haldið hér á fundum svo lengi að þeir skynja ekki betur sinn eigin málflutning en kom fram í þeirri ræðu. Auðvitað hlýtur það að vera mikið álitamál hvort þeir séu þá færir um að greiða atkvæði í þingsölum eins og þeir fullyrtu að þeir hefðu ekki verið fyrir seinustu þinglok þegar þetta frv. var samþykkt. Því var yfirlýst að þá hefðu menn ekki verið í standi til að greiða atkvæði í þingsölum, þeir hefðu verið orðnir svo illa haldnir. Auðvitað hlýtur að vera eðlilegt, ef menn vilja breyta þessu, að flytja brtt. við kjarna málsins.

Kjarni málsins er sá að viss hópur getur safnað þarna skuldum í dag en er fær um að greiða. Annar hópur er ófær um að greiða og þá er eðlilegt að dráttarvextirnir séu felldir niður af honum. En það sem hlýtur að verða að gerast, ef taka á umræðuna *alvarlega eins og hv. 10. landsk. þm. var að láta í* skína áðan að hann hefði áhuga á, er ákvarðanataka um að þess verði ekki krafist að neinn maður greiði hærri upphæð en ákveðna í hlutfalli við hans laun og það safnist þá annaðhvort upp skuld hjá stofnuninni, sem geymist þar og greiðist seinna, eða hún falli niður af félagslegum ástæðum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég held að það séu fleiri syfjaðir en sá hv. þm. sem hér stendur því að ekki trúi ég að þetta sé versta ræða sem hefur heyrst í þingsölum. Ég hef heyrt margar verri og meira að segja fyrr að degi.

En ég vil aðeins segja hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að mér er alveg ljóst að sjálfstæðir atvinnurekendur geta auðvitað nýtt sér þetta. Nú hef ég engar sannanir fyrir því að það sé tilfellið og ég veit ekki til þess að á því hafi farið fram nokkrar rannsóknir svo að það er fullyrðing sem mér þykir í meira lagi hæpin fyrir hönd þeirrar stéttar. En við kippum okkur ekkert upp við það. Mörg önnur löggjöf í landinu býður upp á það. Við getum tekið skattalöggjöfina og hvað sem er. Auðvitað eru þeir menn í aðstöðu til að draga að greiða skuldir sínar. Þeir eru í betri aðstöðu til þess en aðrir menn í þjóðfélaginu. En ég held að í velflestum tilvikum séu þeir ekkert verri greiðendur meðlaga barna sinna en annað fólk og hef enga ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af þeim. Ég tel að það fari ekkert á milli mála að þeim sviður sárast undan þessu dráttarvaxtaákvæði sem erfiðast eiga um vik að borga vegna lágra launa eða annarra bágra félagslegra aðstæðna. Ég vil ekki fela fulltrúa sem hæstv. félmrh. skipar, trúlega úr starfsliði ráðuneytisins, og einhverjum fulltrúum sveitarfélaganna að meta þær í hverju tilviki. Þannig vil ég ekki ganga frá þessu. Ef þessi heimild verður veitt Innheimtustofnun sveitarfélaga held ég að það væri miklu nær að fela fagfólki t.d. innan Tryggingastofnunar ríkisins að meta hverjir ættu þá að njóta þessarar undanþágu, en aldeilis ekki stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var viss framför hjá hv. 10. landsk. þm. Að vísu kom gleymskan háskalega inn í því að það er undarlegt ef starfsmaðurinn, sem var hjá Tryggingastofnun ríkisins á sínum tíma og er kominn það vel til ára sinna að hún ætti að muna eftir því þegar Kvíabryggja var starfrækt, hafi ekki haft hugmynd um hvaða menn hrukku við og fóru að borga sín barnsmeðlög þegar blasti við að þeir ættu að fara þar inn. Það má merkilegt minnisleysi vera ef hún hefur ekki vitað þetta á sínum tíma. (**GHelg:** Hvenær var þetta?) Þarna kemur fram, hæstv. forseti, hvað svefninn getur leikið menn grátt. Þetta hefur sennilega verið á 18. öldinni.

En hitt vekur undrun að hér kemur fram að hv. 10. landsk. þm. telur að fulltrúar sveitarfélaganna og fulltrúi félmrn. séu ófærir um að meta hverjir eigi að fá niðurfellingu. (**GHelg:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, segir hv. ræðumaður. Hvaða aðilar í þessu landi skyldu lengst hafa átt að meta framfærsluþörf í þjóðfélaginu? (**Menntmrh.:** Félagsfræðingar.) Félagsfræðingar, er sent frá hæstv. menntmrh. og er þó ekki borin á hann gleymska. Ætli það séu ekki sveitarfélögin í landinu, hv. 10. landsk. þm.? Veit hv. 10. landsk. þm. að löngu áður *en nokkrir félagsfræðingar voru til í þessu landi sátu* menn við að meta þetta? Og það voru fulltrúar sveitarfélganna sem gerðu það. (**GHelg:** Það tókst nú ekki vel.) Tókst ekki vel. Það var billeg niðurstaða. Ég verð að segja eins og er að ég ber ekki mikla virðingu fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Ég hef ekki tekið það svo að það sitji þau séní þar innan dyra að það þurfi alveg sérstaklega að hressa upp á aðra þegna þjóðfélagsins með ráðgjöf úr þeirri stofnun.

Ég verð að bæta því við að ef félmrh. er ekki fær um að skipa fulltrúa í þessa blessaða innheimtustofnun, sem er fær um að meta félagslegar aðstæður, finnst mér ákaflega mikil spurning hvort það sé ekki hreint vantraust á félmrh. almennt. Það hafa

margir menn setið í þessum stöðum í gegnum tíðina og mér er spurn: Ef hv. 3. þm. Reykv. hefði setið í þessum stól, hefði þá ræðan hljóðað eins hjá hv. 10. landsk. þm.? (**GHelg:** Nákvæmlega. En sennilega hefði ekki gefist tilefni til þess því að hann hefði verið ráðherra í fyrra líka.) Þetta kallar maður að bjarga sér á hundavaði. Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa ræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 973 felld með 22:5 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Orlof, 1. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um orlof fyrir hönd hv. félmn., en fyrir örskömmu skilaði svokölluð orlofsnefnd, sem félmrh. skipaði 11. mars 1983, áliti og lauk þar með störfum.

Samstaða varð í nefndinni um öll atriði málsins nema ákvæði sem eru í 8. gr. þessa frv., en þar varð ágreiningur. Meiri hl. nefndarinnar skilaði því áliti sem er í 8. gr., en í fskj. með frv. er getið um sérálit þeirra Björns Björnssonar og Láru V. Júlíusdóttur og þar er síðan texti þeirrar 8. gr. sem þau hefðu viljað sjá í frv. Munurinn er sá að þegar ráðningarsamningi lýkur milli launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglu sem er að finna í 2. mgr. 7. gr., en Björn Björnsson og Lára V. Júlísdóttir vilja að þessi áunnu orlofslaun verði lögð inn á bundinn reikning á nafni launþega í banka eða sparisjóði. Síðan skuli þessir reikningar verða lausir 1. maí næstan á eftir og njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga.

Það gefst ekki mikill tími til þess hér, herra forseti, að fara í einstakar greinar þessa frv. Það er þó ljóst að með því að samþykkja þetta frv., sem á ekki að taka gildi ef að lögum verður fyrr en á næsta ári, er hægt að undirbúa mikla réttarbót, einkum og sér í lagi vegna þess að Póstgíróstofunni hefur ekki tekist að ná tökum á þessu lögboðna verkefni sínu þar sem erfitt hefur verið fyrir hana að afla upplýsinga um hverjum bæri að greiða orlofsfé og þá af hvaða stofni og hverjum bæri að greiða laun í orlofi. Um þetta efni verður ekki úrskurðað nema á grundvelli upplýsinga um sérhvern launþega og það raunar fyrir hvert greiðslutímabil.

Í nefndinni sem ráðherra skipaði 11. mars 1983 áttu upphaflega sæti Björn Björnsson og Lára V. Júlíusdóttir frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandinu og Kristinn F. Árnason frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og án tilnefningar þeir Jón Páll Halldórsson, Karvel Pálmason og Arnmundur Backman sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hann lét af störfum í júní 1983 og þá tók við hans starfi Gestur Jónsson hrl. og var hann skipaður formaður í hans stað. Þá lét Kristinn F. Árnason enn fremur af störfum í nefndinni, en í hans stað var Jón Steindór Valdimarsson skipaður í nefndina.

Upphaflega var ætlunin að endurskoðun þessi skyldi sérstaklega taka til þeirra ákvæða er lúta að innheimtu og vörslu orlofsfjár í ljósi þeirrar þróunar er orðið hafði frá setningu umræddra laga og reglugerðarákvæða, en á síðari stigum nefndarstarfsins varð hins vegar um það full samstaða innan nefndarinnar að nauðsynlegt væri að gera tillögur um róttækari breytingar á lagareglum um laun í orlofi en upphaflega var að stefnt.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fara frekari orðum um þetta atriði. Það er ljóst að frá árinu 1982 hefur orðið til reynsla um þetta efni, en þá samdi Alþýðusamband Vestfjarða við vinnuveitendur og bankastofnanir á Vestfjörðum um aðra skipan þessara mála en um getur í gildandi lögum.

Það er ástæða til að benda á að í 7. gr. er um að ræða mestu efnisbreytingarnar sem gerðar eru á löggjöfinni ef þetta frv. verður að lögum.

Herra forseti. Hv. félmn. hefur ekki haft langan tíma til að skoða þetta mál, en hefur fallist á að flytja frv. með tilliti til þess að talin er mikil réttarbót að því ef þetta frv. gæti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til, nema um það komi beiðni frá einhverjum hv. þingdeildarmanni, að þetta mál verði sent til nefndar á milli umræðna.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka félmn. Nd. fyrir að taka þetta mál til meðferðar og gera tilraun til að koma því í gegnum þingið svo að það verði að lögum.

Ég vil geta þess að nefndin sendi þetta mál til ráðherra í dag og með bréfinu fylgdi frv. sem hér er til umræðu. Það var samstaða í nefndinni um öll atriði nema ákvæði 8. gr. um uppgjör orlofslauna við ráðningarslit og sérálit fylgir.

Ég tel ástæðu til að ítreka það, sem kom fram frá hv. frsm., að hér er um stórt mál að ræða og þýðingarmikið og er hægt að upplýsa það hér að á síðasta orlofsári kostaði rekstur Póstgíróstofunnar aðeins í sambandi við þetta mál um 20 millj. kr. og hefur farið vaxandi síðan. Síðan hefur ríkissjóður orðið að greiða til að halda í jafnvægi vaxtagreiðslu stórar fjárhæðir til að framfylgja þessu orlofsmáli. En hér er um mál að ræða sem hefur þróast gegnum tíðina í það form sem nefndin varð sammála um og

ég legg mikla áherslu á að það geti orðið afgreitt á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 625.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er samið samkvæmt skyldu sem staðfest er í ákvæði núgildandi laga, en þar segir að endurskoðun laganna skuli lokið fyrir 1. ágúst þessa árs. Breytingarnar eru í raun og veru ekki miklar efnislega, ekki eins miklar og ætla mætti af því stóra skjali sem hér liggur fyrir. Meginbreytingarnar eru fólgnar í því að lagt er til að stjórn stofnunarinnar og skipulag verði með dálítið öðrum hætti. Tilgangurinn er að gera starfsemina skilvirkari og enn fremur er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái betri tök á því að sinna eiturefnaeftirliti og eftirliti með aukaefnum í matvælum. Þessi atriði eru þau sem mikilvægust eru í frv. Að öðru leyti vísa ég til framsöguræðu sem haldin var í Ed. 18. febrúar, en þar er gerð nánari grein fyrir aðdragandanum að endurskoðuninni og því hvernig lögin hafa raunverulega reynst.

Nefndin í hv. Ed. skilaði áliti um að afgreiða skyldi frv. óbreytt og svo var gert og því er það hingað komið fyrir áhuga hv. þm. Ég vona vissulega að svo verði í þessari hv. deild líka og ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að meðferð þessa máls var ekki eins greið og einföld og frv. sem ég var að mæla fyrir. Gerðar voru á þessu frv., sem ég taldi að fyrir fram hefði náðst mjög góð samstaða um meðal fagmanna, miklar breytingar í Ed., e.t.v. ekki svo stórvægilegar efnislega sumar hverjar, en aðrar þó í nokkuð mikilvægum atriðum. Þess vegna er málið nú orðið töluvert breytt frá því er ég mælti fyrir því í hv. Ed., en það var hinn 6. des.

Ég vek athygli hv. nefndar á því að bera þyrfti saman breytingarnar og upphaflega frv. þannig að auðveldara sé fyrir nefndina að átta sig á því. Ég tel að hér séu nokkur grundvallaratriði sem þurfi að athuga vandlega, eins og t.d. þáttur læknadeildar Háskóla Íslands í mati á sérfræðileyfum og undirbúningi lækningaleyfa, og svo aftur á móti annað atriði, sem ég tel að sé mjög athyglisvert og e.t.v. ekki í samræmi við það sem gildir almennt í þjóðfélaginu, að hér hefur verið snúið við í raun og veru reglunni um afhendingu sjúkraskráa frá því sem var í upphaflega frv. Upphaflega frv. gerði ráð fyrir að meginreglan væri sú að sjúklingur gæti fengið afhenta sjúkraskrá um sig nema einhverjir ótvíræðir hagsmunir mæltu því gegn, en nú er þetta orðið svo að læknirinn afhendir sjúkraskrána aðeins ef hann telur það þjóna ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mjög hafa verið til umræðu á ýmsum tímum og þarf sérstaklega að hyggja að.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki annað að segja sérstaklega um þetta frv. en það að hér var gerð tilraun til að færa til nútímahorfs eða taka mið af þróun mála í seinni tíð frá því sem var þegar núgildandi læknalög voru fyrst sett en það mun hafa verið 1932 og er nú orðinn æðilangur tími síðan. En svo kom í ljós við meðferð málsins að nokkur meiningarmunur var meðal hinna ýmsu fagmannahópa sem um þetta áttu að fjalla og því hefur frv. breyst á þann veg sem sést á þskj. 882.

Ég tel að það sé æskilegt að nefndin fái frv. til umfjöllunar og ég get út af fyrir sig skilið að tíminn verði takmarkaður til að afgreiða það, en það verði þó a.m.k. búið að vinna einhverja forvinnu og nefndin tekur þá afstöðu til þess eftir því sem henni sýnist réttast.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér er að næturlagi tekið til umræðu frv. sem í raun hefði átt að ræða miklu fyrr í vetur ef vanda hefði átt til vinnubragða. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að það hafa talsvert miklar breytingar verið gerðar á þessu frv. sem er reyndar tilraun til að færa læknalög í styttri og um margt hentugri búning. Það var búið að vinna frv. ég held 1983, en frv. er ekki lagt fram fyrr en núna,

1986 að haustlagi, þannig að það hefur reyndar legið í þrjú ár líklega í ráðuneytinu án þess að vera lagt fram. Síðan fær það mjög hraða umfjöllun í þinginu og er slæmt að það skuli ekki... (**Heilbr.- og trmrh.:** Það er búið að vera síðan í desember.) Já, en það fær samt mjög hraða umfjöllun í þinginu nú á síðustu dögum. Þessi deild fær ekki nema örfáa daga til að fjalla um það.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, en þó vil ég gera athugasemdir við nokkrar breytingar sem hafa verið gerðar á frv. og sem ég tel mjög varhugaverðar. Vil ég þá fyrst taka til að í gömlu læknalögunum frá 1969 og einnig í því frv. sem lagt var fram upphaflega í desember, 168. mál þingsins, stendur í 2. gr. og ég vitna fyrst, með leyfi forseta, ef ég fæ næði til þess, í 2. gr.: „Leyfi skv. 1. gr. [þ.e. rétt til þess að stunda lækningar hér á landi] skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum sem læknadeild setur". Ég undirstrika: „reglum sem læknadeild setur og heilbrigðisráðherra staðfestir."

Í frv. sem lagt var fram í Ed. í desember stendur, með leyfi forseta í 2. gr.: „Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hér á landi samkvæmt reglum sem læknadeild Háskóla Íslands setur og heilbrigðisráðherra staðfestir."

Eftir umfjöllun í Ed. hefur þessu verið snúið á þann veg og ég vitna, með leyfi forseta, í 2. gr.: „Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnun hér á landi samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands."

Þarna hefur hlutverkum verið snúið alveg við. Það er ekki lengur læknadeild Háskóla Íslands sem setur reglur um hvernig eigi að uppfylla skilyrði til að fá læknaleyfi heldur er það ráðherra sem setur þessar reglur að fengnum tillögum læknadeildar í stað þess að áður var það ráðherra sem staðfesti.

Þegar kemur að því að setja reglur um nám sérfræðinga er þessu alveg á sama veg farið, bæði í gömlu lögunum og í frv. sem lagt er fram í desember. Þá er það læknadeild Háskólans sem setur reglur um nám sérfræðinga, en ráðherra staðfestir.

Í frv. eins og það liggur fyrir núna er það ráðherra sem setur reglur í 5. gr., með leyfi forseta, um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeild að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með því.

Ég álít að hér sé um alvarlega breytingu að ræða, geysilega miðstýringu þar sem valdið er fært til ráðherra og ráðuneytisins þá væntanlega, þ.e. hópur embættismanna á að fara að ákveða hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til þess að hægt sé að fá lækningaleyfi. Að sjálfsögðu stendur þarna „að fengnum tillögum læknadeildar", en segjum nú svo að ráðherra þóknist ekki, og þá er ég að tala um einhvern ráðherra í framtíðinni, að hlíta þessum tillögum læknadeildar. Þá hefur ráðherra neitunarvald og þá þarf ráðherra ekki að hlíta þessum tillögum. Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að staldra aðeins við meðan ég ræði þetta því að ég álít að sé mjög mikils vert að þessu verði breytt. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég heyri alveg í þm. þó ég gangi um gólf.) Já, ég hélt að ráðherra væri að fara. Mér sýndist hún vera farin að tygja sig til brottferðar.

Í fyrsta lagi, og þá vil ég taka fram bæði í sambandi við almenna læknanámið og þá sérstaklega í sambandi við veitingu sérfræðileyfis, er þróun læknisfræði mjög hröð og læknadeild er sá aðili sem helst er til þess fallinn að fylgjast með þessum breytingum og þeirri þróun sem verður í læknisfræði.

Í öðru lagi hefur nýlega verið gefin út reglugerð, í júlí 1986. Þar eru ákvæði sem segja til um að læknadeild eigi að skipuleggja framhaldsmenntun hér á landi. Þau kveða mjög skýrt á um það. Læknadeild hefur hingað til skv. 5. gr. læknalaga haft það hlutverk að setja reglur um nám sérfræðinga. Þessu á nú að breyta þannig að læknadeild á einungis tillögurétt til breytinga á reglum um nám sérfræðings. Ég álít að þessi breyting skjóti skökku við það að læknadeild hefur nýlega verið falið að skipuleggja framhaldsmenntun lækna. Þetta gengur beint á þá reglugerð sem nýlega hefur verið gefin út.

Þeir sem þróa reglur um sérfræðinám þurfa að vera með fingurna á púlsinum varðandi þróun læknisfræðinnar. Ég álít að þessi breyting sé í hæsta máta óeðlileg og ég get ekki séð hvernig hópur embættismanna í ráðuneyti getur fylgst svo vel með í ýmsum sérgreinum að hann sé þess umkominn að meta hvaða kröfur er rétt að gera til að gefa sérfræðileyfi. Ég álít þetta vera mjög ranga þróun og ég vildi bera fram fsp.: Hver kom með brtt. í umfjöllun Ed. á þann veg að þessu var breytt því að þetta var ekki í frv. upphaflega? Þetta er breyting sem hefur komið við umfjöllun í deildinni. Ég hygg að þetta hafi ekki komið frá læknadeild. Ég veit ekki til þess að það hafi komið frá landlækni. Það kann að hafa komið frá læknafélögunum. Ég veit það ekki. Ég vildi mjög gjarnan fá að vita það vegna þess að ég álít að þessi þróun, þessi tilhneiging til miðstýringar sé afar slæm og eigi alls ekki heima í þessu frv.

Það var gagnrýni á frv. eins og það var lagt fram í byrjun að læknadeild væri gert of lágt undir höfði þegar lækningaleyfi væri veitt. Það hefur verið lagfært í þessari síðari umfjöllun þannig að nú skal leita álits landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og er það vel að þarna skuli vera tímabundin skipun í nefndina. Það hefur verið aukið við einum fulltrúa frá læknadeild Háskólans og ég held að það sé til bóta og sömuleiðis að það skuli vera ákvæði um varamenn sem ég álít líka vera til bóta.

Margar greinarnar eru reyndar óbreyttar. Ég ætla

að fletta í gegnum frv. Í sambandi við það sem hæstv. ráðh. minntist á sjálf um afhendingu sjúkragagna langar mig til þess að spyrja þar sem hún vitnaði til einmitt að lækni sé skylt að afhenda sjúkraskrá alla eða hluta sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Hver á að meta þetta? Hver á að meta hvort það þjónar hagsmunum sjúklings? Það kemur ekki fram í þeim breytingum sem gerðar hafa verið í Ed. vegna þess að það fylgir engin grg. eða umsögn um sérstakar greinar. Því vil ég bera fram þessa fsp.

Sömuleiðis var mikil gagnrýni á þá grein sem áður var 27. gr., hygg ég, en hún hljóðaði á þessa leið í frv. eins og það var lagt fram: „Lækningaleyfi fellur niður þegar leyfishafi er fullra 75 ára gamall. Ráðherra er heimilt að fenginni umsókn viðkomandi og meðmælum nefndar skv. 3. mgr. 2. gr. að framlengja leyfi eitt ár í senn.“

Þetta þótti afar harkaleg meðferð á mönnum sem e.t.v. væru við fulla heilsu og gætu sinnt sínu starfi áfram og sérstaklega að starfsheiti skyldi tekið af mönnum á þennan hátt. Það hefur tekið breytingum í umfjöllun Ed. og hljóðar nú svo: „Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur.“ Þetta er sem sé bundið við það að reka lækningastofu en ekki að læknir sé sviptur starfsheiti sínu og öllu leyfi til þess t.d. að vísa lyfseðlum á fjölskyldu sína eða kunningja. Ég álít að þessi breyting sé málamiðlun sem sé sannarlega til bóta, en hins vegar megi ræða betur í nefnd hvernig standa eigi að því að vernda sjúklinga og neytendur gagnvart mönnum sem þjást af elliglöpum en hins vegar að varðveita sjálfsvirðingu og starfsgetu manna sem eru færir til að sinna sínu starfi þó að þeir hafi náð þessum aldri.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. að öðru leyti. Mér finnst afar slæmt að það skuli fá svo lítinn tíma til umfjöllunar í seinni deild, ekki síst vegna þess að á því hafa verið gerðar, að mínu mati, veigamiklar breytingar sem ég álít vera til baga. Ég álít að þarna sé á ferðinni geysileg miðstýring sem geti ekki þjónað góðum tilgangi þegar til lengdar lætur. Það hlutverk sem læknadeild hefur haft held ég að sé miklu betur komið í hennar höndum en í höndum embættismanna ráðuneytis. Þess vegna vonast ég til að þetta verði íhugað vel í nefndinni og ég vil fara fram á það eins og áðan, af því að ég á ekki lengur sæti í hv. heilbr.- og trn. Nd., að ég fái áheyrnaraðild að þeirri nefnd þegar hún fjallar um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

67. fundur, mánudaginn 16. mars, kl. 9 síðdegis.

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 944.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til vaxtalaga. Þetta frv. er að verulegu leyti samið af Jónatan Þórmundssyni prófessor en ég leitaði til hans í lok síðasta árs til þess að kanna stöðu vaxta- og okurmála, m.a. í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 19. des. á s.l. ári og óskaði eftir því að hann semdi nýtt frv. til heildstæðrar löggjafar á þessu sviði. Árangur þess starfs er þetta frv. til vaxtalaga sem hér liggur fyrir. Það er unnið í samráði við viðskrn. og Seðlabanka Íslands. Enn fremur var rætt um einstaka þætti þess við sérfróða menn á þessu sviði.

III. kaflinn í frv., um dráttarvexti, er í stórum dráttum byggður á frv. til sérstakra laga um dráttarvexti o.fl. sem lagt var fram á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga. Það frv. var að verulegu leyti samið af Benedikt heitnum Sigurjónssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, og Viðari Má Matthíassyni. Að dráttarvaxtafrv. var síðan unnið áfram í viðskrn. og varð að ráði að fella dráttarvaxtaþáttinn inn í hið nýja vaxtalagafrv. með nokkrum breytingum og úrfellingum. Það hefur að vissu leyti ótvíræða kosti að setja ein heildarlög um vaxtamál. Við það fæst betri heildarsýn yfir þessi mál, reglurnar verða einfaldari og markvissari, og um sum atriði má setja sameiginleg ákvæði án tillits til vaxtaforms.

Við samningu dráttarvaxtakaflans var höfð hliðsjón af umsögnum ýmissa aðila um það dráttarvaxtafrv. sem ég lagði hér fram á síðasta þingi, svo og eldri frumvarpsdrögum hæstaréttarlögmannanna Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Baldurs Guðlaugssonar um bætur vegna rýrnunar á verðgildi gjaldkræfra peningakrafna, sem kallaðar eru verðgildisbætur, og um dráttarvexti, ásamt grg. og umsögnum nokkurra aðila. Enn fremur var litið til erlends réttar og þá einkum dönsku vaxtalaganna.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, tekur mið af þeim forsendum:

Að viðhalda því takmarkaða vaxtafrelsi sem við búum nú við eftir þróun síðustu ára til aukins vaxtafrelsis.

Að treysta og samræma lagaheimildir um ákvörðun vaxta, refsiábyrgð og viðurlög við okri.

Að tryggja upplýsingar um öll almenn vaxtakjör hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og reglulega birtingu þeirra á sem aðgengilegastan hátt, eins og t.d. í Lögbirtingablaði.

Að gera vaxtareglur þannig úr garði að þær verði einfaldari og meðfærilegri í allri framkvæmd en gildandi reglur, m.a. í dómsmálum.

Og að lokum að tryggja efnisleg málalok í þeim okurmálum sem enn eru til meðferðar fyrir dómstólum, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Nd. gerði nokkrar breytingar á þessu frv. sem ekki eru efnislega mikilvægar. Þær breytingar voru með þeim hætti sem ég gat vel sætt mig við og greitt atkvæði um. Ég tel að það sé mikið atriði að afgreiða þetta frv. með þessum hætti eins og hér er lagt til. Hins vegar er mér ljóst að dráttarvextir þurfa frekari endurskoðunar við og það hefur orðið að samkomulagi að þau atriði verði könnuð til hlítar með það fyrir augum að flytja frv. á hausti komanda í sambandi við þau efnisatriði þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. öllu ítarlegar hér, en vísa til ítarlegrar framsöguræðu minnar sem fyrir löngu síðan er komin í þingtíðindum. Mér er það ljóst að Nd. afgreiddi þetta mál úr nefnd mjög seint og það er til mikils mælst við hv. nefnd hér í Ed. að afgreiða mjög fljótt þetta frv. því að bæði ég og ríkisstjórnin leggjum áherslu á það að þetta frv. verði að lögum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Listmunauppboð, 1. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 948.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Meginmarkmiðið með frv. þessu um listmunauppboð er að gera reglur um listmunauppboð frjálslegri en verið hefur. Samkvæmt þessu frv. er ekki lengur gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda leyfishafa sem aðeins geti haldið uppboð í ákveðnum kaupstað hver fyrir sig, heldur er hér verið að færa þetta út eins og fram kemur.

Hv. fjh.- og viðskn. Nd. gerði nokkrar breytingar á frv. og ég fyrir mitt leyti féllst á þær allar og er ánægður með frv. eins og það kom frá Nd. Það voru ekki mjög róttækar breytingar. T.d. var við 1. gr. frv. í stað orðanna „bækur og frímerki" bætt: bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa. Og í stað orðanna í 2. gr. að „halda opið eða lokað uppboð" komi: halda lokað uppboð. Sömuleiðis er eins og menn sjá sú breyting gerð á 3. gr. frv. að söluskattur leggst ekki á málverk, myndir né listmuni, heldur 10% gjald sem rennur til listamanna, en sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað þá rennur það til starfslauna myndlistarmanna samkvæmt ákvæðum sem samþykkt voru í Nd.

Ég tel að þetta frv. geri uppboð listmuna mun frjálslegri en verið hefur. Hefur almennt verið tekið vel í það að gera þessa breytingu og fjh.- og viðskn. Nd. varð sammála um afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Dráttarvextir, 1. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 16 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. um dráttarvexti er flutt af nefnd í Nd., en það er fylgifrv. með frv. til vaxtalaga, eins og fram kemur í frv. til vaxtalaga, og það þarf ekki frekari skýringa við. Ég sé ekki ástæðu til að það fari frekar til nefndar í þessari deild en í Nd. af því að frv. er flutt af nefnd og í raun og veru er fjallað um þetta frv. í sambandi við frv. til vaxtalaga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er meiri hl. landbn. Ed. Alþingis sem flytur þetta frv., en auk mín skipa þennan meiri hl. Davíð Aðalsteinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Þetta frv. er flutt að ósk landbrh. og var þessi tilhögun höfð til að auðvelda framgang málsins hér í deildinni og á Alþingi á þeim stutta tíma sem eftir lifir af Alþingi.

Það kom hins vegar í ljós að landbn. Ed. átti ekki samleið í þessu máli. Stjórnarandstaðan tekur ekki þátt í flutningi frv. og þar af leiðandi verður málið að ganga til nefndar svo að minni hl. hafi möguleika á því að koma skoðunum sínum á framfæri í nál., en það er hins vegar samkomulag um það að ljúka þeirri afgreiðslu í fyrramálið og á þar af leiðandi ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að málið verði afgreitt hér frá Ed. á morgun. Um það held ég að mér sé óhætt að fullyrða að sé fullt samkomulag.

Frv. fylgir allítarleg grg. Þótt hún sé í stuttu máli þá er hún skýr og vísa ég til hennar um efni frv., en auk þess þykir mér rétt að fara um frv. nokkrum orðum og þá sérstaklega vegna þess að eins og hv. alþm. er kunnugt um, þá felast í VIII. kafla búvörulaganna mikilvægar heimildir, m.a. með tilliti til þess að fjármagna það samkomulag sem hverju sinni er gert á milli ríkisins og bænda landsins um framleiðslu. Og með því að nú hefur fengist reynsla á þetta fyrirkomulag hér á landi sem ekki hefur verið til staðar fyrr en eftir að þessi lög tóku gildi, þá þykir mér hlýða að skýra að nokkru það sem að baki liggur þeim ákvörðunum sem lagabreytingin byggist á.

Ekki orkar tvímælis að ein veigamesta ákvörðun sem tekin var við setningu búvörulaganna á vordögum árið 1985 var ákvæðið um að heimilt væri að ákvarða framleiðslu í hefðbundnum búgreinum með samningi milli ríkisvaldsins og bænda. Á því fimm ára aðlögunartímabili sem búvörulögin kveða á um hefur þrívegis verið samið um ákveðið magn búvöruframleiðslunnar. Þrátt fyrir vissa annmarka þeirra ákvarðana sem samhliða hafa verið teknar um skiptingu fullvirðisréttar milli framleiðenda liggur mikilvægur árangur fyrir. Í mjólkurframleiðslunni hefur þegar náðst sá árangur sem að var stefnt við setningu laganna í aðlögun mjólkurframleiðslunnar að innanlandsmarkaði.

Árið 1984 nam innanlandsmarkaðurinn 90,6% af framleiðslunni. Árið 1985 var þetta hlutfall lægra, eða 83%. Árið 1986 90,6%. Og á þessu ári er ætlað að innanlandsmarkaðurinn muni nema 94% af mjólkurframleiðslunni. Þá er einungis miðað við 100 millj. lítra sölu, en á síðasta ári var umtalsverð söluaukning í mjólkurframleiðslunni. Þetta ár tekur þannig við stærri markaði en síðasta ár og gæti þess vegna allt eins orðið meiri sala hér innanlands en lögð er til grundvallar í þessari viðmiðun.

Þessi þróun hefur því miður ekki verið jafnhagstæð í sauðfjárræktinni. Framleiðslan hefur að vísu verið svipuð, en úr sölu hefur dregið innanlands sem leitt hefur til þess að erfiðara er að halda markmiðum búvörulaganna um framleiðslu en ella hefði verið.

Um þessar mundir hafa átt sér stað samningar um búvöruframleiðsluna út aðlögunartímabilið, þ.e. tvö ár til viðbótar. Fyrir þessu eru tvær ástæður. Í fyrsta lagi að mikilvægt er að bændur búi við sæmilegt framleiðsluöryggi. Það auðveldar þeim að meta aðstæður og aðlaga búskap sinn breyttum framleiðsluháttum. Í öðru lagi hefur árangur af búvörulögunum orðið sá að þótt ekki séu liðin nema tæplega tvö ár frá setningu þeirra laga hafa þessi mál skýrst með þeim hætti að auðvelt er að taka nýjar ákvarðanir.

Eins og áður sagði hafa mjólkurvörur styrkt hlutdeild sína á markaðnum. Af því leiðir að með sæmilegu öryggi má vænta að markaðurinn í þeirri grein verði á bilinu 103–105 millj. lítra. Eigi að síður er birgðavandi mjólkurframleiðslunnar, eins og hann raunar hefur verið, vissulega nokkur. Þannig voru birgir 1. sept. árið 1985 sem svaraði 22,3 millj. mjólkurlítra, 1986 24 millj. og árið 1987, þ.e. í ár, er ætlað að birgðir verði þær hinar sömu og þær voru 1. sept. árið 1986. Þannig hafa birgðir mjólkurvara farið vaxandi á síðustu tveimur árum, enda hefur framleiðslan verið umfram markmið búvörulaganna.

Af þessari ástæðu er nauðsynlegt að þessi birgðavandi verði leystur. Talið er eðlilegt að miða birgðir mjólkurvara við að þær samsvari mjólkurmagni er nemur 15 millj. mjólkurlítra miðað við 1. sept. ár hvert. Eins og áður sagði námu þær birgðir 24 millj. 1. sept. árið 1986. Þar af leiðandi þarf að koma á markað mjólkurvörum sem nemur u.þ.b. 10 millj. lítra. Gert er ráð fyrir að ná þessu markmiði á þremur næstu árum og hefur þá náðst að fullu sá árangur sem að var stefnt við setningu búvörulaganna að því er mjólkurframleiðsluna varðar.

Í þeim samningum sem gerðir hafa verið varðandi sauðfjárframleiðsluna hefur verið leitast við að halda framleiðslunni sem næst því sem hún var við setningu búvörulaganna. Þannig var samið um 12 150 tonn fyrir framleiðsluárið 1985–1986. Fyrir síðasta framleiðsluár nam sú tala 11 000 tonnum sem í raun er einnig gildandi fyrir yfirstandandi framleiðsluár, þ.e. þegar hlutur Framleiðnisjóðs er meðtalinn.

Að undanförnu hefur farið fram nokkur umræða um að nýr búvörusamningur verði gerður, er tæki mið af núverandi samningi, til tveggja ára og gilti þannig út aðlögunartíma búvörulaganna. Minni ég í því sambandi á till. til þál. um eflingu atvinnu og byggðar, er þrír þm. Sjálfstfl. fluttu fyrr á þessu þingi, óskir Stéttarsambands bænda um sama efni og samkomulag stjórnarflokkanna um gerð nýs búvörusamnings. Við þá samningsgerð hefur komið í ljós að æskilegt er að samið verði til fjögurra ára, þ.e. til ársins 1992 svo unnt sé að ná fram þremur mikilvægum markmiðum að því er sauðfjárræktina varðar.

Fyrst að samningsbundin framleiðsla verði óbreytt frá því sem hún er núna. Í öðru lagi að fá lausn á birgðavandanum og í þriðja lagi útrýmingu á riðuveiki. Með tilliti til bættra markaðsaðstæðna í

mjólkurframleiðslu er við það miðað að sauðfjárræktin fái aukna hlutdeild í útflutningsbótafé og að eftir árið 1990 gangi það fjármagn að mestu leyti til sauðfjárræktarinnar.

Birgðir kindakjöts hafa verið sem hér segir: Árið 1984 1696 tonn, árið 1985 1920 tonn, og árið 1986 2450 tonn. Þessar tölur eru miðaðar við 1. sept. Miðað er við að árlegur útflutningur nemi u.þ.b. 2000 tonnum. Með þeim útflutningi og miðað við framangreind markmið í framleiðslu er að því stefnt að kindakjötsbirgðir yrðu komnar niður í u.þ.b. 1000 tonn árið 1992.

Til að unnt sé að ná þeim árangri í framleiðslumálum landbúnaðarins sem að framan er skýrður og til að tryggja uppbyggingu nýgreina í landbúnaði er aðlögunartími búvörulaganna lengdur um tvö ár.

En hver er þá hinn margumtalaði samdráttur í búvöruframleiðslunni? Þetta er rétt að menn leggi niður fyrir sér eins hávær og umræðan hefur verið um þann vanda. Hér eru tekin til viðmiðunar árin 1980–1985, þ.e. meðaltal þessara fimm ára, og svo einnig árið 1984 eitt út af fyrir sig. Samningurinn um mjólkurframleiðsluna eins og ætla má að hann verði til ársins 1992 verður þá með svipað eða sama framleiðslumagn og árin 1980–1985, en þá var meðalframleiðsla þeirra ára 105,9 millj. mjólkurlítra. Þetta er hins vegar aðeins minni framleiðsla en var árið 1984, sem einnig er hér tekið til viðmiðunar, en þá var mjólkurframleiðslan 108 millj. lítra. M.ö.o. að framleiðslumarkmið, endurskoðuð á grundvelli þeirra lagabreytinga sem ég hef skýrt að því er varðar mjólkina, eru nákvæmlega þau sömu, eftir því sem hægt er að meta þau eins og var á því fimm ára tímabili sem ég hef áður skýrt frá.

Samdráttur í sauðfjárræktinni miðað við sömu ár er hins vegar meiri eða um 12%, en væri aftur á móti árið 1984 eitt tekið þá væri samdrátturinn innan við 4%.

Þetta er þá hinn raunverulegi samdráttur sem orðið hefur í búvöruframleiðslunni og mikið hefur verið rætt um. Að sjálfsögðu ætla ég ekki að fjalla um það að margháttaðar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr áhrifum þessa samdráttar og vegur í þeim efnum að sjálfsögðu langsamlega mest að nú eru þessar framleiðsluvörur greiddar fullu verði stuttu eftir að þær koma til afurðastöðvar en áður var ekki full greiðsluskylda á þessum vörum.

Með þeim markmiðum sem að framan eru greind á ekki til þess að koma að Framleiðnisjóður landbúnaðarins þurfi að taka þátt í greiðslum útflutningsbóta fram yfir þær skuldbindingar sem þegar hafa verið teknar. Kemur þetta raunar skýrt fram í grg. fyrir frv. Sjóðurinn kemur þess vegna til með að hafa verulegt fjármagn til ráðstöfunar og er vissulega mikilvægt að uppbygging nýrra greina í landbúnaðinum verði markviss og hröð á næstu árum svo að byggðin styrkist og hagur bænda batni. (**Forseti:** Á ekki að vísa málinu?) Já ég var nú reyndar búinn að segja frá því að það yrði að ganga til nefndar og auðvitað gat það ekkert farið til annars aðila en landbn. (**Forseti:** Og 2. umr. kannske líka?) Já já.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu kom til umfjöllunar landbn. deildarinnar í morgun og þar var borin fram ósk frá hæstv. landbrh. um það að nefndin flytti þetta mál sameiginlega. Úr því varð ekki. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni töldum ekki rétt að málið kæmi á þann veg hér inn í hv. deild, töldum reyndar að það hefði verið eðlilegast að þetta mál hefði verið flutt af hæstv. landbrh. en ekki af nefnd þar sem þetta er í eðli sínu stjfrv. og stjórnaraðgerð sem hér er verið að leggja til á síðustu dögum þingsins. En einhverra hluta vegna, og eftir því sem hv. 11. landsk. þm. upplýsti hér áðan í ræðustól, þá var þetta gert til þess að auðvelda framgang málsins. (**EgJ:** Flýta afgreiðslunni.) Flýta afgreiðslunni. Ég sé ekki neitt sem verður þess valdandi að afgreiðsla málsins verði fljótari fyrir það að meiri hl. nefndarinnar flytur þetta hér heldur en ef það hefði verið á þann veg að hæstv. ráðh. hefði flutt þetta mál sjálfur. Þetta fer til nefndar og verður unnið á alveg nákvæmlega sama veg og það verður gert nú.

Hitt getur verið að hafi verið hvati að þessu máli að hv. 11. landsk. hafi haft áhuga fyrir því að ná þeirri aðstöðu að mæla fyrir þessu máli hér og mér sýnist að sú hafi verið raunin á, að málið hafi verið lagt hér fyrir hv. deild að ósk þeirra sjálfstæðismanna að það yrði ekki lagt fram af ráðherrunum sjálfum heldur yrði það lagt fram og mælt fyrir því af hv. 11. landsk. þm., formanni landbn. Og er það dálítið merkileg aðferð sem hér er notuð. Það er fyrst rætt við stjórnarandstöðuna um það að við látum það vera hér í deildinni að eyða miklum tíma í þetta mál. Það er leitað eftir því að málið fái eins fljóta meðferð hér í þinginu og mögulegt er og svo heyrum við allt í einu hér úr ræðustól flutta „generalprufu“ af framboðsfundi á Austfjörðum. Það er flutt hér langloka um staðreyndir eða ekki staðreyndir sem Sjálfstfl. á sjálfsagt eftir að boða landslýð að þannig hafi verið haldið á landbúnaðarmálum undanfarin ár, sem hv. 11. landsk. þm. flutti hér úr ræðustól áðan og lítið kom við því máli sem hér er lagt fram.

Mér finnst þetta dálítið merkileg vinnubrögð. Ég taldi að þetta mál mundi verða lagt hér fram með þeirri grg. sem fylgir frv. og hv. 11. landsk. þm. nefndi að væri skýr og þar af leiðandi þyrfti ekki að flytja hana hér úr ræðustól heldur flutti sína eigin ræðu, þ. e. útlistun Sjálfstfl. á því hvernig landbúnaðarmálin hefðu gengið á undanförnum árum.

Um þetta frv. má vitaskuld margt segja og kannske fyrst og fremst er það staðfesting á því hvernig landbúnaðarstefna hæstv. ríkisstjórnar hefur gengið á undanförnum árum. Nú á síðustu dögum þings fyrir kosningar hleypur ríkisstjórnin til og flytur þetta frv. hér um það að lengja aðlögunartímann í sambandi við búvöruframleiðsluna, skerðingu bú-

vöruframleiðslunnar og stjórnun búvöruframleiðslunnar, um tvö ár. Þetta er viss viðurkenning á því sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram og við Alþýðubandalagsmenn höfum haldið fram að sá aðlögunartími sem markaður var samkvæmt búvörulögunum væri of stuttur. En það er ekki tekið nema þetta litla skref, tvö ár. Ég tel að hér hefði þurft að stíga skrefið til fulls, eins og menn hafa held ég flestir búist við að verði, að þetta verði ekki aðeins frestur eða framlenging um tvö ár til viðbótar, þ.e. að árin verði sjö, heldur þurfi þarna að vera tíu ára aðlögunartími.

Við eigum eftir að fjalla um þetta í landbn. í fyrramálið, þó að við vitum það allir að það er þegar raunverulega búið að ganga frá þessu máli og við vitum það að stjórnarandstaðan mun koma með nál. um þetta mál. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að eyða hér löngum tíma og vil standa við mitt loforð um það að málflutningur hér í deildinni verði sem stystur þó að á annan veg hafi verið farið með frsm., að hann hafi talið ástæðu til þess að hefja hér umræður um landbúnaðarstefnuna eins og hún hefur gengið fyrir sig á undanförnum árum.

Ég vil lýsa því yfir að við Alþýðubandalagsmenn hér í deildinni munum gera okkar í því að þetta mál gangi hér fram, og það eins fljótt og mögulegt er, og við munum leggja hér fram brtt. um það að þessi tími verði ekki lengdur um tvö ár heldur muni hann vera lengdur um fimm ár. En þó að sú brtt. okkar verði ekki samþykkt hér í deildinni munum við þá standa að þessu frv. þar sem þetta er ákveðið skref í þá átt að koma á móti þörfum bænda um það að aðlögunartíminn verði lengdur.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl., um hvernig að flutningi þessa frv. var staðið vil ég aðeins ítreka það sem hefur komið hér fram áður að ég óskaði eftir því að þessi leið yrði farin til þess að flýta framlagningu frv. Þær tölur sem frv. er byggt á lágu ekki fyrir fyrr en rétt fyrir helgina og þar sem það tekur tíma að ganga frá formsatriðum stjfrv. var ljóst að það þurfti að reyna að fara þá fljótustu leið sem hægt var. Og í öðru lagi, ef von ætti að vera um að frv. næði fram að ganga þá varð að gera það í góðu samkomulagi við stjórnarandstöðuna þar sem þetta var svo seint fram komið. Þess vegna taldi ég að það væri heppilegra að ræða málið á þessum grundvelli. Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. og öðrum þm. stjórnarandstöðunnar, sem hafa um þetta mál fjallað enn þá, fyrir góðar undirtektir um að greiða fyrir framgangi þess. Ég mun ekki ræða efnislega að öðru leyti landbúnaðarmálin, því að þá getum við áreiðanlega verið hér í marga daga og vil því fara sömu leið og hv. 4. þm. Vesturl. og sleppa þeirri umræðu.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. í þessari deild eru nú ekkert óvanir því að fá landbúnaðarmál til umræðu svona á síðustu dögum þingsins en eins og fram hefur komið er hér um að ræða framlengingu um tvö ár til viðbótar þeim ákvæðum sem eru í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Auk þess sem þetta er framlenging um tvö ár þá er tilfærsla árið 1990, þ.e. að í stað þess að árið 1990 eigi útflutningsbætur að vera 4% af heildarverðmætum landbúnaðarvara er í þessu frv. lagt til að þær verði 5%. En aftur á móti það sem varið er til nýrra búgreina er ætlast til að verði 4% árið 1999 í stað 5%. Það getur vel verið að rökin fyrir þessu hafi komið fram í ræðu hv. 11. landsk. þm., ég hef þá misst af því, mér fannst ansi mikill tími fara í það hjá honum að tala um nýjar búgreinar og annað slíkt. Þess vegna varð ég mjög undrandi á því að sjá þetta, en eins og fram hefur komið hér þá er þetta mál alveg nýtt af nálinni, er lagt fram í nefnd í morgun. Reyndar bauðst okkur að kynna okkur þetta mál á þingflokksfundi í dag en því miður var tíminn það naumur, um 10 mínútur sem menn höfðu til þess að koma sér ofan í þetta mál og þær tölur sem því fylgdu. En ég sé nú ekki að það sé ýkja flókið því þetta er eina breytingin sem hér um ræðir, það er sem sagt flutningur um 1% frá því fjármagni sem átti að vera til nýbúgreina yfir í útflutningsbætur og ákvæði 38. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 36. og 37. gr. skulu tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku þessara laga með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingar nýrra búgreina."

Það er einfaldlega verið að breyta þessu ákvæði um að þetta skuli endurskoða eftir tvö ár í staðinn fyrir fjögur.

Ég sé ekki þessa brýnu nauðsyn á því að koma þessu máli nú í gegnum þingið og að markaðsaðstæður í dag segi okkur fremur hvernig þessi hlutföll skuli vera árið 1991 og 1992 get ég ekki fallist á að séu ýkja mikil rök. En það getur vel verið að hv. 11. landsk. þm. sjái þau rök, hann er mjög kunnugur þessum málum, en mér þætti vænt um að heyra rökin fyrir því. Ég efast ekki um að hæstv. landbrh. hefur þau líka á takteinum en það er sem sagt eina breytingin sem er um að ræða á þessu, tilfærsla árið 1990 og flýting 38. gr. laganna um tvö ár. En þessi ákvæði á að endurskoða samkvæmt lögunum 1989.

Frsm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mikil ánægja fyrir mig að mæla fyrir þessu máli hér en það blandaðist nú ekki inn í þá ákvörðun að það væri lagt hér fram í þessari deild og flutt með þeim hætti sem hér var raun á. Ég held að landbrh. geti staðfest það að það er alveg hans ákvörðun að þessi málsmeðferð var viðhöfð.

Það má kannske segja að það sé vandmetið hvort þetta hefur orðið til þess að flýta málinu eða ekki en ef samkomulag hefði orðið í nefndinni um flutning málsins, þá hefði málið getað gengið áfram til Nd. í kvöld. Og þá var það náttúrlega fljótvirkasta leiðin

sem fyrir hendi var og auk þess gafst meira ráðrúm til þess að meta þetta mál vegna þess að nefndin var kvödd til að flytja það. Þetta er nú um það að segja.

Ástæðan fyrir því að málið kemur svona seint til meðferðar hér á Alþingi hefur reyndar þegar verið skýrð, en hún er sú að um þessar mundir er verið að gera samning til tveggja ára milli bænda og ríkisvaldsins. Og eins og fram kemur í grg. er búið að leggja drög að þeim samningi. Hins vegar nást ekki tilskilin markmið á því árabili. Það var það sem ég var að rökstyðja í ræðu minni hér áðan. Á þeim árum næst mjólkurframleiðslan í fullt jafnvægi eins og búvörulögin kveða á um en aftur ekki sauðfjárframleiðslan. Og með því að inn í samningsgerðina á milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna hefur verið fjallað um útrýmingu á riðuveiki úr sauðfjárstofninum, þá ná áhrif þeirra aðgerða allt til ársins 1992 og þar af leiðandi er talið eðlilegt að binda samninginn við þetta árabil allt saman. Og til þess að menn treystu sér til að gera samning til þetta langs tíma þótti eðlilegt að framlengja ákvæðin um útflutningsbæturnar, eða réttara sagt ákvæði VIII. kafla búvörulaganna. Þetta eru nú skýringarnar.

Ekki mundi nú okkur hv. þm. Helga Seljan þykja þetta hafa verið mergjuð framboðsræða á Austurlandi, sú ræða sem ég flutti hér áðan, full af tölum og skýringum. Það eru nú ekki sérstaklega vinsælar framboðsræður. En eins og ég sagði áðan þótti mér nauðsynlegt að það kæmi hér fram vegna þess að VIII. kaflinn er í heimildarformi og eins og hv. þingdeildarmenn, og þá sérstaklega landbúnaðarnefndarmenn Ed., hafa getað sannfært sig um, þá liggja að baki þessari ákvörðun viss markmið sem ekki eru fest í lög, þau fylgja ekki sem fskj. með frv. og þar af leiðandi þótti mér nauðsynlegt að skýra þau nánar svo að það lægi fyrir hvaða meiningar liggja að baki fjögurra ára samningsgerð og breytingum á búvörulögunum til samræmis við þær ákvarðanir.

Um nýjar búgreinar fjallaði ég ekki í mínu máli, nákvæmlega ekki neitt, en í tólf línum gat ég um stöðu Framleiðnisjóðs og lagði áherslu á gildi þess að einmitt með þessari lagagerð núna er jafnframt tekin ákvörðun um að sjóðurinn þurfi ekki að sinna sams konar hlutverkum og áður, eins og hann tók að sér fyrir þetta framleiðsluár, heldur geti einbeitt sér að þeim verkefnum sem brýn eru í sambandi við önnur verkefni sjóðsins, og þá sérstaklega uppbyggingu nýrra greina í sveitum landsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 904.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er 318. mál Nd. á þskj. 904. Hér er um að ræða frv. sem fyrst og fremst er flutt til þess að reyna að lagfæra ákveðna agnúa sem hafa komið fram í sambandi við þetta mál en eins og allir hv. þm. vita voru þau lög sem rætt er um að gera breytingu á byggð á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Meginatriði laganna byggðist í raun og veru á samræmdri þátttöku allra lífeyrissjóða landsins en þeir leggja til fjármagn sem nemur 55% af ráðstöfunarfé þeirra sem er í raun skilyrði fyrir lánsrétti einstaklinga sem sækja um lán skv. þessum lögum.

Það var ljóst í upphafi að þessum gífurlegu breytingum sem þarna er um að ræða mundu fylgja einhverjir vaxtarverkir, ekki síst átti eftir að skoða ýmsa þætti, hvernig þetta kæmi við einstök atriði að því er varðar þá sem þurfa að byggja á lífeyrisréttindum þannig að það var ekkert óeðlilegt að það kæmi ýmislegt fram sem þyrfti að skoða nánar síðar.

Ég vil taka það fram í upphafi og ég skal reyna að verða stuttorður, virðulegi forseti, að aðilar vinnumarkaðarins gerðu ráð fyrir að þessi mikla lagabreyting þyrfti að fá vissan aðlögunartíma í framkvæmdinni og það væri hyggilegt að flýta sér hægt í að gera miklar breytingar. Þess vegna var það að ég lagði á það mikla áherslu við Húsnæðisstofnun að það yrði ákveðið strax við framkvæmd laganna á s.l. hausti að þau atriði sem væru fyrst og fremst tæknileg og atriði sem væru augljóslega þannig upp sett í þessum nýju lögum að það gæti hindrað afgreiðslu til fólks sem vantaði lítið upp á til þess að njóta fullra réttinda yrðu athuguð sérstaklega.

Niðurstaðan varð sú að þær breytingar sem liggja til grundvallar í þessu frv. eru við þetta miðaðar. Það er gert ráð fyrir því að í staðinn fyrir að fólk þurfti að hafa samfelldan lífeyrisrétt á síðustu 24 mánuðum verði það stytt í 20 mánuði, það yrðu 20 mánuðir innan þessara 24. Það kom í ljós við athugun að það mundi leysa vanda ýmissa aðila sem hafa sótt um, sérstaklega unga fólksins sem lögin stefna nú fyrst og fremst að að reyna að lagfæra lánsréttinn fyrir. Þetta var sem sagt eitt atriðið. Síðan kom í ljós að námsmenn voru ákaflega óviðbúnir þessu nýja lífeyrissjóðskerfi sem eðlilegt var og það þurfti að koma eitthvað til móts við þá. Það var gert á tvennan hátt. Annars vegar með því að ná samkomulagi við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda um að Söfnunarsjóðurinn og Lánasjóður námsmanna gerðu með sér samkomulag sem gildir frá 1. sept. s.l. um það að tryggja öllum sem fá lán úr sjóðnum lífeyrisréttindi frá 1. sept. s.l. sem tryggir þessu fólki

lánsréttindi þegar fram í sækir og einnig það að með þessu móti var hægt að létta áhyggjum af þessu námsfólki sem þarna var um að ræða. Síðan var sett ákvæði til bráðabirgða í þetta frv. sem gerir þeim sem á síðustu tveimur árum hafa verið að reyna að koma húsnæði yfir sig léttara fyrir með því að þeir eru undanskildir að nokkru leyti í sambandi við þetta stranga ákvæði ef þetta ákvæði til bráðabirgða verður samþykkt.

Einnig eru nokkur önnur atriði. Ég nefni að það er verið að gera þarna tilraun til þess að koma til móts við fólk sem hefur orðið fyrir því að þurfa að hverfa tímabundið af vinnumarkaðinum um skamman tíma á síðustu tveimur árum og hefði í strangasta skilningi laganna, eins og þau voru byggð upp, misst lánsréttinn að verulegu leyti. Miðað við þá breytingu sem hér er lögð til er því stórum hluta af þessu fólki bjargað fyrir horn ef svo má að orði komast þannig að það heldur sínum réttindum miðað við að þessar breytingar verði samþykktar. Þetta tekur til fólks sem hefur gert hlé á starfi um skeið, t.d. hálft ár vegna endurmenntunar eða eitthvað þess háttar og það fær þarna að fullu borið í slíkum tilvikum.

Þá var einnig slakað nokkuð á stærðarmörkum í sambandi við lögin. Það er gert ráð fyrir í lögunum að miðað sé við 170 fermetra stærðarmörk. Það kom í ljós, miðað við viðmiðunarstaðla á fasteignamarkaðinum og það sem er í gildi núna, en nýr staðall tók gildi 1. desember s.l., að til þess að fullnægja því þá þurfti að rýmka nokkuð um stærðarmörkin miðað við 180 fermetra og Nd. gekk frá því máli við samþykkt frv.

Eitt atriði enn langar mig til að nefna, frú forseti. Það er í sambandi við öryrkja og aldraða. Í þessu frv. er það tryggt að þeir sem reka stofnanir fyrir öryrkja og fatlaða fá fullan lánsrétt með þessu frv. eins og kemur fram í 3. gr. þess.

Ég vil geta þess vegna þess að fram kom í umræðum í Nd. að ýmislegt fleira hefur komið fram í sambandi við þessi lög og það hefur verið rætt við aðila vinnumarkaðarins og laganefndina um víðtækari breytingar að samkomulag varð um það að hafa þær eins litlar og mögulegt var og gefa sem sagt lengri aðlögunartíma til þess að sjá hvernig þessi lög verða í framkvæmd. Þess vegna var ekki tekið meira inn af þeim breytingum sem hugsanlega þyrfti að gera á þessu frv. þegar fram í sækir.

Eitt af því sem menn hafa gagnrýnt er það að komið hefur í ljós að ýmsir sem sækja um lán skv. þessum grundvallaratriðum sem ég nefndi hér fyrr að með tilkomu allra lífeyrissjóðanna inn í þetta koma til greina einstaklingar sem hafa kannske það góð efni að þeir þurfa ekki á slíkum lánum að halda. Það er ekkert auðvelt að breyta því í fyrstu lotunni þar sem búið er að gera bindandi samninga við alla lífeyrissjóði um fjármagnið, 55%-fjármagnið, og þeir náttúrlega gera það í trausti þess að þeirra félagsmenn njóti þeirra kjara sem þessi nýju lög veita.

Hins vegar er í gangi nú þegar endurskoðun á þessum lögum og raunar fleiri atriðum í sambandi við húsnæðismálin og ég reikna með því að — hver sem við tekur — örugglega verði hægt að gera á þessu breytingar ef menn vilja þegar kemur að næsta þingi. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. og hv. Nd. hefur samþykkt eru aðeins lagfæringar sem eru þó mjög nauðsynlegar og þess vegna má ekki koma fyrir annað en að Alþingi samþykki þetta frv. sem hér liggur fyrir því það mun laga þessi mál fyrir marga sem þurfa sannarlega á því að halda.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu meira, virðulegur forseti, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég fæ þetta mál nú til athugunar í nefnd en er hins vegar búinn að kynna mér það það mikið að ég sé að þau atriði sem þar eru tekin inn, sem eru að mínu viti of fá að vísu, eins og hæstv. ráðh. kom reyndar inn á og viðurkenndi, eru öll til bóta, gera það að verkum að túlkun verði rýmri og auðveldara um vik fyrir Húsnæðisstofnun að snúa sér í ýmsum þeim vafaatriðum sem hafa þvælst þar fyrir núna í framkvæmdinni.

Ég ætla heldur ekki að fara að hefja almenna umræðu svo síðla kvölds alveg sérstaklega vegna þess að það hafa verið miklar umræður um húsnæðismálin almennt hér í þinginu að undanförnu. Fullyrðingar hafa verið miklar til og frá og umræðan heit. Annars vegar hefur hæstv. ráðh. haldið því fram að allt væri í stakasta lagi og mundi vera í stakasta lagi og ekkert væri að óttast. Hins vegar hafa verið fullyrðingar um það að þetta kerfi væri jafnvel sprungið eða ætti eftir að springa á næstunni.

Hið rétta á eftir að koma í ljós í þessum efnum og ég ætla ekki að fara út í allt það sem þar hefur verið sagt. Auðvitað er mikil spurning í mínum huga um það hversu fjármagnið dugar þegar um slíkt stökk er að ræða eins og nú hlýtur að vera bæði í húsbyggingum og húskaupum, við skulum vona sem jafnast um landið því að í raun og veru hefur þessa stökks nú ekki gætt nema hér á Reykjavíkursvæðinu enn þá, en þó kann það að vera að það hafi einhver áhrif til góðs úti á landi einnig. Þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því þrátt fyrir það aukna fjármagn sem þarna er komið inn hvort það muni duga vegna þess að menn voru í biðstöðu og höfðu beðið lengi eftir úrlausn. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera að þarna verði tæpt, svo að ekki sé meira sagt, varðandi fjármagnið. Það er auðvitað öruggt. Hvort fjármagnsskortur verður, hversu margir standa við það að byggja af þeim sem sækja um, hversu margir standa við það að kaupa af þeim sem sótt hafa um vegna hinna nýju reglna getum við auðvitað ekki og megum út af fyrir sig ekki vera að fullyrða neitt ákveðið um í dag. Það ætla ég mér ekki að gera.

Hitt er svo ljóst að öll þessi umræða, af því að hún hefur ekki fengist á hreint í raun og veru, hefur valdið töluverðri óvissu hjá fólki, töluverðum ótta

um það hvernig á því standi t.d. að svo illa hefur gengið hjá mjög mörgum að fá svör hjá Húsnæðisstofnun um það hvort þetta fólk eigi lánsrétt, hversu löng biðin verði þá ef út í það yrði farið og ég veit það að ofálag á þessa stofnun er slíkt núna og hefur verið allt frá haustmánuðum að það er í raun og veru engum mönnum bjóðandi í raun og veru, það álag sem þar hefur verið. Þessi umræða núna þar sem myndin hefur verið dekkt, sumir telja fyllilega ástæðu til, aðrir segja eins og hæstv. ráðh. að hún sé dekkt allt um of, hefur öll orðið til þess að álagið hefur orðið enn þá meira á þessa stofnun og ég get ekki hælt því. Ég hæli þessari stofnun nú almennt fyrir viðskipti við hana en ég hef ekki getað hælt henni núna varðandi þau viðskipti sem ég hef þurft að eiga við hana og alla þá óvissuþætti sem þar hafa komið upp alveg sérstaklega núna á síðustu mánuðum og valda mörgum miklum kvíða og áhyggjum. Þar á ég við það fólk sem hefur þegar keypt og ekki er búið að fá fullnægjandi svör eða er þegar byrjað að byggja og hefur heldur ekki fengið fullnægjandi svör. Ég er ekki að tala um það fólk sem er að hugsa til hreyfings og ætlar að fá vissu um þetta. Menn segja: Hvers vegna gerðu menn þetta? Í mörgum tilfellum var ekki um annað að ræða og þegar fólkið vissi sig eiga nokkurn veginn rétt samkvæmt því sem það gat lesið sér til var auðvitað annaðhvort að hrökkva eða stökkva í mörgum tilfellum og fólk var auk þess í raun og veru með það glæsileg gylliboð upp á vasann, að þetta yrði allt í lagi, að ég skil það fólk vel sem stökk út í nokkra óvissu í þessu efni eftir þá löngu bið sem hafði orðið á þessum málum.

Ekki skal ég draga úr því átaki sem gert var í þessum efnum þegar verkalýðshreyfingin samdi við atvinnurekendur um það að lífeyrissjóðir hreyfingarinnar kæmu svo ríkulega inn í þessa mynd sem raun ber vitni og auðvitað voru kostirnir ótvíræðir með þeirri hækkun lána annars vegar sem þarna kom til varðandi almennt fjármagn inn í húsnæðiskerfið, hækkun á heildarlánum hvort sem þau voru til kaupa á húsum eða til nýbygginga og eins lenging lánanna sem skipti kannske meira máli en flest annað.

Auðvitað vissum við það þegar við vorum að afgreiða þetta mál á sínum tíma að það voru á því ótal gallar og annmarkar. Hér er verið að sníða nokkra þeirra af en enn eru þó, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi áðan, margir eftir sem eiga eftir að valda fólki og stofnun ómældum erfiðleikum og ekki sér fyrir endann á. Það hefur nefnilega komið í ljós þrátt fyrir skylduaðild fólks að lífeyrissjóðum, lögum samkvæmt, að hér er um mjög miklar brotalamir að ræða varðandi þann rétt sem fólk á og margar ástæður líka sem koma inn í þetta. Að vísu er verið að sníða þá agnúa af að sumu leyti núna fyrir suma þeirra, margt sem veldur því að fólk hefur ekki þennan fulla rétt í lífeyrissjóðunum sem þarf til þess að njóta lánsréttar.

Það tvennt sem skiptir þó kannske mestu máli í þessari húsnæðisumræðu er annars vegar það að enn þá er hið svokallaða félagslega kerfi eftir, það liggur enn þá eftir. Það liggur einfaldlega eftir, það vita það allir og þýðir ekkert um það að deila. Það liggur einfaldlega eftir vegna þess að það er ekki samkomulag um það innan ríkisstjórnarinnar hvernig með skuli fara. Hins vegar veit hæstv. félmrh. það að hann hefur til þess þingstyrk hefði hann viljað fara út í það á þeim grundvelli að ná því fram í gegnum annars vegar sinn flokk og hins vegar stjórnarandstöðuna, fyrir því var vilji, að stíga ákveðin skref til mikils gagns í félagslega kerfinu. Hins vegar hefur Sjálfstfl. verið þarna öndverður og við höfum heyrt settar á langar tölur í Sþ. og Nd. varðandi það og þarf ekki frekar að minna á það.

Við vitum að verkamannabústaðakerfið eins og það er nú er orðið vandræðabarn sveitarfélaganna í landinu og mjög víða er þetta mikið vandamál sem þeim fylgir og við verðum annaðhvort að lagfæra það kerfi mjög verulega eða, sem er enn þá líklegra, bæta við við hliðina á því öðru kerfi þar sem hið félagslega íbúðarform nýtur sín til fullnustu. Ég man eftir því að ég las mér til um það hvernig þetta væri í öðrum löndum eitthvað í kringum 1975–1976 og kynnti þá þær hugmyndir í tillögu sem ég flutti hér inn þá um það leyti og menn hristu mjög höfuðið yfir, einmitt það sem menn tala nú kannske mest um, búseturéttarformið, eða eitthvað í þá áttina. Þá man ég eftir að mönnum þótti þetta slík fjarstæða að engu tali tók en það var þá þegar komið í gang í öðrum löndum. Þá var eðlilegt, þegar maður var að flytja tillögu um þessi mál, að maður kæmi inn á það þá fyrir meira en áratug síðan.

Hitt atriðið er svo vandi þessa svokallaða misgengishóps sem við höfum kallað svo sem varð fyrir misgengi lána og launa. Ég er ekkert að draga úr því og skal alveg viðurkenna það að þær ráðstafanir sem við vorum öll sammála um að gera varðandi greiðsluerfiðleika þessa hóps hafa bætt úr fyrir mörgum. Mér dettur ekki í hug að draga það í efa. Hins vegar veit ég það einnig að hjá mjög mörgum lengdi þetta aðeins í hengingarólinni, í snörunni, því miður vegna þess að misgengið hafði komið það hart við þetta fólk. Það veit hæstv. ráðh. líka að allt of stór hluti, þó að margir hafi fengið leiðréttingu, þessa fólks býr enn þá við erfiðleika af þessum sökum og það þarf og á að koma til móts við það með þeim hætti sem heppilegastur er og réttlátastur einnig vegna þess að það voru stjórnvaldsaðgerðir fyrst og síðast sem ollu því á sínum tíma að þetta fólk lenti í þeim gífurlegu erfiðleikum sem raun bar vitni.

Ég hef á liðnum mánuðum fengið að kynnast óteljandi dæmum um það hvað þessi nýju lög hafa valdið mörgum einstaklingum miklum erfiðleikum vegna þeirrar breytingar sem á hefur orðið varðandi rétt til húsnæðisláns. Það er í raun og veru ótrúlegt. Mér finnst það satt að segja til umhugsunar fyrir okkur hér á Alþingi hvað miklar brotalamir virðast vera á því að fólk greiði í lífeyrissjóði. Það sem manni dettur fyrst í hug er að fólk hreinlega sleppi því að greiða í lífeyrissjóði en fái greiðslurnar beint í

launaumslagið, eins og er um ýmsar aðrar greiðslur sem veita fólkinu félagsleg réttindi, veita því tryggingu í veikindum, veita því öryggi í ellinni o.s.frv. Þetta atriði er með þeim hætti að við mættum gjarnan huga að því og kemur auðvitað inn á þá allsherjar lífeyrissjóðsumræðu sem hér hefur verið í landinu og hvernig við eigum að koma þar á sem mestu jafnræði.

Ég hef lengi sagt það, og skal láta það vera mín lokaorð, af því að þessi mál hafa óneitanlega blandast inn í þetta, að við eigum að nota almannatryggingakerfið til þess að jafna lífeyri fólks á elliárunum, alveg tvímælalaust, ganga enn lengra í tekjutryggingaráttina til þess arna. Það er meginatriði þessa máls. Við sáum það upp úr 1971 hverju var hægt að breyta og hve mikið var hægt að jafna með tekjutryggingarákvæðinu sem þá kom og ef við gengjum þá götu nógu langt gætum við a.m.k. veitt öllum sómasamlegt viðurværi varðandi lífeyri á elliárum þó að aldrei verði sjálfsagt gengið þannig frá málum að eitthvert misræmi verði ekki.

Ég mun að sjálfsögðu greiða fyrir því að þetta mál fái fljóta athugun í nefnd og afgreiðslu vegna þess að það munu allir vera sammála um þau meginatriði sem það hefur inni að halda.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Eins og hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan á ég sæti í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta frv. og ég tek undir hans lokaorð að við munum aðstoða við það að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í nefndinni því að hér eru í raun ekki á ferðinni mikil ágreiningsatriði, heldur er um að ræða lagfæringar á frv. sem að vísu var að nokkru leyti bent á, þegar þetta frv. var hér til umræðu fyrir ári síðan eða svo, að gætu orðið að gagnrýnisatriðum og er verið að færa þau til betri vegar. Mér segir nú svo hugur um að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem menn eiga eftir að stinga spaða niður í þetta frv. og bylta þar um einhverju af því sem þar er.

Mig langar aðeins að tæpa á nokkrum atriðum sem þegar hefur að vísu verið minnst á og þarf þess vegna ekki að gera úr því langt mál. Það eru annars vegar þau atriði sem hv. þm. Helgi Seljan minntist einnig á, þ.e. það sem maður saknar úr þessu frv., hins félagslega þáttar. Ég byrja á því að taka undir hans orð um það að manni bregður þegar maður verður var við það hversu útbreitt það er enn þann dag í dag að fólk greiði ekki í þá sjóði sem skapa því réttindi til öryggis, bæði varðandi orlof og lífeyri. Ég kenni því um af minni reynslu af atvinnulífi að þetta sé mál sem kannske hafi orðið til fyrst á þeim árum þegar verðbólgan var hvað hröðust. Þá sáu menn beinlínis þá peninga brenna upp sem lagðir voru til hliðar með þessum hætti og enn þá mun það sjálfsagt vera í sambandi við lífeyrisgreiðslur að það misrétti sem ríkir meðal landsmanna í þeim málum virkar náttúrlega ekki hvetjandi fyrir hvern einstakling fyrir sig að nýta sér þessar greiðslur, þ.e. að greiða í lífeyrissjóðina, vegna þess að menn horfa til þess náttúrlega með hryllingi hvað þeir fá síðan út úr þessum sjóðum þegar þeir þurfa raunverulega á þeim að halda.

Nú hafa þessir hlutir breyst þannig að menn verða að greiða í þessa sjóði a.m.k. í einhvern tiltekinn tíma til þess að fá úr þeim réttindi, fá þau réttindi sem þetta frv. sem hér er verið að fjalla um skapar. Þá komum við að einum að þeim göllum þessa frv. sem oft hefur verið bent á og hæstv. ráðh. kom inn á í máli sínu áðan. Eins og ég benti á einhvern tíma í máli mínu, og hæstv. ráðh. vitnaði reyndar nokkuð oft í þau ummæli, þá vitum við það að þessi lög eru orðin til fyrir tilstuðlan hagsmunaaðila vinnumarkaðarins. Þeirra hlutverk er að gæta ákveðinna sérhagsmuna. Okkar hlutverk er að gæta almennra hagsmuna. Þegar þetta frv. er lagt fyrir okkur á sínum tíma nánast hrátt úr smiðju ASÍ og VSÍ fylgir þar sá böggull skammrifi að þeir sem greitt hafa í lífeyrissjóði öðlast réttindi til lána eftir tilteknum leiðum og það gerist í raun gagnstætt því sem áður gilti að nokkuð stór hópur fólks sem á stórar skuldlausar eignir hefur allt í einu aðgang að opinberum lánasjóðum, niðurgreiddu lánsfé.

Ég vil taka aðeins upp þau orð sem hæstv. ráðh. viðhafði áðan án þess að ég muni nú orðrétt hvernig hann fór með það. Hann sagði að grundvöllur þessa frv. væri að skuldbindingu lífeyrissjóðanna til kaupa á skuldabréfum fyrir allt að 55% af innlánsfé þeirra fylgdi sú kvöð að allir sjóðfélagar viðkomandi sjóða, sem af Húsnæðisstofnun keyptu, yrðu að eiga réttindi. Þar af leiðandi væri ekki hægt að útiloka þetta fólk sem hér um ræðir. Ég fullyrði að það er hægt að semja um það við lífeyrissjóðina að það fólk sem þarna um ræðir fái einfaldlega sín lán hjá lífeyrissjóðum eins og áður gerðist. Ég fullyrði að það sé hægt að semja þannig við þá að þetta fólk eigi ekki endilega sama rétt og aðrir vegna þess að þessi sami réttur þessa fólks skapar ákveðið mjög augljóst misrétti milli aðila þar sem þetta fólk getur einfaldlega notað þetta niðurgreidda lánsfé til þess að auka við sinn eigin höfuðstól.

Ég trúi því ekki, og þar styðst ég að nokkru leyti við viðræðu mína við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, ég trúi því ekki að það sé hægt að semja um þann réttláta skilning á því hvernig á að útdeila þessu niðurgreidda lánsfé sem mér finnst vera almennt mjög ríkjandi hjá öllum og þar með töldum hæstv. ráðh. Vegna þess að þau lög, sem hér er verið að fjalla um breytingu á, snúast í raun og veru eingöngu um það að hjálpa einstaklingum til þess að eignast þak yfir höfuðið. Það fer miklu minna í þeim lögum fyrir þeim félagslega þætti sem kannske ætti að vera aðalverkefni samneyslunnar eða ríkissjóðs.

Mér segir svo hugur um, sérstaklega þegar maður horfir á það mikla umstang og þá miklu umsýslu sem skapast í kringum Húsnæðisstofnun, t.d. þá árvissu og jafnvel árstíðavissu fjárþröng sem Húsnæðisstofnun komst í hér áður fyrr og þá nýju útgáfu af þeirri fjárþröng sem við horfum upp á núna þar sem biðraðir myndast hjá fólki að bíða eftir lánum

þannig að fyrirsjáanlegt er, svo maður fullyrði nú ekki um of, að margir muni þurfa að bíða tvö ár a.m.k. eftir lánum miðað við það að svipað fjárstreymi verði til Húsnæðisstofnunar eins og hefur verið, þá segir mér svo hugur að við eigum í framtíðinni eftir að sjá eitthvert allt annað skipulag á þessum málum en við höfum í dag. Ég held að ríkisvaldið hafi í þessum málum ætlað sér um of og ætlað sér um of á alröngum vettvangi.

Í fyrsta lagi er verið að nota ríkisstofnanir sem lánastofnanir í mjög stórum mæli þegar augljóst er að markmið alls þess starfs er í raun og veru ekkert annað en að hjálpa fólki, einstaklingum til þess að koma þaki yfir höfuðið til sjálfseignar, þ.e. eigin þaki yfir höfuð sér. Í raun þá nægði algjörlega að ríkisvaldið hjálpaði þannig upp á í þessum efnum að það greiddi þessu fólki beint þær greiðslur sem þarf til þess að lækka vaxtakostnað þess nægilega til að gera því kleift að koma þaki yfir höfuðið á sér. Peningana getur fólk fengið lánaða hvar sem er ef þeir eru á annað borð til í þjóðfélaginu. Hlutverk okkar er einungis að tryggja það að þeim sem á annað borð hafa efni á því að taka lán til þess að byggja yfir höfuðið á sér sé gert það auðveldara en ella með alls kyns ráðstöfunum ríkisvaldsins, annaðhvort í formi beinna niðurgreiðslna á vaxtakostnaði eða fjármagnskostnaði eða þá með óbeinum hætti í gegnum skattkerfi með þeim hætti að menn líti á þetta sem sparnað sem verði verðlaunaður.

Lánastarfsemi ríkissjóðs eða ríkisins á fyrst og fremst að beinast að hinum félagslega þætti, beinast að því að lána eða útvega fé til þess að byggja húsnæði, til þess að auka húsnæðisframboð handa þeim sem á annað borð geta ekki eða vilja hugsanlega ekki eiga þakið yfir höfðinu á sér, heldur einungis geta leigt það tímabundið og verið frjálsir annars af þeim böndum sem eign bindur menn, eða þá, og það náttúrlega ekki síst, þeir hópar sem alls ekki eiga þess kost vegna sinna aðstæðna að afla þeirra tekna sem þarf til þess að standa undir fjárfestingu í eigin húsnæði. Það er á þessu sviði sem ég tel að hægt sé að réttlæta beina lánastarfsemi ríkisins, ekki að hjálpa fullbjarga fólki til að útvega því lánsfé á niðurgreiddum kjörum, ekki hvað síst þegar maður sér líka hvers lags óskapleg fyrirhöfn það er fyrir ríkisvaldið og hversu mikill sviti og tár fara í það að standa við þau loforð sem að baki allri þeirri athöfn búa.

Þess vegna, frú forseti, mun ég trúlega flytja þær brtt. sem fluttar voru við þetta frv. í Nd. og snerta það mál sem Alþfl. hefur verið að berjast fyrir núna að undanförnu, þ.e. kaupleiguíbúðir.

Að lokum, frú forseti, vildi ég beina tveimur spurningum beint til hæstv. félmrh. Í umræðu sem fram fór í Sþ. um skýrslu sem ráðherrann mælti fyrir þar kom fram í máli ráðherrans undir lok þeirrar umræðu að hann lofaði því að út kæmi fréttatilkynning frá Húsnæðisstofnun um stöðu húsnæðismála miðað við þetta seinasta misseri. Og eins lofaði hann að fram kæmu upplýsingar frá Húsnæðisstofnun þar sem flokkað yrði niður og upplýst með hvaða hætti eða með hvaða rökum stofnunin hefði synjað lánveitingum, og þá var náttúrlega ekki verið að tala þar um upplýsingar um persónur, heldur á hvaða rökum synjanir stofnunarinnar hefðu verið byggðar og í hvaða hópa eða flokka þau rök skiptust.

Af því að við erum hér enn þá í 1. umr. vildi ég mælast til þess að þessar upplýsingar lægju fyrir áður en við afgreiðum þetta mál út úr deildinni, bæði vegna þess að þessum upplýsingum hefur verið lofað og líka vegna þess að ég tel alls ekki úr vegi að skoða þetta mál núna á seinustu dögum þessa þings þar sem augljóst er að það munu vera a.m.k. einir átta mánuðir þangað til þing kemur aftur saman, hvernig farið hefur verið með ýmsa þætti þess sem menn hafa haft áhyggjur af eins og synjanirnar, að ég tali nú ekki um vegna þess að ráðherra gaf það í skyn í þessari umræðu í Sþ. fyrir bráðum hálfum mánuði síðan a.m.k., ef ekki hartnær þremur vikum, að fljótlega væri von á fréttatilkynningu frá stofnuninni almennt um stöðu sjóðs og afgreiðslna, að það lægi líka fyrir svo það mætti skoða það samhliða því sem við afgreiðum þessar greinar sem lúta að lagfæringum á núverandi lögum.

Félagsmálaráðherra (Alexander Stefánsson):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hér hefur komið fram vil ég aðeins nefna það hér í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Austurl. að auðvitað væri freistandi að setja hér á umræður um ýmsar upplýsingar um þessi mál, en ég ætla nú ekki að gera það. Ég vil aðeins segja það í sambandi við afgreiðslu mála að eins og mál standa í dag er búið að gefa út svör við öllum umsóknum sem komu frá 1. sept. til 1. jan. og verið er að vinna núna að útskrift fyrir janúarmánuð þannig að stofnunin er komin í þá stöðu að geta svarað eins og lögin gera ráð fyrir.

Það sem er náttúrlega alveg ljóst er að lífeyrissjóðamálið er einn þungapunkturinn í þessu öllu saman eins og gerðist á vettvangi aðila vinnumarkaðarins. Því að eins og hér hefur komið fram þá er það náttúrlega hörmuleg saga í raun og veru hvað hefur verið haldið laust á þessum málum á undanförnum árum, að það skuli þurfa að koma í ljós þegar á reynir að svo gífurlegur fjöldi fólks í landinu hefur sáralítinn eða engan lífeyrisrétt þegar upp er staðið þrátt fyrir það að við höfum haft lög frá 1980 og endurtekin frá 1982, sem gera ráð fyrir því að allir séu í lífeyrissjóðum, allir Íslendingar greiði í lífeyrissjóði. En því miður var það ekki og ég tel að það sé af því góða í þessu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisins að það skuli vera tekið á þessu atriði, að efla lífeyrissjóðakerfið og nota það í þessum tilgangi, þ.e. inn í húsnæðiskerfið. Jafnhliða er samkomulag hjá aðilum vinnumarkaðarins um það að auka innstreymið í lífeyrissjóðina, ekki aðeins að allir greiði í þá, heldur einnig það að lífeyrissjóðsiðgjaldið verður framvegis miðað við öll laun og eflir þar af leiðandi sjálfkrafa lífeyrissjóðakerfið núna alveg til ársins 1990 sem gerir það að

verkum að innstreymi fjármagnsins verður gífurlega mikið.

Eitt af því sem ég tel ástæðu til að nefna aðeins, af því að hv. 2. þm. Austurl. var að tala um að margir væru í miklum vandræðum sem væru búnir að kaupa og væru búnir að byggja fyrir fram er að megintilgangur þessa nýja kerfis er einmitt sá að koma í veg fyrir að fólk fari af stað í fjárfestingar, hvort sem það eru kaup eða byggingar, fyrr en það hefur lánsréttinn í höndunum. Þetta er náttúrlega ákaflega mikilvægt atriði, og er fyrirbyggjandi um leið og það smátt og smátt vinnur á þeirri óreiðu sem því miður hefur oftast verið á þessum vettvangi og orðið mörgum til tjóns. Þannig að þegar fram í sækir a.m.k. mun þetta virka ákaflega jákvætt. Um þetta hafa verið miklar auglýsingar og tilkynningar og aðvaranir í sambandi við málið og skal ég ekki rekja það nánar.

Auðvitað getum við verið sammála um það að félagslega kerfið þyrfti að vera miklu öflugra en það er og flestir eru nú sammála um það. Í þessari lotu töldu aðilar vinnumarkaðarins að það væri samt eðlilegra að láta það ganga fyrir að auka lánveitingar hins almenna manns þannig að þær færu að nálgast það að geta verið um 70% af byggingarkostnaði. Það tókst með þessu og ekki hvað síst það sem kannske mestu máli skiptir að það er rúmlega þrefaldað fjármagn til kaupa á notuðu húsnæði sem kemur ákaflega mörgum að einhverjum notum og gerir það að verkum að nýting á húsnæði í landinu verður miklu, miklu öflugri og betri eftir þessa aðgerð. Og það er sannarlega af því góða. En auðvitað get ég tekið undir það og hef víst gert það áður að ég tel að félagslega kerfið þurfi að vera miklu öflugra. Þó er það samt ekki verra en svo að á vegum Byggingarsjóðs verkamanna eru 400–500 íbúðir ýmist í byggingu eða kaupum á hverju einasta ári.

Varðandi það sem margir kvarta yfir varðandi endursölu eða endurkaup á verkamannabústöðum get ég sagt frá því að í síðustu viku var að enda mikil endurskoðun sem búin er að fara fram alveg frá því í byrjun fyrra árs milli aðila um það að gefa út nýja reglugerð um verkamannabústaðakerfið sem tekur virkilega vel á þessu vandamáli sem hér hefur verið talað um.

Vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. vil ég einnig geta þess að núna um langt skeið hefur verið, og fer vaxandi, aukinn þungi á lánum til bygginga fyrir aldraða og öryrkja, ekki síst þjónustuíbúðir. Þetta er mjög ánægjulegur þáttur sem aðilar, bæði sveitarfélög og félagasamtök, leggja alveg gífurlega mikla áherslu á, að það hefur náðst alveg ótrúlegur árangur á þessu sviði, sem betur fer. Við hljótum öll að gleðjast yfir því hvað þetta ætlar að reynast vel. Sömuleiðis eru í undirbúningi margar íbúðir fyrir öryrkja, sérhannaðar íbúðir sem vissulega er mikil þörf á að efla hér.

Varðandi svo að lokum, virðulegi forseti, það sem kom fram í fsp. frá hv. 8. þm. Reykv., upplýsingar um það hvað er að gerast í Húsnæðisstofnun. Það er mjög stutt í það að þessi fréttatilkynning frá stofnuninni verði gefin út um stöðu mála núna. Þar kemur einnig fram það sem liggur fyrir hjá ráðgjafarstofunni, sem ég geri ráð fyrir að hann hafi átt við, hverjir hafa fengið synjun og hvers vegna. Þetta er mikilvægt atriði og hefur aldrei staðið til að halda þessum upplýsingum leyndum, síður en svo. Ég vonast til að það dragist ekki mikið úr þessu að stofnunin gefi út opinbera tilkynningu um þetta mál.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Af því að við hæstv. ráðh. höfum deilt ætla ég að taka af öll tvímæli um það að ég ætla mér ekki hér í illdeilur við hæstv. ráðh. Það er bara ekki oft að maður fær tækifæri hér til þess að ræða ákveðin grundvallaratriði. Ráðherra velti líka vöngum, eins og við hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan, yfir því hvernig það mætti vera að svo illa væri komið lífeyrismálum ýmissa hópa hér á landi eins og raun ber vitni. Ég vil þá bara minna á það hér að nú er komin upp nokkuð sterk umræða, að nokkru leyti fyrir tilstuðlan Alþfl., um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn eða a.m.k. sameiginleg lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn.

Ég trúi því að ef menn skoðuðu lífeyrisréttindi manna hér á landi í dag þá væri vissulega hægt að færa að því mjög sterk rök að lífeyrisréttindum sumra væri þannig fyrir komið að þau brytu hreint og beint í bága við stjórnarskrána, og þá á ég við eignaupptökuákvæði stjórnarskrárinnar, því að það er sitt hvað að greiða í einhvern lífeyrissjóð og öðlast réttindi til þess að fá lán til húsnæðisbyggingar og svo hitt að vera skuldbundinn til þess með lögum að greiða í þennan sama lífeyrissjóð í svo og svo mörg ár til þess að fá síðan lífeyri úr þeim sjóði sem endanlega er svo smánarlegur að hann skiptir litlu eða engu máli. Og að skipa mönnum þetta með lögum er mjög erfitt að rökstyðja þannig að þar sé um almannahagsmuni að ræða að einstaklingur greiði svo og svo mikið af aflafé sínu yfir ævina í einhvern sjóð til þess að fá síðan úr honum í raun og veru aðeins brotabrot af því fé sem hann hefur lagt í sjóðinn einfaldlega vegna þess að það hefur rýrnað jafnmikið og raun ber vitni með tímanum.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þá var ég að mælast til þess í lokaorðum mínum við hæstv. ráðh. hvort hægt væri að fá þessar upplýsingar, sem hann talaði um að væru alveg á leiðinni fyrir nokkuð mörgum dögum síðan, hvort hægt væri að fá þær hér inn í deildina áður en við lykjum afgreiðslu þessa máls, og þá á ég við sem sé upplýsingarnar um stöðu mála í dag, fréttatilkynninguna, sem hann nefndi að væri að koma, og svo upplýsingarnar frá ráðgjafarþjónustunni um rök fyrir synjunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Sjómannadagur, ein umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 949 (sbr. 662).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um lögfestingu á sjómannadegi sem sjútvn. þessarar hv. deildar lagði mikla vinnu í, en frv. naut ekki náðar í virðulegri Nd. Því var breytt þannig að fyrir okkur er ekki annað að gera hér, ef við viljum ekki fallast á það að taka þátt í þessari breytingu þá tel ég mikla hættu á því að þetta mál stöðvist.

Við héldum fund áðan í sjútvn. og urðum sammála um það að við mundum fallast á þessa breytingu, sem er nú ekki stór, það er aðeins eitt orð má segja, þar sem um er að ræða hvenær skal halda sjómannadaginn ef hvítasunnudagur er fyrsti sunnudagur í júní. Í frv. sem við lögðum til var gert ráð fyrir að það yrði þá fært aftur um einn dag, yrði þá síðasti sunnudagur í maí, en þeir í Nd. vilja að þetta yrði fært fram og yrði þá næsti sunnudagur á eftir, ef þetta ber upp á hvítasunnudag. Þannig að þetta er ekki stórmál. Og þó að nefndin í þessari hv. deild sé hlynnt því að hafa þetta heldur, þegar svona ber upp á, síðasta sunnudag í maí, þá mun hún fella sig við þessa breytingu frá Nd. til þess að þetta fái örugglega lögfestingu. Við sendum frv. ekki til baka og með því móti getum við gengið frá því að lögfestur verði frídagur sjómanna eða sjómannadagur sem ekki hefur verið hér á landi fyrr. Þess vegna leggur nefndin til að þessu verði ekki breytt frá því sem það kemur úr Nd.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér kemur nú frá Nd. breytt, þar er breytt einu orði, var til umfjöllunar hér hjá okkur í hv. deild og í sjútvn. þessarar hv. deildar og um það fjallað allrækilega. Við fengum til fundar við okkur hagsmunaaðila, leituðum víða umsagnar bæði bréflega og munnlega og einn af þeim þáttum sem við leituðum hvað víðast eftir var um þá afstöðu manna vítt um landið hvenær sjómannadagur skyldi haldinn þau ár sem hvítasunnuna ber upp á fyrsta sunnudag í júní.

Þær upplýsingar sem ég fékk, og ég held að hafi verið það sama með aðra nefndarmenn, voru allar á einn veg, að valin yrði sú leið að halda sjómannadaginn helgina á undan, þ.e. síðustu helgi í maí í stað þess að færa þá hátíðahöldin fram á aðra helgi í júní. Rökin fyrir því að talið var æskilegra að þannig yrði haldið á málum að það yrði bundið í lögum voru þau í fyrsta lagi að þar sem bátaútgerð er, þar eru vertíðarskil fyrri hlutann í maí og sjómenn eru til staðar heima við, ekki farnir frá í nýtt úthald og eðlilegur tími til hátíðahalda, til þess að halda sjómannadaginn hátíðlegan, frekar en þegar kemur fram í júní. Þá væri bæði það að sjómenn væru horfnir frá þeim veiðiskap sem þeir hefðu verið á og ný vertíð byrjuð eða jafnvel að menn væru komnir til annarra starfa. Og á hinn veginn að með því að sjómannadagurinn færðist aftur, það gæti verið aftur til 14. júní, væri dagurinn farinn að nálgast svo mikið 17. júní, að hátíðahöldin á hvorum deginum fyrir sig skemmdu fyrir hinum.

Þessa skoðun fengum við held ég gegnumgangandi hvar sem var á landinu þar sem við leituðum eftir skoðunum manna nema hér í Reykjavík. Þar heyrðist það sjónarmið að þetta skyldi vera á þann veg sem nú hefur verið samþykkt í Nd. En staðreyndin er sú að sjómannadagurinn hér á landi er fyrst og fremst hátíðisdagur úti um þorpin, vítt og breitt úti um fiskiþorpin á landinu en ekki hér í Reykjavík. Hátíðahöldin eru kannske ekki mikið fjölmennari hér í Reykjavík en hátíðahöld vestur á Hellissandi í 600 manna byggð. Þar er öll byggðin saman komin til hátíðahalda á þessum degi en hér í Reykjavík er hópur manna, oftast nær náttúrlega sjómenn og þeirra aðstandendur, en því miður alltaf allt of fámennt miðað við það sem er í öðrum byggðum.

Mér finnst því að hér hafi verið beitt ansi miklum þrýstingi af þeim hópi hér í Reykjavík sem fer með þessi mál að breyta til um þá samþykkt sem hér var gerð í hv. deild, fyrst farið var að lögfesta ákveðinn dag fyrir sjómannadag, að það skyldi ekki vera tekið tillit til þessarar almennu beiðni vítt um landið, en farið eftir ráðum manna hér í Reykjavík, þess hóps sem var alls ekki þyngri að mínu mati á þeim metum sem hér skyldi vegið eftir heldur en sá hópur vítt um landið sem lagði til að hin dagsetningin væri valin.

Ég staðfesti það sem formaður sjútvn. sagði hér áðan að við í sjútvn. deildarinnar munum þó fella okkur við þetta til þess að forða því að þetta góða mál falli upp fyrir og verði ekki samþykkt hér á þinginu nú. Við vitum það að ef við færum að breyta þessu núna erum við orðin með það knappan tíma að það yrði erfitt að koma því til samþykktar í gegnum þingið og kannske litlar líkur fyrir því og við vitum alls ekki hvernig sá leikur færi þegar menn færu að safna liði, hvor fylkingin fyrir sig, þannig að ég vildi láta mína skoðun koma hér í ljós og það hvernig að þessu máli var unnið hér í vetur þegar verið var að undirbúa samþykkt málsins hér í deildinni.

Ég harma að þannig skuli hafa verið unnið að málinu í Nd. að það væri ekki leitað til sjútvn. deildarinnar hér um það þegar farið var að breyta þessu frá því að frv. var samþykkt hér, en það var í engu leitað til okkar eða formanns nefndarinnar um það hvernig hefði verið unnið að þessu máli. Formaður sjútvn. þessarar hv. deildar vissi ekki um þessa breytingu fyrr en hún var lögð hér fram sem þskj.

Þetta kallar vitaskuld á það, og ég vænti þess að þeir sem koma hér á þing að kosningum loknum, að

þeir muni leggja til breytingu á þessu þegar næsta þing kemur saman.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma því á framfæri að ég er mjög ósáttur við þá breytingu sem gerð var í Nd. á því frv. sem við erum að ræða nú. Ég tel þessa breytingu á misskilningi byggða og óttast það að hún verði til þess að hátíðahöld sjómannadagsins um hinar dreifðu byggðir landsins verði risminni en ella ef eftir þessu verður farið. En ég vænti þess að á næsta þingi gefist rúm til að breyta þessu á þann veg sem skynsamlegast er, að í þeim tilvikum sem tilfærsla þarf að vera á sjómannadegi, þá verði hann fluttur fram en ekki aftur.

Breyttir útgerðarhættir, breytt þjóðfélag gerir það að verkum að þessi háttur er eðlilegri. Sú breyting sem gerð var í Nd. hefði kannske verið eðlileg fyrir 30 árum síðan, en vilji menn skynja hvað er að ske meðal sjómanna og átti menn sig á því hvaða veiðihættir eru hafðir í frammi nú, þá sjá menn að frv. eins og það kom frá Ed. var eðlilegra og þjónaði betur hagsmunum sjómanna heldur en sú breyting sem kemur frá Nd.

En til samkomulags þá hef ég eins og aðrir í sjútvn. samþykkt að hleypa þessu fram hjá vegna þess að við óttumst að ella verði málið drepið, komist ekki í gegn og sá sómi, sem við ætluðum að sýna sjómannastéttinni með samþykkt þessa frv., yrði að engu.

Frsm. sjútvn. (Valdimar Indriðason):

Virðulegi forseti. Það er ekki til þess að vekja upp frekari umræður en ég get ekki komist hjá því vegna ábendinga hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan, hvernig þetta gæti komið út með dagana, að þetta lendir svo *illa einmitt árið 1987 að sjómannadagurinn* getur ekki orðið fyrr en 14. júní.

1. júní er mánudagur og þá er sjómannadagurinn eftir þessum nýju lögum, sem ég ætla ekki að draga úr að við skulum standa við og gera, þó að við breytum því síðar, þá er á árinu 1987 ekki hægt að halda sjómannadaginn fyrr en 14. júní.

Kolbrún Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir það sem þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafa sagt varðandi þessa breytingu. Við skoðuðum þetta mál virkilega vel að okkar mati í sjútvn. vegna þess að auðvitað eru það sjómenn fyrst og fremst sem eiga þennan hátíðisdag og við eigum að fara eftir þeirra ábendingum. Því miður var þessi breyting gerð í Nd. en við skulum vona að á næsta þingi taki nægilega margir hv. þm. sig til og breyti þessu aftur þannig að eftir ár verði þetta ekki 14. júní heldur um mánaðamótin eða daginn fyrir mánaðamót. Ég held að þetta sé meira atriði en menn gera sér grein fyrir og ég harma það að neðrideildarþm. í sjútvn. skyldu ekki skoða þetta mál mjög vandlega.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins í ræðustól til að undirstrika samstöðu sjútvn. varðandi þetta mál. Okkur finnst það að vísu ekki ljúft að þurfa að beygja okkur fyrir Nd. í þessum efnum. En það er í þessu máli eins og fleirum að tíminn er orðinn naumur og ég vildi nú segja að sá vægir sem vitið hefur meira.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 983).

EFRI DEILD

68. fundur, mánudaginn 16. mars, að loknum 67. fundi.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, ein umr.

Stjfrv., 340. mál. — Þskj. 957 (sbr. 594).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál er komið frá Nd. sem gerði á því eina litla breytingu sem ég tel vera til bóta og sama er að segja um aðra þá nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. sem ég hef getað borið málið undir.

Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að þessi breyting sé til bóta, en hún er um það að ríkissjóður skuli greiða sveitarfélögum þann hluta *persónuafsláttar sem ráðstafað er með ákveðinni* dagsetningu eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. lið.

Við leggjum sem sagt til að frv. verði hér og nú samþykkt eins og það kom frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 984).

SAMEINAÐ ÞING

64. fundur, þriðjudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel mig tilknúinn að vekja

athygli hæstv. forseta á því að ekki hafa borist til þingsins svör við tveimur fsp. sem fram voru bornar á síðasta ári og yfirstandandi þingi og óskað skriflegs svars. Um er að ræða fsp. sem borin var fram við hæstv. menntmrh. 14. okt. s.l. um fjölda réttindalausra við kennslustörf og í öðru lagi fsp. borin fram við hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. um húsnæðismál Þjóðskjalasafns lögð fram 10. des. s.l.

Nú er gert ráð fyrir að þingstörfum ljúki einhvern næstu daga og ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta á því hvernig á stendur með þessar fsp. sem ekki hefur borist svar við og æskja eftir liðsinni forseta að svar verði fram lagt eða óskað eftir því við hæstv. ráðherra að þeir svari þessum fsp. áður en þingi lýkur. Ég treysti fullfingi hæstv. forseta í því efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er venja hjá forseta að athuga vikulega hvernig staða er varðandi fyrirspurnir sem ósvarað er þegar óskað er skriflegs svars.

Hv. 5. þm. Austurl. nefndi fsp. til menntmrh. um fjölda réttindalausra við kennslustörf. Um þetta segir á blaði þar sem nýjustu upplýsingar eru um þetta mál, þ.e. frá því nú fyrir hádegi. Þar stendur: „Svarið við fsp. er að mestu leyti tilbúið."

Hin fsp. sem hv. 5. þm. Austurl. vék að er fsp. til menntmrh. og fjmrh. um húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins. Þar stendur: „Svarið við fsp. næstum tilbúið." Frekari skýring er: „Svar hefur borist frá menntmrh., en beðið er eftir svari frá fjmrh." Það er óskað svars frá tveim ráðherrum.

Ég vona að þetta séu nægilegar upplýsingar um stöðu þessara fsp. og forseti mun leitast við eins og venjulega að ýta eftir svörum við fsp. sem ekki hafa borist.

Mannréttindamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. FrS o.fl., 244. mál. — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Snjómokstur á Siglufjarðarvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. RA, 383. mál. — Þskj. 693.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Vegáætlun 1987–1990, síðari umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 658, n. 946, brtt. 937.

Frsm. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Fjvn. hefur lokið athugun sinni á tillö til þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990. Afgreiðsla nefndarinnar birtist í sameiginlegu nefndaráliti á þskj. 946 og í brtt. sem allir nefndarmenn standa að og fluttar eru á þskj. 937. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa þó skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins á hv. Alþingi.

Í störfum sínum hefur nefndin notið mikilvægrar aðstoðar Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og nokkurra annarra starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Eru þeim hér með færðar þakkir fyrir.

Þegar þáltill. var lögð fram voru allar tölur á verðlagi 1987 í samræmi við fjárlög þessa árs. Að höfðu samráði við Þjóðhagsstofnun hefur verið áætlað að verðlag hækki um 6% á milli áranna 1987 og 1988. Í brtt. nefndarinnar kemur þetta fram á þann hátt að allar tölur, sem snerta árin 1988–1990, eru hækkaðar um 6% frá því sem þáltill. greinir.

Fjvn. gerir óverulegar tillögur um breytingar á útgjöldum til einstakra framkvæmdaþátta. Aðeins er lagt til að á árinu 1987 verði 3 millj. kr. fluttar af viðfangsefninu „vetrarviðhald" yfir á liðinn „aðrir fjallvegir". Aðrar tillögur um tilfærslu fjár á milli einstakra framkvæmdaþátta hefur nefndin ekki gert.

Sú vinnuregla hefur gilt sem endranær í starfi fjvn. að nefndin hefur tekið ákvörðun um skiptingu framkvæmdafjár á milli einstakra kjördæma. Eru þær ákvarðanir teknar að loknum allítarlegum útreikningum og síðar tillögum frá Vegagerð ríkisins. Síðan hefur það komið í hlut þingmanna einstakra kjördæma að ákveða skiptingu framkvæmdafjár á einstök verkefni í hverju kjördæmi. Tillögur nefndarinnar um skiptingu framkvæmdafjár eru byggðar á þessum ákvörðunum þingmannahópa.

Í áliti nefndarinnar á þskj. 946 er allítarlega greint frá þeim reglum sem notaðar eru í tillögum nefndarinnar við skiptingu framkvæmdafjár á milli einstakra kjördæma og tæplega ástæða til að fara um það mörgum orðum hér. Rétt er þó að vekja athygli á því að sama skiptiregla er notuð nú og áður bæði að því er varðar skiptingu á fé til stofnbrauta og þjóðbrauta. Reglan sem notuð hefur verið við skiptingu stofnbrautafjár er þó endurmetin, en hún byggir sem fyrr á þremur þáttum, þ.e. kostnaði við endurbætur stofnbrauta, ástandi þeirra og arðsemi framkvæmdanna. Eðlilegt verður að telja að slíkt endurmat fari fram að loknu hverju fjögurra ára tímabili langtímaáætlunar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að slíkt endurmat varðandi þjóðbrautir fari fram á miðju fjögurra ára áætlunartímabili eða næst að tveimur árum liðnum.

Mér þykir og rétt að ítreka að fjvn. hefur ekki að þessu sinni fremur en áður haft af því afskipti hvernig stofnbrautafé hvers kjördæmis skiptist á einstök ár innan áætlunartímabilsins. Vegagerðin annast það að raða þessu niður á einstök ár til samræmis við þau verk sem þar eru í gangi hverju sinni og á hverjum stað.

Í brtt. nefndarinnar kemur fram að gert er ráð fyrir því að hægt verði að hefjast handa við gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla á árinu 1988. Nefndinni er ljóst að til þess að sú jarðgangagerð geti gengið með eðlilegum hraða þarf aukið fjármagn á árunum 1989 og 1990 umfram það sem fram kemur í brtt. nefndarinnar. Má ætla að til þess að þetta verk geti gengið fyrir sig með eðlilegum hraða muni þurfa til þess aukið fé sem nemur 90–100 millj. kr. á ári í tvö ár.

Með tilliti til yfirlýsinga sem gefnar hafa verið um þetta mál, m.a. í fyrri gögnum fjvn., samþykkti nefndin yfirlýsingu sem birt er í áliti nefndarinnar á þskj. 946. Yfirlýsingin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því samkomulagi sem gert var um svokallaða Ó-vegi var út frá því gengið að fyrst yrði lokið við veginn um Ólafsvíkurenni, síðan við veginn um Óshlíð, en í beinu framhaldi yrðu gerð jarðgöng gegnum Ólafsfjarðarmúla. Gert var ráð fyrir sérstakri fjárútvegun í þessu skyni. Samkvæmt vegáætlun verður byrjað á jarðgöngum gegnum Ólafsfjarðarmúla árið 1988. Fjvn. lýsir þeim vilja sínum að aflað verði sérstaks framkvæmdafjár til þessa verkefnis til þess að jarðgangagerðin geti haldið áfram viðstöðulaust og með eðlilegum hraða að mati Vegagerðar ríkisins".

Sú till. til þál. um vegáætlun, sem hér er til síðari umræðu, tekur til annars tímabils langtímaáætlunar í vegagerð. Samkvæmt tillögunni er á þessu ári varið til vegagerðar samtals 2150 millj. kr. sem er í samræmi við fjárlög. Hin þrjú ár þessa áætlunartímabils er skipt fjármagni til ýmissa viðfangsefna Vegagerðar ríkisins sem nemur samtals 7250 millj. kr. og því samtals á þessum fjórum árum 9400 millj. kr. Er gert ráð fyrir að það sé sú fjárhæð sem fáist frá mörkuðum tekjustofnun Vegagerðar. Er þá ekki að sinni ráðstafað því fé sem þar er umfram upp að því marki sem menn settu sér að ná í langtímaáætlun, en það var að verja til vegagerðar um 2,4% af þjóðarframleiðslu á ári. Eigi að síður er hér um mikla fjármuni að ræða, enda bíða mörg viðfangsefni úrlausnar.

Á síðasta ári lauk fyrsta tímabili langtímaáætlunar. Við lok á því tímabili er eðlilegt að menn líti til baka og virði fyrir sér þann árangur sem náðst hefur. Að mínu áliti höfum við unnið stórvirki í vegagerð á síðustu fjórum árum. Þetta blasir raunar við augum allra, sem ferðast um land okkar og njóta þess að aka um sífellt batnandi vegakerfi. Úrtölumenn og bölsýnisdýrkendur reyna þó að telja fólki trú um að lítið hafi verið aðhafst á þessu tímabili. Þeir þrástagast á að ekki hafi verið staðið að fullu við þá fyrirætlan að verja 2,4% af þjóðarframleiðslu til vegagerðar á þessu tímabili. Þeir láta í veðri vaka að litlu skipti þótt þjóðarframleiðslan hafi farið stórum vaxandi hin síðustu tvö árin og þannig orðið næsta óraunsæ viðmiðun miðað við það sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Víst er rétt að nokkuð skortir á það fjármagn sem upphaflega var ætlað til þessara framkvæmda. Hitt skiptir þó meginmáli að litlu munar að þeim verkefnum hafi verið lokið sem að var stefnt á því tímabili sem nú er liðið og sums staðar hefur unnist betur en áætlað hafði verið.

Ef nánar er litið á fjármagnshlið þessara mála er talið að á fyrsta tímabili langtímaáætlunar hafi verið varið til nýrra framkvæmda um 78% af því fjármagni sem upphaflega var gert ráð fyrir og til sumarviðhalds um 86% af því fjármagni sem langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Samtals vantar því liðlega 1½ milljarð kr. miðað við upphaflegar áætlanir um fjármagnsútvegun. Sé á hinn bóginn litið á hvernig verkin hafa þokast áfram er talið að ekki skorti nema 100–200 millj. kr. til þess að þau séu í jafnvægi við það sem áætlanir stóðu til um.

Hér er sannarlega mikill munur á. Þetta er að vísu vandmetið til fulls, m.a. vegna þess að þó að nokkuð vanti á að öll verk hafi verið unnin sem áætlað var að vinna á fyrsta tímabili langtímaáætlunar hafa á móti önnur verk komist í framkvæmd sem ætlað var samkvæmt fyrri áætlun að vinna á öðru og þriðja tímabili langtímaáætlunar. Enn fremur hefur verið farið fram úr áætlunum fyrsta tímabils í bundnum slitlögum sem svarar til 150–200 millj. kr. framkvæmdakostnaðar.

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar var lagt bundið slitlag á stofnbrautir sem nam alls 635 km, en það er 154 km lengra en áætlanir sögðu til um. Auk þessa var lagt bundið slitlag á þjóðbrautir sem nam alls 136 km á fyrsta tímabili, en um það stóðu litlar áætlanir við upphaf langtímaáætlunar. Heildarlengd bundinna slitlaga var í árslok 1986 orðin 1423 km eða sem nokkurn veginn samsvarar hringveginum. Þar af eru að vísu 233 km einbreiðir eða 3,8 m á breidd. Framfarir hafa verið miklar. Við sem oft förum um vegina gleðjumst yfir hverjum kafla sem lagður er bundnu slitlagi. Við sjáum greinilega hversu miklu munar með hverju árinu sem líður.

Við sem fáumst við stjórnmál ættum ekki endilega að kvarta undan því að ýtrasta fjármagni skuli ekki hafa verið varið til þessara verkefna heldur ættum við að lofa þá framkvæmd verka sem komast áfram og er lokið fyrir stórum minna fé en upphaflega var áætlað. Það er þetta sem hefur gerst. Hagsýni og sparnaður, samfara miklum framkvæmdum, einkenna að mínum dómi fyrsta tímabil langtímaáætlunar sem lauk um síðustu áramót. Fyrir þetta eiga þeir lof skilið sem fyrir málum hafa staðið, allt frá æðstu stjórnendum til þeirra sem verkin hafa unnið. Þeir sem ekki viðurkenna þetta og tala í nöldurs- eða niðurrifstón eru tæpast líklegir til að gera betur.

Land okkar er stórt og strjálbýlt og það er a.m.k.

sums staðar býsna erfitt til vegagerðar. Vegirnir eru lífæðar byggðanna og greiðar samgöngur eru nauðsynleg forsenda nútímalífshátta. Við eigum vissulega ærin verk að vinna á þessu sviði og ég tel að okkur beri hiklaust að halda áfram framkvæmdum við vegagerð með sambærilegum þrótti og gert hefur verið á síðasta áætlunartímabili. Að því verður að vinna á því tímabili sem um er fjallað í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem hér er til síðari umræðu.

Ég sé ástæðu til við þetta tækifæri að flytja hæstv. samgrh. þakkir fyrir ötula baráttu fyrir auknum og bættum framkvæmdum við vegagerð á Íslandi á síðari árum. Við sem tíðum erum á ferð á vegum landsins höfum fundið framfarirnar. Með þeirri vegáætlun, sem hér er til afgreiðslu, er að því stefnt að þær haldi áfram.

Ég legg til, herra forseti, að till. þessi til þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990 verði samþykkt með þeim breytingum sem fjvn. ber fram á þskj. 937.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Vegáætlun fyrir árin 1987–1990 er afgreidd nú á allra síðustu dögum þingsins og því gefst ekki ráðrúm til að fjalla um þetta mikilsverða mál sem skyldi, en nokkur atriði vil ég þó drepa á.

Það ríkti samhugur og bjartsýni meðal þm. þegar þeir sameinuðust um afgreiðslu á þáltill. um langtímaáætlun um vegagerð þar sem það markmið var sett að heildarframlög til vegamála skyldu, miðað við þágildandi útreikningsaðferð á þjóðarframleiðslu, nema 2,2% þjóðarframleiðslunnar árið 1983, hækka í 2,3% árið 1984 og í 2,4% frá og með árinu 1985. *Næstu árin áður en langtímaáætlun kom* til hafði framlag til vegamála í reynd numið nálægt 2% þjóðarframleiðslunnar þ.e. árið 1980 1,94%, 1981 2,05% og 1982 2,08%. Í samkomulagi Alþingis um langtímaáætlun fólst því fyrirheit um verulega aukningu fjármagns til vegamála og áætlunin var talin marka tímamót í vegamálum.

Nú er fyrsta tímabil langtímaáætlunar, árin 1983–1986, að baki og sú vegáætlun, sem hér er til afgreiðslu, tekur til annars tímabils langtímaáætlunarinnar.

Þegar hugað er að framkvæmd fyrsta hluta langtímaáætlunar, þ.e. s.l. fjórum árum, er ljóst að reyndin hefir orðið sú að svo mjög hefur skort á *efndir fyrirheitanna að hæstv. ríkisstjórn* hefur ekki látið við það sitja að hækka ekki framlag til vegamála eins og gert var ráð fyrir í langtímaáætlun heldur hefur framkvæmdafé beinlínis minnkað miðað við fast verðlag.

Raungildi framlaga til vegamála, annarra en markaðra tekna, þ.e. bensíngjalds og þungaskatts, hefur minnkað ár frá ári. Þau námu árið 1981 973 millj. kr. á verðlagi 1987, en voru komin niður í 578 millj. kr. 1986 og samkvæmt þeirri vegáætlun, sem hér er verið að afgreiða, verður ekki um neitt slíkt framlag að ræða til viðbótar við markaða tekjustofna á árinu 1987. Til ráðstöfunar verða aðeins tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti, en ríkissjóður lætur ekkert af tollum og söluskatti af bensíni, olíu og bifreiðum til vegamála á þessu ári. Í stað þess að heildarframlag til vegamála hafi samkvæmt langtímaáætlun átt að hækka úr 2,2% þjóðarframleiðslu 1983 í 2,4% frá og með árinu 1985 hefur þetta hlutfall þvert á móti lækkað ár frá ári. Það var um 2% á næstu árum áður en langtímaáætlun kom til, lækkaði í 1,82% 1985, í 1,57% 1986 og heildarframlag til vegamála verður á þessu ári aðeins 1,47% þjóðarframleiðslunnar.

Þetta hefur leitt til þess að framlag til nýrra framkvæmda, vega og brúa er orðið verulega lægra á föstu verðlagi en það var fyrir tilkomu langtímaáætlunar. Meðaltal framkvæmdafjár árin 1980, 1981 og 1982 var á verðlagi 1987 1257 millj. kr. á ári, *féll* niður í 1010 millj. kr. 1986 og fer niður í 913 millj. kr. á árinu 1987. Það hallar þannig alltaf undan fæti. Framkvæmdafjármagnið reiknað á föstu verðlagi minnkar ár frá ári samhliða því að verðmætasköpunin vex í landinu vegna þess að ytri aðstæður hafa verið að stórbatna.

Ef framlög til nýframkvæmda í vegamálum eins og þau áttu að vera samkvæmt langtímaáætlun eru *borin saman við rauntölur árin* 1983–1987 að báðum meðtöldum hefðu framlög til nýrra vega og brúa samkvæmt raunverulegri þjóðarframleiðslu átt að nema 6555 millj. kr., en verða í reynd 4968 millj. kr. Mismunurinn er 1787 millj. kr. og jafngildir næstum tveggja ára framlögum til nýframkvæmda eins og þau eru áætluð á þessu ári. Það hefur því verið haldið þannig á málefnum Vegagerðarinnar að á þessu árabili vantar framkvæmdafjármagn tveggja ára upp á að uppfyllt hafi verið ákvæði langtímaáætlunar um fjárveitingar til nýframkvæmda.

Framlög til nýrra framkvæmda á árinu 1987 hefðu samkvæmt langtímaáætlun og miðað við áætlaða þjóðarframleiðslu átt að nema 1565 millj. kr., en verða í raun 913 millj. kr. Þar munar hvorki meira né minna en 652 millj. kr. á einu ári. Framlagið til nýrra framkvæmda í ár verður einungis um 58% af því fjármagni sem átti að verja í nýjar framkvæmdir í ár samkvæmt langtímaáætlun.

Ávinningur af hagstæðum útboðum hefur vissulega drýgt niðurskorið fjármagnið, en sú hagkvæmni, svo og lækkun verðlags á malbiki og olíuvöru, hefur á hinn bóginn ekki nýst til aukinna áfanga í vegagerð eins og eðlilegt hefði verið. Þessi atriði hafa því einungis dregið nokkuð úr þeirri gífurlegu rýrnun framkvæmda sem hlýst af miklu minni fjáröflun til vegaframkvæmda en Alþingi ákvað á sínum tíma að stefna að.

Á því tímabili sem liðið er síðan Alþingi samþykkti þáltill. um langtímaáætlun um vegagerð og ákvað að stefna að árlegum framlögum sem næmu 2,4% þjóðarframleiðslu frá og með árinu 1985 hefur þjóðarframleiðslan aukist og er áætluð í ár ríflega 11% meiri en árið 1980 sem við samþykkt þáltill. var síðasta árið til viðmiðunar.

Því er haldið fram að í samanburði ætti einungis að miða við það magn þjóðarframleiðslu sem upp-

haflega var áætlað fyrir einstök ár langtímaáætlunar en ekki þjóðarframleiðsluna eins og hún varð í raun. Þetta er auðvitað rangt. Langtímaáætlunin gerði ráð fyrir tiltekinni prósentu af þjóðarframleiðslu eins og hún yrði á hverjum tíma, enda ætti ekki að vera erfiðara að ráðstafa 2,4% af vaxandi þjóðarframleiðslu. Fremur ætti það að öðru jöfnu að vera auðveldara en við óbreytta eða minnkandi þjóðarframleiðslu.

En staðreyndin er sú að enda þótt þjóðarframleiðslan í ár yrði ekki meiri á föstu verðlagi en hún var 1980, þ.e. ríflega 11% minni en nú er áætlað á árinu 1987, vantar samt nær 1000 millj. kr. á þessu ári á það að til vegamála í heild væri varið 2,4% af þjóðarframleiðslunni eins og hún þá væri. Þessi fjárvöntun, þó að miðað væri við óbreytta þjóðarframleiðslu frá 1980, er hærri á árinu 1987 en heildarframlagið til allra nýrra framkvæmda á því sama ári.

Þjóðarframleiðsla hefur stóraukist síðan Alþingi setti sér mark um framlög til vegamála, en reyndin hefur orðið sú að framlögin til nýrra framkvæmda hafa orðið miklu minni en að var stefnt. Þau eru lægri jafnvel þótt reiknað væri út frá óbreyttri þjóðarframleiðslu eins og hún var fyrir samþykkt langtímaáætlunar og framlögin hafa beinlínis minnkað og það verulega ef miðað er við krónutölu á föstu verðlagi.

Ef sleppt er öllum viðmiðunum við fyrirheit í langtímaáætlun og einungis borin saman framlög til nýrra framkvæmda í krónutölu á föstu verðlagi, þ.e. verðlagi ársins 1987, er þróunin þessi til nýrra framkvæmda: 1980 1260 millj. kr., 1981 1330 millj., 1982 1180 millj., 1983 970 millj., 1984 1120 millj., 1985 1090 millj., 1986 1020 millj. og 1987 913 millj.

Þrátt fyrir ríflega 11% aukningu þjóðarframleiðslu frá árinu 1980 eru framlögin árið 1987 hin lægstu á þessu átta ára tímabili og þyrftu að hækka um 36% til að vera jafngild að krónutölu á föstu verðlagi og þau voru árið 1980 áður en Alþingi ákvað að gera sérstakt átak til aukningar framkvæmdafjár.

Þetta er frammistaða hæstv. ríkisstjórnar í vegamálum í einhverju mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað. Það var því furðulegt að heyra hæstv. samgrh. segja við fyrri umræðu um þá vegáætlun sem hér er til umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Mestu máli skiptir að langtímaáætlunin fari sem minnst úr böndunum meðan þessar þrengingar ganga yfir.“

Hvaða þrengingar á hæstv. ráðh. við? Ekki eru það efnahagslegar ytri aðstæður. Þær hafa aldrei verið betri. Það hljóta að vera þær pólitísku þrengingar sem lýsa sér í því að þjóðin situr uppi með ríkisstjórn sem hefur þvert ofan í yfirlýsta stefnu Alþingis skorið stórlega niður framlög til vegaframkvæmda í því efnahagslega góðæri sem ríkir vegna hagstæðra ytri aðstæðna.

Sá niðurskurður stafar ekki af því að svo mikil áhersla hafi í staðinn verið lögð á aðrar samfélagslegar framkvæmdir, svo sem hafnarframkvæmdir, skólabyggingar eða sjúkrahúsbyggingar. Þær hafa þvert á móti líka verið stórlega skornar niður í góðærinu.

Með tilliti til þess sem á undan er gengið á valdatíma hæstv. ríkisstjórnar varðandi efndir á fyrirheitum í langtímaáætlun um vegagerð er eðlilegt að ekki þyki öllum það trúverðugt að leggja nú fyrir til samþykktar vegáætlun sem í raun byggir á að framlög til vegamála hækki þegar um 1450 millj. kr. og hækki þannig um ríflega 67% á einu ári og hlaupi þá upp í 2,4% þjóðarframleiðslu eins og þó er gert ráð fyrir í langtímaáætlun.

Sú fjárhæð sem svarar til þeirrar hlutfallstölu er þó sýnd til málamynda, en upphæðin sem skipt er á einstakar framkvæmdir á hverju ári einungis höfð jafngild því lágmarki sem framkvæmdir eru komnar í í raun. Nær 40% heildarfjármagnsins eru óskipt og í ræðu hæstv. samgrh. við fyrri umræðu um vegáætlunina kemur beinlínis fram að hann gerir ráð fyrir því að framkvæmdir verði í raun á næstu árum í sama lágmarkinu og nú. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Úttekt á stofnbrautum landsins í árslok 1986 sýnir að 12 milljarða þarf til að ljúka þeim að því marki sem viðunandi teldist í dag. Til samanburðar má ætla að um 2,9 milljarðar renni til vega og brúa í þessum flokki samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að vegáætlun sem eins og áður er sagt nær yfir annað tímabil langtímaáætlunarinnar.“

Það fjármagn sem hæstv. ráðh. er hér að tala um að ætla megi að renni til stofnbrauta, um 2,9 milljarðar kr., er einungis það fé sem skipt er á einstakar framkvæmdir. Hæstv. ráðh. afskrifar greinilega strax í upphafi óskipta fjármagnið sem er nær 40% heildarfjármagnsins sem á að nafninu til að renna til vegamála í heild samkvæmt þeirri vegáætlun sem hér er verið að afgreiða.

Með tilliti til þess sem á undan er gengið varðandi meðferð hæstv. ríkisstjórnar á markmiðum langtímaáætlunar og þeirrar afstöðu sem fram kemur í orðum hæstv. ráðh. er ljóst að í rauninni hefði það verið hreinlegust afstaða hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða einungis vegáætlun fyrir árið í ár, gera það í samræmi við þegar teknar ákvarðanir í þeim efnum við afgreiðslu fjárlaga, en láta frekari stefnumörkun í vegamálum bíða nýs þings og nýrrar ríkisstjórnar. Í þeirri afgreiðslu sem hér fer fram felst í raun engin stefnumörkun. Mestallt er skilið eftir án ákvörðunar.

En þó má segja að slíkt form vegáætlunar stilli nýkjörnu Alþingi upp fyrir því verkefni sem núverandi stjórnarflokkar hafa gefist upp við að leysa, þ.e. að afla fjár til þess að unnt sé að úthluta til ákveðinna verkefna því fjármagni sem ekki er úthlutað í þessari vegáætlun og nemur nær 40% heildarfjármagnsins. Því er það afstaða mín eins og málum er nú komið að standa að afgreiðslu vegáætlunar eins og henni er stillt upp í von um að nýtt þing taki á vegamálum af meiri reisn en núverandi

stjórnarflokkar hafa gert.

Stefna núverandi stjórnarflokka liggur fyrir. Hún hefur verið staðfest með hverju ári samstjórnar þeirra með sílækkandi framlögum til vegamála í mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað. Það er í samræmi við stefnu þessara flokka varðandi allar samfélagslegar framkvæmdir. Úr þeim hefur skipulega verið dregið á sama tíma og hlúð er að einkagróðanum með skattaívilnunum sem hafa skert tekjur ríkissjóðs í þeim mæli að gengur út yfir samfélagslegar framkvæmdir. Þar á meðal falla nú í ár niður með öllu önnur framlög til vegamála en markaðar tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti.

Óstjórnin í ríkisfjármálum gengur út yfir og skerðir framkvæmdir við sameiginleg verkefni þjóðarinnar og góðærið nýtist ekki til átaka í þeim efnum eins og eðlilegt væri. Hallarekstur ríkissjóðs í góðærinu, 7000 millj. kr. halli á nokkrum árum og vítahringur skuldasöfnunar af þeim sökum, veldur því að vaxtagreiðslur ríkisins verða á árinu 1987 um 1700 millj. kr. hærri að raungildi en þær voru árið 1983. Sá mismunur, sá aukni vaxtakostnaður á því eina ári miðað við 1983 jafngildir nærri tvöföldu framlagi á vegáætlun til allra nýrra vega- og brúaframkvæmda í landinu á árinu 1987. Það er dýrt að hafa óráðsíuflokka við stjórnvölinn og almenningur finnur á hverju það bitnar.

Hæstv. samgrh. fjallaði í ræðu sinni við fyrri umræðu um vegáætlun um arðsemi af varanlegri vegagerð og nefndi að arðsemi fjárfestingar af lögn slitlags á vegum með 750 bifreiða umferð á dag næmi 50–90%, eftir því hvort farið er af góðum eða vondum malarvegi yfir á slitlag.

Þegar þetta er haft í huga og um leið liggur fyrir að frjálshyggjuflokkarnir í ríkisstjórninni hafa markvisst skorið niður framlög til vegaframkvæmda í stjórnartíð sinni er ljóst að áhugi þeirra á arðsemi nær einungis til þess þegar arðsemin þjónar einkagróðanum. Jafnvel 50–90% arðsemi er ekki sinnt þegar hún snertir fyrst og fremst hag alls almennings en ekki fárra útvaldra. Arðsemi sem skilar einkarekstrinum ágóða hafa stjórnarflokkarnir lagt sig fram um að efla með hvers konar ívilnandi lagabreytingum. Arðsemi og ágóði, sem fæst til að mynda af innflutningi sælgætis og fellur í hlut einkaaðila, er í augum þessara flokka af hinu góða, en arðsemi sem bætir hag hvers þjóðfélagsþegns, eins og t.d. bætt vegakerfi, er greinilega ekki jafneftirsóknarverð. Framkvæmdir sem gætu þannig bætt verulega hag almennings eru því skornar markvisst niður vegna þess að af einkagróðanum hefur verið létt þeirri skattheimtu sem þarf til að standa undir slíkum framkvæmdum.

Við sjáum síðan afleiðingarnar af þessari pólitísku stefnu t.d. hér á þéttbýlissvæðinu þar sem þó falla til um 60% af heildarfjármagni af mörkuðum tekjum Vegasjóðs. Umferðin vex mjög ört á vanbúnum samgönguleiðum, en enda þótt t.d. sé leitast við að létta mesta umferðarþunganum af Hafnarfjarðarvegi hefur orðið að gera það með þeim hætti að beina hluta umferðarinnar inn á hálfkaraða Reykjanesbrautina milli Breiðholts og Kaplakrika þar sem einungis er ein akrein í hvora átt og án fullgerðs slitlags og án nokkurrar lýsingar.

Fjármagn hefur til þessa ekki fengist til að bæta vegakerfið þar sem nú er hættuleg slysagildra á Arnarneshæð. Þar hafa menn orðið og verða enn um sinn að horfa upp á hörmulegar afleiðingar bifreiðaslysa vegna þess að heildarfjármagn til vegaframkvæmda hefur verið skorið niður. Og þar sem vegir með hvað mestan umferðarþunga á landinu liggja gegnum íbúðahverfi dregst von úr viti að unnt sé að bægja frá þeirri slysahættu sem gangandi vegfarendur eru í eða draga úr þeirri hættu með jafnsjálfsögðum framkvæmdum og lýsingu á þeim köflum akveganna.

Það er kominn tími til að hv. Alþingi taki ákvörðun um að þora að afla þess fjár sem þarf til þess að ráðast í þær nauðsynlegu samfélagslegu framkvæmdir sem vegna umhyggju stjórnarflokkanna fyrir einkagróðanum hafa verið vanræktar í einhverju mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef venjulega ekki blandað mér í umræður um vegáætlun, enda hefur það oft verið þannig að hún er afgreidd á síðustu dögum þingsins og lítill tími til stefnu. Við þm. Austurlands höfum eins og aðrir þm. fjallað um skiptingu vegafjár í okkar kjördæmi og vegna þeirrar umfjöllunar sem hefur átt sér stað af hálfu Vegagerðarinnar og hv. fjvn. teljum við okkur knúna til að koma á framfæri athugasemdum við þá umfjöllun.

Þegar langtímaáætlun var gerð fyrir nokkrum árum og tillaga um vegagerð ákveðin til næstu tólf ára, sem tekin yrði til endurskoðunar með jöfnu millibili, var ítarleg umfjöllun á Alþingi um með hvaða hætti og eftir hvaða leikreglum fjármagni skyldi skipt. Það var reiknað út út frá kostnaði, arðsemi og ástandi vega. Hlutur Austurlands í þeim útreikningi var þá 18%. Á fyrsta tímabili var gert ráð fyrir því að hlutur Austurlands væri 16½ % eða 1½ % lægra en útreikningurinn gerði ráð fyrir, en í reynd varð þetta hlutfall 16,1%. Á öðru tímabili var hins vegar gert ráð fyrir að þetta hlutfall væri nokkru yfir reiknitölunni eða 18%. Samkvæmt þeirri tillögu sem nú hefur verið gerð af hálfu Vegagerðarinnar og fjvn. lagt hér fram kemur fram í nál. fjvn.: „Fjvn. tók til athugunar skiptingu milli kjördæma og fé til stofnbrauta og þjóðbrauta og byggjast ákvarðanir nefndarinnar á tillögum sem fram komu frá Vegagerð ríkisins."

Samkvæmt þessu hefur fjvn. tekið tillögu Vegagerðarinnar og gert hana algerlega að sinni og virðist lítill tími hafa verið til umfjöllunar í nefndinni.

Nú hefur verið reiknað út nýtt hlutfall eða 19,8% að því er varðar Austurlandskjördæmi, en gert er ráð fyrir að hlutfall kjördæmisins verði 18,3% eða 1½ % lægra en reiknitalan segir til um. Í stað þess að hlutfallið fari aðeins yfir reiknitöluna er það enn á

ný verulega lægra.

Við þm. Austurlands lítum svo á að hér hafi átt sér stað mistök og í samtölum við Vegagerðina kom fram að þar sem búið væri að skipta þessu fé svo rækilega í kjördæmunum væri ekki hægt að leiðrétta þennan hlut. Þar að auki hækkar okkar hlutfall á fyrsta og síðasta ári tímabilsins eða 1990.

Í nál. fjvn. er gert ráð fyrir að frávik til lækkunar frá reiknitölunni sé 2%. Það hefur ekki komið fram með nægilega skýrum hætti á Alþingi hvað þetta frávik má verða mest þar til það byrjar að leiðréttast. Nú held ég að allir alþm. geri sér grein fyrir því að það verður að vera visst svigrúm fyrir Vegagerðina og hin einstöku kjördæmi verða að sætta sig við að frávik geti verið til lækkunar. En til langframa hljóta þessar útreikningsreglur að vera til að gæta jafnræðis í þessum málum í landinu. Það jafnræði er að sjálfsögðu forsenda þess að það geti ríkt bærilegur friður á Alþingi um þessa skiptingu.

Nú er það svo, t.d. að því er varðar Austurlandskjördæmi, ef þetta gengur svo fram að 3½% verður komið undir á átta ára tímabili, að þá skiptir m.a. miklu máli hvað gerist á því þriðja og því þarf að móta ákveðnar leikreglur og hefði verið eðlilegt að um það væri rætt í fjvn. Það er hins vegar gert ráð fyrir því í þessari vegáætlun að meira fjármagn komi til skipta strax á árinu 1988 ef séð verður fyrir tekjuöflun til þess. Ég býst við því að allir þm. eigi auðvelt með að skipta viðbótarfjármagni og enginn vafi er á að það er mikill áhugi fyrir því að slíkt geti orðið og það ástand verði hér í þjóðfélaginu að svo megi verða.

Ég vil taka mjög skýrt fram að við gerum til þess mjög ákveðna kröfu að þetta verði leiðrétt við þá umfjöllun og um það mótaðar skýrar reglur með hvaða hætti þessi frávik eigi að vera og á hvað löngu tímabili. Eins og ég gat um í upphafi máls míns gengum við út frá því að okkar hlutfall yrði hærra en reiknitalan á öðru tímabili, en niðurstaðan er sú að hún er verulega lægri samkvæmt tillögum sem Vegagerðin hefur gert. Ég skal að vísu taka fram að það er að hluta til vegna þess að ný stofnbraut kemur inn á tímabilinu, vegurinn milli Vopnafjarðar og Héraðs, en það skýrir ekki allan þann mun. Við gerum um það ákveðna kröfu að um þetta sé fjallað ítarlega í fjvn. og ákveðnar leikreglur skapaðar í þessu sambandi. Ef það er ekki gert getur ekki ríkt sá friður sem hefur verið milli kjördæmanna um skiptingu vegafjár og ég vænti þess að það sé áhugamál allra hv. þm. að þar geti verið eðlilega staðið að málum.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrir 25 árum dvaldi finnsk kona árlangt hér á Íslandi við kennslu norður í landi. Hún gerði sér far um að kynnast landinu sem mest og best og ferðaðist töluvert um í því skyni. Ég man enn þá hvað ég varð undrandi þegar hún fór að dást að íslenska vegakerfinu sem ég hafði þá ekki heyrt margt gott um og allra síst úr munni útlendinga, enda voru vegirnir þá nánast á kerrustiginu. Þessari ágætu konu fannst hins vegar slíkt afrek að svo fámenn þjóð gæti yfirleitt tengt byggðir sínar með akfærum vegum að fráleitt væri að býsnast yfir holum og ryki. Sem betur fer hefur slík nægjusemi ekki fengið rúm í hjörtum landsmanna og af stórhug og dugnaði hefur vegakerfi landsins tekið miklum breytingum til batnaðar á síðustu árum. En það er vissulega mikið enn óunnið, ekki síst í verkefnum sem kosta mikið fé en eru engu að síður nauðsynleg til að jafna aðstöðu fólks til búsetu í landinu.

Eins og hv. þm. vita er vegafé skipt samkvæmt ákveðnum reglum milli kjördæma og þingmannahóparnir skipta því síðan á framkvæmdir innan hvers kjördæmis. Auðvitað eru ekki allir jafnánægðir með hlut síns kjördæmis og vissulega höfum við Reykjanesþingmenn t.d. mikil og stór vandamál við að glíma vegna mikillar umferðar og fjölmennis í kjördæminu og hér á höfuðborgarsvæðinu og gengur að okkar mati hægt að leysa þau. Það eru feikilega stór og dýr verkefni fram undan í höfuðborginni og í kringum hana og liggur á að leysa þau og væri sannarlega þörf á hærri hlut til þessa kjördæmis.

Fyrir mitt leyti lýsti ég samt sem áður því yfir í fjvn. og get endurtekið það hér í ræðustól að mér fyndist sanngjörn sú skipting sem við komum okkur saman um á milli kjördæma. Að baki þeirri yfirlýsingu og afstöðu liggja hrein og klár byggðasjónarmið.

Sömuleiðis get ég ekki tekið að sama marki og flestir þm. undir gagnrýni á minnkandi fjárframlög til vegamála. Undanfarin ár hefur verið dregið saman í framlögum til ýmissa málaflokka og skorið niður til verklegra framkvæmda og er ég ekki að verja það. Það er hárrétt að það hefur einnig verið gert í þessum málaflokki. Það hefur verið skorið töluvert niður í vegamálum, eins og hér hefur verið bent á, miðað við það fjármagn sem áætlað var að verja til þessa málaflokks. Hins vegar hefur samdráttur ekki verið að sama skapi í framkvæmdum og það skiptir auðvitað öllu máli. Það hefur að langmestu leyti tekist að halda langtímaáætlun í vegagerð með aukinni hagkvæmni og hagræðingu og það hefur tekist þrátt fyrir minna fjármagn en hafði verið áætlað. Með þessum orðum mínum er ég ekki að draga úr nauðsyn þess að bæta og styrkja vegakerfi landsins. Ég er aðeins að benda á þessar staðreyndir.

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. fjvn. með fyrirvara. Sá fyrirvari er fólginn í því að þótt skynsamlegt sé að gera áætlun til lengri tíma í vegagerð og mætti sannarlega gera í mörgum fleiri málaflokkum hefði ég talið eðlilegt að afgreiða einungis með formlegum hætti áætlun þessa árs, en geyma umfjöllun um síðari ár tímabilsins þar til nýtt þing hefur komið saman með nýjum mönnum og ný ríkisstjórn tekið við. Eins og frá þessum málum er gengið í vegáætlun er ráðstafað á verkefni því fé sem fæst til vegamála með mörkuðum tekjustofnum, en gert ráð fyrir að beint framlag komi til viðbótar úr

ríkissjóði til að ná þeirri hlutfallstölu sem langtímaáætlun gerir ráð fyrir. Má vel vera að við það verði staðið og næstu þing úthluti samkvæmt því, en ég hefði talið eðlilegt að gera þetta á þann veg sem ég sagði áðan, afgreiða einungis áætlun fyrir þetta ár, en geyma frekari umfjöllun til næsta þings.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig ástæða til að eyða alllöngum tíma í umræður um vegáætlun, ekki síst fyrir fulltrúa úr þeim kjördæmum sem hvað verst eru sett í þeim efnum. Ég skal eigi að síður ekki eyða löngum tíma þessa fundar til þess, en mig langar til að fara örfáum orðum um þessi mál.

Ég vil fyrst aðeins víkja að hv. síðasta ræðumanni. Það er greinilegt að það er vel búið að gera við þá Reyknesinga ef það er hægt að halda því fram að menn eigi að láta minna fjármagn í vegaframkvæmdir en nú er gert og gert hefur verið. (**KH:** Sagði ég það?) Ég heyrði ekki betur en hv. þm. segði að það mætti vel draga saman þar. Það hefði verið gert á öðrum sviðum. Hvað þýðir að draga saman? Það er að minnka í mínum skilningi.

Ég skal ekki fara fleiri orðum út í það, en enn vík ég að einum og þá hæstv. sjútvrh. Mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar einn af hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn, búinn að vera þar í hartnær fjögur ár, getað haft áhrif á framgang mála í þessum efnum sem og öðrum, kemur hér upp og gagnrýnir fjvn. fyrir þau vinnubrögð sem hún hefur innt af höndum, segir hér með að Austfirðingar séu settir hjá í framkvæmdum að því er varðar samgöngumál. Hæstv. ráðh. er líklega búinn að gleyma því að Austfjarðaflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, var tekinn fram yfir öll önnur framkvæmdaatriði á þessu ári. (**Sjútvrh.:** Eru það nú vegamál?) Heyrir það ekki undir samgöngumál? Á að taka Austfirðinga fram yfir á öllum sviðum? Er það meining hæstv. ráðh.? Þá er rétt að það kæmi hér fram að hinir og aðrir ættu að bíða eftir því að Austfirðingar væru búnir að fá allt sitt. Ég held að það væri þá rétt að hæstv. ráðh. segði það hér.

Ég sé ekkert eftir því þó að ýmislegt hafi verið vel gert við þá Austfirðinga, en það má kannske segja um hæstv. ráðh. að sjaldan launar kálfur ofeldið. Og það ætti við í fleiri tilvikum.

Hæstv. sjútvrh. sagði áðan: Við heimtum meira næsta ár. Við krefjumst þess að meira fari til okkar árið 1988 og það verður vissara með hvaða hætti sem við fáum það. Hvernig á að skilja slíkt? Ég kem kannske að því frekar á eftir í sambandi við þær hugmyndir sem ég hef haft um afgreiðslu vegáætlunar fyrir næsta áætlunartímabil.

Ég vil segja við vin minn hv. þm. Geir Gunnarsson: Ætli ýmsir séu ekki verr á vegi staddir í vegakerfinu en Reyknesingar og Reykjavík? Það kæmi mér a.m.k. ekki á óvart að ýmsir ættu meira eftir og ættu erfiðara fyrir höndum en Reykjanes og Reykjavík. (**GHelg:** Er ekkert atriði hvað er hentugt að gera í hvaða áföngum?) Auðvitað getur hv. þm. velt fyrir sér hvað er hentugt. Það er kannske hentugast að hennar áliti að þjappa öllum Íslendingum saman á Reykjavíkursvæðinu, setja þá alla í blokk í Breiðholtið eins og stefnt er að. Það er kannske hentugast. Ég hygg þó að það mundi minnka í buddunni hennar eins og annarra ef slíkt yrði gert. Hún mundi ekki lifa jafnfrjálslega og hún gerir nú ef það væri stefnt að því að safna öllum af landsbyggðinni hingað á Reykjavíkursvæðið. Reykjavík hefði ekkert gott af því. (**GHelg:** Við þurfum líka að komast til Vestfjarða.) Einmitt, og það er það sem ég er að tala um. En það skortir á skilning ýmissa hv. þm. á að það þarf alveg jafnt að keyra frá Vestfjörðum og til Vestfjarða. Það er nefnilega gallinn á málinu sem sumir virðast ekki skilja. (Gripið fram í.) Ja, ég heyri það að það er að lifna yfir umræðu hér. (Gripið fram í.) Hv. þm. hefði átt eftir alla þessa þingsetu að gera sér grein fyrir því hvað er verið um að ræða í umræðu um vegáætlun, en ég á ekkert við það og býst ekki við því að hv. þm. Reykjavíkurkjördæmis þurfi neitt um slíkt að hugsa. Þeir hafa yfirleitt allt sitt á þurru í þeim efnum.

Herra forseti. Hér var sagt áðan og hefur oft verið sagt áður að nú hafi gengið eitt mesta góðæri yfir íslenskt þjóðarbú um langan tíma. Þetta mun vera rétt. En hverjir hafa notið þessa góðæris? Hverjir hafa blómstrað? Hafa samgöngumálin blómstrað undir þessu góðæri? Hafa vegaframkvæmdir blómstrað? Hafa hafnarmálin blómstrað? Hafa flugmálin blómstrað að því er varðar framkvæmdir í þessum efnum? Svo mætti lengur telja. Nei, ég held að ýmsir geti sagt og það með fullum sannindum að þessir þættir hafa a.m.k. orðið út undan í góðærinu.

Auðvitað tengist þetta byggðamálaumræðunni. Flestir, hugsa ég, eru sammála um að óheillavænleg þróun hefur átt sér stað að því er varðar byggðamálin. Það vex sá fjöldi sem flýr af landsbyggðinni hingað á suðvesturhorn landsins. Það er svo langt gengið að fyrir nokkrum dögum þingaði enn a.m.k. stærsti stjórnmálaflokkur landsins í Reykjavík og þar höfðu menn á orði að eitthvert mesta áhyggjuefnið væri hversu mikill flóttinn væri frá landsbyggðinni á Stór-Reykjavíkursvæðið. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Stefán Guðmundsson? (**StG:** Átti ekki að breyta því með vægi atkvæða?) Nú þýðir ekki hv. þm. að spyrja mig hverju átti að breyta með vægi atkvæða. Ég var einn þeirra sem voru andvígir því sem gert var í þeim efnum. Ég man ekki afstöðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Mig minnir eigi að síður án þess að ég fullyrði að hann hafi ekki verið langt frá því að styðja þann meiri hluta sem hér myndaðist í þeim efnum. Hann gerir kannske grein fyrir því á eftir hver afstaða hans var í þeim efnum. Og nóg um það.

Þar höfðu menn á orði að þetta væri eitt mesta vandamálið sem við væri að glíma. Og þá vegna hvers? Sjálfstfl. hefur nú setið í ríkisstjórn í fjögur ár nánast og búið til þetta vandamál með sinni fjármálapólitík og efnahagsstefnu ásamt Framsfl. og hv.

þm. Stefáni Guðmundssyni þar með.

Nú eru menn að opna munn og segja að þetta sé vandamál og það líklega fyrst og fremst vegna þess að kosningar eru á næsta leiti. Nú uppgötva menn vandamálið þrátt fyrir fjögurra ára stjórnarsetu sem hefur skapað þau vandamál sem við erum hér um að tala. Nú opna menn munninn vegna þess að um fimm vikur eru í kosningar. Það hefur ekki verið að sjá að þessir hv. þm. gerðu mikið til að breyta þeim viðhorfum sem ríkt hafa í þá veru að skapa betra ástand til að jafna búsetuskilyrði í landinu til að koma í veg fyrir þá öfugþróun sem hefur átt sér stað og á sér stað í auknum vexti.

Ég tók eftir því áðan að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að þeir þm. Austurlands, ég tók ekki eftir því hvort hv. þm. Egill Jónsson var inni þá, nú er hann kominn í sæti sitt, — hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að þeir Austfjarðaþingmenn, og dró engan undan, teldu að hrein mistök hefðu átt sér stað í afgreiðslu fjvn. á þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir.

Mér þætti gaman að fá um það upplýsingar hér á eftir hvort hv. þm. Egill Jónsson tekur þessum aðdróttunum þegjandi og hljóðalaust, hvort hann hefur framið hrein mistök á Austfirðingum, flumbrað vinnubrögðum í fjvn. að því er Austfirðinga varðar. Slíkt væri gaman að heyra á eftir. Ég ætla hv. þm. Agli Jónssyni ekkert slíkt, en ég heyri að hans samþingsmenn, kannske hinir nánustu hingað til, gera það. Ég vænti þess að hann svari fyrir sig á eftir. (**Gripið fram í:** Það er engin hætta á öðru.)

Herra forseti. Ég var þeirrar skoðunar strax þegar vegáætlunin kom til umræðu innan fjvn. að í ljósi þess sem nú er að gerast, þeirrar stöðu sem við erum nú í, væri skynsamlegast að afgreiða vegáætlun bara til ársins í ár. Það eru kosningar í apríl. Þar verður kjörið nýtt þing. Það verður ný ríkisstjórn. Hvaða flokkar hana skipa skal ég ekkert um segja, en ný ríkisstjórn verður eigi að síður mynduð eftir þessar kosningar. Og hvað var skynsamlegra en að afgreiða bara vegáætlun fyrir árið í ár og ætla nýju þingi og nýrri ríkisstjórn að taka málið upp? Ekki síst í ljósi þess að ég heyri ekki betur en hver hv. þm. á fætur öðrum hafi komið hér upp og tekið undir þetta. Ég lýsti því líka á þingmannafundi Vestfirðinga að ég teldi þetta rétt. Auðvitað kom hæstv. samgrh. með viðbáru um að tæknilega væri þetta ekki framkvæmanlegt. Hæstv. ráðh. er líklega búinn að gleyma því að hann tók sjálfur við óafgreiddri vegáætlun þegar hann tók við ráðherradómi 1983. Þá var vegáætlun gjörsamlega óafgreidd. Það er nægur tími fyrir væntanlegt þing og væntanlega ríkisstjórn að taka þetta mál upp að loknum kosningum í apríl til að gera því góð skil fyrir framtíðina.

Það tekur því auðvitað ekkert að vera að rífast um árið í ár. Það mál er afgreitt eins og það liggur fyrir. En ég er þeirrar skoðunar að næstu ríkisstjórn beri skylda til að spretta þessu máli upp og breyta prósentum milli kjördæma og auka fjármagn til vegaframkvæmda til að gera stöðuna betri og sambærilegri milli þeirra sem verst eru settir og hinna sem miklu lengra eru komnir fram á veginn í vegagerð og samgöngum.

Við skulum ekki gleyma því að samgöngumálin eru einn af mestu og mikilvægustu þáttum í íslensku samfélagi í dag. Það á líka við flugvelli og hafnir. En þá einangrun sem ýmis svæði hafa búið við að því er varðar vegakerfið verður ekki lengur unað við. Ég vil ekki trúa því að þm. hafi ekki kjark til að taka þá ákvörðun að þarna verði að verða breytingar á. Ég vil á engan hátt gagnrýna hæstv. samgrh. í þessum efnum. Mig minnir að það sé til orðtæki sem segir að hver hafi sinn djöful að draga og ég veit að hæstv. ráðh. hefur haft þá marga í þessum efnum að því er varðar aukið fjármagn til vegaframkvæmda. (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. ráðh.? (**Samgrh.:** Það hafa allt verið smádjöflar.) Ja, það er ekki nóg að þeir séu smáir ef þeir eru svo margir að þeir yfirgnæfa. Þá dugar það. (**GJG:** Aðallega úr Bolungarvík, sagði hann.) Ég veit ekki til að hæstv. ráðh. hafi haft neinn í ríkisstjórn úr Bolungarvík. En þetta er auðvitað eins og fleira sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson veit betur en aðrir. En kannske tækist þetta ef hæstv. ráðh. legðist á sveif með okkur hinum sem viljum meira fjármagn, betri vegi, ég tala ekki um þar sem þeir eru verstir, ef það tækist að ýta þeim til hliðar sem draga lappirnar í vegaframkvæmdum eða a.m.k. stugga við þeim þó ekki væri gert annað. Þá á hæstv. ráðh. að láta okkur vita hverjir það eru sem hafa verið tregastir í taumi í þeim efnum að búa betur að fjárveitingum til vegaframkvæmda. Ég tek undir með hæstv. ráðh. og þykist vita að þeir eru margir, en mismunandi áberandi.

Ég er alveg undrandi á því, ekki síst eftir að það kemur fram í nál. frá fjvn., sem ég skrifaði undir með fyrirvara að vísu, að menn hafa séð á síðustu stundu að það þurfti a.m.k. að gefa yfirlýsingu um að setja meira fjármagn á þennan eða hinn staðinn. Af hverju þessi sýndarmennska? Það er í langtímaáætlun að setja miklu meira fjármagn í vegaframkvæmdir en nú er gert. Ég held að það séu 2,4% af þjóðarframleiðslu samkvæmt langtímavegáætlun. Sumir vildu hafa það 2,5%, ef ég man rétt, og þar var hæstv. samgrh. fremstur í broddi fylkingar. Svo bjóða menn núna upp á 1,6% eða rúmlega það kannske. Já, ég held að það sé í kringum 1,6%. Eða 1,5%. Alltaf er maður að gera ríkisstjórninni betur og dugar ekki til. 1,5%, segja þeir fulltrúar Alþb. sem hér hafa látið í sér heyra og ekki dreg ég í efa að þeir séu að segja satt. 1,5% í staðinn fyrir 2,4%. En svo segja menn á pappírnum: Strax á næsta ári þegar ný ríkisstjórn er tekin við gerir hún miklu betur. Hún á að gera miklu betur. Trúa menn þessu í raun og veru? (**Sjútvrh.:** Ætlar þú ekki að vera í henni?) Á ég kost á því? Hæstv. ráðherra. Á ég kost á því? Ræður þú einhverju um það? (**Sjútvrh.:** Stefnirðu ekki að því?) Auðvitað stefna menn að því, en ég átti ekki von á liðsinni úr þessari átt. Það hefur ekki verið hingað til. (Gripið fram í.) Ég bíð hljóður eftir hvað menn vilja segja, hvaða embætti menn bjóða.

Menn eru orðnir svo órólegir að þeir ganga um gólf fyrir framan ræðustólinn hver á fætur öðrum. (**Gripið fram í:** Er verið að taka menn á beinið hérna?) Ekki aldeilis. (**GJG:** Hefur þm. aldrei verið boðið ráðherraembætti?) Jú, honum hefur verið boðið það fyrr en hafnað, enda ekki í neinu titlatogi í þessum efnum.

En finnst mönnum ekki að það sé meiri eða minni sýndarmennska í þessum efnum? Þeir segja núna meðan kannske fimm, sex vikur eru eftir af lífstíð hæstv. ríkisstjórnar: Við setjum sem svarar 1,5% af tekjunum í vegaframkvæmdir, en strax á næsta ári, þegar nýir eru teknir við, skulum við setja 2,4%. Auðvitað er þetta kosningaloforð og ekkert annað. Helber sýndarmennska sem menn eru að bjóða upp á. Og ég skil ekkert í hæstv. samgrh., eins heill og hann vill vera og er yfirleitt, að hann skuli setja málið fram með þessum hætti. Ég er handviss um það, án þess að ég ætli neitt að fara að taka hans málstað sérstaklega hér, hann getur svarað fyrir það sjálfur, að hann hefði viljað fá meira fjármagn í vegaframkvæmdir en hér er um að ræða, en djöflarnir sem dragast hafa komið í veg fyrir það, hverjir sem þeir eru.

Ég sagði áðan að ég hefði skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Fyrst og fremst er það vegna þess að ég sé að ég fæ engu breytt fyrir árið í ár. Það liggur nánast á borðinu að því verði í engu breytt. Hér eru menn að skipta mörkuðum tekjustofnum, ekki eyri frá ríkinu á árinu í ár. En ég hefði viljað að menn hefðu getað sameinast um það, burtséð frá flokkspólitískum sjónarmiðum, að láta þó duga að skipta árinu í ár en síðan spretta málinu upp í heild eftir að kosningum lýkur og ný ríkisstjórn hefur tekið við.

Ég held að það sé miklu erfiðara fyrir væntanlegt þing, fyrir væntanlega ríkisstjórn að una við að Alþingi sé búið að binda tölur. Það væri miklu skynsamlegra, ef menn á annað borð meina að þeir vilji ná árangri, að hafa laust áætlunartímabilið sem eftir er fyrir utan árið í ár, enda gefur meiri hl. fjvn. nánast frítt spil með þeirri yfirlýsingu sem hér er flutt. Ég er út af fyrir sig sammála honum um það, en menn hefðu átt að gera þetta strax, gera þetta með eðlilegum hætti. Ég dreg ekki í efa að því er varðar t.d. Norðurland eystra, Múlann, að þar þarf mjög aukið fjármagn. Það er enginn vafi á því. Ég er sömu skoðunar og aðrir. Það verður ekki gert nema með viðbótarfjármagni, fjármagni til viðbótar því sem við erum nú að tala um. Ég minni á í þessum efnum að þegar Ó-vegaframkvæmdirnar voru ákvarðaðar á sínum tíma var um það talað að í allar þær framkvæmdir kæmi viðbótarfjármagn, ekki það sem menn hafa verið að tala um að skipta í vegáætluninni heldur til viðbótar við það. Ekkert af því hefur staðist. Þess vegna erum við kannske þetta illa sett í framkvæmdum víðs vegar á landinu trúlega, misjafnlega mikið eins og raun ber vitni.

Ég held að þm. verði að átta sig á að við getum ekki boðið landsbyggðarfólki upp á að búa áfram við þá einangrun sem það hefur búið við. Þar verður að verða breyting á. Komnar eru til umræðu í ríkum mæli ýmiss konar framkvæmdir að því er varðar jarðgöng á hinum ýmsu stöðum. Það er enginn vafi að það er framtíðin, hversu langan tíma sem maður kemur til með að bíða eftir því. En framtíðin er það. Við eigum að lyfta undir slíkt. Það er Alþingis að greiða fyrir slíku. Og það er enginn vafi á því að vegaframkvæmdir víðs vegar á landinu eru arðsamar. Það er kannske einhver arðsamasta framkvæmd sem farið er í nú að byggja vegi með þokkalegum hætti. Eftir því eiga menn ekki að sjá í peningum. Ég hef sagt það áður og segi enn: Hvað sem mínir flokksbræður segja í Alþfl. er ég þeirrar skoðunar að lántaka til vegaframkvæmda, svo arðsamar sem þær eru, er réttlætanleg. Slíkar framkvæmdir yrðu fljótar að borga sig, að mínu viti.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í þetta mál þó ástæða hefði verið til, en ég ítreka að ég hef verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að vegáætlun hefði átt að afgreiða bara fyrir árið í ár, en láta síðan komandi þingi, komandi ríkisstjórn eftir að glíma við þá erfiðleika sem ég viðurkenni að eru, erfiðleika í því að breyta framkvæmdum frá því sem nú er, bæði breyta prósentuhlutfalli milli kjördæma og auka fjármagn til vegaframkvæmda. Ég held að komandi þm., ég tala ekki um komandi ráðherrar, hverjir sem þeir verða, þó að sumir séu farnir að gráta stólinn heyrist mér hér inni, hefðu haft gott af því að fá að glíma við þetta verkefni. (**ÓÞÞ:** Hverjir gráta stólinn?) Hverjir? Var ekki hv. 5. þm. Vestf. hér inni áðan eða fylgist hann ekki með frekar en venjulega? (**ÓÞÞ:** Ég heyrði engan harmagrát.) Ég heyrði það, jú. (**ÓÞÞ:** Hver grét?) Þú hefur verið með vitlaust eyra að þeim sem grét. (**ÓÞÞ:** Hver grét?) Á ég að nefna nafnið? Ég heyrði ekki betur en hæstv. sjútvrh. væri með hálfgerðan harmagrát. En það er þér fjarrænt veit ég.

Hvað sem því líður held ég að þetta hefði verið skynsamlegasta ákvörðunin, burtséð frá flokkspólitískum sjónarmiðum. Það hefði verið skynsamlegt að menn hefðu sameinast um þetta, verið sammála um að hér þyrfti breytinga við, það væri best að nýtt þing og ný ríkisstjórn fengju við það að glíma, breyttu prósentum milli kjördæma, ykju fjármagnið til vegaframkvæmda og sinntu þeim fyrst og fremst sem verst eru settir.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði varðandi vegáætlun sem ég vildi ræða við þessa umræðu og hafa þó þessum málum verið gerð góð skil af talsmönnum Alþb. hér, bæði við fyrri umræðu við þetta mál og nú af hv. þm. Geir Gunnarssyni, en Helgi Seljan ræddi þessi mál ítarlega, hv. 2. þm. Austurl., við fyrri umræðu um vegáætlun.

Ég spara mér að taka mikið á þeim þáttum sem þeir véku að í sínu máli, en bendi á hina mjög skýrt fram settu útreikninga sem hv. þm. Geir Gunnarsson hafði yfir í sínu máli áðan og sem sýna skýrt og ótvírætt hvernig ríkisstjórnin hefur brugðist viljayfir-

lýsingu eða stefnumörkun, sem samstaða var um á Alþingi á sínum tíma í sambandi við vegamálin, hvernig haldið hefur verið á þeim málum af ríkisstjórninni. Og það er auðvitað meginmálið þegar við erum að ræða þetta hér og svo það sýndarplagg sem hér er sýnt í formi vegáætlunar fyrir árin 1988 til 1990, sem engin innistæða er fyrir í sambandi við tekjuöflun til að þoka því hlutfalli til betri vegar sem Alþingi ræddi um á sínum tíma, 2,4% af þjóðarframleiðslu.

Ef litið er til baka eru það 1800 millj. kr. tæpar sem skortir á varðandi fyrsta tímabilið af þeim tólf sem sett var fram áætlun um á sínum tíma, 1800 millj. í nýframkvæmdir einar saman sem á vantar til þess að við það sé staðið og mér finnst það mikil hógværð þegar menn eru að reyna að klóra yfir það, eins og formaður fjvn., hv. þm. Pálmi Jónsson, gerði í sínu máli hér, þegar hann mælti fyrir nál. fjvn., og reyna að hreinsa ríkisstjórnina af þessum gerðum og stjórnarmeirihlutann með því að tekist hefði að nýta fjármagnið betur en menn hafi séð fyrir á sínum tíma. Raunar virtist mér hafa verið tekið undir þetta af talsmanni stjórnarandstöðu, hv. 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur, sem tók undir það í rauninni. Ég skil ekki þá hógværð af stjórnarandstæðingum að geta mælt þeim niðurskurði bót sem hér er um að ræða og sem bitnar auðvitað öðru fremur á landsbyggðinni. Menn skulu ekki halda að þess hefði verið að vænta að fá þetta fjármagn í eitthvað annað frá ríkisstjórninni. Um þessi mál virtist vera samstaða á Alþingi á sínum tíma og við hljótum að gera kröfu til þess að stjórnvöld á hverjum tíma standi við vilja sem fram kemur á Alþingi, hvort sem formlega er frá því gengið eða ekki í þeim efnum. Hér horfum við til baka, til fyrsta tímabilsins að þessu leyti og sjáum hvað við blasir. Það er rétt að það hefur ekki komið í aðra þætti samgöngumála sem skorið hefur verið niður til vegamálanna, ekki í hafnirnar, ekki í flugmálin, en það hefur heldur ekki komið í barnaheimilin eða aðrar samfélagslegar framkvæmdir og hefur það mál verið rætt hér áður.

Ég rifja upp í sambandi við fjáröflun til vegagerðar að ríkisstjórnin og hennar stuðningslið á Alþingi hagnýtti ekki þær verðbreytingar, þá lækkun sem varð á olíuvörum á síðasta ári, þá miklu lækkun sem varð á innflutningsverði á bensíni og öðrum olíuvörum til að bæta svolítið um varðandi niðurskurðinn á fjárframlögum. Ég ræddi það á Alþingi fyrir ári u.þ.b. að þannig ætti að taka á málum og hæstv. samgrh. tók það mál upp í ríkisstjórn nokkru seinna, en það hafði engin áhrif. Undir það var ekki tekið af meiri hluta í ríkisstjórn og voru þar sérstaklega tilgreindir á síðum Morgunblaðsins hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson og hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson sem voru hvað fyrstir til að kveða þær hugmyndir niður. Ég held að það sé rétt að menn rifji það upp hér svo sjálfsagt sem það hefði verið að nýta þetta tækifæri af hálfu stjórnarliðsins til að bæta um vanefndir sínar í vegamálunum. Það er ekki hægt að bera við samningum á vinnumarkaði í sambandi við það því að sú lækkun sem gert var ráð fyrir í kjarasamningum á sínum tíma varðandi lækkun á olíuvörum var hvað snertir bensínverðið rétt um 30 kr. á lítrann, en verðið fór langt niður fyrir það og er enn neðan við þau mörk og hefði áreiðanlega enginn brestur orðið í landinu þó að menn hefðu tekið þann hagnað sem þjóðarbúið fékk með þeim hætti til að fylla í skörðin í vegamálunum.

Það er raunalegt að heyra málflutning af því tagi sem var uppi hafður að hluta af hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ég kann því illa þegar þm. af landsbyggðinni, í þessu tilviki stjórnarandstæðingur eins og ég, eru að gera þennan brýna þátt samfélagslegra framkvæmda að einhverju karpi milli kjördæma og þeirra kjördæma sem hallast standa í sambandi við framkvæmdir í vegamálum. Þær athugasemdir komu frá hæstv. sjútvrh., sem hann mælti fyrir hönd okkar þm. Austurlands eins og menn heyrðu í hans máli, út af því hvernig háttað er fjárveitingum til Austurlandskjördæmis í sambandi við þá áætlun sem hér liggur fyrir og þau augljósu mistök sem þar liggja fyrir af hálfu fjvn. og e.t.v. misskilnings á milli fjvn. og Vegagerðar ríkisins í sambandi við skiptingu fjármagns á einstök ár á því áætlunartímabili sem hér liggur fyrir.

Ég held að við stjórnarandstæðingar og landsbyggðarþingmenn upp til hópa, hvar sem þeir standa, hvort sem þeir standa í stjórn eða stjórnarandstöðu, þurfi að átta sig á því að menn þurfa að sýna og vernda ákveðna samstöðu í brýnustu undirstöðuframkvæmdum eins og vegamálunum. Hæstv. samgrh. sagði að djöflarnir væru margir sem þar væri við að glíma, það væru smádjöflar, en þeir eru greinilega nokkuð stórir þegar saman er lagt. Og auðvitað er það stjórnarstefnan og þeir sem þar ráða ferðinni, og það virðist vera sem það sé ekki hæstv. samgrh., sem hafa knésett ríkisstjórnina og meiri hluta hennar hér á Alþingi með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Og þetta eiga menn að viðurkenna. Þetta ætti hv. þm. Pálmi Jónsson að viðurkenna þegar hann talar fyrir þessari niðurskurðartillögu. Og að halda því fram að breytt tilhögun í vegaframkvæmdum með því að hverfa frá uppbyggingu veganna áður en lagt er bundið slitlag og með því að setja á eina breidd, eina akbraut með bundnu slitlagi í staðinn fyrir tvær; að þetta sé að halda í horfinu, — ja, það eru lítilþægir menn sem þannig tala. Halda menn að vegirnir séu samir eftir slíka breytingu á framkvæmdatilhögun? Halda menn að öryggið í umferðinni sé hið sama þegar menn eru komnir með bundið slitlag upp á 3,8 m þar sem tæpast er hægt að mætast með öryggi á bundnu slitlagi? Geta menn réttlætt þennan niðurskurð á framlögum með slíku? Ég get ekki tekið undir það.

Ég vil taka undir þann fyrirvara og þá gagnrýni sem hæstv. sjútvrh. hafði uppi í sambandi við framlög til Austurlandskjördæmis, en ég geri það ekki á kostnað Vestfjarða eða annarra kjördæma í landinu, ekki með því að vera að gagnrýna að það

renni of mikið til annarra kjördæma. Það er heildin sem er skorin niður öllum til baga, en þegar mun minna er til skiptanna en menn höfðu vænst er meðferð af þeim toga sem varðar Austurlandskjördæmi og hæstv. sjútvrh. vék að áðan í máli sínu mun tilfinnanlegri en ella. Það sem hér liggur fyrir er í stuttu máli sagt að Austurlandskjördæmi nær ekki áætlaðri reiknitölu að því er virðist á öllum árum þessa tólf ára tímabils í sambandi við vegáætlun á sínum tíma.

Hvað snertir það tímabil sem hér er til umræðu er það fyrst á síðasta árinu sem menn ná þeirri prósentu sem Austurlandskjördæmi er heitið, og þar er ekki einu sinni skipt því fjármagni sem er til ráðstöfunar á það ár. Þar liggur skiptingin ekki fyrir nema að því er varðar sérverkefnin. Þetta er auðvitað ekki í lagi og þetta lá ekki fyrir þingmannahópi Austurlands. Þó að einn úr hópi þm. skrifi undir álit fjvn. án fyrirvara lá það ekki fyrir þm. Austurlands að málin lægju fyrir með þeim hætti sem hér blasir við að framlögin á þeim þremur árum sem hér eru til skipta eru langt undir þeirri reiknitölu sem kjördæminu er ætlað á þessu tímabili. Okkur er stillt upp fyrir gerðum hlut og hljótum að gera athugasemdir við það. En ég ítreka að það er ekki vegna þess að við lítum öfundaraugum til annarra kjördæma þar sem of lítið er til skipta.

Einn þáttur sem ég vil nefna er jarðgangagerðin. Það er ánægjuefni að það eru loforð uppi um að ráðast í brýna gerð jarðganga undir Ólafsfjarðarmúla og ákveðin fyrirheit gefin í því efni og við skulum vona að það verði einhver innistæða fyrir þeim loforðum sem þar eru framreidd í orði, en frammistaða stjórnvalda í sambandi við jarðgangagerð er kapítuli út af fyrir sig. Það liggur ekki fyrir nein heildstæð áætlun um slíkar framkvæmdir svo augljóslega brýnar sem þær eru sem einn þáttur samgöngumálanna og gætu fært heilum landshlutum stórfelldar hagsbætur. Ég orða það svo að það er mikil hógværð hjá löggjafanum og framkvæmdarvaldinu að menn skuli láta nægja ár eftir ár að velta því fyrir sér, af hverju áætlaðar kostnaðartölur til jarðgangagerðar séu svo miklu hærri á Íslandi en í grannlöndum okkar, í stað þess að ráðast í framkvæmdir og láta reynsluna skera úr, fá reynslu af jarðgangagerð í reynd með þeirri fullkomnustu tækni sem völ er á, með því að láta það opinbera, og í þessu tilviki Vegagerð ríkisins, standa fyrir slíkum framkvæmdum með fullkomnustu tækni þar sem unnið væri í samfellu allt árið um kring að jarðgangagerð samkvæmt áætlun sem menn hefðu gengið frá á Alþingi, ákveðinni forgangsröðun framkvæmda fram í tímann. Um það þarf auðvitað að vera samkomulag. Samgöngumálin, vegamálin sem einn þáttur samgöngumála, eru eins og hér hefur verið rakið slíkt undirstöðuatriði, arðbært hvernig sem á það er litið, einnig á mælikvarða reiknistokksins, og ég tala nú ekki um í félagslegu tilliti, að það er ósæmilegt hvernig staðið hefur verið að þeim málum á liðnum árum og alveg sérstaklega nú þegar menn hafa mun meira til skipta en áður. Það er ósæmilegt og undarlegt að nokkur skuli hafa sig í að vera að réttlæta það sem þar blasir við.

En auðvitað þarf að taka samgöngumálin í heild sinni til endurskoðunar og samræmingar eins og lagt hefur verið til ítrekað af Alþb. að gert verði og m.a. í þáltill. sem liggur fyrir þinginu, 1. flm. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar þar sem taka þarf á öllum þáttunum og ganga í þessi mál með heildarhagkvæmni í huga og hagsbætur fyrir viðkomandi byggðarlög. Slíkrar áætlunar söknum við og það er eitt af brýnum verkefnum að ráðast í að ganga frá slíku og skapa samstöðu um áherslur og umfram allt fjármagn sem þarf til þessara brýnu samfélagslegu verkefna.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi brýna nauðsyn vera á því að ganga frá sem allra fyrst samræmdri áætlun í samgöngumálum. Á þessu þingi gerðist það að samþykkt var langtímaáætlun í flugmálum. Á bak við þá langtímaáætlun liggur löng og ströng og merkileg vinna sem unnin var af sérstakri nefnd undir forustu Birgis Ísl. Gunnarssonar. Með þessari áætlun er tryggt fjármagn til framkvæmda í flugmálum í framtíðinni, tryggðir ákveðnir tekjustofnar. Þar er farið inn á nýja braut og miklu tryggari braut en farið var inn á þegar framlag var á sínum tíma nokkuð aukið til vegagerðar. Þetta er fyrir utan það sem er ætlað í rekstur flugmála. Hann er inni í fjárlögum, kostaður af almennum tekjum þjóðfélagsins, en í vegamálum er ekkert slíkt og hefur ekki verið. Vegagerðin er eina stofnunin sem ekki er inni á fjárlögunum með sinn fasta rekstur. Á því er stór galli sem búið er að nefna hvað eftir annað. Menn koma hver á fætur öðrum og segja að það eigi ekki að gera þetta svona. Það eigi að gera þetta hinsegin. Ég fagna vaxandi áhuga þm. á vegamálum. Ég vona að hann endist fram yfir kosningar. Það er mjög mikils virði að hann endist helst alveg út árið og við afgreiðslu næstu fjárlaga. (**SJS:** Hvaða skætingur er þetta?) Ef þm. er með eitthvað slæma samvisku get ég ekkert að því gert. (**SJS:** Frekar að ráðherrann sé með slæma samvisku.) Ég ætla ekki að svara neitt þessum þm. Ég er að segja að það sé ákaflega takmarkaður áhugi nema rétt þegar verið er að afgreiða þessi mál og ég stend við það. Þm. getur blaðrað eins og hann vill fyrir mér, en helst ekki hérna í salnum. Hann blaðri þá frammi. Það fer betur á því.

Svo tala menn um að það ætti að afgreiða vegáætlun til eins árs og það er sérstaklega gaman að heyra þetta frá jafnraunsæjum þm. og Geir Gunnarssyni. Hann var í fjvn. 1983 og Hjörleifur Guttormsson ráðherra í ríkisstjórn. Þeir fóru út í kosningar án þess að afgreiða nokkra vegáætlun. Það var byggt á tekjustofni af umferðinni sem aldrei varð að veruleika. Þegar ég tók við sem samgrh. tók ég ekki við neinni afgreiddri vegáætlun. Hins vegar má segja

að það var búið að marka öll útgjöldin í þeirri vegáætlun og allur almenningur og öll byggðarlög á landinu vildu álíta að sú ríkisstjórn sem tæki við mætti ekki skerða eða skera niður þær framkvæmdir sem voru á þessu blaði. Þannig var viðskilnaðurinn, hv. Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. iðnaðar- og orkuráðherra. Þetta var getan í þessum efnum. Það vantar ekki alltaf að það eigi að gera betur. Ég bendi mönnum á að eftir tvö ár á að endurskoða vegáætlun. Hver bannar væntanlegri ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta að breyta eða bæta við? Ég skal alveg taka á mig einn og sér þá ábyrgð hvernig vegáætlun er stillt upp.

Ég var ófáanlegur til annars í ríkisstjórninni en að miða við 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu. (**Gripið fram í:** Á hvaða ári?) Fyrir öll þrjú árin. Fjárlögin eru búin að marka framkvæmdirnar á þessu ári. Þau verða ekki brotin upp. En ég var ófáanlegur til annars. Ég ætlaði ekki að taka það á mig að breyta þeirri ákvörðun. Hitt er svo annað mál að það fékkst ekki samkomulag um að skipta hærri upphæð. Ef menn halda að það sé einhverjir erfiðleikar að skipta hærri upphæð til framkvæmda fara þeir villir vegar því það verður afskaplega létt verk.

Út af athugasemd hæstv. sjútvrh. hér sem þm. Austurlands, þá finnst mér alveg sjálfsagt að þau mál verði tekin þegar til athugunar og umræðu. Ég hef bæði talað við vegamálastjóra og formann fjvn. um að þau mál verði rædd og um þau verði mótuð ákveðin stefna. Hins vegar held ég að sífelldur metingur á milli hinna einstöku kjördæma þjóni ákaflega littlu, en ég skal ekki setja mig upp á móti því heldur vera algerlega inni á því að hér verði ekki til langframa eitthvert misræmi á milli. Hitt hefði ég kosið að það væri meira til skiptanna og þá hefðu sumir menn mátt heldur betur spjara sig að koma manni til aðstoðar, enda bar ég fram tillögu um það á s.l. ári að nota það gullna tækifæri sem gafst þegar bensínverðið var að falla til að nota þrjár krónur á hvern lítra til aukinna framkvæmda í vegagerð sem hefði þýtt um 300 millj. kr. miðað við heilt ár. (**KP:** Hverjir eru þessir sumir?) Ég ætla ekki að vera með neinn nafnatalningarlista. Það náði ekki fram að ganga í ríkisstjórninni og það hefði verið nóg hefði einn maður verið á móti. Þá var ekki hægt að taka þá ákvörðun. Þannig er það. Maður verður oft og tíðum að búa við ýmislegt annað en maður sjálfur vill koma fram. Ég er ekkert kominn til með að segja að þó Alþfl. eigi eftir að koma í ríkisstjórn muni alveg renna í gegn stórfelld hækkun til vegamála. Þar eru líka sams konar fírar og var verið að nefna áðan undir ræðu hv. 3. þm. Vestf. (**KP:** Og tekið undir.) og margir tóku undir. En ég skal lofa 3. þm. Vestf. því að þó ég verði hér á næsta þingi í stjórnarandstöðu skal ég með atkvæði mínu stuðla að aukningu fjármagns til vegagerðar. Ég mun ekkert sveiflast til eða frá eftir því hvort ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu og engan spyrja í þeim efnum.

Ég vil taka það hér fram að þegar umræðan varð um langtímaáætlun í vegagerð var ég valinn fyrir minn flokk til að vinna að þessari langtímaáætlun. Þá voru fjórir stjórnmálaflokkar á Alþingi og ég var fulltrúi Sjálfstfl. þar og lagði mig allan fram um að ná samkomulagi við þáverandi stjórnarflokka eða alla flokka á þingi um sameiginlega till. um langtímaáætlun í vegamálum. Ég hélt því ákveðið fram í mínum flokki að þó hann væri þá í stjórnarandstöðu ætti hann ekki að skilja leiðir á milli sín og ríkisstjórnarflokkanna í þeim efnum. Það voru erfið mál að vinna að. Þar voru uppi þau sjónarmið að arðsemin, umferðin ætti að ráða svo að segja öllu. Það hefði þýtt að umferð í gegnum ákveðin kjördæmi, eins og Vestfjarðakjördæmi, hluta Vesturlandskjördæmis, hefði orðið með þeim hætti að framlög þar hefðu farið niður úr öllu vegna legu þessara kjördæma eða hluta af þessum kjördæmum. Þar náðu fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna mjög ánægjulegu samstarfi og góð samvinna var á milli okkar allra og vegagerðarmanna.

Ég minni menn á að á s.l. ári voru lagðir um 280 km af nýju bundnu slitlagi og á undanförnum fjórum árum hafa verið lagðir tæpir 200 km á ári að meðaltali. Á undanförnum árum hefur verið lagt einbreitt bundið slitlag á samtals 233 km af umferðarminni vegum. Breidd þess er 3,8 m í staðinn fyrir 5,5–6 m sem er venjuleg breidd. Reynsla af þessu hefur verið jákvæð og það hefur verið ákveðið að halda áfram á þeirri braut.

Ég minni á að bundið slitlag er komið á 1420 km og hefur því lengd þess tvöfaldast á undanförnum fjórum árum. Nú er svo komið að bundið slitlag er komið á um 45% af hringveginum, á um þriðjung leiðarinnar Reykjavík–Ísafjörður, svo dæmi séu tekin, og á leiðinni Reykjavík–Egilsstaðir er bundið slitlag á um 45% leiðarinnar hvort sem farin er syðri eða nyrðri leiðin.

Ég verð að segja að þrátt fyrir þennan samdrátt í fjármagni til vegagerðar hefur náðst þarna betri árangur en menn hefðu búist við. Þar kemur margt til sem ég greindi ítarlega frá við framlagningu þessarar vegáætlunar.

Þjóðvegakerfi landsins er mikið og langt. Það er tæplega 8500 km. Þar af eru um 3800 km af stofnbrautum. Þetta langa vegakerfi er vitanlega mjög misjafnt að gæðum og hefur þó vissulega farið mjög batnandi undanfarin ár. Nú er talið að rúmlega 60% stofnbrauta þoli 10 tonna öxulþunga allt árið og þetta hlutfall hefur hækkað um 10% á síðustu fjórum árum. Sambærileg tala fyrir þjóðbrautir er hins vegar aðeins um 30%. Það má því segja að árangur hefur að vissu leyti verið mjög góður miðað við fjármagn þó maður hefði viljað ná enn meiri og betri árangri. En það hefur verið gert með því að standa við langtímaáætlunina. Það er ekki fyrr en á síðasta ári að það hefur verið horfið frá upprunalegum áætlunum um uppbyggingu vega til að ná þessum árangri og þetta hefur haft sitt að segja.

Ég sagði þegar ég mælti fyrir vegáætluninni að ég hefði viljað nota tækifærið þegar bensínverðið lækkaði, en ég varð ekki var við mikil viðbrögð við þeirri

till. Það voru ekki neitt háværar yfirlýsingar frá stjórnarandstöðu, sveitarfélögum eða þeim sem mest knýja á um auknar framkvæmdir í vegamálum. Oft þegar menn hafa komið með kröfugerðir sínar á minn fund hef ég minnt þá á þetta. Þá hafa þeir sagt: Ja, það er nú svona. Við látum okkur ekki miklu varða þegar er verið að tala um að afla peninga til hlutanna. M.a.s. forustumenn t.d. í launþegahreyfingunni og meðal atvinnurekenda voru sumir hverjir ósköp áhyggjufullir ef það ætti að fara inn á þessa braut. Þeir vildu heldur að þetta færi í eyðslu hjá öllum almenningi. En þetta hefði skilast fólki aftur til baka í betri vegum og betri nýtingu og minni reksturskostnaði bifreiða. Þar af leiðandi var skynsamlegt að fara þessa braut.

Ég tel að það verði ekki komist hjá því að leggja aukið framlag til vegamála umfram þessa mörkuðu tekjustofna. Ég hef ekkert farið dult með að ég hef viljað ganga lengra í þessum efnum og ég er ekkert að deila á annan stjórnarflokkinn en ekki hinn. Ég deili í því sambandi á þá báða. Það hafa verið menn í báðum þessum flokkum sem hafa stoppað. Og ég veit að það eru menn líka í flokkum í stjórnarandstöðu sem hafa allt til þessa talið framlög til vegamála vera ærin nóg.

Ég sagði að með því að auka framlög til vegamála eigi fyrst og fremst að skipta fé til þriggja verkefna. Í fyrsta lagi til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Hér eru grófar áætlanir þar sem vantar framkvæmdir upp á 765 millj. kr. Það er ekki nóg að lækka bíla í verði og láta þeim fjölga ár frá ári. Það þarf líka að sinna umferðinni fyrir þá þannig að það myndist ekki umferðarhætta og umferðartafir þar sem umferðin er mest. Í öðru lagi tel ég brýna nauðsyn bera til að stórauka framlög til brúagerða, sem hefur verið dregið meira úr en flestu öðru, og veguppfyllinga í sambandi við brúagerðir. Þar eru gríðarlega mikil verkefni sem þarf að ganga í. Og í þriðja lagi tel ég að þegar jarðganganefndartillögurnar liggja fyrir þurfi að fá ⅓ af þessum tekjum til jarðgangagerðar. Það verður ekki hjá því komist að byrja á því að stórauka framlög til jarðgangagerðar í Ólafsfjarðarmúla því það dugar ekki að taka það með þeim hætti eins og hér er gert. Það verður að auka þessi framlög. Hjá því verður ekki komist. En í framhaldi af því verður að taka næsta verkefni sem þá verður fyrir valinu og Alþingi tekur ákvörðun um þannig að það verði unnið áfram án þess að hafa hlé í jarðgangagerð í 10–15 ár eins og verið hefur hér á landi í mörg undanfarin ár.

Ég hefði talið hvað snertir það fjármagn sem er komið í Blönduvirkjun, í jarðgangagerðina þar, að arður af því hefði nýst betur í jarðgangagerð til að bæta samgöngur á milli blómlegra byggðarlaga. Ég hefði heldur viljað að það fjármagn hefði farið í Ólafsfjarðarmúla og að hann væri búinn núna. Það er enginn arður af þessu fjármagni árum saman. Þetta er dauð framkvæmd. Af hverju er hún það? Af því að það er enginn markaður fyrir orkuna. Þarna var farið af stað með þessum ógnar hraða. Allir héldu að menn biðu bara í biðröð eftir því að kaupa orku af okkur Íslendingum. Og hvað er búið að eyða og búið að fara víða til að selja þessa orku og reyna að fá hingað erlendar þjóðir til að reisa eða stækka stóriðjufyrirtæki? Þetta má helst ekki tala um. Það voru menn sem æddu áfram á þessum árum. Svo tóku aðrir við og lentu í sama forarpyttinum.

Ég tel ekki, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson, að það sé höfuðatriðið að markaðar tekjur þýði eitthvað minna framlag til vegamála. Aðalatriðið er hvert er heildarframlagið til vegamála og það er það sem við deilum ekki um, ekki þeir menn sem taka þátt í þessum umræðum. Það vantar kannske eitthvað af hinum hérna inn á fundinn. Við deilum ekki um að það hefur orðið aukning á þessum árum. En við skulum heldur ekki gleyma því að ríkið hefur misst stórkostlegar tekjur við lækkun á olíu og bensíni. Ríkið hafði ólíkt meiri tekjur af þessu t.d. í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, en þegar verðlag fór lækkandi lækkuðu tekjur ríkisins stórkostlega. Það gerir ekki að verkum að ég telji ekki að það hefði mátt fara yfir á aðrar leiðir. Og hvað sem hver segir um stórhættu þjóðfélagsins af erlendum lántökum, og ég tek undir að þær eru hættulegar ef það eru tekin erlend lán til að éta þau út eða í einhvern lúxus, en ef það eru tekin erlend lán sem lækka rekstrarkostnað innanlands sem skilar sér aftur í auknum arði finnst mér það engin goðgá að taka ákvörðun um erlenda lántöku til að flýta tilteknum framkvæmdum í vegagerð.

Ég vil svo að síðustu þakka fjvn. fyrir hennar vinnu og að þessum brtt. Það hefur aldrei verið vinsælt verk að standa í því um dagana. Það þekki ég af eigin raun frá því að ég var í þeirri ágætu nefnd. En síðast en ekki síst vil ég að það komi hér fram að ég þakka vegamálastjóra og verkfræðingum og starfsmönnum Vegagerðarinnar fyrir sérstaklega góða og lipra samvinnu í þessum efnum. Ég ætla ekki að kasta rýrð á aðrar stofnanir þó ég segi að það má leita víða eftir svo góðri samstöðu og samvinnu og hefur verið á milli samgrn. og Vegagerðar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að menn séu hálfdaprir yfir þessari vegáætlun eins og hún lítur út miðað við það sem hefur verið stefnt að á undanförnum árum. Það er staðreynd, sem þýðir ekki fyrir neinn að mæla á móti, að í þessu felst mikið afturhvarf t.d. miðað við langtímaáætlun og miðað við þau fyrirheit sem gefin hafa verið í sambandi við vegamál.

Þeir sem búa úti á landsbyggðinni líta á vegina sem lífæðar byggðanna og þegar þetta afturhvarf birtist í þingsölum á kosningaári hlýtur það að skapa óhug hjá þeim sem hafa gert ráð fyrir og fengið fyrirheit um auknar vegaframkvæmdir fyrir sín byggðarlög. Ég efast ekkert um að hæstv. samgrh. hafi reynt að gera sitt til þess að þessi niðurstaða

yrði önnur en blasir við. En fyrst þetta liggur fyrir fyrir kosningar og ef einhver með annað hugarfar yrði í stóli samgrh. eftir kosningar á hverju ættum við þá von?

Það er alveg sama hvernig litið er á þetta mál. Þetta er það minnsta af þjóðartekjum. Prósenttala af þjóðartekjum er komin ofan fyrir 1,5% að upplýst hefur verið hér í umræðum og hefur aldrei verið svo lág á þessum áratug a.m.k. Ég var dálítið undrandi yfir ræðu formanns fjvn. áðan, hvað hann var ánægður með þessa niðurstöðu. Ég vil ekki trúa því að formaður fjvn. sé jafnánægður í hjarta sínu og honum mæltist hér í ræðustól. Ég trúi því ekki. En honum hefur kannske verið falið að mæla svo sem við hlýddum á.

Hæstv. samgrh. sagði áðan að það yrði að koma fjármagn í Ólafsfjarðarmúla, í jarðgöngin þar, og ég veit að hann vill stefna að því. En miðað við þau loforð sem voru gefin áttu framkvæmdir að hefjast á næsta ári í Ólafsfjarðarmúla, 1988, og það var búið að setja á blað á því verðlagi og samkvæmt áætlunum sem þá lágu fyrir 50 milljónir á því ári til þeirra framkvæmda. Nú er stórlækkuð talan, ný áætlun. Það er auðséð að það er afturhvarf í vegáætlun og eins og þetta mál sé komið í biðstöðu. Og þetta gerist á kosningaári. Það er hörmulegt að það skuli koma í ljós að hæstv. ráðh. tekst ekki að fá meira fjármagn í framkvæmdir í vegamálum þrátt fyrir öll fyrirheitin, þrátt fyrir að allir flokkarnir stóðu að langtímaáætlun, þrátt fyrir að það er viðurkennt að það sé mjög hagstætt ár fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Þrátt fyrir allt þetta er niðurstaðan þessi.

Í mínum huga, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. hefur komið með, og ég veit að hann talar af heilum hug, er Ólafsfjarðarmúlinn kominn í biðstöðu. Hve lengi verður framtíðin ein að skera úr. Það er ekki búið að naglfesta þetta mál, eins og ég taldi að hefði verið gert þegar var samið um Óvegina þrjá. Það sýnir þessi áætlun sem hér liggur fyrir. Það er ekki líklegt að núverandi hæstv. ráðh. verði samgrh. eftir kosningar að hans eigin sögn. (**Samgrh.:** Örugglega ekki.) Örugglega ekki, segir ráðherra. Hvern skyldum við þá fá í stólinn? Ef það væru menn með þau sjónarmið, sem eru hér allt of mikið á ferðinni, að það sé nóg fjármagn í vegina, jafnvel hjá sumum landsbyggðarmönnum ef það má marka tal þeirra.

Það er auðséð að landsbyggðin hefur ekki þann skilning sem hún þarf að hafa í þingsölum og þessi niðurstaða er í sjálfu sér alveg furðuleg miðað við langtímaáætlunina. Svo er því haldið fram að þrátt fyrir samdráttinn hafi þessum vegamálum þokað fram furðuvel. Það er að vísu rétt. En hv. þm. verða að athuga að í sambandi við útboðin er komin upp önnur staða en var á fyrsta tímabili langtímaáætlunar. Það er ekki boðið niður nú eins og þá var. Það fást ekki jafnstórir áfangar fyrir takmarkað fé og hefur verið á síðustu árum. Það viðurkennir Vegagerðin og það sjáum við á niðurstöðu útboðanna.

Ég hefði viljað að það yrði öðruvísi gengið frá þessum málum, þ.e. því loforði að hefja framkvæmdir í Ólafsfjarðarmúla á árinu 1988. Það var sagt einu sinni að einn frægur Íslendingar hefði ætlað að selja Bretum norðurljósin. Svona yfirlýsingar á kosningaþingi minna mig á að það sé ekki svo ólíkt að lofa því nú að það skuli verða útvegað fjármagn eftir kosningar og þegar þessi frægi Íslendingur reyndi að selja Bretum norðurljósin.

Ég er með fyrir framan mig tölur um hvernig þetta hefur þróast frá 1980 í sambandi við framkvæmdamátt þess fjármagns sem fer til nýbygginga. Á árinu í ár er þetta lægsta talan á öllum þessum árum frá 1980, ef þessi tala er rétt. Hún var lesin upp í þessum ræðustól áðan. Þetta er umhugsunarefni.

Ég vona að hæstv. samgrh. sé þar að hann hlusti á mál mitt. Ég endurtek að ég vil fara þess á leit við hæstv. ráðh. að hann reyni að ganga frá þessu máli á þann veg að það sé meira naglhald í því en mér sýnist vera. Svarið verður kannske það sem ég er hræddur um. Loforð hafa reynst lítils virði í þessu efni. Og þó að hann sé allur af vilja gerður að beita sér fyrir því heyrðist mér á máli hans áðan að hann treysti sér frekar til að koma þessum málum áfram ef hann væri í stjórnarandstöðu en samgrh. Það mátti lesa í það sem hann sagði. Þá sjáum við hvernig ástandið er í hans flokki. Hann gat um að það væri ekki gott heldur mín megin. Miðað við það sem hann sagði var hægt að lesa þannig í málið. (**Samgrh.:** Það eru tveir flokkar í ríkisstjórninni og hvorugur góður.) Ég veit það. Það er líklega svo. Þetta er góð yfirlýsing hjá hæstv. ráðh., að hvorugur þeirra sé góður. Þá er hann búinn að játa að það sé ekkert naglhald í þeirri yfirlýsingu sem hann var í sjálfu sér að gefa áðan, þetta er hans persónuleg ósk, en nær ekki lengra. (**KP:** Vissi hv. þm. þetta ekki?) Ég vildi bara fá þetta staðfest. Ég hafði grun um það.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég veit að Ólafsfirðingar t.d. verða ekki hressir með þessa niðurstöðu. Það var rætt um að ef yrði afgangur af því fjármagni sem ætlað var í Ólafsvíkurenni og Óshlíðina ætti það að flýta framkvæmdum og ganga til jarðganganna í Ólafsfjarðarmúla. Ekki hef ég á reiðum höndum hvað mikill afgangur verður af því miðað við áætlanir og verðlagsbreytingar, en ég hygg þó að það sé töluverð fjárhæð. Ef ég man rétt mun það vera a.m.k. tveir tugir milljóna, en þetta er eftir minni og vil ég ekki fullyrða að þetta sé rétt. En nú blasir við að þó að væri samið um að þetta yrði gert, og það er ekki hægt að fara í jarðgangagerð í Múlanum öðruvísi en gera það á u.þ.b. tveimur árum, klára a.m.k. jarðgöngin sjálf, að til þess mundi þurfa, ég veit ekki hvað, átta ára framlög miðað við það sem er á þessari fjögurra ára áætlun. Þá sjáum við hvernig málið stendur. Fyrir utan þau vonbrigði sem eru annars staðar og hæstv. sjútvrh. gat um í máli sínu áðan og fleiri hv. þm. hafa látið á sér heyra hvað snertir þessa vegáætlun. Þetta er í sjálfu sér eitt dapurlegasta mál miðað við forsöguna sem ég hef staðið frammi fyrir á mínum þingferli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. samgrh. gæti fært sig inn í þingsalinn eða a.m.k. í dyrnar þannig að ég fengi að vera þeirrar náðar aðnjótandi að berja hans æruverðugu ásjónu augum. (**KP:** Formaður Alþb. er með hann.) Hann hlýtur að geta séð af honum smástund.

Mér fundust ummæli hæstv. samgrh. óskaplega geðvonskuleg þegar hann kom upp og eiginlega agnúaðist út í að menn hefðu verið að ræða samgöngumál og vegamál og gerði því skóna að þetta væri allt saman sýndarmennska og uppgerðaráhugi sprottinn af því að það nálgast alþingiskosningar. Þetta er heldur ómerkilegur skætingur þegar hæstv. ráðh. tekur þannig á málefnalegri umræðu um samgöngumál og bendir til þess að ráðherrann hafi annaðhvort farið öfugu megin fram úr í morgun eða sofið illa í nótt nema hvort tveggja væri. Svo er það til viðbótar alveg ljóst að ráðherrann er með vonda samvisku. Honum líður illa út af þessari vegáætlun. Það er skiljanlegt. Við höfum samúð með ráðherranum og við vorkennum honum fyrir að þurfa að leggja slíkt plagg hér fyrir og fram. En það er ekki hyggilegt af honum, að ég tel, að taka málefnalegum umræðum þm. um þetta mál með þeim hætti sem hann gerði í geðvonsku sinni í upphafi máls síns. En það rjátlaðist af honum og hann komst niður á jörðina og fór að ræða þessi mál málefnalega eftir því sem á leið í hans ræðu.

Ég vil til að mynda mótmæla því svo það liggi ljóst fyrir og ég vísa til föðurhúsanna að hvað mig varðar sé hérna um einhvern nýtilkominn sýndarmennskuáhuga að ræða. Ég bendi hæstv. samgrh. á að á hverju einasta þingi sem ég hef setið hef ég flutt eina eða fleiri till. sem snerta samgöngumál með einum eða öðrum hætti. Ég hef rætt um þau mál í hvert skipti sem vegáætlun hefur komið til umfjöllunar og við fleiri tækifæri, svo sem við afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu fjáröflunar til vegamála hef ég rætt þetta tiltekna efni. Ég lagði fyrir á tveimur þingum till. til þál. um langtímaáætlun í jarðgangagerð. Þeirri till. var á síðasta þingi vísað til ríkisstjórnarinnar og mér er ekki örgrannt um að hæstv. samgrh. hafi farið í smiðju til tillöguhöfunda þegar hann hefur verið að sækja sér efni í ræður í jarðgangaáætlanir til að halda á fundum sínum úti um landið. A.m.k. bar svo merkilega við að á fyrsta sumri eftir að nefnd till. var lögð fram á Alþingi hóf hæstv. samgrh. fundaferð um landið og hafði þá þann boðskap fram að færa að hann hefði áhuga á því að láta gera langtímaáætlun um jarðgangagerð. Honum láðist hins vegar, hæstv. ráðh., að geta þess að þetta mál hefði þegar verið flutt á Alþingi af tveimur hv. þm. En látum það liggja á milli hluta og má vera óbætt utangarðs mín vegna.

Ég minni hæstv. samgrh. á að fyrir þessu þingi liggur einnig till. frá mér og fleiri hv. þm. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar. Ég minni á að fyrir tveimur þingum fékk ræðumaður samþykkta þáltill. um bætta merkingu akvega. Ég minni á að ræðumaður hefur átt aðild að tillöguflutningi um reglugerð um auglýsingar meðfram vegum. Svona gæti ég talið áfram ef hæstv. samgrh. hefur áhuga á. En þetta ætti kannske að duga honum til að vera ekki með skæting uppi með það að hv. þm. hafa ekki áhuga á samgöngumálum nema rétt fyrir kosningar og kannske á jólum og páskum. Ég mótmæli, herra forseti, svona geðvonsku og skætingi og vona að hæstv. samgrh. hafi ekki uppi frekari tilburði til að óvirða ræðuhöld hv. alþm. um vegáætlun og samgöngumál af því tagi sem hann gerði hér áðan.

Ég vil svo í lokin bæta því við, svona rétt til þess að hnykkja á þessu að nýlega var afgreidd úr samgn. Nd. flugmálaáætlun með eindregnum stuðningi ræðumanns og með hvatningu hans og það kom í minn hlut þó stjórnarandstæðingur væri að reka á eftir því að sú áætlun yrði afgreidd út úr nefndinni til þess að hún dagaði ekki uppi í önnum þingsins á síðustu dögum. Enn frekar mótmæli ég því þeim ummælum hæstv. samgrh. að áhugi minn og annarra hv. þm. á samgöngumálum sé sýndarmennskuáhugi einn. Það sæmir ekki hæstv. ráðh. og reyndum þm. að tala með þessum hætti. Þetta er ekki framboðsfundur á Vestfjörðum, hæstv. samgrh.

Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur rakið ítarlega hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að framkvæmd langtímaáætlunar um vegagerð á sínu kjörtímabili og þá dapurlegu niðurstöðu, sem nú blasir við, að framlög hafa að raungildi lækkað ár frá ári allan tímann sem þessi ríkisstjórn hefur farið með fjármál og að fjárveitingunum miðar þannig aftur á bak en ekki á rétta leið. Þetta er dapurleg niðurstaða. Það kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, sem er þingreyndur maður, að hann tók svo stórt upp í sig að segja að þetta væri ein dapurlegasta niðurstaða sem hann hefði horft framan í á öllum *sínum þingferli. Ég tek ekki svo djúpt í árinni, en* það eru óneitanlega mikil vonbrigði að sjá endurskoðaða áætlun til næstu fjögurra ára þar sem slíkt vonleysi ríkir yfir vötnunum eins og raun ber vitni og menn treystast ekki til að skipta til framkvæmda nema stórskertu fé frá því sem áætlað var. Þetta eru þeim mun meiri vonbrigði, herra forseti, þegar tekið er tillit til þess að samgöngumálin sem málaflokkur fara vaxandi að mikilvægi nánast í öllu tilliti. Það er ljóst að þörfin fyrir greiðar og góðar samgöngur er vaxandi. Kröfurnar fara mér liggur við að segja dagvaxandi. Mig hryllir satt best að segja við því að á þessum sömu dögum og hæstv. Alþingi er að samþykkja ný umferðarlög þar sem m.a. er gert ráð fyrir auknum hámarkshraða á vegum skuli vera til meðferðar langtímaáætlun um vegamál þar sem meira og minna er skorið niður frá þeim áformum sem áður voru uppi höfð.

Ég óttast sérstaklega vaxandi hættu á því að þeir kaflar sem út undan eru á hringveginum og víðar í vegakerfi landsmanna fari eftir því sem uppbyggingunni miðar áfram annars staðar að stinga sífellt meir í stúf og verða hlutfallslega lakari en áður var. Svona

slysakaflar, eins og stundum eru nefndir, til að mynda vegarkafli í Norðurárdal, verða þeim mun hættulegri sem ástand veganna að öðru leyti batnar. Þetta liggur í hlutarins eðli. Vegakaflar sem fyrir 10–15 árum, jafnvel fyrir 5–8 árum, þóttu ekkert afbrigðilegir eða sérstaklega slæmir eru nú titlaðir sem sérstakir slysakaflar einfaldlega vegna þess að akstursmátinn hefur breyst á þeim hluta vegakerfisins sem kominn er í betra horf. Þess vegna er mjög slæmt að mínu mati að ekki skuli samhliða stefnumörkun og afgreiðslu nýrra umferðarlaga gengið fastar fram í því verkefni að útrýma þessum hættulegu köflum á þeim hluta vegakerfisins sem mesta umferð ber. Það er einnig, eins og ég áður sagði, í mikilli mótsögn við þá niðurstöðu við setningu umferðarlaga að leyfa hærri hámarkshraða. Þó gert sé ráð fyrir að það sé bundið við þann hluta vegakerfisins sem í skástu ástandi er er engin spurning að þetta eykur hætturnar á því að slysum fjölgi á þeim slæmu vegarköflum sem eftir liggja og með sama áframhaldi tekur fleiri, fleiri ár, jafnvel áratugi, að koma í skikkanlegt horf. Hvað öryggi að öðru leyti varðar í vegamálunum óttast ég, eins og hv. 5. þm. Austurl. vék reyndar að, að sú mikla áhersla sem lögð er á bundið slitlag komi niður á því að uppbygging vega og undirbygging sé látin mæta meiri afgangi en áður var ætlað, slitlag lagt á lélegri vegi, vegi sem ekki standast staðal eins og svo er kallað, vegi sem ekki fullnægja m.ö.o. þeim öryggiskröfum sem á að setja á hringveginum og umferðarmeiri vegum. Þeir eru lagðir bundnu slitlagi, jafnvel af mjórri gerðinni, áður en búið er að byggja þá upp í það horf sem áætlað var. Þetta er mjög varhugaverð þróun frá sjónarmiði umferðaröryggis séð. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu, ekki síst þegar haldnar eru langar hólræður um að svo og svo vel hafi nú miðað með að leggja bundið slitlag. Það er gott í sjálfu sér og gleðilegt, en það alvarlega er ef það kemur niður á öryggi í umferðinni eins og viss hætta virðist á með sama áframhaldi.

Ég vil þá lítillega nefna, herra forseti, mál sem oft hefur komið hér til umræðu og það er útboð í vegagerð og verklag og vinnulag í þeim efnum. Loksins hillir undir það, ef það er ekki þegar orðið að veruleika, að afgreidd verði út úr þinginu þáltill. um úttekt á þeim málum og ber að fagna því þó seint sé. Ég hef verið talsmaður þess að setja ætti skýrar reglur um vinnulag í þessum efnum og væri bráðnauðsynlegt að svo yrði gert. E.t.v. er óhætt að vona að í kjölfar þeirrar úttektar, sem nefnd þáltill. mun hafa í för með sér, skapist aðstæður hér til að setja slíkar reglur þannig að Vegagerð ríkisins hafi skýrar reglur sér til leiðbeiningar um hvernig hún skuli standa að útboðum verka. Ég hef þar helst talið koma til greina að miða ætti við að verk af ákveðinni stærð, þ.e. stærstu verkefni í vegagerð, ætti að bjóða út í opnum útboðum um allt land. Verk af millistærð, miðlungs verkáfanga, kæmi til greina að bjóða út svæðisbundið eða staðbundið með einhverjum hætti þannig að möguleikar heimamanna yrðu þar sérstaklega tryggðir til að annast slík minni verkefni, enda liggur það væntanlega í hlutarins eðli að hagkvæmni þess fyrir verktakaflokka að ferðast um landið þvert og endilangt er bundin því að verkin séu svo stór að flutningskostnaður og uppihald verði ekki allt of hár hluti af framkvæmdakostnaði. Í þriðja lagi tel ég að Vegagerðin eigi skýlaust að annast sjálf ákveðin verkefni á þessu sviði, viðhaldsverkefni og smærri verkefni í nýbyggingum vega. Fyrst og fremst til þess að til staðar verði hjá Vegagerðinni á hverjum tíma verkþekking og verkreynsla þannig að hún sé sjálf fær um að meta stöðu slíkra mála, meta verk, taka þau út og fylgjast með að framkvæmd annarra verka sem hún býður út sé með skikkanlegum hætti. Ég sé ekki að þetta verði tryggt með farsælum hætti nema Vegagerðin sjálf haldi uppi vissri þekkingu, vissu afli og vissum möguleikum á þessu sviði. Þess vegna er ég algerlega mótfallinn þeirri þróun sem verið hefur að eiga sér stað, þ.e. ef hún gengur of langt, að Vegagerðin láti alfarið af því að hafa þjálfaða menn og einhver tæki til að geta tekist sjálf á hendur minnstu verkefni í vegagerð.

Ég þekki nánast enga þjóð, hversu langt sem hún er komin í frjálshyggju, sem býr ekki við það að vegagerð, annaðhvort á vegum ríkisins eða fylkja eða sveitarfélaga, annist tiltekin verkefni og hafi vissa verkþekkingu og hef ég þó kynnt mér hvernig þessum málum er háttað hjá ýmsum þjóðum. Það er nánast undantekningarlaust þannig að opinberir aðilar sjá um visst hlutverk á þessu sviði. Mér þykir það vægast sagt sérkennilegt ef við Íslendingar með okkar dreifðu byggðir og erfiðu aðstæður að mörgu leyti getum treyst alfarið á blessun frjálshyggjunnar í þessum efnum. Það hefur þegar sýnt sig að í þessu felast stórar hættur og á þó eftir að versna ef sömu öfl ráða ferðinni sem gert hafa það síðustu árin.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þessari umræðu sé markaður naumur tími á síðustu dögum þingsins, og væri út af fyrir sig hægt að láta nokkur orð falla um hvernig stórmálin raðast upp á allra síðustu klukkustundir þinghaldsins, en nokkur orð um Ólafsfjarðarmúlann. Það hefur verið á dagskrá og stefnt að því að hefja þar framkvæmdir á árinu 1988. Það er ljóst af þeirri vegáætlun sem hér á að fara að samþykkja að ef það á að takast með skikkanlegum hætti þarf að afla verulegs viðbótarfjármagns strax á árinu 1988 til þess að framkvæmdir geti gengið eðlilega fyrir sig. Því hagar þannig til með jarðgangagerð, alla vega á Íslandi, að þar þarf helst, ef vel á að vera, að hefja framkvæmdir á miðju sumri eða ekki mikið seinna meðan veður eru þokkaleg þannig að unnt sé að komast inn í fjallið og ganga frá munnum áður en frost og vetrarhörkur ganga í garð. Þetta þýðir að verkið þarf að hefjast á miðju ári eða upp úr miðju ári 1988. Þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hægt sé að halda áfram á fullri ferð út árið. Þetta sýnist mér kalla á a.m.k. 20–40 millj. kr. viðbótarfjármagn strax á árinu 1988. Til þess að

framkvæmdir geti síðan gengið eðlilega fyrir sig með fullum afköstum hjá einum vinnuflokki með eina tækjasamstæðu sem nær a.m.k. að meðaltali rúmlega einni sprengingu á sólarhring þarf að bæta við, eftir því sem mér sýnist, upphæð á bilinu 70–100 millj. kr. á hvoru árinu fyrir sig, 1989 og 1990, og enn til viðbótar 1991 og e.t.v. eitthvað lengur einhverju fjármagni til að ljúka verkinu og greiða upp þær eftirstöðvar sem verða kynnu.

Þetta þýðir að talsvert meira en orðin tóm þurfa að koma til miðað við þá vegáætlun sem hér er verið að afgreiða. Ég tel ekki ástæðu til að gera lítið úr þeirri bókun sem náðst hefur samstaða um og allir fulltrúar í virðulegri fjvn. skrifa undir með þeim fyrirvörum þó að sjálfsögðu sem þeir hafa á um stuðning við nál. að öðru leyti. Ég treysti því og ég lýsi því yfir að það er skilningur minn á þessari bókun að með því skuldbindi viðkomandi aðilar sína flokka til að standa við þessa yfirlýsingu. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu og ekki seinna en við þessa umræðu ef skilningur einhverra er annar en þessi. Ef skilningur einhverra flokka eða einhverra þm. er annar en sá að með undirskrift sinni undir nál. fjvn. skuldbindi viðkomandi flokkar sig til að standa að og styðja þá bókun þarf það að koma hér fram. Annað væru brigður og þá þyrfti það að liggja ljóst fyrir. Stuðningur minn við þessa vegáætlun er algerlega bundinn því að þessi skilningur sé réttur, að fulltrúar allra flokka sem undirrita nál. fjvn. skuldbindi sína flokka þar með til að styðja framgang samþykktar um aukna fjáröflun til framkvæmda í Ólafsfjarðarmúla þegar þær hefjast á árinu 1988. Ef svo er ekki er öll samstaða af minni hálfu a.m.k. farin veg allrar veraldar hvað varðar afgreiðslu þessarar vegáætlunar.

Ég hef verið mikill talsmaður þess að samstöðunni yrði haldið um langtímaáætlun í vegagerð. Það hefur ekki staðið upp á okkur þm. Norðlendinga eða Norðurlands eystra þau ár sem vegáætlunin hefur verið við lýði að styðja að framgangi hennar að því er ég best veit. Þess vegna kæmi það úr harðri átt ef Ólafsfjarðarmúlinn, sem hafður var síðastur í röð svonefndra Ó-verkefna, yrði skorinn niður þegar hin tvö verkin hafa verið kláruð. Slíkt gengur ekki og þess vegna reiðum við okkur á þann drengskap og á þann stuðning að engar brigður verði á því að staðið verði við anda langtímaáætlunarinnar, að samstaðan verði ekki rofin og að við megum treysta því að þessi bókun haldi þegar til kastanna kemur.

Ég vil svo að lokum segja að ég er reyndar sammála hæstv. samgrh. um að erlendar lántökur eru ekkert bannorð í mínum huga frekar til vegagerðar en til annarra þarfra verkefna. Það er þó augljóst mál að það er óhagstæður kostur fyrir vegagerðina sem málaflokk og sérstaklega óhagstæður og varhugaverður kostur fyrir einstök kjördæmi að fara út á þá braut að taka í stórum stíl lán til framkvæmda sem síðan þurfa að greiðast af framkvæmdafé viðkomandi kjördæma á síðari árum. Það er mjög óhagstætt að stefna inn á það sérstaklega með tilliti til þess að það mundi skapa ýmsa erfiðleika við áframhaldandi framtíð langtímaáætlunarinnar við vegagerð ef farið yrði inn á þá braut vegna framkvæmda í einstökum kjördæmum. En ég tek það aftur fram að í mínum huga eru þó erlendar lántökur ekkert frekar bannorð til vegamála en til annarra framkvæmda. Það má út af fyrir sig segja að það geti komið þannig út hjá því opinbera ef lánveitingarnar ganga ekki til vegamálanna og hærri fjárveitingar eru til þess málaflokks að þær komi einhvers staðar annars staðar niður og má þá einu gilda. En ljóst er þó að fáar framkvæmdir ef nokkrar eru jafnhagkvæmar, jafnþarfar og jafnnauðsynlegar og framkvæmdir á sviði samgöngumálanna.

Herra forseti. Ég hef þá farið yfir það helsta sem ég vildi koma á framfæri við afgreiðslu þessarar vegáætlunar. Ég ítreka þann skilning minn á nefndri bókun í nál. frá fjvn. á þskj. 946 og að sá skilningur er algjör forsenda þess stuðnings sem ég get veitt þessari vegáætlun.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þeirra ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, að í hans huga væri Ólafsfjarðarmúlinn kominn í biðstöðu og var ekki annað að heyra á efni hans ræðu en að hann gerði lítið úr þeirri bókun sem birt er í nál. fjvn. og ég vil þakka fjárveitinganefndarmönnum fyrir. Ég er algerlega ósammála hv. þm. og þykir raunar leiðinlegt að hann skuli tala með þessum hætti í þessum ræðustól. Við munum eftir því að þegar samkomulagið var á sínum tíma gert um Ó-vegaáætlunina var það staðfest í nál. meiri hl. nefndarinnar 18. maí 1981 og það er mér sérstakt fagnaðarefni að öll fjvn. skuli nú standa að svofelldri yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því samkomulagi sem gert var um svokallaða Ó-vegi var út frá því gengið að fyrst yrði lokið við veginn fyrir Ólafsvíkurenni, síðan við veginn um Óshlíð, en í beinu framhaldi yrðu gerð jarðgöng gegnum Ólafsfjarðarmúla. Gert var ráð fyrir sérstakri fjárútvegun í þessu skyni. Samkvæmt vegáætlun verður byrjað á jarðgöngum í gegnum Ólafsfjarðarmúla árið 1988. Fjvn. lýsir yfir þeim vilja sínum að aflað verði sérstaks framkvæmdafjár til þessa verkefnis til þess að jarðgangagerðin geti haldið viðstöðulaust áfram og með eðlilegum hraða að mati Vegagerðar ríkisins."

Svo mörg voru þau orð. Á bak við þessa yfirlýsingu standa fulltrúar allra þeirra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi og þetta er sú nefnd sem eðlilegt er að fjalli um vegamál og vegáætlun. Ég sé ekki annað en þessi málsmeðferð sé fullkomlega eðlileg. Á þessari stundu er ógerningur að slá því nákvæmlega föstu hve mikið fjármagn þurfi til jarðgangagerðarinnar þau ár sem verið er að brjótast í gegnum fjallið. Það hefur verið talið af Vegagerð ríkisins að það þurfi um 140 millj. kr. hvort árið 1989 og 1990 og telur Vegagerðin að hún hafi þar borð fyrir báru. Miðað við reynslu alþm. af Vegagerðinni

má ætla að hún reynist þar sannspá því að þeim hefur ekki verið lagið að vera með neinar skýjaborgir þegar þeir hafa talað um framkvæmdahraða eða vegáætlun heldur reynt að vera gætilegir í sinni áætlunargerð. Ég efast ekki um að við þetta verði staðið. Ég ítreka það. Hér er um það að ræða að allt þingið stóð að ákveðnu samkomulagi um framkvæmdaröð um stór og kostnaðarsöm verkefni. Þetta er síðasta verkefnið í þeirri áætlun og ég held að þm. sé ljóst að nauðsynlegt sé að hægt sé að ná slíkum áætlunum framvegis þegar um mikil verkefni er að ræða. En til þess að um slíkt geti tekist samkomulag verður að sjálfsögðu að standa við slík samkomulög þegar þau eru gerð.

Ég ítreka þakkir mínar til fjvn. og veit að Alþingi mun standa við þau orð sem skrifuð standa í áliti fjvn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur staðið um hríð umræða um vegamál. Það hefur heyrst á sumum að vegirnir væru fyrir dreifbýlið, en ég vil halda því fram að vegirnir séu fyrir þjóðina alla. Og vegirnir eru undirstaða þess að Íslendingar geti tekið á móti aukningu á erlendum ferðamönnum til landsins sem er eitt það arðbærasta sem við getum tekið okkur fyrir hendur á næstu árum, þ.e. að þjóna erlendum ferðamönnum og fá þannig gjaldeyri.

Engu að síður er mikið hik á mönnum að lýsa því yfir hvert stefni í þessum málum. Við höfum vissulega náð verulegum árangri í lagningu á bundnu slitlagi. Það skyggir þó á þá ánægju að viðhald malarveganna hefur verið allsendis ófullnægjandi. Hluti af árangrinum í lagningu á bundnu slitlagi byggist á því að það hefur verið tekið af því fjármagni sem með eðlilegum hætti hefði átt að fara í að tryggja að malarvegirnir væru akfærir.

Það er búið að berja á því mjög oft að erlendar lántökur séu af hinu illa, en hvar væri þessi þjóð stödd ef hún hefði aldrei tekið nein erlend lán? Vissulega er hægt að standa þannig að erlendum lántökum að manni sýnist að þær hafi orðið til lítils gagns. Mér verður hugsað til þess þegar ég horfði áðan á hv. 5. þm. Austurl. tala um vegamál hvort það hefði ekki verið betra fyrir þá Austfirðinga ef sá milljarður sem fór í rannsóknir á virkjunum fyrir austan hefði farið í vegina þar. Ætli það væri ekki ögn betra ástandið í málum Austfirðinga ef þannig hefði verið að málum staðið? Satt best að segja er það stundum umhugsunarefni þegar einstakir ráðherrar fá hálfgert víðáttuæði í rannsóknum fram í tímann, eins og gerðist með hv. 5. þm. Austurl. þegar hann var iðnrh. þessa lands. (**KP:** Var ekki hv. þm. stuðningsmaður hans? Er það misskilningur?) Ég hélt að hv. 3. þm. Vestf. hefði ekki skaðast á minni. En mun þó koma að því síðar í umræðunni.

Ég tel að það blasi við ef horft er á gjaldskrárákvarðanir Landsvirkjunar að mjög mikið af erlendum skuldum muni greiðast upp fram til næstu aldamóta. Þessi þjóð þarf að taka ákvarðanir um erlendar lántökur til að koma vegunum á Íslandi í viðunandi horf. Það er rými til þess vegna þess að það er engin skynsemi sem mælir með því að halda áfram orkuframkvæmdum með þeim hraða sem áður hafði verið talið rétt vegna sölumöguleika á orku til stóriðjuvera.

En það er fleira sem leitar á hugann þegar hugleidd er staðan í vegamálum. Við höfum tvær stjórnarandstöður í þessu landi. Önnur situr í þingsölum og er ekki valdamikil þannig að það er varla hægt að standa í því að skamma hana mikið hvað vegamálin snertir. Hin stjórnarandstaðan situr í ASÍ *og hún er valdamikil. Hún lagðist ásamt atvinnurekendum mjög hart gegn* því að þegar orkuverð lækkaði á alheimsmarkaði og þar var rými til að taka fé til vegamála væri það gert. Það er kátbroslegt og um leið umhugsunarefni fyrir óbreyttan stjórnarþingmann að sitja undir því að fyrst hamast stjórnarandstaðan sem hefur völdin, mótar stefnuna og hefur sitt fram með hótunum um ófrið í landinu verði ekki að þeim kostum gengið, og svo kemur stjórnarandstaðan, hin valdalausa, og hellir sér yfir menn í þingsölum fyrir að standa ekki við áform í vegamálum.

Þannig er staðan í þessum málum. Og hvað er það fleira sem er að gerast? Hv. 3. þm. Vestf. tekur að sér það hlutverk fyrir Alþfl. að ræða um vegamál. Það vill svo til að það liggur fyrir skjalfest hver stefna Alþfl. er í vegamálum. Sú stefna var mótuð þegar þeir voru einir í ríkisstjórn og lögðu fram fjárlagafrv. í sölum Alþingis. Hæstv. fjmrh. Tómas Árnason hafði lagt til að það yrði varið 21 milljarði 963 millj. til vegamála. Og svo tók Alþfl. við. Hann lagði til að það yrði varið til vegamála 19 milljörðum 463 millj. Hann skar vegamálin niður um 2½ milljarð. Svo kemur hv. 3. þm. Vestf. og prédikar hér eins og hann einn allra Íslendinga hafi áhuga á vegaframkvæmdum í þessu landi. Hvað hefur sá, hv. 3. þm. Vestf., afrekað? Hann er búinn að gera sérstakt friðar- og kærleiksbandalag við aðilann sem sat í fjármálaráðherrastólnum og skar vegamálin niður um 2½ milljarð og hann mun það sem eftir er þessa vetrar leggja allt kapp á að vinna þessum manni fylgi til að koma honum inn á Alþingi eftir friðarsamkomulagið fyrir vestan. Tvo og hálfan milljarð skar hann niður, en hér stendur hann upp og prédikar af fullri hörku: Við viljum peninga í vegi. Hver trúir því að það sé eitt einasta orð að marka *af málflutningi svona manna?* Það er ekkert orð að marka af svona málflutningi.

Herra forseti. Ég gat þess áðan að það væri takmarkað hvað vert væri að leggja á sig að skamma þá stjórnarandstöðu, hina valdalausu, sem hér er í þingsölum. En það er aftur á móti ærið umhugsunarefni fyrir Alþingi Íslendinga í hvaða herkví hún hyggst láta ASÍ og VSÍ reka sig í hinum ýmsu málum. Við vorum að ræða frv. til húsnæðislaga. Þá kom í ljós að ASÍ og VSÍ samþykktu ekki þetta og samþykktu ekki hitt. Þá færi allt úr böndunum. Það hlýtur að vera að Alþingi Íslendinga þurfi að manna

sig upp í að endurheimta það vald sem það hafði og það þor sem það hafði til að taka ákvarðanir, hvort sem þessir aðilar væru því vinveittir eða ekki. Og af því hæstv. samgrh. er genginn í salinn þykir mér rétt að koma því á framfæri að ég tel að þrátt fyrir það frv. til vegamála sem hér liggur fyrir... (**KP:** Það er þáltill.) Það er rétt hjá hv. 3. þm. Vestf. og sér að kollurinn er í lagi að nokkru leyti í það minnsta. (**KP:** Hann hefur alltaf verið það.) Það er ekki sök hæstv. samgrh. að svo hefur farið að úr þessum málaflokki hefur verið dregið. Það vita allir að það hefur verið hinn utanaðkomandi þrýstingur sem menn hafa gefið eftir fyrir. Sá þrýstingur er þeirrar stjórnarandstöðu sem er utan þingsins og hefur fengið að ráða of miklu í ákvörðunum um fjárveitingar til vegamála á Íslandi.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það leynir sér ekki að það er farið að styttast í kosningar. Einn ræðumaður tímasetti þær eftir fimm vikur hér frá og það hygg ég að stemmi við dagatalið. Aðrir stjórnmálaatburðir eru enn þá nær, þ.e. framboðsfundir sem hljóta að hefjast mjög fljótlega eftir að þessu þingi lýkur. Það er vissulega greinilegt að menn eru að hita sig upp fyrir þau átök sem þar eru fram undan.

Það vekur athygli við þessa umræðu að þeir sem deila á þá vegáætlun sem liggur fyrir tala einkum um brigð í sambandi við þá framkvæmd vegna þess að ekki hefur komið það fjármagn til áætlunarinnar sem langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Þetta er að sjálfsögðu alveg rétt. Menn tala hins vegar ekki um það sem hefur unnist á þessum fjórum árum. Það er slæmur kostur að það skuli ekki liggja fyrir hvernig staða framkvæmdanna er. Ég hef spurst fyrir um það hjá Vegagerðinni hvað mikið væri óunnið af þeim verkefnum sem áætlanir voru á þessu fjögurra ára tímabili, fyrsta hluta vegáætlunar, og það liggja ekki fyrir um það upplýsingar. Það er þannig ekki gott að henda reiður á því. En ég vildi leggja til að vegáætlun væri sett upp með þeim hætti að það væri hægt að rekja hvernig verk ganga áfram. Mér sýnist nefnilega að það hafi verið unnið þrekvirki á síðustu fjórum árum að ná fram jafnmiklum breytingum í vegakerfinu og raun ber vitni um. Það er því meira þrekvirki að það hefur alls ekki verið eytt því fjármagni sem gert var ráð fyrir að til þess þyrfti. Ef þetta fjármagn hefði komið, þessar viðmiðunartölur, og ef því hefði verið eytt hefði enginn maður talað um svik, jafnvel þótt framkvæmdirnar væru í líkum dúr og þær eru.

Menn varast það og þá sérstaklega stjórnarandstaðan að tala um jákvæðu hliðarnar á þessu máli sem vissulega skipta hér sköpum. Það er líka deilt á það í þessari umræðu að nú skuli ekki vera skipt upp meira fjármagni fyrir næstu fjögur ár. En hvað skyldi stjórnarandstaða hafa sagt ef það hefði verið skipt upp meira fjármagni en markaðir tekjustofnar segja fyrir um? Ætli það hefði þá ekki verið talað um kosningavegáætlun? Ætli það hefði þá ekki verið talað um að stjórnin ætlaði þeim er við taka stærri hlut í þessum efnum en hún hefur sjálf lagt til.

Það er að sjálfsögðu, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., hægur vandinn að hækka þessa tölu, m.a.s. við næstu fjárlagagerð ef mönnum sýnist svo. Hér er sem sagt valinn sá kosturinn að skipta einungis mörkuðum tekjustofnum sem getur varla verið deilumál að ekki getur öðruvísi farið en að muni skila sér inn til þessara verkefna alveg án tillits til þess hverjir kunna að stjórna landinu.

Það er, eins og ég sagði áðan, farið að hitna víðar undir hinum pólitísku pottum en á Vestfjörðum eins og við máttum heyra á ræðu síðasta ræðumanns. Þess ber greinilega merki í ræðum okkar Austfirðinga líka. Það sem hefur í þeim efnum vakið helst nokkra athygli er það sem bent hefur verið á í þessari umræðu um hlutfallslega skiptingu í Austurlandskjördæmi næstu fjögur árin innbyrðis. Það kemur þar í ljós að fyrstu þrjú árin er Austurland undir sinni prósentu og þá sérstaklega árin 1988 og 1989. En á þessu eru ákveðnar skýringar. Það sem skiptir kannske aðalmáli í þessu sambandi er að þm. Austurlands eru sjálfir örlagavaldurinn í þessum efnum. (**KP:** Allir?) Já, já, allir og fleiri Austfirðingar en bara alþm.

Þannig er nefnilega mál með vexti að það hefur verið mikil áhersla lögð á að tengja nyrstu byggðir Austurlands við Fljótsdalshérað og þá að sjálfsögðu samgöngukerfið sem því fylgir með því að leggja veg úr Jökulsárhlíð yfir til Vopnafjarðar yfir Hellisheiði. Þetta er mikil framkvæmd. Þessi vegagerð í heild sinni er áætlað að kosti 200–300 millj. kr. og til þess að komast yfir Hellisheiði og tengja vegina þar saman, sem eru þá í raun og veru bráðabirgðavegir sitt hvorum megin heiðarinnar, er talið að þurfi um 100 millj. kr.

Það hafa verið miklar áherslur frá Austfirðingum um að þessi vegaframkvæmd yrði að raunveruleika og þegar gengið var frá langtímaáætlun eins langt og það náði voru gerðir fyrirvarar um að við þessi tímamót, þ.e. við upphaf 2. áfanga langtímaáætlunarinnar, yrði tekið sérstaklega til athugunar að setja þessa vegaframkvæmd í framkvæmdaröð. Það hafa vissulega borist áherslur um það víðar að en aðeins úr byggðunum norðan við Hellisheiði. M.a. hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi lagt mikla áherslu á þessa vegagerð. Á síðasta aðalfundi sambandsins var ekki nema eitt — ég held að ég fari nokkurn veginn rétt með það — áhersluatriði í sambandi við vegamál á Austurlandi og það var vegarlagning yfir Hellisheiði.

Þegar þm. Austurlands komu til fyrsta fundar við Vegagerð ríkisins fylgdu þeir sameiginlega þessari áherslu eftir. Og hvað skyldi það þýða að þessi ákvörðun hafi verið tekin um innbyrðis skiptingu innan kjördæmisins? Vegagerð ríkisins hefur þá vinnureglu að hún leitast við að hafa almenn verkefni og bundin slitlög með sem jöfnustum hætti á milli ára. Þar er leitast við að fylgja þeirri meginreglu að þessir tveir framkvæmdaflokkar taki ekki

breytingum á milli ára. Í Austurlandskjördæmi er núna verið að ljúka við sérverkefni sem eru í rauninni lokaáfangi í að tengja Austurland við veginn um Austur-Skaftafellssýslu með lagningu bundins slitlags úr Geithellnahreppi og yfir í Bæjarhrepp, en síðan kemur ekki sérverkefni til sögunnar í Austurlandskjördæmi fyrr en á síðasta tímabili þessarar áætlunar, árið 1990. Þá er sett inn fjárveiting til vegarlagningar yfir Hellisheiði upp á 38 millj. kr. Á árinu 1988 og árinu 1989, hvoru ári fyrir sig, er fjárveiting til þessara framkvæmda 1 millj. kr. til að undirbúa þetta verkefni sem ekki er tæknilega hægt að dómi Vegagerðar ríkisins að vinna fyrr en á árinu 1990. Þetta gerir að verkum að þessi framkvæmd dregur fjármagn til sín á síðasta ári langtímaáætlunarinnar. Þetta er skýringin á því hvers vegna þetta hlaup er í skiptingu fjármagnsins í Austurlandskjördæmi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta veit og skilur hæstv. sjútvrh. og ég er sannfærður um að hann ber ekki brigður á þetta, en miðað við fyrri reynslu af hv. 5. þm. Austurl. frá því að hann var ráðherra í síðustu ríkisstjórn og með tilliti til hans embættisverka þar þarf enginn að láta sér koma á óvart þó að jafneinfaldar skýringar sem þessar snúi á haus í kollinum á honum. Þetta er þessi skýring.

Ég hafði orð á því á fundi með formanni Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og framkvæmdastjóra þess sambands, sem fleiri þm. Austurlands sátu og þar sem þeir voru enn með áherslur um að þessi framkvæmd skyldi ganga fram á þessu áætlunartímabili, að ég hefði ekki orðið þess var á aðalfundi sambandsins, þar sem ræðumenn lýstu stuðningi sínum við þessa framkvæmd hver á eftir öðrum, að það hefði verið talað um hvað ætti að taka til baka úr vegagerðarframkvæmdum á Austurlandi ef þessi framkvæmd yrði tekin með. Þeir könnuðust vel við að það hefðu ekki verið neinar tillögur uppi um það. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess þegar áhugamenn eru að berjast fyrir sínum stóru áformum að það séu gerðar tillögur um hvað sé strikað út og hvað sé fært til baka. Vitanlega er ekki hægt að gera því skóna að almennt sé það gert. En það ætti ekki að vefjast fyrir reyndum þm. að þegar bætt er við á vegáætlun framkvæmd sem nemur 40 millj. kr. þurfi hún að draga til sín fjármagn. Auðvitað hefði þetta dæmi litið öðruvísi út í Austurlandskjördæmi ef Vopnafjarðarleiðin hefði verið lögð af og þá hefði Hjörleifur Guttormsson getað talað við vonda menn í fjvn. sem ekki hefðu viljað laga veginn yfir Hellisheiði. Það er því út af fyrir sig kannske vandmeðfarið í þessum efnum.

En annað er það að ég óttast ekkert að tala við hv. 5. þm. Austurl. um fjárveitingar í Austurlandskjördæmi og ég er m.a.s. ekkert hræddur að bera saman síðasta ár hans ríkisstjórnar og þeirrar sem nú er að skila af sér fyrir Austurlandskjördæmi. (**HG:** Hvert var síðasta ár hennar?) Ég held að ég sé búinn að skýra þetta með fullnægjandi hætti. (**Menntmrh.:** Ertu viss um það?) Ég skil vel efasemdir félaga míns og samstarfsmanns míns, Sverris Hermannssonar. Hann hefur reynslu af því eins og ég að það gengur misjafnlega vel að koma a.m.k. 5. þm. Austurl. til vits þegar fjármál eru annars vegar eins og hans embættisferill ber skýrast vott um. (**HG:** Ef menn geta miðlað viti er það mest um vert.) Ég held að hv. þm. hafi ekki af miklu að miðla í þeim efnum eins og reynslan sýnir. Það er hægt að tína fleiri en einn skuldamilljarð til. Hér var tilgreindur 1 skuldamilljarður frá hans dögum. Þeir eru held ég nokkru fleiri en sá eini. En það ræðum við betur síðar.

Þetta læt ég nægja sem skýringu frá minni hendi í þessum efnum. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að skiptiprósentan í Austurlandskjördæmi er með þessum hætti. Því valda sameiginlegar óskir Austfirðinga um að það verði byggður vegur yfir til Vopnafjarðar og sameiginlegar áherslur frá þm. kjördæmisins um að það verk skuli verða hafið á þessu kjörtímabili. Þetta er ástæðan fyrir því en ekki að fjvn. hafi verið að mismuna Austurlandi til hins verra eins og fram hefur komið í þessari umræðu.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er hafið yfir allan vafa að samgöngumálin eru einhver allra stærstu hagsmunamál landsbyggðarinnar. Þess vegna þarf engan að undra þó að rætt sé í nokkuð löngum ræðum um næstu vegáætlun. Það er þó ekki tilgangur minn að koma upp í ræðustól til að eyða dýrmætum tíma þingsins. Við vitum allir að það má margt um þessi mál segja. Það má þakka fyrir það sem vel hefur verið gert. Það má ræða í löngu máli um framtíðaróskir og fyrirætlanir og það má benda á ýmis verkefni þar sem óskir manna hafa ekki náð að rætast.

Hér hefur orðið nokkurt karp milli manna um skiptingu fjár milli hinna einstöku kjördæma. Ég segi fyrir mig að ég nenni ekki í svona stóru máli að karpa um brot úr prósentustigi eða eitthvað annað þess háttar eins og ég verð að segja að mínir ágætu félagar, einkum Austfirðingar, hafa leikið hér. Þetta er miklu stærra mál en svo. Ég held að við þm. landsbyggðarinnar ættum miklu fremur að reyna að haldast í hendur í þessu máli og raunar allir þm. því að þetta varðar okkur öll, allt landið.

Ég gæti að sjálfsögðu rætt hér um mitt kjördæmi, Vesturlandskjördæmi, í löngu máli, bæði smá og stór atriði og óskir manna og vonir um að eitthvað rætist úr, en ég ætla að láta nægja að benda á eitt einasta mál. Það er að vísu nokkuð stórt, enda stöndum við frammi fyrir ýmsum stórverkefnum í vegagerð nú á tímum sem við réðum ekki með nokkru móti við fyrir nokkrum árum eða áratugum.

Það hefur verið mikið áhugamál okkar þm. Vesturlands nú á síðustu árum að fá athugaða möguleika á því að leggja veg og brú yfir Gilsfjörð. Við teljum að það sé afskaplega þýðingarmikið atriði að fá þetta upplýst. Ef þessi vegur yrði byggður og þessi brú gerð mundi það stytta leiðina milli Vestfjarða og Vesturlands um líklega eina 24 km og það á mjög

erfiðum vetrarvegi svo að þetta er ekki neitt smámál þegar um svo góða granna er að ræða sem eru þarna sitt hvorum megin við Gilsfjörðinn.

Nú er það svo að nokkurri fjárhæð hefur verið varið í þessar rannsóknir s.l. 2–3 ár. Á árinu 1986 var varið í þessu skyni 1 millj. kr. og nú er þess að vænta að þeir sem fyrir rannsókn þessari stóðu leggi fram sínar niðurstöður því að rannsóknin mun vera langt á leið komin þó að ekki sé öllu fé eytt sem til hennar var ætlað. Nú hygg ég að þeir Vegagerðarmenn hafi í hyggju að gefa út eitthvert smárit um þetta efni þegar líður að vori. En ég hef þegar frétt það eða það hefur spurst að þessi áætlun beri með sér að hér sé um arðsama og góða framkvæmd að ræða, að vísu nokkuð dýra. En hún leysir líka mikinn vanda.

En það er ekki allt búið þó að það liggi fyrir að hægt sé að fara þarna yfir fjörðinn. Nú þurfa að taka við nýjar rannsóknir, vistfræðilegar og líffræðilegar rannsóknir, og til þeirra er ætlað nokkurt fé, bæði á þessu og næsta ári, og fögnum við því. Þetta mál er sem sagt á góðri leið því að öll svona stórmál taka langan tíma.

Nú hefur verið lögð fram langtímaáætlun í vegagerð. Það er 25. mál á dagskránni í dag. Það er sagt að vísu að með tilliti til þess hvað Alþingi sitji stutt að þessu sinni sé till. að endurskoðaðri langtímaáætlun einungis lögð fram til kynningar nú, en þá haft í huga að hún verði endurflutt á næsta þingi. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta mál verði rætt nú þar sem það er einungis lagt fram til kynningar, en í því skjali sem hefur verið lagt fram í því máli segir um úttekt vegakerfisins að viðamestu breytingar frá fyrri áætlun sem nú er gert ráð fyrir séu eftirfarandi. Þar eru talin upp nokkur atriði og þar er sagt m.a.:

„Áætlað er að Vestfjarðavegur liggi yfir Gilsfjörð frá Kaldrana [þ.e. Kaldrana í Stórholtslandi í Saurbæ] að Króksfjarðarnesi í stað þess að fara inn fyrir fjörðinn.“

Það er mjög ánægjulegt að lesa þetta á þessum stað og ég get ekki látið hjá líða að geta þess, þar sem hér er um stórt byggðamál að ræða að fyrir fáum dögum var haldinn fundur allra hreppa í Austur-Barðastrandarsýslu. Þar var borið undir atkvæði manna hvort ekki væri ráð að sameina þessa fimm hreppa, en þar er um byggðavandamál að ræða eins og víðar í okkar ágæta landi. Á þessum sameiginlega fundi, en fyrir honum stóðu að sjálfsögðu ýmsir ráðamenn, þar á meðal sýslumaður og sveitarstjórnarmenn, var samþykkt með 90% atkvæða, að því er fregnir herma, að sameina þessa hreppa alla í einn hrepp. Fagna ég alveg sérstaklega hvað þarna hefur tekist góð samstaða meðal Austur-Barðstrendinga til að bjarga sínu byggðarlagi og halda inn í bjartari framtíð. Það er sérstök ástæða til að geta um þennan fund og þessa niðurstöðu í sambandi við vegagerð fyrir Gilsfjörð. Ég álít að þar sé einhver allra besta leiðin til að færa okkur Vestlendinga og Vestfirðinga nær hverjum öðrum því að við þurfum að vinna saman eins og við höfum gert frá alda öðli og við þurfum að bæta samgöngur í okkar heimabyggð svo við getum unnið betur saman. Þess vegna fagna ég mjög því sem hér er rætt um í komandi vegáætlun.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfáar athugasemdir sem ég tel rétt að koma á framfæri. Mér þykir verst að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er horfinn úr salnum, en það kemst vonandi til skila það sem ég ætlaði við hann að segja.

Það er mesti misskilningur hjá honum að ég hafi byrjað á því að efna hér til umræðna eða illdeilna um skiptingu vegafjár milli kjördæma. Það er komið frá Austfjörðum sjálfum. Það var hæstv. sjútvrh. sem tók það fyrstur upp að deila á hversu illa væri farið með Austfirðinga í þessum efnum. Það er ekki komið frá mér. Það á við aðra.

Í öðru lagi: Ég skildi hins vegar ekki hv. þm. Hjörleif Guttormsson þegar hann sagði: Ég vil fá meira fé, en ég vil ekki taka það frá neinum. Það kemur ekki heim og saman við það sem ég hef í kollinum og hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan að hann væri klár, kollurinn á mér. Það kemur ekki heim og saman þegar menn vilja meiri peninga úr því sem er um að ræða en ekki taka þá frá neinum. **(Sjútvrh.:** Þetta er eins og tillaga þín í fiskveiðimálum.) Það er rangt hjá þér, Halldór Ásgrímsson, og ekki fyrsta vitleysan sem hæstv. ráðh. segir hér. Því miður er landsbyggðin víða að blæða fyrir aðgerðir hæstv. sjútvrh. í fiskveiðimálum, ef hæstv. ráðh. vill fara að ræða um það hér undir vegáætlun. **(VI:** Taka það með.) Það er sjálfsagt að taka það með, já. Slæmt kann mönnum að hafa fundist í vegamálum, en helmingi verri hefur stjórnin verið í fiskveiðimálum undir handarjaðri Austfirðingsins Halldórs Ásgrímssonar og kemur engum á óvart.

Menn þurfa ekki að ásaka mig fyrir að hafa átt upphafið að því að tala um að menn væru að rífast að því er varðaði skiptingu vegafjár. Auðvitað greinir menn á um þetta og allir vilja fá meira, en málin eru svona eigi að síður.

Hæstv. samgrh. lét að því liggja að hann vonaðist til þess að áhugi manna til meiri peninga í vegaframkvæmdir entist lengur en fram að kosningum. Ég veit ekki við hverja hæstv. ráðh. á. **(HS:** Þú skilur það kannske seinna.) Það dreg ég í efa. Ég skildi hæstv. ráðh. samt svo að þeirra einstaklinga væri trúlega að leita á svipuðum slóðum og ég var að nefna að hafa haft með hendi stjórnun fiskveiða. Mér skilst að það hafi verið innan hæstv. ríkisstjórnar mikil andstaða frá einstökum ráðherrum um að auka fjármagn til vegaframkvæmda.

Hæstv. ráðh. tók það mjög illa upp að við skyldum tala um að afgreiða vegáætlun til eins árs nú miðað við að kosningar eiga sér stað núna í apríl. Er óskynsamlegt að ætla nýkjörnu þingi og nýrri ríkisstjórn að taka við ákvörðun um vegaframkvæmdir næstu þrjú árin eftir að hún er komin að völdum um mitt ár 1987? Menn hafa hálft ár fyrir sér til að ákvarða. Ný ríkisstjórn hlýtur í stjórnarsátt-

mála að gera samkomulag um hvernig hún ætlar með vegamálin að fara eins og önnur mál. Það er ósköp skiljanlegt og er að mínu viti mjög skynsamlegt að ætlast til þess að nýir aðilar taki við málum. Ég sá ekki að hæstv. núv. samgrh. færist það neitt sérstaklega illa þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og fleiri skildu við óafgreidda vegáætlun 1983. Hvað þá þegar menn hafa hálft árið fyrir sér til að ákvarða hlutina í áframhaldinu. Ég held að þetta eigi ekki við. (**EgJ:** Viturlega mælt.) Átti þm. von á einhverju öðru?

En aðalástæða þess að ég kom upp aftur var sú eindæma ræða um vegáætlun sem hv. 5. þm. Vestf. flutti áðan. Ég er búinn að vera viðloðandi á hv. Alþingi frá 1971 og hef, að ég tel, fylgst með velflestum umræðum um vegamál. Ég man ekki eftir einni einustu ræðu sem flutt hefur verið um vegamál á þann veg sem hv. 5. þm. Vestf. talaði áðan, það var með slíkum eindæmum, enda kom hann ekki nálægt umræðuefninu. Það sem þvældist mest fyrir brjóstinu á honum voru framboðsmál vestur á fjörðum og ég er ekki hissa þó að það þvælist mest fyrir hv. 5. þm. Vestf.

Hann vísaði því til Alþýðusambands Íslands að það hefði ráðið ferðinni í því hversu lítið væri veitt til vegamála. Við skulum hafa í huga að þessi hv. þm. er búinn að vera stjórnarþm. í nærri sjö ár, hefur ráðið ferðinni í nær sjö ár sem stjórnaraðili að því er varðar vegaframkvæmdir og annað. Ég er því ekki hissa þó að hv. þm. komi sér hjá því að víkja einu orði að vegamálunum sem slíkum.

Það er út af fyrir sig rétt að áhrifamenn innan Alþýðusambands Íslands voru andvígir því að nýta sér lækkun bensínverðs til að setja fé í vegaframkvæmdir. En þeir ku hafa verið fleiri sem voru þeirrar skoðunar sem eru þó valdameiri að mínu viti en valdamenn innan ASÍ. Þeir munu hafa verið innan ríkisstjórnar, innan stjórnarflokkanna, í sama pakka og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að tala um hver væri stefna Alþfl. í vegamálum. Því miður hefur Alþfl. ekki haft tækifæri til þess í reynd undangengin allmörg ár að sýna í verki hver stefna hans er í vegamálum, en það er kannske að koma að því og af því eru menn hræddir. Það eru fleiri en hæstv. sjútvrh. sem eru farnir að titra á beinunum yfir því að þurfa að yfirgefa stólinn. En það skyldi ekki vera, ef Alþfl. fengi að ráða einhverju í vegamálum, að það yrði betur fyrir því séð en gert hefur verið í tíð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar í nær sjö ár sem stjórnarliða? Ég er ekki hissa á því þó að mönnum verði sárt um ef staðreyndir eru raktar og upp rifjað það sem gerst hefur á undangengnum árum.

Við skulum ekki gleyma því heldur að Framsfl. hefur átt samgrh. á þessu tímabili, hálfgerðan fósturpabba hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, núv. hæstv. forsrh. Menn skulu ekki gleyma því. Eftir allan þennan tíma með svona lið sem meðreiðarsveina standa málin ekki betur en nú er þannig að þessum hv. þm. ferst ekki að brigsla öðrum sem ekki hafa enn fengið tækifæri til að segja til um það í reynd hvað þeir mundu gera.

Nei, ég held að menn, ekki síst þeir sem ætla sér að vinna traust þeirra sem verst eru settir í samgöngumálum yfirleitt, þurfi annars konar viðbrögð en hér voru sýnd af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að því er þetta mál varðar, enda sýnist mér hafa komið í ljós að það þarf að styrkja það traust sem hann ætlar sér að eiga frá því sem verið hefur, ætlar sér að halda áfram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þessar umræður hafa nú staðið nálega fjórar klukkustundir. Það er nokkru lengra en vænst var. Þess var vænst að þetta tæki naumast svo langan tíma. Það eru 33 mál á dagskrá og mikinn hluta þeirra var ætlað að afgreiða á þessum fundi og koma nokkrum málum í nefnd, málum sem gert er ráð fyrir að þurfi að hljóta afgreiðslu á þessu þingi.

Þá er gert ráð fyrir fundum í deildum á eftir og hefur verið stefnt að því að ljúka þessum fundi um sexleytið. Nú eru þrír enn á mælendaskrá og fleiri verk að vinna. Því er nú vinsamlega beint til þeirra sem eru á mælendaskrá hvort þeir geti ekki hugsað sér að stilla máli sínu í hóf. Þetta er komið undir vilja hv. þm. Það er ekki verið að takmarka umræður.

Frsm. fjvn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Mér er mjög ljúft að verða við tilmælum hæstv. forseta um að haga máli mínu á þann veg að tefja ekki mjög þessa umræðu. Að sjálfsögðu gæti ég haft sitthvað að segja um þær umræður sem hér hafa farið fram, en ég mun láta það liggja á milli hluta.

Hæstv. sjútvrh. vék nokkuð í máli sínu að þeim vinnureglum sem notaðar hafa verið við að ná fram ákvörðunum um skiptingu framkvæmdafjár á milli einstakra kjördæma og hann lýsti þeirri skoðun sinni að ástæða gæti verið til að bæta um þær vinnureglur á þann máta að reisa skorður við því hversu mikil skerðing á skiptitölu tiltekins kjördæmis gæti orðið að hámarki ef skerðing yrði á skiptitölu þess kjördæmis á fleiri en einu áætlunartímabili í röð.

Ég vil lýsa skoðunum mínum í sambandi við þessa hugmynd hæstv. ráðh. með svipuðum hætti og gert var af hæstv. samgrh. Ég tel að það geti verið full ástæða til þess að það sé gert og ég mun, þrátt fyrir að fjvn. hafi lokið afgreiðslu þessa máls og hafi ekki hugsað sér að fjalla sérstaklega um vegáætlun frekar það sem eftir lifir þessa þings, athuga hvort ekki fáist vilji fyrir því innan fjvn. að taka þetta mál upp og samþykkja bókun um það efni að reisa skorður við því að skiptitala kjördæma geti skerst meira en um tiltekna hlutfallstölu á tveimur áætlunartímabilum. Við höfum notað þá viðmiðunarreglu að skerða ekki skiptitölu meira en um 2% á einu áætlunartímabili, en það hefur ekki haggað því að skiptitalan hefur getað skerst einnig á því næsta og þar er eðlilegt að reisa skorður við þannig að það fari ekki yfir ákveðna prósentutölu áður en farið er að vinna

þessa skerðingu til baka.

Ég vildi aðeins koma hingað í þennan ræðustól til að lýsa því yfir að ég mun taka þetta upp í fjvn. og leitast við að móta samkomulag um reglu sem notuð yrði til frambúðar í þessu tilliti og mundi ég þá láta senda þá bókun bæði hæstv. samgrh., hæstv. sjútvrh. og að sjálfsögðu til Vegagerðar ríkisins.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er vert að undirstrika enn í þessari umræðu að það hefur tekist að standa við langtímaáætlun á fyrsta tímabili. Því veldur að efnahagsástandið hefur batnað, olía hefur lækkað, hagstæð útboð hafa komið til, einnig hefur viðhaldsfé verið beint mjög í slitlög. En ég undirstrika að það kemur hins vegar niður á viðhaldi malarvega og heflun og getur ekki staðið til langframa. Að standa við langtímaáætlun hefur tekist þótt miklu minna fé hafi verið varið til þessara mála en til stóð. Þetta ber m.a. að þakka því að við höfum átt dugmikinn samgrh.

En svo er það næsta tímabil sem við erum að ræða um og það blasir við að það tekst ekki að halda uppi þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru nema til komi meira fé. Það hefur vantað að stjórnarliðar taki undir tillögur samgrh. síns að veita auknu fé til vegamála. Ef við hefðum farið í 2% í stað 1,5% að loknu þessu ári hefði verið hægt að skipta verulega meira á 1988, 1989 og 1990. Þá litu þessi mál sæmilega út í öllum kjördæmum.

Annars vil ég taka undir það, sem áður er komið fram, að karp á milli kjördæma á ekki að vera aðalsmerki þessarar umræðu heldur að standa saman um auknar fjárveitingar sem koma öllum kjördæmum til góða. Það hefði verið skemmtilegra fyrir stjórnarliða við afgreiðslu vegáætlunar á kosningaári um leið og við getum státað af miklum framkvæmdum að undanförnu að horfa betur til næsta áætlunartímabils en þessi tillaga ber vitni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef ekki talað langt mál í þessari umræðu og hyggst ekki lengja það mjög. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir hans orð varðandi Gilsfjörð. Það er eitt af þeim verkefnum sem bíða og þarf að framkvæma. Framkvæmdir í vegamálum á Vestfjörðum eru styttra komnar en í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi vegna þess hve verkefnin eru stór.

Ég vakti máls á og minnti hv. 3. þm. Vestf. á að þó að sú stjórnarandstaða sem hér væri inni réði litlu um þessi mál væri stjórnarandstaða utan þingsins sem réði miklu og hann viðurkenndi það og lýsti því yfir að það væri rétt að ASÍ réðist gegn því að hagnýta sér lækkun á olíu til að fara í auknar framkvæmdir í vegamálum. (**KP:** Áhrifamenn.) Þetta vil ég þakka honum alveg sérstaklega fyrir — áhrifamenn. Auðvitað er það það sem skiptir máli hvað áhrifamennirnir þar gera en ekki hinir.

Hann lýsti því jafnframt yfir að Alþfl. hefði ekki haft tækifæri í allmörg ár til að sýna stefnuna í vegamálum. Hann leggur á það áherslu að þurfa ekki að sýna hana núna áður en farið er til kosninga. Það eigi að sýna hana eftir kosningar. Það er stefnan. Seinasta stefna sem sýnd var af hálfu flokksins var niðurskurður upp á 2½ milljarð frá áður fram lögðum fjárlögum. Það er þess vegna ekkert skrýtið þó að menn séu dálítið hræddir við stefnu Alþfl. í vegamálum. Og með allri virðingu fyrir umræðum um meðreiðarsveina dylst það ekki neinum manni hvaða meðreiðarsveinn það er sem fer með hv. 3. þm. Vestf. í slaginn. Það er hæstv. fyrrv. fjmrh. sem lagði til niðurskurðinn upp á 2½ milljarð. Þetta eru staðreyndirnar sem hv. 3. þm. Vestf. kemst ekki fram hjá. Hann ætlar að berjast fyrir því fram á vor að meðreiðarsveinninn komist inn til að hægt sé að skera niður í vegamálum. (**Menntmrh.:** Og verður minntur á þetta.) Og hann verður minntur á það á fleiri stöðum en hér. Það blasir við.

Ég undirstrika að ég ætla ekki að fella neinn endanlegan dóm um það hversu klár hann er í kollinum, en mér sýndist, miðað við ræðuna hér áðan, að þarfasta verk sem hann hefði að vinna á næstunni væri ekki að skamma þingheim fyrir viðhorf til vegamála. Hann hefði ærið verk að vinna á heimavígstöðvum í þeim efnum. Það væri heimatrúboð sem biði hans ef hann ætti að ná árangri í því að koma einhverju fram í vegamálum.

Hann undrar að menn skuli ekki tala um einstaka vegspotta. Hann undrar að menn skuli tala um fjárveitingarnar í heild og þann vilja sem markast af slíku. En auðvitað hljóta það að vera fyrst og fremst átökin um þessa hluti sem blasa við á Alþingi Íslendinga á næstu árum.

Hv. 5. landsk. þm. telur að það sé farið að halla svo á Alþfl. í umræðunni að honum finnst að umræðan sé ekki til að greiða fyrir þingstörfum. Það er merkilegt að tarna. Er það komið svo að almennir stjórnarþm. hafi ekki rétt til að taka til máls og ræða um vegáætlun á þingi því að ef það verði til þess að eitthvað kuli um stjórnarandstöðuna verði því hótað að það verði bara til þess að menn tali þá lengur í öðrum málum?

Helgi Seljan:

Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. 5. þm. Vestf. söknum við þess ekkert í stjórnarandstöðunni að þeir hv. þm. stjórnarliðsins koma hér upp, ryðjast í stólinn hver um annan þveran núna í lok kjörtímabilsins, miðað við hvernig þeir hafa haldið á vegamálum á þessu kjörtímabili og miðað við hvað þeir hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga þegar það hefur verið til almennrar umræðu hér. Ég held að það sé nefnilega nauðsyn, án þess að ég vilji á nokkurn hátt takmarka málfrelsi þeirra frekar en okkar stjórnarandstöðuþingmanna í þessum málum, að vekja athygli á því í lok þessarar umræðu hvert er einkenni hennar. Aðaleinkenni hennar er að stjórnarsinnar hafa þurft að koma hér í stólinn með sína

slæmu samvisku hver um annan þveran í lok þessa kjörtímabils og þar af leiðandi hefur umræðan tekið þann langa tíma sem hæstv. forseti var að tala um áðan.

Það hefur jafnvel gengið svo langt, og sakna ég nú vinar í stað, að þegar mælt er hér fyrir hönd þingmannahóps eins kjördæmis, í þessu tilfelli Austurlandskjördæmis, af 1. þm. kjördæmisins, hæstv. sjútvrh., er haldið uppi andófi, ekki af þm. annarra kjördæma heldur af einum þm. kjördæmisins, stjórnarþm. að sjálfsögðu, sem er að reyna að útskýra hversu hlutur Austurlands er lakur í þessu efni. Svo koma flokksbræður þessa sama manns, bæði hæstv. samgrh. og hv. formaður fjvn., og reka ofan í hann allt saman og tala alveg þvert ofan í það sem hann var að segja áðan og lofuðu greinilegri leiðréttingu á *því sem unnt væri að gera í ljósi þess* sem nú þegar liggur fyrir. Þetta þykir mér með hreinum undrum.

En ég vil svo segja aðeins við hæstv. samgrh. í lokin, ég veit ekki hvort hann heyrir mál mitt, að ég harma þá almennu yfirlýsingu sem hæstv. ráðh. gaf um áhugaleysi manna hér á vegamálum. Ég segi a.m.k. það við hæstv. samgrh. að undir þeirri ásökun hans vil ég ekki sitja án þess að láta því mótmælt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég vildi vekja athygli forseta á því að í dag hefur verið dreift á þskj. 959 till. til þál. um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum. Hinn 15. okt. s.l. var lagt fram á Alþingi *þingmál nr.* 49, till. til þál. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þessari till. var vísað til nefndar 28. okt. 1. flm. þessarar till. er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hún hefur í félmn. Sþ. gert ítrekaðar tilraunir til að fá þetta mál afgreitt. Þar hefur því gjarnan verið borið við að málið væri í athugun, einkanlega að ég hygg hjá þingflokki Sjálfstfl., og er vitanlega ekkert við því að segja, allt saman eðlilegt og gott um það. En þegar það svo gerist að flutt er hér og dreift er á þinginu í dag till. sem er nánast alveg sama efnis og till. sem lögð var fram 15. okt. get ég ekki orða bundist um að vekja athygli á þessum sérstæðu vinnubrögðum.

Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð, herra forseti, vegna þess að þess þarf ekki, en ég vek hins vegar athygli á því að nú er mjög skammt eftir. Ef starfa á samkvæmt þeirri áætlun að ljúka þingi á *föstudag sé ég ekki að vinnist tími til að afgreiða till.* á þskj. 959, 428. mál, sem er nánast sama efnis og samhljóða þskj. 49. Ég vek athygli á því að þá hlýtur að vera kominn grundvöllur fyrir því að afgreiða fyrrnefndu till. úr nefnd, till. á þskj. 49, vegna þess að hér er fjallað um sömu mál. Ég ítreka að mér þykir hér einkennilega og mjög sérkennilega að málum staðið og beini því til hæstv. forseta að hann hafi áhrif á átt að till. á þskj. 49 fái afgreiðslu, verði afgreidd úr nefnd vegna þess að það virðist ekki vera efniságreiningur um málið.

Ég ætla ekki, þó að það væri vissulega hægt, að hafa fleiri orð um þessa uppákomu, en kýs að láta það bíða betri tíma þó að e.t.v. væri ástæða til.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að koma aðeins inn í þessa umræðu því að ég hefði gert slíkt hið sama ef hv. þm. Eiður Guðnason hefði ekki kvatt sér hljóðs um þingsköp út af þessu máli. Ég vil upplýsa þingheim um að við höfum setið saman í hv. félmn. Sþ. í vetur, umræddur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, og oftlega hefur það verið svo að það hefði ekki verið fundarfært nema af því að við sóttum fundi reglulega.

Þetta umrædda mál, sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur gert að umræðuefni hér, er búið að liggja fyrir nefndinni í allan vetur og margoft verið reynt að fá það afgreitt og eins og hér hefur komið fram liggur nú fyrir svo til samhljóða till. frá fjórum hv. þm. Sjálfstfl. og 1. flm. er formaður umræddrar félmn.

Í gær spurðum við síðast um þetta mál og þá var okkur sagt að það væri í athugun, en síðan liggur fullbúið þskj. á borðum okkar í dag. Ég held að þetta tali sínu máli og ég ætla ekki að segja neitt meira um það. En þetta er ekki eina málið.

Við lögðum hér fram, mig minnir að það hafi verið 13. eða 14. mál þingsins, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, lítið frv. um breytingu á barnalögum sem átti að vera til að bæta kjör nokkur hundruð barna í landinu. Það hlaut enga afgreiðslu. Það var alltaf beðið eftir athugun frá Sjálfstfl. Þeirri athugun lauk svo fyrir skömmu með því að nefndin var beðin af hálfu hæstv. heilbrmrh. að flytja brtt. við almannatryggingalög, ekki barnalög, um sama efni. Það var gert. Nefndin gerði það og það mál var keyrt hér í gegn og við getum hrósað sigri, við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, því að það er orðið að lögum sem við vorum að biðja um.

Maður hlýtur að velta fyrir sér: Á hvers konar samkomu erum við? Eru stjórnarandstöðuþingmenn réttlausir við að fá sín mál afgreidd hversu sjálfsögð sem þau eru, hversu sammála sem þingheimur er um þau, einungis vegna þess að það væri rós í okkar hnappagat? Aldrei hefur þetta verið verra en í vetur vegna þess að nú er kosningaár. Á meðan þessu hefur farið fram hafa formenn leyft sér að keyra sín eigin mál á örstuttum tíma gegnum þingið til samþykktar.

Ég vil nefna smámistök sem mér hafa t.d. orðið á. Við afgreiddum út úr þessari sömu hv. félmn. till.

formannsins, hv. þm. Gunnars G. Schram, um stofnun ferðamálaskóla, að vísu ofurlítið breytta. Ég var búin að gleyma því og þess var aldrei getið í umræðu um það mál að hér lægi fyrir þinginu till. frá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni o.fl., till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu. Lágmarkskurteisi hefði verið að geta þess að sú tillaga hefði verið lögð fram. Jafnframt hafði verið spurst fyrir um þessi mál af hálfu Kvennalistans í fyrirspurnatíma þingsins í vetur.

Ég hélt að hver einasti þm. teldi það skyldu sína að geta þess í greinargerðum fyrir tillögum sínum, sem oft eiga sér einhverja forsögu hér á hinu háa Alþingi, að þau mál hafi fram komið. Ég hélt að það væri föst hefð hér í þinginu. Ég vil vekja athygli á því að í þessari till., sem nú hefur borist okkur í hendur og er 428. mál þingsins, er ekki vikið orði að því að 49. mál þingsins flutt af hv. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum liggi yfir höfuð fyrir í þinginu.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. En ég spyr að því af því að ég hreinlega veit ekki: Hafa forsetar ekki eitthvert vald til þess að stöðva það ef mál er lagt fyrir þingið sem þegar liggur þar fyrir? Ef ekki forsetar, þá hverjir? Getum við eytt tíma í að flytja hvert um sig sömu málin? Ég vil fá þessari spurningu svarað ef unnt er, herra forseti.

Gunnar G. Schram:

Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að taka til máls í þessari umræðu vegna þeirra orða sem hér hafa fallið út af því máli sem hér hefur verið tekið upp undir liðnum þingsköp. Ég skil mjög vel að hv. þm. eins og Guðrúnu Helgadóttur og ugglaust mörgum fleirum þyki mjög miður að öll þau mál sem borin eru fram á þingi nái ekki endanlegri afgreiðslu í þingnefndum.

Ég hygg að það sé sameiginleg reynsla allra þm. að mál sem við höfum flutt, hvort sem við tilheyrum stjórnarliðinu eða erum í stjórnarandstöðu, fá ekki endanlega afgreiðslu. Það hefur jafnan verið svo og það er einnig svo á þessum vetri.

Ég get nefnt dæmi af eigin tillögum sem ég hef flutt í þeim nefndum sem ég á sjálfur sæti í og ekki hafa hlotið afgreiðslu, jafnvel þó að ég sé formaður í hlutaðeigandi nefnd, félmn. Sþ. Ég nefni það hér vegna ummæla hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Það er því vel skiljanlegt að þm. séu að mörgu leyti óánægðir með það að mál þeirra gangi ekki öll fram til samþykktar á þingi.

Ég vil hins vegar minna á að ýmisleg mál hafa þó náð samþykkt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur borið fyrir brjósti og það segi ég eingöngu í tilefni af orðum hennar áðan. Ég minni aðeins á það síðasta að fyrir nokkrum mínútum hygg ég var verið að dreifa þskj. 936 sem er nál. frá félmn. Sþ. um till. til þál. um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslu. Hér er ein af þáltill. þeim sem félmn. Sþ. hefur samþykkt og ég vil aðeins nefna hver var flm. þessarar ágætu og gagnmerku tillögu. Það var hv. alþm. Helgi Seljan. Þá tillögu bar Guðrún Helgadóttir mjög fyrir brjósti og studdi í nefndinni.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi frv. sem hún og fleiri þm. fluttu um breytingu á barnalögunum. Það hefur verið borið hér fram, að vísu í örlítið breyttri mynd, af nefndinni. En eins og hún gat réttilega um gekk málið fram efnislega og er annað dæmi um mál sem mjög duglegur, virkur og athafnasamur alþm. hefur borið hér fram með miklum árangri.

Að því er varðar það mál sem hv. málshefjandi vék að hér áðan, sem er till. til þál. á þskj. 959, um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum, er það alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða í þingsölum, heldur mál sem oft hefur verið fjallað um áður og verið hreyft á þingi, ekki aðeins á þessu ári, heldur líka á liðnum árum. Það er líka hið þarfasta mál.

Nú þegar hefur þessu máli raunar verið hreyft tvisvar áður á þessu þingi, bæði af hálfu Jóhönnu Sigurðardóttur á þskj. 49 og einnig í frumvarpsformi af fulltrúum Kvennalistans. Þar er um mjög áþekk mál að ræða því sem fram kemur á þskj. 959. Ég vek athygli á að mál Kvennalistans er eldra á þessum vetri í þingsölum en málið á þskj. 49.

Það er ekkert einstakt að þm. beri fram tillögur um áþekk mál eða jafnvel sama málið.

Ég nefni annað dæmi á þessum vetri í því sambandi. Á þskj. 11 bera þm. Kvennalistans fram till. til þál. um endurmat á störfum kvenna. Þskj. 53, borið fram af Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl., fjallar um endurmat á störfum láglaunahópa, en eins og allir vita eru konur því miður láglaunahópar.

Ég get nefnt ýmis fleiri dæmi. Ég get nefnt dæmi um það að á síðasta þingi og á þessu þingi höfum við nokkrir þm. Sjálfstfl. borið fram frv. um umboðsmann Alþingis, áþekkt frv. sem fyrst var borið fram fyrir um það bil 15 árum. Síðar á þessum vetri kemur fram frv. um umboðsmann Alþingis sem er stjfrv. Það var nánast alveg samhljóða því frv. sem við nokkrir þm. höfðum borið fram í fyrra og fyrr á þessu þingi um það efni.

Það mætti kannske líka minna á till. til þál. sem ég ásamt nokkrum öðrum þm. bar fram fyrr í vetur á þskj. 180, um samræmingu í stjórn umhverfismála. Til þess að gera nýlega kom fram önnur till. á þskj. 302 sem fjallaði einnig um umhverfismál og var ákaflega áþekk hinni fyrri tillögu.

Ég nefni aðeins þessi dæmi til þess að vekja athygli á því að í sjálfu sér á enginn þm. einkarétt á neinu máli og það er alsiða að borin eru fram frumvörp eða tillögur um svipuð efni. Ég vil hins vegar nefna það að mér sýnist alveg sjálfsagt vegna þeirra tillagna um lífeyrissjóðsréttindi þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum að félmn Sþ. fjalli um þær tillögur báðar í einu lagi og, ef flm. kjósa, sameini þær tillögur annaðhvort í einni tillögu eða hugi að afgreiðslu þeirra á annan máta. Það

finnst mér alveg sjálfsagt og mun beita mér fyrir því sem formaður í félmn. Tillöguflutningur okkar er gerður til málamiðlunar í nefndinni.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu að mun. Ég vil þó vekja athygli á því að ég hef flutt þessa tillögu eða með nánast sama orðalagi á undanförnum þingum og ætlaði mér náttúrlega að endurflytja hana á þessu þingi en hætti að sjálfsögðu við það þegar ég sá tillögu á þskj. 49 frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kolbrúnu Jónsdóttur. Að vísu var örlítið annað orðalag en það var sama meining í tillögu þeirra.

Ég er þakklátur þeim alþm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Kolbrúnu Jónsdóttur að sjá að þessi tillaga mín var viturleg og góð og réttlát. Þær hafa ekki verið einar um það því að formanni félmn. hefur þótt málið svo til fyrirmyndar að hann endurflytur það eða endurendurflytur það. Ég hef tekið eftir því að hann er mjög hrifnæmur og þegar hann sér góðar tillögur verður hann stundum svo hrifinn að hann lætur prenta þær upp og flytur þær sjálfur í eigin nafni.

Það er eitt til ráða í þessu efni. Það er að við sameinumst nú um það á næsta þingi að flytja þingmálið sameiginlega og tryggja því framgang því að málið er gott og réttmætt og það er ekki skammlaust að Alþingi hrindi ekki þessu réttindamáli í framkvæmd.

Varðandi tillögur um umhverfismál höfum við hv. þm. Gunnar G. Schram flutt mál svipaðs eðlis. Það var þó einn reginmunur á þessum málum. Hann lagði til í sinni tillögu að samræma stjórnina, ég lagði til að samræma stjórnina og vista þetta sem skrifstofu í félmrn. Hans tillaga var að hluta til ítarlegri hvað varðaði umhverfisvernd í hafinu þannig að það var ekki algerlega um sambærileg mál að ræða. Því miður nær hvorug þessi tillaga fram að ganga á þessu þingi en ég vona að okkur takist að bræða saman eina sem við getum fengið samþykkta næst.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að svara hv. þm. Gunnari G. Schram vegna þess að ég held að hann hafi algjörlega misskilið mál mitt áðan. Ég hef aldrei vefengt þann lýðræðislega rétt meiri hl. að samþykkja ekki eina einustu tillögu sem ég eða aðrir þm. bera fram. Vitaskuld verður maður að lúta því ef ekki er þingstyrkur til að koma málum fram. Það sem ég hins vegar hlýt að gera athugasemd við, ef hann er augljós og meiri hlutinn er samþykkur því máli sem við höfum flutt, er auðvitað gersamlega út í hött að leggja fram nýja samhljóða tillögu og erfitt að rökstyðja hvers vegna málið sem fyrr var flutt hefur ekki hlotið eðlilega afgreiðslu.

Jafnframt minntist ég á að ég hefði haldið að hver einasti a.m.k. akademiskur fræðimaður virti þann sjálfsagða rétt annars fræðimanns að fari hann inn á hans svið í sínum fræðiskrifum sé getið þeirra verka sem áður hafa verið unnin í fræðunum. Þetta eru svona almennir mannasiðir, sem ungu fólki eru kenndir í menntaskólum, að geta heimilda og geta samstarfs eða þess starfs sem áður hefur átt sér stað.

Hv. þm. minntist á umboðsmann Alþingis sem hann vissulega var 1. flm. að en það frv. var reyndar unnið af opinberri nefnd og þess vegna dálítið kyndugt að það skyldi borið fram á þann hátt sem það kom fyrst fram á. Ég vil vekja athygli á því að í grg. fyrir því frv. sem ríkisstjórnin síðan bar fram var öll saga málsins rakin frá upphafi. Hver einasti þm. nefndur á nafn sem hafði komið nálægt því máli — að sjálfsögðu.

Ég vil líka vekja athygli á því að í frv. til laga um umboðsmann barna sem ég hef sjálf ásamt fleirum lagt fram hér á hinu háa Alþingi var ég svo nákvæm að ég vitnaði ekki í áðurflutt frv., heldur þátt, eina setningu í grg. fyrir frv. um allt annað efni, þar sem hv. þm. Árni Gunnarsson hafði minnst á að nauðsynlegt væri að stofna þetta embætti fyrir mörgum, mörgum árum. Það var ekki einu sinni í máli sem fjallaði um það. Þetta þykja mér vinnubrögð sem eru bara gjörsamlega sjálfsögð og sjálfsagt að hvenær sem þm. vinnur tillögu eða frv. kanni hann hér í skjölum Alþingis hvort slík mál hafa verið borin fram áður og þá af hverjum. Það er sjálfsögð virðing fyrir vinnubrögðum okkar, vinnubrögðum hvers annars hér á hinu háa Alþingi.

Ég skal ekki lengja mál mitt hér. Á þeim tveimur málum sem hér eru til umræðu er nákvæmlega sá munur, að önnur tillagan felur fjmrh., hin ríkisstjórninni, að beita sér fyrir því að þeir öðlist lífeyrisréttindi sem sinna heimilisstörfum. Í tillögu hv. þm. Gunnars Schram er bætt við: og umönnunarstörfum. Þetta er auðvitað nákvæmlega sama tillagan, það fer ekki á milli mála, og hlýtur því að vera undarlega að farið.

Ég ítreka spurningu mína, hæstv. forseti. Hver sér í raun og veru um að mál séu sett fram hér á hinu háa Alþingi með þeim virðulega hætti og þeim eðlilegu vinnubrögðum sem við, a.m.k mörg, vona ég, teljum sjálfsögð?

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir mjög réttmæta gagnrýni hv. þm., 5. landsk. og 10. landsk. þm., gagnrýni á vinnubrögð hérna í þinginu, og enda þótt ég fagni mjög áhuga hv. þm. og stuðningi við réttindamál heimavinnandi húsmæðra með þeim tillöguflutningi sem hér birtist á þskj. 959, sem er, eins og hefur komið fram, ákaflega áþekkur þingmáli sem þm. Alþfl. fluttu fyrr á þessu þingi, vil ég benda á að þm. Kvennalista hafa gengið enn lengra og flutt frv. um þetta mál sem er 27. mál þessa þings og hefur ekki fengist afgreitt úr nefnd. Ég held að þinginu væri einfaldlega mest til sóma að taka það mál fyrir og afgreiða því að það er þó í frumvarpsformi og væri hægur vandi að gera það að lögum ef nokkur einasti vilji væri fyrir hendi til að taka á þessum málum. Það væri einfaldast og kæmi heima-

vinnandi húsmæðrum best.

Ég hlýt líka að samsinna því sem hefur komið hérna fram að það virðist ekki sama hvaðan gott kemur og það hefur oft undrað mig hve hv. þm. virðast lítið hafa fyrir því að kynna sér hvaða mál hafa komið fram á þinginu þó að ég geri ekki lítið úr því að það sé gott að fá sem oftast umræður um svipuð mál ef þau eru góð. Það virðist satt að segja vera viðtekin venja og hefð hreinlega að hundsa mál sem koma t.d. frá stjórnarandstöðunni og þeim sem fylgjast með störfum þingsins virðist þykja þetta eðlilegt.

Ég tók eftir því nýlega að það var verið að fjalla um Kvennalistann og störf þingkvenna Kvennalista í Staksteinum Morgunblaðsins og höfundur lét sig hafa það að gefa þingkonum Kvennalistans einkunn þar. Sú einkunn var að vísu harla góð. Við þóttum málefnalegar og duglegar, hæfar, held ég að hafi verið sagt, en við vorum svo ólánssamar að vera ekki í réttum samtökum og þess vegna kæmi þetta okkur ekki að gagni. Betri stuðningsyfirlýsingu við þessa skoðun okkar er varla hægt að fá að það sé sem sagt engin von til þess að það sé litið á málefnin. Það sé alls ekki sama hvaðan gott kemur.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mig langar að segja nokkur orð um afgreiðslu á þeirri tillögu sem hv. þm. Eiður Guðnason gerði að umtalsefni. Það er rétt sem fram kom hjá honum að ég hef ítrekað reynt í störfum hv. félmn. að knýja fram afgreiðslu á þessu máli. Ég hef orð hv. þm. Gunnars G. Schram, formanns nefndarinnar, fyrir því að hann hafði góð orð um afgreiðslu málsins og talaði um að það þyrfti að taka till. fyrir hjá sjálfstæðismönnum áður en hún yrði afgreidd. Þetta voru þau svör sem ég fékk fund eftir fund hjá hv. formanni nefndarinnar. Síðan er þessari ósk minni um afgreiðslu á tillögunni úr nefndinni svarað með því að hv. formaður nefndarinnar, Gunnar G. Schram, leggur fram á þingi í dag efnislega sömu tillögu og ég hef margítrekað reynt að ná fram afgreiðslu á úr nefndinni. Þetta eru vissulega mjög einkennileg vinnubrögð nú á síðustu tveimur dögum þingsins að leggja fram efnislega sömu tillöguna.

Varðandi það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði er það alveg ljóst að þetta er ekki í fyrsta sinn og ekki í annað sinn sem ég hef reynt að ná fram leiðréttingu á augljósu misrétti með því að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Ég hef reynt það allt frá því 1980 og það sem er kannske gleðilegt við þessa þingskapaumræðu sem hér fer fram er að það er alveg ljóst að það eru allir flokkar hér á þingi sammála um það að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Þess vegna tel ég að okkur ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði á þessu þingi að afgreiða tillögu þess efnis.

Hv. þm. Gunnar G. Schram, formaður nefndarinnar, talaði um það að nefndin gæti fjallað um báðar þessar tillögur samtímis. Ég skildi það svo að það væri þá tillagan sem ég bar fram og legið hefur í nefndinni frá því í haust og sú tillaga sem hann hefur lagt fram hér á þingi í dag. Ég vek þá athygli á því að þessi tillaga hv. þm. Gunnars G. Schram er ekki einu sinni komin á dagskrá þingsins og á eftir að fara í fyrri umræðu og síðan þarf að vísa henni til nefndar. Ég tel að nefndinni, hv. félmn., sé ekkert að vanbúnaði að afgreiða málið þótt tillaga hv. þm. Gunnars G. Schram sé ekki komin til nefndarinnar, enda liggur fyrir hér í þingskjali hver vilji hv. þm. er og reyndar fleiri þm. Sjálfstfl. í þessu efni. Ég vil því ítreka þá ósk sem fram kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að félmn. afgreiði nú þáltill. á þskj. 49.

Varðandi orð hv. þm., þar sem hann taldi upp ýmis mál hér í þinginu sem væru efnislega samhljóða og flutt væru af fleiri flokkum en einum, en hann vitnaði sérstaklega til þingmáls Kvennalistans um endurmat á störfum kvenna sem flutt hefði verið fyrr á þinginu með lægra þingskjalsnúmeri en frv. sem ég flutti um endurmat á störfum láglaunahópanna, er þar auðvitað ekkert saman að jafna við þá afgreiðslu og tillögu sem hann hefur flutt hér í dag. Frv. um endurmat á störfum láglaunahópanna hef ég flutt ásamt þm. Kvennalistans og reyndar þm. úr öllum flokkum s.l. fjögur eða fimm ár og það er miklu stærra og viðameira mál en tillaga sú sem fyrir liggur hér í þinginu frá Kvennalistanum um endurmat á störfum kvenna, þannig að því er ekki saman að jafna og langt seilst hjá hv. þm. að reyna að finna eitthvað í líkingu við það sem hann hefur gert varðandi afgreiðslu á þessari tillögu, eins og Eiður Guðnason réttilega gerði að umtalsefni og afgreiðslu hennar.

Þar sem fyrir liggur að það er samstaða allra þingflokka um þetta mikilvæga mál, að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi, óska ég þess nú við hv. formann nefndarinnar að hann beiti sér fyrir því að nefndin verði kölluð saman og að þessi tillaga fái þá afgreiðslu.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég skal virða tilmæli um að vera stuttorður en ég get einfaldlega ekki orða bundist eftir þá ræðu sem hv. þm. Gunnar G. Schram flutti áðan og hans „málsvörn“ í þessu máli vegna þess að þar ofbauð mér gjörsamlega.

Það er ekki það sama hvort lögð eru fram sömu dagana næstum því þingmál um sama efni eða svipað, eða hvort, eins og hér er um að ræða, að lagt er fram þingmál í byrjun þings en á lokadögum þingsins kemur formaður nefndarinnar, sem málinu var vísað til, og leggur fram samhljóða mál. Á þessu er auðvitað reginmunur og hv. þm. Gunnar G. Schram fór hér eins og köttur í kringum heitan graut í sínum málflutningi um þetta mál. Á þessu er reginmunur.

Varðandi það sem hann auðvitað réttilega sagði hafa menn engan einkarétt á málum. En menn virða vissa umgengnishætti hér í þinginu. Það hefur enginn maður einkarétt á þessu máli og það dettur engum manni í hug að halda því fram. Þegar hins

vegar svona er staðið að verki að í upphafi þings kemur fram tillaga um mál sem formaður nefndar þumbast við að afgreiða úr nefndinni vegna þess að málið sé í athugun hjá hans flokki og flytur síðan sjálfur ásamt þremur samflokksmönnum sínum tillögu um málið á lokadögum þingsins fæ ég einfaldlega ekki orða bundist vegna þess að þetta eru vinnubrögð sem ekki hafa tíðkast á hinu háa Alþingi áður leyfi ég mér að fullyrða. Auðvitað hafa menn flutt sams konar og svipuð mál og þegar svo hv. þm. tekur það sem dæmi um góð vinnubrögð að hann hafi meira að segja afgreitt mál frá hv. þm. Helga Seljan, meira að segja, þykir mér fyrst kasta tólfunum. Ég lýsi furðu á þessum málflutningi.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan að það ætti að vera hægt að afgreiða þetta mál á næsta þingi þegar væri svona mikil samstaða um það. Ég held að það sé mjög auðvelt að afgreiða þetta mál á þessu þingi, það er samstaða um það núna. Við vitum ekkert hvernig það verður á næsta þingi. Og varðandi þá tillögu sem dreift var hér í dag, herra forseti, sé ég ekki hvernig er tæknilega unnt að afgreiða hana á þeim tíma sem eftir er. Ég mun hafa mismælt mig áðan þegar ég sagði að það ætti að ljúka þingstörfum á föstudag. Það er auðvitað á fimmtudag eins og hv. þm. vita. Ég sé ekki að það sé tæknilega unnt og þess vegna ítreka ég þau tilmæli að tillagan á þskj. 49 verði afgreidd vegna þess að það virðist ekki vera efnislegur ágreiningur um þetta mál. Og ég beini þeim eindregnu tilmælum til meiri hlutans hér á þinginu og þeirra sem ráða ferðinni í þessum efnum að þetta mál verði nú afgreitt.

Það er svo auðvitað rétt sem hér hefur verið getið að frá þm. Kvennalistans kom fram mál um þetta sama efni nákvæmlega þá sömu daga og þetta þskj. 49.

Hv. þm. Kvennalistans, Kristín Halldórsdóttir 7. landsk. þm., *bar sig illa undan því að* Staksteinahöfundur Morgunblaðsins hefði verið að gefa þm. Kvennalistans einkunnir. Ég veit satt best að segja ekki hverjir hafa verið duglegastir þm. við að gefa öðrum þm. einkunnir í fjölmiðlum og hingað og þangað og þær ekki allar mjög fallegar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég get heldur ekki orða bundist eftir þá ræðu sem hv. þm. Gunnar G. Schram hélt áðan. Hv. þm. sagði að enginn ætti einkarétt á nokkru máli hér og vitaskuld er það alveg rétt. Það á enginn einkarétt á nokkru máli. Það er hins vegar nokkuð til sem heitir mannasiðir hér í þingsölum og reyndar einnig í fræðimennsku, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á áðan, og þeir eru þeir að menn nýta sér ekki verk og hugmyndir annarra án þess að láta þess getið og menn bera ekki fram tillögur, sem aðrir hafa sett fram, í sínu nafni.

Kvennalistinn er einn um það að hafa lagt fram frv. til laga um þetta mál og það er að finna á þskj. 27. Því var vísað til félmn. Nd. 22. okt. s.l. og þar hefur það rykfallið síðan. Hvað varðar vinnubrögð hv. þm. Gunnars G. Schram kastar ef til vill fyrst tólfunum hvað varðar 49. mál sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að vegna þess að sá sami hv. þm., Gunnar G. Schram, er einnig formaður þeirrar nefndar sem hefur haft það mál til meðferðar frá því 28. okt. s.l.

Hv. þm. Páll Pétursson lét þess getið að e.t.v. væri ráð að þeir þm. sem hafa sinnt þessum málum og sýnt þeim áhuga á þessu þingi og þeim þingum sem umliðin eru sameinuðust um það á næsta þingi að leggja fram eina tillögu í þessu efni. Ég held að það sé ekki eftir nokkru að bíða. Ég held að við getum sameinast um það nú og til þess eru Kvennalistakonur tilbúnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ræðum manna hefur nokkuð verið beint til forseta. Það gefur tilefni til þess að minna hv. þm. á að í þingsköpum segir að þm. geti tekið þingmál til baka og þá þar með þáltill. Þegar svo stendur á heimilist öðrum þm. að taka málið þegar upp nákvæmlega eins. Það verður að ætla að það beri að gagnálykta frá þessu á þann veg að það sé ekki heimilt að bera sams konar tillögur upp. Það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli. Í raun og í framkvæmd kann það að orka tvímælis hvað er sams konar tillaga. Það getur verið spurning hvort tillaga sé sams konar tillaga ef orðalagi er mjög lítið vikið við en það orkar síður tvímælis ef orðalagi er mikið vikið til vegna þess að við þurfum að hafa í huga, eins og hér hefur komið fram, að enginn hefur einkarétt á neinu máli.

Það hefur verið spurt hvort forsetar hefðu vald til þess að hindra að mál kæmi fram sem væri þegar fyrir í þinginu. Það eru engin bein ákvæði í þingsköpum um að forsetar meti þingmál sem fram koma nema þegar um fsp. er að ræða. Forseti Sþ. tekur þá ákvörðun um hvort eigi að leyfa fsp. Það verður að gera ráð fyrir því að ef augljóst er að ekki er farið eftir eðlilegum reglum geti forseti tekið í taumana þó ekki sé nema á þann veg að vekja athygli viðkomandi þm. á því sem aflaga kann að fara áður en málinu er útbýtt. En þess er ekki von að það sé hægt nema skrifstofa þingsins veki athygli á þessu. Það skal tekið fram að starfsmenn skrifstofunnar sem hafa með þetta að gera eru sérlega glöggir og þá á ég við þá starfsmenn sem taka á móti þingmálum og sjá um prentun.

Í dag hefur athygli forseta ekki verið vakin á þessu máli sem hér hefur verið til umræðu og starfsmenn þingsins verða ekki ásakaðir um eitt eða neitt í því efni. Það má vekja athygli á því að í annarri tillögunni er talað um „ríkisstjórn“ en í hinni um „fjmrh.“ Í annarri er talað um að „láta kanna“ en í hinni að „beita sér fyrir“. Í annarri er talað um eingöngu „að sinna heimilisstörfum“ en í hinni er talað um „að sinna heimilisstörfum og umönnunarstörfum“. Ég vænti þess að menn virði starfsmönnum þingsins til vorkunnar þó að ekki hafi af þeirra hálfu verið gerðar ráðstafanir til þess að sýna

forseta þetta mál í dag.

Að gefnu tilefni vill forseti leggja áherslu á að þm. virði eignarrétt hvers annars í þessum efnum. Það hlýtur að heyra til góðra siða í þingstörfunum. Þó er það svo að mönnum er misjafnlega umhugað um eignarréttinn að hugverkum sínum eins og fram kom hjá a.m.k. einum þm. áðan: hann gleðst yfir því ef aðrir geta notað hugverk hans.

Lokaorð forseta í þessu eru þau að þessar umræður sem hér hafa farið fram eru gagnlegar vegna þess að þær varða grundvallaratriði í góðum starfsháttum Alþingis. Og forseti treystir því að hv. félmn. verði kölluð saman til þess að ræða þessi mál.

Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, fyrri umr.

Stjtill., 421. mál. — Þskj. 850.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Í forföllum utanrrh. leyfi ég mér að fylgja hér úr hlaði tillögu um að Alþingi álykti að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem lagður var fram til undirritunar. Í júní 1977 stofnuðu 17 aðildarríki CEPT, Evrópuráðs Pósts og síma, samtök í þeim tilgangi að reka fjarskiptatungl er fyrst og fremst þjónuðu Evrópu. Stofnsamningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í París 27. ágúst 1985 með fyrirvara um fullgildingu.

Allsherjarþing þar sem öll þátttökuríki eiga sæti með jöfnum atkvæðisrétti fer með æðsta vald innan EUTELSAT-stofnunarinnar og tekur afstöðu til allra meginmála og hefur endanlegt ákvörðunarvald.

Þátttaka Íslands er fjárhagslega hagkvæm og áhættulítil. Það er gert ráð fyrir að hlutafjáreign verði tengd notkun hvers ríkis á fjarskiptatunglunum þar með talinn sjónvarpsflutningur milli landa. Lágmarkshlutafjáreign er 0,05%. Stofnfé Íslands sem lagt var fram sem hlutafé á árinu 1985 var tæpar 615 þús. kr. en arðsemi þess er áætluð 14% á ári. Fyrir Póst- og símamálastofnun er fjárhagslegur ávinningur af því að koma á sambandi við önnur lönd um fjarskiptatungl EUTELSAT en afnotagjöld þess eru lægri en gjöld Alþjóðastofnunar fjarskipta um gervihnetti, eða INTELSAT, fyrir sambærilega þjónustu.

Með þátttöku í EUTELSAT og byggingu nýrrar jarðstöðvar á Íslandi mun enn fremur skapast meira öryggi fyrir alþjóðlega símaþjónustu. Í gervitunglum EUTELSAT og þeim jarðstöðvum sem skipta við þau eru notaðar nýjustu tækniaðferðir og er aðgangur að þessari tækni mjög gagnlegur.

Herra forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Viðbótarsamningar við Mannréttindasáttmála Evrópu, fyrri umr.

Stjtill., 425. mál. — Þskj. 898.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Það er einnig í forföllum utanrrh. að ég mæli fyrir tillögu um viðbótarsamninga við Mannréttindasáttmála Evrópu. Þessi tillaga heimilar ríkisstjórninni að fullgilda þrjá viðbótarsamninga, viðbótarsamninga nr. 6, 7 og 8, en þessir samningar eru prentaðir með þingskjalinu bæði á íslensku og ensku eins og venja er. Sáttmálinn er um verndun mannréttinda og mannfrelsis og var undirritaður 4. nóv. 1950. Hann öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 29. júní 1953. Ísland hefur viðurkennt lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu og rétt nefndarinnar til að taka við kærum frá einstaklingum um meint mannréttindabrot samningsríkjanna.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, vitna til fylgiskjals með till. og legg, herra forseti, til að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 39 shlj. atkv.

Hafnaáætlun 1987–1990, fyrri umr.

Stjtill., 367. mál. — Þskj. 660.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árin 1987–1990, en samkvæmt hafnalögum skal Hafnamálastofnun ríkisins vinna að gerð áætlana um hafnaframkvæmdir til nokkurra ára í senn en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Í apríl 1985 gekk Hafnamálastofnun síðast frá slíkri áætlun og skilaði til samgrn. Sú áætlun var þó ekki lögð fyrir Alþingi. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda voru það litlar árið 1985 og 1986 að lítið gekk á þau verkefni sem áætlunin náði til og því vandkvæðum bundið að endurskoða hana. Nú þegar fjárlög ársins 1987 liggja fyrir er hins vegar ljóst að

framlög til hafnagerðar hafa hækkað verulega og því raunhæft að taka áætlunina til endurskoðunar.

Áætlun þessi er að stofni til byggð á sömu gögnum og fyrri áætlun svo og umsóknum hafnarstjórna um framlög úr ríkissjóði er sendar voru samgrn. og fjvn. Alþingis haustið 1985 og 1986. Samkvæmt hafnalögum skal Hafnamálastofnun senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu í viðkomandi höfn og gefa hafnarstjórninni ákveðinn frest til að koma með athugasemdir áður en gengið er endanlega frá áætluninni.

Þar sem yfirstandandi þingi er nú að ljúka gefst ekki tími til að leita umsagna hafnarstjórna fyrr en eftir þinglok. Áætlunin er því lögð fram sem drög um leið og hún er send til hafnarstjórna. Á hausti komanda er síðan ætlunin að leggja hana fram í endanlegu formi fyrir Alþingi til staðfestingar. Áætlun þessi nær eingöngu til framkvæmda í höfnum sem eru í eigu sveitarfélaga og njóta jafnframt ríkisstyrks. Það þýðir að Reykjavíkurhöfn og landshafnirnar þrjár eru undanskildar. Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á verðlagi janúarmánaðar 1987. Alls er gert ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði varið um 1750 millj. kr. til hafnaframkvæmda eða um 440 millj. kr. að meðaltali á ári. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdunum er áætlaður um 1280 millj. kr. eða að meðaltali 320 millj. kr. á ári. Til samanburðar skal þess getið að á fjárlögum ársins 1987 er veitt 218,5 millj. kr. til þessa framkvæmdaflokks þannig að í áætluninni er gert ráð fyrir verulegri aukningu á framkvæmdamagni.

Stærsti hluti framkvæmdanna, eða um 1000 millj., flokkast undir almenn verkefni. Þar er m.a. átt við bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og umferðaræðar innan hafnarsvæða. Í mörgum tilvikum er hér ekki um viðbót við núverandi mannvirki að ræða, heldur endurbyggingar eldri mannvirkja og lokafrágang mannvirkja sem lengi hafa verið í byggingu. Víða ber nauðsyn til að styrkja bryggjur og auka landrými í framhaldi af þeim til að aðlaga þessi mannvirki þeim kröfum sem breytt flutningatækni og nýir útgerðarhættir leiða af sér. Er þá átt við að mannvirki verði þannig úr garði gerð að þau þoli umferð gáma og þeirra flutningatækja sem þeim fylgja.

Annar stærsti verkefnaflokkurinn er bygging brimvarnargarða og eru ætlaðar til hans 580 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Hér er um framkvæmdir að ræða sem miða að því að bæta hafnaraðstöðuna á viðkomandi stöðum, þ.e. að auka skjól og kyrrð í höfnum. Yfirleitt er hér um stórverkefni að ræða sem mjög erfitt er að áfangaskipta. Stærstu verkefnin eru á þessu tímabili: Bolungarvík, Blönduós, Húsavík og Borgarfjörður eystri.

Í fylgiskjölum þáltill. kemur fram að greiðsluafgangur hjá hafnarsjóðum að undanskildum þeim höfnum sem hér eru ekki í þessari áætlun nam samtals 63,6 millj. kr. á árinu 1985 og má áætla að hann verði 90–100 millj. kr. á þessu ári. Því virðist raunhæft að gera ráð fyrir að hafnarsjóðirnir geti staðið undir sínum hluta í þeim framkvæmdum sem áætlunin nær til.

Hvað varðar dýpkanir þar sem fastur botn er til staðar er þess að geta að þeim er raðað á seinni tvö ár áætlunarinnar. Fyrir þann tíma þarf að fá til landsins tæki sem getur leyst þau verkefni.

Í nýsettri reglugerð um hafnamál er sérstakur kafli um slysavarnir í höfnum samkvæmt hafnalögum, ákvæði um að Hafnamálastofnun skuli aðstoða hafnarstjórnir við að gera áætlanir um að koma slysavörnum í viðunandi horf og um stofnkostnað við þær. Stefnt skal að því að áætlunum þessum verði lokið á árinu 1987 og framkvæmd þeirra lokið eigi síðar en í árslok 1988. Lagt er til að veitt verði sérstök fjárveiting til að standa undir þessu átaki og hér er gert ráð fyrir að 20 millj. kr. verði varið til slysavarna í höfnum á árinu 1988. Tala þessi getur breyst þegar endanlegar áætlanir liggja fyrir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar.

Í athugasemdum við þáltill. þessa er sérstaklega fjallað um frumrannsóknir. Frumrannsóknir eru mikilvægur þáttur hafnargerðar, oftast nauðsynlegur undanfari framkvæmda. Til að hafnaáætlun þessi fái staðist er nauðsynlegt að ljúka líkantilraunum í nokkrum höfnum og eru þær sérstaklega auðkenndar í áætluninni. Þar sem líkantilraunir og undirbúningur þeirra eru tímafrekar rannsóknir er óhjákvæmilegt að þær hefjist eigi síðar en á fyrstu mánuðum ársins 1988. Því verður stefnt að því að byggingu nýs rannsóknaskála Hafnamálastofnunar verði lokið fyrir þann tíma en til hans var veitt fyrsta fjármagni á fjárlögum þessa árs.

Eins og ég sagði í upphafi er ekki gert ráð fyrir afgreiðslu á þessari áætlun á þessu þingi vegna þess að fyrir liggja ekki umsagnir hinna almennu hafnarstjórna en formsins vegna, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til fjvn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

69. fundur, þriðjudaginn 17. mars, að loknum fundi í Sþ.

Útflutningslánasjóður, ein umr.

Stjfrv., 347. mál (takmörkuð ábyrgð). — Þskj. 950.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Þegar mál þetta kom frá Nd. hafði verið gerð á því ein breyting. Það var rætt um eðli þessa félagsskapar í hv. nefnd hér í Ed., Útflutningslánasjóðsins. Hann er að sumu leyti kannske dálítið sérstæður, ekki hlutafélag vildu menn meina og kannske varla venjulegt sameignarfélag. Það voru orðaleikir um það hvað ætti að kalla þennan félags-

skap og við í Ed. breyttum nú upphaflega forminu í samráði við ýmsa góða menn, en því var breytt aftur í Nd.

Ég held að það sé ástæðulaust að vera að þvæla málinu fram og til baka. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1022).

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 667, n. 993, brtt. 994.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Frsm. samgn. hefur fjarvist og þar af leiðandi tók ég það að mér að mæla hér fyrir þessari till. samgn., sem er brtt. við frv. til laga um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum.

Eins og nál. og brtt. bera með sér er lagt til að á frv. verði gerðar breytingar frá því sem afgreiðslan var í Nd. Alþingis, en þar skipta tvær breytinganna helst nokkru máli.

Í fyrsta lagi er lagt til að skipan skipulagsnefndar fólksflutninga verði færð til þess horfs sem nú er, þ.e. að Félag sérleyfishafa tilnefni tvo menn eins og er núna að óbreyttum þeim lögum, en í Nd. var lagt til að Ferðamálaráð skipaði annan þessara manna. Það kom fram við umfjöllun í nefndinni að ekki hafði verið leitað umsagnar eða samráðs við sérleyfishafa og það varð að samkomulagi að gera þessa breytingu á.

Hin breytingin er við 5. mgr. og er þess efnis að samgrh. geti sagt upp sérleyfi vegna sérstakra skipulagsbreytinga sveitarfélaga þannig að fimm ára veiting gildi þar ekki skilyrðislaust um, en þó verður jafnan að gilda sú regla að aðlögunartími verði minnst tvö ár, þannig að frá uppsögninni þar til sérleyfishafi skilar af sér til annars aðila verði minnst að líða tvö ár.

Með tilvísan til þessara brtt. og svo tveggja annarra, sem skýra sig sjálfar, legg ég til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 994,1 (ný 4. gr.) samþ. með 15:1 atkv.
Brtt. 994,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 994,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 994,4 (ný 12. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Listmunauppboð, 2. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 970 (sbr. 948), n. 995.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál og er nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963, n. 997, 990 og 992, brtt. 991.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. landbn. en auk mín undirrita nál. Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Eins og fram kemur í nál. hefur meiri hl. ekki lagt fram neinar tillögur til breytinga á frv. og með því að ég skýrði afstöðu flm. í umræðum hér í gær, en það eru sömu mennirnir og undirrita nál., þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara nánar yfir efni og tilgang frv. en vísa til þess sem ég sagði þá.

Frsm. 1. minni hl. landbn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls hér í gærkvöldi er ég hlynntur þeim breytingum á búvörulögum eða þeirri leið til þeirrar áttar sem lagt er til í frv. og í nál. meiri hl.

nefndarinnar, en ég tel þær ganga of skammt.

Sex þm. Alþb. hafa flutt till. til þál. þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir í landbúnaðarmálum, þar með talið að lengja aðlögunartímann, þ.e. gildistíma ákvæða VIII. kafla um aðlögun búvöruframleiðslunnar um fimm ár.

Í samræmi við þetta hafa þm. flokksins hér í Ed. flutt brtt. á sérstöku þskj. þar sem lagt er til að ákvæði 36. og 37. gr. um greiðslur útflutningsbóta og framlög til Framleiðnisjóðs gildi til ársins 1995. Það er auk þess stefna Alþb. að því fé, sem skv. 37. gr. laganna á að renna til Framleiðnisjóðs, eigi eingöngu að verja til hvetjandi aðgerða og til eflingar byggðar í sveitum. Fjárskuldbindingar af því tagi sem lagðar voru á sjóðinn s.l. ár ganga þvert gegn því að fé Framleiðnisjóðs eigi á aðlögunartímanum að renna til uppbyggingar. Þar var Framleiðnisjóður notaður handahófskennt til að kaupa upp framleiðslurétt jarða og auk þess að taka að hluta til verðábyrgð á samningum ríkisvaldsins við bændur. Til að fyrirbyggja að slíkt gerist áfram flytjum við þm. Alþb. brtt. við ákvæði 37. gr. sem kveða skýrar á en áður var um það hvernig fara skuli með fé Framleiðnisjóðs.

Alþb. mótmælti á sínum tíma þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þegar búvörulögin voru sett sumarið 1985. Það hefur síðan margoft komið í ljós og sérstaklega viðurkennt með þeim breytingum sem nú á að gera að æskilegt hefði verið að vanda betur til þeirrar lagasetningar og stefnumörkunar í landbúnaðarmálum.

Tillaga Alþb. er sú að komið verði á fót starfsnefnd til að endurskoða lögin um framleiðslu, *verðlagningu og sölu á búvörum og leggja tillögur* um nýja og heilsteypta stefnumörkun um skipan landbúnaðarmála til langs tíma fyrir næsta Alþingi. Því flytjum við þm. Alþb. tillögu um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna.

Nefndarálit 1. minni hl. landbn. Nd. frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985 og 1. minni hl. landbn. Ed. eru birt hér með þessu nál. mínu sem fskj., svo og tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna um stefnumörkun í landbúnaðarmálum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir brtt. Þær eru á þskj. 991 og vil ég ekki lengja þessa umræðu, en samkomulag hefur verið um það að hafa hana sem stysta.

Frsm. 2. minni hl. landbn. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Þau vandamál sem við er að *glíma um þessar mundir í íslenskum landbúnaði* eru djúpstæðari og meiri en svo að þau verði leyst með þeim einföldu prósentubreytingum sem gert er ráð fyrir í því frv. sem við erum hér að ræða.

Þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir eiga fyrst að koma til framkvæmda árið 1990. Enda þótt vissulega sé nauðsyn að gera ráðstafanir með góðum fyrirvara í þessum efnum, þá er það skoðun okkar, sem skipum 2. minni hl. landbn., að það sé ekki rétt og ekki eðlilegt að ríkisstjórn sem á tæpar sex vikur eftir af valdatíma sínum taki ákvarðanir á borð við þessa. Það hlýtur að vera bæði rökrétt og eðlilegt að nýtt þing, ný ríkisstjórn móti langtímastefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Við sem skipum 2. minni hl. landbn. munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls, en hins vegar ekki tefja fyrir því með einum eða neinum hætti að það nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 991,1 felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 991,2–3 teknar aftur.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 991,4 felld með 11:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 904, n. 989, brtt. 1010, 1011.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og orðið sammála um það að leggja til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt úr Nd.

Eins og fram kemur á nál. rita nokkrir nefndarmanna undir með fyrirvara og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég ætla aðeins að reifa þær brtt. sem ég flyt við það frv. sem hér um ræðir, 318. mál Ed. Hér er annars vegar um að ræða brtt. er lúta að breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem mundu skoðast sem viðhengi við það frv. sem hér er verið að flytja ef þessar brtt. hlytu samþykki, en snerta að öðru leyti ekki efni þess frv. sem hér er um fjallað.

Þetta eru brtt. sem lúta að því að koma á ef verða mætti því mikla nauðsynjamáli sem Alþfl. hefur verið að berjast fyrir og kallast einu nafni kaupleiguíbúðir, og allir vita þá við hvað er átt. Þar sem menn *vænta þess nú ekki* að þessar brtt. verði samþykktar vegna þess hve andstaðan hefur verið mikil við þær hjá stjórnarflokkunum, þá eru þessar brtt. þó fluttar hér til þess að minna á hve mikið vantar á í hinum félagslega þætti þeirra laga sem hér er verið að fjalla um. Þessar brtt. eru fluttar á þskj. 1011.

Á þskj. 1010 hef ég leyft mér að flytja brtt. við 318. mál Ed. ásamt með hv. þm. Helga Seljan um það að við 1. mgr. bætist ný mgr. er orðist svo:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða

skerða lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Þetta er brtt. sem lýtur að því að reyna að lagfæra þann alvarlega ágalla sem er á frv. hvað réttindi fólks snertir, að nokkuð stórum hópi fólks er með þessum lögum, sem samþykkt voru í fyrra, veittur aðgangur að niðurgreiddu lánsfé, fólki sem ekki er hægt með nokkru móti að réttlæta að eigi jafngreiðan aðgang og þeir sem miklu meiri þörf hafa fyrir þetta fé en það fólk sem hér um ræðir.

Ef svo fer sem mann grunar, að þessi brtt. verði ekki samþykkt, þá ætla ég mér að reyna að flytja brtt. við 3. umr. málsins sem gengur til þessarar áttar, en ekki alveg eins langt og hér er farið fram á, í þeirri veiku von að menn a.m.k. heimili hæstv. ráðh. að leitast við að draga úr þessum stóra ágalla.

Annar liður þessarar brtt. er um það að við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 300 millj. kr. á árinu 1987, eftir reglum sem félmrh. setur, til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985. Reglurnar skulu miðast við að tiltekinn hluti skuldaaukningar umfram hækkun almenns kaupgjalds fram til 31. des. 1985, sem beint má rekja til íbúðaröflunar, myndi endurgreiðsluhluta sem gangi sem óafturkræft framlag til þess að greiða vanskilaskuldir, lækka skammtímaskuldir eða skuldir til langs tíma hjá viðkomandi og þá í fyrrgreindri forgangsröð."

Ég spái því að þetta verði í og með einhverjar af seinustu tillögum sem lagðar verða fram, ekki bara á þessu þingi heldur í þessu máli, þ.e. að reyna að gera úrslitatilraun til þess að bjarga málefnum þess fólks sem óumdeilanlega varð mjög illa úti á árunum 1983 og 1984 þegar launastoppið varð og verðtryggingar samkvæmt lánskjaravísitölu æddu fram án þess að launin breyttust. Þó að launin hafi batnað frá þeim tíma þá varð til það mikill uppsafnaður vandi hjá þessu fólki að það fær enn þá ekki við neitt ráðið. Og það hlýtur að vera almenn skylda okkar, ekki hvað síst með tilliti til þess góðæris sem allir básúna nú og blessa, að hlaupa undir bagga með þessu fólki og reyna að bjarga því sem bjargað verður því að óneitanlega hefur sú langa töf, sem orðin er á því að þessu fólki sé komið til hjálpar, orðið til þess að mjög margir af þessum aðilum, sem hér um ræddi í upphafi, hafa fyrir löngu misst eignir sínar.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála þeim leiðréttingum sem hér er verið að gera á heildarlöggjöfinni um Húsnæðisstofnun og er nauðsynleg fyrir margra hluta sakir. Við fengum á okkar fund, eins og frá hefur verið greint, ágæta fulltrúa frá Húsnæðisstofnun, sem upplýstu okkur um margt, reyndar ekki kannske nógu margt en ýmislegt af því sem við vildum vita um þessi mál. Óneitanlega eru sumir hlutir þar í nokkurri óvissu og óvíst um framgang þeirra þó við verðum að vona hið besta við þessar kringumstæður.

Ég hef gerst meðflm. að brtt., sem hv. þm. Stefán Benediktsson er 1. flm. að og hefur þegar gert grein fyrir, tveimur réttlætismálum. Ég vil aðeins geta þess til viðbótar við það sem hann sagði varðandi síðari liðinn að á fundi nefndarinnar í morgun kom það í ljós að ákveðið hafði verið að veita 100 millj. kr. á þessu ári til þess verkefnis sem hér er verið að fara fram á til þessa misgengishóps eða þess hóps sem illa hefur orðið úti varðandi sínar húsbyggingar eða húsakaup. Það var einnig upplýst af hálfu fulltrúa húsnæðismálastjórnar að þar væri um algert lágmark að ræða, þessar 100 millj. Og ekki var nú vandi að lesa í það mál þeirra að ekki mundi af veita að þar yrði myndarlega við bætt, sérstaklega vegna þess að þessum fjármunum, þessum 100 millj. á að ráðstafa núna til þeirra sem þegar hafa sótt um til stofnunarinnar í trausti þess að hún veiti þeim úrlausn, þrátt fyrir að tilkynning hafi komið frá henni um það áður að lokað væri á það að slík lán yrðu afgreidd. Og engin ný auglýsing hefur komið og stendur ekki til að komi frá stofnuninni til fólks um að það geti sótt um þessi lán. Þar af leiðir auðvitað að ef það yrði gert, sem er það eðlilega í þessu máli, þá mundi örugglega ekki veita af þeirri upphæð sem hér er verið að leggja til.

Að öðru leyti vísa ég til þess að að sjálfsögðu hefðum við viljað sjá hér meiri breytingar á þessum lögum, sérstaklega að við það yrði staðið að breyta og bæta hið félagslega kerfi. Í því tilefni vísa ég til frv. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur flutt varðandi búseturéttarmálið og þær úrbætur sem þar eru fyrirhugaðar, en tef ekki umræðuna að öðru leyti um það mál, svo mikil ástæða sem þó væri til þess að taka það til ítarlegrar umfjöllunar hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1011,1 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1010,1 felld með 10:5 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1011,2 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1011,3–4 tekin aftur.
4. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1010,2 felld með 10:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

70. fundur, þriðjudaginn 17. mars, að loknum 69. fundi.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 1023 (sbr. 667).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Listmunauppboð, 3. umr.

Stjfrv., 249. mál. — Þskj. 970 (sbr. 948).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1025).

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál (lánsréttur o.fl.). — Þskj. 904.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Í samræmi við orð mín við 2. umr. þá leyfi ég mér hér með að flytja skriflega brtt. við 3. umr. um það að við 1. gr. frv. bætist ný mgr. er orðist svo:

„Heimilt er félmrh. að höfðu samráði við ASÍ, VSÍ og VMSS að setja reglur um að skerða eða hafna lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.“

Ráðherra hefur borið það fyrir sig að það fólk sem hér um ræðir hafi það sterk ítök í þeim lífeyrissjóðum sem Húsnæðisstofnun þurfti að semja við að menn gætu verið að hætta á það að lífeyrissjóðirnir drægju kaup sín til baka ef fram á þetta yrði farið. Þeir sem að þessum lífeyrissjóðum standa fullyrða að svo muni ekki vera. Af eðlilegum líffræðilegum ástæðum muni þetta fólk vera í þeim minni hluta í þessum lífeyrissjóðum og það fólk sem á eðlilegan rétt til aðgangs að lánsfé í það miklum meiri hluta af sömu líffræðilegu ástæðum að það sé trúlega auðfengið og auðvelt að semja við lífeyrissjóðina, sérstaklega með tilstyrk þeirra samtaka sem hér er getið í skammstöfunum og eðlilegt er að standi að þessu máli eins og þau stóðu að þessu máli öllu saman í upphafi.

Ég trúi því ekki að ekki sé hægt að koma því til leiðar með jafnvolgu eða loðnu heimildarákvæði og þessu að reynt verði að leiðrétta þetta mál. Því að menn skulu hafa það í huga að ef við ekki gerum það núna, þá valsa þessi lög eða framkvæmd þeirra algjörlega frjálst í eina átta mánuði þangað til þing kemur saman aftur og það verður þá búið að dæla trúlega æðimiklu fé úr sjóðum Húsnæðisstofnunar, jafnvel meira fé en menn almennt gera sér grein fyrir, til fólks sem í raun og veru þarf ekkert á því að halda.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1026) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 1026 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Umferðarlög, ein umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 969 (sbr. 942).

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þar sem Nd. hefur gert mjög miklar breytingar á umferðarlögum og allshn. Ed. þarf að fá ráðrúm til þess að skoða þær breytingar og meta, þá vil ég óska þess við hæstv. forseta að umræðu um umferðarlög verði frestað til morguns þar sem nefndin hefur ekki enn þá haft nægan tíma til þess að kryfja þessi mál til mergjar.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

67. fundur, þriðjudaginn 17. mars, kl. 9 síðdegis.

Tollalög, ein umr.

Stjfrv., 196. mál (heildarlög). — Þskj. 967 (sbr. 207).

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur ekki komið til nefndarfundar til þess að ræða þetta mál sérstaklega en í meðförum efrideildarnefndarinnar var haft samband við a.m.k. nokkra nefndarmenn sem samþykktu þær breytingar sem gerðar voru á frv. í hv. Ed.

Hér er um að ræða í fyrsta lagi brtt. sem komin er í frv. vegna ábendinga frá Félagi ísl. iðnrekenda.

Í öðru lagi hafði neðrideildarnefndinni yfirsést að færa ákveðinn hrepp, Innri-Akraneshrepp, ásamt Skilmannahreppi undir tollumdæmi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sem þá mun fylgja sýslumörkum.

Í þriðja lagi er um að ræða að vísað sé til ákvæða V. kafla auk ákvæða VII. kafla um tolleftirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru en það er breyting við 96. gr.

Loks voru breytingar gerðar í Ed. þannig að sömu reglur gildi um tollvörugeymslu og frísvæði og vegna áðurnefndra breytinga sem gerðar voru á 96. gr. er vísað til 96. gr. í 2. mgr. 103. gr.

Allar eru þessar breytingar fremur smávægilegar og tel ég hægt að fullyrða að meiri hl. nefndarinnar muni fallast á þær og leggja til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1032).

Veiting prestakalla, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 718 (sbr. 208), brtt. 955, 956, 1004.

Kristín S. Kvaran:

Herra forseti. Ég hafði hug á því að koma með nokkur atriði inn í þessa einkennilegu umræðu sem átti sér stað í gærkvöldi en langaði fyrst af öllu til að víkja að orðum hv. 3. þm. Vestf. sem hann hafði um þetta frv. í gær. Þá taldi hann það vera aðalrökin fyrir því að ekki mætti velja sóknarprest á þann hátt sem getið er í frv. að það væri verið að svipta fólk lýðræðislegum réttindum, eins og hann orðaði það, til þess að velja sér presta, til þess að velja sér sálusorgara. Það yrði fámenn klíka sem mundi ráða þessu, sagði hann, og þar með væri verið að fótumtroða lýðræðislegar hugmyndir og sjónarmið. Ég held að ég hafi haft þetta nokkurn veginn rétt eftir hv. þm.

Hæstv. menntmrh. hafði hér nokkur orð um þetta frv. einnig og hafði mikið á móti því í því formi sem það liggur fyrir, og hafði uppi sömu orð nánast og hv. 3. þm. Vestf., endurtók það svona nokkurn veginn. Hann talaði um að m.a. væri mikil fljótaskrift á þessu frv. en ég verð nú samt að segja að mér finnst ekki vera mikil fljótaskrift á frv. sem hefur verið að flækjast hér á annan áratug auk þess sem það kom mjög snemma fram á þessu þingi, en það er nú annað mál. Það sem mig langaði til þess að koma með inn í þessa umræðu hér er það að mér finnast prestskosningar alls ekki vera sambærilegt atriði við það að það þurfi að viðhafa alþingiskosningar eins og báðir þessir ræðumenn höfðu hér í frammi í gær og mér finnast það fremur langsótt rök.

Ef svo er að nauðsynlegt reynist að viðhafa prestskosningar áfram eins og verið hefur, þá finnst mér að við þurfum að spyrja okkur sjálf: Hvað þá með kennara? Við höfum alls enga möguleika til þess í dag að velja kennara fyrir börnin okkar. Og það er í flestum tilfellum einn maður sem ræður kennara fyrir hvern bekk sem þarf að ráða kennara fyrir, í besta falli fimm manna klíka, svo ég noti sömu skilgreiningu yfir skólanefnd og hv. 3. þm. Vestf. notaði yfir söknarnefnd, þ.e. skólanefnd, sem mundi ráða kennara. Maður getur ekki einu sinni losnað við þennan kennara frá barninu sínu þó að maður feginn vildi, þó að um framtíð barnsins og alla þess framtíðarheill sé að ræða og þó svo að maður sjái fram á það að það sé verið að eyðileggja allar líkur þess til að geta virkilega notið náms í framtíðinni. Sá eini möguleiki sem maður hefur til þess er að flytja úr hverfinu og þá er það happ og glapp hvað maður fær í staðinn. Framtíðarhorfur barnsins eru auðvitað í veði þarna, en maður hefur ekkert um það að segja. En það er mikið talað um það af þessum þm. sem hér hafa talað, að maður þurfi að geta valið sér sálusorgara.

Ef hv. 3. þm. Vestf. og raunar hæstv. menntmrh. meina það sem þeir eru að segja hér við þessa

umræðu um mannréttindi, þá finnst mér að það hefði átt að flytja um það tillögu að við gætum kosið okkur kennara einnig. Þá yrðu kennarar að fara í framboð við þá skóla sem þeir hefðu sótt um starf í, þeir yrðu að halda sýnikennslu fyrir foreldra og börn og þeir yrðu að koma í heimsóknir á öll heimili. Þeir yrðu auðvitað að gefa út bæklinga þar sem þeir lýstu eigin ágæti og þeir þyrftu að greina frá hvaða ágætu hæfileikum þeir væru búnir. Það mætti að sjálfsögðu kjósa í fleiri embætti en þetta sem ég er að nefna hér eins og t.d. læknaembætti.

Ég verð að segja það að ég hef engin rök heyrt enn þá sem mæla gegn því að prestskosningar verði lagðar niður í núverandi mynd og a.m.k. ef við erum að miða vægi starfs presta við vægi starfs kennara barna okkar, þá held ég að við þurfum virkilega að hugsa okkur um hvað það er sem við erum að tala um.

Ég álít að sú skipan mála sem lögð er til í þessu frv. sé ágæt, en hefði reyndar kosið að það hefði verið gengið enn lengra. Ég hefði viljað að biskupi hefði verið falið þetta vald alfarið í hendur, að ráða eða skipa presta. En ég tel að það megi mjög vel við una eins og hér er lagt til í frv.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta neitt frekar. Ég sagði hér í upphafi, herra forseti, að ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta mál en tel að það sé mjög vel hægt að una við það að sóknarnefnd geti ráðið presta.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langa tölu úr því sem komið er um þetta mál. Ég vil benda þeim á sem skortir rök gegn þeirri skipan sem hér er lögð til að það er hægt að fletta fram og aftur í þingtíðindum, t.d. eins og ég sagði í gær frá framsóknaráratugnum, og sjá þar upp og ofan síður á tugum blaðsíðna gild rök fyrir þessu þótt við teflum þeim ekki fram nema að litlu leyti nú í lok þessarar umræðu, við lokaafgreiðslu málsins. Það þýðir ekkert um að fást. Menn hafa flotið að þessu meðvitundarlitlir, eins og ég segi, en menn þurfa ekki að eiga langa setu fram undan á Alþingi til þess að þeir munu verða vitni að því að forráðamenn klerkastéttarinnar munu koma aftur fyrir hið háa Alþingi og biðja hið háa Alþingi eins og guð sér til hjálpar, sem ég vona að þeir biðji nú, (**GHelg:** Það er nú annað hvort.) að frelsa sig frá þeirri skipan sem hér er verið að leggja til. Menn þekkja lítið til sóknarnefnda ef þeir halda það að þessum málum verði bjargað með því að vísa þeim til þeirra.

En eins og ég segi, ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta. Við höfum blessunarlega t.d. verið laus við flokkapólitík í prestskosningum. (**Gripið fram í:** Laus við?) Já, blessunarlega, kannske einstaka Skagfirðingar sem hafa flogist á, en það er þá alveg undantekning. Út af einum presti á þessari öld hafa Sauðkræklingar flogist á. Það er allt og sumt. Og menn minnast þess, það eru þrír áratugir liðnir síðan og hann man þetta, þessi ungi maður, enn. (**KP:** Hvaða ungi maður?) Stefán Guðmundsson, hv. 5. þm. Norðurl. v.

En Danir hafa reynslu af þessu, þeir hafa sára reynslu af þessu, þar sem veitingarvaldið var í pólitískum höndum og eins og upplýst var hér um árið að þar fékk áratugum saman enginn maður tekjugott prestakall nema hann væri af því sauðahúsi sósíaldemókrata og þá fer nú að fara um menn ef slíkt skyldi koma upp á hjá okkur. En ekki fleiri orð um það.

Ég verð, þótt ég eigi mjög örðugt með að sætta mig við orðinn hlut, þá ætla ég samt að gera það og hafa ekki uppi ýfingar vegna þessa máls meir. En í örlitlu atriði til sátta legg ég til ásamt hv. þm. Páli Péturssyni, Ólafi G. Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Pétri Sigurðssyni og Svavari Gestssyni að aðeins verði hliðrað til ef sóknarbörn sjá sig nauðbeygð til að biðja um kosningar á presti og útnefningin af hálfu sóknarnefndar og þeirra sem til eru kvaddir hefur farið þannig úr hendi að sóknarbörnin sjá sig tilneydd að grípa til sinna ráða. Vegna þess að eins og þetta er nú í 5. gr. frv. er þetta í mörgum tilfellum með öllu óframkvæmanlegt.

Því er það að í stað þess sem í 5. gr. er nú lagt til, að 25 af hundraði þurfi til að óska þess að almennar prestskosningar fari fram, þá verði það 10 af hundraði eða 500 af atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu. Það þýðir að í hinum fjölmennari er nægjanlegt að hafa 500, en sum eru það fjölmenn að 10% gætu sjálfsagt skipt þúsundum eða einu þúsundi a.m.k.

Að svo búnu mun ég ekki frekari afskipti hafa af eða hindra framgang þessa máls. Það er komið sem komið er og óeðlilegt að beita slíkum ráðum þótt þau séu tiltæk, en bið þess vegna hv. deild svo vel að gera að fallast á þessa tillögu því að ég held að þó í litlu sé, þá sé það þó örlítið gengið til móts við þá sem erfiðast eiga með að sætta sig við orðinn hlut að kalla má.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð núna við 3. umr. þessa máls. Hér er fjallað um frv. til laga um veitingu prestakalla, ekki afnám prestskosninga. Ég bendi á að af 22 greinum frv. fjalla 14 um kosningu. Þetta er ekki nýtt af nálinni. Hv. þm. þekkja öll rök málsins með og móti. Þetta hefur lengi verið ágreiningsefni. Það var sett nefnd í málið árið 1977 sem útbjó það frv. sem hér liggur fyrir.

Þetta mál hefur verið margrætt á prestastefnum og er mikið áhugamál kirkju- og kennimanna. Það hefur einnig verið rætt á mörgum kirkjuþingum þar sem sæti eiga bæði kennimenn og leikmenn. Því er ekki að neita að um þetta efni eru skiptar skoðanir. Þetta frv. er því málamiðlun.

Ég ætla aðeins að víkja að tveim mönnum sem létu ljós sitt skína svolítið í gærkvöldi um þetta mál. Það var hv. 3. þm. Vestf. sem talaði um þetta frv. og var nú held ég kominn alla leið upp að háa c, en hann fer svo létt með hæðina að um það þarf ekki að

hafa mörg orð. En ég vil benda þeim ágæta manni, sem ræddi svo mikið um að það væri eitthvert sérstakt áhugamál menntafrömuða í þessari deild, ekki veit ég nú við hverja hann átti, að koma þessu frv. fram, ég vil benda honum á að lesa betur 5. gr. frv. En ekki get ég fallist á tillögu hans um þjóðaratkvæði.

Um hæstv. menntmrh. er það að segja að hann ræddi í gærkvöldi um það hvernig Alþingi léti leiða sig í þessu máli og síðan brá hann á það gamalkunna ráð að telja nefndarmenn sem unnið höfðu að gerð þessa frv. meðvitundarlitla, m. ö. o. ekki starfi sínu vaxna, en hann grípur oft til þess ráðs þegar hann kveður upp um álit sitt á þeim mönnum sem komast að annarri niðurstöðu en hann sjálfur um menn og málefni.

Þó verð ég að taka fram að ég tel þá tölu, sem greinir í 5. gr., 25%, þar sem rætt er um það að skrifleg ósk þurfi að berast frá 25% atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, ég tel hana alls ekki heilaga. Maður gæti vel hugsað sér 20%, 15%, en ég held að ég muni þó ekki styðja þessa 10% tillögu þeirra félaga sem þar hafa safnast saman.

Ég vil að lokum benda á það sem okkur væri hollt að hugleiða einstöku sinnum að ég held að við séum mjög heppnir Íslendingar að eiga þjóðkirkju sem rúmar líklega 95% þjóðarinnar. Með því erum við blessunarlega lausir við ofsatrúarmenn og átök sem fylgja jafnan sértrúarsöfnuðum og við höfum næg dæmi um í sögunni, bæði fyrr og nú. Ég held að okkur hv. alþm. sé líka hollt að hlusta stöku sinnum á rödd kirkjunnar manna, einkum þegar hún er samhljóða eins og hún er í þessu máli.

Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt í þeim búningi sem því var sniðinn í hv. Ed.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl., sem hér var að ljúka máli sínu, hæstv. fyrrv. dómsmrh., sagði hér að menn ættu að hlusta á rödd kirkjunnar manna. Eru það ekki kirkjunnar menn, sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúar sem í meiri hluta vildu viðhalda óbreyttu kerfi? Eru það ekki kirkjunnar menn? Ég vísa því alfarið frá að menn séu ekki að tala um kirkjunnar menn þegar þeir tala um starfsmenn kirkjunnar þó að þeir hafi ekki tekið vígslu. (**GJG:** Þú hefur verið í kirkjukór í 20 ár.) Já og aðrir hefðu betur átt að gera það líka. Það færi betur á því. Ég held nefnilega að menn hafi ekki hlustað á rödd kirkjunnar manna í þessum efnum.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv. úr því sem komið er. Ég sagði hér í gær, og talaði þá um menningarfrömuði og hv. 1. þm. Vesturl. ýjaði að því hér. Það sem ég átti við var auðvitað það að ég geri ráð fyrir því að þingflokkar hér á Alþingi kjósi sína hæfustu menn í mennta- og menningarmálum í menntmn. t.d. þessarar hv. deildar. Það var það sem ég átti við og þetta ber ekki að misskilja. En ég heyri að hv. þm. Friðjón Þórðarson er ekki á þessari skoðun. Hann telur þessa hina sömu enga slíka. Það var þetta sem ég átti við.

Með þessu frv. er í raun og veru verið að svipta svona u.þ.b. 130–150 þúsund einstaklinga atkvæðisrétti. Það er nú hvorki meira né minna. Í reynd hefði það líklega orðið. Finnst mönnum ekki skrýtið þó að þeir sem hafa lýðræðishugsjónina að leiðarljósi setji spurningarmerki við slíkt, hvort slíkt sé réttlætanlegt? Og hvort Alþingi Íslendinga eigi að vera í fararbroddi í ákvörðun slíkra hluta?

Hv. 1. landsk. þm., ekki vil ég eiga í illdeilum við þann ágæta þm. og engin ástæða til, en hún blandaði kennurum inn í þessa umræðu. Þó að ég beri fulla virðingu fyrir kennarastarfinu og meti það mikils, þá geri ég æðimikinn greinarmun á því hvort um er að ræða kennara sem slíkan eða hvort um er að ræða sálusorgara eða klerk, hvaða orðfæri sem menn nota. Ég geri miklu meiri kröfur til þess einstaklings sem ætlar sér að vera í fararbroddi í víngarði drottins hér á jörð heldur en þó að menn hafi lært til þess að vera almennir kennarar og er ég á engan hátt að kasta rýrð á þá. Á engan hátt. Ég hef bara þessa skoðun að ég met hinn einstaklinginn meira og ætlast til meira af honum, krefst meira af honum en öðrum.

Hér var læknum blandað inn í málið. Ekki ætti að standa á mér að tala um þá stétt manna og ekki skorast ég undan því. Þó að þeir séu fyllilega mjög mikilhæfir einstaklingar í embættisverkum, að vísu margir hverjir, ekki allir, þá met ég þó kennimanninn, ef við köllum hann svo, þá met ég hans hlutverk meira fyrir sóknarbörnin en t.d. þó að tiltekinn einstaklingur hafi fengið læknaleyfi. Þannig að ég ber þetta ekki saman.

Ég gæti vel tekið undir það með hv. 1. landsk. þm. að auðvitað eigum við að geta losað okkur við þessa einstaklinga eins og aðra. Við ættum að geta losað okkur við klerk ef okkur mislíkar við hann og við teljum hann ekki hæfan. Þeirri breytingu hefði ég verið fylgjandi í sambandi við þetta mál, að það yrði tiltekinn tími sem kosningin gilti, þá ættu bæði sóknarbörn og hinn tiltekni einstaklingur kost á því að taka ákvörðun aftur. (*Gripið fram í.*) Já, ég heyri það að hæstv. samgrh. er vel inni í umræðunni í þessum efnum þó að hann kjósi að láta ekkert í sér heyra í ræðustól.

Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. 1. landsk. þm. að þetta sé ekkert sambærilegt við alþingiskosningar. Fyrir 10 árum síðan var sú stemmning hér á Alþingi að menn tóku ekki í mál slíka breytingu eins og hér er verið að tala um og leggja til. Fyrir 10 árum síðan (**KSK:** Menn þroskast sem betur fer.) tóku menn það ekki í mál. Ég tel að menn hafi heldur farið á hinn veginn í þessum efnum, að það sé vanþroski sem hér hafi ráðið ferðinni að því er þetta frv. varðar. Og það kæmi mér ekki á óvart þó slíkur vanþroski héldi áfram hér á hv. Alþingi, að menn færu að ýja að því að það mætti nú með einhverju móti undirbúa jarðveginn í þeim efnum að losa sig við kosningar á þingmönnum, finna einhverja tiltekna, ég orðaði það klíku, til þess að tilnefna þá þm. sem þeir vildu að sætu þar. Það kæmi mér ekki

á óvart að slíkur hugsunarháttur gæti skotið rótum hér á Alþingi í kjölfar þess sem gerst hefur á undangengnum 10 árum.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta. Um þetta mætti segja miklu meira og hafa lengra mál. Ég fagna því að nú hefur þó svo skipast málum að ýmsir hér af þingdeildarmönnum, ég vona sem flestir og a.m.k. meiri hluti þingdeildarinnar, muni fallast á þá brtt. sem hér hefur nú verið lögð fram. Hún er þó viðleitni til þess að auðvelda sóknarbörnum að ná fram þeim eðlilega og sjálfsagða vilja að geta gengið til kosninga á presti.

Hv. 1. þm. Vesturl. ítrekaði það að hér væri ekki verið að afnema prestskosningar. Ég bið nú hv. 1. þm. Vesturl. að grennslast fyrir um það hvað dómprófastur sagði í morgunvöku í útvarpinu fyrir, held ég, þrem dögum síðan, þegar hans lokaorð voru þau: „Ég vona satt að segja að neðri deild Alþingis samþykki frv. um afnám prestskosninga.“ Ég bið hæstv. fyrrv. dómsmrh. að grennslast fyrir um það hvort þetta muni ekki vera rétt eftir haft. A.m.k. er sá skilningur þessa einstaklings (Gripið fram í.) og ég er sammála hans skilningi í þeim efnum. — Hvað segir hv. þm. Pálmi Jónsson? (**PJ:** Það gerir ekkert til.) Jæja, verst er nú að menn tali ekki svo hátt framm í að menn heyri það, þá væri hægt að svara. En ekki meira um þetta.

Ég segi eins og hæstv. menntmrh.: Hér er málum svo komið að ekki verður betur við ráðið en væntanlega sú tillaga sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir og í ljósi þess — það er engin ástæða fyrir hv. þm. Ellert B. Schram að vera órólegan. Hann hefur ekki eytt það löngum tíma hér á þingdeildarfundum í vetur, (Gripið fram í.) hann gæti vel setið. (Gripið fram í.) Hér ertu til þess að heyra í þm., ekki bara til að heyra í sjálfum þér. Af því færðu nóg.

Ég skal ekki lengja þennan ræðutíma, herra forseti. En í ljósi þess sem nú hefur gerst og í trausti þess að menn samþykki þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram um að færa niður í 10% þar sem áður var gert ráð fyrir 25%, þá sýnist mér rökrétt að ég dragi þá brtt. sem ég gerði ráð fyrir til baka og geri það hér með.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var hér í gær að ég hitti að máli hæstv. menntmrh., sem að eigin sögn hefur verið meðvitundarlítill í þessu máli um nokkurra vikna skeið eða það hefur flotið hér í gegnum þingið, og gat þess við hann hvort það væri hugsanlegt að við sameinuðumst um að flytja brtt. við þetta frv. og hann tók mér vel. Við lögðum síðan fram brtt., ég og hv. þm. Pétur Sigurðsson, og síðan hefur fæðst hér brtt. á þessum merka degi, afmælisdegi Páls Pétursssonar, þar sem nokkrir þm. hafa tekið sig saman um brtt. við 5. gr. Og þar sem þessi till. er hin merkasta tel ég enga ástæðu til þess að vera að halda till. okkar hv. þm. Péturs Sigurðssonar til streitu og lýsi því yfir að við drögum hana til baka.

Jafnframt vil ég segja það að ég er almennt þeirrar skoðunar að þjóðaratkvæði þurfi að innleiða hér á mikið fleiri sviðum en gert hefur verið og þyrfti að setja um það ákvæði í stjórnarskrá, en ég er hins vegar ekki tilbúinn til þess að byrja ferli þjóðaratkvæðagreiðslna á Íslandi með því að fjalla um skipan prestsembætta. Ég get því ekki fyrir mitt leyti stutt till. hv. 3. þm. Vestf. (**KP:** Það er búið að draga hana til baka.) Er búið að draga hana til baka? Ég heyrði það ekki, herra forseti, og biðst afsökunar á því, en vildi taka þetta fram. Ég vænti þess að sú till. sem hér hefur verið flutt hafi góðan stuðning þannig að þetta mál geti farið í gegnum þingið með þeirri brtt. sem við höfum lagt hér fyrir.

Ég ætla ekki að fara að tala hér almennt um lýðræði og presta. Það eru sjálfsagt aðrir menn betur fallnir til þess, einkum það síðarnefnda, þannig að ég læt máli mínu lokið.

Guðmundur Einarsson:

Herra forseti. Í framhaldi af því sem síðasti ræðumaður talaði um lýðræði, þá hafa menn stundum gert sér leik að því á undanförnum misserum að tala um að upp sé að renna ný öld með alls konar nýjum grænum sem geri fólki kleift að taka ákvarðanir um hitt og þetta. Það er talað um að upp sé að renna öld þátttökulýðræðisins þar sem fólk hafi aukið val bæði um menn og málefni og menn muni ætla til þess sérstaka stund heima hjá sér á kvöldin hjá tölvunni sinni að láta áhugamál sín og skoðanir í ljós við valdhafana og þannig sé upprunninn sá tími að fólk hafi miklu meiri áhrif á það hvað gerist hvunndags í lífi þess og hver fari með ýmiss konar umboð fyrir það.

Af þessum sama toga er umræða sem lengi hefur verið hér um að nauðsynlegt sé að taka upp þjóðaratkvæði í ýmiss konar málum. Og á einn og annan hátt hafa menn sem sagt talið að á það skorti nokkuð hérlendis, og reyndar miklu víðar, að áhrif fólks og skoðanir komist á reglulegan og reglubundinn hátt til skila svona rétt á milli kosninga. Ég er á þessari skoðun. Ég tel að það sé ekki nóg að almenningur hefur einungis á reglubundinn hátt kosið um alþm., hundahald, presta og áfengi í þessu landi. Ég hef talið að þarna mætti frekar auka heldur en hitt.

Nú er það svo að maður hefur heyrt ýmiss konar rök gegn prestskosningum og ein eru þau að þar verði ýmsar skvettur sem fólki þyki miður og við séum betur án. Ég held að það verði nú að segja þá um prestskosningarnar eins og alþingiskosningar að ef menn þola ekki hitann í eldhúsinu þá eiga þeir ekki að fást við matartilbúninginn. Það er óumflýjanlegur fylgifiskur þess að hafa skoðanir að þeim skoðunum og þeim sem halda þeim fram sé boðið upp á ýmislegt. Þetta er nú einungis það sem fylgir því að beita sér fyrir mönnum og málefnum. Mér finnst það ekki rök gegn prestskosningum að þar sé hart tekist á.

Af 33 ára búsetu í Kópavoginum minnist ég þess að í eitt einasta skipti barði upp á dyrapalli foreldra

minna manneskja sem hafði boðið sig fram til þjónustu fyrir borgarana. Þar létu aldrei sjá sig þeir sem buðu sig fram í bæjarstjórn og þar létu aldrei sjá sig þeir sem buðu sig fram til þess að þjóna Kópavogsbúum og öðrum Reyknesingum á Alþingi, en þar barði einn daginn að dyrum maður sem bauð sig fram við prestskosningar í Kópavogi. Mér er þetta mjög minnisstætt vegna þess að mér þótti þetta gott. Þetta var í eina skiptið sem ég og fjölskylda mín höfðum á þeim tíma raunverulegt tækifæri til þess að kynnast manneskjunni, til þess að kynnast skoðunum og heimssýn þeirrar manneskju sem okkur stóð til boða að kjósa til starfa í þjónustu okkar. Og mér þykir það eins og ég segi illa farið ef þessu á að snúa við.

Fólk hefur nefnilega til þess ýmsar aðferðir að kjósa sér menn til þjónustu. Flest búum við við þær aðstæður að við getum t.d. kosið okkur lækni. Við gerum það á þann hátt að við veljum okkur þann lækni til samstarfs sem við teljum að muni reynast eða hafi reynst okkur vel og þó að nýtt skipulag í heilbrigðisþjónustu sé upp tekið víðast þá vona ég að því verði aldrei skorinn svo þröngur stakkur að fólk hafi ekki til þess möguleika við skipulag heilbrigðisþjónustunnar að velja við hvaða lækni það vill eiga nánust samskipti. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt. Ég held að í staðinn fyrir að fækka þeim sviðum þar sem beinar kosningar eru á starfsmönnum eigi að fjölga þeim. Ég tel að það sé eðlilegt að þegar fram fara sveitarstjórnarkosningar sé valið í almennum kosningum til miklu fleiri starfa á vegum bæjarfélagsins en nú er. Þar má þá t.d. telja ýmist formenn eða jafnvel nefndarmenn í skólanefndum, í heilbrigðisnefndum eða fræðslunefndum eða öðrum þeim nefndum sem starfa á vegum sveitarfélaganna og inna þjónustu af hendi eða stjórna og móta þjónustu sem innt er af hendi fyrir borgarana. Þar held ég að eigi að stefna til aukinnar þátttöku borgaranna frekar en að takmarka þessa þátttöku.

Ég held einmitt að það sé kannske eitt af því sem hefur verið hollt prestastéttinni að þar hefur ekki verið fylgt einhvers konar punktakerfi eftir starfsaldri eða fjölda ára þjónandi við einhverjar tilteknar erfiðar kringumstæður úti á landi. Það eru þá punktakerfi eins og manni virðist stundum vera höfð í gangi við það að skipa sýslumenn eða dýralækna. Í prestskosningum er það vilji fólksins sem hefur ráðið því hvernig menn og hvaða fólk er ráðið til starfa og þetta hefur tryggt nýju fólki, ungu fólki og áhugasömu fólki og duglegu fólki aðgang og tryggt því að komast t.d. inn í brauð hér á þéttbýlissvæðinu þar sem margt af hinu yngra og áhugasamara fólki innan þjóðkirkjunnar telur að mjög brýnt sé að starfa vegna ýmiss konar félagslegra vandamála sem hér steðji að.

Ég ætla ekki að gera þessi orð mín fleiri. Ég ætla að fara að óskum forseta, sem hafa verið margendurteknar hér í dag, að menn fari nú sparlega með ræðutíma. Ég tel að það að afnema eða setja einhverjar tilteknar skorður eða búa til einhverja sérstaka útgáfu af lýðræði í sambandi við prestskosningar sé spor í öfuga átt. Ég tel að þar sé verið að minnka réttindi fólks og þar sé verið að skera á eina af þeim taugum sem hafa haldið ákveðnu lifandi sambandi milli fólksins í landinu og kirkjunnar og hennar þjóna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 955 tekin aftur.
Brtt. 956 tekin aftur.
Brtt. 1004 felld með 16:15 atkv.
Frv. samþ. með 20:6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSK, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, RH, StG, SV, StH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HBl, IG.

nei: KP, PP, SvH, EH, GE, GJG.

KJóh, KH, ÓE, PS, SJS, SvG, GeirG, GHelg greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (JS, JBH, GSig, GA, HÁ, HG) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1033).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (dráttarvextir). — Þskj. 842.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Orlof, 2. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Opinber innkaup, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 129, n. 1008, brtt. 1009, 1014.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um opinber innkaup. Nefndin fékk til viðræðu við sig fulltrúa frá Innkaupastofnun ríkisins, Ásgeir Jóhannesson forstjóra, og fulltrúa Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Magnús Pétursson hagsýslustjóra.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson, með fyrirvara, og einnig Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.

Brtt. er við gildistökugreinina. Í stað orðanna „1. janúar 1987“ komi: 1. janúar 1988. Þetta var sem sagt úrelt ákvæði í frv. sem verður að færa til nútímalegra horfs.

Einnig flytur Svavar Gestsson brtt. við frv. og mun hann að sjálfsögðu mæla fyrir henni sjálfur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. um frv. til laga um opinber innkaup með fyrirvara vegna þess að ég vildi flytja við frv. brtt. um það að skylt sé að taka tillit til tilboða íslenskra aðila umfram erlenda þegar um er að ræða verkefni á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Tillagan er orðuð svona:

„Skylt er að taka tillit til tilboða íslenskra aðila umfram erlenda og heimilt að taka tilboðum þeirra þó að þau séu allt að 15% hærri en tilboð erlendra aðila.“

Margháttaðan rökstuðning má flytja fyrir þessari tillögu. Tillögur af þessu tagi hafa áður verið fluttar og það hefur verið yfirlýst stefna t.d. iðnrn. að íslenskir aðilar eigi að hafa forgang í þessum efnum. Þá minni ég t.d. á frv. sem við höfum flutt hér, ég og hv. þm. Halldór Blöndal, um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð, um að innlend skipasmíði njóti forréttinda umfram erlenda þegar um er að ræða lán úr Fiskveiðasjóði.

Hér er um að ræða algenga aðferð sem er viðhöfð í flestum ríkjum með skylt efnahagskerfi þrátt fyrir aðild þessara ríkja að EFTA, eða Efnahagsbandalagi Evrópu. Auk þess er heppilegt að hafa svona ákvæði inni þegar um það er að ræða að erlendir aðilar eru með undirboð, eða „dumping“.

Ég flutti hér tillögu í sambandi við afgreiðslu tollalaganna um ákvæði sem átti að hafa það hlutverk að vernda innlenda aðila fyrir undirboði erlendra aðila. Þessi tillaga stefnir í sömu átt, að skapa innlendum aðilum stöðu til að keppa við erlenda aðila jafnvel þó um undirboð sé að ræða. Tillagan beinist að því að efla markaðshlutdeild íslensks iðnaðar og íslenskrar þjónustustarfsemi.

Ég vænti þess, herra forseti, að deildin taki þessari brtt. vel.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara. Það er vegna þess að mér þykir það sem í þessu frv. felst eiginlega ekki nægilega markvisst og að þetta sé heldur ófullkomin lagasmíð þó að hún kunni að vera til nokkurra bóta. Ég tel að það sé nauðsynlegt að taka þetta mál til nánari skoðunar mjög fljótlega. Þó að ég geti þannig fellt mig við frv. tel ég að það þurfi að skoða nánar og hér þurfi að vera markvissari stefnumörkun á ferðinni. Ég undirrita nál. með fyrirvara um það að menn taki þessum málum nánara tak fljótlega.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Á Alþingi 1979–1980 var samþykkt till. til þál., sem var flutt af mér, um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Tillgr. var svofelld:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra er leiði til eflingar íslenskum iðnaði og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.“

Í grg. sagði m.a.:

„Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki.“

Í samræmi við þetta vil ég geta þess að ég styð eindregið till. hv. 3. þm. Reykv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1009 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EBS, GeirG, GJG, GHelg, KH, SV, SJS, SvG.

nei: AS, BÍG, FÞ, FrS, GB, GGS, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RH, StH, SvH, ÞP, ÞS, IG.

GE, ÓÞÞ, StG greiddu ekki atkv.

8 þm. (GSig, GA, HÁ, HG, JS, JBH, KP, KJóh) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.–9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1014 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Vísitala byggingarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (heildarlög). — Þskj. 866, n. 988.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar. Frv. gerir ráð fyrir því að vísitala byggingarkostnaðar verði reiknuð út mánaðarlega.

Málið var afgreitt með samhljóða atkvæðum í Ed. og fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 738 (sbr. 644), n. 996, 1003 og 1017.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. í fjarveru hv. þm. Páls Péturssonar.

Nefndin hefur fjallað um málið og kvaddi á sinn fund ýmsa aðila.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins en meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.

Það er ástæða til að taka fram sérstaklega að að beiðni Fiskveiðasjóðs athuguðu þeir lögfræðingarnir Þorgeir Örlygsson og Friðgeir Björnsson réttarstöðu starfsfólks Fiskveiðasjóðs og nefndinni sýnist að starfsmenn Fiskveiðasjóðs hljóti að njóta sömu réttinda og starfsmenn Útvegsbankans.

Undir þetta nál. rita, auk okkar hv. þm. Páls Péturssonar, þeir hv. þm. Ólafur G. Einarsson, Guðmundur Bjarnason og Halldór Blöndal.

Minni hlutarnir eru tveir og munu þeir gera grein fyrir álitum sínum.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1003 hef ég gefið út nál. fyrir 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og er nál. á þessa leið:

„Það er engin lausn á vandamálum ríkisbankanna að gera þá að einkabönkum eins og stefnt er að með frv. þessu. Þvert á móti er ljóst að íslenskir atvinnuvegir og almenningur þurfa að hafa sterka ríkisbanka sem hafa víðari sjóndeildarhring en hið lokaða einkabankakerfi þar sem ekki er unnt að koma við neinu lýðræðislegu aðhaldi.

Stjórnkerfi ríkisbankanna er hins vegar allt of veikt. Þess vegna væri eðlilegra að svara þeim vandamálum sem sköpuðust í Útvegsbankanum með því að opna stjórnkerfi bankanna og tryggja þeim lýðræðislegt aðhald. Það mætti gera með því í fyrsta lagi að koma hér á almennum yfirheyrslum yfir ríkisstofnunum á vegum þingnefnda, eins og lengi hefur tíðkast í Bandaríkjunum með góðum árangri, og í öðru lagi með því að skylda bankana til þess að birta yfirlit um stærstu viðskiptamenn bankans reglulega og í þriðja lagi með því að setja reglur um að útlán bankanna til einstakra fyrirtækja fari aldrei fram úr tilteknu hlutfalli af eiginfjárstöðu.

Undirritaður er andvígur því frv. sem hér liggur fyrir af þeirri grundvallarástæðu að frv. mun, ef að lögum verður, opna fyrir eignaraðild útlendinga að íslenska bankakerfinu. Fram kom í viðtali við bankastjóra Útvegsbankans í morgun að danskur banki hefur lýst áhuga sínum á því að kaupa sig inn í Útvegsbankann og þar með að kaupa sig til áhrifa í íslenska bankakerfinu á ný. Má segja að það varpi skýru ljósi á grundvallaratriði þessa máls að danskir bankar skuli sýna áhuga á því að kaupa sig inn í bankakerfið [á Íslandi] á nýjan leik. Hér er komið að meginatriðinu í efnahagslegu sjálfstæði þjóðar, þ.e. því hvort útlendingar hafa hér úrslitatök í efnahags- og atvinnulífi.

Meginástæðurnar fyrir andstöðu undirritaðs við frv. um að gera Útvegsbankann að hlutafélagsbanka eru þessar:

1. Frv. opnar útlendingum aðild að bankakerfinu á Íslandi.

2. Frv. markar fyrsta skrefið á þeirri leið að afnema þjóðbankakerfið og afhenda einkaaðilum þjóðbankana.

3. Í frv. er ekki tekið á skipulagsvandamálum bankanna.

4. Frv. eða ákvæði þess duga ekki til þess að leysa vandamál Útvegsbankans. Lausafjárstaða hans er neikvæð um 1000 millj. kr. þó að nýtt fé upp á 1000 millj. kr. komi inn í bankann samkvæmt frv.

Afstaða Alþb. hefur verið sú að það eigi að

sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Sú leið, sem valin er, er versta leiðin að allra mati, m.a. að dómi bankastjórnar Seðlabankans.

Þá ber að gagnrýna ríkisstjórnina harðlega fyrir seinagang í þessu máli. Allt árið 1986 var bankinn látinn búa við óvissu þannig að hann fékk þá í sinn hlut 500 millj. kr. minna í innlánum en ella hefði verið að mati bankastjóra bankans sem komu til fundar við fjh.- og viðskn. í morgun."

Um þetta Útvegsbankamál mætti hafa hér langt og ítarlegt mál. Staðreyndin er sú að fá mál hafa verið meira rædd á undanförnum misserum og í sjálfu sér ástæðulaust að endurtaka þá umræðu hér. Það væri þó fróðlegt að rifja það upp hvernig stjórnarflokkarnir hringsnerust í þessu máli og hvernig síðan lendingin varð þegar ákveðið var að velja þá leið sem Seðlabankinn taldi ekki aðeins versta heldur jafnvel beinlínis hættulega, þá leið sem var svo að segja stimpluð með þremur eiturkrossum frá bankastjórn Seðlabankans vegna þess að hún taldi að hér væri ekki verið að taka á skipulagsvandamálum bankanna og að Útvegsbankinn sé í rauninni þrátt fyrir endurreisnina of lítill til að axla allar þær byrðar sem á þann banka eru lagðar og verða lagðar. Og það held ég að sé kannske kjarni málsins.

10. nóv. s.l. var gefin út tilkynning frá Seðlabankanum um endurskipulagningu bankakerfisins og lausn á fjárhagsvanda Útvegsbanka Íslands. Í bréfi bankastjóranna til viðskrh. þann dag segir svo:

„Í miðjum ágúst s.l. fól viðskrh. bankastjórn Seðlabankans að leggja fram grg. og ákveðna tillögu í ofangreindu máli en ferill þess og aðdragandi er rakinn í meðfylgjandi grg. Í henni er jafnframt gerð grein fyrir og tekin afstaða til fjögurra aðalhugmynda sem til umræðu hafa verið þannig:

1. Samruni Útvegsbankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans í hlutafélagsbanka er stofnaður yrði samkvæmt ákvæðum viðskiptabankalaga, nr. 86/1985, með væntanlegri aðild sparisjóða, fyrirtækja og einstaklinga.
2. Sameining Búnaðarbanka og Útvegsbanka.
3. Skipting og samruni Útvegsbanka við Landsbanka og Búnaðarbanka.
4. Endurreisn Útvegsbankans.

Það er eindregin tillaga bankastjórnar Seðlabankans að fyrsta tilgreinda leiðin verði farin. Er gerð ítarleg grein fyrir þessari tillögu í meðfylgjandi grg. og með henni lögð fram drög að samkomulagi aðila um framkvæmd hennar ásamt drögum að frv. til laga um hana ásamt fylgiskjölum um tölulega úttekt til stuðnings þeirri lausn sem bankastjórnin ber hér fram. Verði þessari leið engu að síður hafnað er ekki um annað að ræða en að leysa vandamál Útvegsbankans annaðhvort með sameiningu við Búnaðarbankann eða með skiptingu og samruna hans við Landsbankann og Búnaðarbankann. Síðustu leiðinni, þ.e. endurreisn Útvegsbankans, er hins vegar alfarið hafnað í meðfylgjandi grg."

Það er þess vegna alveg ljóst að það er ein leið sem er talin verst og er í raun og veru hafnað. Og um þá leið segir í grg. bankastjórnar Seðlabankans:

„Að mati Seðlabankans er endurreisn Útvegsbankans langversti kosturinn sem fyrir hendi er í bankamálum. Svo veigamiklar röksemdir mæla gegn þessari leið að telja verður að hún komi alls ekki til álita. Helstu röksemdirnar eru tvíþættar:

1. Alls enginn áfangi næðist í nauðsynlegum skipulagsbreytingum bankakerfisins.
2. Þetta yrði dýrasti kosturinn fyrir ríkissjóð.

Við þessar röksemdir bætist svo það að engan veginn verður séð hvaða hagsmunum það á að þjóna að endurreisa bankann og óneitanlega hræða gengin spor í því efni. Er þar átt við margendurteknar árangurslausar tilraunir um langt árabil til að koma rekstri og fjárhag bankans á réttan kjöl. Skal nú vikið nokkru nánar að framangreindum atriðum.

Eins og gerð var grein fyrir hér á undan mundi nást nokkur árangur í einföldun og hagræðingu bankakerfisins með því að sameina Búnaðarbanka og Útvegsbanka þótt slík skipulagsbreyting sé ekki lengur í takt við tímann. Þessi lágmarksárangur mundi ekki nást ef Útvegsbankinn yrði endurreistur. Endurreisn bankans yrði jafnframt dýrasta leiðin fyrir ríkissjóð vegna þess ef bankinn á að starfa áfram verður ríkissjóður að standa einn að alhliða fjárhagslegri endurskipulagningu hans og viðskiptastaða bankans og sérþekking starfsmanna, t.d. í gjaldeyrismálum, mundi ekki nýtast sem viðskiptavild í samningum við aðra banka.

Útvegsbankinn hefur um langt árabil átt við stórfelld vandamál að glíma í starfsemi sinni. Stærstu vandamálin hafa verið mjög neikvæð lausafjárstaða, ófullnægjandi rekstrarafkoma og verulegir ágallar á dreifingu útlána til einstakra lánþega og atvinnugreina. Síðasttalda atriðið hefur nú leitt til útlánatapa sem hafa nánast þurrkað út eigið fé bankans. Sé litið á umfang innlánsviðskipta er Útvegsbankinn langminnsti ríkisbankinn og heildarinnlán stærstu hlutafélagsbankanna eru farin að nálgast innlán Útvegsbankans. Í árslok 1985 voru innlán Útvegsbankans ekki nema 53% af innlánum Búnaðarbankans og tæp 30% af innlánum Landsbankans. Á sama tíma voru innlán bankans einungis 30% umfram innlán Iðnaðarbankans. Hlutdeild Útvegsbankans í heildarinnlánum banka og sparisjóða er nú innan við 10%. Minnt skal á að á seinni árum hefur farið fram töluverður tilflutningur útlánsviðskipta í sjávarútvegi frá Útvegsbankanum til annarra innlánsstofnana og útibú bankans á Seyðisfirði var yfirtekið af Landsbankanum. Einnig þarf að hafa í huga að Útvegsbankinn hefur ekki lengur þá sérstöku aðstöðu að hafa ásamt Landsbankanum einkarétt til gjaldeyrisviðskipta.

Þegar litið er til framangreindra atriða um stöðu Útvegsbankans í bankakerfinu og þróun hennar er vandséð hvaða hagsmunum það mundi þjóna að endurreisa bankann. Það eru ljóslega ekki hagsmunir ríkissjóðs að leggja fram stórfellda fjárhæð af almannafé til að slík fjárhagsleg endurskipulagning

geti átt sér stað. Endurreisn bankans er heldur ekki hagsmunamál fyrir lánshæf fyrirtæki og einstaklinga sem nú eru í viðskiptum við bankann. Hagsmunum slíkra aðila hlýtur að vera betur borgið í viðskiptum við stóran og sterkan banka en lítinn banka sem ætti undir högg að sækja í vaxandi samkeppni. Ef einhverjir af núverandi innstæðueigendum hjá Útvegsbankanum leggja áherslu á að njóta viðskipta við ríkisbanka ættu þeir kost á slíku enda þótt Útvegsbankinn hætti rekstri sem sjálfstæð eining.

Að því er varðar hagsmuni starfsmanna er ljóst að tillit yrði til þeirra tekið við framkvæmd bankasameiningar, ekki síst til hagsmuna þeirra sem hafa alllengi verið í þjónustu þeirra banka sem sameinaðir yrðu. Til viðbótar framanrituðu verður að horfast í augu við það að fortíðin varpar töluverðum skugga á þá hugmynd að endurreisa Útvegsbankann með stórfelldu framlagi af almannafé. Margendurteknar tilraunir hafa verið gerðar á síðustu 15 árum til að styrkja stöðu bankans. Hefur hann margoft notið víðtækrar lánafyrirgreiðslu í Seðlabanka umfram það sem aðrir bankar hafa átt kost á. Einnig hefur Seðlabankinn gefið eftir vexti af skuldum Útvegsbankans og veitt honum annan beinan fjárstuðning. Á árinu 1981 fékk Útvegsbankinn 50 millj. kr. nýtt eiginfjárframlag. Verðgildi beinna fjárframlaga ríkissjóðs og Seðlabanka til Útvegsbankans á síðustu 12 árum er 535 millj. kr. á verðlagi í október 1986.

Þrátt fyrir þessi framlög og aðra viðleitni til að koma rekstri Útvegsbankans á réttan kjöl er nú svo komið að bankinn verður ekki rekinn áfram nema til mjög róttækra aðgerða sé gripið. Í því sambandi skal tekið fram að rekstrartap bankans fyrstu átta mánuði þessa árs er tæpar 100 millj. kr.

Niðurstaða Seðlabankans er því sú að ekki verði lengur undan því vikist að gera róttækar breytingar á skipulagi bankakerfisins eins og stefnt er að með þessari tillögugerð bankans."

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð.

Í sjálfu sér er ástæðulaust að bæta neinu við þessa umsögn bankastjóra Seðlabankans nema þá kannske því að hæstv. viðskrh. mun væntanlega halda því fram að hér sé ekki verið að leggja byrðar á ríkissjóð vegna þess að um sé að ræða hlutafé sem eigi að bjóða falt á almennum markaði og ríkissjóður muni smám saman losna við þær skuldbindingar sem því fylgi að eiga hlut í Útvegsbankanum. Engu að síður er það svo að á næstu árum mun ríkið hafa þarna mjög verulegar skuldbindingar og mín trú er reyndar sú að eftir tvö ár þegar aðlögunartíma Útvegsbankans hf. að einkabankakerfi lýkur muni koma í ljós að aðgerðirnar núna til að koma Útvegsbankanum á lappirnar verði þá taldar hafa verið ófullnægjandi. Og menn munu komast að þeirri niðurstöðu að þá þurfi enn að grípa til björgunarráðstafana vegna Útvegsbankans þó að hann hafi bætt við sig stöfunum hf.

Ég held þess vegna að það sé ekki of mikið sagt þegar niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefur verið lýst með þeim hætti að þar sé um að ræða átakanlega magalendingu. Það er reyndar mikið afrek satt að segja af ríkisstjórninni að lenda málinu nákvæmlega þarna eftir þessa eindregnu afstöðu bankastjórnar Seðlabankans. Og það er ekki eins og þetta séu neinir venjulegir vikapiltar í bankamálum sem eru að leggja þetta til. Það er fyrrv. hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson, það er fyrrv. hæstv. fjmrh. og viðskrh. og varaformaður Framsfl. Tómas Árnason og það er hans hátign Jóhannes Nordal. Þetta lið allt sameinast um það að taka eina leið út úr, líma utan á hana miða eins og á eiturefnaflöskum, merkja með þremur krossum og segja: Hættulegt. Og auðvitað rambaði ríkisstjórnin á þá aðferð, þá aðferð sem var samdóma álit allra að væri sú vitlausasta af þeim öllum.

Nú getur ríkisstjórnin hins vegar komið og hæstv. viðskrh. — hæstv. viðskrh. getur komið og sagt: Já, en það var engin önnur leið fær. Ég kom alls staðar að lokuðum dyrum. Landsbankinn sagði: Ekki ég. Einkabankarnir sögðu: Ekki ég. Og Búnaðarbankinn sagði: Ekki ég. Það er rétt, það er örugglega rétt að hæstv. viðskrh. var þar króaður af. (Gripið fram í.) Landsbankinn sagði kannske ekki mikið. Ætli hann hafi verið spurður mikið? Ætli það hefði kannske ekki verið skynsamlegast að reyna leið fimm sem ekki var einu sinni nefnd í hugmyndaflugi bankastjóra Seðlabankans, þ.e. að reyna að sameina Útvegsbankann og Landsbankann? En það er sérkennilegt til þess að hugsa að það skuli koma fyrir aftur og aftur, ekki einasta núverandi viðskrh. heldur alla viðskiptaráðherra hér í 20 ár, að þegar gerð er tilraun til þess að ná fram sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans segir Búnaðarbankinn nei, rétt eins og hann sé einkafyrirtæki. Rétt eins og hann sé í raun og veru sjálfstæður aðili en ekki hluti af ríkinu, sjálfseignarstofnun en ekki hluti af ríkinu.

Ég minnist þess að 1978 og 1979 setti ég nefnd þáverandi vinstristjórnarflokka í það að undirbúa sameiningu þessara banka. Allir þm. þeirra þriggja flokka sem stóðu að þeirri stjórn voru inni á því að fara þessa leið, að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. En það kom þó í ljós að Búnaðarbankinn átti hauk í horni þar sem var sá ágæti hv. þm. Stefán Valgeirsson. (**Gripið fram í:** Hvaða ár var það?) Þetta var 1979. Og það er engu líkara en að Búnaðarbankinn hafi eignast lóð og lendur víðar síðan þetta var — víðar. Búnaðarbankinn hefur ekki einu sinni verið tilbúinn til þess að taka þátt í þeirri endurskipulagningu bankakerfisins að taka við stöðum eða svæðum þar sem um er að ræða mjög þunga byrði af viðskiptum við atvinnulífið og sérstaklega sjávarútveginn. Búnaðarbankinn hefur þar sloppið alveg ótrúlega vel. Búnaðarbankinn hefur hins vegar haft lag á því að vera í viðskiptum við vissa aðila á þéttbýlissvæðinu þó að hann heiti Búnaðarbanki, aðila sem hafa ákaflega lítið með búnað eða a.m.k. með landbúnað að gera, og hefur bersýnilega haft af því verulegan hagnað og það er satt að segja nokkuð

sérkennilegt að upplifa það aftur og aftur í þessu stjórnkerfi að það eru til svona kóngar sem eru bankastjórar í bönkum árum og áratugum saman og reka ríkisbankana eins og sjálfseignarstofnanir. Og mönnum kann að finnast það allt í lagi þegar sæmilega gengur. En þegar fer að halla á, eins og gerðist í Útvegsbankanum, koma menn auðvitað hlaupandi til stóru mömmu og rífa í pilsfaldinn og biðja um hjálp og þannig yrði það líka auðvitað ef eitthvað bjátaði á í Búnaðarbankanum.

Það er ekki þannig, herra forseti, í sambandi við þær athugasemdir sem ég er að gera við þetta frv. í nál. mínu og nefni þar fyrst að það sé verið að opna útlendingum aðild að bankakerfinu á Íslandi. Það er ekki þannig að ég telji að menn standi í biðröðum í erlendum kauphöllum eftir því að kaupa hlutabréf í Útvegsbankanum. Ég hef enga trú á því að kauphallarmenn í London eða Tókýo séu mikið að velta því fyrir sér hvort svo kunni að fara að hérna verði opnað fyrir hlutabréfakaup í Útvegsbankanum á Íslandi. Ég satt að segja hef ekki mikla trú á því að menn standi í biðröðum eftir slíku, það sé ekki talinn þannig bisness að menn séu að leggja mikið á sig vangaveltur í þeim efnum. Hins vegar hefur það þrátt fyrir þetta komið fram hjá bankastjórum Útvegsbankans að þeir héldu því fram á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun að einhver danskur banki hefði óskað eftir því að fá að kaupa hlut í Útvegsbankanum ef sú leið yrði opnuð. Það eru auðvitað ekki viðskiptin eða á ég kannske að segja hallinn sem menn eru að sækjast eftir að kaupa hlutabréf í. Það er örugglega eitthvað annað og auðvitað er það fyrst og fremst aðstaða til að koma sinni ár fyrir borð hér á íslenskum peningamarkaði vegna þess að auðvitað eru ýmsir hlutir hér þannig á íslenskum peningamarkaði sem eru arðvænlegir og við höfum orðið varir við það núna á síðustu misserum eftir að voru stofnuð hér ýmis fjármögnunarleigufyrirtæki að útlendir bankar eru nú þegar aðilar að fyrirtækjum sem stunda fjármögnunarleigu en um þá starfsemi er ekki til nein löggjöf í þessu landi eins og kunnugt er. Ástæðan til þess að við leggjum harðast gegn hugmyndinni um það að opna útlendingum aðild að bankakerfinu á Íslandi er auðvitað sú að við teljum að það sé hætta á að þar með missum við ráðin yfir þessu kerfi í hendur útlendinga. Til hvers var þá barist um langa tíð ef niðurstaðan verður sú að útlendingar hirða úrslitaítök í bankakerfinu á Íslandi?

Í öðru lagi nefni ég það í þessu nál. að frv. marki fyrsta skref á þeirri leið að afnema þjóðbankakerfið og afhenda einkaaðilum þjóðbankana. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að alls konar aðilar, m.a. hér í þessum sal, hafa verið með kenningar um það að það ætti endilega að selja ríkisbankana. Það væri alveg höfuðnauðsyn að selja ríkisbankana og það væri t.d. svarið við vandamálum Útvegsbankans að selja ríkisbankana. Þessar kröfur eiga auðvitað rætur í þessu frjálshyggjuofstæki sem hefur verið talsvert við lýði núna á undanförnum árum. Þeir menn sem prédika þetta gera sér gjarnan ekki grein fyrir því að ríkisbankarnir ná hagstæðari viðskiptum á erlendum mörkuðum en einkabankar á Íslandi geta gert. Þeir ná þessum hagstæðari viðskiptum á erlendum fjármagnsmörkuðum vegna þess að þeir eru ríkisbankar. Ég hygg að þarna geti munað að því er varðar lántökukostnað nokkrum prósentum í hvert skipti og það geta verið giska miklar fjárhæðir þegar fram í sækir og allt er lagt saman. En auðvitað er aðalástæðan til þess að við eigum að hafa þjóðbankakerfi sú að við verðum að vera hér með banka sem sinna af myndugleika uppbyggingu okkar atvinnulífs, hvort sem þar er um að ræða sjávarútveginn, iðnaðinn eða einhvers konar nýjar greinar. Bankar sem eingöngu miðast við það að græða á verslun og viðskiptum eru ónýtir bankar fyrir atvinnulífið á Íslandi.

Hins vegar er ljóst að ef við værum eingöngu með hlutafélagabanka mundu bankarnir auðvitað reyna að hámarka sinn gróða, eins og Hannes Hólmsteinn mundi orða það, með því að sækja allir inn í það sem er hagkvæmast, með því að sækja frekar í þá atvinnugrein sem flytur inn svissneskt konfekt í flugvélum frá Sviss en að leggja í saltfiskverkun eða skreið.

Ég hef tekið eftir því að ýmsir talsmenn — (Gripið fram í.) Sumt af henni, já. Hún er góð á Ítalíu. — Sjálfstfl. hafa verið að halda þessu fram að það ætti að slátra ríkisbönkunum. Það væri ekki í takt við tímann, eins og það heitir — það er einhver tíska víst í þessu efni; það væri ekki í takt við tímann, eins og segir hér í áliti bankastjórnar Seðlabankans, að hafa ríkisbanka. En auðvitað er það alveg óhjákvæmilegur hlutur í þessu landi að við verðum með þjóðbanka sem eitthvað geta almennilega bankað. Það er það sem hefur auðvitað verið að fara illa með Útvegsbankann að hann er slakur, hann er of lítill til að axla þær byrðar sem hann þarf að axla.

Í þriðja lagi nefni ég það sem röksemd fyrir afstöðu minni í þessu máli að í frv. er ekki tekið á skipulagsvandamálum bankanna og það þarf í sjálfu sér engin frekari rök í þeim efnum, það liggur í augum uppi. Það var það sem Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans sagði á fundi fjh.- og viðskn. í morgun, að hérna væri um að ræða tilraun til að laga Útvegsbankann, koma honum svona fyrir vindinn, en hér væri ekki tekið á skipulagsvandamálum bankanna.

Í fjórða lagi nefni ég það að þessar aðgerðir munu tæplega duga til að leysa vandamál Útvegsbankans til frambúðar vegna þess hve staða hans var orðin afleit. Hann tapaði nokkuð miklu á síðasta ári. Ætli hann hafi ekki tapað um 100 millj. kr. eða svo á síðasta ári? En þó er þess að geta að inni í þeim tölum eru 150 millj. kr. sem Útvegsbankinn var í raun og veru að borga í vexti af Hafskipsgjaldþrotinu sem liggur í Seðlabankanum, liggur á þjóðinni þar með, þannig að í raun og veru má segja að hinn almenni rekstur Útvegsbankans fyrir utan Hafskipsmálið hafi verið nokkurn veginn í jafnvægi á s.l.

ári þó að það liggi fyrir að bankinn tapaði í innlánum á s.l. ári um 500 millj. kr. samkvæmt upplýsingum bankastjóra bankans og þá miða ég ósköp einfaldlega við það að á undanförnum árum var Útvegsbankinn með svipaða þróun í innlánum og aðrir bankar. Á árinu 1986 jukust innlán í bankana yfirleitt í kringum 20%, ef ég man rétt. Aftur á móti var talan fyrir Útvegsbankann um 9%. Þarna ber á milli um hálfan milljarð króna sem Útvegsbankinn fór verr út úr þessu ári 1986 en ella hefði verið. Auðvitað ber að gagnrýna það alveg sérstaklega í þessu máli hvað þetta hefur allt saman dregist.

Núna getur hæstv. viðskrh. svo komið til mín og sagt á eftir: Heyrðu, en hvað viltu gera? Viltu bara fella þetta frv.? Viltu stoppa málið? Og ég segi: Auðvitað er staðan þannig í þessu máli að það er betra að veifa röngu tré en öngu. Það væri fullkomið ábyrgðarleysi að reyna ekki, og þó löngu fyrr hefði verið, að stöðva hrun Útvegsbankans því að Útvegsbankinn er þjóðareign og við sem hér erum berum ábyrgð á eignum þjóðarinnar. Hins vegar vil ég og mun láta afstöðu mína til þessa máls koma fram með þeim hætti að ég mun greiða atkvæði gegn 1. gr. frv. og þeirri grein sem fjallar um erlendu bankana því að það er fyrir mér pólitískt stórt grundvallaratriði en að öðru leyti láta ríkisstjórnina um þetta mál. Klúðrið er hennar, magalendingin er hennar og það er því miður ekki á færi okkar í stjórnarandstöðunni að hjálpa ríkisstjórninni upp úr þessu feni. Út af fyrir sig vildi maður það gjarnan. Út af fyrir sig vildi maður gjarnan geta hjálpað til að finna aðrar lausnir á þessu máli.

Ég bendi á það að úr þessum ræðustól hef ég hvað eftir annað á þessu kjörtímabili boðið það fram af hálfu Alþb. að við tækjum þátt í að taka á vandamálum Útvegsbankans sem urðu ekki til með Hafskipsgjaldþrotinu. Það reið að vísu baggamuninn. Vandi Útvegsbankans er hins vegar mikið eldri. Auðvitað hefði maður gjarnan viljað að þannig hefði verið að hlutunum staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún hefði kallað til stuðning úr stjórnarandstöðuflokkunum í þessu máli til þess m.a. að yfirvinna ofurvald smákónganna úr sjálfseignarstofnuninni við Austurstræti, sem virðist þegar allt kemur til alls ráða úrslitum í þessu máli, a.m.k. meiru en heilu ráðherrarnir og heilu ríkisstjórnirnar.

Þess vegna vísa ég ábyrgðinni á þessu máli alfarið á hendur ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum. Þeir gátu vel leitað til stjórnarandstöðuflokka fyrr í þessu máli. Þeir gátu vel tekið þeim hugmyndum sem fram komu, m.a. frá Alþb., um það að taka á þessu máli og ég held að þetta mál sé nákvæmlega af því tagi að það hafi verið útilokað að vinna það öðruvísi en með öðrum pólítískum aðferðum en venjulega eru tíðkaðar, þ.e. með þverpólitískri samstöðu manna úr öllum flokkum. Það er ekki aðeins það að Alþb. hafi boðið þetta fram og í því sambandi bendi ég á nál. Lúðvíks Jósepssonar í viðskiptabankanefndinni. Ég bendi líka á nál. Kjartans Jóhannssonar í viðskiptabankanefndinni á sínum tíma. Það var því augljóst mál að það var yfirgnæfandi vilji hér á Alþingi í stjórn og stjórnarandstöðu til að leysa þetta mál, höggva á hnútinn myndarlega, stuðla að skipulagsbreytingum í bankakerfinu, ná um þetta samstöðu og einangra plásskóngana úr sjálfseignarstofnuninni. Þá var hægt að leysa málið. En að afhenda þeim lykilinn í málinu eins og var gert með því að einangra þetta mál við stjórnarflokkana, það var dæmt til að mistakast. Það hefur verið reynt áður og það hlaut að mistakast nú eins og áður einnig.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1017 frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Það er svohljóðandi:

Með því frv., sem hér er til umfjöllunar og stjórnarflokkarnir ætla nú að gera að lögum, innsigla þeir uppgjöf sína í skipulagi bankamála á Íslandi.

Á annað ár hefur Útvegsbankinn ekki uppfyllt ákvæði laga um eiginfjárstöðu. Allan þennan tíma, og þrátt fyrir lagaákvæði um skyldur ráðherra til að grípa í taumana, lét viðskrh. málið danka og hafðist ekki að. Afleiðingarnar voru vaxandi óvissa. Beið Útvegsbankinn af þessu skaða og íslenskt bankakerfi varð fyrir verulegum álitshnekki bæði innan lands og utan.

Digrar yfirlýsingar formanns Sjálfstfl. um að ekki skyldi fara króna úr ríkissjóði til þess að rétta hlut Útvegsbankans eru nú að engu orðnar. Þetta frv. felur nefnilega í sér að 1000 millj. verði varið í endurreisn bankans, þar af 800 millj. úr ríkissjóði og 200 millj. úr sjóðakerfinu. Lengra er varla hægt að ganga í því að lýsa eigin orð ómerk.

Verst er þó að með samþykkt þessa frv. hefur glatast tækifæri til þess að endurskipuleggja hið íslenska bankakerfi. Umræða undanfarinna ára og áratuga hefur þó leitt í ljós annars vegar nauðsyn endurskipulagningarinnar og hins vegar víðtækan pólitískan vilja til þess að svo megi verða. Ríkisstjórnin bar hins vegar ekki gæfu til þess að nýta tækifærið nú. Þegar til stykkisins kom brast hana bæði þor og vilja. Því sitjum við uppi með óbreytt bankakerfi að samþykktu þessu frv. og það meira að segja svo að þrátt fyrir að hlutafjárstofnun um bankann verði að veruleika er ríkinu ætlað að veita honum alla vernd, réttindi og ábyrgð sem ríkisbanka fylgir áfram næstu tvö árin.

Ábyrgð Sjálfstfl. er mikil í þessu máli. Engum dylst að ábyrgð ráðamanna í Sjálfstfl. í Hafskipsmálinu var mikil en það var einmitt það sem var frumorsökin að ógöngum Útvegsbankans. Sjálfstfl. kvað líka afdráttarlaust upp úr um það að hann setti endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn en hefur nú runnið frá öllu saman.

Alþfl. ályktaði um skipulag bankamála og málefni Útvegsbankans í desember s.l. Þar var gerð tillaga um víðtæka endurskipulagningu sem hefði bætt og styrkt rekstur bankakerfisins til frambúðar. Alþfl. ítrekar tillögur sínar við þetta tækifæri og mælir því

gegn samþykkt á því frv. ríkisstjórnarinnar um málefni Útvegsbankans sem hér er til afgreiðslu.

Sú ályktun sem vitnað er til, ályktun þingflokks Alþfl. um bankamál, var svohljóðandi:

„Þingflokkur Alþfl. telur að nú sé nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á íslenska bankakerfinu sem miði að því að efla á Íslandi bankakerfi þar sem efnahagsleg og viðskiptaleg sjónarmið séu í fyrirrúmi. Rétt sé að hið opinbera stuðli að því að hér á landi starfi fáir allstórir viðskiptabankar er veitt geti atvinnulífi og einstaklingum alhliða þjónustu. Það er skoðun þingflokksins að markmið endurskipulagningar bankakerfisins skuli vera þríþætt:

1. Að eyða óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans.
2. Að bæta skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála.
3. Að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka, fækka ríkisbönkum og draga skýrari línur hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkum.

Við þá endurskipulagningu bankakerfisins sem nú er óhjákvæmileg telur þingflokkurinn eðlilegast að líta á ríkisbankana þrjá í einu lagi. Eignum þeirra og skuldum verði steypt saman að viðbættum sama eiginfjárstuðningi og Seðlabanki Íslands hefur lagt til að veittur verði ef Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki sameinast. Þessari bankastarfsemi, þ.e. ríkisbönkunum þremur, verði þegar skipt í tvo ámóta stóra og fjárhagslega sterka banka þar sem Landsbankinn yrði uppistaðan í öðrum en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn í hinum. Öðrum þessara banka verði breytt í hlutafélagsbanka og allt hlutafé boðið til sölu. Hinn bankinn starfi áfram sem ríkisbanki.

Þingflokkurinn telur það rökrétta afleiðingu af slíkri endurskipulagningu bankakerfisins að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð viðskiptabanka. Bankaráð ríkisbanka verði skipað af ráðherra bankamála út frá faglegum sjónarmiðum. Ráðherra tilnefni einnig einn fulltrúa í bankaráð hvers hlutafjárbanka, hvort sem ríkið á hlut í bankanum eða ekki. Setja ber strangari ákvæði en nú gilda um viðskipti bankaráðsmanna og fyrirtækja í þeirra eigu við hlutaðeigandi banka. Ákveðið verði í lögum að meðal þeirra mála sem bankaráð skuli fjalla um og ákvarða eigi sjaldnar en árlega sé hámark lánveitinga til eins aðila í hlutfalli við eigið fé bankans.

Það er skoðun þingflokks Alþfl. að með þessu móti yrði stuðlað að eflingu bankakerfis þar sem ríkti nokkurt jafnræði með ríkisbönkum og hlutafjárbönkum og að slíkt kerfi gæti átt ríkan þátt í að efla efnahagslegar framfarir hér á landi, bæta bankaskipulagið til frambúðar og gæta almannahagsmuna í bráð og lengd."

Þessi var ályktun þingflokksins frá því í desembermánuði s.l.

Það þarf ekki að orðlengja það, virðulegi forseti, að það hefur verið nokkra áratugi til umræðu að bankakerfið á Íslandi væri vanburða og nauðsyn bæri til þess að endurskipuleggja það. Það hafa komið fram og verið til umræðu ítrekaðar hugmyndir um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka eins og hér hefur verið gert að umtalsefni áður úr þessum ræðustól. Sú umræða er sem sagt ekki ný af nálinni.

Það sem gerðist þegar Útvegsbankinn varð fyrir skakkafalli var það að það var vissulega greinilegt að nauðsynlegt væri að taka á skipulagi bankamálanna og að það væri kjörið tækifæri einmitt þá að ná fram þeirri endurskipulagningu sem löngum hafði verið talin nauðsynleg að gleggstu manna yfirsýn og víðtækur pólitískur stuðningur hefur verið við í þjóðfélaginu og hér líka innan þingsins þótt það hafi að vísu ekki náð fram að ganga vegna þess að neitunarvald minni hlutans í stóru flokkunum hefur drepið það mál eins og reyndar mörg fleiri hér á Alþingi.

Í þeirri bankamálanefnd sem Halldór Ásgrímsson hæstv. núv. sjútvrh. var formaður fyrir í upphafi og Þorsteinn Pálsson núv. fjmrh. var síðar formaður fyrir var skipulag bankamálanna til allítarlegrar umræðu. Það var niðurstaða nefndarinnar að það væri eðlilegt að setja rammalöggjöf um starfsemi viðskiptabanka annars vegar og starfsemi ríkisbanka hins vegar. Það náðist hins vegar ekki samstaða um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka innan þessarar nefndar, eins og virtist þó nokkurt útlit fyrir um sinn. Minni hluti nefndarinnar eða tveir minni hlutar í nefndinni töldu að það væri Alþingis að taka á málinu. Þá minni hluta skipuðu Lúðvík Jósepsson annars vegar og sá sem hér talar hins vegar.

Það varð hins vegar að ráði hjá meiri hlutanum að fela viðskrh. að skipa nefnd til þess að skoða þessi sameiningarmál betur. Sú nefnd var skipuð undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar. Nefndin taldi að ýmsir kostir kæmu til álita, m.a. sá kostur að sameina Útvegsbanka og Búnaðarbanka, en enn fremur taldi hún koma til álita að sameina hina smærri banka og Útvegsbankann og stofna hlutafjárbanka upp úr því.

En allt þetta, allar þær tillögur sem upp komu sýna að það var raunverulegur vilji fulltrúa allra flokka að taka skipulagsmál bankanna til endurskoðunar. Fulltrúar allra flokka stóðu sem sagt að tillögum um skipulagsbreytingar á bankamálunum og því hefði maður haldið að þegar upp kom vandi eins og sá sem kom upp hjá Útvegsbankanum, þá yrði leitað samstöðu, þá yrði leitað eftir lausn, skipulagslegri lausn sem menn gætu sætt sig við. Og auðvitað hefði það gerst í öllum eðlilegum þjóðfélögum að menn hefðu leitað sem víðtækastrar samstöðu um einhverja lausn af þessu tagi. En það gerðist ekki í þessu máli. Það sem gerðist í þessu máli var það að stjórnarflokkarnir fleygðu því á milli sín á víxl á annað ár án þess að komast að nokkurri niðurstöðu og lentu síðan nauðlendingu í því lagafrv. sem hér er til umfjöllunar.

Sumir hafa lýst því svo að allir hafi sigrað í þessu máli vegna þess að menn hafi fengið sína ögnina

hver, þ.e. menn hafi fengið að beita neitunarvaldi sínu á víxl um hvað þeir vildu ekki. Og þegar menn voru búnir að afneita hver öðrum út í hið óendanlega, þá hafi ekkert verið eftir. En ég held að það sé nær að segja að allir hafi tapað í þessu máli, ekki síst stjórnvöld á Íslandi sem létu á sér sannast að þau risu ekki undir því verkefni að taka á skipulagi bankamálanna.

Ég gat þess hér í upphafi að það hefði löngum verið stefnumið Alþfl. að það ætti að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann og það hefur komið fram við margvísleg tækifæri. Sú tillaga sem þingflokkur Alþfl. samþykkti í des. s.l. er af sama toga. Hún er í grundvallaratriðum af þeim toga að þessir tveir bankar verði sameinaðir, en því til viðbótar er gerð tillaga um að upp úr þeim banka, þeim sameinaða banka, yrði stofnaður hlutafjárbanki, öflugur hlutafjárbanki sem stæði þá nokkurn veginn á jafnfætisgrundvelli við Landsbankann sem héldi áfram að vera ríkisbanki. Eftir ítarlega umfjöllun um þetta mál töldum við í Alþfl. að nú væri tímabært að stíga það skref að koma upp öflugum hlutafjárbanka sem gæti veitt ríkisbanka aðhald og þessi tvö eignarform gætu fengið að spreyta sig.

Í annan stað vil ég vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um hugsanlega erlenda eignaraðild geta þess að við í Alþfl. erum alls ekki hræddir við það að hleypa að erlendri eignaraðild í einhverjum mæli í bankakerfinu. Við teljum að að því kunni að vera margvíslegur ávinningur og að það geti verið betra fyrir íslenskt efnahagslíf að hleypa erlendu fjármagni þannig inn í íslenskt efnahagslíf heldur en halda áfram að hlaða upp erlendum skuldum eins og menn hafa gert á undanförnum árum þannig að ógnvekjandi er. Ég mótmæli því þess vegna að það geti talist einhvers konar frjálshyggjuofstæki að fækka ríkisbönkunum, að koma upp hlutafélagsbanka, svo framarlega sem hann er öflugur. Það er liður í því að endurskipuleggja bankakerfið og vísa ég þá til þeirrar tillögu sem við Alþýðuflokksmenn höfum flutt.

Ég held að það sé líka mikill misskilningur að halda því fram eins og sumir gera, m.a. hv. síðasti ræðumaður, Svavar Gestsson, að bankar sem græða séu ónýtir fyrir íslenskt efnahagslíf. Hann lýsti því einhvern veginn á þá lund að þeir mundu þá bara lána til innflutnings á svissnesku konfekti en ekki lána út á saltfisk og skreið. Ég held að þetta sé grundvallarmisskilningur. Sannleikurinn er sá að sjávarútvegurinn er ekki bara undirstaða íslensks efnahagslífs, heldur líka uppspretta hins íslenska auðs, uppspretta auðs á Íslandi. Ég held að menn hafi misstigið sig oft á tíðum herfilega með því að leggja sérstakar skyldur á bankakerfið varðandi sjávarútveginn vegna þess að menn hafa þá leyft sér í leiðinni að þrautpína sjávarútveginn þannig að hann var ekki rekinn með eðlilegum hætti. Ég held að þessi misnotkun, þessi þrautpíning á sjávarútveginum og misnotkun á bankakerfinu, hafi ekki verið til góðs og að menn eigi að koma þessu á heilbrigðari grundvöll, og að það sé langtum affarasælla fyrir sjávarútveginn heldur en að búa við það ofríki sem hefur átt sér stað í þessum efnum.

Okkar skoðun er sú í Alþfl. að menn hefðu getað komið upp sterkum bönkum ef okkar tillögum hefði verið fylgt. Landsbankinn hefði verið sterkur ríkisbanki. Sá sameinaði banki, sem hefði orðið úr Útvegsbanka og Búnaðarbanka, hefði getað orðið sterkur banki og þeir hefðu átt að geta keppt á jafnréttisgrundvelli. Það hefði getað orðið að því nokkur ferskleiki í íslensku efnahagslífi að ná fram uppstokkun af þessu tagi.

Hitt vil ég segja, virðulegi forseti, að það hefur gætt mjög mikillar tilhneigingar í umræðu um bankamál að menn segðu sem svo: Hér eru margir mjög litlir einkabankar. Eitt meginverkefnið er að sameina þessa einkabanka. Ég held að menn séu ekki á réttri leið þegar menn leggja ofurkapp á það. Við höfum ákveðið að setja löggjöf um viðskiptabanka sem gerir ráð fyrir því að menn hafi frelsi til að stofna viðskiptabanka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og ég held að það sé rétt stefna að þannig sé haldið á málum, nefnilega að við séum með rammalöggjöf en ekki það fyrirkomulag sem áður var um að sérstök lög þyrfti frá Alþingi hverju sinni til þess að stofna banka. En um leið og menn hafa sett sér að í þessum efnum ríki það frjálslyndi sem nú er upp tekið, og ég tel eðlilegt, þá geta menn ekki verið að agnúast út í það að til skuli vera einhverjir litlir bankar. Meðan við búum við það frjálslyndi þá hlýtur það ævinlega að geta komið upp að til séu misstórir einkabankar og ég held að ástæðulaust sé að agnúast út í það. Ef einhverjir aðilar sjá sér hag í því að vera að reka einhverja litla banka, sem vitanlega geta ekki staðið undir nema takmörkuðum verkefnum og þeir gera það á eigin ábyrgð, þá er svo sem ekkert við því að segja og ríkið getur ekki verið að agnúast út í það. En á hinn bóginn á ríkið að stuðla að því, sérstaklega með þá sterku stöðu sem það hefur sem eignaraðili í bankakerfinu, að til séu öflugir bankar og þá með þeim hætti að það sé ekki um að ræða einokun eins banka heldur eðlilega samkeppni milli banka og það var einmitt það sem fyrir okkur vakti og fyrir okkur vakir í Alþfl. með þeirri stefnumörkun sem við höfum haft uppi.

Eins og komið hefur fram af máli mínu hér erum við í Alþfl. mjög ósáttir með þá lendingu sem hefur orðið hjá ríkisstjórninni í þessu máli, þá nauðlendingu sem menn hafa fundið sér og sem marglýst hefur verið yfir af hálfu þeirra sem gerst þekkja til og m.a. af hálfu bankastjórnar Seðlabankans að sé versta lausn sem menn gátu valið. Við erum þess vegna mjög ósáttir með þessa lausn og sjáum ekki að það sé til farsældar að þessi leið verði farin. Þess vegna, eins og segir í nál. því sem ég mæli hér fyrir, ítrekum við okkar fyrri tillögur og mælum gegn samþykkt þess frv. sem hér er til umfjöllunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24:8 atkv.
2.–14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, IG.

nei: KH, SJS, SvG, GSig, GeirG, GJG, GHelg.

KJóh, SV, GE greiddu ekki atkv.
6 þm. (HÁ, HG, JS, JBH, KP, GA) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé í rauninni eitt af alvarlegustu atriðum þessa frv. þar sem gerð er tillaga um að útlendingar geti átt hlut í íslenskum banka í fyrsta sinn. Ég segi nei, herra forseti.

16.–19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 806, frhn. 1000, brtt. 817, 1016, 1030.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1030, sem var of seint fram komin, samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þegar þessi mál voru til meðferðar hér í gær, þ.e. frumvörpin um staðgreiðslu opinberra gjalda og fleiri frv., þá óskaði ég eftir því að umræðunni yrði frestað þar til fyrir lægju niðurstöður frá Þjóðhagsstofnun í sambandi við áhrif þessara skattkerfisbreytinga á einstaka tekjuhópa. Þetta gagn frá Þjóðhagsstofnun barst svo um síðir í dag og þar koma fram býsna athyglisverðar niðurstöður og þess vegna ákvað ég að dreifa þessu plaggi hér til þm. sem er merkt sem þskj. 1000, framhaldsnál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn.

Þar kemur m.a. fram að samkvæmt þeim forsendum sem byggt er á í frv. um tekjubreytingar á milli ára er yfirleitt um að ræða lækkun á sköttum milli kerfa, mesta lækkun neðst og efst í tekjuskalanum, *minnsta* lækkun um *miðbikið*, af því sem kalla mætti almennar launatekjur. Þar kemur einnig fram að þó virðist sem einn hópur sé þarna undanskilinn en það eru einstæðir foreldrar sem eiga eitt barn, 7 ára eða eldra.

Í töflu 8 í þessu þskj. kemur fram að þessi hópur hækkar í sköttum við kerfisbreytinguna miðað við þær forsendur sem þar er gert ráð fyrir í tekjum. Af þessu tilefni lagði ég hér fram í dag brtt. við 11. gr. frv. þar sem gert var ráð fyrir því að barnabætur til einstæðra foreldra yrðu hækkaðar þannig að ekki yrði um að ræða skattahækkun á þessu fólki. Meiri hl. fjh.- og viðskn. tók þessa till. síðan til athugunar og niðurstaðan varð sú að fjh.- og viðskn. flytur á þskj. 1030 sameiginlega brtt. þar sem gert er ráð fyrir því að hækka barnabætur frá frv. þannig að barnabætur verði þær sömu og eru í gildandi lögum. Þetta er brtt. á þskj. 1030, breyting sem flutt er af fjh.- og viðskn. sameiginlega.

Í grg. Þjóðhagsstofnunar kemur það fram að í forsendum hennar er byggt á því að tekjubreytingar milli áranna 1986 og 1987 séu 20%. Nú er hins vegar gjarnan í þessu efni miðað við hærri tölu og m.a. lýsti hagfræðingur Alþýðusambandsins því fyrir okkur á fundi í fjh.- og viðskn. fyrir nokkrum dögum að miðað við 22½% hækkun tekna á milli ára mundu skattar hækka um 900 millj. kr. frá því sem áætlað er í frv. Hins vegar kemur það fram í þessu plaggi frá Þjóðhagsstofnun að ef tekjuhækkunin er 22½%, þá sé hækkun skattanna á milli kerfa 800–900 millj. kr.

Á töflunum sem fylgja þessu skjali frá Þjóðhagsstofnun kemur það greinilega fram hvernig skattar breytast eftir tekjuflokkum en það ber hins vegar að taka fram að auðvitað liggur engin úttekt fyrir á því hvaða áhrif þessar breytingar kunna endanlega að hafa, fyrst og fremst vegna þess að það er ekki ljóst hvaða áhrif það hefur að fella niður alla frádráttarliðina og hvernig það kemur síðan út í tekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi auðvitað vegna þess að það liggur ekkert fyrir um það hver verður tekjubreytingin á milli ára. Þar eru menn að giska á 22½% í dag og getur orðið eitthvað annað á morgun og enn annað þegar skattarnir verða lagðir á í sumar. Þess vegna er það alveg augljóst mál að hvaða tölur svo sem kunna að standa inni í þessum frumvörpum, þá verður að endurskoða þær síðar á þessu ári, fyrir haustþingið og um það hefur mér skilist að sé algjör samstaða í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Ég reyndar spái því að það verði fast verkefni Alþingis á hverju hausti næstu árin að ákveða annars vegar persónuafsláttinn og hins vegar skattaprósentuna í tekjuskatti eftir að álagning hvers árs liggur fyrir og að það verði pólitísk togstreita næstu ára hversu mikið eða lítið eigi að breyta þessum tölum. En ég held að það sé mjög mikilvægt að það liggi hér fyrir að upplýsingar fengust um áhrifin af þessari kerfisbreytingu. Ég tel mikilvægt að þessar upplýsingar Þjóðhagsstofnunar liggi þrátt fyrir allt fyrir þó að þær segi auðvitað ekki alla sögu í þessum málum.

Ég endurtek svo það sem áður hefur komið fram af okkar hálfu að við teljum það slæmt að ekki skuli tekið á fyrirtækjunum. Við teljum það slæmt að ekki skuli tekið á frádráttarliðum þeirra. Við bendum á að fyrir þinginu liggur frv. um virðisaukaskatt sem er sennilega meiri hluti fyrir hér í þinginu, meiri hluti sem ekki þorir að sýna sig fyrir kosningar. Við bendum á að hallinn á ríkissjóði er 3000 millj. kr. og það verður bersýnilega eitt af verkum næstu ríkis-

stjórnar að taka á þeim málum, hvernig svo sem hún gerir það, hvort sem hún gerir það með því að hækka skatta á fyrirtækjum eða breyta sköttum á fyrirtæki, hvort hún gerir það með því að leggja á óbeina skatta eða þá með því að skera niður enn frekar en gert hefur verið, nú eða með því að taka erlend lán upp í hallann vegna þess að spariskírteini ríkissjóðs seljast ekki. Ríkissjóðsdæmið er sem sagt í uppnámi og það er eitt af hinum stóru leyndarmálum þeirrar kosningabaráttu sem nú stendur yfir að Sjálfstfl. hefur ekki fengist til að lýsa því yfir hvernig hann hugsi sér að taka á þessu máli. Tillögur okkar í Alþb. liggja fyrir um þau efni.

Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir þessu framhaldsnál., áætlun Þjóðhagsstofnunar og þeirri brtt. sem fjh.- og viðskn. flytur sem þýðir það að ég dreg þá til baka brtt. 1016 sem ég hafði flutt hér fyrr í dag þar sem samkomulag hefur náðst um efni hennar á vegum fjh.- og viðskn.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. seinasta ræðumanns hafa hér borist nýir útreikningar sem að ýmsu leyti eru fróðlegir. Séu þeir skoðaðir, þá staðfestist af þeim það, sem menn höfðu áður haft grun um, að verið sé að flytja skattbyrði frekar af einhleypum og á hjón með þeim tillögum sem nú er gert ráð fyrir að gildi taki um staðgreiðslu skatta. Reyndar hafði komið fram í öðrum gögnum áður frá Þjóðhagsstofnun að það væri greinileg tilhneiging til þess í frv. eins og það liggur fyrir og það virðist enn staðfestast af þessu. Ég tel náttúrlega að sú tillaga sem hér hefur náðst samstaða um að flytja varðandi barnabæturnar muni verða heldur til bóta og taka af agnúa sem augljós var og stakk í augun.

Það er annað sem líka kemur fram í þessum töflum sem er nokkuð athyglisvert og það er hvernig skiptingin breytist milli tekjuskatts og útsvars í heildarskattbyrði. Þannig kemur fram að þegar einhleypir eru á mörkum þess að vera með óbreyttan skatt eða örlitla lækkun á heildarskatti, þ.e. á tekjubilinu 500–1700 þús., þá gerist það með þeim sérstæða hætti að það verður mjög veruleg lækkun á útsvarinu en hins vegar hækkun á tekjuskattinum til ríkisins, þannig að öll lækkunin er tekin út útsvarsmegin á meðan hækkun á sér stað á tekjuskatti til ríkisins, þ.e. á þeim sköttum öllum sem verið er að afnema og renna til ríkisins.

Sams konar fyrirbæri kemur reyndar fyrir að því er varðar einstætt foreldri með tvö börn á ákveðnu tekjubili, þá er öll lækkunin í útsvarinu en hins vegar breyting á öðrum sköttum, þ.e. þeim sem til ríkisins renna, er til hækkunar á nokkru bili, á hinu lægra tekjubili frá 700 000–1 000 000 kr. ef ég miða við tekjurnar 1986. Og almest slær þetta í augun ef maður lítur á barnlaus hjón sem bæði afla tekna og eru í töflu 3, þá er það svo að á öllu tekjubilinu yfir 1100 þús. kr. er í rauninni um mjög verulega hækkun á tekjuskattinum til ríkisins að ræða sem jafnast út með mjög mikilli lækkun á útsvarinu. Þetta eru nú gleggstu dæmin.

Þetta kemur reyndar fram líka á töflu 5 á ákveðnu tekjubili sem er nákvæmlega sams konar fyrirbæri en ekki eins áberandi og í hinu fyrra, þ.e. á tekjubilinu 1 millj. til 1800–1900 þús. kr., þá kemur þetta sama fyrirbæri fyrir, sem sagt hækkun á tekjuskatti sem hins vegar er vegin upp með miklu meiri lækkun á útsvarinu. Á töflu 6 er aftur mjög sláandi dæmi um þetta sama sem gildir þá fyrir allt tekjubilið ofan við 1100 þús. kr. þar sem þetta fyrirbæri kemur aftur og sama kemur reyndar fyrir í töflu 7, sem er þó ekki samanburðarhæf að ég tel við þær töflur aðrar sem ég var að vitna til hér áðan.

Mér þóttu þetta athyglisverðar upplýsingar og ástæða er til þess að skoða þetta nánar. Það gæti vakið kannske einhverjar spurningar sem menn vildu gjarnan fá svör við. Ég er þakklátur fyrir það að þessi gögn skyldu koma fram þannig að það lægi þá ljóst fyrir hvernig uppbyggingin er. Ég tel að betur komi fram í þessum gögnum en áður þessi skipti milli tekjuskatts og útsvars og hvernig útsvarslækkun er notuð til þess að mæta tekjuskattshækkun í mjög mörgum tilvikum.

Eins og komið hefur fram hér í umræðunni er meiningin að þetta fari til milliþinganefndar og það er alveg augjóst af þeirri umfjöllun og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað og þeim spurningum sem vakna við að skoða gögn eins og þau sem hér hefur verið dreift og ýmis þau önnur atriði sem hafa verið til umfjöllunar hér í þinginu og ekki síður í nefndunum, að það er nauðsynlegt að þetta mál verði skoðað miklu nánar en ráðrúm hefur gefist til.

Eins og komið hefur fram hjá mér hér áður tel ég mjög miður að menn skyldu ekki geta gengið betur frá þessu frv. en raun ber vitni. Ég var bjartsýnn og gerði ráð fyrir því að menn mundu geta það með hliðsjón af því hversu langur meðgöngutíminn hefur í rauninni verið með staðgreiðslukerfinu, eða hátt í 40 ár eins og kunnugt er og ég rakti hér í ræðu minni við 2. umr. En við því er ekki að gera héðan af. En milliþinganefndin og næsta þing fær greinilega ærið verkefni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls flutti ég á þskj. 817 brtt. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 10. gr. Við 1. mgr. A-liðar bætist: Persónuafsláttur skv. þessari mgr. skal þó vera breytilegur eftir sveitarfélögum eða landsvæðum með sambærilegan framfærslukostnað. Skal afsláttur inn breytast hlutfallslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í hverju umdæmi tvisvar á ári og skulu breytingar taka gildi 1. janúar og 1. júlí ár hvert, sbr. 121. gr. Hagstofa Íslands reiknar framfærsluvísitölu skv. þessari mgr. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um útreikning framfærsluvísitölu og persónuafsláttar skv. þessari mgr., skiptingu landsins í umdæmi o.fl.“.

Ég óskaði eftir því að fjh.- og viðskn. tæki þessa till. til umfjöllunar, en viðbrögð hennar við þeirri beiðni mun ég koma inn á síðar. Ástæðuna fyrir þessari till. má rekja til þess sem ég mun nú frá greina. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, innganginn að skýrslu hinnar svokölluðu byggðanefndar, en inngangurinn hefst þannig:

„Byggðanefnd þingflokkanna var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frv. til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins á 105. löggjafarþinginu vorið 1984. Markmið nefndarstarfsins er að gera tillögur í samræmi við samkomulag þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Í grg. frv. segir: „Þingflokkar sem að frv. þessu standa hafa orðið ásáttir um að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M.a. fái sveitarfélögin meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Og enn segir: „Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra beitti sér fyrir því að þingflokkarnir tilnefndu menn í nefnd til þess að fylgja þessari samþykkt eftir" o.s.frv.

Þegar málið var svo til 2. umr. kom fram að frsm. nefndarinnar, hv. 2. þm. Reykv., minntist ekki á að þessi brtt. hefði einu sinni komið fram. En það sem ég var að lesa upp er úr greinargerð sem fylgdi frv. um stjórnarskrá lýðveldisins. Og hverjir ætli hafi verið flm. að því? Það voru formenn þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi, það var hæstv. forsrh., það var Geir Hallgrímsson, fyrrv. forsrh., það var hv. þm. Kjartan Jóhannsson og það var hv. þm. Svavar Gestsson. Hv. þm. Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson eiga einnig sæti í fjh.- og viðskn. ásamt þingflokksformönnunum hv. þm. Páli Péturssyni og Ólafi G. Einarssyni.

Það kom fram í ræðu sem var flutt hér út af vegáætlun að af því að hv. fjvn. hefði gefið fyrirheit í sambandi við ákveðinn vegarkafla í vegáætlun væri það einhver trygging fyrir því að það mundi verða séð um að útvega fjármagn. Það var einnig gefið fyrirheit þegar stjórnarskráin var afgreidd, m.a.s. af formönnum allra þessara flokka. Og hvernig hefur það fyrirheit reynst?

Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að leggja fyrirspurnir fyrir hæstv. forsrh. vegna þeirrar tilvitnunar sem ég las upp áðan. Í fyrsta lagi: Telur hæstv. ríkisstjórn að búið sé að einhverju leyti að uppfylla þau fyrirheit sem gefin voru og felast í þeirri tilvitnun sem ég las upp áðan? Í öðru lagi: Hefur t.d. verið aukin valddreifing í þjóðfélaginu og er virkara lýðræði en áður var? Í þriðja lagi: Hafa sveitarfélögin meira sjálfsforræði? Hafa aukist völd landsbyggðarinnar á þessu tímabili? Og í fjórða lagi: Till. mín sem ég las upp áðan er fyrst og fremst flutt af tilefni yfirlýsingar sem var þannig, með leyfi forseta: „Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst." Og ég vil spyrja: Hvað hafa þingflokkarnir gert í því máli að jafna aðstöðu manna vegna búsetunnar? Það er eðlilegt að spurt sé vegna þeirrar mismununar sem ég tel að hafi farið vaxandi að mörgu leyti. Ég vil t.d. geta þess að það hefur farið fram mikil umræða í sambandi við mismunun á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Það hefur verið rætt um að gera eitthvað í þeim málum. Það hefur kannske farið fram hjá mér, en ég veit ekki til þess að það sé nokkur niðurstaða komin í því máli. Í sambandi við þá kerfisbreytingu sem er verið að gera í sambandi við tekjuskattinn er alveg upplagt að framkvæma það sem heitið var. Og þó ég sé ekki neinn spámaður eða vilji spá nokkru um framgang mála í komandi kosningum er það ekki víst, það liggur ekki á borðinu, að það verði á valdi t.d. hæstv. forsrh. að efna þetta fyrirheit eftir kosningar. Það gæti farið svo að það sé eina tækifærið sem þeir flokkar sem nú ráða ferðinni hafi til að efna þessi fyrirheit. Þess vegna legg ég ríka áherslu á að fá svör við þessum spurningum. Þetta er kannske eitt alvarlegasta málið sem nú er verið að fjalla um í þjóðfélaginu.

Allir vita um þá fólksflutninga sem eiga sér stað utan af landsbyggðinni. Þó það sé jafnvel næg atvinna á hinum ýmsu stöðum fer fólkið fyrir því, vegna þess að framfærslukostnaðurinn er langtum meiri en t.d. er hér. Það munar t.d. um hitunarkostnaðinn. Hann er þrisvar sinnum meiri á Akureyri en hér. Hann er enn meiri á Akranesi. Og vöruverð er verulega miklu hærra. Það þarf að borga söluskatt og flutningskostnað. Allur framfærslukostnaður er að vísu misjafnlega mikið hærri úti á landsbyggðinni, en það á að verða auðvelt að jafna þennan mun með þessum hætti eða þá með öðrum. Því óska ég eftir því að það komi fram í sölum Alþingis hvort hæstv. forsrh. og raunar fjmrh., formaður Sjálfstfl., ætla eitthvað að gera. Þó hann flytti ekki það frv. sem ég vitnaði í heldur forveri hans á hann sem formaður flokksins að efna þetta fyrirheit því það var gefið í nafni flokksins á sínum tíma. Og ég verð að segja að þeir hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem var formaður Alþfl. þegar þetta fyrirheit var gefið, sáu heldur ekki ástæðu til þess að minnast á þessa till. eða koma með einhverjar aðrar. Þeir fluttu margar till. báðir tveir í sambandi við frv. sem við erum að ræða um, en hvorugum þeirra datt í hug að fylgja fram þessu fyrirheiti sínu eða koma fram með aðrar till. til að standa við gefið heit. Þetta er hörmuleg niðurstaða og er ekki nokkur vafi á því að hvort sem það er fjvn. eða hver annar sem skrifar undir og heitir einhverju er það marklaust. Það er algerlega marklaust ef ekkert gerist í þessu máli og það nú fyrir kosningar.

Ég ætla ekki að fara að tala lengra mál hér, það hefur ekki nokkra þýðingu, en ég vil að þetta komi

fram og ekki síst vegna þess að svona loforð, sem gefin eru í sambandi við afgreiðslu mála, eru ekki til að auka hróður Alþingis eða þeirra sem gefa þau ef það er bara pappírsgagn og engum dettur í hug að standa við það sem lofað er.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. las hvað eftir annað voru það þingflokkarnir sem gáfu það fyrirheit í fyrsta lagi að setja á fót nefnd sem athugaði hvernig jafnað yrði á milli landshluta og í öðru lagi að knýja fram ákveðnar aðgerðir til að jafna á milli landshluta. Það var ekki ég sem gaf það fyrirheit eða fyrrv. formaður Alþfl. eða Sjálfstfl. Það voru þingflokkarnir sem gáfu það fyrirheit. Hins vegar var mikið undan því kvartað síðan að þessi nefnd væri ekki skipuð svo að ég tók það á mínar herðar að kalla saman formenn þingflokkanna og óska eftir að nefndin yrði skipuð, það yrðu tilnefndir menn í nefndina. Hún tók síðan við öllum þeim gögnum sem lágu fyrir og eflaust þeirri merkilegu tillögu, sem hv. þm. gat um áðan, um mismunandi skattheimtu eftir því hvar menn búa á landinu. Nefndin skilaði síðan þeirri skýrslu sem hv. þm. vísaði í. Þeirri skýrslu var samstundis komið á framfæri við þingflokkana á Alþingi sem höfðu gefið fyrirheitið. Ég sendi reyndar skýrsluna einnig í Byggðastofnun og óskaði eftir því að Byggðastofnun tæki málið til sérstakrar athugunar. Það voru engin fyrirheit um að forsrh., sem reyndar var ekki sá sem hér stendur þegar þetta frv. var flutt, tæki þessi mál í sínar hendur.

Ég vil hins vegar segja að ég tel að æðimargt hafi verið gert til að reyna að jafna muninn sem ég tek undir að er of mikill og þarf að halda áfram að jafna. Ég bendi á t.d. að það er nú komið langleiðina að framkvæma lög um heilbrigðiskerfið sem samþykkt voru 1973, búið að byggja glæsileg sjúkrahús á Akureyri, Ísafirði og víða um land. Ég bendi á lög sem voru samþykkt 1981 um sjálfvirkan síma á alla bæi. Það er búið að framkvæma það. Ég flutti reyndar það frv. á sínum tíma og ég held við hljótum að viðurkenna að það er hið besta mál. Ég bendi á langtímaáætlun í vegamálum sem hér var lögð fram 1981 og 1982. Framkvæmd hennar hefur verið haldið áfram að magni til nokkurn veginn eins og lagt var til. Hv. þm. ætti að geta þess. Hann hefur m.a. staðið að því að koma þessum ágætu málum í framkvæmd. Af hverju gleymir hv. þm. þessu?

Þannig get ég reyndar nefnt fjölmargt fleira sem er verið að gera og verður haldið áfram að gera þó ég taki undir það að sá fólksflótti sem hefur verið af landsbyggðinni er áhyggjuefni. Af því að sérstaklega er talað um hitaveiturnar minni ég á að nefnd er starfandi sem ég hygg að sé þessa dagana, í þessari viku örugglega, að skila áliti. Þarna eru nokkrar hitaveitur sem hafa sérstöðu, en ef ég man rétt er hitinn á Húsavík ódýrari en í Reykjavík. Af hverju ekki að geta þess? Og hvernig ætti að taka það inn í skattakerfið? Kannske að menn sem flytja á milli Húsavíkur og Akureyrar ættu þá að fá mismunandi frádrátt eftir því hvar þeir búa, eftir því hvað hitaveitan er dýr?

Ég efast ekki um að sú nefnd sem var skipuð hefur tekið hina merku tillögu hv. þm. til athugunar, en hún fann ekki náð fyrir augum nefndarinnar og út af fyrir sig skil ég það vel. Ég held að það sé nánast óframkvæmanlegt að hafa skattinn breytilegan eftir því hvort menn búa á Húsavík eða Akureyri. Hins vegar lagði nefndin fram mjög athyglisverðar tillögur sem allir þingflokkar hafa fengið, m.a. sá sem hv. þm. hefur hingað til setið í, og ég hef ekki orðið var við að hv. þm. hafi tekið málið upp þar. Það á fyrst og fremst að taka það upp þar. Það er gerð tillaga um að stofna til þriðja stjórnsýslustigsins og færa verkefni til þess stjórnsýslustigs. Þetta tel ég hið merkasta mál. Ég hef sagt á fjölmörgum stöðum þar sem ég hef talað að ég er fylgjandi þriðja stjórnsýslustiginu. Ég veit ekki enn þá hvort hv. þm. er það.

Ég held því að það sé nær að leita samstöðu í þeim þingflokkum sem lofuðu að skipa nefnd og grípa til aðgerða. Ég vísa því algerlega á bug að það sé nokkuð út af fyrir sig sem að ríkisstjórninni snýr í þessu máli sérstaklega. Það voru þingflokkarnir sem gáfu þetta fyrirheit. Ég tók að mér að koma nefndinni á fót og skýrslunni hefur verið skilað. Hún hefur legið hjá þingflokkunum í nokkurn tíma. Ég vona svo sannarlega að hún fái þar afgreiðslu fljótlega á næsta þingi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka forsrh. fyrir svörin. En ég hélt að hæstv. ráðh. væri minnugri en kom fram í hans svari. Sú tilvitnun sem ég kom með, þó það sé upp úr inngangi byggðanefndar, er tekin beint upp úr grg. að því frv. sem hann var m.a. flm. að. Það var sett þar til að friða menn sem voru því andvígir að breyta vægi atkvæða. Það var komið fram með tillögu, t.d. af þeim sem hér stendur og hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, til að reyna að jafna þennan aðstöðumun. Það var tillaga við stjórnarskrána sjálfa. Hér var atkvæðagreiðsla um þessa till. Ég lít svo á að það sé ekki rétt munað hjá hæstv. forsrh. að það hafi ekki verið m.a. hann sem setti þetta inn í grg. Og þetta er fyrirheit, að þetta skuli gert. Hitt er annað mál að það var ekki fyrirheit um hvernig það skyldi gert.

Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. segir t.d. með símann, en ég vil minna hann á það afturhvarf sem hefur orðið í sambandi við þá vegáætlun sem var verið að afgreiða áðan.

Ég ætla ekki að fara að halda uppi neinu málþófi um þetta mál. Það var ekki meiningin. Ég vildi vekja athygli á að það stendur upp á þá formenn alla sem ég nefndi að gera eitthvað í þessum málum raunhæft. Það er enginn vafi á því að þetta er aðalvandamálið í þjóðfélaginu. Það er ekki verið að tala um að hafa skattinn misjafnan. Þá hefur hæstv. forsrh. ekki skilið till. Það er verið að tala um að

persónufrádrátturinn sé misjafn eftir því hver framfærslukostnaðurinn er. Þetta er hægt að gera eins og ýmislegt annað sem er verið að gera í sambandi við skattalög ef menn hafa vilja. En ég er ekki að segja að þetta sé eina leiðin, alls ekki. Ég vil þá fá till. um það eins og ég tel að heitið hafi verið. Ég læt máli mínu lokið, en vil aðeins árétta þetta.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég kann því illa að það sé sagt að ég muni ekki það sem hefur gerst þarna og ég bið afsökunar á því að ég kveð mér aftur hljóðs.

En ég vísa í það, sem hv. þm. las sjálfur áðan, að í grg. stóð: „þingflokkar sem að frv. þessu standa hafa orðið ásáttir um". Í grg. birtum við það sem þingflokkarnir höfðu orðið ásáttir um. Hv. þm. las þetta sjálfur. Það stendur hér: „Í grg. frv. segir: „Þingflokkar sem að frv. þessu standa hafa orðið ásáttir um að beita sér fyrir aukinni valddreifingu, virkara lýðræði", o.s.frv. Síðan kemur fram: „Steingrímur Hermannsson forsrh. beitti sér fyrir því að þingflokkarnir tilnefndu nefnd í málið." Það sem við gerðum, sem frv. fluttum, var að við greindum frá því sem þingflokkarnir við meðferð málsins höfðu orðið ásáttir um. (**SV:** Formennirnir stjórna ekki þingflokkunum.) Nei, það eru formenn þingflokkanna sem stjórna þingflokkunum. Ég hugsa að formaður okkar þingflokks kynni því illa að heyra svona tal. En ég verð að segja annað. Það er furðulegt ef skatturinn er ekki misjafn ef frádrættarliðir eru misjafnir. Ef menn á Akureyri fá meiri frádrátt vegna dýrari hitaveitu en þeir sem búa á Húsavík borga þeir á Akureyri lægri skatta af sömu launum. Það liggur í hlutarins eðli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er alkunna að af fyrirtækjum eru yfirleitt reiknaðir skattar af nettótekjum, en ekki brúttótekjum. Með þessu er ekki verið að segja að fyrirtæki sem hefur hærri skatta greiði ávallt hærri skatta væri miðað við brúttótekjur. Það sama hlýtur að vera spurning varðandi reksturskostnað einstaklinganna. Greiðir sá aðili hærri skatta sem greiðir af sínum nettótekjum eða af sínum brúttótekjum? Það hefur aldrei fengist viðurkennt í þessu sambandi að það er misdýrt að búa í landinu. Hins vegar er sá galli á þessu að það er misdýrt innan hvers einasta kjördæmis að búa í landinu. Stærsti þátturinn sem veldur þessum ójöfnuði er upphitunarkostnaðurinn. Hann er langstærsti þátturinn. Og í öllum kjördæmum á Íslandi er þetta misjafnt eftir svæðum. Þetta er það sem gerir erfitt í framkvæmd að fara út í að hafa ákveðna vísitölu til grundvallar fyrir heil svæði.

Hugmyndin um hvort það eigi að leyfa að draga upphitunarkostnaðinn frá, þ.e. að gera hann frádráttarbæran frá skatti, hefur aftur á móti strandað á því að þá hafa menn spurt hvort þeir sem hafa stærstu húsin fengju þá ekki mestan frádráttinn og hvort það væri rökrétt í þessu sambandi.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því að við stöndum frammi fyrir því sem þjóð að sú skekkja sem er í kostnaðinum við að lifa í landinu hefur skapað verðfellingu á íbúðarhúsnæði mjög víða á Íslandi og við getum ekki annað en hugleitt hvaða aðgerðir við eigum að fara út í til að jafna þetta. Mér er ljóst að það er ekki hægt að varpa þeirri sök á einhvern einstakan mann, hvorki forsrh. né annan, að við erum í þessari stöðu. Á því bera allir íslenskir stjórnmálaflokkar ábyrgð. En ég undirstrika alveg sérstaklega í þessu sambandi að ef tekjuskatturinn á að jafna tekjur manna í reynd, lífstekjur manna, framfærslutekjur manna, hlýtur með einhverju móti að verða að taka tillit til framfærslukostnaðarins. Hvort hægt er að gera það eftir svæðum eða hvort leggja verður þar á persónulegt mat í miklu þrengri skilningi en áður hefur þekkst ætla ég ekki að dæma hér um, en tekjuskatturinn er ekki tekjujöfnunartæki nema hann horfi á þessa þætti einnig.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1016 tekin aftur.

Brtt. 817 felld með 25:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, SV, EH.

nei: KJóh, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EBS, FrS, GeirG, GB, GE, GJG, GGS, HBl, IG.

KH, SJS, SvG, FÞ, GHelg, KP greiddu ekki atkv.

6 þm. (GSig, GA, HÁ, HG, JS, JBH) fjarstaddir.

Brtt. 1030 samþ. með 29 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 341. mál. — Þskj. 808 (sbr. 595).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1035).

Ríkisborgararéttur, 2. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 851, n. 1005, brtt. 1006.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1005, um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, sem komið er frá allshn. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed. með þeim breytingum sem flutt er till. um á sérstöku þskj. Undir þetta rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Friðjón Þórðarson, Jóhanna Sigurðardóttir, Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Brtt. nefndarinnar er á þskj. 1006 og þar er um það að ræða að við bætist tillaga um að ríkisborgararéttur verði veittur átta útlendingum sem greindir eru á því þskj. sem ég nefndi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1006 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tollskrá, 2. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 922, n. 1002, brtt. 986, 987.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o.fl. Nál. er á þskj. 1002. Nefndin hefur rætt þetta frv. sem komið er frá hv. Ed. Hún leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem getur á þessu sama þskj. Þar gerir hún að sinni tillögu tillögu sem flutt var á þskj. 987. Þar er um að ræða að tollur falli niður á tollskrárnúmeri 37.03.09 og þetta bætist við a-lið 1. gr. frv. Hérna er um að ræða ljósmyndapappír en á honum er nú 35% tollur og 30% vörugjald auk söluskatts. Atvinnumenn í þessari grein, ljósmyndun, þurfa hvorki að greiða toll né vörugjald og afleiðingin er sú að lítið selst af þessari vöru til annarra en atvinnumanna. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessari breytingu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. sem er til umræðu. Brtt. er á þskj. 986. Efni hennar er á þann veg að ég legg til að niður verði felldur tollur af skíðastöfum og bindingum, skíðum og skíðaskóm.

Íslendingar eru eina þjóðin á Norðurlöndum sem lætur sér detta í hug að hafa toll á skíðum en tvímælalaust má flokka þá íþrótt til heilsuræktar. Hún er því mjög útgjaldasparandi fyrir íslenska ríkið. En hver sá sem skoðar íslensk fjárlög hlýtur að gera sér grein fyrir því að kostnaður vegna heilbrigðiskerfisins heldur stöðugt áfram að vaxa í hlutfalli við heildarupphæð fjárlaganna. Það blasir við að hér er um að ræða þá íþróttagrein sem flestir Íslendingar stunda. Þessi íþróttagrein hefur einnig þá sérstöðu að það hlýtur að verða að líta svo á að þeir sem hana stunda séu að mörgu leyti sáttari við íslenskt veðurfar en aðrir því að þeir fagna snjó og þeir fagna vetri. Það gerðu fornmenn einnig því að þá héldu þeir út til leika. En í margar aldir hafa Íslendingar aftur á móti ekki haldið út til leika yfir vetrartímann.

Mér er það ljóst að það er yfirleitt ekki litið mildum augum ef stjórnarþingmenn leggja til einhverja breytingu á tollalöggjöf til lækkunar á tollum. Ég tel mig aftur á móti hafa fært hér rök fyrir því að aukin útivera Íslendinga muni stuðla að bættu heilsufari í landinu og þar með draga úr útgjöldum ríkisins þannig að ég er sannfærður um að þegar upp er staðið er þetta til góðs. Mér þykir rétt að geta þess að í lok bréfs, sem Hreggviður Jónsson, formaður Skíðasambands Íslands, hefur undirritað kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þá er rétt að minna á það að núorðið fara stórir hópar til útlanda á skíði og flestir þeirra kaupa búnað sinn þar, einnig að stór hluti af verslun með skíðavörur er nú í höndum erlendra kaupmanna."

Þetta eru sömu rökin og notuð eru fyrir þeirri tollabreytingu sem hér hefur verið lagt til að verði framkvæmd.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa þetta mál lengra en vænti þess að deildin hugleiði það að hér er í reynd hreyft stóru máli, stóru máli fyrir íslenska íþróttamenn sem jafnframt er stórt mál til farsældar fyrir Íslendinga ef fleiri þeirra njóta vetraríþrótta. Ég er sannfærður um það í dag að mörg heimili telja sig ekki hafa ráð á því að koma upp skíðabúnaði fyrir þá unglinga sem þar eru. Og þeim mun fjölmennari sem heimilin eru þeim mun líklegra er að þau hiki við að koma upp skíðabúnaði fyrir barnahópinn. Ég tel þess vegna að þetta sé líka hvað það snertir verulegt réttlætismál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 897 tekin aftur.

Brtt. 1002 samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 986 samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, GJG, GHelg, KJóh, KH, ÓÞÞ, PP, StG, SV, SJS, SvG, AS, EH, EBS, IG.

nei: GGS, HBl, KSK, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, StH, SvH, ÞP, BÍG, FÞ, FrS.

GSig, ÞS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GA, HÁ, HG, JS, JBH, KP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707, n. 1012.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Pétur Sigurðsson):

Herra forseti. Ég tel skylt að ræða bæði 391. mál og 392. mál nú við þessa framsögu og mæli því fyrir báðum málunum. Ekki bara til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála í deildinni, heldur vegna þess að málin eru svo samtvinnuð.

Varðandi frv. til laga um fæðingarorlof mælum við í heilbr.- og trn. hv. deildar einróma með því að það verði samþykkt óbreytt. Ég vil sérstaklega leyfa mér að benda á í framhaldi af þeirri umræðu sem hér var s.l. nótt, vegna fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að í 8. gr. frv. er úr því skorið að þeim verkalýðsfélögum sem kunna að hafa samið um eitthvað umfram það sem í lögum þessum greinir verður það ekki til trafala í því að ná fram þeim áföngum sem um getur í þessu frv.

Í ítarlegu nál. nefndar okkar varðandi breytingu á lögum um almannatryggingar, sem er næsta mál á dagskrá, tökum við fram eins og félagar okkar, hv. þm. í Ed. gerðu, að við vitnum til að sjálfsögðu ágætrar nefndar sem vann að þessum frv. og þá sérstaklega fæðingarorlofinu en þar áttu sæti Ingibjörg Rafnar, sem var formaður nefndarinnar, Salome Þorkelsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Ásbergsson og Steinunn Finnbogadóttir.

Í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. og það sem kannske er þýðingarmest er það að gert er ráð fyrir sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, að í stað 1700 vinnustunda komi 1032 stundir til að fá fulla greiðslu fæðingardagpeninga og 516–1031 stund til þess að njóta hálfra dagpeninga. Við í nefndinni í Nd. tökum heils hugar undir það með heilbr.- og trn. Ed. að það beri að leggja mikla áherslu á það að reglur sem settar voru skv. reglugerð nr. 261 1983, um fæðingarorlof, varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar við mat á vinnuframlagi þótt það snerti ekki sjálft lagafrumvarpið. Lagaákvæði verða óbreytt hvað þennan þátt snertir. Þó þykir rétt að undirstrika þetta því að það er alls ekki ætlunin að þessir aðilar missi nein réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum.

Heilbr.- og trn. deildarinnar telur líka rétt og nauðsynlegt að vekja athygli á því að í sambandi við lagafrv. þetta þá er nauðsynlegt að tryggja að lífeyrisréttindi foreldra skerðist ekki, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlag þann tíma. Kallar þetta að sjálfsögðu á breytingu á lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánsrétt svo foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þetta eru mikilsverð mál en þau eiga ekki að þurfa að tefja framgang þeirra mála sem hér eru til umræðu og endurtek ég þá að ég er að ræða um bæði málin, 391. og 392. mál.

Ég vil taka það fram að ein af þeim breytingum sem gerðar voru í Ed. mun víkja fyrir þeim breytingum sem við leggjum til í heilbr.- og trn., nefndin samhljóða. Við höfum haft samráð við einstaka nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. Ed., þar á meðal þá sem beittu sér fyrir brtt. þar, og þeir einstaklingar ásamt formanni nefndarinnar hafa fallist á þær breytingar sem við höfum nú lagt hér fram.

Og með þeim orðum, herra forseti, legg ég til að brtt. okkar á þskj. 1029 við 392. mál verði samþykktar og frv. vísað til 3. umr. og þar aftur til Ed.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með báðum þessum málum sem eru á dagskrá, og stend jafnframt að þeim brtt. sem hér liggja fyrir og hv. formaður heilbr.- og trn. hefur gert grein fyrir. Ég treysti mér ekki til að standa gegn því að fæðingarorlof verði lengt og það er það merkasta sem í þessum frv. er að finna.

Hitt er svo annað mál að vinnubrögð af þessu tagi eru gjörsamlega óþolandi. Nefndinni berast þessi mál á allra síðustu þingdögum og það verður auðvitað að segjast eins og er að nefndin hefur á engan hátt haft tækifæri til að fara ofan í þessi tvö mál. Hér er um gjörbreytingu að ræða á greiðslum á fæðingarorlofi, þ.e. algjörar kerfisbreytingar. Mér er ekki kunnugt um hvort hv. Ed. sendi málin til umsagnar, þó held ég að það hafi ekki verið gert. Ég hygg að kallaðir hafi verið á fund nefndarinnar í efri deild starfsmenn Tryggingastofnunar og einhverjir framkvæmdaaðilar sem e.t.v. höfðu ekki heldur haft tækifæri til þess að kynna sér málið. Og mér er fullkunnugt um það að nokkur kvíði er í starfsmönnum Tryggingastofnunar að taka nú við þessu eftir svo stutta og ófullkomna meðferð.

Þetta er auðvitað ekki til fyrirmyndar. Málið er hins vegar þess eðlis að það er ákaflega erfitt að hindra framgang þess. Ég verð að lýsa því yfir hér og nú að ég treysti hæstv. ráðh., hver sem hann nú kann að verða að kosningum loknum, til þess að leggja í það vinnu með framkvæmdaaðilum, þ.e. Tryggingastofnun ríkisins, á komandi sumri, þar sem lögin taka ekki gildi fyrr en um næstu áramót, að þetta verði boðlegt því fólki sem á að starfa eftir þessum lögum.

Þegar núgildandi lög um fæðingarorlof tóku gildi, eða sú breyting á almannatryggingalöggjöfinni var gerð þegar fæðingarorlofsgreiðslur hófust og voru fluttar frá Atvinnuleysistryggingasjóði, tók það hátt á annað ár að búa til reglur, alls kyns reglugerðir og reglur til þess að vinna eftir, vegna þess að ekki var nægilega vel gengið frá því frv. heldur. En að bjóða okkur þm. upp á það að eiga að afgreiða svona veigamikil frv. á örfáum klukkutímum, því hlýt ég að mótmæla. Ég vil ítreka þau orð til hæstv. ráðh., eins og ég áður sagði, að sest verði niður og farið í gegnum þessa bálka þegar þingi lýkur þannig að eftir þessu verði vinnandi þegar lögin taka gildi um næstkomandi áramót.

Frsm. heilbr.- og trn. (Pétur Sigurðsson):

Herra forseti. Það er erfitt að gera frú Guðrúnu til hæfis. Ég tek heils hugar undir þau orð hennar að það er náttúrlega engin mynd á því að vera að láta þingnefnd 40 þm. fá slíka lagabálka á síðustu dögum þingsins. Hitt er svo annað mál að við skulum hafa það í huga, a.m.k. hefur það verið í þau 28 ár sem ég hef setið hér á þingi að þá höfum við oft og tíðum treyst því að kollegar okkar í hinni deildinni, sem hafa haft slík mál til lengri tíma til skoðunar, geri það vel og vandlega. Hins vegar höfum við komist að því jafnvel þó á þessum fáu klst. sem við höfum haft til þess að skoða þetta mál að betur mætti gera. Og við vorum sammála um það að við vildum breyta til í sambandi við fæðingarstyrk þeirra sem fæða andvana barn. Meginbreytingar okkar í því sambandi voru varðandi bæði fæðingarstyrk til slíkra og einnig um fæðingardagpeningana. Um þetta erum við öll sammála þótt ekki tæki nema 1 klst. að komast að þessari niðurstöðu formlega. Hins vegar tók það margar fleiri klst. að ná samstöðu um þetta meðal allra aðila og líka félaga okkar í Ed. sem voru búnir að afgreiða málið frá sér. Ég er afskaplega ánægður með að þetta skyldi takast og ég veit að hv. síðasti ræðumaður er það líka, enda var hún mjög jákvæð í sambandi við þessa breytingu eins og allir aðrir sem komu að og við umræðu þessara mála, bæði formlega og óformlega og fyrir það þakka ég.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 28:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 961, n. 1013, brtt. 1029.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um næsta mál hér á undan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1029,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1029,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Læknalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 168. mál (heildarlög). — Þskj. 907.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

68. fundur, þriðjudaginn 17. mars, að loknum 67. fundi.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Á dagskrá þessarar deildar hafa verið í dag og í gær fjölmörg málefni frá stjórnarflokkunum, ríkisstjórninni. Tugir mála hafa farið hér í gegn og verið afgreidd. Meðal þeirra mála hins vegar sem voru til meðferðar í gær var frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem fór samhljóða í gegnum Ed. og var vísað til hv. heilbr.- og trn. í gær, að ég tel, 76. mál þingsins. Það gerir ráð fyrir því að þær breytingar verði á lögunum um almannatryggingar að Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp geti tilnefnt fulltrúa í tryggingaráð. Þetta mál var samhljóða afgreitt í Ed.

Nú ber hins vegar svo við að ég sé ekki að þetta mál hafi verið afgreitt frá hv. heilbr.- og trn. Ég vil spyrja hverju það sæti að þetta mál fæst ekki afgreitt úr þeirri nefnd eða er ætlunin að afgreiða það þaðan í fyrramálið? Þetta er frv. sem hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan flutti í Ed. og náði þar samhljóða afgreiðslu.

Ég vil spyrja hv. formann heilbr.- og trn. og hæstv. forseta þessarar deildar hverju það sæti að

það eina þingmannamál sem hefur hlotið þá náð að komast hér inn á dagskrá til einhverrar afgreiðslu síðustu sólarhringa er ekki hér inni. Ef það er ætlun stjórnarmeirihlutans að stoppa þetta mál er eins gott að það komi fram strax. Og það er eins gott að hann komist ekki upp með að læðupokast með afstöðu sína, heldur er eins gott að hún liggi fyrir með formlegum hætti. Ég hef reyndar grun um að formaður tryggingaráðs og formaður þingflokks Sjálfstfl. leggist gegn þessu máli. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt nú þegar á þessum næturfundi þegar á að fara að taka hér fyrir 10 stjfrv. til afgreiðslu að upplýsingar um þetta mál liggi fyrir og hver er meiningin varðandi afgreiðslu þess.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Forseti beinir þessum orðum fyrst og fremst til formanns nefndarinnar og gefur hv. 12. þm. Reykv. orðið.

Pétur Sigurðsson:
Ég vil skýra frá því, herra forseti, að ég hef leitast við að ná samkomulagi um þetta mál. Það hefur ekki tekist enn þá. Hins vegar vitna ég til orða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að ég mun reyna á morgun að ná fundi í nefndinni og ná samkomulagi um þetta mál.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Samkvæmt þessum upplýsingum geri ég ráð fyrir að heilbr.- og trn. taki málið fyrir í fyrramálið og að hún skili áliti til neðrideildarfundar á morgun þannig að unnt verði að afgreiða málið áður en þinginu verður slitið.

Forseti (Ingvar Gíslason):
Þetta verður tekið til athugunar af hálfu forseta m.a.

Orlof, 3. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Opinber innkaup, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 1037.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vísitala byggingarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (heildarlög). — Þskj. 866.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1041).

Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 359. mál. — Þskj. 738 (sbr. 644).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1042).

Ríkisborgararéttur, 3. umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 1038.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá, 3. umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 1040.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fæðingarorlof, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1043).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 1039.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

65. fundur, miðvikudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Vegáætlun 1987–1990, frh. síðari umr.

Stjtill., 365. mál. — Þskj. 658, n. 946, brtt. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 937 samþ. með 39 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1065).

Kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar til fjögurra ára, frá 20. apríl 1987 til jafnlengdar 1990, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur (A),
Jón Illugason bóndi (A),
Pétur Torfason verkfræðingur (B).

Varamenn:
Ingvar Þórarinsson bóksali (A),
Tryggvi Finnsson forstjóri (A),
Kolbrún Jónsdóttir alþm. (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. til eins árs, frá 3. júní 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 7. gr. laga nr. 70 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde hagfræðingur (A),
Axel Gíslason aðstoðarforstjóri (A),
Theódór Blöndal tæknifræðingur (A),
Sveinn Jónsson verkfræðingur (B),
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (A),
Helgi Hálfdánarson umboðsmaður (C),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (A).

Varamenn:
Ásmundur Ásmundsson stýrimaður (A),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (A),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Inger Linda Jónsdóttir lögfræðingur (B),
Guðmundur A. Auðbjörnsson (A),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (C),
Þorsteinn Ólafsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til fjögurra ára, frá 1. júlí 1987 til 1. júlí 1991 að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 42 1983, um Landsvirkjun.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður (A),
Páll Pétursson alþm. (A),
Hafsteinn Kristinsson iðnrekandi (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

Varamenn:
Eiríkur Alexandersson framkvæmdastjóri (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Villhjálmur Egilsson hagfræðingur (A),
Finnbogi Jónsson verkfræðingur (B).

Kosning fimm manna í Orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1987 til jafnlengdar 1991, skv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (A),
Sverrir Sveinsson rafveitustjóri (A),
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri (A),
Þórður Skúlason sveitarstjóri (B),
Ingólfur Árnason rafveitustjóri (C).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 27. maí 1987 til jafnlengdar 1991, skv. 2. gr. laga nr. 52 27. maí 1975.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum möfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yrir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jóhannes Árnason sýslumaður (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (A),
Álfhildur Ólafsdóttir, Vopnafirði (B).

Varamenn:
Úlfar Thoroddsen sveitarstjóri (A),
Benedikt Sigurðsson lögfræðingur (A),
Sigríður Stefánsdóttir, Akureyri (B).

Réttur norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi, síðari umr.

Stjtill., 407. mál. — Þskj. 751, n. 998.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):
Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur skoðað till. til þál. um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi. Nefndin er sammála um að mæla með því að þessi þáltill. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1066).

Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, síðari umr.

Stjtill., 421. mál. — Þskj. 850, n. 1020.

Frsm. utanrmn. (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Þáltill. þessi kveður á um að ríkisstjórninni sé heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT", sem lagður var fram til undirritunar í París 15. júlí 1982.

Hér er um að ræða mál sem Póst- og símamálastofnun leggur þó nokkra áherslu á að nái fram að ganga. Það gervitungl sem hér er um að ræða veitir svæðisbundna fjarskiptaþjónustu í Vestur-Evrópu, en geislar gervitunglanna ná einnig um hluta Austur-Evrópu og Norður-Afríku.

Þátttaka Íslands er fjárhagslega hagkvæm og áhættulítil. Gert er ráð fyrir að hlutafjáreign verði tengd notkun hvers ríkis á fjarskiptatunglunum, þar með talinn sjónvarpsflutningur milli landa. Lágmarkshlutafjáreign er 0,05% og stofnfé Íslands, sem lagt var fram sem hlutafé árið 1985, var rúmlega 614 000 kr., en arðsemin er áætluð um 14% á ári. Póst- og símamálastofnun telur að það sé fjárhagslegur ávinningur að því að koma á sambandi við önnur Evrópulönd um fjarskiptatungl þetta, m.a. vegna þess að afnotagjöld „EUTELSAT" eru lægri en gjöld Alþjóðastofnunar fjarskipta um gervihnetti eða „INTELSAT" fyrir sambærilega þjónustu.

Utanrmn. hefur fjallað um þessa till. og leggur einróma til að hún verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1067).

Viðbótarsamningar við Mannréttindasáttmála Evrópu, síðari umr.

Stjtill., 425. mál. — Þskj. 898, n. 1021.

Frsm. utanrmn. (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða fullgildingu eftirtalinna viðbótarsamninga við sáttmálann frá 4. nóv. 1950, um verndun mannréttinda og mannfrelsis, öðru nafni Mannréttindasáttmála Evrópu:

1. Viðbótarsamning nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar sem gerður var í Strasbourg 28. apríl 1983.
2. Viðbótarsamning nr. 7 sem gerður var í Strasbourg 22. nóv. 1984 og
3. Viðbótarsamning nr. 8 sem gerður var í Vínarborg 19. mars 1985.

Utanrmn. leggur einróma til að þessi þáltill. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1068).

Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum, síðari umr.

Þáltill. DA, 362. mál. — Þskj. 651, n. 857, brtt. 858.

Frsm. allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um ábyrgð vegna galla í húsbyggingum og öðrum mannvirkjum. Nefndin hefur fjallað um till. og mælir með samþykkt hennar með breytingu, en till. um hana er flutt á sérstöku þskj.

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson, Haraldur Ólafsson, Stefán Benediktsson, Pétur Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Brtt. er flutt á þskj. 858 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða gildandi lög sem fjalla um ábyrgð þeirra sem tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 858 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1069).

Þjóðarátak í umferðaröryggi, síðari umr.

Þáltill. SalÞ o.fl., 353. mál. — Þskj. 626, n. 859, brtt. 860.

Frsm. allshn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi sem flutt er af

allmörgum þm. undir forustu hv. 4. þm. Reykn. Nefndin leggur til að till. verði samþykkt, en flytur brtt. sem er á þskj. 860 og er lagt til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að vinna að undirbúningi þjóðarátaks í umferðaröryggi. Nefndin skal skipuð fulltrúum þeirra stofnana og samtaka sem sérstaklega láta sig varða umferð og umferðaröryggi. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988."

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Sem 1. flm. þessarar till. til þál. um þjóðarátak í umferðaröryggi vil ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu till. Ég sætti mig við þá brtt. sem nefndin flytur á þskj. 860 þó að ég telji að eins og till. var upphaflega orðuð hefði það ekki síður verið tryggt að þeir aðilar yrðu skipaðir í nefndina sem sérstaklega láta sig varða umferð og umferðaröryggi.

Ég ítreka þýðingu þess að strax í upphafi eftir að nefndin verður skipuð verði aðilar með sérfræðiþekkingu á sviði áróðurs- og auglýsingatækni hafðir með í ráðum til þess að slíkt þjóðarátak verði vel skipulagt, en sú var einmitt ástæðan fyrir því að lagt var til að einn af sjö aðilum í nefndinni yrði tilnefndur af Sambandi ísl. auglýsingastofa og eins var hugmyndin um fulltrúa frá Sambandi ísl. tryggingafélaga í nefndinni til komin til að leggja áherslu á þýðingu þess að fá samstarf við þá aðila m.a. með það í huga að bifreiðatryggingafélögin sæju sér hag í að leggja fram fjármagn í átakið. Ég get þó ekki séð að brtt. komi í veg fyrir að fulltrúar þessara aðila verði skipaðir í nefndina ásamt þeim öðrum sem láta sig varða umferð og umferðarmenningu.

Umferðarmál hafa verið mikið í umræðu á hv. Alþingi undanfarið vegna frv. til umferðarlaga sem væntanlega verður að lögum áður en þingi lýkur og því skiptir það miklu að þjóðarátakið hefjist í kjölfar þess að lögin taki gildi. Það er talið að á hverju ári slasist á þriðja þúsund Íslendingar í umferðinni. Ég heyrði ekki betur en í morgunfréttum hafi það komið fram að í febrúarmánuði hafi umferðardeild lögreglunnar haft afskipti af 544 óhöppum og í gær voru þau 30 á einum degi. Tilgangur þjóðarátaks í umferðaröryggi er að gerbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun. Með þessu móti má nánast útrýma þeim umferðarslysum og óhöppum sem stafa af vankunnáttu, þjálfunarleysi og tillitsleysi við aðra vegfarendur.

Herra forseti. Nú þykir mér vera orðin dálítil ókyrrð í salnum. Að vísu er kannske ekki stórt mál á ferðinni, en það skiptir marga ákaflega miklu. Ég ætlaði þá að ljúka orðum mínum með því að endurtaka þakkir mínar til hv. allshn. og legg áherslu á að undirbúningi þessa þjóðarátaks í umferðaröryggi verði hraðað svo að takast megi að hrinda því af stað í byrjun næsta árs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið undir orð hv. 4. þm. Reykn. og lögð áhersla á að þm. hafi gott hljóð í þingsalnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 860 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1070).

Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi, síðari umr.

Þáltill. HÓ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66, n. 861, brtt. 862.

Frsm. allshn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 861 um till. til þál. um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Allshn. Sþ. ræddi málið á nokkrum fundum sínum og fékk á fund sinn Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Jónatan Þórmundsson prófessor, forseta lagadeildar Háskólans, Þóri Einarsson prófessor, forseta viðskiptadeildar, og Þórólf Þórlindsson prófessor, forseta félagsvísindadeildar. Þeir voru allir sammála um að þetta væri áhugavert verkefni sem rétt væri að fela Háskóla Íslands.

Í umræðum nefndarmanna um þessa till. komu fram ýmsar hugmyndir og var jafnvel hugleitt að flytja brtt. við þessa till., en horfið frá því. Þess í stað var ákveðið að láta þess getið við framsögu að mjög áhugavert mundi vera og ástæða væri til að leggja sérstaka áherslu á að kanna hvernig störfum kynja er skipt með tilliti til valdastöðu þeirra innan þeirra stofnana og samtaka sem könnuð verða. Einnig að sérstök áhersla yrði lögð á að kanna vægi svonefnds þekkingarvalds í íslensku þjóðfélagi, þ.e. hver staða manna og áhrif í valdakerfinu eru með tilliti til menntunar þeirra. Sömuleiðis hver staða manna og áhrif eru með tilliti til aldurs þeirra og þátttöku í ákveðnum atvinnu- og starfsgreinum.

Nefndin varð sammála um að mæla með því að tillagan yrði samþykkt með breytingu sem finna má á þskj. 862. Undir þetta nál. rituðu Ólafur P. Þórðarson formaður, Stefán Benediktsson fundaskrifari, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Eggert Haukdal, Haraldur Ólafsson og Guðrún Agnarsdóttir. En brtt. er svohljóðandi:

„Síðari mgr. tillögunnar orðist svo:

Könnun þessari verði hraðað og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 862 samþ. með 39 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1071).

Auglýsingalöggjöf, síðari umr.

Þáltill. SJS, 84. mál. — Þskj. 84, n. 863, brtt. 864.

Frsm. allshn. (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um auglýsingalöggjöf. Flm. hennar er Steingrímur J. Sigfússon. Þessi till. var nokkuð rædd í nefndinni og voru nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt væri að hefja nú þegar undirbúning að því að gerð verði heildarlöggjöf um auglýsingar á Íslandi. Slík löggjöf er ekki til enn sem komið er. Með þeim gífurlegu breytingum sem eru að verða á allri fjölmiðlun er mikil þörf að kanna auglýsingar og koma þeim í þann farveg sem heppilegur er. Auglýsingar eru í sjálfu sér upplýsingar, en þær geta líka fólgið í sér neytendavernd.

Tillgr. eins og hún hljóðar hjá hv. flm. gerir ráð fyrir að kosin verði nefnd níu þm. til að undirbúa í samráði við helstu hagsmunaaðila heildarlöggjöf um auglýsingar, en nefndinni fannst þetta kannske vera fullákveðið og leyfir sér að flytja brtt. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar."

Nefndin telur að með þessu móti sé unnt að ná þeim markmiðum sem felast í upphaflegu tillögunni og leggur til að hún verði samþykkt með þessari breytingu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka virðulegri allshn. fyrir að hafa unnið vel að þessu máli og komist að niðurstöðu sem ég get fyllilega sætt mig við, enda hafði ég um það orð í framsöguræðu með till. að sjálf tillgr. og það fyrirkomulag sem þar var lagt til væri flm. ekki heilagt og mætti í raun einu gilda með hvaða hætti yrði unnið að því að ná fram þeim meginmarkmiðum sem fyrir flm. vakti með tillöguflutningnum.

Ég fagna mjög þeirri hreyfingu sem komist hefur á þetta mál nú með þeirri till. sem hv. allshn. flytur og ég vona að framgangur hennar verði á einn veg hér í atkvæðagreiðslu og ályktun Alþingis sem þar af leiði verði fylgt vel eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 864 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1072).

Tryggingasjóður loðdýrarækta, síðari umr.

Þáltill. DA o.fl., 236. mál. — Þskj. 253, n. 930.

Frsm. atvmn. (Björn Dagbjartsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. atvmn. um þáltill., 236. mál, og brtt. á þskj. 930. Brtt. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1. Fyrirsögn orðist þannig:

Till. til þál. um aðgerðir til tryggingar loðdýraræktar gegn verðsveiflum.

2. Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti megi best tryggja hag loðdýrabænda gegn verðsveiflum á loðskinnamörkuðum."

Með þessum breytingum leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt.

Umsagnir þær sem bárust voru ekki margar, en þær voru allar jákvæðar. Það er ljóst að þessi nýja atvinnugrein getur ekki búið við slíkt óöryggi sem verið hefur. Hér er aðeins gert ráð fyrir nefndarskipun að vísu. Ýmsir hefðu kannske viljað sjá einhvers konar sjóð standa, en það var talið rétt í nefndinni að láta hæstv. ríkisstjórn um það hvernig þessi nefndarskipun væri í staðinn.

Það má benda á að ýmsir verðjöfnunarsjóðir eru til í íslensku atvinnulífi og þó að þeir hafi sumir hverjir, eins og Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, verið nokkuð umdeildir er það rétt að atvinnugreinum er mikill styrkur að sveiflujöfnunarsjóðum til að jafna verðsveiflur milli ára á útflutningsmörkuðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 930 (ný fyrirsögn og tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1073).

Efling atvinnu og byggðar í sveitum, síðari umr.

Þáltill. EgJ o.fl., 218. mál. — Þskj. 233, n. 926.

Frsm. atvmn. (Björn Dagbjartsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti atvmn. um till. til þál. um eflingu atvinnu og byggðar í sveitum vegna breyttra búhátta. Nál. hljóðar svo, með leyfi

forseta:

„Nefndin hefur fjallað um till. og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, landbrn. og Framleiðsluráði landbúnaðarins. Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins mæla með samþykkt tillögunnar. Í umsögn landbrn. er tekið undir efni till., en jafnframt vakin athygli á því að á síðustu mánuðum hafi verið unnið að því að hrinda ýmsu því í framkvæmd sem fjallað er um í till. Sú umsögn er birt sem fskj. með nál. þessu.

Atvmn. mælir með því að skipulegt átak verði gert til atvinnuuppbyggingar í sveitum vegna breyttra búhátta svo að byggðin í landinu treystist. Í trausti þess að ríkisstjórnin haldi áfram að vinna að framkvæmd þeirra áhersluatriða sem í till. felast leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Svo mörg voru þau orð. Því er ekki að neita að margir í atvmn. vildu ganga lengra og samþykkja þessa till. Umsögn landbn. ber það með sér að ýmislegt í till. er þegar í vinnslu, hvort sem það er í framhaldi af tillöguflutningnum eða af öðrum orsökum. Ég er sannfærður um að þessi till. hefur þegar haft sín áhrif úti í atvinnugreininni og allri umræðunni um landbúnaðarmál sem verið hefur mikil að undanförnu. Það er ekki síst hin vandaða greinargerð sem fylgir sem ýmsir hafa bent á og verið títt vitnað til í greinum og skrifum.

Það má m.a. benda á það í greinargerðinni þar sem talað er um þróun mjólkurframleiðslunnar að nýjustu fréttir herma einmitt að þarna sé að komast á jafnvægi. Hv. þm. gera sér e.t.v. ekki grein fyrir því hversu mikils virði það er bændum í landinu að vera ekki að framleiða vöru sem illa selst. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir þessum tilfinningum bænda, að þetta ánægjulega en erilsama og oft erfiða starf getur verið þreytandi einkum og sér í lagi þegar umræðan er neikvæð eins og oft hefur viljað vera.

Við erum á réttri leið og í raun hefði þessi till. átt að vera óþörf. Nú hefur verið lagt fram í þinginu frv. til l. sem gerir ráð fyrir framkvæmd hluta þess sem í till. felst og því ber að fagna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 926, um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 39 shlj. atkv.

Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, síðari umr.

Þáltill. DA o.fl., 235. mál. — Þskj. 252, n. 927.

Frsm. atvmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar, hótel-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu, en 1. flm. till. var hv. 5. þm. Vesturl.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, frá Ferðamálaráði Íslands og Félagi ísl. kjötiðnaðarmanna. Í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa kemur fram sú skoðun að Hótel- og veitingaskóli Íslands hafi nægu hlutverki að gegna. Því sé ekki rétt að bæta við öðrum starfsstéttum. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands kemur fram að undanfarna mánuði hafi starfað nefnd á vegum menntmrn. að því að gera tillögur um framtíðarskipun þessara mála innan skólakerfisins. Sú nefnd mun nú vera að vinna að tillögum ráðherra um þessi mál. Atvmn. telur nauðsynlegt að auka menntun þeirra starfsstétta sem þessi þáltill. fjallar um. Eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum í umsagnir hér að framan er hins vegar ljóst að það þarf vandlega athugun hvernig heppilegast sé að koma þessari menntun fyrir og fleiri en ein leið koma til greina í þeim efnum.

Í trausti þess að ríkisstjórnin hraði þeirri athugun er lagt til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Undir þetta nál. rita Garðar Sigurðsson, Þórarinn Sigurjónsson, Kristín S. Kvaran, Björn Dagbjartsson, Davíð Aðalsteinsson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 972, um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 43 shlj. atkv.

Efling fiskeldis, síðari umr.

Þáltill. DA o.fl., 237. mál. — Þskj. 254, n. 929.

Frsm. atvmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum, en 1. flm. þeirrar till. var hv. 5. þm. Vesturl.

Till. þessi er nokkuð ítarleg og í fjórum töluliðum. Nefndin fékk umsagnir frá Orkustofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands og landbrn. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands mæla með samþykkt till. Veiðimálastofnun gerir nokkrar athugasemdir, sérstaklega við 4. tölul. till., þar sem talið er óheppilegt að slíta í sundur rannsóknir og ráðgjöf í fiskeldi og talið eðlilegt að Veiðimálastofnun sinni þessum málum m.a. í deildum hennar á landsbyggðinni. Bent er á að stofnunin hafi þegar ráðið mann í hálft starf á móti Hólaskóla til að sinna slíkri ráðgjöf og hefur gefið vilyrði fyrir sambærilegri samvinnu við bændaskólann á Hvanneyri.

Landbrn. rekur í allítarlegu máli ýmis þau atriði sem eru í vinnslu á vegum ráðuneytisins til framkvæmda í þessum mikilvæga málaflokki og með tilvísun til þeirra umsagna sem nefndinni bárust er lagt til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 929, um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 45 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun, síðari umr.

Þáltill. EKJ o.fl., 305. mál. — Þskj. 541, n. 902, brtt. 903.

Frsm. allshn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um undirbúning þess að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Á fund nefndarinnar komu Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Tómas Árnason seðlabankastjóri og Þórður Friðjónsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Það kom ekki fram í máli þessara manna gagnrýni á starf þeirra manna sem unnið hafa hjá Þjóðhagsstofnun. Það kom aftur á móti fram að á Norðurlöndum er þessu skipað á ýmsa vegu. Að athuguðu máli virtist nefndarmönnum sem sum þau verkefni sem í dag eru unnin hjá Þjóðhagsstofnun hljóti að eiga að vera hjá Hagstofu Íslands. Ef horft væri til Svíþjóðar væri hinn hluti verkefnanna í sérstakri deild í fjmrn. Miðað við þá skipan sem er á málum hér á landi væri eðlilegt að sá hluti væri í forsrn.

Nú hefur nefndin ekki kveðið upp neinn dóm í þessum efnum, en hún flytur brtt. á sérstöku þskj. Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Eggert Haukdal.

Brtt. er á þskj. 903 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar.

Fyrirsögn till. verði:

Till. til þál. um Þjóðhagsstofnun.“

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér einungis hljóðs til að bæta aðeins við skýringar hv. 5. þm. Vestf. til þess að menn gerðu sér grein fyrir því með hverju þeir væru að greiða atkvæði. Það má leiða viss rök að því að menn greiði hér atkvæði að nokkru leyti án þess að vita hvað þeir eru að gera. Ég bendi t.d. á að með tilliti til þeirrar till. sem hér á að fara að greiða atkvæði um voru menn rétt áðan að taka undir sjónarmið algerlega gagnstæðrar áttar við þau sjónarmið sem hér er verið að fjalla um þar sem menn sáu samkvæmt skýringum frsm. fyrir síðasta máli brýna nauðsyn þess að draga saman gagnaöflun og ráðgjöf í málefnum fiskeldis, algerlega andstætt því sem menn eru hér að leggja til. Þannig háttar til hjá Þjóðhagsstofnun að þar fer fram heilmikil staðreyndaöflun og staðreyndavinnsla eða úrvinnsla. Þar fer fram ráðgjöf við ríkisstjórn og ráðuneyti og þar fer fram gerð á framtíðarspá fyrir þjóðarhag. Það kom í ljós í umræðum okkar við okkar viðmælendur að staðreyndaöflun og staðreyndaúrvinnsla væri verkefni sem unnið væri jöfnum höndum í Hagstofu Íslands og það væri mjög eðlilegt að Hagstofan ein sinnti því verkefni og eins að þjóðhagsreikningur, sem unninn hefur verið hjá Þjóðhagsstofnun, yrði unninn hjá Hagstofu Íslands.

Ég bendi á þetta vegna þess að ég tel rétt og skylt að menn átti sig á því að með því t.d. að slíkur tilflutningur yrði á verkefnum erum við ekki beinlínis að tala um fækkun starfsmanna hins opinbera heldur tilflutning á þeim frá Rauðarárstíg niður á Hverfisgötu ef húsnæði Hagstofunnar nægir þá þegar þau verkefni hafa verið flutt til hennar sem Þjóðhagsstofnun annast núna.

Eins kom í ljós að efnahagsráðgjöf er orðin með tvennum hætti núna þar sem síðasta ríkisstjórn kaus að ráða sér svokallaðan efnahagsráðgjafa jafnframt því sem Þjóðhagsstofnun hefur annast slíkt verkefni. Í þessari tillgr. eins og hún hljóðar nú breytt, þ.e. að meta hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar, felst raunar áskorun á ríkisstjórn að gera upp hug sinn um hvort efnahagsráðgjöf á að fara fram við forsrn. beint, þá með efnahagsráðgjafa og einhverjum mannafla, eða þá eftir sem áður innan Þjóðhagsstofnunar ef menn kjósa svo.

Síðasta og kannske merkilegasta verkefni Þjóðhagsstofnunar er það að spá fyrir um framtíðina. Það urðu menn allir sammála um að erfitt yrði trúlega að komast af án slíkrar spámennsku. Mönnum sagði svo hugur um að einhvers konar spástofnun þyrfti. Hvort sem það yrði í þeirri mynd sem Þjóðhagsstofnun er núna, hvort sem það yrði Þjóðhagsstofnun eða spástofnun sem tengdist Háskóla Íslands eða þá spástofnun sem tengdist forsrn. nánar en nú er sem þar yrði að verki, þá yrði það samt sem áður gagnlegt ríkisstjórn og þingi að fleiri en ein stofnun hér á landi gerði spár fram í tímann þannig að menn hefðu eitthvað við að miða þegar þeir væru að taka ákvarðanir um þau mál sem varða framtíðina.

Ég var ekki viðstaddur þá umræðu sem varð um þessa till. þegar mælt var fyrir henni. Grg. með henni er að innihaldi dálítið stráksleg og mætti gera athugasemdir við það. Þar segir að Þjóðhagsstofnun hafi annast svokallaða efnahagsráðgjöf við ríkisstjórnina sem ekki verður séð að orðið hafi til heilla. Það verður reyndar ekki alveg ráðið af textanum hvort höfundur grg. er að fullyrða að ríkisstjórnin hafi ekki orðið til heilla eða að efnahagsráðgjöfin hafi ekki orðið til heilla. En hvað sem hann hefur meint hlýtur sá hinn sami maður að gera sér ljósa grein fyrir því að ráðgjöf, frá hverjum sem hún kemur, er ekki ráðandi um pólitískar aðgerðir heldur eru það stjórnmálamenn sem bera ábyrgð á

endanlegri ákvarðanatöku.

Eins og hv. 3. þm. Reykv. komst að orði í ræðu fyrir nokkrum kvöldum: Embættismenn án stjórnmálamanna eiga í raun og veru ekki að vera til, þ.e. embættismennska er fyrst og fremst þjónkun við stjórnmálamenn og þegna. Það eru ekki embættismenn sem ráða gangi mála heldur stjórnmálamenn og ef stjórnmálamenn telja að þeir ráði ekki gangi mála eiga þeir ekki að vera stjórnmálamenn.

Þess vegna gátum við í nefndinni ekki tekið undir það afdráttarlausa sjónarmið höfunda till. að það væri kjörið tækifæri núna að afnema stofnun hans, þ.e. forstjóra Þjóðhagsstofnunar, eins og þessi stofnun væri eitthvað frekar hans stofnun en annarra. En það veit tillögumaður að nú þegar er búið að skipa nýjan forstöðumann þeirrar stofnunar og núverandi ríkisstjórn virðist ekki beinlínis hafa markað þá stefnu að leggja stofnunina niður ef draga má ályktanir af því að þeir hafa þegar skipað henni forstöðumann.

Aftur á móti töldu menn mjög eðlilegt, bæði núverandi forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og hagstofustjóri, að endurskoðuð yrði starfsemi Þjóðhagsstofnunar og kannað hvort hagkvæmt væri að fela öðrum verkefni hennar án þess að í því fælist nokkurt mat á því hvort slíkt er annaðhvort gerlegt eða hagkvæmt. Þess vegna var líka breytt fyrirsögn till. sem hljóðaði upp á að undirbúið yrði að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og þetta er einfaldlega till. um Þjóðhagsstofnun. Þá fylgir með að um leið og þessi stofnun verður skoðuð og þá hugsanlega sá tvíverknaður sem þar er unninn skoðast margar aðrar stofnanir sem tengjast mjög svipuðum störfum, sérstaklega á sviði gagnavinnslu sem Þjóðhagsstofnun annast.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þar sem ég tók nokkurn þátt í umræðum um þessa till. þegar hún var rædd fyrsta sinni langar mig til að leggja örfá orð í belg. Þau verða ekki mörg.

Í fyrsta lagi var hér um að ræða till. um að hefja þegar í stað undirbúning þess að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Nú hefur hv. allshn. sameinaðs þings komið með brtt. sem er í rauninni allt annars efnis, þ.e. að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar. Þetta er í rauninni allt annað mál og finnst mér sjálfsagt að verkefni þessara stofnana eins og annarra séu endurskoðuð og tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að auðvitað hlýtur að koma til þess í beinu samhengi við samþykkt þessarar till. að verkefni þeirra stofnana annarra, sem fjalla um svipuð mál eða sömu og Þjóðhagsstofnun gerir, verði endurskoðuð í leiðinni. Þetta er till. um eins konar hagkvæmnisrannsókn á vissum þætti í starfsemi hins opinbera sem er sjálfsögð og eðlileg. Nefndin hefur sem sagt snúið málinu í þá veru sem bent var á í umræðunum að eðlilegt væri og raunar breytt nafni till. í samræmi við það. Þess vegna lýsi ég stuðningi við þá brtt. sem allshn. hefur lagt fram.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég kem í pontuna nánast eingöngu til að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu þessarar till. og er eindreginn stuðningsmaður breytingarinnar. Hún er mjög smellin. Í upprunalegu till. var talað um að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður, en það fannst einhverjum helst til ókurteislegt orðalag kannske og því er breytt í „að fela öðrum verkefni hennar". Ég lít á þetta sem alveg jafngilt og er hæstánægður með það. Að stráksleg hafi verið tekið til orða í grg. má vel vera. Það er verið að gagnrýna að talað hafi verið um stofnun „hans", þ.e. forstjórans. Ég held að ég hafi lesið einhvers staðar í viðtali við formann Alþfl. á dögunum að hann hafi talað um flokkinn sinn og þótt það ekkert ljótt. Ég held að við höfum meint það sama að stofnun er oft við forustumann kennd og ekkert við því að segja og ekkert út á það að setja. En ég endurtek þakkir til nefndarinnar og er hæstánægður með brtt. og vil að hún verði samþykkt og mun með glöðu geði greiða henni atkvæði.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, var fjarverandi þegar umræða fór fram um þessa till. upphaflega. Ég vil láta það koma fram mjög eindregið sem mína skoðun að ég tel að það eigi að leggja Þjóðhagsstofnun niður og fela verkefni hennar einhverjum öðrum aðilum. **(Gripið fram í:** Af hverju?) Fyrir því eru mörg rök og meginrökin eru þau að mínu mati að ég tel að Þjóðhagsstofnun hafi ekki dugað til þess hvorki að veita ráðgjöf ríkisstjórnum né heldur, sem er mikið alvarlegara, hefur Þjóðhagsstofnun veitt Alþingi ráðgjöf. Í raun og veru *hefur þetta verið þannig að allar upplýsingar sem* fram hafa komið frá Þjóðhagsstofnun hafa verið sendar til Alþingis í gegnum ráðuneyti. Alþingi hefur ekki með sjálfstæðum hætti átt þann aðgang að þessari stofnun sem ég hefði talið nauðsynlegan og óhjákvæmilegan til að vinna Alþingis að efnahagsmálum sé vönduð og traust.

Ég er þeirrar skoðunar að heppilegast væri í þessu efni hins vegar að skoða þessi mál í heild, bæði að því er varðar stöðu Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans. Við skulum gera okkur grein fyrir því að á undanförnum árum eða í kringum 1960, þegar lögin um Seðlabankann voru sett, var sett inn ákvæði í *seðlabankalögin um að hann ætti ásamt efnahags*stofnun að veita ráðgjöf í efnahagsmálum. Síðan hafa þessir hlutir verið að þróast með alveg ákveðnum hætti og þess vegna er eðlilegt að þeir séu teknir upp til skoðunar að nýju í heild. Ég er þeirrar skoðunar að affarasælast væri að byrja á því að endurskoða stjórnarráðslögin og setja þar inn ákvæði um efnahagsmálaráðuneyti, ráðuneyti sem fer með yfirstjórn efnahagsmála í heild. Ég held jafnframt að sá hluti af verkefnum Þjóðhagsstofnun-

ar sem snertir beina upplýsingasöfnun og staðreyndaskráningu sé vel geymdur hjá Hagstofu Íslands. Ég tel jafnframt að Alþingi eigi að hafa aðgang að efnahagsráðgjöf. Ég bendi á að Alþingi hefur þegar tekið ákvörðun um að Ríkisendurskoðunin heyri undir Alþingi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að Alþingi og einstakir þm. eigi aðgang að efnahagsráðgjöf og efnahagsupplýsingum á hverjum tíma. Ég held þess vegna að Þjóðhagsstofnun eigi eins og aðrar stofnanir að vera í stöðugri endurskoðun og endurmati og ég tel þess vegna að sú till. sem hér er flutt og er til meðferðar sé fyllilega tímabær.

Ég tel hins vegar ekki að menn eigi að fara að kenna af þessu tilefni embættismönnum um pólitískar ákvarðanir. Pólitíkusar taka pólitískar ákvarðanir. Embættismenn veita ráð eða afla gagna og senda inn upplýsingar. Ég tel heldur ekki að það að þessi till. er hér á dagskrá komi forstöðumanni stofnunarinnar við. Það kemur málinu ekki við að mínu mati hvort sem það er Jón Sigurðsson, Þórður Friðjónsson, Ólafur Davíðsson eða einhver annar. Það skiptir engu máli í þessu sambandi.

Ég tel að hér hafi þörfu máli verið hreyft vegna þess að það eigi að endurskoða allt þetta kerfi efnahagsyfirstjórnar af hálfu íslenska ríkisins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 903 (ný tillgr.) samþ. með 45:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VI, ÞP, ÞS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EgJ, EG, EKJ, FrS, GSig, GeirG, GB, GE, GJG, GA, GHelg, GGS, HÓ, HS, HG, JS, JHelg, JK, KSG, KP, KJóh, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RH, SalÞ, SDK, StB, StG, SJS, SvG, ÞK.

nei: IG.

FÞ, HÁ, SkA, SV, StH, SvH greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (AG, AS, EH, EBS, HBl, JBH, KolJ, PS) fjarstaddir.

Fimm þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Till. sú sem hér er verið að bera undir atkvæði ber allt annað heiti og fjallar um allt annað efni en till. sú sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti á sínum tíma og því segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem ég sagði áðan í umræðunni, að till. þessi með þeirri breytingu sem verið er að greiða atkvæði um hefur öll þau sömu áhrif og frumtillagan, í henni var talað um að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður en í þessari að fela öðrum verkefni hennar, og þar sem þetta kemur út á eitt segi ég auðvitað já.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Ég tel frumtillöguna, till. til þál. um undirbúning þess að leggja niður Þjóðhagsstofnun, þannig að ekki sé á neinn hátt gerlegt að samþykkja hana. Það á reyndar einnig við um brtt. og því segi ég nei.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Í trausti þess að í framhaldi af athugun þessari verði komið hér á fót efnahagsmálaráðuneyti, en það tel ég mjög heppilega stjórnkerfisbreytingu, og þar sem þetta er orðin allt önnur till. en hið upphaflega þingmál treysti ég mér til að segja já.

Stefán Benediktsson:

Herra forseti. Ég styð þessa till. þar eð ég treysti á að hún muni leiða til ákveðinna grundvallarbreytinga á stjórnkerfi okkar án þess að ég spái beint í hvort það leiði til þess að Þjóðhagsstofnun sem slík verði lögð niður heldur að starfsemi ráðuneytanna og tengdra þjónustustofnana verði skipulögð með þeim hætti að þar verði hvorki um tvíverknað né óþarfavinnu að ræða. Því segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1074).

Greiðslufrestur, síðari umr.

Þáltill. DA o.fl., 161. mál. — Þskj. 171, n. 928.

Frsm. atvmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. atvmn. um till. til þál. um viðskipti með greiðslufresti.

Nefndin hefur fjallað um þessa till. og fengið umsagnir frá viðskrn., Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum og reyndar Alþýðusambandi Íslands jafnframt, enda þótt það sé ekki tekið fram í nál. Umsögn viðskrn. er birt sem fylgiskjal með nál. eins og fram kemur. Í þeirri umsögn, þ.e. umsögn viðskrn. um till., kemur fram að það er ötullega unnið innan viðskrn. að athugun þeirra atriða sem till. fjallar um og nauðsynlegt er að undirbúa rækilega með löggjöf að markmiði. Í trausti þess að áfram verði unnið að þessum málum af fullum krafti á vegum ráðuneytisins leggur atvmn. til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. rita auk þess sem hér stendur hv. alþm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Garðar Sigurðsson, Björn Dagbjartsson, Þórarinn Sigurjónsson og Kristín S. Kvaran. Atvmn. leggur til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 928, um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar, samþ. með 42:1 atkv.

Sjúkra- og iðjuþjálfun, síðari umr.

Þáltill. HS, 166. mál. — Þskj. 176, n. 936.

Frsm. félmn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 936 um till. til þál. um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Nefndin hefur rætt till. og leggur til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að vinna að skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma á sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun sem víðast um land. Kannað verði hvernig tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans.

Jafnframt verði athugað hvernig unnið yrði að forvarnarstarfi á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu. Leitað verði samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega." — Hér er um nokkra breytingu að ræða frá hinum upphaflega texta.

Fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru Friðjón Þórðarson, Árni Johnsen og Jón Kristjánsson, en undir þetta nál. skrifa auk mín Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir og Stefán Valgeirsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 936 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1075).

Norræni umhverfisverndarsamningurinn, síðari umr.

Þáltill. GGS o. fl., 380. mál. — Þskj. 690, n. 999.

Frsm. utanrmn. (Haraldur Ólafsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild Íslands að Norræna umhverfisverndarsamningnum. Utanrmn. hefur fjallað um þessa till., en flm. hennar eru hv. þm. Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Valdimar Indriðason. Tillgr. orðaðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa aðild Íslands að Norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var 19. febr. 1974 og hefur þegar tekið gildi á milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands."

Í grg. er minnt á að þessi fjögur Norðurlandanna hafi gert með sér samning um umhverfisvernd sem undirritaður var 19. febrúar 1974 og hefur því verið í gildi alllengi. Samningurinn tekur til starfsemi í samningsríkjunum sem hefur eða getur haft umhverfisspjöll í för með sér og sams konar skaðleg áhrif í öðrum ríkjum Norðurlanda. Þau skaðlegu umhverfisáhrif sem samningurinn tekur til eru mengun frá landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum, mengun vatns eða sjávar, loftmengun og mengun vegna geislavirkra efna. Þá tekur samningurinn einnig til mengunar og umhverfistjóns sem verður frá mannvirkjum eða athöfnum á landgrunni samningsríkjanna.

Síðan er greint nokkuð frá þeim ákvæðum sem varða málssókn og annað sem unnt er að höfða til að stöðva framkvæmdir í öðrum löndum ef þau eru talin geta valdið mengunarskaða í nágrannalöndum. Með þessum ákvæðum væri íslenskum stjórnvöldum, félögum og ríkisborgurum heimilt að höfða mál til að stöðva framkvæmdir annars staðar á Norðurlöndum ef þau telja að þær framkvæmdir gætu valdið mengunarskaða hér á landi og jafnvel krafist bóta fyrir slíkt tjón á jafnréttisgrundvelli.

Utanrmn. mælir einróma með samþykkt þessarar till. með einni breytingu, þ.e. í stað orðanna „að undirbúa aðild" komi: að leita eftir aðild.

Undir þetta rita Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari, Gunnar G. Schram, Ingvar Gíslason, Haraldur Ólafsson og Hjörleifur Guttormsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 999 samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1076).

Varnir gegn mengun hafsins við Ísland, síðari umr.

Þáltill. GGS o.fl., 315. mál. — Þskj. 557, n. 1007.

Frsm. utanrmn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1007 um till. til þál. um varnir gegn mengun hafsins við Ísland, en þetta nál. er frá utanrmn. Nefndin hefur fjallað um þessa till. og leggur til einróma að hún verði samþykkt með smávægilegri breytingu. Ég les tillögugreinina með breytingunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnum á þessu svæði er búin vegna mengunar frá geislavirkum efnum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins.“

Hér er við bætt orðalagi þar sem nefnd er mengun frá geislavirkum efnum og niðurfellt úr upprunalega tillögutextanum ákvæði um að bjóða skyldi til ráðstefnunnar öllum þeim ríkjum sem hlut ættu að máli og einnig alþjóðastofnunum.

Undir þetta nál. rita Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson, Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Haraldur Ólafsson og Hjörleifur Guttormsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við tillgr. á þskj. 1045. Breytingin felur í sér að sú ráðstefna sem tillögugreinin fjallar um að haldin verði hér um varnir gegn mengun við Ísland taki ekki eingöngu til þeirrar hættu sem fiskistofnum er búin af mengun af þessu tagi heldur einnig þeirrar hættu sem mannvist á norðurslóðum er búin af þessari mengun. Ef halda á ráðstefnu af því tagi sem hér um ræðir er nauðsynlegt að hún nái til þeirra sem á þurru landi búa en ekki eingöngu þess lífs sem í sjónum þrífst.

Hér er svo sannarlega um alvarleg mál að ræða. Ég hef áður á þessu þingi gert fyrirhugaða stækkun kjarnorkuversins í Dounreay á Skotlandi að umræðuefni og eins og fram kom í þeirri umræðu er ekki aðeins um lífsskilyrði í hafinu að tefla heldur einnig í þeim löndum sem í Norður-Atlantshafi liggja. Því er lagt til á þskj. 1045 að fyrirhuguð ráðstefna um þessi efni fjalli einnig um þá hættu sem mannvist á norðurslóðum er búin af þessari mengun.

Auk mín flytja þessa brtt. hv. þm. Haraldur Ólafsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Hjörleifur Guttormsson og ég vil láta þess getið að 1. flm. upphaflegu till., hv. þm. Gunnar G. Schram, er einnig samþykkur þessari breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1045 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 1007 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1077).

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Óskað hefur verið eftir umræðum utan dagskrár um verkfall framhaldsskólakennara. Það verður orðið við þeirri ósk og umræðan fer nú þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða þá alvarlegu stöðu sem uppi er á vinnumarkaði þar sem fjölmennir hópar eiga í kjaradeilu við ríkisvaldið og kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi eru nú í verkfalli þriðja daginn í röð. Hjúkrunarfræðingar eru í verkfalli og eru að ganga úr störfum á sjúkrahúsunum. Náttúrufræðingar hafa boðað verkföll um næstu mánaðamót og heyrist ekki að þar séu alvarlegar viðræður í gangi.

Tilefni umræðunnar er þó sérstaklega verkfall kennara sem hefur átt sér þann aðdraganda sem lög bjóða, 15 daga verkfallsboðun, og ekki tókust samningar. Þetta eru alvarlegir hlutir. Starf framhaldsskólanna í landinu er lamað vegna verkfalls og það er ekki í fyrsta sinn á starfsdögum þessarar ríkisstjórnar að slíkt gerist í framhaldsskólunum, en þetta snertir einnig grunnskólana þar sem um 300 grunnskólakennarar eiga aðild að Hinu íslenska kennarafélagi og sumir grunnskólar eru einnig lamaðir vegna þessara verkfallsátaka.

Framhaldsskólakennarar lögðu niður vinnu fyrir tveimur árum og áttu þá í harðri deilu. Þeim var lofað endurskoðun á kjörum sínum eins og félögum í Kennarasambandi Íslands og gerðar hafa verið úttektir sem allar sýna að laun kennara miðað við það sem gerist á almennum vinnumarkaði eru langtum lægri hvað þá ef tekið er tillit til sambærilegrar menntunar. Byrjunarlaun kennara með 4–5 ára háskólamenntun að baki eru nú undir 35 000 kr. Kröfur kennara eru um að byrjunarlaunin hækki miðað við þessa menntun upp í um 45 000 kr. og þykir engum ofrausn þó margir megi í okkar þjóðfélagi búa við minna.

En þetta er ekki aðeins málefni kennara heldur þjóðfélagsins í heild. Þetta er málefni foreldra, þetta er málefni nemendanna og það er málefni þróunar íslensks þjóðfélags að það verði bundinn endi á það styrjaldarástand sem ríkt hefur á milli ríkisvaldsins og þeirra sem í skólunum starfa um margra ára skeið frá því að núverandi ríkisstjórn settist að völdum. Við höfum fengið skýrsluúttekt erlendis frá, frá OECD, sem sýnir að á þessu sviði er þannig búið að kennurum að ekki er við því að búast að skólastarf fari fram í landinu með eðlilegum hætti, jafnmikið og þeir þurfa á sig að leggja í yfirvinnu og þjakaðir af slæmum launum.

Stór hluti af kennurum eru konur og það sætir vissulega furðu að þegar ríkisvaldið leggur fram tilboð í þessari deilu er það í þá veru að skylda kennara til ákveðinnar viðveru ákveðinn tíma í skólunum sem sérstaklega hittir konur sem þar starfa miðað við núverandi aðstæður. Það er ekki vitlegt þegar þannig er haldið á málum af samningsaðila.

Ég vil inna hæstv. fjmrh., sem fer með samningsumboð ríkisins í þessari deilu við kennara og

auðvitað við hjúkrunarfræðinga og aðra opinbera starfsmenn, eftir því hvort af hans hálfu og ríkisstjórnarinnar sé ekki vilji til þess nú loksins að leiðrétta þann mismun sem er á launum kennara miðað við allar aðstæður og dregið hefur verið fram í úttektum sem ríkisvaldið hefur verið aðili að ásamt kennarasamtökunum. Ég inni hæstv. ráðh. eftir hvernig hann sér þróun þessarar deilu fyrir sér, hvort ríkisstjórnin ætlar að halda að sér höndum í þessari deilu og standa þannig að því að lama starf í framhaldsskólum og sumum grunnskólum í landinu. Þetta er spurningin um skólastarfið í landinu og þetta er spurning um þróun þjóðfélagsins og við hljótum að láta okkur þetta varða hér á Alþingi Íslendinga.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt, sem fram kemur hjá hv. málshefjanda, að verkfall kennara getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir skólastarfið í landinu og bitnar auðvitað þyngst á nemendum. Vegna fyrirspurnar hans er rétt að taka fram að laun opinberra starfsmanna hækkuðu meira á síðasta ári en laun annarra í þjóðfélaginu og laun kennara, þar á meðal framhaldsskólakennara, hækkuðu síst minna en laun annarra opinberra starfsmanna þannig að heldur hefur miðað í þá átt að bæta stöðu kennara að þessu leyti í hlutfalli við aðra.

Kjarasamningar Hins íslenska kennarafélags runnu út um áramót eins og annarra félaga í Bandalagi háskólamanna. Sameiginlegar viðræður við Bandalag háskólamanna stóðu til loka janúar, en lauk þá án árangurs. Hið íslenska kennarafélag ákvað í lok janúar í atkvæðagreiðslu verkfallsboðun frá og með 16. mars, en sú ákvörðun var tekin áður en félagið óskaði eftir viðræðum við ríkið um samninga og fór atkvæðagreiðslan fram án þess að kynnt væri raunveruleg staða samningaviðræðna á milli félagsins og ríkisvaldsins, en áður höfðu viðræður farið fram við Bandalag háskólamanna.

Samninganefnd ríkisins lagði fram tilboð sitt á fundi samningsaðila 11. mars. Í því var gert ráð fyrir samningi til ársloka 1988. Þar var boðin hækkun heildarlauna í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið að undanförnu, 18–19%, og meiri hækkun fastra mánaðarlauna eða 22–24% vegna þeirra breytinga á vinnutíma sem í tilboðinu fólust. Enn fremur var gert ráð fyrir að sérstök hækkun yrði á föstum launum byrjenda eða um 32%. Auðvitað kemur þessi hækkun misjafnlega niður og verður því minni sem heildarlaunin eru meiri. Samninganefnd kennara sýndi til að mynda fram á að kennari með heildarlaun upp á 108 þús. kr. fengi ekki nema 2,1% hækkun, en tilboðið var þannig upp byggt að það var fyrst og fremst miðað við að mest hækkun yrði á byrjunarlaunum og var að öðru leyti í samræmi við hugmyndir sem uppi hafa verið um að athuga möguleika á breyttum vinnutíma með því að fella inn í hann ýmis störf sem greidd hafa verið aukalega. Þessu tilboði var svarað af Hinu íslenska kennarafélagi með gagnkröfu sem hefði kostað 50–60% útgjaldaaukningu.

Þegar viðræður fóru fram um s.l. helgi og stóðu fram á mánudagsmorgun þokaði verulega í samkomulagsátt. Fundi var þá frestað til klukkan 17.00 á mánudag. Eftir að fundi lauk á mánudagsmorgun og hafði verið frestað var haft eftir formanni Hins íslenska kennarafélags, með leyfi forseta: „Það þokaðist áleiðis. Við náðum árangri þó að hann væri ekki sérlega stór og ég held að það þurfi náttúrlega að ganga svolítið betur í kvöld til þess að við ljúkum þessu og talsvert mikið betur.“ En hann sagði: „Það þokaðist áleiðis. Við náðum árangri.“ Og menn voru nokkuð bjartsýnir að á fundinum klukkan 17.00 yrði unnt að halda áfram á þeim grunni sem lagður hafði verið í lok viðræðnanna á mánudagsmorgun. En þá kom í ljós að samninganefnd kennara hafði ákveðið að auka við kröfur sínar frá því sem var þegar staðið var upp á mánudagsmorgni og það hafði eðlilega þau áhrif að erfitt var að halda viðræðum áfram. Samninganefnd ríkisins lýsti því yfir að hún væri tilbúin fyrir sitt leyti að halda áfram á þeim grunni sem lagður hafði verið og gefið hafði góðar vonir um að samkomulag tækist og það verður allt kapp lagt á það af hálfu ríkisvaldsins og samninganefndar ríkisins að ná samningum í þessari deilu á þeim grundvelli sem lagður hefur verið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ástandið í skóla- og menntamálum Íslendinga er í raun og veru skelfilegt. Menntun og rannsóknastarfsemi eru alls ekki sá grundvöllur í íslensku þjóðlífi sem vera ætti. Ástæðan er vanræksla stjórnvalda og ekki síst í þeim efnum sem hér eru nú til umræðu, þ.e. hvað varðar kjör þeirra stétta sem skólastarfið hvílir á. Kvennalistinn hefur æ ofan í æ lýst áhyggjum sínum vegna bágra kjara kennara og illrar starfsaðstöðu sem standa í vegi fyrir eðlilegu og góðu skólastarfi. Á haustþingi 1984 lögðum við fram till. til þál. um endurmat á störfum kennara, sem við teljum hryggilega og hættulega vanmetin, svo mikilvæg sem þau eru. Álit okkar í þeim efnum kom mjög vel fram í grg. með till. Till. hlaut að vísu ekki formlega afgreiðslu, en hæstv. þáverandi menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, studdi hana eindregið og skipaði nefnd til að framkvæma slíkt endurmat þennan sama vetur. Niðurstaða nefndarinnar kom algjörlega heim og saman við það sem við höfðum haldið fram, en því miður hefur skýrsla nefndarinnar ekki reynst nægileg viðspyrna í sókn kennara til bættra kjara, þó betri en ekki.

Tregða stjórnvalda til að viðurkenna mikilvægi kennarastarfsins í verki hefur þegar unnið slíkt tjón að langan tíma tekur að bæta það tjón og Kvennalistinn lýsir fullri ábyrgð á hendur þeim sem fara með samningamál við kennara fyrir hönd ríkisins.

Hæstv. ráðh. minnti á hækkanir sem kennarar hafa fengið umfram aðra og nefndi tölur úr samningaviðræðum. Ég hef ekki forsendur til að meta

þær tölur og þær upplýsingar, en tek þeim með fullri varúð. Að öðru leyti finnst mér ekki rétt að tjá mig um þá deilu sem nú stendur yfir, en vona einlæglega að hún leysist sem allra fyrst og hlýt að skora á hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir lausn málsins.

Sömuleiðis hlýt ég að lýsa áhyggjum vegna þess hve erfiðlega hinum ýmsu heilbrigðisstéttum gengur að fá kjör sín bætt. Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt áherslu á breytt verðmætamat og tillit til annarra þátta við starfsmat en tíðkast hefur. Umönnunar- og uppeldisþættir hafa verið lágt metnir og það er fyrst og fremst orsök óviðunandi kjara þeirra stétta sem við slík störf fást.

Ég skora á hæstv. ráðherra sem eru yfirmenn þessara málaflokka að hafa áhrif á samningaviðræður og vinna að skjótri lausn þeirra.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er umhugsunarefni fyrir okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi að það skuli vera svo í íslensku þjóðfélagi, þar sem við eigum að móta þjóðfélagsgerðina, að það eru umönnunar-, uppeldis- og fræðslustéttirnar sem eru nú láglaunahópar og sem standa nú í kjaradeilum til að freista þess að bæta kjör sín, kjaradeilum sem hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Við skulum gæta að því að ef svo heldur sem horfir grotnar menntakerfið niður ef ekki verður að gert og ekki verður breyting á stefnu stjórnvalda í þessum efnum, þeirri launastefnu sem stjórnvöld fylgja. Sú deila, sem nú er hér til umræðu fyrst og fremst og er uppi nú, varðar ekki fyrst og fremst kennara. Hún varðar nemendur. Í þessu þjóðfélagi hefur ástandið verið þannig undanfarin ár að nemendur eru fórnardýr sífelldra styrjalda og kjaradeilna og þetta er gjörsamlega óviðunandi ástand. Hér þarf grundvallarstefnubreytingu og viðhorfsbreytingu hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég beini þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.: Hvaða ráðstafanir hyggst hann gera til að bæta nemendum upp það tap sem þeir hafa þegar orðið fyrir í þessari deilu, þeir nemendur sem eiga að ganga undir próf í vor og standa skil á námsefni? Hvaða ráðstafanir hefur menntmrn. í hyggju í þeim efnum? Ég vænti svars frá hæstv. menntmrh. En ég ítreka að hér þarf að koma til hugarfarsbreyting hjá stjórnvöldum að því er varðar launastefnu gagnvart þeim hópum sem ég áður nefndi og ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann leiti allra leiða í fullri sanngirni til að leysa þann hnút sem virðist hafa hlaupið á snærið eftir að samningaviðræður sigldu í strand. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til fjmrh. að hann hafi frumkvæði um að viðræður hefjist að nýju og aðilar byrji aftur að tala saman.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir að taka upp þessa umræðu hér. Það er orðið ljóst og reyndar löngu ljóst að láglaunastefna hæstv. ríkisstjórnar er að eyðileggja í stórum stíl starfsemi á sviði opinberrar þjónustu. Mér liggur við að segja að þessi „harðlífisstefna“ hæstv. ríkisstjórnar í kjaramálum opinberra starfsmanna sé eitt mesta skemmdarverk og tilræði við velferðarkerfi landsmanna sem við lengi höfum litið augum. Ástandið jaðrar við að vera neyðarástand á heilum sviðum hinnar opinberu þjónustu, eins og í menntamálunum og heilsugæslunni.

Ég lýsi alveg sérstökum áhyggjum mínum sem meðlimur í stjórnarnefnd ríkisspítala, kosinn þar inn af virðulegu Alþingi, yfir því ástandi sem þar er að skapast vegna kjaradeilna háskólamenntaðs starfsfólks á þeirri stofnun. Það er nú tekið til við að flytja sjúkt fólk heim af deildum spítalanna án tillits til aðstæðna sem þar eru til að taka við þeim. Það ætti að færa mönnum heim sanninn um hversu alvarlegt ástandið er. Það liggur einnig fyrir, eftir kannanir sem við höfum látið gera á því í stjórnarnefnd ríkisspítala, að þar flýr nú háskólamenntað og langskólamenntað sérhæft starfsfólk úr sínum starfsstéttum út í önnur störf í þjóðfélaginu til þess eins að afla sér meiri tekna. Það er eitthvað meira en lítið að þegar ástandið er þannig að fólk sem lagt hefur á sig margra ára háskólanám og erfiða starfsþjálfun flýr úr sínu starfi nauðugt út í önnur störf eingöngu launanna vegna.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hæstv. ríkisstjórn taka á þessum málum af furðulegu alvöruleysi. Hér þarf að verða grundvallarbreyting á, eins og einhver hv. fyrri ræðumaður komst að orði, þetta getur ekki gengið svona til. Það er staðreynd, sem menn verða að horfast í augu við, að sérhæft starfsfólk á sviði menntunar og heilsugæslu og ýmissa umönnunarstarfa getur gengið í betur launuð störf sums staðar úti á hinum almenna vinnumarkaði. Þann launamun verður með einhverju móti að jafna þannig að því fólki, sem lagt hefur á sig nám og þjálfað sig upp til að sinna sérhæfðum störfum, sé launanna vegna gert mögulegt að gera það áfram og það hafi þá sambærileg og sanngjörn kjör til að sinna áfram sínum störfum.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Með tilliti til þess, sem staðreynd er, að opinberir starfsmenn, þar á meðal kennarar, hafa fengið meira í sinn hlut en flestir aðrir í tíð núverandi hæstv. ríkisstjórnar er alveg augljóst mál að ríkisstjórn sem hv. 5. þm. Austurl. átti sæti í hefur ekki skilið alveg sérstaklega vel við, án þess að ég ætli að fara fleiri orðum um það. — Þar er einn félaginn úr þeirri ríkisstjórn sem ætlar nú að bæta um betur og afsanna orð mín sjálfsagt og gefst honum þá tækifæri til þess.

En ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það heldur ítreka það, sem ég hef áður sagt, að ég tel að hina brýnustu nauðsyn beri til að gera kennarastarf-

ið aftur að eftirsóknarverðu starfi eins og það vissulega var og til þess þurfum við að bæta kjör kennara.

Ég held á hinn bóginn að við munum ekki með löngum orðræðum og ströngum á hinu háa Alþingi bæta stöðuna í viðkvæmum viðræðum nú þótt ekki standi þennan klukkutímann yfir viðræður.

Ég verð að segja að ég hef sjaldan orðið fyrir meiri vonbrigðum en þeim þegar það upplýstist, eftir að mönnum höfðu verið gefnar góðar vonir að afloknum næturfundi kl. 5 að morgni, að þegar tekið var til daginn eftir skyldu kennarar bæta um betur og hækka verulega kröfur sínar. Ég held að hernaðarlistin sé eitthvað með öðrum hætti en maður hefur kynnst og kynntist hér áður fyrr hjá verkalýðshreyfingunni. Ég kannast ekki við þá hernaðarlist í samningaviðræðum þegar þannig stendur á að koma til baka örfáum klukkustundum síðar og tala um allt aðra hluti og hefur ekki styrkt að mínum dómi stöðu kennarasamtakanna.

En ég kom hér upp vegna fsp. frá hv. 5. landsk. þm., hvaða ráðstafanir ég hefði gert til að bæta mönnum upp, nemendum, það sem þeir verða nú af í námi. Ég hef engar ráðstafanir enn gert í þeim efnum og trúi því ekki fyrr en ég tek á að þetta verkfall verði langætt. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á. Ef því lýkur senn, og vika er auðvitað langur tími, treysti ég kennurum og skólastjórum til að taka þannig á málum að námsfólk fái það upp bætt.

Ég verð að segja að það væri skelfilegt til þess að hugsa ef verkfall nú þyrfti að dragast á langinn vegna fjölda námsmanna vegna þess að þetta gæti beinlínis haft hin alvarlegustu áhrif á, þótt stórt sé að orði kveðið, lífshlaup þeirra ef þeir ná ekki fram þeim áfanga sem þeir hafa stefnt að í námi sínu.

Ingvar Gíslason:

Herra forseti. Þess er náttúrlega enginn kostur að fara að taka hér upp einhvern eldhúsdag um hvernig einstakar ríkisstjórnir hafa staðið sig í þessu eða hinu málinu fyrr og síðar og þaðan af síður er möguleiki á því að fara að ræða ítarlega um launafyrirkomulag yfirleitt og vinnufyrirkomulag hér á landi og það hvernig launakjörum er yfirleitt fyrir komið. En það er umfangsmikið mál að ræða hvert er einkenni á vinnufyrirkomulagi á Íslandi og hvernig það hefur þróast hér á verri veg en í öðrum löndum, að það er naumast hægt að vinna sér inn þokkaleg laun nema með ákaflega löngum vinnudegi. Þeir sem vinnufyrirkomulaginu ráða og þeir sem mest skipta sér af launamálum og vinnufyrirkomulagi og öllu slíku, eru sérfræðingar í þessu og snillingar, hafa ekki búið til betra kerfi á öllum þessum tíma en svo að menn þurfa að þræla myrkranna á milli, launamenn, ef þeir eiga að hafa nokkurn veginn ofan í sig og á.

En það sem ég vildi sérstaklega segja í sambandi við það sem hér er til umræðu er það að hvetja til þess að viðræðurnar, sem hafnar voru, geti haldið skipulega áfram við kennarastéttina og deilan geti leystst farsællega. Mér sýnist margt benda til þess að það sé fullur samningsvilji hjá kennarastéttinni í raun og veru. Ég held að það sé nauðsynlegt að ríkisvaldið gangi eðlilega til móts við kröfur kennarastéttarinnar um launabætur. Ég held að það sé mjög eðlilegt vegna þess að það þarf ekki mikla þekkingu til að vita að t.d. menntaskólakennarar hafa dregist stórlega aftur úr í launakjörum, a.m.k. ef við miðum við alllangt tímabil. Menntaskólakennarar náðu hér allgóðri stöðu og viðurkenningu á sínum störfum fyrir kannske 15–20 árum, en því miður hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir kennarastéttina smám saman á löngum tíma. Ég ætla ekki að fara að kenna einum eða neinum um, en ég get jafnframt sagt að ég get ekki lýst neinni sérstakri hrifningu minni af því hvernig atvinnurekendur og þeir sem mest berjast fyrir launþega hafa komið öllum þessum málum fyrir og veit ég ekki hver það er sem helst er að saka í því efni, en hrifning mín er lítil á því hvernig vinnufyrirkomulag er hér á landi, hvernig fyrirtæki eru skipulögð og hvernig það mál er alltaf látið danka og talið sjálfsagt að menn þræli eins og hálfgeggjaðir menn til að hafa nokkurn veginn ofan í sig og á.

En það er mín hvatning nú til ríkisstjórnarinnar og reyndar til kennarastéttarinnar líka að það verði reynt að semja um þessi mál, að eðlilegar viðræður haldi áfram og að þetta leysist sem allra fyrst. Ég er sannfærður um að möguleiki er fyrir hendi um það og ég held að kennarastéttin sé í raun og veru fús til að semja.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þess er enginn kostur, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um áðan, að gera þessu máli nein almennileg skil á þeim tíma sem hér er til umráða. Aðalatriðið er að að sé ýtt við ríkisstjórninni í þessu máli vegna þess að hún hefur haft mjög langan tíma. Það hafa verið framlengdir uppsagnarfrestir eins og lög heimila í þessu efni án þess að menn hafi aðhafst í rauninni neitt. Það hefur ekki verið rætt við kennara með eðlilegum hætti. Það hefur heldur ekki verið rætt við heilbrigðisstéttirnar, hvort sem þar er um að ræða sjúkraliða, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga eða Félag náttúrufræðinga sem hefur boðað verkfall um mánaðamótin, í fyrsta sinn sem það gerist. Ég held að það eigi vel við í þessu máli eins og oft áður með núv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. hefur orðað betur en aðrir menn að ríkisstjórnin hafi flotið meðvitundarlítil að þeirri niðurstöðu sem núna liggur fyrir í málinu og málin eru komin í harðan hnút, því miður. Það er verið að flytja sjúklinga heim af Landspítalanum tugum saman í dag burtséð frá ástæðum á viðkomandi heimilum. Hér er um mjög alvarleg mál að ræða og er ástæða til að skora á ríkisstjórnina að gera allt sem unnt er til að leysa þessa deilu hér og nú.

Auðvitað hefur þessari ríkisstjórn yfirleitt verið heldur ósýnt um kjaramál. Hún byrjaði á því að banna vísitölubætur á laun og banna frjálsa kjarasamninga í hálft ár. Afleiðingin af því var lækkun á

kaupmætti kauptaxta um 15–20% eða reyndar 25% í upphafi, en þeir eru núna 15–25% lægri að kaupmætti en þeir voru á sama tíma og þjóðartekjur á mann hafa hækkað um 18% frá árinu 1982. Það er hraklegt að horfa síðan á hina opinberu þjónustu í ljósi þess að hér hefur verið um að ræða einmuna góðæri á s.l. ári og það hefði átt að vera unnt að halda hér uppi sæmilegri opinberri þjónustu. Góð opinber þjónusta er nefnilega að mörgu leyti meginatriðið í sambandi við mat manna á því hvort um er að ræða ekki aðeins velferðarþjóðfélag heldur einnig menningarþjóðfélag, hvort um er að ræða þjóðfélag þar sem hlutirnir byggjast á siðrænum forsendum eða siðleysi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er að ljúka þeim tíma sem við höfum til umráða fyrir þessa umræðu, en umræðunni lýkur með því að frummælandi og hæstv. fjmrh. tala.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. og öðrum hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Ég tek eindregið undir þær hvatningar sem hafa komið fram frá mörgum þm. til ríkisstjórnarinnar um að gera sitt til að leysa þessa alvarlegu deilu við Hið íslenska kennarafélag og við aðrar stéttir opinberra starfsmanna sem nú eru í verkfalli eða eru að búa sig undir verkfall ef ekki rætist úr.

Hér vantar auðvitað jákvæða stefnu af ríkisvaldsins hálfu og hefur lengi vantað. Það vantar alveg skólastefnu, eins og hefur verið rakið m.a. af útlendingum sem hafa verið kvaddir til að skoða þessi mál hjá okkur, og það er það sem við erum að súpa seyðið af. Það er þessi stefna og það er kannske engin tilviljun að hún verður í tíð ríkisstjórnar sem lætur óhefta markaðshyggju vera sitt aðalleiðarljós, sölu ríkisfyrirtækja og samdrátt í opinberri þjónustu. Auðvitað ýtir þetta undir það óskaefni ríkisstjórnarinnar að færa hina opinberu þjónustu út á markaðinn því að það er yfirlýst stefna af hálfu forustuflokks ríkisstjórnarinnar að færa hluta af heilbrigðisþjónustu og skólastarfi út á hinn almenna markað, út á einkamarkaðinn, en auðvitað þannig að einkaaðilarnir hafi sitt á þurru eins og með einkaskólann sem hér var stofnað til fyrir fáum árum.

Hæstv. fjmrh. taldi að kennarar í þessari deilu hefðu borið fram nýjar og auknar kröfur og það hefur verið fleygt hér tölum í sambandi við þeirra kröfugerð sem ekki eru reistar á haldbærum rökum þar sem allt er tínt til sem fram hefur komið og laun óskyldra aðila sem um er að ræða, eins og skólastjóra í skólunum og ýmissa aðila sem ekki snerta beint þessa kjaradeilu, svo og ýmsar sporslur sem þar er reiknaðar með. En ég skal ekki leggja mat á einstök efnisatriði í kjaradeilunni sem slíkri. Þar verða menn að taka á hlutunum út frá því hvernig málin liggja, út frá því hvort vilji er til að leysa þann hnút sem hér liggur fyrir.

Hæstv. menntmrh. vildi fara að ýtast á um stöðuna, hvernig hún hefði verið í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og þeirrar sem áður sat hér að völdum. Ég held að það sé fljótlegt að svara því ef menn vildu yfir það fara og þyrfti ekki annað til en líta á hvernig gekk til með skólastarf á þeim tíma. Þá var það ekki árlegur viðburður að skólastarf lamaðist vegna átaka við ríkisvaldið eins og nú hefur gerst æ ofan í æ.

Herra forseti. Öll hljótum við að vona að úr þessari deilu rætist og þeim deilum sem ríkisvaldið á í við aðra opinbera starfsmenn nú þessa dagana, en meginatriði er það að sjálfsögðu að hér verði mörkuð stefna af hálfu hins opinbera og þar hefur Alþingi sitt orð varðadi hina opinberu samfélagslegu þjónustu í landinu, gæði hennar og kjör þeirra sem þar starfa þannig að hún verði ekki brotin niður með neikvæðri afstöðu ríkisvaldsins eins og hefur verið reyndin á undanförnum árum.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka þann glögga skilning sem fram hefur komið í þessari umræðu á mikilvægi þess að þessari deilu, sem hér er helst til umræðu, megi ljúka sem fyrst því að auðvitað hefur hún alvarleg áhrif á nemendur og getur, ef hún dregst á langinn, raskað mjög stöðu þeirra. En ég ítreka að í þjóðfélaginu voru gerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði. Verkafólkið í landinu og atvinnurekendur gerðu kjarasamninga sem miðuðu að því að auka verulega kaupmátt án verðbólgu. Ríkisvaldið var að sínu leyti þátttakandi í þessari sáttargerð. Það hefur gagnvart sínum eigin starfsmönnum miðað að því að launabreytingar gætu orðið á svipuðum grundvelli. Það hafa þegar verið gerðir samningar við nokkra hópa opinberra starfsmanna, þar á meðal háskólamenntaðra manna, og þau tilboð sem gefin hafa verið í þessari deilu byggjast að verulegu leyti á þeirri almennu stefnumörkun. Ég ítreka að í þessum tilboðum um tveggja ára samning felst 32% hækkun á byrjunarlaunum. Ég held að það verði ekki með neinum rökum sagt að ríkið og samninganefnd ríkisins hafi ekki lagt sig fram við að reyna að ná samningum, enda var alveg ljóst á mánudagsmorgun að þá var það mat beggja aðila að þeir væru komnir býsna nærri því að ná samningum. Þannig vísa ég á bug öllum fullyrðingum, sem hér hafa komið fram frá einstaka þm., um að samninganefnd ríkisins hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að reyna til þrautar í þessum samningum að ná fram niðurstöðu og sýna fyllstu sanngirni.

Vegna þeirra ummæla sem fram komu frá hv. 5. þm. Austurl. um að samningstilboðið væri sérstök ögrun við konur í kennarastétt vil ég benda sérstaklega á að einmitt sú kerfisbreyting sem hér er gert ráð fyrir mundi í flestum tilvikum þýða meiri launahækkanir til kvenna í kennarastétt en annarra, fyrst og fremst vegna þess að í mörgum tilvikum eru yfirvinna þeirra og aukagreiðslur minni en annarra og þess vegna er líklegt að einmitt kerfisbreyting af þessu tagi mundi skila konum meiri launahækkun en

öðrum í þessari kerfisbreytingu. Þessi fullyrðing hv. þm. fær því ekki staðist.

En ég vænti þess að þessum samningum megi ljúka á þann veg að báðir aðilar geti sæmilega við unað og að kennslustarf þurfi ekki að raskast mikið meir en þegar er orðið. Samninganefnd ríkisins er að sjálfsögðu tilbúin að halda viðræðum áfram. Hún hefur lagt fram grundvöll sem var á þann veg að mjög miklar líkur voru taldar á á mánudagsmorgni að leitt gæti til samninga og samninganefndin er reiðubúin hvenær sem er að halda viðræðum áfram á þeim grundvelli í þeim tilgangi að ljúka deilunni.

Sérkennsla, ein umr.

Skýrsla menntmrh., 283. mál. — Þskj. 841.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Það hefur verið lögð fram beiðni um að skýrsla sem ég hef verið beðinn um um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu væri tekin hér til umræðu. Ég sé ekki ástæðu til þess sérstaklega að vitna í einstök atriði sem þar koma fram. Það var reynt að vinna þetta samviskusamlega og veita þau svör sem gáfust við einum 15 eða 16 tölusettum fsp. með undirliðum sem lagðar voru fyrir og beðið svara um þegar beðið var um þessa skýrslu. Ef eitthvað sérstakt er hér sem hv. þm. vildu gera athugasemdir við skal ég reyna að greiða úr því annaðhvort nú þegar eða þá með svari til viðkomanda þó síðar yrði.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu samkvæmt beiðni þm. Alþfl. Ég tel að í þessari skýrslu fáist mjög greinargott yfirlit um stöðu sérkennslunnar og framkvæmd reglugerðar um sérkennslu. Mikil umræða hefur orðið um sérkennslumálin að undanförnu og því ætti slíkt heildaryfirlit sem hér liggur fyrir að koma að gagni þegar staðan er metin í sérkennslumálum á landinu öllu og í einstökum fræðsluumdæmum. Ég tel að ljóst sé að þessi reglugerð sé orðin úrelt og hana þurfi nú þegar að endurskoða og því ætti slíkt heildaryfirlit um stöðu mála að nýtast vel í þeirri endurskoðun.

Stutt er síðan þessi skýrsla kom fram þannig að mér hefur ekki gefist tími til að kanna til hlítar einstök efnisatriði hennar eða leggja mat á framkvæmd sérkennslunnar í einstökum atriðum í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í þessari skýrslu. Tel ég að það hefði vissulega getað flýtt fyrir nauðsynlegri endurskoðun á sérkennslunni ef slíkt heildaryfirlit hefði legið fyrir fyrr á þessu þingi.

Ég fagna því, sem kemur fram í þessari skýrslu, að miðað við önnur lönd stundi fleiri fatlaðir nemendur hér á landi skólagöngu í almennum grunnskóla, en þar með er ekki sagt að þeim sem þurfa á sérkennslu að halda sé búin viðunandi aðstaða í okkar almenna skólakerfi. Það sýnir aðeins að leitast hefur verið við að veita fötluðum kennslu í hinum almenna grunnskóla sem er sú stefna sem fylgja ber fram að því er fatlaða varðar. Ekki bara í skóla- og menntamálum heldur á öllum sviðum er nauðsynlegt að fatlaðir og þroskaheftir einstaklingar hafi möguleika á að aðlagast eðlilegu umhverfi eins og kostur er. Því ber að leggja kapp á þá stefnu að heilbrigðum og fötluðum séu búnir sömu möguleikar við sömu aðstæður á sem flestum sviðum. Ljóst er í skólamálum og sérkennslunni að þó leitast hafi verið við að framfylgja þeirri stefnu að búa fötluðum aðstöðu í almenna skólakerfinu er langt í land að þeim sé búin þar sú aðstaða sem nauðsynleg er. Ég tel t.d. að skólamenn skrifi varla upp á það, sem fram kemur í þessari skýrslu, að farið hafi verið að fullu eftir ákvæðum 15. gr. um sérkennslu, þ.e. að ákvæði um kennslumagn samkvæmt sérkennslureglugerð sé að fullu komið til framkvæmda. Samkvæmt reglugerðinni átti það að vera að fullu komið til framkvæmda fjórum árum eftir gildistöku reglugerðarinnar sem sett var 1977. Þarf ekki í reynd að fara lengra en að vitna í þær umræður sem urðu kringum fræðslustjóramálið. Í þeim umræðum hefur berlega komið fram að mikið vantar á að sérkennslunemendur fái þá sérkennslu sem þeir þurfa á að halda. Það er líka athyglisvert, sem fram kemur í þessari skýrslu, að mikill skortur er á sérkennurum. Á landinu öllu eru starfandi 143 sérkennarar, en samkvæmt skýrslunni er þörf miklu meiri. Samkvæmt upplýsingum fræðsluskrifstofanna er þörf fyrir 231 sérkennara, en aðeins eru starfandi 143. Það eitt út af fyrir sig ásamt með því að kennslumagn sem sérkennslunemendur fá er langt frá þörfinni segir okkur að hér er mikið verk óunnið og nauðsynlegt að við næstu fjárlagagerð verði sérstaklega hugað að þessum málum.

Ég bendi einnig á að af 289 nemendum sem fá kennslu í sérskólum eru 231 úr Reykjavík og Reykjanesi eða tæp 80%. Má því ljóst vera að þungi sérkennslunnar í almennum grunnskólum hlýtur að vera mun meiri úti á landsbyggðinni en í Reykjavík og Reykjanesi og nauðsynlegt að taka mið af þeim staðreyndum og þörfum þegar ákvarðað er fjármagn til sérkennslunnar.

Ég skal ekki, herra forseti, taka lengri tíma að þessu sinni til að ræða þessi mál þó full ástæða væri til og að þm. hefðu haft meiri tíma en nú gefst til að ræða sérkennslumálið og efni þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir. Ég vil þó í lokin segja það að ég sakna þess í þessari skýrslu að hæstv. menntmrh. geri Alþingi ekki grein fyrir meginhugmyndum varðandi endurskoðun á sérkennslureglugerð eins og um var beðið í þessari beiðni um skýrslu um framkvæmd sérkennslureglugerðar. Í 16. tölul. þessarar beiðni um skýrslu um sérkennslu var spurt hvort menntmrh. telji þörf á endurskoðun reglu-

gerðar um sérkennslu. Ef svo er, hverjar séu þá meginhugmyndir ráðherrans varðandi þá endurskoðun. Í svari menntmrh. kemur aðeins fram að skólamálaskrifstofa ráðuneytisins hafi endurskoðaða reglugerð tilbúna og hafi hún verið í athugun í fjármálaskrifstofu frá því í byrjun febrúar 1986. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. ráðh. hefði í þessari skýrslu kynnt a.m.k. meginhugmyndir þeirrar reglugerðar og gefið þannig þm. tækifæri á að kynna sér í samhengi við það yfirlit um stöðu mála sem hér liggur fyrir hverjar hugmyndir væru uppi um breytingar á sérkennslureglugerðinni. Vil ég inna hæstv. ráðh. eftir því hverjar helstu hugmyndir eru um breytingu á reglugerðinni og þá jafnframt hvort hann væri tilbúinn að sjá til þess að formönnum þingflokka yrði sent eintak af þessum drögum að reglugerð þannig að gott ráðrúm gefist til að kynna sér þær hugmyndir sem uppi eru áður en þing kemur saman á nýjan leik á hausti komanda.

Ég ítreka síðan þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um sérkennslumál.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Að gefnu þessu tilefni vil ég taka það fram að ég skal verða við þessum tilmælum svo fljótt sem kostur er. Það er ekki fyrir það að synja að þetta er auðvitað viðamikið og vandasamt mál og menn eru ekki á eitt sáttir um hvernig úr hendi skuli fara. Auðvitað er þetta fyrst og fremst spurning um fjármagn. Það er ekki þjáningalaust að búa við það, þegar þörfin er mikil, að hafa ekki nóg fé handa í milli og vera svo kennt um að vilja ekki sinna þörfum barna og ungmenna. Þetta er spauglaust. Það má þó taka fram að okkur hefur skilað hratt fram á veg. Það hefur stóraukist fjármagn sem til þessara hluta hefur verið varið.

En ég skal, þegar menn eru á eitt sáttir um samsetning nýrrar reglugerðar, senda hana til þingflokksformanna og án þess að ég þori neinu að lofa nú í aðdrögum kosningabaráttu skal ég reyna að sjá svo til að undinn verði hinn bráðasti bugur að því.

Fíkniefnamál, ein umr.

Skýrsla forsrh., 80. mál. — Þskj. 705.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Reyndar hef ég ákaflega litlu við það að bæta sem fram kemur í þeirri skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. Skýrslan er tekin saman að ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og átta annarra þm. Alþfl. og er í samræmi við 30. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Ég fól aðstoðarmanni mínum og þeirri nefnd sem ég hef skipað til að fjalla um fíkniefnamálin að taka saman þessa skýrslu og vona að þar sé svarað eins og frekast er unnt á þessari stundu þeim ýmsu spurningum sem óskað var svara við. Ég vil því fyrst og fremst í þessari stuttu umræðu, sem hér verður um þetta mál, leggja áherslu á að sú nefnd sem ég skipaði vinnur mjög ötullega að þessum málum. Það virðist vera ríkur skilningur hjá öllum þeim fjölmörgu aðilum sem hún hefur leitað til um aðstoð og upplýsingar, en því er ekki að neita að þetta er á æðimörgum höndum. Ég hef rætt þetta ítarlega við formann nefndarinnar og verð var við að sú staðreynd tefur dálítið fyrir störfum. Alls ekki það að ekki sé vel unnið og ekki það að áhugi sé ekki mikill. Hann er það eins og ég sagði áðan. En það eru æðimörg sjónarmið áhugasamra aðila sem þarf að samræma.

Ég hafði gert mér vonir um að tillögur nefndarinnar lægju fyrir áður en þessi skýrsla kæmi hér til umræðu. Því miður er það ekki enn. Mér er tjáð að þær tillögur sem nefndin hyggst senda ríkisstjórninni séu í síðustu yfirferð hjá meðlimum nefndarinnar og komi alveg á næstu dögum. Að sjálfsögðu verða þær þá þegar ræddar í ríkisstjórninni. Ég geri mér vonir um að í ríkisstjórninni verði tekin afstaða til þeirrar nefndar án nokkurrar tafar svo að ég, herra forseti, læt nægja hér að leggja þessa skýrslu fram til upplýsinga um þau mikilvægu atriði sem þarna eru og legg áherslu á að á þessum málum þarf að taka af miklu meiri festu en gert hefur verið, og miklu samræmdara en gert hefur verið kannske fyrst og fremst, því að þó að það séu margir aðilar að vinna að þessum málum finnst mér, af því sem ég hef séð, vera skortur á að átakið sé samræmt.

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem lögð hefur verið fram um fíkniefnamál sem er um margt athyglisverð. Þó í skýrslunni megi finna yfirlit um stöðu mála er engu að síður ljóst af þessari skýrslu að mikið vantar á að allar aðstæður séu með þeim hætti að skipulega og markvisst sé hægt að taka á þessum málum. Fram kemur í skýrslunni að mikið vanti á að kannanir ýmiss konar á sviði fíkniefnaneyslu, bæði um umfang og útbreiðslu, séu fullnægjandi og einnig virðist rannsóknum á afleiðingum og áhrifum fíkniefnaneyslunnar vera mjög ábótavant. Ég tel að það sé mikið undirstöðuatriði, ef takast á að gera nauðsynlegt átak gegn útbreiðslu og neyslu fíkniefna, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar og rannsóknir á öllum þeim þáttum sem með einum eða öðrum hætti tengjast fíkniefnavandanum, en í ljósi slíkra upplýsinga hlýtur að vera mun auðveldara að leggja grunn að skipulögðu átaki og aðgerðum gegn útbreiðslu og notkun fíkniefna og ekki síst þá að treysta eins og kostur er fyrirbyggjandi aðgerðir og forvarnir á sviði fíkniefnamála.

Það sem vekur sérstaka athygli í þessari skýrslu er það álit sem þar kemur fram um að einungis 1–5% af ólöglegum innfluttum fíkniefnum náist af toll- og löggæslu. Af því er ljóst að gríðarlega mikið magn

hlýtur að vera í umferð og þá ályktun hlýtur að mega af því draga að tiltölulega auðvelt sé fyrir neytendur að ná í fíkniefni. Í þessu sambandi vil ég minna á að Alþingi samþykkti á árinu 1983 till. til þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Í framhaldi af því var skipaður starfshópur sem gera átti tillögur um úrbætur á sviði toll- og löggæslu sem nauðsynlegar kunna að reynast til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Till. þessi var flutt af þm. úr öllum flokkum.

Þessi nefnd skilaði margvíslegum tillögum um hertar aðgerðir og úrbætur til að toll- og löggæsla væru betur í stakk búnar til að takast á við vandann og voru lagðar til ýmsar samræmdar aðgerðir á þessu sviði um land allt. Þó að einhverju leyti hafi verið tekið tillit til ábendinga og tillagna nefndarinnar tel ég að mikið vanti á að tillögum nefndarinnar hafi verið framfylgt. Í ljósi þeirra upplýsinga að það náist aðeins brot af þeim fíkniefnum sem berast hingað til landsins er nauðsynlegt að efla til muna allt starf fíkniefnalögreglunnar og reyndar tollgæslunnar einnig og að þessir aðilar fái þann tækjabúnað sem til þarf, en fram kemur í skýrslunni að nokkuð vanti á að komið hafi verið til móts við þarfir toll- og löggæslu í þessu efni. Menntun og þjálfun toll- og löggæslumanna á sviði fíkniefnamála og samstarf innlendra yfirvalda og erlendra á þessu sviði hlýtur einnig að vera brýnt að efla. Reyndar má segja í heild um þessi mál að það er ekki verjandi ef horft er í krónuna í þeirri viðleitni að stemma stigu við útbreiðslu fíkniefna.

Það mætti vissulega hafa um það mörg orð hve dýrt er að spara í þessu efni sem á komandi árum mun tvímælalaust koma fram í stóraukinni þörf fyrir úrlausnir á sviði heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmála. Við höfum þegar of lítið aðhafst í því að taka markvisst á þessu máli og þegar hefur mikill tími farið forgörðum með þeim afleiðingum að margir hafa orðið fórnarlömb fíkniefnaneyslu og afleiðinga hennar. Kemur það m.a. að nokkru leyti fram í þessari skýrslu þar sem lýst er að fjórðungur af bráðakomum á geðdeild Borgarspítalans er af völdum ofneyslu áfengis og lyfja og að af 2500 einstaklingum sem lagðir hafa verið inn á meðferðarstofnanir fyrir áfengissjúka árlega eru um 20%, eða 500, blandaðir misnotendur eða um 2500 samtals á s.l. fimm árum.

Það er ljóst að mikil þörf er fyrir sérstakar meðferðarstofnanir eða meðferðardeildir, sérstaklega fyrir unga fíkniefnaneytendur, og virðist þörfin í því efni fara sívaxandi. Það er einnig ljóst af því sem fram kemur í þessari skýrslu að kostnaður við fíkniefnaneyslu er gífurlegur og má ráða af þeim tölum sem fram koma í skýrslunni að það sé ekki óalgengt að kostnaður við fíkniefnaneyslu geti verið 50–70 þús. kr. á mánuði hjá þeim sem daglega neyta fíkniefna og jafnvel enn meiri hjá þeim sem ánetjast hafa fíkniefnum mjög mikið. Í þessu sambandi er uggvænlegt það sem kom fram í sjónvarpi á dögunum að algengast er að fíkniefnaneytendur fjármagni neyslu sína með þrennum hætti. 1. Með því að selja sjálfir öðrum neytendum fíkniefni. 2. Peningar sem fíkniefnaneytendur verða sér úti um eru fengnir með afbrotum og þjófnaði oft og tíðum. 3. Peningar til fíkniefnaneyslunnar eru fengnir með vændi.

Hér er vissulega mikil alvara á ferðum, ekki einasta að upplýst er að vændi þekkist hjá unglingsstúlkum heldur og ekki síst vegna þess að hér er um mjög hættulega smitleið að ræða á alnæmi. Það er því deginum ljósara að það er ábyrgðarhluti ef stjórnvöld taka þessi mál ekki nú þegar föstum tökum og að þegar í stað verði gert umfangsmikið og skipulegt átak gegn fíkniefnum og þar verði ekkert til sparað til að sporna við útbreiðslu og neyslu þessara efna.

Þessi þjóðfélagsmeinsemd hefur allt of lengi fengið að grafa um sig hér á landi án þess að tekið væri af hörku á þessum málum af ráðamönnum. Það er staðreynd að hingað til hefur verið veitt allt of litlu fjármagni til skipulegra aðgerða gegn fíkniefnum. Fjárlög hafa oft á tíðum verið afgreidd með skammarlega lágu framlagi til þessara mála eða 1–2 milljónum sem nægir rétt fyrir útgjöldum vegna eins eiturlyfjasjúklings á meðferðarstofnunum í skammaan tíma. Á meðan hefur þessi vandi búið um sig meira og meira hér á landi og sífellt virðast fleiri ánetjast þessum fíkniefnum.

Við vitum að fjöldi afbrota, líkamsárása og jafnvel morð tengjast neyslu og útbreiðslu fíkniefna. Hversu mikið það er virðist lítið vitað um ef marka má það sem fram kemur í skýrslunni, en hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru upplýsingar um tengsl fíkniefnaneyslu og afbrota ekki skráð sérstaklega í málaskrá hjá embættinu og er það reyndar furðulegt og nauðsynlegt úr að bæta. Fram kemur þó að allmörg brot, einkum þjófnaði og fölsunarbrot, megi rekja beint eða óbeint til fíkniefnaneyslu. Auk stórra og smárra afbrota, sem örugglega má rekja til fíkniefnaneyslunnar, er vitað um að vændi er fylgifiskur neyslunnar og við vitum að fíkniefnaneyslan hefur lagt líf fjölda ungmenna og fjölskyldna þeirra í rúst. Við þetta bætist síðan hættan á eyðni hjá fíkniefnasjúklingum og ekki bara þeim heldur eru þeir hættulegir smitberar á alnæmi.

Varla þarf frekar vitnanna við að tafarlaust þarf að taka á þessu máli. Það er ekki bara skylda stjórnvalda, Alþingis og framkvæmdarvaldsins heldur er það hreinn ábyrgðarhluti ef ekki verður gripið til tafarlausra aðgerða. Nefnd hefur verið starfandi á vegum forsrn., eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., undir stjórn Helgu Jónsdóttur aðstoðarmanns forsrh. Henni er ætlað að vinna að samræmingu hugmynda og verkefna einstakra ráðuneyta um fíkniefnamál, þ.e. að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna. Kannske er ein skýring þess að ekki hefur meira verið aðhafst í þessu máli af hálfu stjórnvalda sú að alla samræmingu vantar, því þetta mál heyrir með einum eða öðrum hætti undir mörg ráðuneyti, sem

best sést á því að fulltrúar að ég held 7–8 ráðuneyta eiga sæti í þessari nefnd.

Ég vænti þess fastlega að nefndin skili af sér hið allra fyrsta eins og í raun kom fram hjá hæstv. forsrh. og er reyndar viss um að hún hefur unnið gott starf. Ég harma að ekki hafi á þessu þingi verið hægt að fjalla um þær tillögur sem nefndin væntanlega leggur fram um aðgerðir gegn fíkniefnum. Og það er vissulega ekki nóg að leggja fram tillögur. Á mestu veltur hver og hvernig framkvæmdin verður. Og það skiptir líka höfuðmáli að ekki verði lengur beðið. Ég vænti þess hérna í lokin, herra forseti, að ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. séu mér sammála í því og að kappsamlega verði unnið að úrbótum og fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir neyslu og útbreiðslu fíkniefna.

Þar sem skýrsla frá þeirri nefnd sem nú er starfandi liggur ekki fyrir og verður væntanlega ekki hægt að leggja fyrir þingið fyrir þinglausnir vil ég beina því til hæstv. forsrh. og óska eftir því að formönnum þingflokka verði þá sendar þessar tillögur og niðurstöður nefndarinnar og tillögur hennar um aðgerðir til úrbóta þannig að þingflokkunum gefist tækifæri á að kynna sér það.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal með ánægju sjá til þess að formenn þingflokkanna fái tillögur nefndarinnar.

Helgi Seljan:

Herra forseti. Hér er um stórmál að ræða sem vissulega þyrfti að fara vel ofan í saumana á og taka vandlega umræðu um. En við erum á lokadögum þings þannig að ég ætla ekki að gera það. Hv. 2. landsk. þm. hefur komið inn á mörg þau meginatriði sem ég hefði viljað koma inn á. Um leið og þessari skýrslu er kannske fagnað, að hún skuli koma fram, á þann hátt sem maður getur fagnað svona skýrslum, ber að harma það hversu margt dapurlegt hún sýnir okkur og sýnir hún okkur þó ekki inn í þann heim í raun og veru eins skuggalegur og hann er, eins og kom vel fram í máli hv. 2. landsk. þm. Því miður kemur ekkert af þessum dapurlegu staðreyndum okkur á óvart. Ég held að við vitum nokkurn veginn hversu alvarlegt ástandið er. Það eina sem á skortir er kannske það að við vitum ekki hversu alvarlegt það er. Það er jafnvel enn alvarlegra og verra en við látum okkur til hugar koma.

Ég fagna því að sú nefnd sem sett var á fót af hálfu hinna einstöku ráðuneyta undir forsæti Helgu Jónsdóttur, aðstoðarmanns forsrh., er nú að skila áliti um þessi mál og fagna yfirlýsingum hæstv. forsrh. um að þingflokkarnir fái þessi mál til umfjöllunar með því að fá það nál. í hendurnar. Ég held að það innifeli hvort tveggja, margar nýtilegar tillögur og ábendingar til stjórnvalda um hvernig haga skuli sér í framtíðinni. Þar er inn á margt komið og ég ætla ekki að fara inn á nú þau drög sem ég hef þó séð varðandi ýmsa þætti þessa máls. Þar kemur mjög glöggt fram það, sem ég hef oft sagt úr þessum ræðustól, að tengingin við notkun hinna ólöglegu vímuefna og neyslu áfengis er mjög greinileg og áberandi í þessum efnum og þar af leiðandi varð nefndin að taka fullt tillit til þess í sínu starfi öllu og kemur ekki á óvart.

Ég held að margar af þeim tillögum sem nefndin gerir séu hinar merkilegustu. Þó ég hafi ekki sýnt þessari hæstv. ríkisstjórn mikið traust, sem ekki ber reyndar að gera heldur, treysti ég samt á hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum, að hún taki þessar tillögur til gaumgæfilegrar athugunar og ákveðinna aðgerða þegar í stað varðandi þau mál sem sérstaklega er hægt og mögulegt að taka á sem allra fyrst.

EFRI DEILD

71. fundur, miðvikudaginn 18. mars, að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, ein umr.

Stjfrv., 342. mál (skattstofn og álagningarreglur). — Þskj. 1034 (sbr. 806).

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað mál þetta eftir að það kom lítillega breytt frá hv. Nd. í gærkvöld. Við héldum fund í dag og fjölluðum um þessa brtt. og er nefndin sammála um að á hana verði fallist. Skýring á því sem þarna gerist kemur fram á blaði, sem ég bað um að yrði dreift á borð þm. en ég er með hér í nokkrum eintökum, þar sem það er skýrt að í einstökum tilfellum gætu einstæðir foreldrar með eitt barn á framfæri, eldra en fimm ára, fengið hærri skatta en er í dag. Auðvitað var aldrei til þess ætlast, heldur þvert á móti, og hæstv. fjmrh. bað um að þessi breyting yrði á gerð fremur en að bíða með það eftir stórfum milliþinganefndarinnar eins og raunar margt annað sem þarf leiðréttingar við.

Ég held það þurfi engin orð um þetta að hafa, það hljóti allir að vera sammála því að við breytum þessu ekki aftur heldur föllumst á þessa brtt. og þar með frv. í heild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 1078).

Opinber innkaup, ein umr.

Stjfrv., 125. mál. — Þskj. 1037 (sbr. 129).

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur einnig á fundi sínum í dag kíkt á brtt. sem gerð er við þetta frv. í Nd. og hún er mjög skarpleg. Í frv. þegar það kom frá okkur var dálítið meinleg villa. Lögin áttu að öðlast gildi 1. jan. 1987, þau voru til nefnilega á haustþinginu og okkur hefur yfirsést þetta, sem sjaldan kemur fyrir í þessari hv. deild, en þeir leggja til að það verði 1. jan. 1988 og ég held að það sé nú skynsamlegra að hafa það þannig.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1079).

Ríkisborgararéttur, ein umr.

Stjfrv., 19. mál. — Þskj. 1038.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 1038 liggur fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar eins og Nd. gekk frá því. Síðan það var til umræðu hér í hv. Ed. hafa bæst við nokkur nöfn eða nokkrar umsóknir sem teknar hafa verið inn sem engir meinbugir voru á og uppfylltu þau skilyrði sem sett eru.

Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt eins og Nd. gekk frá því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1080).

Almannatryggingar, ein umr.

Stjfrv., 392. mál (fæðingarstyrkur og dagpeningar). — Þskj. 1039.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Mér þætti vænt um ef heilbrigðis- og tryggingarnefndarmenn fengju ráðrúm til þess að athuga, þótt ekki væri nema í örfáar mínútur, þessar brtt. Það ætti ekki að tefja fundinn mikið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Sú breyting sem var gerð á frv. í Nd. felur í sér að fæðingarorlofsgreiðslur til kvenna sem fæða andvana börn lengjast um einn mánuð og verða þrír mánuðir, ekki aðeins hvað varðar útivinnandi konur heldur einnig hvað varðar heimavinnandi konur. Þessi breyting er til mikilla bóta og ég vildi láta það koma hér fram.

Frsm. heilbr.- og trn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstv. forseti. Það ku hafa verið gert heildarsamkomulag um þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd., fullt samkomulag við efrideildarmenn, og því legg ég til sem formaður heilbr.- og trn. að frv. nái fram að ganga, svo breytt frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1081).

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 944, n. 1018, 1019 og 1048, brtt. 1015.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til vaxtalaga.

Það er með þetta frv. eins og svo mörg önnur sem fara á milli deilda nú þessa dagana að það hefur ekki gefist mikill tími til umfjöllunar um málið. Eigi að síður hefur nefndin reynt að kynna sér efni frv. eftir föngum og kallað til viðræðu Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðing, en hann hefur haft uppi gagnrýni á frv., einkum þann kafla þess sem fjallar um dráttarvexti og fyrsta ákvæði til bráðabirgða. Einnig kallaði nefndin til viðræðu Jónatan Þórmundsson prófessor, sem vann að samningu frv., en eins og fram kemur í athugasemdum þess fól viðskrh. honum þann 29. des. s.l. að kanna stöðu vaxta- og okurmála og semja frv. til heildstæðrar löggjafar á því sviði.

Nefndin klofnaði í málinu og meiri hl. fjh.- og viðskn. gerir ekki tillögur um breytingar á frv., telur að það séu ekki efni til þess á þessum skamma tíma og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. þó að ástæða sé til að fara ofan í saumana á þeim tillögum og ábendingum sem hafa komið fram varðandi efni þess eins og reyndar kemur fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd.

Stefán Benediktsson skrifar undir álit meiri hl. með fyrirvara sem hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir við þessa umræðu en minni hlutar nefndarinnar munu skila og hafa skilað séráliti.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Eins og þar kemur fram ræddi

fjh.- og viðskn. þetta mál á einum fundi. Hér er bæði um viðamikið og flókið mál að ræða og því er sú umfjöllun um málið sem fram fór í hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar ekki á nokkurn hátt viðhlítandi.

Eins og frsm. meiri hl. gerði grein fyrir hér áðan þá kom Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðingur á fund nefndarinnar og gerði hann grein fyrir þeirri gagnrýni sem hann hefur fram sett á þetta frv.

Þegar vinnubrögð eru með þeim hætti sem raun ber vitni þá gefst ekki ráðrúm til að taka tillit til athugasemda sem þessara, hvað þá heldur að vega og meta hversu mikinn rétt þær eiga á sér. Þar sem svo háttar til og málið hefur samt sem áður hlotið afgreiðslu hér, þá mun ég ekki taka þátt í frekari meðferð þess. Það sama gildir um frv. til laga um dráttarvexti sem fylgir þessu frv. Ég mun því sitja hjá í atkvæðagreiðslu um bæði þessi mál.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar fjallar um meðferð vaxtamála. Skemmst er frá að segja að ég er algjörlega andvígur þeirri stefnu sem mörkuð er í þessu frv. og mun því ekki treysta mér til að greiða því atkvæði.

Ef litið er á hinar mörgu frumvarpsgreinar þessara laga er tvímælalaust að 17. gr. er mikilvægust. Í henni felst kjarni frv. því að þar er reynt að skilgreina með nýjum hætti hvað teljist refsivert okur. Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar er því aðeins refsivert að taka vexti umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eins og það heitir í lögunum, ef maður hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns. Sem sagt: Í greininni er það lagt í vald dómara að meta hversu hátt vextir mega fara umfram þessi gildandi vaxtamörk áður en vaxtatakan telst refsiverð hagnýting á fjárþröng viðsemjandans, eins og segir í greininni, þ.e. refsivert okur.

Ég held það geti varla dulist neinum að með samþykkt þessa frv. er verið að gefa verulegan slaka í átt til þess að lögleyfa óhæfilega vaxtatöku og reyndar er þetta fjórða stóra skrefið sem ríkisstjórnin hefur stigið á þessari sömu óheillabraut.

Fyrsta skrefið var samkomulag Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar um vaxtamál haustið 1984 en þar var almennt losað mjög um vaxtaákvarðanir lánastofnana og afleiðingin varð fljótlega sú að vextir fóru mjög hækkandi. Ríkissjóður ýtti síðan enn frekar undir hækkun vaxta með því að stórhækka vexti á verðtryggðum spariskírteinum af sinni hálfu og þannig hækkaði allt vaxtastig í landinu mjög verulega.

Næsta skrefið fólst síðan í því að stjórnvöld vanræktu að ákveða hámarksvexti, þá á ég við Seðlabanka og ríkisstjórn, en báðir aðilar voru bersýnilega sekir í þessu máli og afleiðingin varð mikil réttaróvissa eftir frægan dóm Hæstaréttar.

Þriðja skrefið var síðan stigið með samþykkt nýrra seðlabankalaga sem enn frekar hefur grafið undan ákvæðum okurlaga, enda lýsa bankastjórar Seðlabankans því yfir að það sé í raun og veru ekki hægt að beita þeim lengur eftir samþykkt seðlabankalaganna.

Og nú á sem sagt að stíga skrefið til fulls með því að takmarka lagaákvæði um okur við harla þokukennt ákvæði sem varðar misneytingu manna á milli, verknað sem löngum verður býsna erfitt að sanna að sé fyrir hendi.

Ég vil taka það skýrt fram að ég tel nauðsynlegt að tryggja það að vextir séu aldrei neikvæðir, þ.e. að þeir séu ávallt hærri og meiri en nemur hraða verðbólgunnar. Lán verða að halda verðgildi sínu og leigjandinn á kröfu til þess þegar hann lætur fé af hendi til útlána að fá hæfilega leigu fyrir afnotin. Auk þess draga neikvæðir vextir úr sparnaði og éta upp eigið fé sameiginlegra sjóða sem verða síðan að fá árleg framlög af fé skattgreiðenda til þess að halda í horfinu. Því eru neikvæðir vextir með öllu óviðunandi í okkar hagkerfi og engin leið að réttlæta þá. Á hinn bóginn er það skoðun mín að það sé óhjákvæmilegt að stjórnvöld hafi vald á því og komi í veg fyrir það að tekið sé óhæfilegt endurgjald fyrir veitt lán. Bæði er að vextir og vaxtastig er sá þáttur efnahagsmála sem vegur hvað þyngst í okkar hagkerfi. Því meiri kröfur sem eru gerðar til arðsemi lánsfjármagns, þeim mun meiri verða erfiðleikar hjá almennum framleiðslugreinum, sem gengur þá verr í samkeppni við ýmiss konar gróðabrall í þjóðfélaginu, og eins er það staðreynd að minni hyggju að háir vextir kollvarpa efnahagsskipan okkar fyrr eða síðar ef það gengur svo til lengdar að í hagkerfinu sé vöxtur upp á 2–3% að meðaltali á ári, en lántakendur séu látnir greiða miklu, miklu hærri raunvexti. Því að flestir lántakendur hafa enga möguleika til þess að ávaxta lánsfé með meiri hraða en sem svarar vexti þjóðarteknanna, þ.e. svona á bilinu 2–4%, og þeir hljóta því að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið. Bilið breikkar milli þeirra sem eiga lánsfé og hinna sem aðallega skulda og afleiðingin hlýtur að verða að gjaldþrotum fer ört fjölgandi eins og hefur reyndar sýnt sig eftir að vaxtastefna núverandi ríkisstjórnar var tekin upp. Við sjáum það að gjaldþrotum hefur mjög fjölgað einmitt í tíð þessarar stjórnar.

Ég álít að það verði að finna hæfilega millileið milli neikvæðra vaxta annars vegar og okurvaxta hins vegar og ég tel að það sé eitt brýnasta viðfangsefni íslenskra efnahagsmála að marka vaxtastefnu sem hæfir íslensku þjóðfélagi og gengur milliveginn milli þessara tveggja öfga. Vissulega er nauðsynlegt að setja nýja löggjöf um vaxtamál, en hún verður þá að fela í sér ákvæði af öðru tagi en þetta frv., sem er meingallað og stefnir að minni hyggju í alranga átt, ýtir undir háa vexti í þjóðfélaginu, gerir í raun og veru enga tilraun til að halda þeim niðri og mun því verða til óheilla í okkar þjóðfélagi.

Ég lít því svo á að nauðsynlegt sé að taka þetta frv.

til endurskoðunar og legg til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég skrifa undir meirihlutaálit sem mælir með samþykkt þessara laga, að vísu með ákveðnum fyrirvara. Sá fyrirvari snertir ekki það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds kallar markmiðasetningu þessara laga því að ég held að þessi lög í sjálfu sér hafi ekki ýkja mikil áhrif á vaxtaþróun í landinu þar sem aðrar aðgerðir stjórnvalda hljóta alltaf að skipta þar miklu, miklu meira máli en sú löggjöf sem í gildi er um samskipti manna á fjármunamarkaði. Aftur á móti er þetta frv. ekki á þann veg neitt betra en fjöldi annarra frumvarpa. Á því eru ákveðnir ágallar sem maður vildi gjarnan að ekki væru, en þá ágalla skilgreina menn kannske að nokkru leyti eftir því hver viðhorf þeirra og skoðanir eru.

Ég vil benda á nokkra ágalla sem ég sé á þessu frv. Í fyrsta lagi tel ég að 2. gr. frv. bendi á vissan hátt á hversu vandasamt það verk er að meta hver vaxtataka er hverju sinni, sérstaklega þegar úrskurða á um það hvort okurvextir hafi verið teknir í viðskiptum eða ekki. Greinin hljóðar þannig:

„Auk vaxta taka lög þessi til annars endurgjalds sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar."

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir síðan:

„Í 4. og 6. gr. laga nr. 58/1960 er annað endurgjald lagt að jöfnu við vexti." — Hugtakið „annað endurgjald" er feitletrað. — „Skiptir ekki máli hvert endurgjaldið er ef það er í raun endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar um tiltekinn tíma, t.d. afföll af skuldabréfum sem ganga kaupum og sölum í formi kaupsamninga," og síðan kemur *lykilsetningin*, „enda sé sannað að um dulbúinn lánssamning sé að ræða."

Það verður sjálfsagt eitt af þeim atriðum sem þvælast munu fyrir ákæruvaldi þegar á að fara að beita refsiákvæðum þessara laga sem að ýmsu leyti eru þó trúlega auðveldari til brúks heldur en misnýtingarákvæði hegningarlaganna. Samt sem áður verður sjálfsagt oft erfitt þegar að því kemur að meta gjaldtöku, sem í raun og veru ekki er hægt að kalla skýru nafni vexti, meta hver áhrif hennar eru á endanlegan fjármagnskostnað. Þetta atriði er loðið.

Eins get ég ekki annað en samsinnt þeim virta lögfræðingi Jóni Steinari Gunnlaugssyni, sem gert hefur mjög alvarlegar athugasemdir við III. kafla þessara laga, samsinnt honum í því að sú dráttarvaxtataka, sem nú er heimil samkvæmt gildandi löggjöf og hér er verið að heimila enn frekar með þessari löggjöf, er siðlaus. Ég tek undir þá skoðun hans að það verði að aðskilja mjög skýrt annars vegar höfuðstólsbætur og svo hins vegar fjármagnskostnað. Mér sýnast tillögur hans í þessu efni vera jákvæðar. Þó að fulltrúar Seðlabankans og ráðuneytisins hafi haft um þær þau ummæli að þær samræmdust ekki almennum lánamarkaði, þá verður einfaldlega að horfa til þess að dráttarvaxtataka er ekki hluti af almennum lánamarkaði, heldur er hún í raun og veru ákveðin refsiaðgerð sem mönnum er annaðhvort sett sjálfdæmi um, eins og ýmsum lánastofnunum, eða þá ákvörðuð hjá dómstólum. Þannig að ég sé ekki að þar sé um neinn gífurlegan mun að ræða frá innihaldi III. kafla þessa frv. þar sem dráttarvaxtataka er tekin alveg út fyrir sviga sem alveg sérstakt verkefni vaxtalaga og passar ekki inn í almennan lánamarkað. En aftur á móti er þar reynt að samræma tvö viðhorf með einni gjaldtöku, þ.e. höfuðstólsbætur og fjármagnskostnað, og ég tel að það dæmi gangi ekki upp þannig að sanngjarnt sé á báða bóga. Og þá á ég við bæði hvað varðar skuldara og lánardrottin.

Frú forseti. Ég flyt litla brtt. við 6. gr. þessara laga. Sú brtt. snertir ákveðna skoðun sem ég hef á vaxtamálum og snertir vaxtatöku af verðtryggðum lánum eða skuldabréfum. Ég tel ekki eðlilegt að lán, sem hafa breytilegan höfuðstól vegna þess að þau eru verðtryggð, hafi líka breytilega vexti. En sú venja hefur skapast hér á undanförnum árum þó það sé ekkert mjög langt síðan það varð að almennri venju að slík verðtryggð lán eru líka með breytilegum vaxtaákvæðum. Afleiðing þessa er einfaldlega sú að fólk, sem tekur lán sem bæði eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum, hefur í raun og veru ekki hugmynd um hvaða skuldbindingar það er að undirgangast. Breytingar á vöxtum um 1 prósentustig, jafnvel innan eins árs, koma út sem mjög verulegar upphæðir í hlutfalli við þau lán sem um er að ræða hverju sinni, hlutfallslega miklu hærri upphæðir en fólk á von á eða gerir sér hugmyndir um.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti brtt. við þessi lög í Nd. um það að orðin „á óréttmætan hátt" í 1. málsl. 17. gr. *féllu niður*. Manni fannst við fyrsta lestur óeðlilegt að það þyrfti að tvítaka ásetning eða stórfellt gáleysi og hnýta þar við að um óréttmætt athæfi væri að ræða. En lagaskýrendur hafa sannfært okkur í nefndinni um það að þetta orðalag verði að viðhafa þar sem um refsiákvæði sé að ræða og þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til þess að endurflytja þá brtt. hér í hv. Ed.

Ég gæti náttúrlega talað hér lengra máli og tínt til þau dæmi sem okkur voru sýnd og sögð um áhrif dráttarvaxtakaflans í þessum lögum, þ.e. III. kaflans, hvaða áhrif það hefði á vaxtatöku og lánsupphæðir. En þar benti hv. lögfræðingur Jón Steinar Gunnlaugsson á það að t.d. 100 þús. kr. lán, sem tekið hefði verið í apríl á síðasta ári og greitt síðan með dráttarvöxtum í febrúar á þessu ári, það væri samkvæmt þessum lögum greitt með 4–5 þús. kr. hærri upphæð heldur en ef notuð yrði sú aðferð sem hann leggur til.

Þegar maður hugsar til þess að á bæjarþingi hér í Reykjavík voru þingfest um 17 000 mál á síðasta ári vegna skuldakrafna, þá getur maður aðeins farið að ímynda sér hvaða upphæðir eru þarna á ferðinni.

Þær skipta ekki bara tugum þúsunda. Þær skipta trúlega milljónum. Þess vegna álít ég að menn verði að endurskoða þennan kafla laganna eins fljótt og auðið er, en auðvitað er það sjálfsögð krafa þeirra sem leggja þetta frv. fram og hafa unnið að því að á það fáist einhver reynsla áður en menn leggja fram endanlegar breytingar, m.a. sérstaklega á þessum þáttum frv.

Að þeim orðum sögðum, frú forseti, lýsi ég því yfir að ég mun greiða atkvæði með þessu frv. þrátt fyrir þá ágalla sem ég finn á því, en þá kannske frekast með virðingu fyrir þeim mönnum sem þetta frv. sömdu og rétti þeirra til þess að láta reyna á þessi ákvæði frv. áður en þau eru tekin upp til endurskoðunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1048, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 10:3 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1015 felld með 10:3 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7.–21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 10:2 atkv.
Ákv. til brb. II–III samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Dráttarvextir, 2. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826, n. 1028.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti. Þetta frv. er fylgifrv. frv. til vaxtalaga, sem hér hefur hlotið umræðu í þessari hv. deild.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865, n. 1024.

Frsm. heilbr.- og trn. (Helgi Seljan):

Virðulegi forseti. Þetta frv. kom frá Nd. þar sem það hafði verið flutt af hv. heilbr.- og trn. þeirrar deildar. Þetta frv. er flutt til að tryggja öryrkjum áfram ákveðið forskot fram yfir hinn almenna bifreiðakaupanda svo sem verið hefur um langt árabil. Í fyrra varð á þessu veruleg breyting vegna almennrar lækkunar tolla og aðflutningsgjalda af bifreiðum, en í formi ákveðinnar eftirgjafar þessara gjalda fólst sú réttarbót öryrkjum til handa sem gilt hafði.

Breytingin var vegna skorts á lagaheimildum til annarrar ívilnunar en þessarar eftirgjafar svo upphæðin fór niður í og niður fyrir 25 þús. kr. á bifreið eftir heildarverði og allt niður undir 12 þús. kr.

Ég rek ekki gang þessa máls hér á þingi varðandi þetta, en ákvörðun ríkisstjórnarinnar liggur nú fyrir um ákveðna mjög viðunandi úrlausn öryrkjum til handa en með mjög breyttri skipan mála. Þessi hlunnindi, ef svo má kalla, miðast nú við 600 bifreiðir á ári handa öryrkjum almennt og ég hygg að sú upphæð, sem kemur skv. 1. gr. þessa frv., muni verða um 80 þús. fyrir hvern öryrkja.

Hitt ákvæðið varðar svo meira fatlaða, meira hreyfihamlaða og þar er um 50 einstaklinga að ræða á ári og þar mun upphæðin nema að því er ég best veit, eða mun trúlega verða niðurstaðan, um 250 þús., enda dýrar bifreiðir einar sem til greina koma með miklum sérbúnaði.

Þessi skipan mála mun verða afturvirk eins og kemur fram í frv. og eiga við þá sem fengu sínar bifreiðir í fyrra og bjuggu þá við skarðan hlut. Breyting verður á úthlutun þessari frá því sem verið hefur, en nefnd lækna undir forsæti fulltrúa fjmrn. hefur tekið umsóknir til afgreiðslu og valið úr.

Það skal tekið fram að umsóknir hafa ætíð verið miklu fleiri en unnt er að veita úrlausn og því er viðbótin nú, um 50 bifreiðir, frá 550 upp í 600, og úr 40 upp í 50 sem ákvörðun mun hafa verið tekin um, mjög kærkomin og leysir örugglega vanda margra en eins og menn þekkja eru leyfi einungis veitt á fjögurra ára fresti minnst til hvers einstaklings.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og vísar mjög til þess sem sagt var í Nd. um þetta. Ég vísa sérstaklega til framsögu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem var frsm. heilbr.- og trn. en sem um leið er formaður tryggingaráðs og var þar að lýsa þeim áhyggjum öryrkja sem eru varðandi þessar breytingar, m.a. hvað snertir væntanlega reglugerðarsetningu sem nú eru þegar til drög að og ég hef reyndar vitnað í varðandi upphæðir hér áður og þær reglur sem settar verða hjá tryggingaráði varðandi frekari útfærslu. Út af fyrir sig skilur maður það að upp-stokkun þessi og ákveðin óvissa valdi áhyggjum.

Hins vegar held ég að við getum verið þess fullviss að þetta verði gert í fullu samráði við samtök öryrkja og að fulltrúar þeirra komi þarna inn, svo sem ég hygg og raunar veit að uppi eru áform um, og m.a. í þeirri úthlutunarnefnd sem mun fjalla um þessi leyfi í framtíðinni.

Sama er að segja um það að öryrkjar hafa nokkrar áhyggjur af því að þær upphæðir sem nú er verið að tala um verði ekki nægilega vel verðtryggðar í framtíðinni. Ég held að við höfum einnig fullvissu um það að svo verði enda ekkert annað í raun mögulegt og engum á því stætt að standa ekki að fullu hér við, m.a. til að mæta verðsveiflum á kaupverði bifreiða upp á við, ef þær væru miklar, og eins ef verðbólguþróun færi mjög úr böndum.

Nefndin vill því lýsa því yfir að í öllu mun verða tekið fyllsta tillit til sanngjarnra óska öryrkja um reglugerðarsetningu, svo og reglur tryggingaráðs og vitnar þar beinlínis í annars vegar hæstv. heilbr.- og trmrh., sem kom inn á þetta mál í Nd., og eins og ekki síður í formann tryggingaráðs, hv. þm. Ólaf G. Einarsson, en ræður þeirra er ég með hér undir höndum og staðfesta þær þetta samráð við öryrkja um bæði reglur tryggingaráðs, reglugerðarsetningu ráðuneytis og í þriðja lagi það hvernig úthlutun fer fram í framtíðinni.

Að öðru leyti hljótum við að leggja þann skilning í framkvæmd og framtíðarmeðferð þessa máls að núverandi tollaívilnun, sem er eitthvað á bilinu 12–15 til 25 þús. kr. að viðbættum söluskatti, gildi áfram og sú upphæð sem hér er verið að tala um, 80 þús. kr., sé bein greiðsla til viðbótar. Þó að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin hér um, þá eru vitanlega lög gildandi hér um tollaívilnunina og þetta hlyti þá að koma til beinnar viðbótar.

Nefndin mælir sem sagt með samþykkt frv. óbreytts frá því að það kom frá Nd. í trausti þess að reglur verði settar um nánari framkvæmd alveg á næstunni, enda komið að því að leyfi þessa árs verði send út.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–3. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Orlof, 1. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Tollskrá, ein umr.

Stjfrv., 416. mál (myndavélar o.fl.). — Þskj. 1040.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál kemur hér að nýju til hv. Ed., þá hefur verið gerð á því breyting. Það er við 1. gr., að þar bætist við liður 37.03.09 sem mun vera ljósmyndapappír. Þetta var gert af nefndinni allri og með samráði við hæstv. fjmrh. og þess vegna alveg eðlilegt að við styðjum þessa brtt.

Hins vegar gerðist það þegar líða tók á kvöld að tillaga frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni var samþykkt í þinginu með atkvæðum framsóknarmanna flestra eða allra, ég veit ekki hvað leið atkvæði hæstv. forsrh. — já, það munu hafa verið tveir sem greiddu atkvæði gegn henni, eftir þeim upplýsingum sem hér koma fram.

Meðal þeirra ágætismanna sem skrifa undir nál. fjh.- og viðskn. hv. Nd. eru hv. þm. Páll nokkur Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., og hv. þm. Guðmundur Bjarnason, ritari Framsfl. Þeir flytja þessa brtt. sem ég nú hef getið um og síðan segir: „Þannig mælir nefndin einróma með samþykkt frv.“

Það gat nú ekki öðruvísi farið en á einhverjum lokadegi þingsins kæmi innræti þessa flokks upp í þessu samstarfi þar sem reynt hefur verið að starfa sæmilega heiðarlega, þannig að menn færu ekki hver á bak við annan í einu og öllu, þá auðvitað þurfti þetta að koma upp. Menn segja kannske að það sé ekkert stórmál hvort lækkaðir eru tollar á skíðum og skíðaskóm, það var um það sem tillagan fjallaði. Menn geta svo sem hálsbrotið sig, og jafnvel ríkisstjórnir, á einhverju öðru en skíðum, eða lappabrotið. Það verður nú ekki tillaga mín að þetta verði látið varða stjórnarslitum, en þetta sýnir hvernig menn eiga ekki að starfa saman.

Í þessu máli er það alveg ljóst að við öll hér inni hefðum viljað bæta þarna inn einhverjum liðum og það kom til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Allir vita nú um minn áhuga að því máli. Það hefur verið unnið að tollskrá allan þann tíma sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur setið og fyrsta vetur þeirrar stjórnarsetu lagði ég mig a.m.k. persónulega gífurlega mikið fram um það að reyna að vinna að tollskránni, notað í það flestar þær frístundir sem ég hafði mánuðum saman. Það vita allir hv. þingdeildarmenn. Og það var von mín þá og margra fleiri að verulegar breytingar yrðu gerðar á tollskránni til lækkunar á þeim okursköttum og tollum sem á þessar vörur leggjast. Við vitum um mörg dæmi þess að vara sem kostar 100 kr. á

hafnarbakkanum selst út úr búð eitthvað á fimmta hundrað kr. því að gjöldin leggjast hvert á annað. Fyrst kemur kannske 80% tollur, síðan koma inn ýmis smágjöld þar á ofan, og svo kemur söluskatturinn ofan á það, fyrst álagning kaupmannsins og svo söluskatturinn, þannig að varan fjórfaldast í verði og ríkið tekur rúman helming af því. Þetta gengur auðvitað ekki til langframa í lýðræðisþjóðfélagi. Þessu hefur öllu verið hrúgað upp á ofstjórnartímabilinu fyrir valdatöku þessarar ríkisstjórnar.

Ég setti það nú raunar að algjöru skilyrði fyrir stuðningi við þessa stjórn á síðasta degi áður en ég vissi hverjir yrðu ráðherrar eða stjórnin var mynduð, stuðning við stjórnarsáttmálann, að inn yrði tekið sem fyrsti liður í mildandi aðgerðum að stórfelld lækkun yrði gerð á neyslusköttum sem legðust með miklum þunga á nauðsynjar heimilanna. Og það var samþykkt af öllum þm. Framsfl. eins og Sjálfstfl. að þetta yrði gert. Það stóð allmikið á þeim efndum.

En nú á s.l. ári var horfið inn á þessa braut einmitt fyrir forgöngu núv. hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl., að lækka verulega álögur á ýmsar vörur til þess að ná heiðarlegum kjarasamningum. Það var snúið við þarna blaðinu og farið inn á þessa réttu braut. Og hverjar eru þakkirnar hjá Framsfl., samstarfsflokknum? Maðurinn, sem ég nefndi hérna fyrst áðan, formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, sagði á fundi á Sauðárkróki fyrir tveim eða þrem dögum að það þyrfti nú að fara að athuga þessa óráðsíu fjmrh. sem væri með stórfelldan halla á fjárlögum. Það var samþykkt af Framsfl. að það yrði halli á fjárlögum í eitt eða tvö ár til þess að bjarga sjúklingnum, þjóðarsjúklingnum að komast út úr verðbólgu — hvað á að kalla það, það var náttúrlega komist langt á leið með stórfelldum kjaraskerðingum í upphafi þessa stjórnartímabils. Síðan auðvitað þegar ekki náðust samningar af því að ríkið gat ekki gefið eftir og var ekki talið geta gefið eftir vegna þess eilífa tals um að það megi ekki vera halli á fjárlögum, *eins og þeir hafa nú fjmrh. löngum*, jafnvel sá hæstv. fyrrv. fjmrh. sem situr hér á móti mér, verið að tönnlast á og lemja inn í fólk að það yrði að vera alltaf hallalaus ríkisbúskapur. Það skipti ekki miklu máli þó það yrði halli á heimilunum og fólk hefði ekki nóg til að lifa ef bara ríkissjóði væri borgið. En það var nú horfið af þessari braut og þakkirnar eru þær að núv. fjmrh. er skammaður af þingflokksformanni Framsfl. á fundum fyrir það að vera með halla á fjárlögum. Það var gert með opnum augum. Það var ekki nokkur lifandi leið að halda aftur af verðbólgu öðruvísu en að lækka þessa óhóflegu neysluskatta og auðvitað varð að ganga lengra á þeirri braut. Og þegar fjmrh. sýnir það að hann ætlar að ganga áfram þessa braut, að vísu í litlu, þá er komið í bakið á honum að næturlagi og ekkert við hann rætt.

En það er alveg ljóst mál að það er erfitt að taka þessa tiltölulega fáu hluti út úr vegna þess að það er svo ótal margt annað sem þarf að breyta. Tollskráin er nú ekki neinn smábunki. Ég þekki það allt saman, allt það ofboðslega pappírsflóð sem þar er og það er búið að undirbúa það, og var reyndar gert eins og ég sagði á fyrsta ári þessarar ríkisstjórnar, verulega að undirbúa þetta og það er nú yfirlýst af hálfu hæstv. fjmrh. að það eigi að ganga lengra í þá átt ef hann og hans flokkur og minn flokkur hafa til þess vald. En það var hins vegar ekki talið fært á þessu ári vegna þess hve miklar lækkanir voru á síðasta ári á öðrum hlutum en þessum vörum sem hér er um að ræða. En auðvitað er það ekki þægilegt fyrir einn fjmrh., heldur ekki fyrir okkur í nefndinni hér, að þurfa að neita svo og svo miklu af sanngjörnum og eðlilegum hlutum, sem ætti auðvitað að lækka tolla stórkostlega á, og fá það svo í bakið að samstarfsflokkurinn svíkur það samkomulag sem gert var, að þarna yrði engu hleypt inn nema með algjöru samþykki beggja flokkanna.

Eins og ég sagði þá ætla ég ekki að fara að gera það að tillögu minni að við látum þetta varða stjórnarslitum. En þetta sýnir auðvitað mismunandi hug þessara tveggja flokka. Annar er frjálslyndur flokkur sem vill skapa sem best skilyrði fyrir fólkið í landinu og lækka á því álögur. Hinn er auðvitað kerfisflokkur inn við beinið að verulegu leyti og er sífellt að tala um einhverjar samþarfir og það megi ekki vera halli á fjárlögum og það eigi að auka samneyslu og skerða hag einstaklinga og fjölskyldna.

En sem sagt: Mín tillaga er sú að við látum við þetta sitja og við förum ekki að senda frv. aftur til þessara manna í Nd. sem við vitum ekkert hvað mundu gera ef þeir fengju málið aftur í hendur.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast mikið við hv. 4. þm. Norðurl. v., enda hefur yfirleitt verið gott samstarf á milli okkar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég tel að við framsóknarmenn hér í þessari deild og reyndar hér í *Alþingi höfum starfað heiðarlega í þessu stjórnar*samstarfi og óþarfi að fara að rifja upp á síðasta degi þingsins ýmis mál sem hafa komið fram hér í þinginu. Ég gæti náttúrlega rifjað upp ýmislegt í sambandi við samstarf þessara beggja flokka, t.d. þegar ráðherrar hafa greitt atkvæði á móti stjfrv. eins og hér hefur komið fyrir í mjög veigamiklum málum og miklu veigameiri málum en þetta er, þetta litla mál hér, sem er gott mál og ég mun styðja. Ég tel að það sé alveg óþarfi að gera upphlaup hér þó að þm. úr stjórnarliðinu fái eina brtt. samþykkta jafnvel þó að hún kosti fé sem er að vísu ekki háar upphæðir í þeim upphæðum sem hér er um að tefla.

Það er rétt að við höfum samþykkt þau fjárlög sem hér er unnið eftir nú og þau eru með miklum halla. Við álítum það nauðsynlegt í þessari stöðu, en hins vegar höfum við náttúrlega áhyggjur af þessum fjárlagahalla, því er ekkert að neita, því að þennan halla þarf að greiða. Og þó að við höfum samþykkt þessi fjárlög þá getum við náttúrlega ekki vikið því

úr huga okkar að þennan fjárlagahalla þarf að greiða.

Ég ítreka það að ég tel að við höfum unnið heiðarlega í þessu samstarfi, við höfum sem betur fer náð samkomulagi um flest mál hér í Alþingi og ég tel að samþykkt þessarar tillögu sé ekki stórt mál. Hins vegar er þetta gott mál og kemur ýmsum til góða í þjóðfélaginu og er alveg í samræmi við stefnu hv. 4. þm. Norðurl. v. í tollamálum, eins og hann tók hér rækilega fram og hélt hér örlitla tölu um sína stefnu í þeim málum og hefur reyndar haldið margar slíkar í fjh.- og viðskn. Ed.

Ég legg því til, eins og hann reyndar gerði, að þetta frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. og ríkisstjórnin fari ekki að hálsbrjóta sig á skíðum þessa fáu daga sem eftir eru af hennar líftíma. Kannske förum við á skíði án þess að hálsbrjóta okkur, annaðhvort fyrir eða eftir kosningar, en ég held að það verði óháð samþykkt þessa máls og ég ætla að fara a.m.k. á gömlu skíðunum mínum þó að skíðin lækki við þessar aðgerðir sem hér eru.

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í heimiliserjur stjórnarflokkanna. Við höfum hlýtt hér á hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., lýsa því fyrir okkur hve skelfilegur þessi samstarfsflokkur er, svíkur gerða samninga og kemur í bakið á samstarfsmönnum sínum að næturlagi. Þetta er auðvitað hið versta mál greinilega á stjórnarheimilinu og í sjálfu sér get ég vel tekið undir það að að sjálfsögðu eru þetta hinir verstu menn sem þarna er verið að fjalla um.

En ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst áhyggjur manna yfir þessu vera nokkuð einkennilegar. Við stöndum frammi fyrir því að hæstv. fjmrh. úr flokki Sjálfstfl. hefur verið að sigla fjármálum ríkissjóðs til fjandans. Það hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina í tíð þessarar stjórnar og auðvitað er alveg augljóst mál að þetta litla skíðaslys sem varð hér í gærkvöldi í Nd. er ekki annað en kækiber í helvíti. Því tel ég ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu, tel raunar að búið sé að veita svo miklum fjármunum úr ríkissjóði til svo fjölmargra aðila að íþróttamenn ættu vel skilið að fá þarna eitthvað í sinn hlut og ég get vel unnt þeim þess og ég styð því þá breytingu sem þarna hefur verið gerð.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Nefndarmenn úr fjh.- og viðskn. hafa komið hér hver á fætur öðrum upp í ræðustól til þess að fjalla um brtt. á þskj. 1040. Frsm. nefndarinnar hefur fjallað um það að málið hafi komið einkennilega fram í hv. Nd. en þeir hafa látið vera að láta okkur þm. deildarinnar vita um hvaða efni er verið að fjalla.

Við höfum heyrt hér talað um það að það gæti forðað skíðaslysum eða einhverju slíku. (**Gripið fram í:** Skíði og skíðabúnaður.) Skíði og skíðabúnaður. Já, þar kemur það frá formanni nefndarinnar að það sé verið að ræða um skíði og skíðabúnað. En hvað er það nákvæmlega útfært? Eru þetta bindingarnar, skíðin, stafirnir, peysurnar og sokkarnir og hvað annað í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Og föðurlandið.) Og föðurlandið. Ég held nú að það sé æskilegt, fyrst farið er að fjalla svona rækilega um þessa brtt. að við fáum að vita hvað í henni felst. (Gripið fram í.) Formaður nefndarinnar ætlar nú að fara að fletta í þeim stóra doðrant sem hann upplýsti að hann væri vel kunnugur í. Það er erfitt að fá þessar upplýsingar.

En inn í þessa umræðu fléttast nokkuð annað og það voru fréttir af fundi hæstv. sjútvrh. norður á Sauðárkróki. Ég vildi nefnilega vekja sérstaka athygli á því að svo virðist sem fréttastofa útvarpsins a.m.k. og jafnvel fréttastofa sjónvarps telji sérstaka ástæðu til þess að fylgja ráðherrum Framsfl. hringinn um landið og taka upp hvað þeir segja á svona áróðursfundum eins og þeir hafa verið að halda síðustu daga vítt um landið, m.a. sjútvrh. Megum við aðrir frambjóðendur búast við því að Ríkisútvarpið sinni því sem við komum til með að segja vítt um landið svipað og þarna hefur átt sér stað í sambandi við áróðursfundi framsóknar? Ég held að við hljótum að verða að ætlast til þess að við fáum að heyra hvað við höfum að segja í sambandi við það hvað hnúfubakurinn t.d. innbyrðir mikið af loðnu. Það hefur verið tíundað í útvarpinu að hnúfubakurinn muni innbyrða um 1500 tonn á ári o.s.frv. samkvæmt upplýsingum hæstv. sjútvrh. Og að sjútvrh. sé mjög óánægður með það hvað fjmrh. hefur rekið ríkissjóð illa, og það eru náttúrlega fleiri, og ýmsar aðrar upplýsingar úr ræðum sjútvrh. hafa birst í ríkisfjölmiðlunum sérstaklega. Ég held að þetta séu einu pólitísku fundirnir sem eru tíundaðir sérstaklega á vegum ríkisfjölmiðlanna. Látum vera þó að Tíminn birti þetta eins og hann birti greinilega fréttir af þessum fundum. (**StB:** Enda nær hann til almennings.) En þegar farið er að nálgast kosningar þá finnst mér þetta óeðlilegur fréttaflutningur, nema þá að Ríkisútvarpið ætli að sinna á næstu dögum hverjum og einum pólitíska fundi eins og gert hefur verið í sambandi við þessa fundi hæstv. sjútvrh.

Ég ætti kannske ekki að lengja þessar umræður. (**BD:** Heyrði þm. ekki auglýsingar Skíðasambandsins?) Nei, því miður hef ég nú ekki heyrt auglýsingar Skíðasambandsins, er það þegar farið að auglýsa þessi tollfríðindi? (**BD:** Það sé tekið vel eftir því hvernig þeir greiða atkvæði í þessari deild.) Ja, það er ekki neinn vafi um það að ég mun greiða atkvæði með því ef verið er að undanþiggja skíðabúnað og tel það bara sjálfsagt. Það hefði kannske mátt vera um fleiri íþróttabúninga að ræða en þarna er nefnt, ég er einmitt að bíða eftir því að fá frekari upplýsingar um þetta. (**EKJ:** Þær eru að koma.) Þær eru komnar. Þá mun ég ekki hafa ræðu mína lengri og bíð eftir því að fá upplýsingar um hvað þetta er raunverulega.

Davíð Aðalsteinsson:

Hæstv. forseti. Mér þótti vissara fyrir þessa umræðu að afla nákvæmra upplýsinga um það hvaða varningur það væri sem lægi að baki þessum tollskrárnúmerum og ekki síður núna er það nauðsynlegt þegar þetta er orðið að stórmáli — og jafnvel stjórnarslitamáli.

Í tollskrárnúmerinu 64.01.02 eru skíða- og skautaskór, að vísu úr leðri. Á þeim er 25% tollur í dag. (Gripið fram í.) Nei, það eru skautaskór. (**Gripið fram í:** En ekki skautar.) Jú, ég held að það séu með járnunum líka, (**Gripið fram í:** Nei, það held ég ekki.) föstum járnum. Á þessu er 25% tollur.

Á tollskrárnúmeri 64.01.03., ég vonast til þess að hv. 4. þm. Vesturl. fylgist vel með, er jafnframt 25% tollur, en svo vill til að þar er um að ræða skíða- og skautaskó úr plasti eða gerviefnum.

Í tollskrárnúmerinu 97.06.01 er um að ræða skíði og hluta til þeirra og skíðastafi, og á þessum varningi er 50% tollur. Samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir að þessi tollur falli niður. Það er mjög nauðsynlegt. Þetta er gott mál og ég styð það heils hugar.

Vonandi upplýsir þetta hv. 4. þm. Vesturl. nóg um það hvað hér er um að ræða. En í sjálfu sér er ekkert við það að athuga þó að menn taki smáæfingu í upphafi kosningabaráttu. Hins vegar fannst mér nú reyndar ómakleg sum orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar vegna þess að ég held að flestum hafi verið hlýtt stundum undir stjórnarsænginni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1082).

EFRI DEILD

72. fundur, miðvikudaginn 18. mars, að loknum 71. fundi.

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál. — Þskj. 944.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1083).

Dráttarvextir, 3. umr.

Frv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., 418. mál. — Þskj. 826.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1084).

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 422. mál (bifreiðakaup fatlaðra). — Þskj. 865.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1085).

Orlof, 2. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971, n. 1061.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Davíð Aðalsteinsson):

Hæstvirtur forseti. Eins og fram kemur á nál. leggur félmn. til að þetta frv. um orlof verði samþykkt óbreytt og undir nál. rita allir hv. nefndarmenn.

Eins og stendur í grg. með þessu frv. er frv. samið af nefnd sem félmrh. skipaði 11. mars 1983 til þess að endurskoða gildandi reglugerð um orlof nr. 150 frá 1972 og lög um orlof nr. 81 frá 1971, hvort tveggja með síðari breytingum, enda leiddi athugun nefndarinnar í ljós nauðsyn á breytingu laganna. Endurskoðun þessi skyldi sérstaklega taka til þeirra ákvæða er lúta að innheimtu og vörslu orlofsfjár í ljósi þeirrar þróunar er orðið hafði frá setningu umræddra laga og reglugerðarákvæða.

Samkvæmt þessu frv. felast meginbreytingarnar í ákvæðum 7. gr. frv. Um þá grein segir svo þar sem vikið er að tillögum umræddrar nefndar sem stóð að samningu frv.:

„Tillögur nefndarinnar felast því fyrst og fremst í ákvæðum 7. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að við hverja launagreiðslu sé orlofsréttur starfsmanns vegna viðkomandi greiðslutímabils reiknaður út sérstaklega. Þessi réttur verði kauptryggður með því að reikna hann til jafngildis dagvinnustunda á kauptaxta viðkomandi launþega og greiðist út við töku orlofs á því kaupi sem þá gildir. Á hinn bóginn taldi nefndin eðlilegt að tryggja rétt stéttarfélaga til að gera samninga um bankainnheimtu orlofsfjár svo sem nú tíðkast og eru ákvæði þar um í 7. gr. frv."

Þetta sem ég hef hér getið um og lesið upp varðandi tillögur nefndarinnar og ákvæði eru um í frv. varðar í raun meginefni þess.

Ég geri ráð fyrir að þetta frv. hafi verið kynnt og efni þess í öllum þingflokkum áður en það var lagt fram og sé ekki ástæðu til þess, m.a. af þeim sökum, að fjalla um það frekar. Frv. var flutt, eins og fram kemur, af félmn. Nd.

Eins og ég sagði áðan leggur félmn. þessarar hv. deildar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.–15. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

69. fundur, miðvikudaginn 18. mars, að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Á fundi Nd. í nótt vakti ég athygli á því að frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem er 79. mál þingsins, flutt af hv. þm. Helga Seljan, og snertir aðild Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins að Tryggingaráði ríkisins, hefði verið stöðvað að því er mér sýndist þá. Þá var því lýst yfir af formanni hv. heilbr.- og trn. Nd. að boðaður yrði fundur í þeirri nefnd núna í dag eða fyrir hádegi í dag til þess að afgreiða málið og taka það fyrir.

Nú sé ég dagskrá þessa fundar Nd. og þetta mál er ekki á dagskrá. Þetta mál fór í gegnum Ed. með fullu samkomulagi. Mér finnst það býsna sérkennilegt ef nú á að stöðva þetta mál og meðferð þess í þinginu og ég vil því spyrja hæstv. forseta í framhaldi af orðum hans í nótt þegar hann sagði að hann mundi fylgja málinu eftir hvað hann hefur gert til þess að tryggja að niðurstaða heilbr.- og trn. fáist í þessu máli þannig að þetta samkomulagsmál allra þingflokka í Ed. fáist afgreitt hér í hv. Nd.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Forseti hefur reynt að hafa áhrif á þetta með viðtölum við menn í nefndinni og treystir sér ekki til þess að knýja meira á um það í sjálfu sér. Hér hlýtur forseti að vísa til þess sem er að gerast í nefndinni sjálfri og óskar eftir því að ef formaður heilbr.- og trn. er hér staddur geri hann grein fyrir þessu máli eftir því sem um er spurt. Forseti getur ekki beinlínis knúið á um það að nefndir skili álitum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það er greinilegt að annir þingsins gera það nú að verkum að sambandsleysi hefur komið upp milli mín og formanns míns. Ég vil bara upplýsa það að þessi fundur hefur verið boðaður og verður kl. 11 í fyrramálið og ég treysti því, samkvæmt orðum formanns hv. nefndar sem ekki er staddur hér, að hann muni afgreiða þetta mál. Ég vil upplýsa það hér.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir þær upplýsingar sem hún hefur gefið og vil jafnframt bæta því við að ég vona að þær upplýsingar séu til marks um það að þetta mál verði afgreitt á morgun og að tími verði gefinn fyrir fund í Nd. þannig að málið megi ná afgreiðslu.

Ég tel að það sé auðvitað rétt hjá hæstv. forseta að það er ekki hans mál að knýja á um afgreiðslu mála í nefndum en það er pólitískt mál, það er mál stjórnarflokkanna. Þeir eru núna, að því er mér er tjáð, að fara á þingflokksfundi og auðvitað eðlilegt að lokauppgjör á þingstörfum sé rætt þar og ég fer fram á að það komi skýrt í ljós af hálfu forustumanna þingflokka stjórnarflokkanna núna eftir þingflokksfundi hvort því megi ekki treysta að það sé þeirra ætlan að þetta mál verði afgreitt.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að það hefur verið boðaður fundur í heilbr.- og trn. á morgun. Ég sé að formaður nefndarinnar er ekki viðstaddur. Ég veit svo sem ekki fyrir víst hvað hann átti við þegar hann sagði í nótt að það yrði boðaður fundur á morgun, hvort hann átti við að það yrði dagurinn í dag eða dagurinn á morgun. Við vorum komin yfir á annan sólarhring þegar hann sagði þetta. (**ÓÞÞ:** Það var um eittleytið.) Hann skýrir það sjálfur en alla vega hefur fundur verið boðaður.

Ég vil aðeins til frekari skýringar upplýsa það að þetta mál var ekki afgreitt á síðasta fundi nefndarinnar vegna þess að það var ágreiningur um það og það var ekki eina málið sem náði ekki afgreiðslu á þeim fundi. Það náðu engin önnur mál afgreiðslu

þar en þau sem var samkomulag um í nefndinni. Þetta átti við einnig um stjfrv. um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit held ég það heiti. Það fékkst ekki afgreitt úr nefndinni á þeim fundi, hvort það var í gær eða fyrradag.

Auðvitað verður þetta mál rætt á fundi nefndarinnar á morgun. E.t.v. verður það afgreitt þótt með ágreiningi verði. Ef það verður afgreitt úr nefndinni geri ég auðvitað ráð fyrir að það komi á dagskrá á deildarfundi á morgun. En það segir auðvitað ekkert um það hver úrslit málsins verða hér í þinginu.

NEÐRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 18. mars, að loknum 69. fundi.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 908 (sbr. 563), n. 1044.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð og mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt.

Meginmarkmið þessa frv. eru fjórþætt: Í fyrsta lagi að víkka starfssvið Vísindasjóðs, bæta við ráðgefandi og stefnumótandi hlutverki með myndun Vísindaráðs. Í öðru lagi að veita Rannsóknaráði ríkisins ekki aðeins ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk, heldur að fela því jafnframt úthlutun rannsóknastyrkja til hagnýtra rannsókna- og þróunarverkefna. Í þriðja lagi að efla samstarf rannsóknaaðila í landinu og skapa vettvang samskipta og verkaskiptingar þeirra sem um þessi mál fjalla og í fjórða lagi að treysta fjárhagsgrundvöll íslenskra vísindarannsókna. Þetta eru meginmarkmið þessa frv. og í því eru fólgin ýmis nýmæli varðandi rannsókna- og vísindastarf hér á landi sem ég mun ekki rekja frekar og vísa í fyrri umræður, bæði í hv. Ed. og hér í Nd. um þetta mál.

Nefndin mælir sem sagt með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og símamál, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 918, n. 1052.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Nefndin hefur tekið þetta mál til meðferðar og fékk á fund sinn Ólaf Tómasson póst- og símamálastjóra og ráðuneytisstjórann í samgrn., Ólaf Steinar Valdimarsson.

Þetta frv. er fyrst og fremst um það sem lýtur að stjórnun á þessari stofnun til þess að koma á því skipulagi sem stjórnendur Pósts og síma telja vera nauðsynlegt.

Nefndin mælir með því að þetta frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifaði undir með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 968 (sbr. 749), n. 1051.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Þessu máli var vísað til nefndarinnar fyrir tveimur dögum. Þetta er nokkuð viðamikið frv. með 43 greinum. Það verður að játa að ekki hefur verið hægt að athuga þetta mál eins og skyldi á þessum tíma. Nefndin fékk Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra og Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra á sinn fund og þeir skýrðu málið fyrir nefndinni. Við í samgn. Nd. höfum reynt að hafa þau vinnubrögð að fara nokkuð vel ofan í þau frv. sem okkur berast en í þeim önnum sem hafa verið hefur það bara alls ekki tekist. Slík vinnubrögð eins og hafa verið viðhöfð undanfarna daga er náttúrlega varla hægt að búa við.

Ég held að ýmis mál hafi farið hér í gegn án þess að menn hafi í raun og veru gert sér fulla grein fyrir því hvað þeir voru að gera. Þannig hefur það a.m.k. verið með þann sem hér stendur og ég hef orðið var við það að þeir sem í kringum mig hafa verið hafa ekki fylgst nægilega með þessari afgreiðslu.

Þrátt fyrir þetta leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. samgn. Nd. um frv. til laga um eftirlit með skipum með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að því, sem reyndar kom fram í máli frsm., að samgn. hafði nánast engin tök á því að kynna sér þetta mál eins og skyldi. Það litla sem ég hef getað athugað þetta frv.

sýnist mér það í raun og veru að flestu leyti þarft, en hér er verið að flytja frv., allmikinn lagabálk, til samræmingar á lögum og breytingum sem orðið hafa á lögum sem snerta siglingar og sjómennsku og síðustu tvö þing hafa eytt verulegum tíma í. Ég nefni þá miklu vinnu sem fór í siglingalög á sínum tíma, sjómannalög. Það er því að mínu viti mjög óheppilegt að þetta lagafrv., sem má heita fylgifiskur þeirra frv. og er að hluta til ætlað til að samræma ákvæði sem þar voru sett og þar var breytt, skuli eiga að ganga í gegnum hv. Alþingi á svo skömmum tíma sem raun ber vitni og ég skrifa fyrst og fremst undir með fyrirvara sem mér finnst skylt að hafa á þegar hv. alþm. verða að láta sig hafa það að vinna að málunum með þeim hætti sem hér er ætlast til.

Að öðru leyti held ég að frv. sé að flestu leyti til bóta að svo miklu leyti sem mér er innihald þess ljóst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963, n. 1049 og 1053, brtt. 1050.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. landbn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum varðar breytingar á tveimur greinum þeirra laga, þ.e. 36. gr. og 37. gr.

Þetta frv. hefur nú verið rætt á tveimur fundum í nefndinni, öðrum að vísu óformlegum áður en málið var komið til nefndar. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var fjarstödd við afgreiðslu þess. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skilar séráliti. Þeir sem skrifa undir þetta nál. ásamt mér eru hv. þm. Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal, Þórarinn Sigurjónsson og Halldór Blöndal.

Þetta mál var mikið rætt fyrir tveimur árum og þá kom það fram, t.d. í framsöguræðu sem sá flutti sem hér stendur, að því var spáð að það yrði að lengja þann umþóttunartíma sem yrði að vera ef ætti að ná því marki að búið væri að byggja upp einhverja aðra atvinnustarfsemi í strjálbýli en þá náðist ekki samkomulag um lengri tíma. Ég vil því fagna því sérstaklega að það hefur orðið samkomulag í stjórnarflokkunum um að taka þarna tvö skref sem eru tvö ár til viðbótar við það sem lögin kveða á um.

Breytingin er líka þannig að í 36. gr. eru í staðinn fyrir 4% komin 5% en í sambandi við það fjármagn sem á að fara í Framleiðnisjóð hefur það verið lækkað úr 5% árið 1990 ofan í 4% og 4% síðan á árunum 1991 og 1992.

Þó að mér sé ljóst að þetta nægi ekki, þá er þetta mjög gott skref og eins og ég sagði fagna ég því. Það verður tíminn að leiða í ljós þegar þessi ár líða, en ég álít að það þurfi að lengja þetta tímabil ef þeir flokkar sem þá ráða eru sama sinnis og var þegar þessi lög voru sett, þ.e. að halda byggðinni í svipuðu horfi og hún var þá. Þá þurfum við mikið lengri tíma.

En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Meiri hl. nefndarinnar mun greiða atkvæði á móti öllum brtt. sem fram koma til þess að tryggja framgang þessa máls.

Frsm. minni hl. landbn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Þetta mál, 430. mál sem kemur frá Ed., frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, svonefndum búvörulögum, gengur út á það að lengja um tvö ár ákvæði 36. og 37. gr. gildandi laga um greiðslu útflutningsbóta annars vegar og hins vegar fjármagn sem renna skal í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Afstaða minni hl. landbn. er sú að þessar breytingar gangi til réttrar áttar, en þær gangi of skammt, eða tíminn sem þarna er ætlaður sé of skammur. Auk þess er það skoðun minni hl. að í ljósi þeirrar gagnrýni, þeirra athugasemda sem komið hafa fram vegna framkvæmdar búvörulaganna, sérstaklega ákvæða um fjárveitingar úr Framleiðnisjóði, væri rétt, úr því að verið er að breyta lögunum á annað borð, að flytja ákvæði sem kveða skýrar á um hvernig ráðstafa skuli fjármagni úr Framleiðnisjóði.

Sú gagnrýni hefur m.a. lotið að því að það brjóti gegn þeim anda sem lagður var til grundvallar við samþykkt búvörulaganna og m.a. var notað til að fá ýmsa aðila innan landbúnaðarins til að fallast á eða láta góða heita þá lagasetningu sem unnið var að á vormánuðum 1985 út á það fjármagn sem renna ætti í Framleiðnisjóð landbúnaðarins og nota skyldi til uppbyggingar og til að mæta áhrifum af samdrætti í búvöruframleiðslunni. Þetta hafa menn skilið þannig, og sá sem hér talar m.a., að þar með væri verið að ákveða að það fé skyldi notað samkvæmt orðanna hljóðan til uppbyggingar og til að mæta áhrifum samdráttarins, en ekki, eins og raunin hefur orðið á, til að kalla fram enn frekari samdrátt, jafnvel til þess að kaupa upp framleiðsluréttinn eða taka á Framleiðnisjóð miklar byrðar vegna samninga ríkisvaldsins við bændur.

Því er flutt um það sérstök brtt. á þskj. 1050 að þarna verði breytt um orðalag og kveðið afdráttarlaust upp úr um það að ekki sé heimilt að nota það fé sem í Framleiðnisjóð rennur til að stuðla að frekari samdrætti búvöruframleiðslunnar en leiðir af öðrum ákvæðum laganna og jafnframt að ekki skuli heldur lagðar á Framleiðnisjóð byrðar vegna samninga ríkisvaldsins við samtök bænda um verðábyrgð

á tilteknu magni mjólkur- og sauðfjárafurða, sbr. 30. gr. þessara laga.

Væri orðalagi 37. gr. breytt með þessum hætti þá væri það væntanlega orðið ótvírætt að ráðstöfun fjár úr Framleiðnisjóði á borð við það sem átti sér stað á s.l. ári væri óheimil og ólögleg og bryti klárlega gegn anda laganna. Ég er reyndar þeirrar skoðunar og hef haldið því fram áður úr þessum ræðustóli að þessar ráðstafanir brjóti gegn ákvæðum gildandi laga. En orðalag þeirra er þó óljósara hvað þetta varðar og þar eru ekki tekin af tvímæli með málsgreinum sem beinlínis banna slíka ráðstöfun þó að ég kjósi og hafi kosið að skilja ákvæði 37. gr. laganna á þann hátt að þetta sé í raun óheimilt.

Brtt. mínar ganga svo auk þess út á það að lengja þennan aðlögunartíma sem 36. og 37. gr. gera ráð fyrir og í stað þess að lengja hann um tvö ár, eins og frv. meiri hl. landbn. Ed. gerir ráð fyrir, yrði hann lengdur um fimm ár og næði fram á og með árinu 1995 í báðum tilfellum.

Enn fremur er svo að lokum flutt brtt. á þskj. 1050 um að við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að láta þegar hefja undirbúning að heildarendurskoðun laganna og skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem í samráði við hagsmunaaðila vinni það verk og leggi fyrir næsta þing.“

Ég hygg að þær breytingar, sem stjórnarmeirihlutinn er einmitt hér að gera á búvörulögunum, sanni það í raun og veru betur en mörg orð og langar ræður að æskilegt hefði verið að mönnum hefði gefist meiri tími til að vanda sig betur þegar lögin voru sett á sínum tíma og þá hefðu menn þegar í upphafi sett niður fyrir sér lengri aðlögunartíma eins og reyndar var klárlega á bent á þeim tíma að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt væri. Jafnmiklar breytingar á högum bænda og landbúnaðarins og boðaðar voru í lögunum vorið 1985 á jafnskömmum tíma gætu ekki gengið fyrir sig nema með meiri háttar röskun og vandræðum og því hefði verið nauðsynlegt að lengja þegar í stað aðlögunartímann, einnig til þess að við stjórnun búvöruframleiðslunnar væri hægt að leggja til grundvallar lengri samninga og gefa bændum þannig fast land undir fætur til lengri tíma svo að þeir væru ekki nánast frá ári til árs að skipuleggja sinn búrekstur út í óvissa framtíð.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en vísa aftur til þess að í raun og veru er tilvist þessa frv. sönnun á því að þær gagnrýnisraddir, sem hafðar voru uppi um þetta atriði laganna, hafa reynst á rökum reistar.

Það er enn fremur ástæða til að halda því til haga, eins og reyndar gert er í nál. minni hl. landbn. Ed. þar sem birt eru nál. 1. minni hl. landbn. frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985, að Alþb. varaði harðlega við þeim vinnubrögðum sem þar voru viðhöfð þegar búvörulögin voru sett á mjög knöppum tíma á vordögum. Eins og ég hef þegar sagt hefur það margoft komið í ljós að þá hefði verið heppilegra að menn hefðu haft meiri tíma og e.t.v. ráðlegra að menn hefðu þá farið að ráðum minni hlutans og lagt þau lög fyrir betur undirbúin að hausti en ekki unnið að setningu þeirra með þeim hætti sem raun bar vitni.

Það er engin spurning að það er til bóta að framlengja þennan aðlögunartíma. Og þó það væri ekki neitt annað en það, burtséð frá innihaldi frv., að við þann tíma sem bændur sjá í lögum að þeir hafa bætast tvö ár, þá er það kostur í sjálfu sér. Mér liggur við að segja án tillits til þess hvað þar væri boðað að öðru leyti, þ.e. það er strax til bóta að stefnumörkun liggi fyrir lengra fram í tímann þannig að menn viti að hverju þeir ganga og að hverju þeir eiga að stefna. Það er auðvitað alveg ljóst að í sambandi við allar fjárfestingar og ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir, mannvirkjagerð og annað af því tagi, þá er það óviðunandi fyrir þá sem standa í þessum atvinnurekstri, eins og reyndar öðrum, að vita nánast ekkert hvað þeirra bíður handan við sjóndeildarhringinn eða innan tiltölulega mjög fárra ára.

Þegar tekin hefur verið upp stjórnun í atvinnuvegi með þeim hætti sem þessi lög og ákvæði á grundvelli þeirra hafa gert, þá er það enn mikilvægara að sú stjórnun styðjist við einhverja yfirlýsta markaða eða lögbundna stefnu sem liggi fyrir eitthvað fram í tímann þannig að menn geti frekar aðlagað sinn rekstur að þeim horfum sem þar koma fram.

Það hefði verið freistandi, herra forseti, að ræða ofurlítið um stöðu landbúnaðarmálanna almennt þegar þessi lög eru hreyfð hér á þinginu og opnuð upp, en ég býst ekki við að það yrði mjög vinsælt ef sett yrðu á mjög löng ræðuhöld um það tiltekna efni nú á þessum síðasta sólarhring þinghaldsins, ef guð lofar. Ég vil þó segja það að birgðamál, þrátt fyrir þá samninga sem gerðir hafa verið, eru ekki í jafngóðu lagi og æskilegast væri og í raun og veru er ófrágenginn mikill vandi sem velt hefur verið á undan, einkanlega í sauðfjárbúskapnum alla tíð frá því að þessi lög voru sett og reyndar lengur. Og það er auðvitað mjög bagalegt þegar verið er að lengja þennan tíma með þessum hætti að ekki skuli þá liggja neitt fyrir um það hvernig eigi að taka á þeim vanda.

Ég hygg að það væri öllum til bóta að viðurkenna það að þar verður í eitt skipti fyrir öll, ef þess er nokkur kostur, að grípa til ráðstafana þannig að birgðahaldið komist í eðlilegt horf og menn haldi ekki áfram að rúlla á undan sér með tilheyrandi kostnaði og tjóni og neikvæðum áhrifum á markaðs- og sölumál afurðanna birgðavanda af því tagi sem gert hefur verið undanfarin ár. Auðvitað þyrfti þá til að koma viðbótarfjármagn þegar gert væri sérstakt átak til að koma þessum málum í eðlilegt horf.

Eitt af því sem ég gagnrýndi líka á sínum tíma, herra forseti, var það að ekki lægi fyrir nein stefnumörkun um niðurgreiðslustig og stefnumörkun um æskilegt vöruverð í búvöruframleiðslunni. Sama staða, nákvæmlega sama staða er uppi á

teningnum enn þann dag í dag. Niðurgreiðslur hafa verið rokkandi, reyndar lengst af jafnt og þétt lækkandi í tíð þessarar ríkisstjórnar, en þó hafa þar verið tekin ýmis stökk, gjarnan með skyndiákvörðunum þegar bjarga hefur þurft tilteknum vandamálum fyrir horn, annaðhvort í sambandi við kjarasamninga og búvöruverðshækkanir eða af einhverju öðru tagi. Þetta er auðvitað afar óheppilegt og ég tel mér ekki fært annað en víkja að þessu nokkrum orðum vegna þess að það er mjög bagalegt að enn skuli þessi háttur vera hafður á, að í raun og veru liggi engin stefnumörkun fyrir um niðurgreiðslustig og æskilegt opinbert aðhald eða opinbera þátttöku í því efni að halda búvöruverðinu innan hóflegra marka og tryggja að það sé í einhverju eðlilegu samræmi við kaupgetu almennings í landinu.

Ég held að þessum málum verði aldrei komið í farsælt horf nema að þar sé tryggt eitthvert tiltekið jafnvægi eða samhengi á milli, að verðlagning búvaranna sé þannig að þessar daglegu neysluvörur séu ekki dýrari en svo, eða það ódýrar skulum við segja, að hvert og eitt heimili í landinu geti veitt sér að kaupa af þeim nægjanlegt magn og helst sem mest.

Ég held, og það er stefna okkar þm. Alþb., að með því að lengja þennan aðlögunartíma um fimm ár og þannig að fyrir lægi átta ára tímabil sem væri til ráðstöfunar til að grípa til margvíslegra skipulagsráðstafana í landbúnaðinum, þá mætti að slíku tímabili loknu gera sér vonir um að staða þessara mála væri komin í mun vænlegra horf en nú er. Það er ekki í samræmi við þær alvarlegu horfur sem eru m.a. í byggðamálunum að hér skuli vera flutt á síðustu dögum þingsins þegar lítill tími er til umfjöllunar, frv. um þessa viðbót við aðlögunartímann án nokkurra annarra fylgiráðstafana og án þess að tími gefist þá til ítarlegra umræðna um stefnumörkun í landbúnaðarmálum að öðru leyti.

Þess er e.t.v. varla von að þessi ríkisstjórn fari á síðustu ævidögum sínum að leggja fram mjög bitastæða hluti í þessum málaflokki. Það hefur verið heldur magurt sem frá henni hefur komið að mínu mati og margt heldur mislukkað, enda gjarnan gagnrýnt af engum mönnum jafnharðlega og hv. þm. stjórnarliðsins, einstökum þm. stjórnarliðsins. Forseti kannast eflaust við það, a.m.k. forseti sameinaðs Alþingis að þegar hér eru umræður um landbúnaðarmál, þá eru engir jafntíðförulir í ræðustólinn og hv. þm. stjórnarliðsins, ýmist til að þvo hendur sínar eða til þess að gagnrýna eitt og annað í framkvæmd landbúnaðarstefnunnar. Og það er skiljanlegt vegna þess að þessar aðgerðir hafa valdið margvíslegum erfiðleikum og það eru óveðursblikur á lofti svo ekki sé meira sagt um framtíð íslensks landbúnaðar, ekki síst sauðfjárbúskaparins.

Það er ekki þar með sagt að ég telji þessa lagasetningu og stjórnun hæstv. landbrh. alla ómögulega og til einskis góðs maklega, og það kemur m.a. fram í því að ég mun styðja þetta frv. af því að ég tel það til bóta. Ég tel það þó ekki ganga nógu langt og mun fyrst láta á það reyna hvort menn geta fallist á brtt. sem ég flyt um að aðlögunartími verði lengdur og tvær aðrar brtt. sem ég hef gert ráð fyrir, en miðað við þá stöðu sem þessi mál eru í í dag þá væri það til bóta að mínu mati að fá framlengingu, hversu lítil sem hún er, á aðlögunartíma laganna og það get ég út af fyrir sig stutt.

Ég held ég þurfi þá ekki, virðulegur forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég vísa í nál. á þskj. 1049 og ég vísa í nál. 1. minni hl. landbn. Ed. þar sem birt voru sem fskj. með nál. gögn þar sem fram kemur stefna Alþb. í þessum málum og þær tillögur sem við höfum flutt, bæði á þessu þingi og áður, til lausnar á þeim margvíslegu erfiðleikum sem við er að glíma í íslenskum landbúnaði.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er rætt er flutt af meiri hl. landbn. Ed. að beiðni hæstv. landbrh. til breytingar á VIII. kafla laga nr. 46 frá 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er ekki staður né stund til þess að kryfja þetta mál til mergjar, en það verður að segjast eins og er að þetta er spor í rétta átt. Gengur þó ekki nógu langt. Þetta sýnir með öðru að þau lög sem gilda um þetta efni, lög um framleiðslu og sölu á búvörum, eru ekki algóð og ekki framkvæmd þeirra heldur. Mætti hafa um það mörg orð, en vonandi er þetta ekki síðasta úrbótin sem kemur fram til þess að ráða að nokkru leyti bót á framkvæmd þessara laga sem sannarlega hefur ekki farið nógu vel úr hendi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það núna þar sem tíminn er dýrmætur, en þetta eru ekki mín síðustu orð um þetta mál.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv., sem hér liggur fyrir, en hefði að sjálfsögðu viljað að það hefði gengið lengra. Að þetta frv. er nú borið fram sýnir, eins og oft áður hefur verið um talað, að búvörulögin, sem sett voru fyrir tveimur árum, hafa ekki náð þeim tilgangi sem til var ætlast. Það hefði þurft að vera miklu lengri aðlögunartími og hann er hér framlengdur með þessu frv. Það hefði þurft lengri framlengingu, en nú er komið fram á síðustu daga þingsins og ég stend þess vegna að því að frv. verði afgreitt óbreytt.

Það sem vantar að auki er að taka á birgðavandanum og leysa hann. Framleiðendur og ríkisvald þyrftu þar að taka höndum saman, koma þessum vanda úr landinu, en síðan m.a. að beita útflutningsuppbótum á innanlandsmarkaðinn og stórauka neysluna innanlands, sem vel er hægt. Það þarf í öðru lagi að endurskoða reglugerðir og gera kerfið manneskjulegra. Við setningu búnaðarþings benti formaður Búnaðarfélags Íslands landbrh. á að þetta þyrfti að gera og vonandi verður hann við því. Það þarf líka að efla búgreinafélögin og skapa þeim aukið fjármagn. Það mundi verða til þess að efla landbúnaðinn og hverja grein fyrir sig.

Nýlega skrifaði húnvetnskur bóndi grein í Morgunblaðið þar sem hann sagði m.a., með leyfi forseta: „Bændur hafa mátt þola margar plágur og eru margar þeirra af mannavöldum. Fjárkláðinn var fluttur til landsins 1856, minkaplágan 1930, mæðiveikin 1933 og síðar garnaveiki. Þessar plágur hafa valdið bændum þungum búsifjum og miklu tjóni. En allt útlit er þó fyrir að Jónsplága verði hvað mest og óskaplegust." Það frv. sem hér liggur fyrir og verður væntanlega samþykkt mun að nokkru draga úr afleiðingum Jónsplágu og þess er sannarlega þörf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

73. fundur, fimmtudaginn 19. mars, kl. 11 árdegis.

Umferðarlög, frh. einnar umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 969 (sbr. 942), brtt. 1057.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Allshn. Ed. hefur komið saman og rætt þetta mál, frv. til umferðarlaga, sem nú er komið til okkar aftur eftir mjög miklar breytingar sem gerðar voru á því í Nd. hjá allshn. Þær brtt. liggja fyrir á þskj. 819.

Nefndin hefur farið yfir þessar brtt., sem eru mjög margar, og er slík meðferð á máli satt að segja harla óvenjuleg í vinnubrögðum þingsins þó að mig bresti kunnugleika til að dæma um hvort hér séu einhverjar hliðstæður, við höfum ekki athugað það sérstaklega.

Nú var þetta mál ekki nýtt af nálinni í meðförum Alþingis. Ed. hafði fjallað mjög rækilega um málið og þm. héðan úr deildinni unnið að því á milli þinga. Frv. var lagt fram í endurskoðaðri mynd í haust. Það er þó ekki þar fyrir að umferðarmál og umferðarlög eru eilíf álitamál. Álitamálin varða nánast hverja einustu grein þessa lagabálks sem er um 120 greinar. Deilumálin eru nánast óteljandi í þessu og það eru uppi alls konar skoðanir í þjóðfélaginu um hvernig á að skipa umferðarmálum þannig að ef við ætlum að komast að niðurstöðu sem allir eru sáttir við mundi slíkur lagabálkur sem þessi seint verða afgreiddur hér í Alþingi.

Margar brtt. sem Nd. hefur gert við frv. eru um orðalag og um það verður að segja að auðvitað er orðalag á slíku frv. eilíft álitamál og má lengi þar um bæta og áreiðanlega eru margar þessar till. til bóta og ekkert nema gott um það að segja.

Hins vegar verð ég að segja að umfjöllun í fjölmiðlum um þetta frv., einkanlega í sumum dagblöðum, hefur verið með dálítið einkennilegum hætti síðan frv. kom til meðferðar í Nd. og ég hef grun um að einhver orðhengilsháttur hafi verið í vinnubrögðum þar, hjá sumum að minnsta kosti. En það er ástæðulaust að vera að orðlengja um það. Það hefur hver sínar aðferðir að þessu leyti.

Það er auðvitað álitamál eins og ég sagði hvernig lagatexti sem þessi er best orðaður. Við í allshn. Ed. höfðum að leiðarljósi að frv. væri skiljanlegt öllum almenningi, það væri greinilegt og það fæli í sér rétta lýsingu á því sem fram þyrfti að koma, væri á skiljanlegu máli. Hvað lagatexti sem þessi á að vera ítarlegur, hvað hann á að taka til margra atriða, geta menn haft skiptar skoðanir um, en lög um umferðarmál eiga að leiða til aukins umferðaröryggis. Ef sá texti sem hér er gerir lögin skýr og greinileg og eykur umferðaröryggi í landinu hafa lögin náð tilgangi sínum.

Nd. hefur t.d. gert breytingar þar sem ásþungi er tekinn út og öxulþungi settur í staðinn. Þetta geta menn deilt um. Hins vegar hafa fagmenn tekið upp þetta orð, „ásþungi", og við teljum það ná betur því sem um er fjallað. Hins vegar er þarna ekki beinlínis um umferðaröryggisatriði að ræða. Þarna er aðalmálið að hafa rétt orð um hlutina.

Mér virðist sem allshn. Nd. hafi verið fremur íhaldssöm í afstöðu sinni til umferðarmála. Hún hefur yfirleitt tekið út margar veigamiklar breytingar sem voru gerðar á frv. og fært hlutina í gamla horfið aftur. Þetta tel ég miður. Ég tel að margt af því sem Nd. breytti aftur í gamla horfið hafi verið betra, enda verðum við að sækja fram að þessu leyti.

Eitt af því sem Nd. færði í gamla horfið aftur í harðri atkvæðagreiðslu í deildinni voru þau ákvæði frv. sem lutu að umdæmaskráningu, sem lutu að því að heimilt var að afnema umdæmaskráningu bíla. Ég tel mjög miður þessa meðferð. Ég tel að þarna þurfi að breyta til. Það er með ólíkindum að þm. skuli láta tilfinningasemi sína og annarra ráða að þessu leyti, láta tilfinningasemi þeirra sem hafa krækt sér í lágt bílnúmer ráða afstöðu sinni hér á Alþingi og baka þar með öllum almenningi stóraukinn útgjöld og fyrirhöfn og skikka fólk til að vera í biðröðum hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins inni á Ártúnshöfða. Sama gildir út um allt land þar sem númeraskráning og allt það stúss sem því fylgir er jafnvel enn þá meiri fyrirhöfn og kostar ferðalög kannske um langan veg. Allt er þetta gert til að þóknast þeim mönnum sem hafa fest sig í þeirri sérvisku að halda að lágt bílnúmer sé eitthvert atriði í lífinu. Það er margt annað sem gefur lífinu gildi en lágt bílnúmer. Hins vegar var einu sinni þm. hér sem gerði texta við bílnúmerasöng og það sem ég man úr textanum er svona:

Viljir þú ná í heiminum hátt
hafa þú verður númer lágt.
Opnar þá standa þér upp á gátt
auðnunnar dyr í hverri átt.
Veraldargengið vaxandi fer
því nær sem núllinu númer þitt er.

Kannske fer þetta eftir í kosningabaráttunni og þá getum við talið úti á bílastæði hverjir hafa gott gengi

og hverjir ekki.

En nóg um þetta. Ég er samt ósammála þessari afgreiðslu Nd. á málinu og vildi láta það koma fram við þessa umræðu, en auðvitað er ekki orðið of seint að taka þetta mál upp aftur áður en lögin taka gildi því þau taka ekki gildi fyrr en í mars ef þau verða samþykkt. Nýtt Alþingi hvernig sem það er skipað getur tekið þessi mál upp á nýjan leik.

Ég vék að því fyrr í ræðu minni að megintilgangurinn með frv. og þessari lagasetningu, sem menn hafa unnið að mjög lengi, er að auka umferðaröryggi hér á landi. Ég hef fyrir satt og er sannfærður um að ný löggjöf skipti sköpum að þessu leyti því núverandi umferðarlög eru orðin gömul og úrelt í mörgum greinum. Ég hef það m.a. fyrir satt vegna viðtala við menn eins og formann Umferðarráðs sem ég talaði síðast við í morgun um þessi mál. Hann telur að þessi lagasetning skipti sköpum, jafnvel þó hún sé ófullkomin í ýmsum greinum að hans dómi og hann sé ekki sammála öllu sem þarna er sett fram. Það eru eilíf deiluefni hvað hentar best að setja í lög í sambandi við umferðarmálin.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mikið fleiri orð um þessi mál. Ég mun þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að ég sé afar ósammála vinnubrögðum Nd. í þessu máli í mörgum greinum leggja til að frv. verði með þeim breytingum sem gerðar voru í Nd. samþykkt í Ed. og við göngum frá nýrri löggjöf í umferðarmálum á þessum degi.

Það er e.t.v. gott að vera vitur eftir á. Ég vil láta það koma fram í þessari umræðu að við gerðum tilraun til þess, efrideildarmenn, að fá Nd. í vinnu með okkur í þessu máli. Við gerðum tilraun til þess að láta nefndir efri og neðri deildar vinna saman, bæði á síðasta þingi og eins á þessu þingi, en þær tilraunir báru ekki árangur. En það er leitt að hafa ekki lagt meiri áherslu á það. Þá hefði verið hægt að komast hjá vinnubrögðum eins og hafa verið við þetta frv. til umferðarlaga.

Ég endurtek að ég legg til að frv. sem hér liggur fyrir verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá Nd. Ég tel að þar sem nú er liðið á síðasta dag þings og þinglausnir eru núna kl. 4 stöndum við í rauninni frammi fyrir gerðum hlut. Þó að mér væri skapi næst að senda nokkrar breytingar niður í Nd. aftur vil ég ekki stefna frv. í hættu með því að gera það því að ég veit ekki hvaða viðtökur það fær þar og býst við öllu hinu versta í þeim efnum. Þannig legg ég til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hér hefur reyndar verið lögð fram brtt. um bílnúmeramálin og umdæmisskráninguna. Mér fyndist best ef tillögumenn gætu dregið þá till. til baka á einhverju stigi vegna þess hvernig er í pottinn búið, en auðvitað munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni að þessu leyti við þessa umræðu og ég mun ekki hafa þessi orð fleiri að sinni.

Helgi Seljan:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál uppi þó á þessum síðustu dögum og þessum síðasta degi reyndar, í dag, væri full ástæða til að taka nokkuð snarpa umræðu á þessu máli í heild sinni. Auðvitað er það rétt, sem hv. 4. þm. Austurl. kom inn á áðan, að álitamálin eru enn þá fjölmörg. Áður en ég fer út í þetta almennt vil ég aðeins greina frá því að núna t.d. hef ég frá ágætum embættismanni, sem ákveðin atriði hvíla á og munu hvíla á á næstunni, athugasemdir við frv. í þeim búningi sem það er varðandi skráningu á smátjónum sem eiga nú að flytjast til tryggingafélaganna frá lögreglunni. Að vísu höfðum við fengið það frá umferðardeild borgarinnar að það yrði leitað eftir samvinnu við tryggingafélögin til að fá skýrslur um þessi smátjón, en sannleikurinn er sá að það er mikil hætta á því, eins og þessi deildarverkfræðingur hjá embætti borgarverkfræðings bendir réttilega á, að þá verði hér um verulega afturför í skráningu að ræða og mikil spurning um hvort umferðardeildinni þykir yfirleitt svara kostnaði að safna þessum upplýsingum frá tryggingafélögunum.

Þessi sami maður bendir mér á það, sem við höfðum reyndar fjallað um en ekki kannske áttað okkur nægilega á, og sýnir það best hversu vandmeðfarið þetta mál er, að við erum í raun og veru að færa þetta eins og í fleiri greinum til samræmingar við Norðurlönd. Það hefur kannske verið það meginþema sem hefur ráðið ríkjum hjá okkur í umfjöllun þessa máls. En síðan kemur í ljós í plöggum sem hann afhendir mér að aðilar á Norðurlöndum vildu gjarnan hverfa aftur í þessum málum til þess fyrirkomulags sem við höfum varðandi þessa skráningu og sakna þess mjög að geta ekki fært skráningu allra umferðaróhappa yfir á lögregluna á nýjan leik. Það sýnir best að enn þá eru álitamál ótalmörg. Ég gat ekki stillt mig um að koma þessu hér að þó ég viti að það sé til lítils að tala um það á síðasta degi þegar við stöndum, eins og hv. 4. þm. Austurl. kom inn á áðan, gagnvart orðnum hlut.

Hér er nefnilega um býsna alvarlegt mál að ræða ef þetta verður til þess að menn hafa ekki, á þessari upplýsingaöld og upplýsingastreymisöld, nægilega góðar og haldbærar upplýsingar um þetta má segja höfuðatriði umferðarinnar, einmitt á þessu umferðarsvæði í Reykjavík, og geta ekki gengið að þeim upplýsingum á skipulegan hátt eins og þó verið hefur. Hér m.a. erum við því að flækja mál sem við hefðum ekki þurft að gera einmitt af því að við vorum að færa okkur til Norðurlandanna, til þess sem þar gildir en sem færustu sérfræðingar þar segja að þeir vildu gjarnan hafa í sama farinu og við höfum áður verið með og vildu gjarnan hverfa til þess tíma.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér því að það væri lengra mál en svo að ég tefji tímann um það, en kem þessari ábendingu á framfæri alveg sérstaklega með tilliti til þeirrar endurskoðunar sem fram á að fara á þessum lögum og í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður af þeirri skipan sem við erum nú að taka upp í stað þeirrar sem gilt hefur.

Og þá er komið að endurskoðunarákvæðinu eins

og það kemur frá Nd. og ég staldra kannske fyrst við það. Það var nefnilega boðið af hálfu okkar, sem erum í allshn. þessarar deildar, og í raun og veru boðið þeirri nefnd sem fjallar um þetta mál í Nd. að koma til móts við okkur, eftir öll þau vinnubrögð sem þar höfðu verið viðhöfð og við töldum óverjandi með öllu, með endurskoðunarákvæði og þá ekki endurskoðunarákvæði langt fram í tímann heldur að þessi mál yrðu í raun og veru í stöðugri endurskoðun. En í stað þess að mæta okkur með því að setja inn endurskoðunarákvæði sem væri skaplegt, eins árs endurskoðunarákvæði eða eitthvað svoleiðis, færa þeir þetta alveg yfir til 1991 og hefði svo sem alveg mátt, miðað við önnur vinnubrögð þeirrar nefndar, búast við því að þeir hefðu alveg eins getað sett 2001 eins og 1991 því það hefði verið í mikið betra samræmi við margt sem þeir gerðu þar í Nd. að þeir hefðu sett það hér inn. Þá hefðu þeir verið nokkurn veginn í takt við vinnubrögð sjálfra sín þar.

Auðvitað er hart að þurfa að taka við ýmsum þeim ambögum og útúrsnúningum sem Nd. hefur gert. Það er líka hart, þegar við höfum vel vandað okkur undir sérstakri forustu virðulegs forseta þessarar deildar að koma til móts við óskir um að skólabifreiðir hefðu ákveðinn rétt og þar með væri öryggi skólabarna tryggt betur en nú er í umferðarlögum, að þá skuli Nd. umsnúa því öllu saman. Það er ekki mikill taktur í þessu hjá hv. þm. Reykjaneskjördæmis þar sem hv. þm. Gunnar G. Schram hefur haft forustu fyrir því að umsnúa þessu svo fyrir virðulegum forseta sem raun ber vitni og gera greinina þannig úr garði að hún er til einskis gagns eins og hún er. Nákvæmlega einskis gagns af því hún segir ósköp einfaldlega: Það skal sýna aðgát. Umferðarlögin byggja öll á því að það skuli sýna aðgát. Þar af leiðandi þarf ekki að vera með sérákvæði varðandi þetta frekar en annað þarna. Er í raun og veru grátlegt að út úr þessu skuli hafa verið snúið svo hörmulega sem raun ber vitni eftir að við í nefndinni höfðum fundið viðunandi orðalag þar sem réttur skólabarna og öryggi þeirra var virkilega tryggt lögum samkvæmt, hvað sem verður svo um framkvæmdina á þessu sem öðru sem við erum hér að setja í lög. Það er svo annað mál.

Nokkur veigamikil atriði einnig eru hér algerlega andstæð okkar skoðunum og hafa verið nefnd hér. Ég ætla ekki að fara nánar út í það. Hégómamálið varðandi bílnúmerin er svo yfirgengilegt. Það sýnir best þroska þessarar deildar að í þessari hv. deild eru menn með hin fegurstu bílnúmer og glaðir gerðu efrideildarmenn það að afsala sér þeim með allsherjaratkvæðagreiðslu einróma um það. En í Nd. er þroskinn ekki kominn lengra en það að þar hanga menn í sínum númerum blýfastir og vilja hégómans eins vegna halda í úrelt kerfi, dýrara kerfi og um allt erfiðara og umhentara fyrir almenning.

Ég skal ekki fara út í fleiri atriði vegna þess að hv. 4. þm. Austurl. kom inn á þau, en vissulega hefði verið ástæða til að staldra við og segja einfaldlega: Það er óviðunandi að taka við þessu á þennan máta. Og að það skyldi þá ekki vera gert núna, úr því að þessu máli var teflt í þessa tvísýnu, að reyna að samræma þessi sjónarmið heldur vera með þá einstefnu sem Nd. hefur verið með — til ills í langflestum greinum. Það kann að vera að þeir hafi fundið einhverjar orðalagsbreytingar þarna niðri af því að þeir leituðu svo grannt, eins og að nál í heystakki, að einhverju sem þeir gætu breytt þar. Það kann að vera. Þeim er ekki alls varnað og það kann vel að vera að þeir hafi gert það. En hitt er annað mál að það hefði verið lágmarkið að þarna hefði farið fram nokkuð samræmd vinna í lokin ef mönnum var alvara að koma þessu máli í gegn.

Hitt er svo ljóst að Alþingi hlýtur áreiðanlega ámæli af hvoru tveggja. Annars vegar því að afgreiða málið með þessum hætti, það er alveg ljóst, m.a. með bílnúmerafarganinu eins og það var orðað einhvers staðar og öðru slíku sem þarna hefur verið fært til verri vegar, og auðvitað ýmsum álitamálum sem þarna eru. Eflaust verður það og við sjáum þegar greinar um það sem eru býsna harðorðar og sumpart byggðar á ósanngirni og á annan hátt réttmætar vegna þess að aldrei er gert svo að öllum líki. En ég held að Alþingi hafi samt enn þá meira ámæli af því að afgreiða ekki umferðarlögin frá sér þó núna, til endurskoðunar svo aftur seinna meir, ef eitthvert vit hefði verið í því endurskoðunarákvæði þannig að endurskoðun hefði í raun og veru hafist strax í ljósi þeirrar reynslu sem fæst jafnharðan af því hvernig þessi umferðarlög koma út í framkvæmd því að það er auðvitað það sem gildir í þessum efnum.

Ég verð því að segja það að ég styð það að þetta mál fari í gegn núna með þeim þó augljósu annmörkum sem eru á því, sem menn hafa teygt sig hér út og suður til samkomulags um, og með þeim göllum sem á frv. hafa orðið í Nd. og kann illa við það á mínum síðasta þingdegi að stefna máli í hættu á þann hátt, máli sem hefur verið unnið þetta mikið í, fara heldur með það út í þjóðfélagið til prófunar og athugunar og taka það upp til endurskoðunar og gera á því breytingar því þrátt fyrir þessa endurskoðun verða auðvitað gerðar á því breytingar alveg á næstu árum þar sem það sýnir sig glögglega í framkvæmdinni að þetta gengur ekki, þar á meðal varðandi það atriði sem ég kom hér inn á áðan varðandi tjónaskráninguna, að ef um það verður að ræða að þarna missa menn áttanna í þeim efnum og ná ekki því sem menn hafa þó haft fyrir, þá ber mönnum að breyta því snarlega án þess að málið sé tekið í heild til endurskoðunar.

En ég sem sagt styð það að þetta verði afgreitt hér út núna, en hef allan fyrirvara á því sem Nd. hefur gert í þessum efnum og harma það að hún skuli hafa unnið eins og stundum áður á þann hátt að taka ekki hið minnsta tillit til þess hvernig máli mundi reiða af í heildina tekið hér út úr þinginu, heldur eingöngu láta eigin duttlunga ráða.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Allt orkar tvímælis þá gert er og ég held að það sem við ætlum að fara að gera núna orki mjög verulega tvímælis, að ekki sé meira sagt. Hér er um að ræða lagabálk, mikinn bálk sem snertir nánast alla, hvern einasta einstakling. Hér er um að ræða lagabálk sem búið er að leggja mjög mikla vinnu í, fyrst áður en málið kom til kasta Alþingis, síðan á Alþingi og síðan raunar milli þinga af sérstakri nefnd sem hæstv. dómsmrh. skipaði hér og var skipuð mönnum úr þessari hv. deild. Í þetta mál hefur verið lögð mikil vinna og undirbúningur þess og aðdragandi hefur tekið langan tíma.

Skemmst er frá því að segja að málið var afgreitt héðan frá þessari hv. deild í nokkuð góðu horfi, en síðan mætti kannske orða það svo að þessi lagabálkur hefði lent í umferðarslysi í hv. Nd. þar sem búið er að rekja hvernig með málið var farið. Mér sýnist nefndin sem um það fjallaði hreinlega hafa farið út af í sinni umfjöllun, hengt sig í smáatriði, um sumt nánast útúrsnúninga, hafa sýnt vinnubrögð sem eru hreint ekki til fyrirmyndar.

Að mínu mati sýnir þetta enn einu sinni og sannar að við afgreiðslu mála af þessu tagi — sem er enginn pólitískur ágreiningur um og á ekkert skylt við það, en sem um eru mjög skiptar skoðanir og sem allir nánast hafa skoðanir á og telja sig hafa réttar skoðanir á því hver og einn að sjálfsögðu — við afgreiðslu svona mála verður að viðhafa önnur vinnubrögð svo ekki komi upp þessi deildadeila, eins og átt hefur sér stað hér, þar sem hv. neðrideildarnefnd virðist leggja metnað sinn í það að breyta sem flestu og mestu frá því sem hér hefur verið gert uns málið er komið í tímaþröng og öllu er stefnt í óefni.

Mál af þessu tagi, og það er auðvelt að vera vitur eftir á, verður auðvitað að vinna í samvinnu beggja deilda og fá þar fram þá málamiðlun sem báðir aðilar geta sætt sig við. Eftir á að hyggja hefði kannske líka verið æskilegra að í þeirri nefnd, sem hæstv. dómsmrh. skipaði og lagði í þetta mikla vinnu, hefðu verið fulltrúar úr báðum deildum. En ég segi bara alveg hreint eins og er að mig óraði aldrei fyrir því að viðbrögð Nd. við því frv. sem afgreitt var héðan yrðu með þeim hætti sem raun hefur borið vitni. Ég verð að viðurkenna það. Mig óraði aldrei fyrir því. Mér finnst afar óheppilegt, að ekki sé sterkar til orða tekið, hvernig hér hefur til tekist. Hér er um mikilvæga löggjöf að ræða og það hefur tekist að klúðra þessu máli. Þar á þessi hv. þingdeild ekki sök.

Ég ætla bara að benda á tiltölulega fá atriði því að við höfum nauman tíma hér, en það er engu að síður óhjákvæmilegt að það komi fram við þessa umræðu málsins. Ég bendi á ákvæðin um torfærutækin, þessi torfæruhjól sem hafa komist í tísku og eru hin gagnlegustu farartæki, rétt notuð og rétt beitt og geta komið þeim til góða sem þurfa að ferðast um fjöll og firnindi. Auðvitað eru þau leikföng líka en þau geta verið nauðsynleg. Þau geta verið bændum nauðsynleg t.d. og þetta eru farartæki sem út af fyrir sig er engin ástæða til að hafa neitt gegn.

Það skal viðurkennt að ákvæðin um þessi farartæki fengu ekki mjög mikla umfjöllun hér vegna þess að mönnum varð hreinlega ekki ljóst umfang þessa vanda, bæði að því er varðar tryggingar- og skráningarskyldu þessara farartækja, fyrr en á síðustu stigum málsins. Nd. gerði ýmsar breytingar. Einhverjar þeirra eru áreiðanlega til bóta — og nú tek ég það fram að auðvitað eru ekki allar þær breytingar sem Nd. gerði á málinu á verri veg, alls ekki. Sumar þeirra, fáar þó, eru áreiðanlega til betri vegar, en hinar eru miklu fleiri sem eru til verri vegar, en eftir að hv. Nd. hefur afgreitt málið, þá koma margvíslegar athugasemdir frá Náttúruverndarráði, mjög margar athugasemdir. Nú er ég hreint ekki að segja að það eigi að fara eftir öllum þeim ábendingum sem fram koma hjá Náttúruverndarráði, alls ekki. Ég hygg að þeir gangi nokkuð langt í sumum efnum. En það er hins vegar jafnvitlaust, jafnfjarstæðukennt og jafnrangt að hundsa allar þær athugasemdir sem koma frá Náttúruverndarráði, sem Alþingi kýs og hefur ákveðnar skyldur gagnvart náttúruvernd og því sem við öll viljum gera, að spilla ekki landinu. Það er jafnfáránlegt og vitlaust að hundsa þessar athugasemdir eins og verið er að gera, því miður. Þetta er bara mál sem þarf að athuga betur.

Í þriðja lagi varðandi vátryggingarkaflann. Þar hefur miklu verið breytt. Þar eru mörg álitamál. Þar hefur Nd. tekið mjög eindregið tillit til óska tryggingafélaganna. Ég skal ekki um það segja hvort þær breytingar eru allar á verri veg. Það kann vel að vera að einhverjar þeirra séu alveg réttmætar. Það hefur bara ekki gefist ráðrúm til þess að fjalla um það og ég vek athygli á þeirri ábendingu varðandi skráningu umferðaróhappa sem hv. 2. þm. Austurl. benti hér á.

Markmiðið m.a. með því að setja ný umferðarlög var að færa okkar löggjöf nær löggjöf grannþjóða, bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu, m.a. til þess að íslensk ökuskírteini geti verið fullgild í Evrópu og á Norðurlöndunum. Ég sé ekki betur en Nd. hafi breytt þar ákvæðum varðandi réttindi til að aka flutningabifreiðum eða vörubifreiðum sem eru á skjön við það allt saman og kunna, ég fullyrði ekkert um það, kunna að hafa í för með sér einhverja erfiðleika fyrir handhafa íslenskra ökuskírteina sem vilja fá þau viðurkennd er þeir aka t.d. á meginlandi Evrópu. Þetta held ég að sé misráðið.

Það hefur verið vikið hér að ákvæðinu sem þeir í Nd. sáu sóma sinn í að fella út, að ökumenn skuli stöðva þar sem merkt skólabifreið hefur numið staðar til að hleypa farþegum, þá væntanlega börnum, inn eða út. Ég tel þetta háskalega breytingu. Ég tel að málið hefði verið í betra horfi eins og við afgreiddum það og öryggi barna hefði verið betur tryggt í umferðinni. Ég bara rifja það upp í einni setningu af því að mér er það svo minnisstætt þegar ég var að aka fyrst erlendis, í Bandaríkjunum, fyrir

eitthvað aldarfjórðungi og skólabræður mínir leiðbeindu mér þar. Það jaðraði við að það gæti verið dauðarefsing við því, það er kannske djúpt í árinni tekið, að fara fram úr skólabifreið sem hafði numið staðar þar. Þar eru skólabifreiðar raunar miklu meira notaðar en hér. Það var það fyrsta sem mér var kennt: Gerðu það aldrei. Lögreglan tekur af þér skírteinið og sektar þig um leið.

Síðan koma hinir vísu menn hér og fella þetta ákvæði út. Um hagsmuni hvers er verið að hugsa? Er verið að hugsa um hagsmuni barnanna? Er verið að hugsa um að tefja ekki ökumenn í tvær eða þrjár mínútur? Ég satt að segja fæ ekki orða bundist. Hvað liggur að baki slíku?

Ég hafði einsett mér það, virðulegi forseti, að tala ekki mjög lengi um þetta mál enda þótt ég eigi margt ósagt og gæti talað töluvert langt mál um þetta. En það eru þó ýmis atriði enn sem ég tel nauðsynlegt að benda á. Ég ætla að sleppa því að fara út í ýmiss konar smáatriði, breytinguna á orðinu ásþungi sem við höfðum tekið upp hér, sem þeir hafa breytt aftur í öxulþungi. Ég skal viðurkenna það að öxulþungi er það orð sem hefur verið notað, en ég held að ásþungi mundi mjög fljótt vinna sér sess, enda gott orð. Og það er miklu, miklu réttara orð af því að það er ásinn sem ber þungann, ekki öxullinn. Það er öxullinn sem knýr og snýst, en ásinn er burðarás bifreiðarinnar og þunginn hvílir á honum. Þetta er rökfræðilega og málfarslega miklu réttara og betra orð og það hafa hinir vísustu menn bent okkur á sem fjölluðum um þetta mál á sínum tíma. Þetta var engin uppfinning okkar.

Síðan er fellt út, ef ég man rétt, þetta eru svo margar breytingar að það mundi æra óstöðugan að rekja þær allar, að sitja klofvega á bifhjóli, að farþegi skuli sitja klofvega. Þetta er gert að svona stráksskapar- og skemmtunarmáli í blöðum. Ef grannt er skoðað þá er þetta einfaldlega öryggisatriði. Það getur vel verið að mönnum finnist það hallærislegt orðalag að sitja klofvega. Það er það bara ekki. Þetta er góð íslenska sem allir skilja. Hvað gengur mönnum til að fella slík ákvæði út?

Það er ýmislegt fleira sem hefði átt að vera inni í þessum lögum. T.d. barst eitt í tal á nefndarfundi hér áðan, sem er áhugamál virðulegs forseta og þess sem þetta mælir, hjálmanotkun barna á reiðhjólum. Það ákvæði hefur ekki komist hér inn í þessi lög. Það ætti að vera inni í þessum lögum. Þau meiðsl sem börn verða fyrir í hjólreiðaslysum eru jafnaðarlega og oftast höfuðmeiðsl og það eru alvarlegustu meiðslin. Þetta vantar inn í lögin.

Þá var breytt ákvæðum um ljós og ljósanotkun. Það segir í frv. núna, eftir breytingarnar:

„Við akstur bifreiðar og bifhjóls skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.“ Þetta þyrfti að orða með öðrum hætti. Ég er sammála því að ljós eigi að loga á bílum í akstri hvort sem er bjartur dagur eða svört nótt, rökkur, ljósaskipti, það eiga að vera ljós. Margir bílar eru þannig búnir núna að ljós kvikna um leið og þeir eru settir í gang. En eru það lögboðin ljós? Það eru ekki full ljós. Það er ekki lági geislinn, það er ekki hái geislinn, það eru ekki biðljósin, það eru ljós sem eru þarna á milli. Í sumum tilvikum eru það aðalljósin sem lýsa þá með minna ljósmagni en lági geislinn. Í sumum tilvikum eru það stöðuljósin sem lýsa þá bæði fram og til hliðar þar sem þau eru á hornum og eru bjartari en stöðuljósin venjulega. Þetta kemur bara til með að valda ruglingi. Þetta er kannske smáatriði, en þetta er engu að síður atriði sem ætti að huga betur að vegna þess að ég held að það muni gerast í mjög vaxandi mæli að allir bílar, sem eru fluttir til landsins, verða þannig að ljós, einhver ljós, kvikna um leið og þeir eru settir í gang. Það eru ekki háu ljósin og það eru ekki lágu ljósin, en það eru ljós og það er það sem dugar, þannig að hér er líka álitamál.

Áður en ég geri hér endanlega grein fyrir afstöðu minni, þá kemst ég ekki hjá því að víkja að þessu svokallaða númeramáli, sem á sér nokkra sögu hér á hinu háa Alþingi. Og nú skal ég, virðulegi forseti, reyna að gera langa sögu stutta. Ég er hér með a.m.k. þrjár skýrslur um Bifreiðaeftirlit ríkisins þar sem fjallað er um starfsemi þess og hún skoðuð. Það hefur nefnilega engin opinber stofnun verið skoðuð jafnrækilega og Bifreiðaeftirlitið, þessi skoðunarstofnun. Og hvað hefur gerst þegar menn hafa skoðað Bifreiðaeftirlitið, farið ofan í saumana á starfsemi þess? Það fyrsta sem menn reka augun í er að það eigi að breyta númera- og skráningarkerfi bifreiða, færa fyrir því rök.

Í skýrslu um starfsemi Bifreiðaeftirlitsins frá 1977, og áreiðanlega hefur þetta ekki breyst síðan, kemur fram að af starfstíma bifreiðaeftirlitsmanna og vinnu starfsmanna hjá Bifreiðaeftirlitinu fara 33,6% í umskráningar og eigendaskipti. Þriðjungurinn af tíma bifreiðaeftirlitsmanna fer í þetta.

Það hringdi til mín bifreiðaeftirlitsmaður vestan úr Stykkishólmi og það er ágætt að hv. þm. Friðjón Þórðarson heyri það, þó að hann eigi ekki sæti í þessari hv. deild, og hann sagði efnislega m. a.: Ætlið þið nú ekki að vera skynsamir og samþykkja þessa breytingu á númerunum til þess að við bifreiðaeftirlitsmenn getum gert það sem við eigum að gera, þ.e. fylgjast með því að ökutæki séu í lagi og ekki stafi frá þeim hætta? Ég sagði jú, ekki skortir okkur viljann í efri deild, en það sama verður ekki sagt um þá félaga okkar í neðri.

Í skýrslu um Bifreiðaeftirlit ríkisins frá árinu 1975 og greinargerð sem Hannar s.f. gerði er sagt frá þessu nýja númerakerfi. Samkvæmt þessu nýja kerfi verða eins og fyrr segir engar umskráningar, með leyfi forseta: „Hver bifreið fær númer sem hún heldur frá því hún er fyrst sett á skrá þar til hún er afskráð sem ónýt bifreið.“ Þetta er árið 1975.

„Helstu verkþættir sem falla niður við brottfall umskráninga eru:

1. Að úthluta númeri.
2. Að taka á móti skráningarspjöldum.
3. Að afhenda skráningarspjöld.
4. Að skrifa spjald í spjaldskrá, nema ef bifreiðin

er seld út á land.

5. Að skrifa umskráningarvottorð vegna bifreiðar sem seld er út á land.

6. Að taka við greiðslu fyrir skráningarspjöld.

Auk þess sparast verulega í númeravörslu. Bæði sparast vinna og húsnæði þar eð númer sem geyma þarf verða aðeins lítill hluti af því sem nú er." Hér er ekkert talað um þann tímasparnað sem þetta mundi leiða til hjá viðskiptavinum og bifreiðaeigendum.

Síðan segir hér í þessu 12 ára gamla áliti:

„Það er álit okkar að ofannefndar breytingar á núverandi umskráningu geti haft í för með sér fækkun á mönnum er nemur allt að sjö manns. Að jafnaði voru u.þ.b. tíu manns starfandi við umskráningar og eigendaskipti í Reykjavík á árinu 1974. Þá voru umskráningar og eigendaskipti 15 700." Þetta var frá 1975.

Næsta skýrsla er frá því í september 1978, áfangaskýrsla nefndar um minnkun ríkisumsvifa, Bifreiðaeftirlit ríkisins. Og hvað segir hér? Þar segir að 31% af starfstíma bifreiðaeftirlitsmanna fari í umskráningar og eigendaskipti. 31%.

Enn er hér skýrsla frá 1979, starfshóps um skipan Bifreiðaeftirlits. Þar segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn telur æskilegt að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag á bifreiðaskráningum þannig að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið og þar með felld niður umskráning vegna eigendaskipta, svo og skoðun í tengslum við hana."

Síðan segir hér í áliti þessa starfshóps:

„Reiknað hefur verið út að hið breytta fyrirkomulag á skoðun og skráningu bifreiða geti sparað Bifreiðaeftirliti ríkisins samtals 13 mannár eða 68,9 millj. kr. ef öll rekstrargjöld eru meðtalin. Skoðunargjöld mundu lækka nokkuð og gjöld fyrir umskráningu og þess háttar falla algjörlega niður."

Þá hef ég lokið lestri úr þessum skýrslum, virðulegi forseti. Ég gæti vissulega lesið miklu, miklu lengra mál til að rökstyðja þetta frekar, en þess gerist engin þörf. Allir aðilar, sem hafa skoðað þetta mál, nema hið háa Alþingi, hafa komist að þeirri niðurstöðu að það beri að breyta númerakerfinu og taka upp föst númer á hverja bifreið eins og alls staðar er gert.

Hér í Ed. hefur niðurstaða okkar orðið sú hin sama. Það eru hagkvæmnissjónarmið. Öll rök mæla með þessu. Það eru sparnaðarsjónarmið, það eru skynsemissjónarmið. Þetta sparar öllum tíma og peninga.

En hvað gerist svo í hv. Nd.? Þar ræður hégómaskapurinn ríkjum. Lágu númerin. Því miður. Þar bara taka menn ekki rökum. Þar er þetta tilfinningamál og ef hægt er að tala um tilfinningarök, sem er vissulega hægt, þá ráða þau ferðinni. Menn vilja ekki draga úr kostnaði, hvorki fyrir bifreiðaeigendur né hið opinbera. Menn vilja ekki spara. Menn vilja viðhalda gamla kerfinu. Og mér er það satt best að segja gjörsamlega óskiljanlegt hvers vegna menn taka ekki rökum. En þegar tilfinningar eru annars vegar eins og þarna, og auðvitað getur maður sett sig í spor þeirra sem hafa átt eitthvert fallegt númer, tveggja stafa númer í 20–30 ár, það er svo sem mannlegt að skilja að þeir vilji ekki farga því. En það er líka erfitt að skilja það hvers vegna menn ekki taka rökum í málinu þegar rökin eru jafnborðliggjandi og raun ber hér vitni.

Ég ætla ekki að segja mikið meira um þetta. Þó má bæta því við að fyrir þessa menn, sem hafa gaman af því að eiga svona sérstæð númer, hver sem þau eru, ég ætla ekkert að fara að skemmta neinum með því að nefna hér númer, það er af nógu að taka hér úti á bílastæðum þingsins, en ég ætla ekki að gera það. En ef menn vilja vera með eitthvert svona kerfi, þá er það einfaldasti hlutur í heimi með tölvuskráningu. Þá geta menn bara næstum því að vild valið sér númer. Þannig er þetta víða erlendis, í Kaliforníu t.d. Þar geta menn valið sér bókstafi, menn geta valið sér upphafsstafina sína, menn geta valið sér nafnið sitt jafnvel. En þeir borga bara fyrir það extra af því að það kostar aukaumstang hjá hinu opinbera. Það mætti alveg taka upp svona kerfi þannig að hégómaskapnum væri þá fullnægt og menn gætu búið sér til einhver sérstök númer, hvort sem það er 111 eða 222 eða 333 eða 123 eða 321. Menn hafa næstum því — ég segi, næstum því óendanlega valmöguleika í svona kerfi og nútímagagnaskráning gerir það kleift að halda utan um þetta allt saman. Þetta gætu menn gert og komið til móts við þessi nátttröll, því miður, verð ég að segja, sem vilja halda í þetta gamla kerfi sem er löngu sprungið.

Hafið þið tekið eftir því, hv. þm., að það er ekki lengur hægt að koma númeraspjöldunum á sumar bifreiðir, það verður að beygja þau í U og þá er ekki lengur hægt að lesa númerin. Þetta er náttúrlega einfalt framkvæmdaatriði. Bifreiðaeftirlitið gæti auðvitað búið til minni spjöld, en það er ekki gert af því að þeir eru kannske svolítið steinrunnir líka. En þetta er orðið þannig að það er ekki hægt að lesa númer þegar búið er að beygla þau í U. Þetta mál er bara allt tóm vitleysa og veldur mér satt að segja sárum vonbrigðum hvernig þingbræður okkar, og systur væntanlega þó að ég viti nú ekki um afstöðu þeirra í þessu máli eða hvort hún er yfirleitt fyrir hendi, hafa brugðist við í Nd. Þetta er satt best að segja alveg með ólíkindum.

Virðulegi forseti. Ég hafði einsett mér að tala alls ekki lengur en til kl. 12 með tilliti til þeirra annarra sem hér eiga eftir að tala og með tilliti til þess tíma sem hér er til umráða. Það hefur vegið mjög salt í mínum huga hvaða afstöðu ég ætti að hafa til þessa máls nú þegar búið er að forklúðra því svona gjörsamlega. Ég hef unnið töluvert mikið að þessu máli ásamt fleiri hv. þm. í þessari ágætu deild. Samviska mín og skynsemi segja mér að þetta sé stórlega gölluð löggjöf sem við ætlum að fara að afgreiða og í rauninni til vansa. Hins vegar segir samviska mín og skynsemi líka að það væri sömuleiðis til vansa ef við kæmum þessu máli ekki frá okkur og afgreiddum það ekki eftir alla þá umfjöll-

un sem það er búið að hljóta. Ég dreg ekkert úr því að það er auðvitað ýmislegt til bóta í þessu frv., það er ýmislegt til bóta alveg tvímælalaust, en það er líka margt sem hefur farið aflaga, því miður.

Þess vegna, virðulegi forseti, er það niðurstaða mín að ég mun greiða atkvæði með samþykkt þessa frv. En ég geri það í rauninni bæði með hundshaus og hangandi hendi. Ég segi það alveg hreint eins og er, að ég ætla að gera það samt vegna þess að mér finnst hitt í rauninni vera verri kostur að stefna málinu í tvísýnu, láta það daga uppi og leggja því lið að málið stöðvist. Ég treysti mér einfaldlega ekki til þess að gera það. Ég veiti þessu máli atbeina og brautargengi, ekki með glöðu geði, langur vegur frá, en ég geri það m.a. vegna þess að gildistökuákvæðin eru 1. mars 1988 og þeir sem hljóta kosningu til setu á nýju Alþingi geta tekið þetta mál upp í haust og lagað það svolítið til áður en lögin taka gildi. Það geta þeir gert. Nú veit enginn um sína pólitísku framtíð hér í þeim efnum, hverjir munu taka hér sæti á nýju þingi, en ég mun beita mér fyrir því að þeir, sem sitja hér á þingi fyrir minn flokk er þing kemur saman í haust, taki þetta mál upp að nýju og af því verði sniðnir nokkrir annmarkar og að reynt verði að ná um það miklu breiðara samkomulagi en tekist hefur til þessa.

Ég tek að lokum undir það sem hv. þm. Helgi Seljan sagði hér áðan að þessi endurskoðunarákvæði sem miðast við 1991 eru náttúrlega gjörsamlega út í hött. Það hefði, eins og hv. þm. sagði, alveg eins mátt vera 2001 þess vegna.

En það er tæpt ár þangað til lögin eiga að taka gildi. Það er enn ráðrúm til að laga þau áður en þau taka gildi og í trausti þess að það verði gert og að þetta mál verði lagað, þá mun ég greiða því atkvæði nú þó ekki sé það með glöðu geði gert, en stundum er það nú svo í þessu starfi eins og öðru að maður verður að gera fleira en manni aldeilis gott og kannske allra best þætti.

Stefán Benediktsson:

Frú forseti. Ég verð að taka undir með hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni að gera verður fleira en gott þykir. Ég vil láta það koma skýrt fram strax í upphafi máls míns að ég mun greiða atkvæði með þessu frv. þó að ég hafi eitt og annað við það að athuga. Það hlýtur náttúrlega hverjum manni að vera ljóst að þegar verið er að afgreiða frv. í 120 lagagreinum getur ekki farið svo að maður sé sáttur við allar greinar þess frv. og verður því að taka afstöðu til heildarinnar. Það er þó líka greinilegt að endurskoðunarákvæðið, sem búið er að samþykkja við þetta frv., um það að lögin verði tekin til endurskoðunar 1991, fullnægir ekki nándar nærri vilja og kröfum manns um það að reyna að bæta þetta frv. og þetta endurskoðunarákvæði kemur reyndar ekki í veg fyrir það að frv. verði skoðað á hvaða tíma sem er. Það er reyndar fyrirsjáanlegt að næsta þing, þegar það kemur saman, fær mjög mikið að starfa eingöngu við það að laga þau frv. sem samþykkt voru á þessu þingi. Fer þá eiginlega starfsvettvangur þingsins að verða nokkuð hjákátlegur þegar eitt þing samþykkir aragrúa af frv. — ég minni hér á t.d. frv. um tekju- og eignarskatt og lög um staðgreiðslu sem búið er að samþykkja — en næsta þing hefur svo kannske aðalstarfa af því að fara í gegnum þau frv. sem samþykkt voru á seinasta þingi til þess að lagfæra þau og koma þeim að einhverju leyti í það horf sem menn raunverulega vildu þegar þeir afgreiddu lögin. Þá verður nú að viðurkennast að maður sér kannske lítinn tilgang í því að vera að afgreiða frv. og gera þau að lögum með slíku hugarfari.

Nd. hefur gert breytingar á frv. eins og það kom frá Ed. og það verður að viðurkennast að miðað við þann langa umhugsunartíma sem Ed. tók sér við þetta frv., en hún hafði það milli handa í fleiri en eitt þing og setti í það sérstaka starfsnefnd að fara yfir frv. og eiga viðræður við alla þá aðila sem umsögn gátu veitt um þetta frv., var allshn. Nd. greinilega ólíkt fljótari að skoða hug sinn en allshn. Ed. því að það tók hana ekki nema nokkra daga að sjóða saman allar þær brtt. sem voru gerðar á frv. í Nd. og eru sumar þeirra þó nokkuð alvarlegar.

Ég vil lýsa óánægju minni með þá breytingu sem gerð var á 18. gr. frv. um hegðan ökumanna þegar þeir nálgast hópferðabifreið, eða hópbifreið eins og það kallast nú, eða skólabifreið. Menn höfðu fjallað um þetta mál þó nokkuð ítarlega hér í þessari hv. deild og komist að þeirri niðurstöðu að til að tryggja mætti sem best öryggi allra væri nauðsynlegt að hafa þessi ákvæði strangari en Nd. nú vill. Og eðlilegt hefði náttúrlega verið í samræmi við þá niðurstöðu okkar að við gerðum það að okkar tillögu að breyta því til fyrra horfs. Við vitum hins vegar hvað það mundi kosta. Það munda kosta það einfaldlega að þessi lög yrðu ekki afgreidd á þessu þingi og það gengur þá gegn almennum vilja okkar.

Eins sé ég ekki ástæðu þeirrar íhaldssemi sem kemur fram í breytingu Nd. við 32. gr. um lögboðna ljósaskyldu því að eins og hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason benti á fer þeim bifreiðategundum sífellt fjölgandi sem eru með þennan öryggisbúnað innbyggðan, þ.e. það kviknar á ljósum bifreiðarinnar um leið og hún er sett í gang og það slokknar einfaldlega á þeim þegar á bifreiðinni er drepið og í sjálfu sér þurfa ökumenn þá ekki að hafa neinar áhyggjur af því hvort ljós eru logandi eða ekki, bifreiðin og tækni hennar sér um það.

Efrideildarnefndin gerir líka þó nokkuð miklar breytingar á bótakröfugreinum frv., þ.e. þeim greinum sem lúta að vátryggingu og ábyrgð á tjóni eða bótaábyrgð. Þær breytingar eru að því leyti í hæsta máta undarlegar að við höfðum hér í þessari deild að höfðu samráði við vátryggingarfélög reynt að færa greinar frv. til þess horfs sem passaði má segja nútímaástandi í umferðarmálum, en að því er við fáum best heyrt hér í Ed. mun þessum greinum síðan hafa verið breytt aftur til fyrra horfs, þ.e. til gamaldags hátta, líka að tilstuðlan vátryggingarfé-

laganna, en þau höfðu einmitt verið höfð með í ráðum þegar við vorum að breyta þessum greinum frv. Ég verð að lýsa undrun minni yfir slíkum vinnubrögðum.

Því atriði sem allir vita að gat sparað bifreiðaeftirliti, eins og fram hefur komið, 13 mannár og líklega u.þ.b. 20 millj. kr. á núgildandi verðlagi, þ.e. að númer fylgi bifreið í stað þess að skipta þurfi um númer í hvert skipti sem bifreið skiptir um eiganda eða fer milli lögsagnarumdæma, breyttu neðrideildarmenn aftur til þess að fullnægja þeirri tilfinningasemi sem býr að baki því að hafa eitthvert ákveðið númer sem stöðutákn. Ég tek undir það sem 5. landsk. þm. sagði: Mér finnst fyllilega réttlætanlegt að skattleggja þá sérstaklega sem endilega vilja halda þessu gamla númerakerfi vegna þess að því verður ekki á móti mælt að þeir hinir sömu, sem vilja halda í gamla númerakerfið, eru að skattleggja aðra um 20 millj. kr. Ég tel því að þeir ættu eins vel að geta borgað kostnaðinn af þessari fordild sinni sjálfir. Hefði maður haft tíma og aðstöðu til þess hefði verið ástæða til að leggja fram brtt. við 64. gr. frv. þess efnis að í stað: Ökutæki skal skráð í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing — eins og Nd. vill hafa það, þetta er það sem tryggir gamla númerakerfið — stæði: Leyfilegt er að skrá ökutæki í umdæmi þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing. Í þessu fælist þá einfaldlega það að ráðherra eða bifreiðaeftirliti viðkomandi lögsagnarumdæmis væri heimilt að taka gjald fyrir þá sérvisku að vilja láta skrá ökutækið í sínu eigin lögsagnarumdæmi, og bæri gjaldið að fullu uppi þann kostnað sem af því leiddi. Við erum í raun og veru, eins og þetta stendur núna og mun líklega endanlega verða samþykkt, að skapa hér ákveðin forréttindi í þjóðfélaginu, fólks sem nýtur ákveðinnar sérstöðu í gegnum það að hafa þessi númer sem það elskar svo mjög. En kostnaðinn af því greiðir allur almenningur með því að borga þá vinnu sem fram fer hjá bifreiðaeftirlitunum við það að viðhalda þessu forna forréttindakerfi.

Það vekur manni undrun, því maður verður svo oft var við það hér á þingi hvað menn hafa miklar áhyggjur af útgjöldum hins opinbera og álögum á almenning vegna þeirra útgjalda, að menn skuli ekki hlusta á jafneinföld og eðlileg rök eins og liggja fyrir þessari breytingu, þ.e. að með því að breyta til þess horfs að láta skráningarnúmer fylgja bifreið sé hægt að spara 31–33% af vinnutíma bifreiðaeftirlitsstarfsmanna og spara bara hér í Reykjavík a.m.k. 10–13 mannár og upphæðir á borð við það sem hér hefur verið nefnt, í kringum 20 millj. kr.

Eins og fyrir liggur höfum við hv. þm. Karl Steinar Guðnason lagt fram brtt. við 64. gr. um það að sú setning sem Nd. setti inn í frv. verði látin falla brott aftur. Viljum við þar með láta endanlega reyna á það hvort ekki megi ná þeirri skynsemi út úr þingi og þingmönnum að ljúka starfsári sínu núna með því að spara þjóðinni á einu bretti 20 millj. kr. Ég verð að lýsa furðu minni yfir því ef menn ætla að slá hendinni á móti jafnauðveldri, einfaldri og stórri gjöf sem þeir gætu gefið landsmönnum svona undir lok þessa þings.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hef ásamt Stefáni Benediktssyni lagt fram brtt. við umferðarlögin sem lúta að því að taka upp nýtt skráningarkerfi á bifreiðar, afnema það rugl og vitleysu sem uppi er með núverandi skráningarkerfi, færa frv. í það horf sem var þegar það fór héðan frá deildinni. Það hafa verið færð mjög góð rök fyrir því að þessi breyting verði gerð. Ég ætla ekki að tíunda þau hér en þó að segja það að núverandi kerfi ýtir undir hégóma og snobb, sóar fjármunum, sóar starfskröftum, er forneskja sem ber að afnema.

Það hefur komið fram í máli manna að menn óttast það að verði tillagan samþykkt, sem ég tel líklegt að verði, svo eindregin var skoðun manna þegar frv. fór frá deildinni til Nd., verði það til þess að frv. nái ekki afgreiðslu í Nd. Ég vil ekki vera valdur að því. Við viljum ekki vera valdir að því, við félagarnir sem berum fram þessa brtt., en ég tel ástæðu til að taka málið upp á næsta þingi og breyta númerakerfinu yfir í nýtískulegt horf, koma því frá þeirri vitleysu sem samþykkt var í Nd.

Ég mun því, og við félagarnir, draga þessa tillögu til baka í þetta sinn svo að tryggt verði að umferðarlagafrv. komist í gegn en ítreka það að ég tel nauðsynlegt að málið verði tekið upp til breytinga á næsta þingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Það hefur verið komið inn á flest eða öll þau atriði sem ástæða var til að minnast á vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á þessu frv. hjá hv. Nd. svo að ég mun stytta mál mitt eins og ég get. En þó eru örfá atriði sem ég ætla að minnast á.

Ég get tekið undir með hv. 5. landsk. þm. að ekki óraði mig heldur fyrir því að málið fengi slíka afgreiðslu í hv. Nd. sem raun ber vitni. Það er einnig rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði í sinni ræðu að þetta mál, umferðarlagafrv., er þess eðlis að það verður seint hægt að fara eftir óskum allra í þeim efnum. Þetta er mikið tilfinningamál hjá mörgum og persónubundið. Við höfum vissulega fengið að heyra þetta að undanförnu bæði hér á hv. Alþingi og sérstaklega kom það kannske fram í afgreiðslu hv. Nd. á frv. Því miður verður að segja það að fjölmiðlar hafa sumir hverjir haft tilhneigingu til að draga fram umræður og skrifa um þessi mál í hálfkæringi og jafnvel í hæðnistón. Öðruvísi hefur málið kannske ekki þótt fréttnæmt og er þá skemmst að minnast greinar sem birtist í Dagblaðinu í gær. Þar mælir Dagfari og fyrirsögnin „Skylt er að sitja klofvega“ er til þess að vekja athygli á þeim hæðnistón sem einkennir umfjöllunina um frv. í því blaði. Þar er komið inn á ýmis atriði sem eru fremur smáatriði og verið að snúa út úr þeim í hæðnistón,

eins og það að enginn hafi vitað fyrr og að það sé mikil lagabót að vita t.d. hvar séu vegamót, að það sé þegar vegir mætast eða skerast, svo að eitthvað sé nefnt. Það er farið háðulegum orðum um ljósin eins og fyrri daginn, að nú skuli allir nota ljós um hábjartan sumardaginn, og virðist sá ágæti maður sem skrifar Dagfara og ætíð fer huldu höfði ekki enn hafa öðlast skilning á þeirri þýðingu og þeirri tillitssemi sem vegfarendum, gangandi eða ökumönnum sem á móti bifreið koma, er sýnd með því að aka með ljósum jafnvel um hábjartan sumardaginn.

Ég get ekki á mér setið að rifja það upp þegar ég flutti í fyrsta sinn á hv. Alþingi frv. um að nota ökuljós allan sólarhringinn allan ársins hring. Það eru fjögur ár síðan, það var snemma árs 1983. Þá fékk ég þannig kveðjur — þá hét hann nú reyndar Svarthöfði — í Dagblaðinu að það var í raun og veru mælst til þess að þessi þingmaður yrði ekki kosinn í prófkjöri sem þá var rétt að hefjast í því kjördæmi sem ég er þm. fyrir.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og þá vakti þetta mál athygli og umræðu. Að vísu voru margir sem gerðu grín að þessu, gerðu grín að þm. sem flutti svona fáránlegt mál, en eftir því sem árin hafa liðið og umræðan orðið meiri um þetta atriði hafa fleiri farið að nota ökuljósin og nú er svo komið að þeir eru að verða fleiri sem það gera en hinir sem ekki aka með ljósum alltaf.

Þess vegna var það vissulega fagnaðarefni að hv. Nd. skyldi nú álpast til þess — ég get nú ekki annað sagt — að samþykkja brtt. við frv. eins og við sendum það héðan frá Ed. um að hafa ljósin kveikt allan sólarhringinn, líka um hásumarið, vegna þess að það var samkomulag hér í hv. Ed. að ganga ekki lengra en raun bar vitni, þ.e. að ökuljós skyldu notuð frá 1. sept. til 30. apríl. Síðan mættu menn, þeir sem það vildu, slökkva á ljósunum yfir hásumartímann. Þetta gerðum við til þess að vera nú örugg um að málið kæmist í gegnum Nd., að það yrði nú ekki drepið þar eins og hefur gerst á undanförnum fjórum þingum, því að hér hef ég flutt frv. um þetta mál á fjórum þingum ásamt fleiri hv. þingdeildarmönnum og það hefur farið í gegnum þessa hv. deild en ætíð verið svæft í allshn. Nd. Nú ætluðum við að koma í veg fyrir að þarna yrði slys með því að koma til móts við menn sem ekki voru enn búnir að átta sig á hlutunum. En þá gerist þetta merkilega: það er samþykkt brtt. við frv. í Nd. um það að nú skuli bara *ljósin kveikt allan sólarhringinn, allan ársins hring.* Þar er gamla frv. mitt uppvakið. Ég vil svo sannarlega koma við þetta tækifæri á framfæri þakklæti til hv. Nd., að þar hafi þeim tekist vel í allri slysasögunni varðandi þetta mál.

Hins vegar er það dapurlegt, og ég vil segja sorglegt, atriðið sem hér hefur verið nefnt af hv. þm. sem hafa talað á undan mér. Það er varðandi 18. gr. frv. um merktar skólabifreiðar, um það að ökumenn, sem nálgist slíka bifreið sem er að hleypa farþegum út eða inn, skuli nema staðar á meðan. Þetta er fellt út og síðan á bara að hafa sérstaka aðgát. Og hvað þýðir nú það? Hvenær er það sem ökumaður á ekki að hafa sérstaka aðgát?

Eins og var nefnt hér á undan er það hörmulegt að hv. þingdeildarmenn í Nd. skyldu ekki átta sig á hvað hér er á ferðinni. Hér er verið að vinna fyrirbyggjandi starf gagnvart börnum, skólabörnum, og það vill nú svo til að einn varaþingmaður sem sat hér á þingi á s.l. ári upplifði það sjálfur að þurfa að fylgja nemanda sínum til grafar sem hafði orðið fyrir slysi einmitt af þessum ástæðum. Þessi hv. varaþingmaður skrifaði mér bréf til þess að lýsa því yfir að hann hefði áður verið í vafa um þetta ákvæði en nú væri hann sannfærður. Því miður var þetta atriði fellt út úr frv. og dregnar úr því vígtennurnar, ef svo má að orði komast, og það gert marklaust.

Ég vil því taka undir með þeim hv. þm. sem hafa talað á undan mér um að þetta verður eitt af þeim atriðum sem við — eða þeir — þm. ætlaði nú að vera bjartsýnn og halda að hann kæmist aftur á þing en hv. 5. landsk. þm. þorði ekki að taka sér slíkt í munn, ég skil það nú eiginlega ekki, en ég vil bara vera bjartsýn og segja að við sem verðum á næsta þingi munum taka þetta ákvæði upp ásamt ýmsum öðrum og reyna að koma lagi á þau mál sem hafa verið úr lagi færð.

Ég held að ég sé ekki að orðlengja þetta mikið meira. Jú, ég vildi nefna það sem hv. 5. landsk. þm. kom einnig inn á og hefur verið mitt áhugamál og það er að það sé lögbundið að börn á reiðhjólum skuli hafa öryggishjálma. Það er e.t.v. ekki nauðsynlegt að þetta sé lögfest. Þetta mætti væntanlega setja í reglugerð og ég vildi a.m.k. beina því til núverandi hæstv. dómsmrh. að hann beiti sér fyrir því að þetta atriði verði kannað, hvort ekki sé hægt að setja slíkt í reglugerð.

Það hefur komið fram að það er nauðsynlegt að fylgja þessu frv. eftir með kynningu þegar það er orðið að lögum og það er ástæða til að fagna því að í gær var samþykkt í hv. Sþ. þáltill. sem ég ásamt fleiri þm. flutti um þjóðarátak í umferðaröryggi. Það er markmiðið að undirbúningur að slíku þjóðarátaki verði hafinn til þess að það geti komið í kjölfar þessara laga þegar þau taka gildi.

Ég vil minna á það aftur hvaða þýðingu það hefur að reyna að stuðla að því að þeir sem ferðast um, hvort sem þeir eru gangandi eða akandi, sýni tillitssemi og hafi aðgát. Það hefur komið fram að núna aðeins í janúarmánuði urðu 544 umferðaróhöpp aðeins þar sem umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík hafði með að gera. Af þeim voru 47 slys, má ég segja.

Þetta sýnir okkur hvað það er nauðsynlegt að endurhæfa okkur öll og það er markmiðið með þessu þjóðarátaki sem ég minntist á, að gjörbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun. Með því móti má nánast útrýma

þeim umferðarslysum sem stafa af vankunnáttu, þjálfunarleysi og tillitsleysi við aðra vegfarendur. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir þá ríkisstjórn sem situr á næsta þingi að sýna það að gerð verði gangskör að því að koma slíku þjóðarátaki á.

Varðandi þetta frv. vil ég þakka hv. 6. landsk. þm. fyrir að hann lýsti því yfir að þeir mundu draga sína brtt. til baka til þess að greiða fyrir þessu máli. Ég tel að það sé skynsamlegt. Það er kannske ekki við öðru að búast hjá okkur í þessari hv. deild. Sá vægir sem vitið hefur meira og við munum standa að því að samþykkja frv. væntanlega eins og það liggur fyrir og kemur frá hv. Nd., þó að við séum á engan hátt sátt við margar þær óþörfu breytingar sem á því voru gerðar. En eins og hér hefur komið fram hjá mörgum sem hafa talað á undan mér munu væntanlega þeir sem eiga sæti á næsta þingi taka málið upp að nýju og reyna að fá lagfæringar sem nauðsynlegar geta orðið.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég vil í lok þessara umræðna þakka hv. þingmönnum þessarar deildar fyrir áhuga þeirra á þessu máli sem nú er að fá lokaafgreiðslu og vilja þeirra til þess að gera það að lögum.

Það er ljóst að fram undan er mikil vinna við að semja reglugerðir sem tengjast þessum væntanlegu lögum og ýmis annar undirbúningur, kynning o.fl. og ég býst við að þó að hv. alþm. væru sáttir við allt sem í lögunum stæði mundu við slíka vinnu koma í ljós ýmis atriði sem þörf væri á að væru á einhvern annan veg en enn þá frekar þegar ekki hefur allt orðið á þann hátt sem menn helst kysu. Ég held að það sé því alveg augljóst að þörf muni verða á einhverjum breytingum á þessum lögum fyrr en síðar eins og hér hefur komið fram og að jafnframt því sem ég mun leggja áherslu á að dómsmrn. hraði samningu reglugerða og þá ábendinga og tillagna um breytingar fylgist hv. alþm. með þeirri vinnu og geti þá komið fram með breytingar við lögin þegar slíkt liggur fyrir og reyndar er, eins og hér hefur komið í ljós, áhugi hjá þeim að gera þegar í upphafi næsta þings um nokkur atriði.

Ég vil undirstrika þörfina sem er á því að þetta frv. nái fram að ganga. Það hefur verið minnst á það að ýmsar breytingar hafi kannske verið of hægar hjá Bifreiðaeftirliti og öðrum sem um þessi mál fjalla en síðustu árin hefur mjög borið á því að beðið væri eftir afgreiðslu þessara laga og þess vegna hefur þar orðið meiri dráttur á en æskilegt hefði verið. En nú vonast ég til þess að unnt verði á sem skemmstum tíma að ná þeim markmiðum sem hin nýju lög setja jafnframt því sem hugað verði að því hvað þar má betur fara.

Ég ítreka þakklæti mitt til hv. þingdeildarmanna fyrir þeirra störf og áhuga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

71. fundur, fimmtudaginn 19. mars, kl. 11 árdegis.

Um þingsköp.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Þess hefur verið óskað að ég sem formaður heilbr.- og trn. Nd. gerði nokkra grein fyrir þeim málum sem þar munu daga uppi. Það var fyrir nokkrum dögum samþykkt þegar álagið var hvað mest hjá nefndinni að þau mál sem ekki yrði samkomulag um yrðu látin liggja og við mundum ekki freista þess að afgreiða þau. Við höfum setið á löngum fundi í morgun vegna frv. til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum sem kom til okkar vel unnið frá Ed. Við sjálfstæðismenn og reyndar fulltrúi Alþb. og trúlega einnig fulltrúi Alþfl. hefðum getað sameinast um að þetta mál næði fram þótt það skuli hins vegar tekið fram að sumir fulltrúar, með það í huga sem við höfðum ákveðið í fyrrinótt eftir okkar síðustu ákvarðanatöku, hefðu ekki getað kynnt sér málið til hlítar. Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að láta þetta koma fram vegna fsp. sem hafa komið fram um einstök mál sem hafa legið hjá nefndinni, liggja enn og munu liggja um sinn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil einungis láta það koma fram að því er varðar frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að það er skylda samkvæmt núgildandi lögum að láta endurskoðun frv. ljúka fyrir 1. ágúst þessa árs. Ég legg það auðvitað í vald þingsins að meta hvort þeirri endurskoðun telst þá lokið með þessum hætti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í þeim önnum sem verið hafa að undanförnu hafa flestir haft ærið að starfa og í heilbr.- og trn. hafði ég talið að búið væri að halda lokafund um málefni sem þar voru. Í umræðum hér í Alþingi var það að frumkvæði hv. 3. þm. Reykv. að spurst var fyrir um ákveðið mál og þess óskað að nefndin tæki afstöðu til þess máls. Formaður heilbr.- og trn. gat þess að hann mundi boða til fundar. Miðað við þá umræðu sem átt hefur sér stað í nefndinni hafði ég ekki varið meira af mínum tíma til að kynna mér frekar þau mál sem þar lágu fyrir. Það kom mér nokkuð á óvart þegar ég mætti svo til fundarins í morgun klukkan 10 að það mál sem hér var rætt í þinginu skyldi ekki vera það dagskrármál sem var til umræðu í nefndinni heldur annað mál og tveir fulltrúar boðaðir til að ræða það mál.

Það var mikill ágreiningur hjá þeim tveimur fulltrúum, sem voru boðaðir til að ræða þetta mál,

um heildarafstöðu til málsins. Ég lít svo á að endurskoðun laganna megi gjarnan vera lokið fyrir 1. ágúst, þar á ég við laganna um hollustuvernd og heilbrigðishætti, og endurskoðunin verði lögð fyrir næsta þing, enda verði endurskoðuninni hagað að nokkru í samræmi við það sem til var ætlast samkvæmt lögunum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því í gær og í fyrradag að hv. heilbr.- og trn. tæki afstöðu til frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem flutt var af hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan, en frv. gerði ráð fyrir að Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið ættu aðild að tryggingaráði. Nefndin var kölluð saman í morgun, eins og hv. 12. þm. Reykv. hefur greint frá, og afgreiddi þá ekki frá sér neitt mál, að því að mér skildist, m.a. ekki þetta mál. Ég lít þannig á að þar með liggi fyrir að meiri hl. nefndarinnar hafi hafnað frv. Ég hefði að vísu talið mikið eðlilegra að málið hefði komið inn í þingið til afgreiðslu þannig að þingdeildin hefði fengið að taka afstöðu til þess, en það væri ekki lokað af inni í nefndinni með því að meiri hlutinn gefur ekki út nál. En Ed. hafði afgreitt þetta mál samhljóða og ég hygg að við höfum öll gert ráð fyrir því að það fengi greiðan gang í gegnum hv. deild.

Því kemur mér á óvart þessi niðurstaða í hv. nefnd og mér sýnist að formaður tryggingaráðs, hv. 9. landsk. þm., hafi þarna ráðið úrslitum í málinu og hafnað afgreiðslu þess. Ég harma þessa niðurstöðu og hlýt að gagnrýna mjög harðlega meiri hlutann í þinginu fyrir þá afstöðu og niðurstöðu sem hann hefur komist að, í fyrsta lagi að hafna málinu efnislega og í öðru lagi að koma í veg fyrir að þingdeildin fengi að taka afstöðu til þess.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Eins og kom fram í minni fyrri ræðu eða skýringu tók ég fram að það eru tveir dagar síðan við ákváðum í heilbr.- og trn. að við mundum ekki taka mál til afgreiðslu í nefndinni nema það næðist samkomulag. Við höfðum þá í huga þá ákvörðun þingsins að reyna að ljúka þingstörfum í dag. Þetta var áréttað enn betur í fyrrinótt af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún skammaði mig og aðra fyrir að hafa gert þetta fram að því. Þess vegna kom það mér þægilega á óvart þegar hún hóf máls á því í gær við mig og auk þess hv. þm. Svavar Gestsson í sambandi við mál sem kom frá Ed. að við þyrftum að hafa fund til viðbótar til að ræða ákveðið mál. Þar á meðal var þetta mál um hollustuhætti og heilsuvernd. Við reyndum þetta í morgun, en það náðist ekki samkomulag. Það er ekki rétt að fara með það stóra mál hér inn og þær deilur sem fylgja því máli og jafnframt því máli sem hv. formaður og þm. Alþb. hefur réttilega bent á og ítrekað sem alls ekki er samkomulag um hjá okkur í heilbr.- og trn. og það er ekkert frekar formaður tryggingaráðs, hv. þm. Ólafur Einarsson, en aðrir. Það vantar mikið á að það frv. fullnægi óskum allra. Alla vega, þótt öryrkjar komi þar við sögu, eru þar hvorki aldraðir eða sjónlausir eða allir þeir sem gætu gert hina sömu kröfu.

Ég vildi láta þetta koma fram að gefnu tilefni einfaldlega vegna þess að ef við ætlum að ljúka þinginu í dag er ekki tími til að taka þessi mál upp nema með fullri samstöðu. Það kom í ljós á fundinum í morgun að fulltrúi Framsfl., sem þar var mættur, var ekki fáanlegur til að taka þátt í afgreiðslu málsins jákvætt þannig að við gætum komið málinu frá okkur sem ég vakti máls á í minni fyrri ræðu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég get alls ekki látið ómótmælt þeim ummælum hv. 5. þm. Vestf. þar sem hann gefur í skyn að ekki hafi endurskoðun laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit verið hagað með þeim hætti sem ætlast var til, svo notuð séu hans orð. Hann leggur til að endurskoðun verði lokið fyrir 1. ágúst með þeim hætti sem ætlast var til. Ég veit ekki hvað hv. þm. á við. Það er langt síðan þessi lög voru sett. Síðan hefur annað þing verið kosið. Það er Alþingi sjálft sem ákveður til hvers er ætlast í þeim lögum sem það setur. Þess vegna er ákvæði sett inn í lögin um að það beri að endurskoða þessi lög fyrir 1. ágúst en ekki einhverjir menn úti í bæ sem koma og tilkynna þingnefnd að það sé ætlast til einhvers annars en hinir færustu fagmenn leggja til við þingið og hafa þegar sent það til umsagnar fjölmargra aðila og ekki síst þeirra sveitarfélaga sem hafa með höndum framkvæmdir samkvæmt lögunum. Ég vil þess vegna mótmæla því að það hafi á nokkurn hátt verið kastað höndum til undirbúnings þessa máls. Það er þvert á móti óvenjulega vel vandað að undirbúningi til.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég valdi ekki þá fulltrúa sem kallaðir voru á fund nefndarinnar til að gera þar grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Það kom aftur á móti fram, eins og ég gat um áðan, að það var mikill munur á þeirra viðhorfi til þessa máls og mikill munur á viðhorfi til endurskoðunarinnar og framkvæmdar hennar. Það þykir ekki góð latína í bókhaldsfyrirtæki að láta bókhaldarann sjá um endurskoðunina líka. Það er annar maður fenginn til þess. Það er mikil spurning hvort það hefði ekki einmitt þurft að vera hliðstæð breidd í þeirri endurskoðun sem framkvæmd hefði verið á þessum lögum.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 908 (sbr. 563), n. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Póst- og símamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 918, n. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 968 (sbr. 749), n. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–43. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963, n. 1049 og 1053, brtt. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1050,1 felld með 18:6 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1050,2.a felld með 21:6 atkv.
Brtt. 1050,2.b felld með 21:5 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1050,3 felld með 20:5 atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, ein umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 1023 (sbr. 667), brtt. 1063.

Frsm. meiri hl. samgn. (Friðjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. samgn. Nefndin hefur fjallað um þetta mál sem komið er til einnar umr. frá Ed. Nefndarmenn voru sammála um að reyna að greiða fyrir því að þetta frv. gæti orðið að lögum og skjótt frá sagt eru þeir allir sjö sammála um að mæla með frv. í þeirri mynd sem það kom frá Ed., en ágreiningur hefur orðið um 4. gr., þ.e. þá nefndarskipan sem þar um ræðir. Eftir nokkrar umræður féllust fimm nefndarmenn af sjö á að flytja brtt. á þskj. 1063, en tveir þeirra, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. e., hafa þó fyrirvara. En það var fullur vilji hjá þessum nefndarmönnum að láta ekki málið stöðvast á þessu ágreiningsatriði.

Tveir nefndarmenn, hv. 3. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Norðurl. v., eru andvígir þessari brtt. og gera væntanlega grein fyrir sínu máli, en við hinir fimm leggjum til að brtt. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. samgn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Það er rétt að ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, skrifum ekki undir þá brtt. sem hér er verið að fjalla um. Við gátum ekki fallist á þá breytingu sem Ed. gerði á 4. gr. frv. á þann veg að taka fulltrúa Ferðamálaráðs úr skipulagsnefnd fólksflutninga og veita þess í stað sérleyfishöfum rétt til að tilnefna tvo fulltrúa í þessa nefnd. Það leynir sér ekki að þráseta ákveðinna hagsmunaaðila í Alþingishúsinu síðustu daga hefur vissulega fært þeim ákveðinn árangur.

Því miður náðist ekki samstaða í samgn. þessarar deildar nú um að standa að óbreyttri samþykkt þessarar deildar um skipan skipulagsnefndarinnar. Fimm af sjö nefndarmönnum flytja á þskj. 1063 brtt. um skipan nefndarinnar þar sem gerð er tillaga um að Ferðamálaráð hafi ekki fulltrúa í umræddri nefnd skipulagsmálanna. Á þetta sjónarmið gátum við hv. þm. Stefán Valgeirsson ekki fallist og stöndum því ekki að þessari brtt. Við urðum varir við verulegan áhuga þeirra sem vinna að ferðamálum, sérstaklega úti á landsbyggðinni, fyrir því að hafa fulltrúa í þessari nefnd, en því miður náðist ekki samkomulag um það og við urðum þar í minni hluta en sjáum ekki ástæðu til að vera að flytja um þetta sérstaka till. En ég vil að það komi hér skýrt fram að við höfðum aðra skoðun en meiri hl. nefndarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Skipulagi sérleyfisferða innanlands er á margan hátt mjög ábótavant. Þar hefur lítil

framþróun orðið í þá átt að koma í veg fyrir að margar rútur keyri hálftómar sömu leið á sama tíma og má nefna Hvalfjörð sem dæmi um þetta. Mig undrar því þegar í 5. gr. er fyrst sett sem skilyrði í a-lið að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt, en svo komi í lok sömu greinar fyrirmæli á þennan veg, með leyfi forseta:

„Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytis."

Skilyrðin í a-liðnum eru tvö og það kemur ekki fram samkvæmt þessu hvort má leysa hann undan því að það gildi til fimm ára eða má leysa hann undan því að skilyrðið sé óframseljanlegt. Það geta komið fram þær aðstæður að hugsanlegt sé að réttlætanlegt sé að framselja skilyrðið, en ég tel að það sé grundvallaratriði að á meðan flestir venjulegir neytendur þessa lands bíða eftir því að reynt verði að koma betra skipulagi á þessa hluti sé mjög óskynsamlegt að hvika frá því að hægt sé að veita leyfin lengur en í fimm ár.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni gerði ég þá grein fyrir minni afstöðu að ég taldi rétt að fallast á frv. eins og það var lagt fram í upphafi með fimm manna nefnd. Það hefði farið betur að menn hefðu farið eftir því. Þá væri málið ekki í þeirri stöðu sem það er nú. Þessu var breytt í deildinni og síðan kom breyting frá Ed. sem liggur nú fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki skilja við þetta mál öðruvísi en ganga frá því sem lögum. Mér fannst einhvern veginn á tóninum í hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að með þessari till. værum við að fella út Ferðamálaráð. Ferðamálaráð er ekki inni í gildandi lögum eða fulltrúi þess. Það breytir ekki málinu. Ég tek undir að það hefði verið mjög æskilegt að fulltrúi Ferðamálaráðs ætti sæti í þessu ráði, en valið stendur ekki um það. Mér sýnist, án þess að ég vilji fullyrða neitt, að ef við ætlum að halda okkur við það sem gerðist í Ed. sé málið strand. (**ÓÞÞ:** Ef við ætlum að halda okkur við það sem gerðist í Ed.?) Já, ef við ætlum að halda okkur við það sem gerðist í Ed. af því að það er ágreiningur í Nd., hv. skrifari. (**ÓÞÞ:** Á þá ekki að halda sig við það sem gerðist í Ed.?) Ef það er ágreiningur í Nd.? Þá strandar málið. (**GHelg:** Getur nokkur upplýst mig um af hverju Ferðamálaráð má ekki eiga þarna fulltrúa?) Það held ég að hv. þm. verði sjálfur að leita sér upplýsinga um hjá þeim sem ráða ferðinni í málinu. Ég er ekki þess sinnis að Ferðamálaráð eigi ekki að hafa fulltrúa í þessu ráði.

En sú till. sem hér er flutt er gerð til þess fyrst og fremst að reyna að ná sáttum í þessu máli þannig að málið nái fram að ganga. Ég tel að það verði slæmt ef við búum við óbreytt lög, fulltrúi Ferðamálaráðs þá úti. Ég tel miklu meiri líkur á því að með þessari breytingu komi fulltrúi ferðamannahópanna inn eftir að ráðherra getur skipað tvo menn í ráðið. Ég sagðist ekkert vita. Ég sagðist halda. Ég get ekki vitað hvað hæstv. ráðh. kann að gera, en ég þykist þó þekkja hann svo að hann vilji leysa þetta mál á þann veg að allir geti við unað. Til þess er till. flutt, til þess að ná málinu fram án þess að það strandi í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1063 samþ. með 20:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

NEÐRI DEILD

72. fundur, fimmtudaginn 19. mars, að loknum 71. fundi.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál. — Þskj. 908 (sbr. 563).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1086).

Póst- og símamál, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (stjórnskipulag). — Þskj. 918.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1087).

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. meiri hl. landbn. Ed., 430. mál (útflutningsbætur o.fl.). — Þskj. 963.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1088).

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (heildarlög). — Þskj. 968 (sbr. 749).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Eins og kom fram í nál. við þetta mál var gert ráð fyrir að það yrði rætt í nefnd á milli umræðna um málið. Til fundar nefndarinnar komu Einar Hermannsson og Hörður Sigurgestsson. Það kom fram að þeir hefðu lítið eða ekki fjallað um frv. og höfðu ýmsar athugasemdir fram að færa í sambandi við þessa lagasetningu. Hins vegar virtist þeim ekki ljóst að þarna var ekki um endurskoðun á lögunum í heild að ræða og aðalatriðið sem fram kom í þeirra máli var í lögum sem hafa verið allt frá 1959. Þegar við gengum frá siglingalögunum á sínum tíma var gefin yfirlýsing um að þessi lög mundu verða endurskoðuð með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á þeim lögum. Það var þetta sem sú nefnd sem fjallaði um endurskoðunina átti að gera en ekki heildarendurskoðun.

Ég vil taka fram að ég bað Birgi Guðjónsson að hafa samband við Samband ísl. kaupskipaútgerða, þ.e. Einar Hermannsson, en þrátt fyrir að hann reyndi það dag eftir dag svaraði aldrei á skrifstofu þessa manns. Ég vil líka segja það hér að þetta mál kom fyrir í Ed. Það voru þeir sem áttu að senda þetta til umsagnar. Við höfðum mjög lítinn tíma, eins og kom fram í máli mínu í gær, að fjalla um þetta mál. Ég er ákaflega óánægður yfir því að fá ekki tækifæri til þess. En þegar búið er að athuga þetta mál allt sé ég ekki ástæðu til annars en samþykkja frv. eins og það liggur fyrir vegna þess sem ég hef á undan sagt. Hins vegar mundi ég óska eftir því að hæstv. samgrh. sæi nú þegar til þess að heildarendurskoðun færi fram á lögunum vegna þess að það er ljóst að gömul ákvæði, jafnvel allt frá 1959 eða eldri, eru orðin úrelt og standast kannske ekki. Það var aldrei ætlunin að taka þessa endurskoðun á þann hátt. Það eru skiptar skoðanir í nefndinni um þetta og nefndarmenn munu sjálfsagt hver og einn tjá sig um málið. En meiri hl. vill standa að því að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, þ.e. ásamt mér Eggert Haukdal, Karvel Pálmason og Steingrímur J. Sigfússon.

Samgönguráðherra (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom við framlagningu mála á öndverðum vetri var þetta eitt af þeim málum sem ríkisstjórnin ákvað að leggja fram. Vinnan að samningu frv. tók, eins og í svo mörgum öðrum málum, lengri tíma en ætlað var og frv. var seint á ferðinni. Það fór fyrir Ed. og ég sem ráðherra reyndi ekki að hafa nein áhrif á nefndarmenn um við hverja væri talað. Það gera nefndarformenn og nefndarmenn og það þekki ég af eigin raun.

Þetta mál hefur verið unnið fyrst og fremst faglega og er verið að samræma úr lögum margvíslegar breytingar sem hafa verið gerðar á skyldum lögum, þar á meðal nýsett lög um Siglingamálastofnun o.fl. Þetta mál var rætt í svokölluðu siglingamálaráði. Þar mun fulltrúi Sambands ísl. kaupskipaútgerða ekki hafa verið mættur, sem ég vissi ekki fyrr en í gær, en hins vegar hefur deildarstjóri í ráðuneytinu tjáð mér að honum og Sambandi ísl. kaupskipaútgerða hafi verið sent það sem hér var efnislega til athugunar þannig að það hefur verið nægur tími fyrir alla aðila að kynna sér málið.

Frá hendi sjómanna hefur verið fylgst með málinu og þeir hafa sent nefndinni í þessari hv. deild smávægilegar athugasemdir sem í raun og veru skipta ekki máli. Mér er ljóst að í öllu svona væri æskilegt að hafa lengri tíma, en ég sé ekki ástæðu til þess þegar mál er komið frá nefnd í síðari deild og þar sem hér er um margvíslegar endurbætur að ræða frá gildandi löggjöf. Það eina sem ég heyri um óánægju er síðdegis í gær frá forstjóra eins kaupskipaútgerðarfélags og ég fæ svo að sjá bréf, það er kl. 5 eða að ganga 6, til formanna samgöngunefnda þingsins og eins nefndarmanns. Þar er aðallega gert að umræðuefni frá sjónarhóli kaupskipaútgerðarinnar að hún teldi að það fælust ýmis brot á alþjóðalögum í einni grein frv. þar sem frv. áskilur einhliða ákvörðunar- og umsjónarrétt Siglingamálastofnunar yfir skipum í erlendri eign og löglega skráð erlendis.

Í gærkvöld fór ég að bera saman við eldri lög sem hv. frsm. samgn. vitnaði til. Þar var nákvæmlega sama orðalagið. Þetta er það sem gert er að höfuðágreiningsmáli. Þessi lög voru sett fyrir tæpum 17 árum eða árið 1970. Við höfum verið að setja ákaflega merk lög á sviði siglingamála, á öllum sviðum siglingamála og öryggismála. Það eru mjög háværar kröfur, ekki eingöngu frá sjómönnum, yfirmönnum og undirmönnum heldur frá þjóðinni allri, um aukið öryggi með öllum samgöngutækjum, hvort sem það er á sjó, landi eða í lofti, og stóraukið eftirlit. Öllu þessu er fylgt betur eftir. Ég sé enga ástæðu til að slaka á kröfum í þeim efnum.

Hins vegar sé ég ástæðu til þess hér og nú að lýsa því yfir að ég er reiðubúinn til samvinnu og samstarfs við Samband ísl. kaupskipaútgerða um að skoða allt það sem forsvarsmenn þeirra telja að annmarkar séu á í þessum lögum í heild, ekki eingöngu í þessu frv. heldur í heild. Ég get vel sætt mig við það og sett á lítinn samstarfshóp, 3–4

manna, til að vinna þetta mál í sumar og það yrði þá lagt fyrir Alþingi í haust af væntanlegum samgrh. Í trausti þess að þetta verði gert og samvinna náist, bæði þessara aðila sem og annarra í þessum efnum, legg ég eindregið til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. samgrh. segir, að það er óvanalegt að alvarlegar athugasemdir komi fram við frv. við 3. umr. máls, en skýringin á því er sú að fundur í samgn. Ed. var ekki fyrr en í gær um þetta mál og þá kom í ljós samkvæmt þeim gögnum sem fyrir lágu að hvorki hafði verið haft samband við Samband ísl. kaupskipaútgerða né sjómannafélögin. Þetta varð til þess að ég hafði samband við Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannafélag Reykjavíkur og Samband ísl. kaupskipaútgerða og sendi þeim frv. til yfirlestrar og bað þá um að koma til mín athugasemdum ef þeir hefðu við það að gera, en jafnframt var það sett inn í nál. um frv. að samgn. mundi hittast milli 2. og 3. umr. ef hún sæi ástæðu til. Það er heldur ekki venjulegt í meðferð máls á Alþingi.

Ég vil að það komi fram vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson áðan, um að gerð hefði verið tilraun til þess að ná sambandi við Samband ísl. kaupskipaútgerða en ekki tekist, að það hefur verið venja í þeim nefndum sem ég hef unnið í í þinginu að ef ekki næst samband við lítil sérgreinafélög er þess í stað haft samband við annaðhvort formann þessara félaga, í þessu tilviki Guðmund Ásgeirsson í Nesskip, eða þá t.d. Eimskipafélag Íslands þar sem málið varðar kaupskipin og biðja þá að sjá til þess að þeirra athugasemdum verði komið á framfæri. Ég tek það því ekki sem fullnægjandi skýringu þó ekki hafi verið svarað í tilteknum síma vegna þess að forstöðumaður skrifstofunnar var ekki staddur hér á landi.

Ég vil líka að það komi fram að Samband ísl. kaupskipaútgerða taldi sig hafa ástæðu til að ætla að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Það hefur komið fram í þeirra máli. Það er skýringin á því að þeir hafa ekki undirbúið rökstuddar athugasemdir við frv., enda bárust þeim ekki þær fregnir að til stæði að afgreiða frv. fyrr en ég hafði samband við þá í gær.

Ég get heldur ekki fallist á að það sé rökstuðningur fyrir því að setja ákvæði í lög að þau standi í gömlum lögum því að það hlýtur að vera verkefni okkar að reyna að bæta lögin og breyta ef þörf krefur, ef við á annað borð erum að fjalla um lagabálk af því tagi sem um getur. Ég vil líka að fram komi, til þess að málið liggi fyrir úr því að farið er að ræða það efnislega, að Samband ísl. kaupskipaútgerða er ekki sammála um þau atriði að það sem í frv. standi og ágreiningurinn sé um sé í núgildandi lögum. Þeir telja að það sé álitamál og eru reiðubúnir að ræða það frekar.

Þetta vil ég að fram komi vegna þeirra orða sem hér hafa fallið, einungis til þess að þingheimur geti gert sér grein fyrir hvernig umræðan féll í samgn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég tel eðlilegt að frv. bíði haustsins. Ég er á hinn bóginn þakklátur hæstv. samgrh. fyrir að hann skuli lýsa því yfir að hann muni gera ráðstafanir til þess að þegar í stað verði skipuð nefnd til að fara yfir þau ákvæði sem ágreiningur stendur um, með það fyrir augum að þær leiðréttingar gætu verið lagðar fyrir haustþingið og málið gæti þá fengið fyllri meðferð.

Ég tel óhjákvæmilegt að þetta komi fram. Það er laukrétt hjá hæstv. ráðh. að til stóð jafnan að afgreiða þessi lög á haustþinginu. Hitt vitum við að oft er það sem mál eru lögð hér fram snemma á þingi og það tekur nokkra mánuði að afgreiða málin og athuga í nefndum og svo hefði einnig orðið um þetta frv., ef það hefði verið fyrr á ferðinni, að þingið hefði að sjálfsögðu tekið sér tíma til að athuga einstök efnisákvæði þess.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. samgn. Nd. með fyrirvara sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. þessa máls. Ástæður þess að ég mæli með því að frv. verði samþykkt og gert að lögum eru þær helstar að hér er í raun verið að gera breytingar á lögum til samræmis við þegar áorðnar breytingar á siglingalögum. Og meira en það. Hér er lagt til að gerðar verði breytingar samkvæmt tillögum þeirrar nefndar sem samdi siglinga- og sjómannalögin á sínum tíma, beinlínis og beinar tillögur þeirrar nefndar. Þetta er í fyrsta lagi.

Í öðru lagi eru hér lagðar til breytingar sem öryggismálanefnd sjómanna hefur lagt mikla áherslu á og var ein af undirstöðunum í áliti þeirrar nefndar á sínum tíma og lutu að eftirliti með skipum og ábyrgð skipasmíðastöðva þegar verið er að breyta skipum og um skil á teikningum og stöðugleikaútreikningum til Siglingamálastofnunar ríkisins. Þessi ákvæði eru skv. frv. verulega hert og ég vil benda sérstaklega á þetta tiltekna atriði.

Í þriðja lagi er hér svo verið að gera breytingar á eftirlitsákvæðum með haffærni sem ekki hefur reynst unnt að framfylgja og framkvæma. Ég held að menn geti varla lagst gegn því og mótmælt því að það er til bóta að taka slík ákvæði burtu sem ekki hefur verið unnt að framkvæma.

Varðandi málsmeðferðina að öðru leyti hefði að sjálfsögðu verið æskilegra að hér hefði gefist meiri tími til skoðunar á málinu, en það er ljóst að hér er ekki á ferðinni heildarendurskoðun þessa lagabálks. Það stendur ekki til og enginn hefur haldið því fram. Það sem hér er á ferðinni er það sem oft og iðulega gerist að fluttar eru tillögur um lagfæringar á lögum, augljósar lagfæringar af einhverjum tilteknum ástæðum þó að heildarendurskoðun eða meiri háttar endurskoðun viðkomandi lagabálks bíði og verði að gera það tímans vegna. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru allar til bóta að mínu mati. Þær snerta ekki þau atriði sem gagnrýnd hafa verið hér. Þar er

fyrst og fremst um að ræða ákvæði sem þegar eru í lögum og hafa verið í lögum jafnvel frá 1959 og það er fullseint fyrir samtök hagsmunaaðila að koma hingað núna og benda á að þessi ákvæði séu gölluð úr því að þau eru búin að vera í lögum frá 1959 eða 1970 eftir atvikum. Eftir þá yfirlýsingu sem hæstv. samgrh. hefur hér gefið um að hann muni beita sér fyrir heildarendurskoðun þessara laga, sem er þörf og ekki er deilt um, tel ég einboðið að samþykkja frv. vegna þess að þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til bóta, en breyta ekki gildandi lögum að öðru leyti.

Pétur Sigurðsson:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér í einu og öllu tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, en ég vil ekki hverfa af síðasta fundi sem ég sit í deildinni öðruvísi en þakka hæstv. samgrh. fyrir það framtak sem hann hefur sýnt á síðustu mánuðum og reyndar árum í sambandi við aukið öryggi sæfara, sem m.a. hefur verið fólgið í því að verða við tillögum sem öryggismálanefnd sjómanna, sem skipuð var af níu þm. á sínum tíma, vann að og gerði tillögur um. Ég fæ ekki séð annað en það frv. sem hér liggur nú fyrir sé hluti af því máli.

Ég get tekið undir það hins vegar með hæstv. ráðh. að sjálfsagt er að endurskoða þessi lög í heild, en ég fæ ekki séð að þeir menn hafi ástæðu til að gera athugasemdir við þetta frv. sem fyrir nokkrum vikum m.a. lýstu því yfir að þeirra væri helst óskin að flytja kaupskip, sem gerð hafa verið út í Reykjavík, annaðhvort út á land eða þá í hendur þeirra sem þeir hafa nú áhyggjur af, sem eru erlend leiguskip. Ég tel enga ástæðu til þess.

Ég mæli, hv. þm., eindregið með því að þetta frv. verði samþykkt og gert að lögum.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég skal ekki vera að lengja þessar umræður, en ég kem upp vegna þess að ég er nefndarmaður samgn. og formaður nefndarinnar sagði að við mundum sjálfsagt gera grein fyrir okkar skoðunum. Því sé ég ástæðu til að skýra frá minni afstöðu í málinu.

Það fyrsta sem ég finn að er að nefndinni er ætlaður allt of skammur tími til að fjalla um jafnviðamikið mál og hér er verið að tala um. Ég verð að segja að ég fagna því og tek mjög undir það, sem hér hefur verið sagt, að hér hefur vissulega á þessu kjörtímabili verið unnið að ýmsum breytingum á siglingamálum og ekki síður að ýmsum öryggismálum sjómanna. Þeim sem þar eiga hlut að máli ber vissulega að þakka og það vil ég gera rækilega. Það breytir hins vegar ekki minni skoðun og ég viðurkenni það að mér hefur ekki gefist sá tími sem ég hefði kosið að ég hefði til að leita mér upplýsinga og skoða þetta mál af kostgæfni. Ég held hins vegar að það hefði ekki spillt þessu máli á nokkurn hátt þó að það hefði verið sett í nefnd eins og samgrh. var að segja okkur frá að hann væri tilbúinn að setja á laggirnar, nefnd hinna bestu manna til að skoða þetta mál, og það gæti síðan komið fyrir Alþingi á haustdögum og orðið að lögum fyrir næstu áramót. Ég held að það sé vilji þm. að taka á þessu máli. Ég legg áherslu á þetta atriði, að mér finnst málið ekki nægjanlega vel unnið til þess að ég treysti mér til að samþykkja það.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að hér er maður í nokkuð mikinn vanda settur þar sem þetta mál hefði vissulega þurft að skoðast betur. En þegar kemur á daginn að kannske er meginvandinn sá að við er að etja gömul lög sem hafa lengi gilt vekur það upp þá spurningu hvort ekki er fullkomin ástæða fyrir okkur að láta skoða eldri lög, framkvæma allsherjarlagahreinsun eins og hér hefur fyrr komið á dagskrá, nema úr lagasafninu lög sem eru kannske út í hött nú á tímum og önnur sem eru lítt framkvæmanleg. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að samþykkja það?) Það er víst búið að samþykkja þáltill. þess efnis. Það er rétt.

En hvað þetta mál varðar hefur verið bent á að það hefur að geyma ýmis ákvæði sem þörf er að færa í lög og í trausti þess að það verði þegar í stað settur saman hópur til að skoða þessi lög og lagfæra eldri lög á þessu sviði verður niðurstaðan sú að það sem ég hef skrifað hef ég skrifað og styð frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1093).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ingvar Gíslason):

Hv. þingdeildarmenn. Þetta verður síðasti fundur þessarar hv. þingdeildar á þessu þingi og á þessu kjörtímabili. Af því tilefni leyfi ég mér að þakka hv. þingdeildarmönnum öllum í senn og hverjum um sig fyrir samstarf við mig sem forseta deildarinnar sem í öllu hefur verið ánægjulegt. Þar er reyndar fyrir að þakka samstarf sem varað hefur allt kjörtímabilið.

Ég þakka varaforsetum sérstaklega fyrir ágætt samstarf og góða liðveislu við mig og skrifurum veitta aðstoð sem er mjög mikilvæg. Skrifstofustjóra og starfsmönnum þingsins þakka ég þau ómetanlegu störf sem innt eru af hendi á hans vegum og starfsmanna allra. Án framlags starfsliðsins væri þinghaldið ekki framkvæmanlegt. Allt þetta vil ég þakka í lok þessa fundar, í lok þessa þings, í lok þessa kjörtímabils og í lok alllangrar þingsetu minnar.

Ég óska þm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og flyt þeim óskir mínar um heillaríka framtíð.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd þm. í Nd. vil ég þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég flyt honum þakkir fyrir ljúfa og sanngjarna fundarstjórn á þessum vetri sem og á öðrum vetrum þessa kjörtímabils.

Nú er hæstv. forseti að ljúka langri og farsælli þingsetu og vil ég því flytja honum hugheilar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Ég bið honum farsældar og heilla í framtíðinni og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars.

Enn fremur eru fleiri þm. þessarar deildar sem hyggjast nú hverfa af þingi eftir þetta kjörtímabil, Ellert B. Schram, Garðar Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Kristín S. Kvaran, Pétur Sigurðsson og Þórarinn Sigurjónsson. Þeim þakka ég öllum gott samstarf og óska þeim farsældar og heilla í framtíðinni.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis fyrir samveruna í vetur og mikil og vel unnin störf á þessu kjörtímabili og ótrúlegt umburðarlyndi í garð okkar þm. Svo vona ég að við megum öll þrátt fyrir ríkjandi vorhret njóta góðs og gjöfuls sumars og hittast endurnærð að hausti, þau sem hingað eiga afturkvæmt.

Ég vil svo biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum sínum og taka með því undir orð mín. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason):

Ég þakka hv. 3. landsk. þm. kærlega fyrir þau hlýju orð sem sögð voru í minn garð hér og ég endurtek þær heillaóskir sem ég hef þegar flutt þingdeildinni, þakka þingdeildarmönnum fyrir samstarfið og fyrir að hafa tekið undir þau hlýju orð sem mælt voru til mín af hv. 3. landsk. þm.

Þá er þessum fundi að ljúka og ég þakka enn fyrir þetta ágæta samstarf. — Fundi er slitið.

EFRI DEILD

74. fundur, fimmtudaginn 19. mars, kl. 1 miðdegis.

Umferðarlög, frh. einnar umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 969 (sbr. 942), brtt. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1057 tekin aftur.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1090).

Orlof, 3. umr.

Frv. félmn. Nd., 431. mál (heildarlög). — Þskj. 971.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, ein umr.

Stjfrv., 213. mál (heildarlög). — Þskj. 1089 (sbr. 667).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17:1 atkv.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. samgn. Nd. Alþingis sá Nd. sér ekki fært að fallast á afgreiðslu deildarinnar á frv. til laga um skipulag á fólksflutningum. Óformlega hafa samgöngunefndarmenn fjallað um þessa breytingu, a.m.k. flestir hverjir, og tóku reyndar þátt í þessari umfjöllun óformlega í gær þannig að við mælum með því að frv. verði samþ. eins og það kemur nú frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem nú er að ljúka seinasta fundi hv. Ed. á þessu þingi vil ég þakka ykkur öllum, hv. þingdeildarmenn, fyrir samstarfið sem hefur verið sérstaklega ánægjulegt og gott í alla staði. Mér hefur sem forseta þessarar hv. deildar verið sýnt mikið umburðarlyndi og tillitssemi í hvívetna. Ég vil einnig sérstaklega þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu fyrir alla aðstoð og ánægjulegt samstarf. Jafnframt færi ég varaforsetum og skrifurum deildarinnar þakkir fyrir þeirra störf og góða aðstoð.

Nú erum við ekki aðeins að ljúka þessu þingi, heldur er komið að lokum þessa kjörtímabils. Kosningabaráttan er fram undan og mörg okkar stefna hingað aftur en fyrir liggur að nokkrir hv. þingdeildarmenn verða ekki í kjöri og ég þykist viss um að ég mæli fyrir hönd okkar allra þingdeildarmanna þegar ég flyt þeim sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og mjög góð kynni.

Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að óska öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og ykkur öllum allra heilla í störfum sem nú bíða.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingdeildarmanna vil ég þakka forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil líka sérstaklega þakka forseta ánægjulegt samstarf í hvívetna, umburðarlyndi og góða og röggsama fundarstjórn ævinlega. Ég hygg að okkur hafi verið ljúft að láta að hennar stjórn.

Ég tek undir óskir forseta og þakkir til starfsliðs þingsins og skrifstofustjóra fyrir vel unnin störf þessa síðustu daga þar sem mikið mæðir á öllum.

Ég ítreka enn að nýju góðar óskir okkar allra og þakkir til forseta nú þegar lýkur þessu kjörtímabili og ég færi henni og fjölskyldu hennar bestu óskir um leið og við þökkum samstarfið.

Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að staðfesta þessar óskir mínar og þessi orð til virðulegs forseta okkar með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir góðar óskir og hlýjar í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka allar heillaóskir til ykkar allra. Fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi. — Fundinum er slitið.

SAMEINAÐ ÞING

66. fundur, fimmtudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Fyrir tveimur dögum kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp vegna þess að ekki hefur borist svar við fsp. sem ég lagði fram og heimiluð var til hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. um húsnæðismál Þjóðskjalasafns. Þessi fsp. var lögð fram 10. desember í sameinuðu þingi og óskað skriflegs svars. Ég bað um liðsinni hæstv. forseta fyrir tveimur dögum til þess að ganga eftir svari við þessu. Nú leyfi ég mér að inna eftir því hvernig hafi miðað og af því að báðir hæstv. ráðherrar eru hér viðstaddir vildi ég óska skýringa varðandi þetta mál, ef ekki er von á fsp. á þessum fundi.

Menntamálaráðherra (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Mér þykir leitt að verða að skýra frá því að niðurstaða hefur ekki enn fengist milli ráðuneytanna í því með hvaða hætti húsnæði þessu skuli ráðstafað. Ekki þann veg að skilja, að sjálfsögðu verða þarfir Þjóðskjalasafns látnar sitja fyrir en að öðru leyti eru ekki ástæður til að kveða upp úr með endanlegu svari um niðurstöður. Ég legg áherslu á að engin hætta er á að við komum okkur ekki vel ásamt um þetta. Starfsmenn ráðuneytanna hafa verið að ræða um fyrirkomulag og framkvæmd. Þetta er stórt viðgerðarverkefni og margs að gæta í þessu sambandi og því er það að við höfum ekki komið saman heillegu svari enn sem komið er og þykir mér mjög miður.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér þótti dapurlegt að heyra þessar niðurstöður frá hæstv. ráðherrum. Hæstv. menntmrh. hefur gefið sínar skýringar, að ekki hafi tekist samkomulag milli ráðherra um svar við þessari fsp. sem var í fjórum liðum. Hér er um að ræða eitt af þeim söfnum sem hafa búið við miklar þrengingar í húsnæðismálum. Miklar vonir voru bundnar við úrlausn sem í sjónmáli var og þessi fsp. varðaði framkvæmd þess sem fram hefur komið um þessi efni og nánari skýringar. Mér þykir það mjög miður að ekki hefur komið svar við fsp. og mér finnst það tæpast þinglegt að veita ekki svör við fsp. með svo góðum fyrirvara sem hér um ræðir.

Ég verð að treysta á það að hæstv. menntmrh. komi ár sinni fyrir borð varðandi hagsmuni Þjóðskjalasafnsins þann tíma sem hann á eftir að starfa í sínu embætti. Ég vona að það verði rutt úr vegi þeim hindrunum sem kunna að vera fjármálaráðuneytismegin þannig að þeim verðmætum sem liggja nú óaðgengileg og sumpart undir skemmdum, að ég hygg, a.m.k. óaðgengileg almenningi, verði bjargað og að þeim búið svo sem verðugt er.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal aðeins tekið fram og vakin athygli á því að þeirri fsp. sem um er að ræða er beint til tveggja ráðherra. Það er mjög óvenjulegt. Ég hygg að þetta sé önnur fsp. sem þannig er á þessu þingi. Forseti hefur jafnan bent á að heppilegast væri og eðlilegast að beina fsp. til eins ráðherra. Þegar svo er gert þurfa ráðherrar ekki að bera sig saman. Hins vegar kunna að vera ástæður fyrir því að bera fsp. fram til tveggja ráðherra eins og hér hefur verið gert og það hefur verið leyft.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Vegna þessara ummæla hæstv. forseta um að hér sé eitthvað óvenjuleg fsp. á ferðinni þykir mér það einkennilegt að það sé verið

að finna að því þó að það hafi nú kannske ekki legið beint í orðum hæstv. forseta. En ég held að viðbrögðin við fsp. sýni það og sanni að þörf hafi verið á að inna tvo ráðherra í ríkisstjórninni eftir stöðu þessa máls, þar sem það er ekki einn sem ræður. Ég tel sjálfur að það sé síður en svo nokkuð óeðlilegt að ganga þannig fram til að fá skýr svör varðandi mál sem heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti. Ég held að það gæti verið til eftirbreytni í fleiri málum, þannig að ríkisstjórn og ráðherrar komist ekki upp með að bera fram loðin svör eða svör sem í rauninni segja takmarkað. Og það hefur reynst svo að viðkomandi ráðherrar hafa ekki komið sér saman um svar við þessari fsp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. að forseti hafi verið að finna að því að fsp. væri beint til tveggja ráðherra. Það var aðeins í upplýsingaskyni sem forseti benti á þetta. Ef einhver á sök í þessu máli, þá er það forseti sem á sök, því hann verður að leyfa fsp. og hann hefur gert það.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, síðari umr.

Þáltill. JS og KolJ, 49. mál. — Þskj. 49, n. 1055.

Frsm. félmn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1055 um till. til þál. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, frá félmn.

Till. þessi hlaut ítarlega umræðu í félmn. Auk hennar liggur fyrir þessu þingi frv. til laga á þskj. 27 um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra en það frv. er flutt í Nd. af Málmfríði Sigurðardóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Jafnframt hefur verið flutt hér í Sþ. till. til þál. á þskj. 959 um undirbúning lífeyrisréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum. Flm. þeirrar till. eru Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir og Kristín S. Kvaran.

„Þessi þingmál fjalla öll í megindráttum", segir í nál. félmn., „um sama efni. Nefndin hefur rætt málið með hliðsjón af þessum þingmálum og náð samkomulagi um eftirfarandi breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1987."

Undir þetta nál. rita Gunnar G. Schram, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Johnsen, Stefán Valgeirsson, Jón Kristjánsson, Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir.

Í framhaldi af þessi, herra forseti, vil ég vekja sérstaka athygli þingheims á því að í þessari breytingartillögu, sem ég las, er eingöngu fjallað um það að undirbúnar verði tillögur um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks og þess sem jafnframt stundar umönnunarstörf á heimilum. Í tillögunni er ekki vikið að kostnaðarhlið þess máls af eðlilegum ástæðum og því ekki um það að ræða að í henni felist neinar ráðagerðir um greiðsluskyldu eða greiðslubyrði ríkissjóðs vegna þeirra lífeyrisréttinda sem hér um ræðir. Fjárhagshlið málsins er eitt þeirra atriða sem sérstaklega verður að kanna í þeirri undirbúningsvinnu sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég vil að lokum, herra forseti, lýsa yfir, sem formaður félmn. Sþ., sérstakri ánægju minni vegna þess að fullt samkomulag varð milli fulltrúa allra flokka í nefndinni um nýjan og breyttan tillögutexta um þetta mikilsverða mál.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég fagna því ákaflega að þessi tillaga, sem ég upphaflega flutti fyrir tveimur árum, skuli vera komin til afgreiðslu. Ég hefði raunar fremur kosið að ályktunin hefði verið alveg orðrétt útgáfa af tillögu hv. þm. Gunnars G. Schram. Þessi útgáfa er hér um bil orðrétt en þó er orðið „eingöngu" komið úr útgáfu Jóhönnu Sigurðardóttur hv. þm. Mér finnst að þetta orð þrengi ályktunina óþarflega mikið og að ástæðulausu og ég treysti því að heimavinnandi húsmæður geti öðlast eftirlaunarétt samkvæmt þessu kerfi þótt þær hafi á einhverju æviskeiði sinnt öðru en heimilis- og umönnunarstörfum og e.t.v. öðlast með því óverulegan lífeyrisrétt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það eru tvö orð í þessari brtt. sem stinga mig nokkuð. Annað orðið er „eingöngu". Ef það kæmi nú í ljós að húsmóðir hefði mjög óveruleg lífeyrisréttindi vegna starfa sinna annars staðar en að mestu leyti ynni hún störf á heimili væri að mínu viti ekki gott ef þannig tækist til með lagasetningu að hennar réttur vegna heimilisstarfanna kæmi ekki þar til viðbótar. Ég vildi gjarnan fá úr því skorið hvort það væri hugsun flm. að svo væri. Ég teldi það allt of þröngt. Ég óska eindregið eftir því að það sé upplýst áður en þetta fer til atkvæða hvort svo sé.

Hitt orðið er „umönnunarstörf". Ef umönnunarstörf eru unnin á heimili eru þau heimilisstörf og þarf ekki mikla rökhyggju til að átta sig á því. Séu þau unnin annars staðar hygg ég að það fari ekki á milli mála að þeir sem vinna þau þar öðlist lífeyrisréttindi vegna þeirra launa sem þeim eru greidd. Ég vildi gjarnan fá það upplýst hvaða hugsun liggur á bak við „umönnunarstörf". Er það hugsað á þann veg að störf þeirra sem vinni umönnunarstörf t.d. á þann hátt að þeir eru ráðnir af borgarstjórn Reykjavíkur til að hjúkra öldruðum í heimahúsum og fá að sjálfsögðu greiðslur fyrir það séu svo metin einnig þegar farið er í athugun á lífeyrisréttindum? Eða eru menn með þessu móti að taka upp þá flokkun að viss tegund af heimilisstörfum séu ekki heimilisstörf,

heldur séu það umönnunarstörf? Það verður þá mikil spurning hvar mörkin eru. Hvað eru þá heimilisstörf og hvað eru umönnunarstörf á heimili?

Ég hefði talið að þessi tvö orð mættu að ósekju fara út úr tillögunni. Þá stæði hér eftir: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem sinna heimilisstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember. Það er þá sú merking sem menn eru hér að tala um að koma á framfæri, þ.e. að tekið sé á málum þeirra sem eru heimavinnandi og eru ekki með aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

Ég óska eftir því að fram komi svör við þessu hjá flm.

Frsm. félmn. (Gunnar G. Schram):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar um texta þessarar tillögu er rétt að taka fram að orðalagið „þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum" í þessari till. er miðað við að hér sé um þá að ræða sem fyrst og fremst eða aðallega sinna heimilis- og umönnunarstörfum, hafi það sem sagt að aðalatvinnu og vinni ekki utan heimilis nema þá í mjög litlum mæli. Það er vitanlega í svo stuttum tillögutexta sem þessum, þar sem tillagan er ekki nema ein setning, ekki unnt að fara út í sérstakar skilgreiningar frekari á þessum orðum. Þess vegna hlýtur það að vera hlutverk þeirrar nefndar eða þeirra sem til þess verða settir af hálfu ríkisstjórnarinnar að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þessa hóps að fjalla frekar um skilgreiningu hópsins, hverjir eiga að teljast til hans og hverjir ekki. Hér er hins vegar mjög eindregin vísbending um það til hverra þessi réttindi eigi að *mati flm. að ná. Það er vitanlega sá hópur sem fyrst* og fremst eða eingöngu, eins og það er orðað, sinna þessum störfum með þá mjög takmörkuðum frávikum — frávik hljóta vitanlega alltaf að eiga sér stað í litlum mæli. Það er til þess hóps sem ætlast er til að þessi lífeyrisréttindi nái.

Það má segja að það sama gildi um umönnunarstörf. Hér er átt við störf sem unnin eru á heimilum við umönnun sjúkra og aldraða. Hér er það einnig skilgreiningaratriði á sama hátt og verður þá hlutverk þeirrar nefndar sem gerir tillögur í þessum efnum á grundvelli þessarar tillögu að skilgreina það nánar. Ég hygg að það sé ljóst hvað í orðinu „umönnun" að þessu leyti *og innan ramma* tillögunnar felst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1055 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram í máli hv. 2. þm. Reykn. að þessi störf væru öll unnin heima og þar af leiðandi unnin af heimavinnandi fólki. Brtt. sem hér er fram komin er óþörf.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Við skulum ekki ganga í neinni villu í þessu efni, þ.e. varðandi skriflega tillögu um fyrirsögn tillögunnar frá formanni félmn. og lýst hefur verið. Það kemur oft fyrir að það eru bornar fram skriflegar brtt. sem ekki liggja fyrir nema á borði forseta. Þessi brtt. liggur fyrir á borði forseta. (**SvG:** Þarf ekki afbrigði ef á að taka hana fyrir?) Það er rétt, hv. 3. þm. Reykv., það þarf afbrigði. En forseti taldi að þess væri naumast þörf vegna þess að venjulega er gengið frá fyrirsögn tillögu án atkvæðagreiðslu. Ég lít á þetta sem ósk um að leitað sé afbrigða. (**SvG:** Frá mér.) Já, og það verður gert.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1094) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1094 (ný fyrirsögn) samþ. með 34:1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1095).

Fræðsla um kynferðismál, síðari umr.

Þáltill. KH, 160. mál. — Þskj. 170, n. 1060.

Frsm. félmn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um till. til þál. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál:

„Nefndin hefur rætt till. og telur að með hliðsjón af sjúkdómnum alnæmi sé full ástæða til aukinnar fræðslu um kynlíf og kynsjúkdóma en frumskilyrði er að efla almennt siðferði varðandi kynlíf og barneignir.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Svohljóðandi var tillgr. Það er ljóst að ýmislegt hefur verið gert í fræðslu um þessi mál og unnið er að markvissri kynningu, m.a. á vegum skólayfirlæknis og landlæknis. Hitt er að í þessum efnum verður góð vísa sjaldan of oft kveðin.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrsta fsp. mín hér á þingi og raunar ef ég man rétt fyrsta þingmál Kvennalistans haustið 1983 var fsp. um framkvæmd kynfræðslu í skólum og meðal almennings. Slík fsp. var aftur borin fram haustið 1985 og í framhaldi af því bárum við Kvennalistakonur fram till. til þál. um eflingu kynfræðslu og aftur nú á þessu þingi. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í umræðu, enda ekki ástæða til

þess, en ég get ekki látið hjá líða að þakka hv. félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls, sem við höfum svo lengi reynt að hreyfa við og fá færð til betri vegar þótt ýmislegt hafi gerst eins og hv. frsm. ræddi um. En mikið er ógert og fyrir hönd okkar sem fluttum þetta mál lýsi ég ánægju með afgreiðslu þess og vona að það verði til góðs.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1060 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1096).

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Farið hefur verið fram á umræður utan dagskrár um yfirvofandi uppsagnir háskólamenntaðra starfsmanna á ríkisspítölunum. Það verður orðið við þessari ósk og fer nú umræðan strax fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár vegna þess vanda sem nú blasir við í heilbrigðisþjónustu landsins.

Þann 1. okt. s.l. sögðu 140 háskólamenntaðir starfsmenn ríkisspítalanna upp störfum sínum frá og með 1. jan. Þarna er um að ræða félagsráðgjafa, háskólamenntaða hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfa, líffræðinga, næringarráðgjafa, sálfræðinga og sjúkraþjálfara sem sagt hafa störfum sínum lausum vegna óviðunandi launakjara. Þessar uppsagnir eru óskyldar og óháðar þeim verkföllum sem stéttarfélög þessara starfsmanna og annarra standa nú að og eru til komnar áður en kjarasamningar voru gerðir í desember á s.l. ári. Þær eru einungis bundnar við ríkisspítalana því að þar fá þessir starfsmenn verulega lægri laun en aðrar heilbrigðisstofnanir og aðrir vinnuveitendur greiða fyrir sömu eða sambærileg störf. Forsvarsmenn ríkisspítalanna hafa látið í ljós áhyggjur sínar vegna þessa máls, en vísað ábyrgð á kjörum starfsmanna á fjmrn. Ríkisvaldið leitaði ekki eftir samkomulagi, en beitti sérstakri lagaheimild til að framlengja uppsagnarfrestinn um þrjá mánuði. Var haft á orði að þessi framlenging yrði notuð til að skapa svigrúm til þess að leita úrræða. Á þessum tíma hefur aldrei verið haldinn formlegur fundur með starfsfólkinu né heldur nein tilboð gerð til þess.

Þann 11. febr. s.l. lýsti fulltrúi fjmrn. því yfir í fjölmiðlum að ráðuneytið hygðist ekki gera neinar ráðstafanir vegna uppsagna starfsfólks á ríkisspítölum. Jafnframt taldi hann eðlilegt að stjórn ríkisspítalanna endurskipulegði starfsemi þeirra með tilliti til þess að fólk hverfi frá störfum sínum þar. Starfsfólkið hefur kynnt þá afstöðu sína að eftir 1. apríl n.k. mundi það enga þjónustu eða neyðarþjónustu veita og gætu þá forsvarsmenn ríkisspítalanna keypt slíka þjónustu á almennum markaði ef hún væri föl, en án þess þó að starfsfólkið mundi skipuleggja hana eða veita hana. Ef ekkert er að gert og þetta fólk fer myndast skyndilega neyðarástand í heilbrigðisþjónustu, ekki bara á ríkisspítölunum heldur líka alls staðar á landinu vegna þess að ýmisleg þjónusta sem þetta fólk sinnir er einungis framkvæmd á ríkisspítölunum eða í tengslum við þá. Má sem dæmi nefna blóðflokkun og aðra lykilþjónustu Blóðbankans. Án slíkrar þjónustu eru skurðlækningar illmögulegar og sama gildir um ýmsa slysaþjónustu.

Ekkert síður alvarleg eru langtímaáhrif þessara uppsagna og sá atgervisflótti sem þannig verður úr heilbrigðisþjónustunni. Þeim störfum sem þetta fólk sinnir verður ekki gegnt af íhlaupamanneskjum, hvorki hérlendum né erlendum. Hæfni manna í starfi ræðst m.a. af reynslu og ríkisspítalarnir og heilbrigðisþjónustan hafa ekki efni á því að missa þá reynslu og þá hæfni sem nú er verið að stökkva á flótta. Landspítalinn er t.d. að auki þjónustustofnun fyrir landið allt og hann er jafnframt háskólaspítali og kennslustofnun allra heilbrigðisstétta. Hann ber því margfalda ábyrgð gagnvart heilbrigðisþjónustunni í landinu.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. og beina til hans eftirfarandi spurningum:

1. Er það stefna fjmrn. og annarra aðila ríkisvaldsins að hafast ekkert að í málinu eins og yfirlýsing fulltrúa ráðuneytisins gaf til kynna þann 11. febr. s.l.?

2. Hefur verið reynt af hálfu ríkisvaldsins að kanna samkomulagsgrundvöll í þessu máli? Ef svo er, hvernig hefur það verið gert?

Í þriðja lagi þá vildi ég beina enn fremur spurningu minni til hæstv. heilbrmrh. ef það er ekki hæstv. forseta mjög á móti skapi:

Hvaða áhrif hefur það á heilbrigðiskerfið ef ekki er hægt að halda hæfu fólki þar í starfi vegna slæmra kjara?

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurna hv. málshefjanda vil ég taka þetta fram:

Fjmrn. fer með gerð kjarasamninga af hálfu ríkisins. Á þessu þingi var sett ný löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar var sú meginbreyting gerð að einstök félög opinberra starfsmanna fengu samningsrétt og verkfallsrétt. Fjmrn. fer með samningamál ríkisins og það mun fara með þau mál og leita samninga við einstök stéttarfélög á grundvelli þeirra laga sem Alþingi hefur sett.

Ég veit að ég þarf ekki að ítreka hér að þessi löggjöf fól í sér mjög mikla réttarbót fyrir opinbera

starfsmenn og færði samningsréttarmál þeirra mjög að því samningsréttarkerfi sem gildir á almennum vinnumarkaði. Einstök félög hafa samningsrétt og einstök félög hafa verkfallsrétt. Að öðru leyti kveða lögin á um það hvernig með samningamál skuli fara. Fjmrn. mun fyrir sitt leyti leita lausna á kjaradeilum við þá starfshópa sem hér eiga hlut að máli eins og aðra á grundvelli laganna.

Við munum auðvitað kappkosta að leiða ágreining í þessum efnum til lykta sem fyrst þannig að sem minnst röskun hljótist af komi til verkfalla. Í einu tilviki hefur verkfall skollið á nú þegar á ríkisspítölum. Við stöndum á hinn bóginn auðvitað frammi fyrir því, eins og fram kom í umræðunni í gær um kjaradeilu kennara, að á almennum vinnumarkaði hafa verið gerðir kjarasamningar sem byggjast á ákveðnum efnahagslegum forsendum, samningar sem fyrst og fremst miðuðu að því að bæta kjör þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu, tryggja aukningu kaupmáttar án verðbólgu. Ríkisstjórnin var að sínu leyti þátttakandi í þessum kjarasamningum og hefur auðvitað skuldbindingum að gegna í því efni.

Það sem boðið hefur verið í þessum kjarasamningum er fyllilega í samræmi við það sem aðrir hópar hafa fengið í kjarasamningum og nú þegar er búið að gera kjarasamninga við ýmsa hópa opinberra starfsmanna og þar á meðal ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins.

Það er ósk mín og von að við getum leitt þessa kjaradeilu til lykta sem fyrst. Öllum má vera ljóst að þó að meginlínu sé fylgt og henni verði að fylgja, þá eru aðstæður með ólíkum hætti í hverju félagi og auðvitað verður að huga að því í kjarasamningum en þrátt fyrir þá staðreynd verður ríkið að fylgja eftir þeirri meginstefnu sem lögð hefur verið.

Að lokum vil ég aðeins ítreka það að fjmrn. getur ekki unnið að lausn kjarasamninga á öðrum grundvelli en þeim lögum sem Alþingi sjálft hefur sett til þess að vinna að lausn málanna og nú vill svo til að við störfum eftir nýjum lögum sem þetta þing hefur sett, sem mælir fyrir um stóraukin réttindi opinberra starfsmanna í samningsmálum og til þess að gera verkföll.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Til mín var beint spurningu og svarið við henni er auðvitað augljóst. Spurningin var þessi: Hvaða áhrif hefur það á heilbrigðisþjónustuna ef ekki er hægt að halda hæfu fólki í starfi?

Það segir sig auðvitað sjálft að heilbrigðisþjónusta sem ekki er í höndum hæfra starfsmanna er ekki góð heilbrigðisþjónusta. Þess vegna skiptir það geysilegu máli að hægt sé að leiðrétta þau kjör sem þar eru of slæm nú til þess að unnt sé að leysa úr þeim gífurlegu vandamálum sem við stöndum andspænis, ekki aðeins nú. Ég get ekki komist hjá því, fyrst þessi mál eru rædd, að segja að við ættum að hugsa pínulítið um lögmál framboðs og eftirspurnar í þessu sambandi. Þær stéttir þar sem starfsfólk skortir eru einmitt þær stéttir sem eru í lægri launakantinum og það eru þær stéttir sem mestmegnis eru skipaðar konum.

Ég held að þegar frá líður verði ekki hjá því komist að horfast í augu við þá staðreynd að það er geysilegur launamunur innbyrðis milli heilbrigðisstétta. Ein stétt getur hins vegar ekki fullnægt sínum skyldum án aðstoðar annarra stétta. Það er ekki hægt að komast af án þeirra. Þess vegna held ég að það hljóti að reka að því að það verði farið að skoða þessi mál öll í annars konar samhengi er frá líður, en til þess þarf að líta á hið innra skipulag sjálfra heildarsamtakanna. Stundum er það þar sem vandinn liggur. Þetta vildi ég nú segja í þessu sambandi. Aðalatriðið er þetta að auðvitað verða kjör þessara stétta að vera með þeim hætti að þau laði fólk að störfunum því að í sjálfu sér eru störfin heillandi og gefandi þótt erfið séu og það skýtur því skökku við að skortur sé á fólki til þeirra starfa sem hér er um að ræða.

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því að ég hef í þessu máli kannske litið til lengri tíma heldur en einungis til þessa vanda sem núna blasir við, en ég held líka að það sé einmitt eitt af því sem skortir stundum þegar við ræðum um mál af þessu tagi að við lítum aðeins til hins næsta tíma. Sú spurning sem þarf að svara núna er auðvitað þessi: Hvernig á að leysa vandann núna á næstunni? En ég held að það væri mjög skynsamlegt að hinir mörgu aðilar sem hlut eiga að máli skoði svo skipulag hlutanna, hið innra skipulag í kjarabaráttunni, með langtímasjónarmið í huga.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tók hér til máls við umræður utan dagskrár um kjaramál í gær og get að flestu leyti vitnað til þess. Hér er á ferðinni tvíþætt mál, annars vegar þær kjaradeilur sem standa yfir og verkföll og hins vegar uppsagnir sem taka gildi 1. apríl og hv. málshefjandi gerði grein fyrir. Þar er í raun og veru á ferðinni mjög alvarlegt mál og sýnu alvarlegra að mínu mati þar sem veruleg hætta er á því, og það liggur reyndar fyrir, að fólk hverfi endanlega úr störfum með þeim uppsögnum. Þar fer úr störfum háskólamenntað og þjálfað fólk sem viðkomandi stofnun eða stofnanir hafa jafnvel kostað miklu til að þjálfa upp eftir sérnám.

Ég veit ekki hvort allir hv. þm. gera sér grein fyrir því hversu mikils virði til að mynda sérþjálfaður hjúkrunarfræðingur með starfsreynslu á gjörgæslu- eða skurðdeildum er í raun og veru fyrir eina stofnun. Slíkum starfsmanni verður ekki skipt út með manni af götunni. Það liggur langt nám og gjarnan mikil þjálfun og tilkostnaður viðkomandi stofnunar að baki þeirri hæfni sem slíkur starfsmaður býr yfir og það er því ekki lítill missir þegar stofnun á borð við ríkisspítalana horfir á eftir hundruðum slíkra starfsmanna burtu.

Það er nauðsynlegt að menn átti sig einnig á því að

hér er um endanlegar uppsagnir að ræða að framlengdum uppsagnarfresti liðnum þannig að þetta fólk er laust allra mála við sína stofnun og það gilda ekki sömu reglur og gera ef um vinnudeilur, kjaradeilur eða verkföll væri að ræða hvað varðar neyðarþjónustu og annað slíkt. Þetta fólk er ósköp einfaldlega farið úr störfum sínum og endanlega laust allra mála við þessar stofnanir. Menn þurfa að átta sig á því. Þannig að hér er á ferðinni verulega alvarlegt mál, ekki bara fyrir ríkisspítalana og þær stofnanir sem náttúrufræðingarnir vinna á, heldur líka fyrir alla heilbrigðisþjónustu í landinu vegna þess að á ríkisspítölunum er veitt ýmis sérhæfð þjónusta fyrir allt heilsugæslu- og heilbrigðiskerfi landsmanna, eins og hér var nefnt, þjónusta Blóðbankans og fleiri svonefndra deilda á ríkisspítölum, rannsóknarstofa og ýmis slík starfsemi. Ég verð að segja að með tilliti til alls þessa hafa mér þótt viðbrögð ríkisvaldsins einkennast af furðumiklu andvaraleysi.

Að lokum þetta: Þetta mál verður ekki leyst, það er mér a.m.k. alveg fullljóst eftir kynni mín af þessum málum, nema gerbreytt verði um stefnu í launamálum starfsfólks í heilbrigðisstéttunum og reyndar í allri opinberri þjónustu. Annars hreinlega hrynur þessi þjónusta og stendur ekki undir nafni, verður ekki af þeim gæðum sem við auðvitað gerum og eigum að gera kröfu um.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi spurði: Hvaða afleiðingar hefur það þegar 140 háskólamenntaðir starfsmenn láta af störfum, segja upp störfum í heilbrigðisþjónustunni? Það má spyrja áfram: Hvaða afleiðingar hefur það þegar 200 sjúkraliðar segja upp störfum og ganga út 1. apríl, bara hjá ríkisspítölunum fyrir utan aðrar stofnanir? Það má spyrja áfram: Hvaða afleiðingar hefur það þegar kennarastéttin efnir til verkfalla þriðja árið í röð? Hvaða afleiðingar hefur atgervisflóttinn úr kennarastétt? Hvaða afleiðingar yfirleitt hefur þessi hrörnun opinberrar þjónustu sem við höfum fyrir augunum og nefnum dæmi um?

Er það ekki undarleg þversögn: Ríkið er stærsti vinnuveitandi á Íslandi, ríkið er kannske líka um leið versti vinnuveitandi á Íslandi. Er það ekki undarleg þversögn að við búum hér í góðæri sem talnameistarar reikna upp á 10 þús. millj. en ríkið, þessi stóri vinnuveitandi, rekur sinn búskap með halla sem nemur mörgum þúsundum milljóna í miðju góðærinu? Er það ekki undarleg þversögn að á sama tíma og ríkið rekur búskap sinn með þvílíkum halla staðfesta opinberar tölur að skattundandráttur hinna efnameiri í þjóðfélaginu, sem eiga að greiða sinn hlut til þessarar þjónustu, nemur mörgum þúsundum milljóna? Er ekki sýnt, ef við leitum lausna og ef við erum sammála um það að ríkið eigi að halda uppi slíkri þjónustu, að við verðum að taka ríkisbúskapinn í heild til endurskipulagningar? Verðum við ekki að fara að reyna að ná einhverju samkomulagi um það hvað er það sem við ætlumst til af ríkinu? Hvert á hlutverk þess að vera?

Er það hlutverk ríkisins að verja kannske allt að þriðjungi af sínum útgjöldum til þess að reka fyrirtæki og reka þau illa eða borga hallarekstur fyrirtækja? Eða reka stofnanir sem fyrst og fremst eru í þjónustu atvinnuvega og fyrirtækja? Getum við náð samkomulagi um það að forgangsverkefnin ættu að vera þau að ríkið einbeiti kröftum sínum, starfsorku stjórnsýslunnar, fjármunum sínum að því að treysta undirstöður velferðarríkisins, að bæta þjónustu við fólk? Þarf ekki hvort tveggja að koma til? Ef ríkið, sem við erum hér fulltrúar fyrir, ætlar að bæta laun þess fólks sem er í þjónustu heilbrigðiskerfisins, skólakerfisins o.s.frv., er þá ekki fyrsta skrefið það að ríkið afli tekna til þess með því að útrýma skattsvikum? Væri ekki hin hliðin á sama málinu sú að við, sem hér erum saman komnir, reyndum að móta stefnu um hvert ætti að vera hlutverk ríkisvaldsins, m.a. með því að fækka útgjaldaliðum ríkisins, skilgreina hver skuli vera forgangsverkefnin?

Það er ekki nóg að horfa upp á þessar undarlegu þversagnir um góðærið og hallareksturinn, horfa upp á þá undarlegu þversögn að einkaneyslan, öll ytri einkenni hennar eru sýnilega mikil, vídeóvæðing heimilanna en hinn vanbúni skóli, villubyggingarnar en hrörnun opinberra bygginga. Þannig mætti lengi tala.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð lengri. Ég vil aðeins draga saman í einni setningu niðurstöðuna. Hún er þessi: Hið góða sem við viljum gera ef við viljum bæta kjör fólks í opinberri þjónustu og bæta þjónustu við fólk, þá er hin hliðin á því máli sú að við tökum ríkisbúskapinn í heild til endurskoðunar, fyrst tekjuöflunina, skattkerfið og því næst útgjaldahliðina og skilgreinum hlutverk ríkisins upp á nýtt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Svör hæstv. fjmrh. voru afar ófullnægjandi. Í raun er ég steinhissa á því að hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því hvernig málið er vaxið. Og á vissan hátt hefur hv. 5. þm. Reykv. heldur ekki gert það.

Hér er ekki um að ræða verkföll. Hér er ekki um það að ræða að það sé verið að segja upp kjarasamningum. Þetta fólk sagði upp vinnu sinni 1. október 1986, áður en lög um kjarasamninga voru gerð. Þetta mál er allt öðruvísi vaxið heldur en þau verkföll sem nú standa yfir. Þetta fólk er að fara úr störfum sínum. Þetta er ekki fólkið sem er að fara í verkfall. Ég hélt að ég hefði gert þetta mjög skýrt í máli mínu áðan. Það verður laust allra mála þegar það fer, nema sett verði sérstök lög í landinu sem skylda menn til að vinna að þeim störfum sem ríkisstjórnin ákveður.

Hæstv. fjmrh. svaraði í raun alls ekki því sem ég var að spyrja um. Stéttarfélög standa ekki að baki þessum uppsögnum. Þess vegna er ekki hægt að taka á málinu eins og um kjarasamninga sé að ræða. Ég

spurði hvort það væri stefna fjmrn. og annarra aðila ríkisvaldsins að hafast ekkert að í málinu eins og yfirlýsing fulltrúa þess gaf til kynna þann 11. febr. s.l. Ég spurði líka hvort reynt hefði verið af hálfu ríkisvaldsins að kanna samkomulagsgrundvöll í þessu sérstaka máli og hvernig það hefði verið gert. Ég fékk engin svör við þessum spurningum.

Hér er ekki um verkfall að ræða, hæstv. fjmrh. Þetta fólk er að fara og það verður enginn í Blóðbankanum til þess að flokka blóð. Hver á þá að sinna blóðgjöfum? Þá verða engir uppskurðir. Það verður engin slysaþjónusta. Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera þá? Þessu verður hann að svara núna. Hann hefur svo fáa daga þangað til þetta skellur á. Hvað á að gera? Þetta er ekki fólkið sem er að fara í verkfall. Þetta er allt annað mál. Þess vegna vakti ég máls á því nú í dag, einmitt þess vegna. Og ég fer fram á svör.

Fjármálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég verð að ítreka það sem ég hef áður sagt að fjmrn. starfar að gerð kjarasamninga á grundvelli laga sem Alþingi hefur sett og það getur ekki unnið að lausn kjarasamninga á öðrum grundvelli. Getur nokkur ætlast til þess að ráðuneyti vinni að þeim málum sem þeim er með lögum falið á öðrum grundvelli en lögin mæla fyrir um? Við höfum sett löggjöf um meðferð kjaramála í þjóðfélaginu bæði á almennum vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum til þess að tryggja það að einstakir hópar í þjóðfélaginu hafi svipaða aðstöðu til þess að semja um kaup sitt og kjör, hafi svipaða aðstöðu til þess að knýja á um framgang kröfugerðar sinnar.

Ef við tökum dæmi af almennum vinnumarkaði, þá hygg ég að til að mynda aðstaða hafnarverkamanna sé slík að það mundi ekki hafa mikinn tilgang fyrir þá að segja upp störfum sínum til þess að knýja á um bætt kjör vegna þess að þá yrðu einfaldlega aðrir ráðnir í staðinn. Það er nóg framboð af mönnum til slíkra starfa. Þeir fara eftir almennum reglum um samningamál sem gilda á almennum vinnumarkaði og knýja á um kröfur sínar í gegnum samninga, og ef þannig stendur á með verkföllum. Þannig njóta þeir og eru þeim tryggð réttindi, tryggð sambærileg aðstaða annars staðar í þjóðfélaginu. Bæði á almennum vinnumarkaði og á meðal ríkisstarfsmanna eru hópar sem hafa betri aðstöðu til þess að knýja á um sín samningamál, m.a. með uppsögnum. Þetta á bæði við um hópa innan opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði. En löggjöfin er sett til þess að tryggja einstökum hópum sömu aðstöðu í þessu efni. Og fjmrn. getur ekki út frá þessum meginsjónarmiðum og út frá almennum stjórnskipunarreglum staðið að kjarasamningum á öðrum grundvelli en þeim lögum sem um þá gilda. Ef einhverjir hópar fara þá leið að knýja á um lausn kjaramála með uppsögnum, þá getur fjmrn. ekki farið sérstaklega með þau mál. Það verður á grundvelli laganna að eiga þær viðræður á sama grundvelli og við önnur félög sem ekki hafa þá aðstöðu að knýja á með uppsögnum.

En nú höfum við á þessu þingi gert þá réttarbót að félögin hafa samningsrétt hvert fyrir sig og þau hafa verkfallsrétt. Háskólamenn í opinberri þjónustu höfðu ekki verkfallsrétt á síðasta ári. Við höfum veitt þeim þennan rétt og það var nauðsynleg réttarbót þannig að menn hefðu þá leið einnig til þess að knýja á um kröfur sínar og ekkert óeðlilegt við það að sá réttur sé notaður. En fjmrn. verður að ganga til þessara samninga á grundvelli þessara laga þar sem einstökum félögum er áskilinn réttur. Það undrar mig ef annað sjónarmið er uppi hér á hinu háa Alþingi. Þetta verð ég að ítreka hér enn vegna síðari ræðu hv. málshefjanda, en vil svo að lokum ítreka það að samninganefnd ríkisins mun auðvitað leggja sig fram um það að reyna að leiða þessar deilur til lykta á sem skemmstum tíma og án þess að brjóta þá meginstefnu sem fylgt hefur verið í þjóðfélaginu.

Hér í þessum þingsal sitja tveir af forustumönnum Verkamannasambandsins. Það væri fróðlegt að heyra álit þeirra á því hvort það væri réttlætanlegt fyrir ríkið að ganga mikið lengra í kjarasamningum við opinbera starfsmenn en gert hefur verið við verkafólkið í kjarasamningum nýlega og sem gilda þetta ár. Það væri fróðlegt að spyrja að því: Telja menn að ríkisvaldið eigi að ganga miklu lengra í þessu efni?

Það er rétt að taka það fram að á síðasta ári hækkuðu laun opinberra starfsmanna nokkuð meira en laun starfsmanna á almennum vinnumarkaði og fyrir því voru ákveðin rök. Og ég hygg að forustumenn innan Alþýðusambandsins til að mynda hafi haft á því skilning. Það kann auðvitað að vera að í einstökum tilvikum þurfi að sveigja mál á þann veg að launahlutföll milli einstakra hópa séu leiðrétt lítið eitt. En stór stökk í þeim efnum hjá opinberum starfsmönnum í heild umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði hygg ég að séu óhugsandi og ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur hv. þm. muni í raun og veru leggja það til eða telja það vera réttlætismál. En mál sigu í þessa átt á síðasta ári að opinberir starfsmenn fengu lítið eitt meira og fyrir því voru rök. Og ég segi enn og aftur: Við munum kappkosta að finna lausn á þessari deilu, til þess að hún hafi sem minnsta röskun í för með sér fyrir þá sem þeirrar mikilvægu þjónustu njóta sem hér er fjallað um.

SAMEINAÐ ÞING

67. fundur, fimmtudaginn 19. mars, kl. 4 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. október 1986 til 20. desember 1986 og frá 13. janúar til 19. mars 1987, alls 138 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir samtals 213:

Í neðri deild	72
Í efri deild	74
Í sameinuðu þingi	67
Alls	213

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

Frumvörp samtals 155.

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	28		
b. Lögð fyrir efri deild	62		
c. Lagt fyrir sameinað þing	1		
		91	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	46		
b. Borin fram í efri deild	18		
		64	
			155

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	71	
Þingmannafrumvörp	7	
		78
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvarp		1
c. Afgreitt með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvarp		1
d. Dregið til baka:		
Stjórnarfrumvarp		1
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	19	
Þingmannafrumvörp	55	
		74

II. Þingsályktunartillögur.

Bornar fram í sameinuðu þingi 113

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	28	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar	4	
c. Ekki útræddar	81	
		113

III. Skýrslur.

Skýrslur samtals 24.

a. Beiðni um skýrslu ráðherra	5	
b. Skýrslur lagðar fram skv. beiðni	3	
c. Aðrar skýrslur lagðar fram í Sþ.	19	
		24

IV. Fyrirspurnir.

Í sameinuðu þingi voru 143 fyrirspurnir. Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema sjö sem óskað var eftir skriflegu svari við.

Munnlegar fyrirspurnir	95
Skriflegar fyrirspurnir	48
Afgreiddar munnlegar fyrirspurnir	95
Afgreiddar skriflegar fyrirspurnir	41
Óafgreiddar fyrirspurnir skriflegar	7
Mál til meðferðar í þinginu alls	435
Þar af afgreidd	248
Tala prentaðra þingskjala	1096

Þetta þing hefur verið sérstætt fyrir það hve stutt það hefur staðið. Samt sem áður er fjöldi mála mikill á þessu þingi. Mörg mikilvæg mál hafa verið til meðferðar og hlotið afgreiðslu.

Þótt menn hafi greint á um ýmislegt sem gert hefur verið sameinast allir alþingismenn í þeirri ósk að störf þessa þings megi verða til heilla landi og lýð.

Þessu þingi er slitið snemma árs vegna alþingiskosninganna sem ákveðnar hafa verið 25. apríl n.k. Með þinglausnum nú er kjörtímabili að ljúka.

Síðustu fjögur ár hafa verið viðburðarík í stjórnmálum landsins. Sitthvað hefur einnig skeð markvert á þessu kjörtímabili sem varðar störf og stöðu Alþingis sérstaklega.

Er það fyrst til að nefna að Alþingi voru sett ný þingskapalög árið 1985. Þá var liðin hálf öld frá því að heildarendurskoðun hafði farið fram á þingsköpum. Víðtækar breytingar voru gerðar á þingsköpum sem hér þarf ekki að tíunda. Nokkur reynsla hefur nú fengist á þeim tveim þingum sem hinum nýju þingsköpum hefur verið beitt. Í sumum veigamiklum atriðum hafa þingstörf gjörbreyst til batnaðar. Má þar sérstaklega nefna meðferð fyrirspurna og þingsályktunartillagna og framkvæmd umræðna utan dagskrár. Í öðrum efnum hefur breytingin orðið minni en til var stofnað. En það stendur til bóta með ráðstöfunum sem gerðar hafa verið og eiga eftir að koma í gagnið síðar.

Hér er m.a. átt við þá grundvallarbreytingu sem varð þegar Ríkisendurskoðun var tekin frá framkvæmdarvaldinu og færð til Alþingis nú í ársbyrjun. Nú er Ríkisendurskoðun ætlað m.a. að vera þing-

nefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni. Er þá gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun leggi þingnefndum til sérhæfða starfskrafta sem geti starfað að margháttuðum umsögnum og upplýsingaöflun er varða málefni ríkisins. Og er þá ótalið það grundvallaratriði að Ríkisendurskoðuninni er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Með þessum hætti er Alþingi gert kleift bæði að veita framkvæmdarvaldinu meira aðhald og bæta eigin vinnubrögð í löggjafarstarfinu.

En ekki er nóg með þetta heldur hefur Alþingi nú fyrir nokkrum dögum samþykkt lög um umboðsmann Alþingis sem koma til framkvæmda um næstu áramót. Það er hlutverk umboðsmannsins að vera til varnar borgurunum ef þeir verða fyrir mistökum eða vanrækslu stjórnvalda. Þannig er umboðsmanni Alþingis ætlað að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkisins og stuðla að auknu réttaröryggi borgaranna.

Með breytingum sem nú hafa verið gerðar á Ríkisendurskoðuninni og með tilkomu umboðsmanns Alþingis hefur verið efld staða og starf Alþingis til mikilla muna svo að þáttaskilum mun valda.

Þá hefur á þessu kjörtímabili, sem nú er að ljúka, tölvutæknin verið tekin í þjónustu Alþingis. Ákveðið var að gera það í tveim áföngum. Í fyrri áfanga var gert ráð fyrir ritvinnslu með tölvum og skrár yrðu tölvuunnar, þannig að aukin yrðu afköst við vélritun og leiðréttingar og meiri sveigjanleiki yrði í útgáfu þingskjala, þingtíðinda og spjaldskrárvinnslu. Þessi áfangi hefur komið til framkvæmda til mikils hagræðis við alla vinnu og fyrir starfsfólk Alþingis.

Síðari áfanginn varðar hagnýtingu tölvutækninnar fyrir þingmenn sjálfa við vinnu þeirra. Hefur verið fengin sérfræðileg aðstoð erlendis frá við skipulagningu og útfærslu slíks tölvukerfis fyrir Alþingi og hefur verið leitað til aðila sem veitt hafa þjóðþingum annars staðar slíka ráðgjafarþjónustu.

Enn er að geta þess sem gerst hefur á þessu kjörtímabili og varðar húsakost Alþingis. Efnt var til samkeppni um gerð og skipulag nýbyggingar fyrir starfsemi þingsins að fyrirmælum þingsályktunar um framtíðarhúsakost Alþingis. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir fjárveitingu fyrir hönnunarkostnaði. Hafið er nú verk við hönnun nýbyggingar eftir teikningu þeirri sem fyrstu verðlaun hlaut í samkeppninni. Auk verðlaunahafans hefur húsameistari ríkisins yfirstjórn verksins með aðstoð forstöðumanns Borgarskipulagsins. Verkið er unnið í samráði við formenn þingflokka.

Á síðasta þingi samþykkti Alþingi ályktun um þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Með þessari þingsályktun var forsetum Alþingis falið að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar. Hafa forsetar Alþingis haft sameiginlega viðræðufundi með kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar um mál þetta. Kirkja landsins mun minnast kristnitökunnar á sinn hátt og Alþingi mun gera það fyrir sitt leyti. Forsetar Alþingis hafa sérstaklega tekið til meðferðar hver hlutur Alþingis ætti að vera.

Hefur þá verið talað um að Alþingi af tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar efni til ráðstafana og framkvæmda sem efla mættu tengsl þess við hinn forna þingstað. Kemur þá til athugunar hugmyndin um að reist verði á Þingvöllum hús Alþingis, en þá hugmynd hef ég áður reifað hér á Alþingi. Tími ákvarðana er enn ekki kominn.

Sameiginlega hljóta Alþingi og þjóðkirkjan að standa að þeirri þjóðhátíð sem haldin verður árið 2000 og þeirri þjóðarvakningu sem þeim atburði þarf að fylgja. Það er hlutverk forseta Alþingis að vinna að athugun þessa mikla máls svo sem þingsályktunin felur þeim.

Hér hefur verið vikið að nokkrum þeim meginmálum sem fengist hefur verið við á kjörtímabilinu og varða störf og stöðu Alþingis. Með okkur forsetum hefur verið mikil samstaða og samvinna svo sem best verður á kosið og höfum við notið góðs atfylgis varaforseta í hvívetna. Hinar stóru ákvarðanir hafa verið teknar í samráði við formenn þingflokkanna og notið stuðnings stjórnar og stjórnarandstöðu.

Við lok þessa kjörtímabils er þess að minnast að mannaskipti hafa orðið í hópi þingmanna. Hafa fjórir þingmenn, sem kjörnir voru við upphaf þessa kjörtímabils, horfið úr hópnum en þeir eru þessir: Vilmundur Gylfason, 8. þm. Reykv., lést 19. júní 1983. Sæti hans á Alþingi tók Stefán Benediktsson arkitekt. Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv., lést 20. maí 1984. Sæti hans á Alþingi tók Haraldur Ólafsson dósent. Lárus Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., afsalaði sér þingmennsku 1. sept. 1984. Sæti hans á Alþingi tók Björn Dagbjartsson matvælaverkfræðingur. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., afsalaði sér þingmennsku 27. des. 1984. Sæti hans á Alþingi tók Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi.

Nú liggur ljóst fyrir að fimmtungur þingmanna hyggur ekki á framboð við þær alþingiskosningar sem nú fara í hönd. Í þeim hópi eru hvort tveggja langreyndir þingmenn og aðrir sem átt hafa hér skemmri setu. Ég hlýt nú að færa þeim öllum sérstakar þakkir, og nefni ég fyrst þrjá þeirra sem staðið hafa að stjórn þingsins á þessu kjörtímabili:

Forseti neðri deildar, Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., sem fyrst tók sæti á Alþingi 1961, hverfur nú af þingi. Samstarf okkar hefur verið mjög náið og einkar gott um allt er veit að stjórn þingsins.

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., fyrri varaforseti sameinaðs þings, lætur nú af þingmennsku, en hann var fyrst kjörinn til Alþingis 1971. Hann hefur verið mér til trausts og halds og mikil hjálparhella hér í þessum stóli.

Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Sunnlendinga, skrifari minn hér í sameinuðu þingi, hættir nú á þingi en hann var fyrst kjörinn til þings 1974. Hann hefur lagt mikla alúð við störf sín hér.

Aðrir þingmenn sem nú láta af þingmennsku eru: Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykvíkinga. Hann var fyrst kjörinn á þing haustið 1959 og er því einn

þeirra núverandi þingmanna sem lengst hafa setið og sett svip sinn á þingið. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Sunnlendinga, var fyrst kjörinn til þingmennsku 1971. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv. Hann var fyrst kjörinn á þing 1971. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykvíkinga, sem hefur átt sæti hér síðan 1979. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykvíkinga, Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm., og Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm., sem allar voru kjörnar við síðustu alþingiskosningar, og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykvíkinga og Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykvíkinga, sem tekið hafa sæti á þessu kjörtímabili.

Ég veit að ég mæli fyrir munn allra sem enn hyggjast halda áfram þingmennsku er ég óska hinum, sem nú draga sig í hlé, alls góðs í framtíðinni og votta þeim þakkir fyrir þeirra mikilvægu störf hér á Alþingi í þágu lands og lýðs.

Nú við þinglausnir vil ég þakka öllum hv. alþm. fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi og öllu kjörtímabilinu sem nú er að ljúka. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki þakka ég fyrir mikið og gott starf og fyrir ánægjulega samvinnu í hvívetna.

Fram undan er kosningabarátta. Ég óska öllum þm., sem nú bjóða sig fram, sæmdar í þeim leik, en auðna mun ráða hverjir okkar eiga hingað aftur kvæmt.

Og nú, þegar leiðir skilja, óska ég öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum hv. alþm. heilla og hamingju hvar sem leiðir liggja.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Ragnar Arnalds:

Ég vil af hálfu okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég vil einnig þakka honum fyrir skínandi góða og örugga forustu um þingstörfin á þessu kjörtímabili sem nú er á enda, og ég óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta í framtíðinni. Ég nota einnig þetta tækifæri til að þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði Alþingis öllu fyrir mjög góð störf. Ég bið hv. alþm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og ég þakka hv. alþm. fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til allra alþm. og starfsfólks Alþingis um gæfu og gengi.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 109. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, fimmtudaginn 19. mars 1987. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík 19. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Þau þingslit, sem hér hafa nú farið fram, marka þau tímamót að hér er lokið síðasta þingi fyrir almennar kosningar til Alþingis. Í ávarpi mínu við þingsetningu að loknum alþingiskosningum árið 1983 leiddi ég hugann að hinum mikla áhuga á stjórnmálum sem býr með okkur Íslendingum og ætíð verður svo augljós þegar velja á oddvita fyrir hinar margvíslegustu skoðanir. Vísast er orsökin sú að sakir fámennis lifum við í meira nábýli hvert við annað en víðast á byggðu bóli. Orð og lífsafstaða manna, hvort sem um er að ræða stjórnmál eða önnur mál sem varða þjóðarheill, berast inn á hvert heimili og hvern vinnustað og eru þar vegin og metin. Verk okkar mannanna með metnað kunna að vera heil eða brotin, en að baki þeim öllum liggur skoðun á mannlegri tilveru eins og hún birtist okkur og tjáning einstaklinga og hópa á þeirri sömu tilveru. Sagan samanstendur fyrst og síðast af slíkri tjáningu manna sem uppi eru í samtíðinni hverju sinni, enda verður sagan aðeins tjáð með þeim skýrustu orðum sem tunga okkar hefur að geyma.

Ég óska þess að á komandi vikum verði engin þau orð látin falla sem nokkur kunni að iðrast er frá líður því það er aðalsmerki lýðræðisins að virða allar skoðanir og ómetanleg forréttindi eru það í viðsjárverðum heimi að mega tjá hvaða skoðun sem er. En hvenær sem upp er staðið verðum við að geta lifað í sátt og samlyndi einmitt til að varðveita hið verðmæta lýðræði.

Ég þakka alþingismönnum öllum ágæt kynni og gott samstarf og óska þeim og fjölskyldum þeirra farsældar og heilla. Farsæld hvers og eins er farsæld okkar allra.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar, Íslands.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Steingrímur Hermannsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (79. mál, tryggingaráð) 4296.
Almannatryggingar (392. mál, fæðingarstyrkur og dagpeningar) 4209, 4309, 4463, 4467, 4505.
Almannatryggingar (409. mál, stjórn sjúkrasamlags) 4230.
Almannatryggingar (422. mál, bifreiðakaup fatlaðra) 4249, 4295, 4314, 4420, 4512, 4520.
Alþjóðasamþykkt um þjálfun og vaktstöður sjómanna (364. mál) 4296, 4314.
Auglýsingalöggjöf (84. mál) 4475.
Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum (362. mál) 4472.
Byggingarsjóður aldraðs fólks (339. mál, afnám laga) 4271, 4295.
Dráttarvextir (418. mál) 4266, 4280, 4332, 4511, 4520.
Efling atvinnu og byggðar í sveitum (218. mál) 4476.
Efling fiskeldis (237. mál) 4478.
Eftirlit með skipum (405. mál, heildarlög) 4230, 4235, 4315, 4524, 4553, 4557.
Fíkniefnamál (80. mál) 4499.
Fjarskipti (427. mál) 4235.
Flugmálaáætlun (316. mál) 4265.
Fólksflutningar með langferðabifreiðum (213. mál, heildarlög) 4415, 4421, 4554, 4564.
Framleiðsla og sala á búvörum (430. mál, útflutningsbætur o.fl.) 4332, 4416, 4421, 4468, 4525, 4553, 4556.
Fræðsla um kynferðismál (160. mál) 4570.
Fæðingarorlof (391. mál, heildarlög) 4221, 4297, 4461, 4467.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (341. mál) 4249, 4458.
Greiðslufrestur (161. mál) 4484.
Hafnaáætlun 1987–1990 (367. mál) 4412.
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna (330. mál, ráðstöfun ágóða) 4246, 4285.
Heilbrigðisþjónusta (408. mál, stjórn heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu) 4227.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (352. mál, heildarendurskoðun) 4325.
Húsnæðisstofnun ríkisins (318. mál, lánsréttur o.fl.) 4250, 4340, 4418, 4422.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (420. mál, dráttarvextir) 4296, 4316, 4432.
Jarðræktarlög (308. mál, heildarlög) 4250, 4265.
Kennaraháskóli Íslands (181. mál, Rannsóknarstofnun uppeldismála) 4245, 4284.
Kosning í Orkuráð 4470.
Kosning í stjórn Kísiliðjunnar 4468.
Kosning í stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. 4469.
Kosning í stjórn Landsvirkjunar 4469.
Kosning í stjórn Viðlagatryggingar Íslands 4470.
Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi (66. mál) 4474.
Leyfi frá störfum vegna umönnunar barna (10. mál) 4221.
Listmunauppboð (249. mál) 4245, 4279, 4331, 4416, 4421.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks (49. mál) 4567.
Læknalög (168. mál, heildarlög) 4325, 4464.
Lögreglumenn (388. mál, skaðabætur) 4246, 4285.
Lögskráning sjómanna (326. mál, heildarlög) 4266.
Mannréttindamál (244. mál) 4355.
Málefni aldraðra (368. mál, gildistími) 4247, 4286.
Menntastofnun á sviði matvælaiðnaðar (237. mál) 4477.
Norræni umhverfisverndarsamningurinn (380. mál) 4485.
Opinber innkaup (125. mál) 4433, 4466, 4505.
Orlof (431. mál, heildarlög) 4323, 4432, 4465, 4513, 4520, 4564.
Póst- og símamál (363. mál, stjórnskipulag) 4310, 4523, 4553, 4556.
Réttur norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi (407. mál) 4470.
Ríkisborgararéttur (19. mál) 4249, 4458, 4466, 4505.
Sérkennsla (283. mál) 4497.
Sjómannadagur (209. mál) 4246, 4279, 4351.
Sjúkra- og iðjuþjálfun (166. mál) 4485.
Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála (360. mál, tollafgreiðsla) 4246, 4285.
Snjómokstur á Siglufjarðarvegi (383. mál) 4355.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (340. mál) 4249, 4280, 4294, 4354.
Starfslok efri deildar 4564.
Starfslok neðri deildar 4562.
Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl (421. mál) 4411, 4471.
Stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands (359. mál) 4435, 4466.
Tekjuskattur og eignarskattur (342. mál, skattstofn og álagningarreglur) 4247, 4449, 4504.
Tekjustofnar sveitarfélaga (346. mál, álagning útsvara og innheimta) 4266, 4295.
Tollalög (196. mál, heildarlög) 4232, 4423.
Tollskrá (416. mál, myndavélar o.fl.) 4311, 4459, 4467, 4514.
Tryggingasjóður loðdýraræktar (236. mál) 4476.
Um þingsköp 4354 (svör við fyrirspurnum); 4401, 4464 (afgreiðsla þingmála); 4521 (afgreiðsla frv. um almannatryggingar); 4550 (afgreiðsla mála úr heilbr.- og trn. Nd.); 4565 (svar við fsp.).
Umferðarlög (119. mál, heildarlög) 4239, 4272, 4422, 4531, 4563.

Umræður utan dagskrár 4487 (verkfall framhaldsskólakennara); 4571 (yfirvofandi uppsagnir á ríkisspítölunum).
Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla (273. mál) 4244, 4284.
Útflutningslánasjóður (347. mál, takmörkuð ábyrgð) 4247, 4280, 4414.
Varnir gegn mengun hafsins við Ísland (315. mál) 4486.
Vaxtalög (321. mál) 4243, 4276, 4330, 4506, 4519.
Vegáætlun 1987–1990 (365. mál) 4356, 4468.
Veiting prestakalla (197. mál, heildarlög) 4247, 4286, 4424.
Viðbótarsamningar við Mannréttindasáttmála Evrópu (425. mál) 4412, 4471.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (320. mál) 4312, 4523, 4552, 4556.
Vísitala byggingarkostnaðar (423. mál, heildarlög) 4311, 4435, 4466.
Þinglausnir 4579.
Þjóðarátak í umferðaröryggi (353. mál) 4472.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (351. mál, skattvísitala) 4245, 4285.
Þjóðhagsstofnun (305. mál) 4479.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 4583.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4355, 4398, 4410, 4474, 4487, 4495, 4566, 4567, 4572, 4571, 4579, 4583.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 4220, 4564, 4565.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4240, 4250, 4274, 4275, 4276, 4283, 4292, 4465, 4522, 4562, 4563.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4455, 4457, 4499, 4503.
Félmrh. Alexander Stefánsson 4256, 4270, 4317, 4324, 4340, 4348.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 4248, 4269, 4281, 4283, 4311, 4489, 4496, 4572, 4577.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 4213, 4220, 4227, 4220, 4275, 4276, 4297, 4309, 4325, 4326, 4550, 4552, 4573.
Landbrh. Jón Helgason 4337, 4549.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 4290, 4312, 4425, 4492, 4497, 4499, 4566.
Samgrh. Matthías Bjarnason 4235, 4310, 4315, 4330, 4331, 4332, 4376, 4411, 4412, 4558.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4364.
Árni Johnsen 4570.
Birgir Ísl. Gunnarsson 4472, 4477, 4478, 4523.
Björn Dagbjartsson 4476.
Davíð Aðalsteinsson 4216, 4219, 4221, 4418, 4484, 4505, 4506, 4519, 4520.
Eggert Haukdal 4399, 4434, 4530.
Egill Jónsson 4332, 4338, 4391, 4415, 4416, 4564.
Eiður Guðnason 4401, 4408, 4417, 4481, 4483, 4491, 4537, 4565.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4232, 4354, 4414, 4416, 4470, 4482, 4483, 4504, 4505, 4514.
Friðjón Þórðarson 4394, 4426, 4530, 4554, 4562.
Friðrik Sophusson 4263, 4264, 4266, 4272, 4277, 4316, 4323, 4423, 4435.
Geir Gunnarsson 4359.
Guðmundur Einarsson 4430.
Guðmundur J. Guðmundsson 4258, 4267, 4276.
Guðrún Agnarsdóttir 4243, 4306, 4312, 4326, 4474, 4563, 4571, 4576.
Guðrún Helgadóttir 4240, 4243, 4316, 4319, 4321, 4402, 4405, 4462, 4522.
Gunnar G. Schram 4272, 4403, 4459, 4485, 4486, 4567, 4569.
Halldór Blöndal 4239, 4253, 4388, 4559.
Haraldur Ólafsson 4471, 4475, 4485.
Helgi Seljan 4217, 4221, 4342, 4400, 4419, 4503, 4512, 4533.
Hjörleifur Guttormsson 4270, 4273, 4276, 4292, 4354, 4372, 4488, 4495, 4565, 4566.
Ingvar Gíslason 4484, 4493.
Jóhanna Sigurðardóttir 4250, 4300, 4407, 4497, 4500.
Jón Baldvin Hannibalsson 4575.
Jón Kristjánsson 4354, 4423, 4505, 4506, 4511, 4516, 4531.
Karl Steinar Guðnason 4226, 4353, 4546.
Karvel Pálmason 4267, 4286, 4367, 4396, 4427, 4555.
Kjartan Jóhannsson 4261, 4264, 4434, 4444, 4451.
Kolbrún Jónsdóttir 4214, 4337, 4353.
Kristín Halldórsdóttir 4365, 4406, 4490, 4570.
Kristín S. Kvaran 4424.
Ólafur G. Einarsson 4459, 4522.
Ólafur Þ. Þórðarson 4240, 4260, 4265, 4275, 4320, 4322, 4389, 4399, 4457, 4459, 4472, 4479, 4550, 4552, 4554, 4568, 4569.
Páll Pétursson 4283, 4405, 4433, 4484, 4568.
Pálmi Jónsson 4356, 4398.
Pétur Sigurðsson 4461, 4463, 4465, 4550, 4551, 4561.
Ragnar Arnalds 4233, 4507, 4517, 4583.
Salome Þorkelsdóttir 4473, 4546.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 4209, 4218, 4220, 4222, 4227, 4409, 4487, 4505, 4506.
Skúli Alexandersson 4336, 4351, 4416, 4517.
Stefán Benediktsson 4345, 4350, 4418, 4422, 4479, 4484, 4509, 4543.
Stefán Guðmundsson 4554, 4561.
Stefán Valgeirsson 4250, 4265, 4296, 4306, 4380, 4452, 4456, 4524, 4525, 4557.
Steingrímur J. Sigfússon 4242, 4383, 4475, 4491, 4524, 4526, 4560, 4574.
Svavar Gestsson 4244, 4248, 4268, 4275, 4278, 4279, 4280, 4281, 4294, 4429, 4433, 4435, 4436, 4449, 4464, 4465, 4482, 4494, 4521, 4522, 4551.
Valdimar Indriðason 4230, 4351, 4353.